Einar Arnórsson - Lög Íslands, öll þau, er nú gilda - I. bindi (1914-1919)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).
Skrifað inn á bls. 89, 93, 117, 332, 464-465, 498, 516-517, 521, 523.
Minniháttar galli á bls. 254.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

J. 348.491
Ísl

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS, F. RÁÐHERRA ÍSLANDS

I. BINDI



REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1919

103197

Kristinréttr Árna biskups Þorlákssonar 1275. 1275.

8.[1]) Ala skal barn hvert, er borit verðr ok mannshöfuð er á, þó at nokkur örkyml sé á — — ok skíra láta prest, ef honum náir. Elligar skulu konur svá fyrir sjá, þegar er þær eru nær barnburðinum, at þar sè vatn í hjá. En ef barn er með litlu lífi fætt ok nær eigi presti, þá skal skíra hverr, sem hjá verðr staddr, jafnvel faðir eða móðir, ef eigi eru aðrir menn til — — Á hverjum degi, ok sem þarf, jafnvel jóladag eða páskadag, má barn skíra — — En hverr, sem guðsifjar veitir barni, þá er skyldugr til at kenna því Credo ok Paster noster — — — Bóndi er skyldr at ala þá menn, er barn færa til skírnar, III menn fulltíða, ef þarf, ok barn enn IV. mann, ok eyk, ef þeim fylgir — — En ef bóndi synjar þeim vistar eða þess beina, sem hann er skyldr, þá er hann sekr XII aurum viðr þá, er vistar er synjat. — — — Bóndi er skyldr at ala þá menn — — — V, sem utan (þ. e. úr eyjum til at færa barn til skírnar) eru komnir, ok barn enn VI. mann — — — — —

11.[2]) *Um forræði biskups á kirkjum ok eignum þeirra.* — — — — Landeigandi er skyldr at láta gera kirkju á bæ sínum, hverr sem fyrr lét gera — — —

12. *Um kirkjuvígslu.* Vígja skal kirkju síðan er ger er — — — En ef kirkja brennr upp eða annars kostar spillist, svá at niðr fellr öll eða meiri hlutr,

---

1) Sbr. stjskr. 5/1 1874, 47. gr., l. nr. 12, 24/8 1877, l. nr. 4, 10/2 1886, 8.—10. gr.

2) Sbr. l. nr. 45, 10/11 1907, 4. gr.

1275. þá skal vigja endrgerva kirkju. En þó at kirkjuraf brenni upp, fúni ok niðr falli lítill hlutr af veggjum, þá skal eigi vígja endrbætta kirkju — — — —

18. *Um gröpt í kirkjugarði*[1]). Hvern mann kristinn, sem deyr, skal jarða í kirkjugarði vígðum, en eigi í kirkju, nema biskups sé lof til — — — — A hverjum degi má ok lík grafa sem vill, nema jóladag ok langafrjádag ok páskadag. Eigi skal lík inni standa yfir fimt nauðsynjalaust — — En ef hann býr svá ofarlega á fjalli eða svá utarlega í eyjum, ok nema hann þær nauðsynjar, at hann má eigi færa lík fyrir sjó úfærum eða veg úfærum, þá skal lík færa í úthús og festa upp á fjöl ok láta eigi á jörðu standa. En ef sá er mannþrota, sem lík á at færa, krefi hann manna á næstum bæjum eptir þörf. En hverr sá, sem nemst, gjaldi biskupi III aura. Slík skylda er bóndum at ala þá menn V, eða færri, sem lík flytja til graptar, sem fyrr var sagt um þá menn, sem barn færa til skírnar, ok svá um allan farargreiða. Lík skal eigi grafa áðr kólnað er. Þar skal grafa hvert lík sem kirkjuprestr kveðr á. Þar á hverr kristinn maðr lögligan gröpt sem hann er í kirkjusókn, nema hann kjósi sér legstað at annari graptarkirkju með sjálfs síns minni ok með skynsemd heill at viti — — — —

22.[2]) *Um tíundargreiðslu.* — — — — Þar sem maðr leggr fé til kirkju, hvárt sem þat er í löndum eða lausum aurum, eða búfé, þá skal sá maðr, sem kirkju varðveitir, láta rita þat alt í máldaga þeirrar kirkju — — — —

---

1) Sbr. Kirkjusk. $^{2}/_{7}$ 1607 II - 13.
2) Sbr. erindisbr. $^{1}/_{7}$ 1746, 16.—18. gr., kgsbr. $^{6}/_{4}$ 1749.

Jónsbók.

Mannhelgi.

Mh. 8. *Um óðs manns víg ok hversu skal með hann fara.* Ef óðr maðr brýzt úr böndum ok verðr hann manns bani, þá skal bæta af fé hans fullum bótum, ef til er — — — En ef menn sjá æði á honum, bindi sá, er vill, at úsekju — — — ok taki kostnað sinn úaukinn af fé hins óða, ef til er. En öllum mönnum óðum eigu menn vörð at veita at úsekju — — — En ef óðr maðr særir mann, þá skal arfi uppi láta vera sárbætr ok læknisfé af fé hins óða — — — Nú er þat því at eins óðs manns verk, ef hann brýzt úr böndum, eða skynsamir menn meta eða vita sanna æði á honum[1]).

Mh. 13. *Um váðaverk.* Váðaverk eru með mikilli skynsemd greinandi, með hverjum atburðum, er þau kunnu til at falla, því at þar sem maðr tekr manni blóð, eða leggr eld á mann, eða þat annat með lækningu, er hvárrtveggi hyggr heilsubót af verða, þá er þat með öllu bótalaust, þó at hinn fái bana eða mein af. Ok í öllum stöðum þeim, er menn skulu sér til þarfinda vinna ok með mönnum til hagligra hluta til at veita, þá eru þessi váðaverk meirr virðandi en hin, er engin nauðsyn dregr til, nema gáleysi ok mikit skammsýni. Nú þó at tveir menn fari í skóg saman, ok skýzt annars öx á annan at úvilja þess, er á skapti hélt, ok deyr hann af, þá skal bæta fjórðung bóta[2]) erfingja hins dauða — — — Ok svá skal hvervitna þessi váðaverk bæta, ef þeir hafast þat at, er til nytsemdar heyrir, hvárt er menn fá

1) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 39. og 40. gr., sbr. 303—305 gr.

2) Meginreglur löggjafarinnar koma hér í ljós, þannig að sá, sem valdur er, fyrir gáleysi sitt, að tjóni, skal bæta. Nú koma ávalt fullar bætur fyrir, ef refsivert gáleysi mezt. Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 44. gr., sbr. 303—305 gr.

1281. af mein eða bana at úvilja þess, er gerði — — — En öll önnur váðaverk, svá sem skjóta eða kasta yfir skip eða hús eða hæðir eða aðra þarfleysu at gera, hvárt sem menn fá mein af, sár eða bana, at úvilja þess, er gerði, þá skal bæta hálfum bótum[1]) — — — Það má eigi váðaverk kalla, ef maðr höggr eða lýstr til manns, þó at á annan komi en hann vildi, með því at hann vildi einhverjum ilt gera. Nú heldr maðr á vápni, en annarr rasar á ok skeinist, bæti eptir dómi eptir atvikum, eigi meira en fjórðung bóta, minna ef svá dæmist[1]). En ef annarr hrindr honum á vápn, bæti sá hálfum bótum[1]) — — — En hvar sem maðr hefir komit vápni sínu ok hafi hann eigi sjálfr á haldit — — —, þá bætir hann engu, þó at menn skeinist á, nema sjálft falli ofan; ef maðr hefir upp fest, þá bæti hann fjórðung bóta[1]) — — — Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af[1]). — — —

Mh. 23. *Ef naut eða hross eða aðrar kindr drepa menn.* Nú er graðungr í yxna tali, þar til hann er þrevetr[2]), ok ábyrgist sem fyrir annan fénað. En ef graðungr eða uxi verðr manni at skaða, þá skal erfingi beiða út uxa, en eigandi leggi band á ok fái honum í hendr. En ef hann vill þat eigi ok fæðir hann graðung eða uxa síðan, bæti erfingja 10 mörkum (ɔ: vaðmála) ok uxann eða graðung ofan á — — — Ef hestr eða hross bítr mann eða lýstr, eða naut stangar, eða svín höggr, bæti sá, er fénað á, hálfum sárbótum, þar til bót er slíks verð sem þat kvikindi er vert, er hinn fékk mein af — — — nema — — — sýnist af þess völdum orðit hafa, er mein fékk — — — En ef hundr bítr mann, þá krefi sá hunds, er bitinn var, en hinn leggi band á, er á, ok fái þeim í hönd, er

---

1) Sjá 2 neðanmáls á bls. 3.
2) Sbr. rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 37. gr.

bitinn var, nema skynsömum mönnum virðist sá 1281.
valdit hafa, er bitinn var — — — En ef hann fæðir hund síðan, ok bitr hann mann optarr, bæti sem sjálfr hafi hann gert[1]).

Kvennagiptingar.

Kvg. 12 (Et. 18). *Um arfsiseting og skuldalykning.* — — — Vélakaup skal at vettugi hafa[2]).— — —

Kvg. 21 (Et. 27). *At maðr færir sik til arfs.* — — — Maðr hverr, er hefir vit sitt ok má búi sínu ráða ok kaupum ok er hestfærr ok ölfærr, þá skal hann sjálfr fé sínu ráða — — — [3]).

Kvg. 22 (Et. 28). *Um gjafir, hverjar haldast eigu.* — — — Gefa má maðr ok vingjafir at sér lifanda — — — En ef hinn heitir launum fyrir, þá má þat heimta.

Kvg. 23 (Frfb. 1). — — — Frá — — — ómögum[4]) skal maðr eigi seljast arfsali ok engum, þeim er áðr eru á féit komnir — — —

Kvg. 30 (Frfb. 8). *Um arfván ok arfsöl.* — — — Seljast má maðr arfsali, ef hann vill, ef sá er engi úmagi[5]), er hann á fram at færa, eða fær þeim staðfestu, með því móti, at VI skynsamir menn geri þat kaup með honum og þeim, er við tekr — — — En sá, er arfsali vill seljast, skal fyrst bjóða frændum sínum nánustum — — — við honum at taka, þeim er fullar vörzlur hafi — — —

Kvg 31. (Frfb 9). *Um hreppstjórnarþing.* Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit[6]) — — —

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 44. gr. sbr. 303.—305. gr.

2) Sbr. Jb. Kb. 11 og 14.

3) Sbr. D. L. 3—17—1, sbr. tilsk. 21. des. 1831 I. 1. gr. b) og tilsk. 18. febr. 1847, 1. gr.

4) Sjá l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 2.—5. gr. 6. gr. 2°. 14., 17., 22. og 27. gr., l. nr. 45, $^{11}/_{7}$ 1909, 10. gr., siglingal. 1914 95. gr. Sbr. og l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 13. gr.

5) Sbr. Kvg. 23 og þar nefnd lög.

6) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 1. gr.

1281. Kvg. 32 (Frfb. 10). *Hverir boð eigu at bera ok nær bera á.* Sá skal boð bera bæja i milli, er hyggja kann fyrir orði ok eiði. Bónda skal i hönd selja, ef hann er heima, húsfreyju, ef hann er eigi heima, syni hans, ef hann er fulltiða maðr, dóttur hans, ef hún er vaxin, brytja þar næst, ok æ hinum bezta manni, er i bæ er staddr. En ef hjón eru öll úr bæ gengin, þá skal ganga i setuhús bónda, ef opit stendr, ok setja niðr i öndvegi ok styðja svá at eigi falli. En ef eigi má inn koma, þá skal binda boð yfir miðjar dyrr, svá at hverr megi sjá, er inn gengr — — — Þangat skal boð bera hinn fyrsta dag sem rétt er, ok eigi seinna upp skera en boð megi vel náttstað ná, ok svá annan ok hinn þriðja. Nú skal sá, er fyrir sitr, vita, hvern tíma dags boð kemr til hans — — — Nú er þegar boðfall, er eigi sækir náttstaði, ok þat annat, er eigi verðr borit, þat hit þriðja, er fær i hendr úmaga. En ef maðr flytr hús sín af fornum tóptum ok á þær tóptir sínar, er honum haga betr innan garðs, þá skal til þeirra húsa boð bera — — —, en ef firr setr niðr, ábyrgist sjálfr at öllu. Engi skal boð bera á hönd öðrum síðan sólu er sett um sumar, en degi um vetr[1]). — — —

Landsbrigðabálkr.

Lbb. 1. — — — En ef hús eru betri en þá er jörð var seld (þ. e. þegar fjárhaldsmaður hefir ólöglega selt jörð skjólstæðings síns, en sölu er rift), þá bæti hann fyrir (þ. e. sá, er riftir). En ef verri eru, þá bæti sá honum, er húsum hefir spilt — — —

Lbb 3.[2]) *Um jarðaskipti til eignar* — — — Svá skulu héraðsmenn jörðu skipta með þeim mönnum öllum, er þar eiga hlut í, at síns megi hverr njóta og engi þeirra þurfi kvikfé sitt heiman yfir annars

---

1) Sbr. N. L. 1—3—9, l. nr. 6, $^{12}/_{7}$ 1878, 4. gr.
2) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1913.

land at reka. Eigi skal húsum í mót jörðum skipta. Nú er þar sumt land betra en sumt, þá skal þat þeim mun úviðara, svá at jafngóð sé bæði. Vatn skal ok falla til allra bæja — — — Húsum skal ok skipta at jafnaði. Þeir eigu at þverkyrfa hús, en eigi at endilöngum skipta. Nú verðr hús manns þar á annars jörðu, og skal þat hús þar vera, meðan sá vill, er hús á, ok skal hann úr sínu landi alt til færa um at bæta. Nú vill hann úr stað færa húsit eða auka þat, þá skal hann á sína jörð færa. Menn eigu at brjóta jörð, ef þeir vilja, til taðna sér eða akra, þó at fleiri eigi saman, og eigu þeir jafngóðri jörðu at auka sína töðu, er síðarr auka — — — 1281.

Lbb. 4. *Um ítölu búfjár í haga ok um skipti húsa, hversu at skal fara.*[1]) Þar er menn sjá eigi lögskipti á landi, þá skulu þeir skipta húsum, engjum, töðum, akrlöndum, veiðum, rekum, skógum, en kvikfé skulu þeir telja í haga svá at þeir hyggi eigi at nýtra at færa sé, og sé þó skipat til fulls. Þar skulu menn ítölu búfjár hafa í haga, er skynsömum mönnum litast þær nætr fleiri, er fé gengr í annars land. Þar skal telja þrevett naut við kú, en þrjú veturgömul. Eigi skal kálfa telja. Hross þrevett við kýr tvær eða eldra, tvevett við eina kú eða yngra. Eigi skal fyl telja. Geitr V við kú. Gamlir sauðir X við kú, lömb XX við kú. Eigi skal svín í land telja né hafa. — — —

Lbb. 5.[2]) *Um eignaskipti.* Nú ef einnhverr vill eigi til skiptis koma, sá er stefnt var, þá skal þó skipta sem nú var talt — — — Nú ef sá maðr er eigi innan lands, er jörð á með þeim, þá skal til stefna umboðsmanni hans — — — ok skipti svá sem hann væri sjálfr í hjá — — — Sá skal skipti ráða, er stærstum vill skipta, skipta bæjum heilum í sundr eða hálfum, nema þeim þykki annat sannara — — —

1) Sbr. l. nr. 43, 10/11 1913.
2) L. nr. 43. 10/11 1913.

1281. Lbb. 6.[1]) *Um landamerki og lagakaup.* Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu, ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök. — — — Hann skal heimila honum fé þat alt, sem þar kann finnast í jörðu ok á jörðu, nema eigandi verði at — — — Skyldr er sá at ganga á merki, er honum seldi, innan XII mánaða, ok stefna þeim til öllum áðr, er til móts eigu. Þar er eigi skylt at ganga til merkja, er firðir deila eða ár, þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyrir, ok skal kveða á þat. Nú á maðr við annan mann eyjar, þær er mörk eru í, ok skal sýna þau sem á meginlandi. Eigi er skylt at ganga á merki, þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum héraða, ok eigi er skylt at ganga úr búfjárgangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki. Nú prófast svá, at hann átti minna en hann hefir selt, bæti fyrir þat eptir VI skynsamra manna virðingu, ok haldist þó kaup þeira.

Lbb. 7. *Um ábyrgð á seldri jörð ok sókn.* Ef maðr selr land sitt fyrir fardaga eða á miðjum misserum, þá á hann allar landsnytjar til fardaga sem áður, nema frá sé skilt í kaupi, en reka til miðs dags frjádaginn í fardögum, alt þat, er þar til rekr á, ok fé þat, er finst í jörðu ok á, en svá skal hann skóg höggva sem leigumaðr. Hann skal land ábyrgjast við eldi ok skriðum, vötnum og öllum spellum til fardaga. En ef aðrir menn skeðja þar jörðu eða gera þar önnur spjöll á landi, þá á hann sókn á því, en hinn, ef hann vill eigi.

Lbb. 8. *Um lögmála á landi.* Svá er mælt þar er maðr selr land sitt öðrum manni, og vill hann leggja á lögmála, þá skulu þeir [handsalast við] þann mála.

---

1) Sbr. l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882.

sem þeir verða á sáttir. Þat er lögmáli á landi, at hann skal eiga kost fyrstr at kaupa landit með jöfnu verði sem annarr býðr við, þá er landit er falt. Vera má ok sá máli á landi, at þeir kveði á sjálfir, hversu dýrt vera skal, þá er falt verðr — — — 1281.

Lbb. 9. *Um lögveð á landi.* — — — Rétt er at selja eða gefa landsmála eða veð, ok svá annara gripa, [ef sá er innan fjórðungs, er við tekr] — — —

Lbb. 10. *Koma af mála af málajörðu manns.* Ef maðr vill selja málaland, þá skal hann fara til fundar við þann, er mála á, eða umboðsmann hans, hvárt sem hann er í úmegð eða af landi farinn, VII náttum fyrir sumar ok segja honum, at land er falt. Hann skal stefna honum heim með vátta sumarsdaginn fyrsta, ok segja, at hann man þar koma at bjóða honum landsmála, ok hafa þann mann með sér, er kaupa vill. Nú er hann eigi heima, þá er honum er heim stefnt sumarsdaginn fyrsta at nauðsynjalausu, ok hafði hann engan mann fengit til kjörs fyrir sik, þann er handsöl sé við eigandi, þá verðr — — — landit málalaust. Svá er ok, ef hann kýss undan sér landit, nema því at eins, at hinn kaupi údýrra en honum var boðit, eða gerðu þeir til þess at vilja koma mála hans af landi ok kaupa engu, þá er — — — fastr máli sem áðr.

Lbb. 11. *Um málalands brigð.* Ef maðr selr málaland annars manns — — — þá skal þessi lönd brigða innan næstu XII mánaða, nema nauðsyn banni, ella á hann þess máls aldri uppreist — — —

Lbb. 12. *Um úmaga lands brigð.* Nú gefr maðr land með sér til fóstrs eða þeim manni öðrum, er hann vill framfæra, ok mælir hann svá, at úmagaeyrir skal liggja í því landi, meðan hann þarf framfærslu, ok verðr framfærslan eigi efnd eða svá illa, at skynsömum mönnum virðist eigi við vært, þá skal sá, er til úmagaframfærslu stendr, brigða landit,

1281. þegar hann veit þat, ok hann má fyrir nauðsynja sakir — — —

Landsleigubálkr.

Llb. 2.[1]) *Um upphald húsa ok um veggjarhlöðslu.* — — — Nú gerir hann (þ. e. leiguliði) þau hús, er eigi váru skild á hann at gera, þá á hann sjálfr þau — — — Svá er ok, ef hann leggr við sinn í þau hús, er áðr váru þar, þá skal hann á brott færa fyrir fardaga og bæta hús sem áðr var. Sá eignast viðinn, er land á, ef hann tekr eigi úr húsum áðr.

Llb. 6.[2]) *Ef leiguliði er beittr ok hver tré hann á.* — — — Ef fiskveiðr fylgir leigulandi eða fuglveiðr eða eggver, ok á leigumaðr þat alt, nema frá sé skilt í kaupi þeirra, ok svá, ef þar rekr fiska eða fugla, sela, háskerðinga ok hnísur — — — Nú rekr hval á fjöru þar, þá skal hann festa hval sem eigi, ok hafa VI vættir, hálft hvárt spik ok rengi, ef hvalr er tvítugr eða lengri eins kyns. Þó er hann skyldr at festa, at skemri sé. En ef hann bergr verr hval — — — en nú er tínt, þá — — — ábyrgist (hann) skaða þann allan, er eigandi fær af hans úrækt. Leiguliði á þar veiðar allar, er því landi fylgja, utan eggversfugla skal hann enga veiða. Nú verpa þar elptr fyrir fardaga, hinn eignast þat, er þá kemr til jarðar, en hann slíkt, er fyrra várit var, egg eða ungar. Leiguliði á torf at skera í landinu, sem hann þarf til eldiviðar, þar nær sem áðr hefir skorit verit, ok fella saman torfgrafir, en við skal hann höggva, ef áðr hefir viði elt verit, hvárttveggja, ef svá hefir áðr verit, nema þeir hafi annan veg skilt. Í skógi skal hann höggva slóðahrís og girði og lédengdar kol sér, ok neyta þess alls svá hagsmiðlega sem þá at hann ætti þann skóg. Hann á ok at bæta bús búhluti sína úr

---

1) Sbr. l. nr. 1, $^{12}/_{1}$ 1884 10., 15. og 16. gr.
2) Sbr. l. nr. 1, $^{10}/_{1}$ 1884, 11.—14. gr.

skógi eða af rekaviði. En ef hann gerir nýja, þá á landsdrottinn þat — — — 1281.

Llb. 11. *Um heysölur leiguliða*[1]). — — — Ef tveir menn eigu staða saman, hvort sem er korn eða hey, þá skal hvárgi á brott flytja fyrr en skipt sé — — —

Llb. 13. *Um húsaskipti ok elding.* Ef fleiri menn búa í úskiptum húsum saman en einn, þá skulu þeir hús elda at manntali, en eigi at jarðarhöfn, því at hjú þurfu eldingar, en hús eigi. En hversu er þeir skipta húsum, þá eigu þeir allar dyrr jafnheimilar, þær er úskiptar eru. En ef maðr höggr fleir dyrr á húsum en þá váru, er þeir komu til, — — — bæti hús sem VI skynsamir menn meta. Sá skal krefja húsaskiptis, er til ferr jarðar, ok hafa við vátta II, ok lýsi því undir þá, að hann krefr húsaskiptis, ok geri honum fimt til, nema skipt sé áðr, en ef hann vill þá eigi skipta, nefni hinn þá granna II, ok skipti þeir til hlutfalls ok hluti síðan — — — En þegar skipt er húsum, þá skal sínum húsum hvárr ráða — — —

Llb. 14.[2]) *Vallaskipti ok taðfall.* Nú skal maðr þat taðfall hafa, er þess manns fénaðr feldi, er þar bygði sem hann hefir sér bóli tekit — — — Nú koma leiguliðar eigi allir senn til jarðar, þá skal sá krefja skiptis, er hafa vill, með votta II, ef úbygð er jörð eða sá er eigi kominn, er tekit hefir jörð, þá mæli hann sér teig jafnmikinn og teði jafnvel, og geri síðan, hvárt er þeir vilja, hluti eða hafi þann hverr, er taddan hefir. En leiguliðaskipti helzt æ, meðan einnhverr býr á jörðu. En ef einnhverr ferr á brott, en annar kemr til, hafi sá þá teiga í jörðu ok hús, er til kemr, sem hinn hafði, er í brott fór. Njóti hverr sinnar ábúðar. Svá skal jörðu skipta, at allir teigar þykki jafngóðir eptir leiguburð.

---

1) Op. br. $^{19}/_{9}$ 1806.
2) Sbr. l. nr. 43, $^{19}/_{11}$ 1913.

1281. **Llb. 15.**[1]) *Um engja skipti ok tveggja búnað.* Svá skal kreſja engja skiptis sem akra eða valla. Af öðrum skal hvergi slá né skera né sér nýta — — — Nú ef tveir menn búa á einum bæ, þá skal hvárgi þeira hafa fleira búfé um sumar en landit má upp halda vel, ok skipti því at jafnaði með sér. En ef annarr hefir fleira í haga, gjaldi grasverð sem menn meta.

Llb. 16.[2]) *Um landamerki ok hirðis rismál ok um beit.* Nú ganga menn á landamerki ok verða eigi á sáttir, þá eigu þeir at lögfesta til þeira merkja, er þeir segja rétt, er þar eigu lönd við fyrir utan — — — Ef maðr lögfestir haga sinn, þá skal sá, er þar á land næst, reka láta bú sitt alt í þat horn landsins, er first er lögfestu hins. Nú hafa fleiri menn lögfest, þá skal hann láta reka í miðjan haga sinn um aptna. Hann skal hafa rekið fé sitt úr haga hins, þá er sól er í austri miðju, þat er hann mátti finna. Þat heita hirðis rismál. Hann skal láta sitja at um dag, ok ef svá er gert, þá er hann sýkn saka, þó at hagi hins beitist. Hvergi á maðr at bæta fyrir hagabeit, nema lögfest sé, nema hann láti reka at landi eða í land hins, svá at hann vildi, at hagi hins beittist. Þá bæti fyrir skaða — — — þeim, er gras á, ok svá ef hann varðar minnr við, þar er lögfest er, en fyrr var skilt, ok svá ef hann fær eigi þann mann til hirðis, at skynsömum mönnum virðist, at vel megi gæta, ef hann vill.

Llb. 17.[3]) *Um lögfesting, hver rétt er.* Ef maðr lögfestir holt eða haga eða veiðistaðir, þá skal lögfesta at kirkju eða á þingi þar sem jörð liggr. Hann skal svá segja: Ek lögfesti hér í dag eign mína, er N. heitir, akra ok töður, engjar ok skóga, haga ok allar landsnytjar, er því landi fylgja, til ummerkja þeirra, er aðrir eigu í móti mér, bæði at orðfullu ok

1) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1913.
2) Sbr. Llb. 33. og 34., rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 5. gr.
3) Sbr. N. L. 1—19—22.

lögmáli réttu. Fyrirbýð ek héðan af hverjum manni sér að nýta eða í at vinna, nema mitt sé lof eða leyfi til, at vitni þínu N. ok þínu N. ok allra þeira, er orð mín heyra. En sá, er lögfestir, hann skal tala svá hátt, at allir heyri þeir, er þar eru, ef þeir vilja. En sú lögfesta skal standa XII mánuði hina næstu eptir, ef eigandi lögfestir eða hans umboðsmaðr. 1281.

Llb. 19. *Um merkibjörk ok skógarspell* — — — En ef sumir (af fleiri sameigendum jarðar) leyfa íneyzlu í jörðu, en sumir eigi, þá taki sá, er eigi leyfði, — — — slíkt af áverka sem í jörðu á. En ef fleiri hafa úleyft, þá taki allir — — — slíkt af áverka sem í jörðu á. — — — Nú ferr maðr í skóg annars manns fyrir utan leyfi þess, er á, ok vinnr í, þá — — — skal hann, er í vann — — — fyrir bæta — — — skógarspell, ok svá þó at maðr ríði hrís á annars jörðu — — — Ef maðr höggr skýlihögg á viði eða beitir eða skefr, svá at spell er á, bæti skógarspell — — — Hvervitna þar sem maðr hittir áverka í skógi sínum, þá skal hann at úsekju brott taka.

Llb. 20.[1]) *Um skógarskipti ok áverka.* Nú ef II menn eða fleiri eigu skóg eða eng eða úthaga saman, þá skal engi meira vinna en í eign á ok tala rennr til, at úskiptri jörðu, nema eldivið. En þar sem menn eigu skóg eða engi eða úthaga saman, þá skal sá, er víll, sækja þá til skiptis, er móti eigu, eptir því, sem lögbók váttar í eignarskiptum, því at sá skal skipti ráða, er skipta vill, en engi skal ráða eða gera öðrum spellvirki eða fjárskaða. En ef í yrkir at úskiptu meira en til kemr, þá svari slíku fyrir við þann, er móti á, sem sá skyldi, er í vann með óleyfi ok ekki átti í jörðunni, — — — áverka. — — — Svá skal skógi skipta, at rjóðr skal ætla þeim, er meirr hefir skógar neytt en lög vátta. En ef eigi er rjóðrum höggvinn skógr eða meirr valdr, þá skal sá hafa því víðara, er minnr

1) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1913.

1281. neytti, svá at jafn þykki hlutr þeira, þeim er skipta. En ef hinn hefir svá mjök höggvit, at eigi má með skógi jafna, bæti með öðru þá — — — Ekki skal höggva í annars manns skóg, nema umferðarmenn farargreiðabót, hvárt sem bilar at vögum, sleða eða klyfbera, eða öðrum tréreiða, ok keyrivönd ok til eldsneytis, ef úti býr um nætrsakir í sama stað, nema hann nái hvárki kaupi né orlofi á, ok gengr nauðsyn til, þá höggvi, meðan hann þarf, ok bæti skógarspell — — —, ef sá ámálgar, er á, eða hans umboðsmaðr, svá ok, ef á skipi býr — — —

Llb. 21. *Um skóg á annars jörðu.* Ef maðr á skóg á annars manns jörðu, ok á hann at njóta þess skógar svá sem á hans jörðu sjálfs sé at höggvi. Eigi skal hann eyki þar hafa um nætr. Hann skal gera þar kol, ok hafa brott fært fyrir vetrnætr hinar næstu ok hylja grafar, svá at eigi liggi búfé í. En ef hann gerir eigi svá, bæti — — — landsdrottni — — — skaða þann allan, er verðr af gröfum þeim, er eigi váru huldar, ok svá skal hvervitna, þar sem maðr gerir kol á annars jörðu — — — Nú vill sá sér nýta lim, er skóg á á annars jörðu, þá skal hann bera láta saman lim, fauska ok stofna í köstu, hafa í brott fært innan XII mánaða þaðan frá, ok hafa þetta gert, stofna upp rætta fyrir vetrnætr hinar næstu, ok svá fauska ok lim saman borit, ella á sá, er jörð á undir, — — — ef eigi er brott fært innan XII mánaða. Ef maðr höggr annars manns skóg til hlutar, þá skal þat haldast eptir því, sem í kaup þeirra kom, ok hafa grafagerð at frjálsu svá sem þar er maðr á skóg á annars manns jörðu. Nú vill annarr eigi skipta kolum eða kolviðum, þá skal þó skipta svá sem fyrr segir. Ef viðr vex um þjóðbraut þvera, svá at þar má eigi aka eða klyfjar bera, þá höggvi sá, er vill, þann við, ok kasti í skóg frá götu. Sá maðr á at beita í skógi annars, er jörð á undir, meðan meirr bítr gras en skóg. Sá, er skóg á, má ok beita búi sínu, meðan

meirr bítr skóg en sinu. En hverr, sem öðruvíss beitir, 1281.
bæti skaða sem menn meta — — — Hverr maðr á viðarvöxt í skógarmarki sínu, meðan hann á þar fornan við nokkurn. Ef menn höggva skóg þann upp allan, er tveir menn eða fleiri eigu saman, þá skulu þeir skipta með sér merkibjörkum og höggva þær síðast. Og þá er skógr sá er svá eyddr, at eigi finst viðr eptir, þá eignast sá skógarstöðu, er jörð á.

Llb. 22. *Um engi á annars jörðu.* Ef maðr á engi á annars manns jörðu, þá skal hinn eigi beita engi þat frá því VI vikur eru af sumri. En sá, er engit á, skal þat fyrst láta vinna, nema hann vili töðu sína fyrr vinna. En ef hann vinnr eigi svá, ok vill þó unnit hafa, þá bæti hálfri mörk þeim, er jörð á, ok úheilagt heyit og engit. Nú á hann engjar í fleiri manna löndum, þá skal hann sitt sumar hvert fyrst slá, ok eigi fyrri heima en þau eru öll slegin. Maðr má gera stíflur á engi því, er hann á á annars jörðu, ok grafa sitt engi til, ok veita svá vatni á engit. Hann skal á sínu engi upphefja veituna, og skal þaðan falla vatn í hinn forna farveg. En ef annars manns jörð spillist af veitunni, bæti skaða sem metinn verðr — — —, ok svá ef búfé fær skaða af. Kost á maðr at gera löggarð um þetta engi, ef eigi liggja beituteigar hér í annarra manna, V aura verðir eða meira, ok grafa í sínu engimarki torf til, að láta hlið á garði. En ef hann vill grjótgarð hafa, þá brjóti hann, ef hann vill, í annars manns jörðu grjót upp, ok bæti — — — skaða, ef af því gerist. Rétt er honum að setja garð þann á jörð hins, á hrjóstr eða hölkn, ef eigi verða innangarðs beituteigar hins V aura verðir. En ef hann gerir annan veg, bæti skaða — — — landsdrottni. Honum er rétt at byrgja aptr garðinn fimtadaginn, er sex vikur eru af sumri. Hann skal hirt hafa hey sitt úr garðinum ok hliðum upp lokit, er IV vikur eru til vetrar, nema nauðsyn banni. Síðan

1281. er úheilagt heyit og engit fyrir þeim, er jörð á undir, þó at hann lúki upp hlið á garðinum.

Llb. 23.[1]) *Um löggarð um hey í annars jörðu.* Maðr skal gera löggarð um hey sitt í annars landi ok grafa í sínu engimarki torf til, og svá skal hann gera löggarð í fjallhögum, þó at hann eigi sjálfr jörð undir, ok í engimarki sjálfs síns, ef eigi er lengra frá annars manns landsmarki en tvö hundruð faðma tólfræð. Ef garðr sá fellr eða þrútnar svell upp í hjá, þá skal sá, er beit á um garðinn eða svá nær, gera orð þeim, er hey á í garðinum, ok varða búfé sínu við heyi hins. En hann skal til fara um at búa eða brott færa, þegar honum er sagt forfallalaust Ella er heyit úheilagt við þess búfé, er þar á beit svá nær. Sömu leið skal fara, ef snjó leggr at garðinum, nema sjálfr vili frá láta snjóinn. Ef hinn varðar eigi við eða gerir eigi orð, sem nú sagði, bæti skaða þann allan, sem hans fé gerir — — — þeim, er hey á. Ef maðr lætr engi sitt liggja úslegit þrjú sumur samfleytt, þá er sá eigi skyldr at verja, er jörð á, nema hinn segi fyrir fardaga, at hann vill slá engit. Nú býr maðr svá nær engi sínu, því er hann á á annars jörðu, at hann vill heiman beita ok slá eigi, þá á hann kost þess, svá at hann skal mann hafa at fé sínu, ok gæta svá, at eigi gangi í haga hins eða eng. Ef fé þess manns treðst í garði þeim, er beitina á svá nær sem fyrr var tint, af því at löggarðr var eigi þar sem hann skyldi vera, þá á sá það alt at bæta, er garði skyldi upp halda. Nú er hey fært í hús eða hlöður svá nær beit hins, sem fyrr váttar, þá skal svá um búa, at búfé hins komizt eigi at heyinu. En ef húsit fellr ofan, þá skal beitarmaðr gera þeim orð, er á, ok verja við fé sínu, þar til er hinn kemr til, er hey á, eða gera upp sjálfr ella. Nú vill hinn eigi til fara eða hefir eigi byrgt dyrr eða vindauga, ok

1) Sbr. Llb. 31, 32 og 54.

kemst búfé þar inn, þá ábyrgist hann, ef fé hins 1281.
treðst þar eða fellr hús á — — — En ef fen eða vötn eða forað gerða um hey manna, ok er hey þegar úheilagt, er fé kemst yfir.

Llb. 24. *Um viðarvöxt í engi manns á annars jörðu.* Hverr maðr á engivöxt í sínu engimarki. En ef víðara vex, þá á sá, er jörð á undir. Nú vex viðr í engi manns, þar er annarr á jörð undir, ok er rétt, at sá rífi upp þann við allan, er engit á, ef þat er rifhrís, en sá á viðinn, er jörð á undir. Þat er rifhrís, er skjótara er at rífa upp en at höggva. En þat er höggskógr, er skjótara er at höggva en rífa. Nú vex höggskógr í engi því, er maðr á á annars jörðu, þá skal sá kaupa, ef hann vill, er jörð á, eptir því sem sex skynsamir menn meta, at engit var vert. Skal sá kjósa, er engi átti, hvárt hann vill heldr hafa engi jafn gott eða aðra aura. Sá, er jörð á undir, eignast bæði engit ok svá skóginn, ef hann vill eigi selja. Nú vill jarðeigandi eigi kaupa, þá eignast hinn bæði engi sitt ok skóginn. Ef engi þat spillist af eggveri, er maðr á á annars manns jörðu, þá skal á sömu leið fara sem um þat engi, er skógrinn vex á, ok svá þó at fiskivötn komi þar upp. Svá skal virða engit sem vert var áðr spiltist af skógi eða eggveri eða vatni. Menn megu vötnum veita þeim, er upp spretta á sjálfs jörðu ok í sínu landi hverr. Ef þat eru brunnar manna, þá skal hverr fella í hinn forna farveg af sinni jörðu. Eigi skal veita, ef þeim verðr mein at, er þann brunnlæk hefir haft. En ef hann gerir óðruvíss, bæti skaða allan þann, er af gerist, — — — þeim, er brunn átti, ok úhelgar allar stíflur við brot, þó at í sjálfs landi sé. Nú eigu menn merkivötn saman,[1]) ok vill annarr veita því á engi sitt eða akr, en hinum þykkir mein at, þá skal skipta sem fyrr segir, nema vatn sé svá lítit, at eigi vinnist, þá skal

1) Sbr. l. nr. 65, $^{22}/_{11}$ 1913.

1281. sina viku hvárr hafa. Menn eigu at æja eykjum sínum í annars landi á sumar, þar sem eigi hefir fyrr slegit verit.[1]) Hverr maðr á gróðr á sinni jörðu. Ef þar brjóta merkivötn svarðfast land af jörðu manns, ok á sá hólm sinn, er áðr átti, ok nýta sér sem hann vill, en lögfesta eigi fyrir búfé hins. Rétt er honum at fella vatn í hinn forna farveg. Eigi skal hann reka fé sitt þanneg. En ef þat er engi, þá skal hann svá verja sem annars engi sé á hans jörðu. Eigandi skal ok svá vinna láta. Ef engi vex í hinum forna farveg, þat á hverr, sem land á at þar.

Llb. 25. *Ef hey rekr á annars jörðu.* Ef sjór eða vötn eða veðr rekr hey manna saman, þá skal sá, er hey á á jörðu, kveðja þann skiptis, er hey á með honum. Vill hann eigi skipta, — — — hafi þat hverr af, sem dómr dæmir. Þeir menn, er þat hey eigu, er á annars jörð rekr, skulu at frjálsu þurka heyit þar, en eigi heim færa fyrr en skipt er. Hann má þat ok vinna á jörðu hins, þar er hvárki er akr né eng, at gera löggarð um heyit. Ef hey rekr á engi hins, þá bæti honum skaða, sem metinn verðr. Ef hey rekr í haga manns, ok á sá at gera löggarð um, er hey á, ok svá at þurka.

Llb. 28. *Af umboðsmanna skyldu.* Hverr maðr skal hafa sér umboðsmann innan fjórðungs þess, er jörð liggr eða reki, nema hann sé sjálfr innan fjórðungs, ok þó má hann, ef hann vill. Sá, er umboð hefir, sæki — — — um allan áverka sem hann eigi — — — Umboðsmaðr má jarðir byggja öðrum, en eigi sjálfum sér, ok leigu af taka, ef landsdrottinn vill. Hann er skyldr at svara fyrir með lögum af landsdrottins hendi, ef nokkurr kærir á þá jörð, eða geri orð landsdrottni — — — En þá, er hann (þ. e. landsdrottinn) vill umboð af honum taka, bjóði um þeim, er hann vill, at taka umboð at honum — — —

---

2) Sbr. l. nr. 35, $^{23}/_{10}$ 1903.

Llb. 29. *Um elds ábyrgð.* Sinn eld skal hverr á- 1281.
byrgjast frjálsra manna ok fulltíða. Þann eld á hverr, er á heldr, ok kveykir síðan. Nú brennir maðr ok eigi heiptugri hendi, sá skal ábyrgjast, er með eld ferr, ef menn fá mein af, ok bæta skaða þann allan -- — — Nú vísar maðr úmaga sínum eptir eldi, þá skal sá ábyrgjast öll úmagaverk, er á. En ef fulltíða maðr vísar úmaga annars manns at gera þat, er öðrum er mein at, þá skal sá skaðann bæta, er úmaganum vísaði, en hann hlaupi lauss undan. Brenna má maðr sinu af jörð sinni, þar sem hann vill, ok bæta skaða þann allan, er öðrum mönnum verðr af, — — — ef hann hefir þá eigi orlofs til beðit, er næstir búa.

Llb. 31.[1]) *Hvat löggarðr er ok hvar hann er skylt at hafa.* Nú skal görðum skipta eptir jarðarhöfn ok öllum áverka. Nú er garðr granna sættir. Hverr maðr skal löggarð gera um töðuvöll sinn, þó at eigi hafi fyrr verit, ef svá er nær annars landi, at minnr er frá en CC faðma tólfræð, ok þó at lengra sé fyrir þá völlu alla, er áðr hefir garðr verit, ok svá engjar. En þat er löggarðr, er V feta þykkr er við jörð niðri, en III ofan. Hann skal taka í öxl þeim manni af þrepi, er hann er hálfrar fjórðu álnar hár, ok þó at fé hlaupi þann garð, þá bæti sá skaða, er þat fé á. — — — Þeir skulu gervan hafa garð at Bótólfsvöku, ok ábyrgist síðan hverr sinn garð. En ef kýr er garðbrjótr, eða annat fé, þá skulu fara til grannar þeira, ok sjá garð, ok ef þeim lízt sá garðr gildr, þá skal sá gjalda, er garðbrjót á, skaða þann allan, sem af verðr. Nú ef búfé gengr úr kvíum eða geldfé úr afrétt ok gerir mönnum skaða, gjaldi sá, er þat fé á, skaða sem metinn verðr, — — — nema hinn hafi eigi löggarð, þar er hann skyldi hafa, ok

---

1) Sbr. Llb. 33, 34 og 54, rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 5. gr., tilsk. $^{13}/_{5}$ 1776 og l. nr. 66, $^{2}/_{11}$ 1913.

1281. missi þá skaðabóta. Bótólfsmessudag skal vera grannastefna. Þeir garðar eru gildir, er þeir taka þá fyrir gilda á grannastefnu. Ok ef garðr verðr brotinn, þá skal leiða menn til ok láta sjá garð, ok ef garðr hefir gildr verit, þá skal sá gjalda uslann, er féuað átti. En ef þeim sýnist sem garðr sé eigi gildr, þá skal sá gjalda uslann, er garð átti. Ef merkigarðr hefir verit bæja i millum, ok er sá niðr fallinn, þá skulu þeir, er hafa vilja, gerða sinn hlut ok bjóða hinum, er móti eigu, at gerða sinn hlut. En sá, er eigi vill gerða, ábyrgist skaða allan þann, sem gerr verðr, hvers fénaðr sem gerir — — —

Llb. 32. *Ef löggarðr er brotinn ok um löggrind ok þjóðveg.*[1]) Ef menn vilja löggarð hafa bæja á millum, þar sem eigi hefir fyrri verit, gerði at jarðarmagni sá, er hafa vill, ok sá, er til móts á, ok at jarðarhöfn haldi hvárr síðan. En sá, er eigi vill garð gera ok halda honum síðan, gjaldi at öllu skaða þann, sem af gerist. Eigi er maðr skyldr at gera þenna garð, þó at hann sé beiddr, ef torf þarf á eykjum til að flytja. Ef þar verðr höggskógr eða eggver eða töðuvöllr fyrir, þá skal fyrir nes gerða, en i gegnum, ef rifhrís er fyrir, ok svá, ef engjar eru fyrir, og bæta þeim, er átti, annat engi jafngott ok jafnhægt ok jafnmikit. Fimt skal gera til görðum at skipta ok hluta ok hafa við vátta, hvárt er hinn vill eða eigi, ok ábyrgja honum síðan garðinn ok allan usla þann, sem af fénaði verðr, hverr sem á. — — — En ef maðr skýtr upp grind ok fénaðr gengr i akr eða eng, bæti skaða þann, er gerr var — — — þeim, er korn á eða gras. Ok svá, ef maðr höggr grindarhæla i sundr, eða veltir steini frá, ef við liggr, ok stendr fyrir því opin. Nú liggr þjóðgata um bæ manns eða at garði, þá má hann af færa bæ sínum ok frá garði og gera aðra utan garðs jafngóða at fara i þurru ok vátu, eigi lengra frá þjóðhliði en CC faðma tólfræð, þá skal

1) Sbr. l. nr. 66, $^{22}/_{11}$ 1913, 10. og 11. gr.

þá fara, þó at hún sé lengri. En ef maðr ríðr eða gengr yfir akr, töðuvöll eða eng, ok vill eigi fara vegu rétta, sá maðr er sekr mörk við þann, er lóð á. En ef maðr brýtr garð manns, þá liggja II aurar við hlið. Nú heitir æ hlið til þess er hálfrar fimtu álnar er, en ef lengra er, þá liggr við mörk við þann, er garð á, ok gera garð jafngóðan ok bæta skaða þann allan, er af gerist, nema gert sé fyrir þjóðbraut þvera ok lengra gata af færð en fyrr segir, þá er garðr úheilagr við broti þeim, sem þar þurfu at fara, hvárt sem er sýkn dagr eða heilagr, ok svá öll lóð, er af því spillist. 1281.

Llb. 33.[1]) *Um laga innsetning á fénaði ok usla.* Nú ef einn maðr á akr, töðu eða eng, annarr fénað, en þriði garð úgildan, sá, er lóð á, skal eptir mönnum ganga ok láta þá sjá, at fénaðr er kominn í akr eða eng, þá skal hann úr taka með vitnum, og láta VI menn meta usla þann, er gerr er, ok setja inn fénað þann, er í er kominn, ok reka lausan í hús inn ok leggja hvárki á bast né band. Þó at hvert stangi annat, þá er þat í ábyrgð eiganda, en eigi þess, er inn setti. Það skal hann ábyrgjast, ef treðst af húsþröng eða fellr hús á eða garðr, nema fénaðr felli ofan. Nú alt slíkt, sem sá missir, er búit á, fyrir þeim, er lóð á, þá lúki sá honum, er garð átti úgildan, þar sem gildr skyldi vera. Gera skal eiganda boð samdægris, er bú er inn sett. Nú vill hann eigi út leysa, þá skal standa inni til fimtar. En ef eigi er þá út leyst, þá á sá þat, er inn setti, ok heita þá lokin uslagjöld. En ef maðr tekr fénað þann brott, er inn var settr, ok vill eigi leysa út at lögum, þat heitir lokurán — — — En ef svín[2]) kemr í akr eða eng eða annat búfé at görðum gildum, þá skal inn setja til uslagjalda, ok leysi út at lögum sá, er á. En tjóðrhesta ok tjóðrkyr ok alt þat bú, er bændr setja

1) Rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 5. gr.
2) Rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 47. gr.

1281. innan garða sjálfir, ok verðr þat laust ok gerir usla, seti inn til uslagjalds ok leysi eigandi út at lögum.

Llb. 34. *Um bús útlausn ok búmissu.* Nú vill maðr bú sitt út leysa ok hefir eigi vaðmál til, þá skal hann veð leggja eða fá vörzlumann jafngóðan veði. En ef hinn vill eigi út láta fyrr en hann hefir sekt i hendi, þá sveltir hann hjörð hans ok hjú, — — — ok bæti búmissu sem VI skynsamir menn meta. — — — Ef sá maðr, er fyrir beit verðr, rekr búfé aptr i akr eða eng eða andvirki þess, er fé á, bæti skaða allan þann, sem af verðr, — — — ok hafi ekki fyrir þann skaða, er hann fékk. Nú rekr hann eða lætr reka búfé hins svá, at máls missir, bæti búmissu — — — þeim, er bú á. En þá missir búfé máls, er þat kemr heim um aptan, er um morgin skyldi, en þat um morgin, er um aptan skyldi, nema hinn úræki at láta leita, er búfé á.

Llb. 35. *Um rétt á hrossum.* Ef maðr á graðan hest, þá skal hann annat hvárt kaupa hross til eða fá at láni — — — Nú ef þeir hestar bítast, er svá eru varðveittir ok fær annarr bana af, þá skal þann meta, er dauðr er, ok gjalda þann hálfum verðaurum, nema því at eins, at hinn sé verri allr, er lifir, en hinn hálfr, er dauðr er, þá má hann eigi meira fyrirgera en sjálfum sér. Nú ef maðr á hest þann, er ekki fylgir hross, ok bízt hann til stallstæðu annars hests, á þeim hesti er algildi. En ef sá fær bana, er til hleypr, þá liggr hann á verkum sínum sjálfs dauðr úgildr eiganda. En ef hestr bítr hross til dauða, þat er algildi. En ef hross bítr hest til bana, þat er hálfgildi. En ef graðr hestr bítr jálk til bana, þat er algildi. En ef jálkr bítr hross til bana, þat er hálfgildi — — — En ef hross eða naut drepa smáfánað, algildi er á öllu því, er ofríki gengr at.

Llb. 36. *Um hestat ok taglskurð.* Hvervitna þar er menn etja hesti manns at úleyfi þess, er á, bæti skaða þann allan, er af verðr — — — eptir lagadómi,

þeim er hest á — — — En hverr ábyrgist sik sjálfr 1281.
at hestavígi, hverir sem etja. Ef maðr lýstr hest á hestaþingi nauðsynjalaust, gjaldi eiganda — — — eptir lagadómi, — — — ef hann spellast af — — — Nú tekr maðr hepting af hrossi manns úlofat, gjaldi eiganda eptir dómi ok ábyrgist hross at öllu ok verk þess til þess er eigandi kemr höndum á — — —, nema inn seti til uslagjalda. En ef hross eða annarr fénaðr rennr eptir manni, seti inn á næsta bæ, er á leið verðr fyrir honum, ella ábyrgist at öllu ok bæti skaða, ef eiganda verðr at. Nú vill sá eigi taka með honum eða láta inn setja fénað, er fyrir sitr, þá ábyrgist hann að öllu.

Llb. 37.[1]) *Um hrossreið ok ábyrgð á hrossi.* Ef maðr leigir hross eða honum er lét til þings, ábyrgist sá, er með ferr, utan þat ef halt verðr eða sárt, ok verði heilt innan fjórtán nátta, er heim kemr. Nú deyr hross fyrir honum, bæti sem þá var vert, er hann tók, ok þá enga leigu með. Nú verðr riðit hrossi því, er maðr ferr með at leigu eða láni, þá á hann sókn á því. — — — En gæzlumaðr skal svá varðveita ok með fara sem hann ætti ok vildi þó vel með fara, ok ábyrgist hann þá eigi. Ríða má gæzlumaðr at reka hross til þings ok frá, ok skipta því at jafnaði, ok ábyrgist í sína þörf þessa. Gæzlumaðr skal sýna hvert hross eiganda at þinglausnum annat hvárt lífs eða dautt, ella ábyrgist hann við eiganda. Nú geldr gæzlumaðr eiganda fyrir þat hross, er frá honum hvarf, þá á hann sókn ok heimtu á þeim, er í brott tók. Eigi skulu þingmenn heldr en aðrir æja í engjum manna. Nú vitu menn eigi engjamark, þá skulu þeir eigi æja þar, er stakkgarðr er nær. En ef menn reka hross frá mönnum á áiföngum, bæti — — — eptir lagadómi.

---

1) Sbr. Kb. 16, 17, 21, 22, Farml. 28, Þjófb. 15 og 16.

1281. **Llb. 38.**[1]) *Um virðing á hrossi ok meðferð.* Ef eigandi sendir mann með hross sitt eða eyk eða annan grip sins erendis, þá ábyrgist eigi sá, er með ferr, nema hann fari aðra leið eða lengra eða eigi svá sem eigandi bauð um. En ef hann ferr eigi svá með eða annan veg en eigandi kvað á, þá ábyrgist sá, er með ferr. Nú kemr hross þat í land manns, er hann veit eigi hverr á, þá skal hann lýsa því at kirkju eða á þingi, ok ef engi kemr eptir innan hálfs mánaðar þaðan frá, er lýst var, þá er honum rétt að láta virða hrossit. Síðan má hann með fara sem hann eigi ok ábyrgist at öllu. Svá skal virða sem þá var vert, er hann sagði til. Nú kemr eigandi eptir, kjósi sjálfr, hvárt hann vill hafa hross eða hrossverð — — —

Llb. 39.[2]) *Um áverka á fénaði ok dráp.* Aldregi gengr fénaðr sér til úgildis. Nú drepr maðr fénað manns ok gengr við sjálfr ok segir á hendr sér, hafi hann hit dauða eða hit lama, er drap, en hinn heilt fyrir. Nú drepr maðr eða berr fénað manns, ok segir eigi sjálfr eiganda — — —, bæti löstu á sem VI skynsamir menn meta. — — — Verkafall ok nytfall, þá skal þat bæta sem menn meta. Tveir aurar liggja við auga á nauti, svá við horn, svá við hala, en fjórðungr verðs við auga á hrossi. En ef maðr höggr hala af hrossi svá at rófa fylgir, — — — gjaldi hross verðaurum aptr. Hafi sá stökku, er stytti, — — — en hinn heilt hross, er átti. — — — Nú skerr maðr tagl af nautum — — — bæti þeim, er naut á — — —

Llb. 40. *Ef fénaðr stangar hvern annan til dauðs.* Nú ferr alt saman hjörð ok hirðir. Nú skal hirðingi vita um, hvat af hjörð verðr ok bera um, — — — ef hann er váttbær um þat mál. En ef uxi stangar uxa, þat er hálfgildi. En ef uxi stangar kú, þat er algildi.

---

1) Sbr. l. nr. 43, 10/11 1905, 71. gr.
2) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 298. gr.

Oll þau naut, er yngri eru en þrevetr, utan graðung, þá er algildi á þeim ok öllum kollóttum nautum. — — — En ef hundr bítr fénað manna eða eltir á forað, bæti sá, er hund á, hálft fyrsta sinni, en alt jafnan síðan — — — 1281.

Llb. 42.[1]) *Um sætra ferð ok gerð.* Hvervetna þar sem sætr eru til bæja manna, hann skal fara þar yfir annars land með búfé sitt til sætra ok fara fornar götur, ef til eru, ok hafa í togi lausahross, ef yfir eng er at fara. Nú eru keldur á götu hans, þá má hann þar gera brúar yfir ok vinna þat á jörðu hins. Þá skal fara úr húshaga, er tveir mánuðir eru af sumri, nema þeim þykki öllum annat sannara. Nú sitr einnhverr lengr niðri, þá skal sá fyrirbjóða honum þarsetu. Nú sitr hann kyrr eigi at síðr, þá skal — — — dæma — — — leiglendingi hálfa mörk í grasrán. — — — Slíkt liggr við, ef hann ferr heim í húshaga fyrir tvímánað.

Llb. 43. *Um sætragerð, hver vera skal.* Nú skal til sætra á fjöll upp vera merki sem at fornu fari hefir verit, færa eigi úr stað, nema hann færi engum manni til meins. Svá skal þar sætr at sömu. Engi skal ok setja sætr sitt við annars haga þar sem eigi hefir at fornu verit. Þar skal mæta horn horni, en hófr hófi.

Llb. 44.[2]) *Um almenningsgötu.* Þjóðgata ok sætrgata ok allir rekstrar skulu svá vera sem legit hafa at fornu fari, utan færa má götu ef vill, sem fyrr segir — — —

Llb. 45.[3]) *Um brúar hald ok ferju.* Ef á skilr lönd manna, þá skal sá, er brú vill vill gera, bjóða

---

1) Kgsúrsk. $^{20}/_{2}$ 1754.
2) Sbr. l. nr. 57, $^{22}/_{11}$ 1907.
3) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 70. gr. og l. nr. 57, $^{22}/_{11}$ 1907, 38.—42. gr.

1281. hinum, er til móts á öðrum megin land, fyrst at gera brú, ef hann vill. En ef hann vill eigi, þá má hann báðum megin grafa torf til at frjálsu. Nú verðr hinum mein at götum þeim, er þar gerast af brú þeirri, þá skal sá, er brú gerði, þar sem eigi hefir fyrr verit, bæta skaða þann allan — — — þeim, er til móts á. Nú vill sá brú gera, er hvárigum megin á land, þá bjóði þeim fyrst, er þar eigu lönd við, at gera, ok ef þeir taka eigi til innan næstu tólf mánaða, þá má hann gera at úsekju ok taka torf ok grjót til báðum megin, ok bæta — — — þeim, er jörð á, ef mein verðr at götum þeim. Hann skal gera skilorð á brúnni þat, sem hann vill, ok lýsa því á þingi. — — — Hvárgi má banna öðrum þeira, er lönd eigu við ána, at hafa skip á. Rétt er þeim manni at hafa skip á ánni, er hvárigum megin á land við, ef hann vill, at þar sé skipit jafnan, meðan er þið er á, ok meta eigi leigu. Svá er þar um götur sem fyrr segir. Ef maðr varðveitir brú eða skip þat, er fé er til lagit, þá sekist hann, ef hann efnir eigi þann skildaga, er þar er á gerr. Nú fyrnist skip svá at eigi er fært, fái til annat innan þriggja nátta sá, er ferju varðveitir, ef hann skal skipinu halda. En ef brotnar í vötnum eða veðrum, fái til sem fyrst má hann. Eigi ábyrgist sá almenningsfar, er fluttr er. Nú metr farhirðir leigu þar sem veita skyldi, þá er synjat fars. Nú neyðir hann vegferla til meiri leigu en skild er, sú er önnur sök, ef hann synjar manni þeim, er leigu býðr. Sú er hin þriðja, ef þess fars missir dægri lengr, þar sem skylt er at flytja. Ok ef farhirðir verðr at þessu kunnr ok sannr, þat heitir vegarfall, ok — — — bæti þeim, er fars missir, fyrir farartálma hans skaða þann, sem af verðr — — — Nú er farhirðir eigi skyldr at flytja lengr en til þess, er sólu er sett, ok eigi fyrr en sól kemr upp, því at sól skal flutningi ráða um sumar, en dagr um vetr. — — — Nú er brúarhald skilt á hönd manni ok skilt eigi gjörr,

þá skal hann at gera svá at haldi fyrir fyrnsku, en gera svá sem fyrst, ef áin brýtr. 1281.

Llb. 46.[1]) *Um geldfjárrekstr til afréttar.* — — — Eigi skulu menn málnytu sína í afrétt reka, nema ítala sé. Eigi eigu menn at lofa í afrétt, nema ítala sé, þá má hverr fylla sína ítölu. En ef sumir lofa, þá taki þeir, er eigi lofa, slíkt grasverð, sem menn meta. — — — En ef einnhverr hefir úleyft, hafi grasverð á sinn hlut. — — — Eigi skal sætr gera í afrétt, en ef gerir, þá er úheilagt, þótt þeir brjóti, er afrétt eigu, ok bæti þeir þó, er sætr gerðu, skaða þann — — — hverjum, er þann afrétt á. Engi maðr skal beita afrétt frá því er VI vikur eru af sumri ok til mánadags þess, er laugardaginn áðr lifa IV vikur sumars, ok bæti grasverð sem menn meta — — —, ef hann lætr reka þangat fé sitt, fult hverjum, er í þeim afrétt á. En ef menn slá í afrétt utan orlofs, eigi þeir hey, er afrétt eigu. — — — Sá maðr má beita á vetri í afrétt, er hlut á í honum, ef hann þarf eigi at reka fé sitt yfir annars land til. En þat er afréttr, er tveir menn eigu saman eða fleiri, hversu mikit sem hverr á í.

Llb. 47.[2]) *Um mark á fénaði.* Menn skulu einkenna búfé sitt alt, nema hross, ok hafa einkent er VIII vikur eru af sumri alt þat, er hann má þá á henda. Eitt mark skal hann hafa á öllu fé sínu. En ef hann gerir eigi svá, þá er hann sekr hálfri mörk. — — — Eigi er hann sekr, þó at eigi verði rétt hans mark á því fé, er hann hefir af öðrum mönnum, en færa skal hann sem næst sínu marki. Erfðamark skal hann hafa, ef hann á. Skipta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til. Nú vill maðr gera sér mark, þá skal hann lýsa á þingi áðr hann marki fé sitt, hvert mark hann vill hafa. Eigi skal hann

1) Sbr. rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 6. gr., $^{23}/_{6}$ 1305, 8. gr., l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 71. gr.

2) Sbr. rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 39. og 44. gr., l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 70. gr.

1281. þat mark hafa, er annarr hefir í því héraði eða svá nær, at fjárgöngur þeirra komi saman. Af skal hann láta marki, þó at hann hafi á þingi lýst, ef nokkurr verðr til síðarr. — — — En ef menn verða eigi fyrr varir við, at mark berr saman með þeim en fé er á fjall rekit, þar er þeir eigu samgengt, þá skulu þeir telja fé það alt, er þeir létu reka í afrétt, ok sveri hvárr eineiði[1]) at sínu fé, ef svá var mart sem þá hefir hann talt ok þess kyns fé ok svá gamalt. Nú skal hvárr þeirra á haustit sýna grönnum sínum VI þat fé, er þeir heimta, ok skipta svo sem þeim þykkir jafnaðr á eptir fjárfölda, hversu margs hvárr skal missa, ef eigi heimtist alt, nema annarr hvárr hafi tvá lögliga kennendr til, at þat er hans fé, ok eigi gaf hann né galt eða sölum seldi, ok þat er hans fé, ef hann skal úræntr vera, ok ef þeir sverja þetta, þá skal hann taka það fé at afnámi, en því færa at heimta eptir. — — — Rétt er manni at ljá öðrum manni marks, ef hann er sauðlauss, ok hafa sjálfr, þegar hann á fé til. Ella á hann eigi heldr en aðrir, þó at erfðamark hans hafi verit. Ef dilkær eru, þá er eigi skylt at marka dilkinn. Móðir berr þar vitni um, ok svá kýr um kálf, gyltr um gris.

Llb. 48. *Hverr mark á at hafa, ef II eigu eitt saman.* Ef tveir menn eða fleiri eigu eitt mark saman, þá skal sá af bregða, er eigi á erfðamark, nema sá sé þangat kominn í hérað, er erfðamark á, þá skal hann af bregða, en hinn haldi marki, er fyrir sitr, þó at honum sé eigi erfðamark. Nú á annarr kaupamark eða gjafamark, en annarr gerðarmark, ok skal sá af bregða, er gerðarmark á. Nú eigu báðir erfðamark eða hvárgi þeirra, þá skal sá af bregða, er færi sauði á, ok skipta hit næsta haust, er þeir vitu, at mark kemr saman með þeim, svá fé sem fyrr segir. Skal sá, er mark á at hafa, beiða hinn með

1) Sbr. N. L. 5—2—88.

vitnum at bregða af marki. Ok ef hinn vill eigi af marki bregða, þá skal sá, er mark á at hafa, eignast svá mart fé sem hann á ván hvert haust síðan, ef sauðir koma svá af fjalli til, — — — hinn — — — hafi þá eina sauði, er hinum gengr af sinni tölu, er mark á at hafa. Ef[1]) sauðir eru goldnir manni, þá skal hann af marki bregða sama dag, ok færa sem næst sínu marki, ok þó at þá verði annars mark á, þá á hann, en eigi sá er mark á. En ef naut eru goldin, þá skal af marki bregða innan hálfs mánaðar. En ef eigi er svá gert, þá eignast sá þat fé, er mark á, nema hann lofi. Eyrnamörk skulu vera, en engi önnur, á ganganda fé. Skilr mörk, þó at eyrna skipti sé. Nú verðr lamb mismarkat í stekk, þá skal sá, er markaði, gjalda annat lamb fyrir úmarkat eða verð lambs, nema hinn vili sjálfr hafa lambit ok færa sem næst sínu marki — — — 1281.

Llb. 49.[2]) *Lögréttir á haust ok fjallgöngur.* Eigi skulu réttir fyrr vera en VI vikur lifa sumars. Hverr maðr, er sauði á, skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn, er lögrétt skal vera, skipa svá öðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk — — —, er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgist sauði við þá, er eigu, alla þá, er í hans landi váru sénir, þá er hann átti gönguna. Þar skal rétt vera sem at fornu hefir verit ok svá langt ok víða til reka. Nú villast dilkar í rétt, ok verða þeir, er til teljast, eigi á sáttir, þá skulu þeir sýna grönnum sínum VI þeim, er næstir búa rétt, ok þar sé þá, sauði sína þá, er þess væri ván, at þá dilka mundi leiða, ok skulu þeir skipta dilkum með þeim öllum, er ær kennast eigi við. Nú verðr nokkurum dilkum úskipt að síðustu rétt, þá skal bóndi sá, er réttina varðveitir, sýna grönnum sínum ok leggja sitt mark

1) Rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 7. gr.
2) L. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 71. gr., rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 22. gr.

1281. á, ok á hann þá. En ef þaðan ganga úmerktir, þá má svá hverr gera i sinu landi, þeira er sauði á. Sama mál er um eldri sauði úmarkaða eða annat fé, þat er engi telst til, nema hann mætti eigi marka. Nú finnr maðr fé úmarkat i almenningum eptir síðustu rétt, þat er móðir mörkuð berr eigi vitni um, þá eignast sá, er finnr. Nú koma hrútar eða hafrar i fé manns fyrir vetrnætr, ok þykkir honum mein at, þá má hann setja inn ok ala sem sitt fé ok segja grönnum sinum, hvert mark á er. Rétt er honum at láta sauma fyrir. Nú verða hrútar eða hafrar útindir at vetrnáttum, þá skal sá, er réttina varðveitir, sýna þá sauði grönnum sinum, ok ef þeir vitu eigi, hverr sauði á, geri hvárt, er hann vill, skeri eða leggi sitt mark á, ok eignist vetrgamlan fyrir lambgymbri eða XVIII álnar, en tvævetran fyrir hálfan V. eyri, hrútlamb eða hafrkið fyrir eyri at Allraheilagra messu, ok láti skrá mörk þessarra sauða ok lýsa at kirkju um sinn á tveim mánuðum hverjum til sumars ok eitt sinn á þingi næsta sumar, annat ok hit þriðja, ok ef þá verðr nokkurr eigandi at, lúki þeim þetta verð, en hann eignast sjálfr at þriðja hausti, ef hann hefir lýst at lögum. Nú kemr sá hrútr eða hafr, er hann veit, hverr á, seti inn ok fæði ok geri orð eiganda, en hann láti eptir fara sem fyrst má hann, ok þó at hinum hafi þar af mein orðit, þá má eigandi eigi þat ábyrgjast, nema hann hafi heimt áðr, þá tvígildi fyrir skaða þeim, er þat fé átti, er hrútr eða hafr kom til.

Llb. 50.[1]) *Nær virða skal fé þat, er finst i réttum á haust.* Ef at síðustu rétt verðr fé þat eptir, er eigi verða eigendr til, þá skal bóndi sá, er réttina varðveitir, ok V aðrir þeir, er næstir búa, þeira er þangat eigu sauðum til at safna, skipta ok annast sem sitt fé ok segja at kirkju eða at samkundu, hversu margir sauðir eru ok með hverju marki eru,

1) L. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 71. gr., rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 9. gr.

ok svá skal hverr bóndi gera, er á jörðu býr, ef sauðir koma í fé þeira eptir vetrnætr, ok sagt til innan næsta hálfs mánaðar. Nú kemr sá til, er á, eða hans umboðsmaðr, þá skal hann á brott hafa fyrir enga fúlgu, ef hann kemr áðr tveir mánuðir eru af vetri, ok sýna þeim, er á jörðu býr. En ef hann tekr svá brott, at hann sýnir þar eigi, þá gjaldi hálfa mörk, hálft konungi, en hálft þeim, er á jörðu býr. Nú kemr hann síðan tveir mánuðir eru af vetri eptir fénu, þá skal hinn hafa fúlgu slíka sem þar væri til sumars, ok láta eigi fé fyrri laust en hann hefir fúlgu í hendi eða vörzlu fyrir, ef hann vill. Nú kemr engi eptir fé því fyrir miðjan vetr, er bóndi veit eigi, hverr á, ok hefir féit verit þar hálfan mánuð síðan sagt var til, þá er honum rétt á fyrstu viku þorra at láta virða fé þat VI granna sína. Þeir skulu svá virða sem þá þótti þeim vert, er þanneg kom í haga. Hann skal segja til fjár ok marks III sumur, ok ef engi kemr þá eptir, þá á eigandi enga heimting til. Eigi skal þess kyns fé virða síðarr né fyrr. Standa skal þá með marki hinu sama, ok segja til fjár ok marks á þingi III sumur. Hann eignast at III. hausti, ef áðr kemr eigi eigandi eptir, nema hann lýsi eigi at lögum, þá tvígildi þeim, er átti. — — — Nú kemr eigandi eða hans umboðsmaðr eptir því fé, er eigi var virt, áðr þrjú sumur eru úti, þá skal hann brott hafa fé sitt, en hinn skal hafa fyrir fúlgu mjólk af ok kálfa undan kúm, lömb ok ull af sauðum, kið og nyt undan geitum, ok bæta engu fyrir, þó at þat sé meira vert, en annast sem sitt fé og ábyrgjast at engu. 1281.

Llb. 51.[1]) *Um réttar ítölur í afrétt búfjár.* Ef tveir menn eða fleiri eigu afrétt, sumarhaga eða vetrhaga þann saman, er fé gengr sjálfala í, ok sá, er mishaldinn þykkist af, skal stefna þeim öllum til afréttar, er móti eigu, eða til haga, svá miklu fyrir, at

---

L. nr. 43, 10/11 1913, 15. gr.

1281. um lið megi sýsla. XII bændr þeir, er næstir búa, skulu telja fé í afrétt eða haga, svá sem þeir ætla, at eigi mundi at feitara at færa væri. Þeir skulu þetta gera, þó at eigi komi allir til þeir, er stefnt er. Þeir skulu ok svá í telja, at þeim þykki til fulls skipat. Sína ítölu má hverr maðr fylla, hvárt sem hann vill sínu fé eða annars. Sá þeira, er síðan lætr fleira fé til en ítölu sína, tvígildi grasverð þeim, er móti eigi. Þeir skulu kúgildum telja fé í afrétt eða haga sem í búland. Eigi skal svín þanneg færa.

Llb. 52. *Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir.* Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra — — —

Llb. 53. *Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland.* Ef fé gengr úr afrétt í land þess manns, er næstr býr afrétt, þá má hann reka fé aptr í afrétt miðja. Rétt er honum at hafa í sínu landi, svá at reka láta heim til þess, er á. En ef hann rekr féit í annars land, bæti þeim skaða sem menn meta. — — — Sama mál á sá, er þá er í land rekit fé eða gengr sjálft, ok svá hverr þeira manna, er þat fé kemr í land. Rétt er þeim at láta fé þat ganga hvert er vill. Ef maðr rekr geldfé manns úr afrétt ok hvaðan sem hann rekr, svá at hann þykkist eigi fyrir góðu gera, ábyrgist at öllu — — —, en bæti fyrir skaða, nema hinn hafi honum um boðið.

Llb. 54. *Um garðlagsstefnur.* Rétt er þeim manni, er næstr býr afrétt, at gera stefnu [á einmánaðarsamkvámu] við sik til garðlags þeim, er afrétt þá eigu. En þat er afrétt, er tveir menn eigu saman eða fleiri. Þeir skulu gera garð at jarðarmagni svá sem hverr þeira á í afrétt til, svá at þeir geri hálfan, en sá hálfan, er garðlags beiddi, ok svá haldi hvárir síðan. En sá, er eigi vill gerða, tvígildi honum skaða þann allan fyrir allra þeira fé og svá þeira manna, er þeir hafa þann afrétt lofat. Sú er hin fyrsta lagastefna þegar torfuþitt er ok til þess, er menn vinna

völlu sína. Sú er önnur, þá er lokit er várorku ok til heysláttu. Sú er hin þriðja, þá er hey er hirt ok til þess er jörð frýss. Þetta eru lagastefnur þenna garð at gera, ok svá milli bólstaða. Þat heitir anna millum. Allt þat, er þar í milli spillist at þessum görðum, þá skal í þessar stefnur bæta. Ekki skal vinna meðan garðönn er, nema reka smala heim ok fá eldibranda. Eigi er maðr skyldr at gera garð þar sem eigi hefir fyrri verit, þó at hann sé kraftr, nema hann geti gert sinn hlut á þremr sumrum svá at hann taki eigi fyrir þat fleiri vinnumenn. 1281.

Llb. 55. *Ef úlofat er leiddr fénaðr til þess graðfénaðar, er annarr á.* Ef maðr leiðir úlofat kú yxna til graðungs eða hross álægt til hests, sú ræða til galtar, á blæsma til hrúts, geit til hafrs, þá eignast sá þat, er undir elzt, er þat fé átti, er til var leitt.

Llb. 56.[1]) *Um veiðivötn ok veitur ok veiðiár.* Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit, nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit. Veiti þat engi maðr af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft. En ef þat er veitt, þá skal veita aptr ok gjalda jarðarspell eiganda. — — — Nú ef á rennr millum bæja manna eða bekkr, ok eru fiskar í, þá eigu hálfa hvárir, ef þeir eigu svá jörð til tveim megin. En ef á eða bekkr rennr rétt ok brýtr á hvárskis land, þá geri svá hvárr veiðivél af sínu landi sem gert hafði at fornu fari. Nú ef á brýtr af annars þeira jörð, þá á sá á, er jörð átti þá, sem hún braut, en hinn granda eða eyri eptir þangat til sem hún var mið, meðan hún rann rétt at fornu. En ef hún brýtr meirr, þá á sá, er jörð átti, bæði á ok granda þangat til, er hún var mið, þá er hún rann rétt. — — — Engi skal fara í annars á, nema hann vili þeim veiða, er ána á, ok gjaldi honum þó — — — sem veiðr er

1) Sbr. l. nr. 65, $^{22}/_{11}$ 1913, tilsk. $^{20}/_{6}$ 1849, l. nr. 5, $^{19}/_{2}$ 1886.

1281. mikil til, ok svá ef maðr eltir fugla eða fiska úr annars veiðistöð, hvar sem hann veiðir þá. Engi skal öðrum veiðistöð banna fyrir sinu landi, ok engi annars veiðistöð spilla. En ef menn spilla þeiri fiski, brjóta upp garða, nema þvergarðar sé, þeir er fyrirboðnir eru, eða veiðigögnum, — — — bæti garð aptr ok gögn öll ok spellvirki — — —

Llb. 57. *Um merkta fugla ok úmerkta.* — — — Nú tekr maðr merktan fugl í sinu landi, þá skal hann gera orð eiganda innan mánaðar, ef hann er sams héraðs, ok varðveita svá at eigi spillist. En ef hann fær eigi svá varðveitt, hafi sjálfr eptir virðingu granna sinna, ok gjaldi þeim verð, er átti. Ok svá, ef hann veit eigi, hverr á, þá láti virða ok lýsi á þingi eða at kirkju innan hálfs mánaðar, ok svá hvert mark er á. Á fitjum skal fugla merkja, ok sýna mark VI grönnum sínum. Eigi er lögmark ella. — — — Í hvers landi sem elptr verpa, þá eignist sá, er markar, ef hann veitir atróðr í sinu landi. Ok svá er þat um alla fugla og fiska, ef þeir róa í sinu landi at fyrst, þó at þeir taki við annars land eða á, ok er fyrst í hans landi at sótt, eða þeim hluta vatns, er hann á. — — — Nú hafa elptr III sumur orpit í sama landi samfleytt, þá eignast sá, er þat land átti, í hvers landi sem hann kreppir ok merkir, ok þó at annar marki, þá á hann, ef grannar hans vilja þat með eiði sanna, at þeim þykki þat líkast, at þær elptr hafi í hans landi orpit, en hinn hafi þó fyrir starf sitt.

Llb. 58. *Hvat veiða má á annars manns jörðu.* — — — Eigi skal maðr utan orlofs lesa ber á annars jörðu til heim at bera. En ef less, tvígildi ber, ok svá grös, ef hann less þau.

Llb. 59. *Um almenninga.* Þat eru almenningar, er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera, er þann almenning eigu, er vill, at sitja í sumarsetri, ef þat er úr búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. —

— — Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil. 1281.
Þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku. Þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar öðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sinu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt, at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá, er næstr býr, ok láta fara alla vega sem dagr deilist. Sekr er hann VI aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyrir hverr, er fellir, nema nauðsyn banni. Þar skal skera hverr, sem vill, ok á brott færa á skipi eða með eykjum. En svá skal fara um þann, sem eigi verðr brottu færðr, sem áðr skilr. En ef skot finst í hval þeim, þá skal sá varðveita járnhval, er næstr býr — — —

Rekabálkr.

Rkb. 1. Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla ok þara, nema með lögum sé frá komit. Ef við rekr á fjöru manns, þá skal hann marka viðarmarki sínu, því er hann hefir sýnt áðr grönnum sínum VI. Eigi er lögmark ella. Rétt er, at maðr vaði til ok marki þar tréit, ef hann kemr því eigi úr flæðarmáli, ef þat er við þá fjöru, er festa má reka á, ok á hann þá, þó at á annars fjöru komi. En hinn, er fjöru á, skal gera honum orð, ef hann veit, hverr á, eða lýsa at kirkju. — — — Ef við eða hval rekr í gegnum merkiósa upp á land, ok á sá maðr þat, er land á fyrir ofan. Ef vötn eða lón ganga fyrir ofan fjöru manns, ok kasti þar hval eða viði yfir malarkamb eða eyrartanga upp í vatnit, þá á sá maðr, er vatn á eða jörð fyrir ofan, ef á land rekr, helgar þar festr hval, en við mark sem annars staðar. Nú brýtr nýja ósa út

1281. í gegnum fjöru manns, ok rekr þar hval eða við upp á jörð, ok á sá, er fjöru á fyrir utan. En þó at brjóti nýja ósa í gegnum fjöru manns, þá skal hinn forni ráða. Nú verpr tré eða hval á jörð upp, ok á sá bæði, er reka á. En ef þar er jörð gróin yfir viði eða beinum, þá á sá, er jörð á[1]). Þar er tré eru í jörðu hálf ofar en nú gengr flóð til, ok á sá maðr þar tré ok bein, er jörð á fyrir ofan. En ef tré eða bein eða tálkn er í flæðarmáli, þó at sandi sé yfir orpit eða í grjóti fast, þá á sá þat allt, er fjöru á. Nú eru ósar at merkjum, þá á hvárr þeira reka allan til miðs óss. Ef rekann festir í miðjum ósinum, þá á hálfan hvárrr þeira. Nú rekr við eða hval upp eptir þeim ósi ok kastar á svarðfast land, eða festir í vatnsbökkum fyrir ofan rekamark, þá á sá, er jörð á eða eyrar, ef þar festir, nema festi í miðju vatninu, þá skal jafnt hverfa rekinn til hvárs tveggja lands, alt þat, er þar rekr. Ef birkivið rekr út at merkiósum, ok á sá þann við, er jörð á fyrir ofan reka þann, er tréit kemr á. Ef við rekr at á ofan ok festir í eyrum, eða rekr á land upp, þá á sá þann við, er jörð á, nema einn maðr eigi allan skóg, þá á sá.

Rkb. 2.[2]) *Um viðreka ok veiði fyrir utan netlög.* Hverr maðr má flytja ok fénýta sér við þann allan, er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja, er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru, er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá viðr eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti — — — skaðabót þeim, er reka á. Rétt er honum at færa upp á land úr fjöru ok hafa það-

1) Sbr. Alþdóm c. 1310.
2) Tilsk. $^{20}/_{6}$ 1849.

an flutt innan XII mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at úsekju. — — — Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan útegldan, er þar rekr upp, ok svá hvali alla, er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá þá hvali, er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en V, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut — — — ok hvali þá alla, er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef viðr flýtr í netlögum, þann á rekamaðr. En ef utarr er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok alt þat, er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit. 1281.

Rkb. 3. *Um festing á hval.* Ef hval rekr á fjöru manns, þá skal sá, er á landi býr þar næst, festa hval þann, hverr sem fjöru á, ok hafa slikt af hval sem fyrr skilr leiguliða, þó at landsdrottinn búi sjálfr á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum, at eigi sé ústerkari en reip þau X, er tveggja manna afli haldi hvert, ok sé þá borinn annarr endir um stokk eða stein. Rétt er honum at skera festar af sjálfum hvalnum. Ok ef svá er festr, þá ábyrgist hann eigi, þó at út taki hvalinn, ef sumr er festarstúfr á landi, en sumr í hval, ok á hann hvalinn, er áðr átti, þó at á annars fjöru komi. Hann skal flytja brott hvalinn, hvárt er hann vill á skipi eða eykjum, ok neyta engis þar, nema vatns ok haga. En ef sex skynsamir menn

1281. sanna þat með eiðum, at hvalr sé verr festr en nú var talt, þá á sá ekki í, þó at út taki, er festi, ok ábyrgist at öllu, ef annar á hval. Hann á þegar at senda mann þann, er fari fullum dagleiðum þeim, er reka á. En landbúi skal þá skera hval ok þeir menn, er hann fær til, til fjórðungs, þar til er rekamaðr kemr til eða hans umboðsmaðr, þá skulu þeir ráða þeim, er úskorinn er. En ef þar eigu fleiri í reka, þá skal hann þeim orð gera, er mest á í, en hinna hlut skal hann varðveita ok selja sem hann eigi sjálfr, ok ábyrgist við sínum handvömmum. Nú skerr maðr hval á fjöru sinni, ok rekr þar fjósir út, tálkn eða bein, ok rekr á annars fjöru, þá á sá þat, er fjöru á, ef lengra er frá fjörumarki hins en CC faðma. Svá er og um garnar ok seymi ok alt þat, er fémætt slitr út af hval. En ef urgur eru í hvalfjósum þeim, er út sleit, þá helga þær þeim, er átti í fyrstu. Nú þó at hvalr sé minni en festingarhvalr eigi af at takast, þá er sá jafnskyldr, er á jörðu býr, at festa hinn minna sem hinn meira. Alt skal hann þat færa úr flæðarmáli, er fémætt rekr á fjöru þá, sem hann ætti land ok reka, ella ábyrgist hann at öllu við rekamann. Lauss er sá maðr við reka varðveizlu, er á jörðu býr, ef rekamaðr hefir öðrum umboð fengit, ok skal sá þá fyrir sjá ok ábyrgjast svá sem hann skyldi. Ef nokkurr maðr kallar sá til meira hvals en fyrr hefir haft, er menn vitu þó, at nokkut á í reka, þá skal honum þó til handa skipta þeim hval, er hann kallar til, yfir þat, er rekamaðr veit, hálfu minna en hann kallar til. — — — Nú prófast sem annar hvárr hafi logit, gjaldi sá hval tvennum gjöldum þeim, er á, ok kostnað sinn allan þann, sem hann hefir fyrir haft. — — — Nú kemr hvalr eða tré á rekamark, þá eigi svá hverr sem reka á undir.

Rkb. 4. *Um skot, ef þat finst í hval, ok ef leynt er skotinu.* Ef hval rekr á fjöru manns, ok á fjörumaðr þann allan, ef eigi er skot í. En ef skot finst

þat í, er þingborit mark er á, þá á skotmaðr hálfan, 1281.
ef hann kemr til áðr hans hlutr er virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. En svá skal maðr skots leita sem hann ætti skots ván í hval á annars fjöru. En sá á vætt spiks af skotmannshlut, er finnr skot. Ef fjörumaðr veit, hverr skot á, þá skal hann gera honum orð, ef hann er svá nær, at fara má tvívegis þangat þann dag, er þá er, ef hann færi árdegis. En ef hann gerir eigi skotmanni orð, þegar skot finst, — því at svá mikit skal hafa af síðara degi sem þá var af fyrra, er maðr var sendr, — þá sekist hann mörk, hafi hálfa konungr, en hálfa skotmaðr, ok slíkan hval sem honum væri at lögum orð ger. Landeigandi á at skera til fjórðungs skotmannshlut, þar til er skotmaðr kemr til, ok ábyrgjast þann hval við skotmann. Síðan skal skotmaðr ráða sínum hval hinum úskorna, ok ábyrgjast sjálfr þann — — —

Rkb. 5. *Um skotmannshlut, hversu fara skal.* Hvervetna þess er skotmaðr kemr svá til skothvals, at sumr er úskorinn, þá skal hann ráða hinum úskorna jafnan, en hinn, er skar, skal hafa fjórðung af þeim, er hann skar, ok svá skal jafnan fara, ef hann kemr til fyrr en hans hlutr sé allr virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. Nú kemr engi at kalla til skots þess, er þar er fundit, þá skal landeigandi varðveita skotit ok hafa þá hálfan skotmannshlut, hversu sem hann kemr kaupi við skurðarmenn. Skothval skulu virða VI skynsamir menn til vaðmála. Nú eru fleiri skot í hval en eitt, þá á sá hvalinn, er fyrstr kom banaskoti á ok þingborit mark hafi. Ekki sakar, ef í spik kemr. Ef maðr veiðir hval þann, er áðr er helvænn af þingbornu skoti, ok á sá þó skotmannshlut, er fyrri skaut hvalinn, en hinn fyrir starf sitt. — — — Þeir skulu æ skothval virða, er næstir búa því, er skot finst. Sá maðr á að varðveita skotmannshlut, er land á, ef annarr á reka, en hálft á hvárr þeira bein ok tálkn. Landeigandi á heimting

1281. við rekamann, ef hvalr er seldr áðr en skot finst, en skotmaðr við hann. Ef hval slítr út, þann er menn hafa skorit ok finst skot í, hvar sem á land rekr, þá á skotmaðr heimtu at öllum þeim, er fjöru áttu, þar er sá hvalr kom, ok svá þó at menn skeri á floti eða skeri, ok skera til helmingar, ef lögliga er virðr, en æ til fjórðungs, ef eigi er virðr. Sá maðr, er skot hefir at varðveita, skal sýna ok segja til marks á skotinu á alþingi eða umboðsmaðr hans, ok svá til nafns síns, ok svá hve mikit fé skoti fylgi — — —

Rkb. 6. *Um fiskhelgi ok ábyrgð á flutningarhval.* Ef maðr finnr hval á floti, þá skal hann flytja hvert er hann vill, ef þat er utarr fyrir annars landi en fisk sér á borði. Þat skal þorskr vera flattr álnar í öxarþærum. Á því borði skal sjá, er til lands veit þaðan sem fjarar lengst. Ef menn koma til, þá er hann hefir festar í borit hval, þá er hann eigi skyldr við þeim at taka, ef hann fær fluttan hval. En þó at þeir beri festar í, þá eigu þeir eigi at heldr. En ef þeir koma eigi hval til lands, er níttu liði hinna, þá skulu þeir ábyrgjast hvalinn við þá — — —

Rkb. 7. *Um flutningarhval ok griðmenn finna.* Þess hvals, er fluttr er, eigu flytjendr þriðjung, en landeigandi tvá hluti,[1]) nema skot finnist í, þá á skotmaðr þriðjung. Skal skotmannshlutr svá fara at öllu sem um rekahval. En þeir menn, sem fyrst bera festar í hval, eigu at hafa finnanda spik, þótt fleiri sé at flutningu. Þat eru XXX átta fjórðunga vætta, hálft hvárt spik ok rengi, ef hann er tvítugr eða lengri úskerðr, eða svá skerðr, at hann sé þá eigi minni en tvítugr þess kyns heill. Þat skal alt af flutningar þriðjungi takast Ok ef þeir hafa nokkut skorit á skip sitt, en flytja þat, er eptir er, þá skulu þeir þat fyrir finnandaspik hafa, en skipta sem öðrum hval þat, sem meira er. Ef landeigandi er at flutningu, þá á hann kost at flytja á sitt land. En ef þangat er

1) Kgbr. $^{23}/_{6}$ 1779.

lengra, þá ábyrgist hann hval við sína lagsmenn, ef þeir missa fyrir þat. Ef landeigendr eru fleiri at flutningu, þá skal á þess manns land flytja, er næst á land. — — — Ef griðmenn manns finna hval á floti, ok á bóndi verk þeira alt, þá á hann hvalinn. En ef hann átti fiski þeira at eins, þá á hann eigi meira í hval en sýslan dvaldist, sú er hann átti, eptir því sem VI bændr virða, ok skiphlut sinn, ok ábyrgist þeir þó skip sem áðr. Nú flytja menn hval úr almenning, ok eignast þeir eigi nema þeir beri fyrr festar á land en þeir láti hval lausan ok festi sem fyrr segir, ella er þat rekahvalr. Nú rekr hval svá mjök fyrir veðri eða straumi, at hann ræðr skipinu, en eigi skipit honum, þá er sem þeir hafi úfundit hval. 1281.

Rkb. 8. *Um rangfluttan hval ok ef í fiskhelgi er.* Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval, er áðr átti, ok hverr þeira sekr mörk við hann, ef þeir vissu. Í fjörðum eða sundum, þar er maðr flytr hval svá at sjá má fisk á borði frá fleirum löndum en einu, þá eigu þeir allir jafnt, er svá nær eigu lönd, þó at einn flyti á sitt land, nema af einshvers landi standi svá mikit veðr, at þangat mátti eigi flytja. Ef menn reka hvali á land manns, þá eigu þeir tvo hluti, en landeigandi þriðjung. Ef menn finna hval í vökum utarr en fisk sér á borði, þá á sá, er fyrstr finnr allan þann, er hann kemr á ís upp. Nú koma menn til ok bera vápn á hvali þá ok festa við ísbrún, svá at eigi má sökkva, þá eigu þeir, er veiða, en þeir, sem síðar koma til, ok neitta hinir þeira liði ok sökkr hvalr, þá ábyrgist þeir, er fyrr komu, við þessa eptir manntali þenna hval. Ok hvatki er þeir fá svá, þá skulu þeir á land bera er þeir vilja. En ef landsdrottinn[1]) telr at, at þeir spilla þar eng hans eða haga, bæti skaða — — — þeim, er gras á. En ef leggr á hölkn eða fjöru, þar sem engi skaði er at, flyti brott at ú-

1) Kgsbr. $^{23}/_{6}$ 1779, Alþsp. $^{1}/_{7}$ 1616.

1281. sekju. Nú finnr maðr hval í ísum nær landi, ok þó fyrir utan netlög, þá á hann hálfan, ef kvikr er, en landeigandi allan, ef dauðr er. Nú gengr vök alt at landi, sú er menn sæfa hvali í fyrir utan netlög, ok renna þeir á land upp, þá á svá at fara um eiginorð þeirra sem menn reki upp með skipum. Ef menn skjóta þingbornum skotum hvali í vökum, þá eigu þeir eigi heldr en aðrir menn, nema dauða reki á land, þá eigu þeir skothlut. Hverr maðr á veiði sína fyrir utan netlög. Þat er veiðr, ef maðr flytr á skipi til lands, en flutning ella. Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er sér fisk á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan, er veiðir.

Rkb. 9. *Um selveiðar ok skot þat, er eigi er þingborit.* Ef maðr hittir net í látrum sínum ok sel í, þá á hann net ok svá sel, þar til er hinn leysir — — — net út. — — — Nú lýstr maðr sel ok finna þann aðrir menn, þá á hálfan sá, er laust, en hálfan sá, er finnr á floti, en sá skutil sinn, er skaut, ef skutill fylgir. Nú rekr á land hafrhval, björn, rostung, sel eða hnísu, ok finst skot í, þá á sá þriðjung, er skaut, — — — ok skal sá, er á landi býr, því er á rekr, lýsa því skoti at kirkju innan mánaðar. Nú hittir maðr á sel eða hnísu eða aðra fiska, utan hval, fyrir ofan marbakka, ok færir þeim, er á jörðu býr, hafi fimtung af, en jörð fjóra hluti. En ef hann færir brott, þá færi hann aptr — — —

Rkb. 10.[1]) *Um helgra daga veiði ok flutning hvala.* Ef hvalr er fluttr eða skorinn á löghelgum degi, þá skal gefa af hinn fimta hlut, ef fluttr er, ok af svá miklu sem skorit er á löghelgum degi, en eigi er meira skylt, nema fluttr sé. Af selaveiði — — — allri þeiri, er löghelgan dag er veidd, skal gefa hinn fimta hlut þeim fátækum mönnum innan hrepps, þar sem á land kemr, er eigi gera tíund, — — — En hverr, er eigi vill þetta greiða, er sekr VI aurum.

1) L. nr. 74 ,[22]/[11] 1907.

Rkb. 11. *Um almenningshval, ef flutlr er, hverir eigu.* Ef menn flytja hval úr almenning, þá skulu þeir fylgja festum til lands, ef þeim er úhætt fyrir stormi eða brimi. Nú skiljast þeir fyrir þat við, at þeim er eigi úhætt, þá eigu þeir þó hval, ef á þat land rekr, er þeir vildu flytja. En ef annars staðar kemr, þá er þat rekhvalr. 1281.

Rkb. 12. *Vágrek, hversu með þat skal fara.* Þat heitir vágrek, er kemr á land manns lík, vara ok alt þat, er fémætt er ok aðrir menn hafa átt, þótt þat sé viðir tegldir, hvárt er því kastar á land með líkum eða öðruvíss — — —

Kaupabálkr.

Kb. 1.[1]) Þat er nú því næst, at várr skal engi fyrir öðrum taka. Ekki skulum vér oss at gripdeildum gera. Dóms er hverr maðr verðr fyrir sínu at hafa. En sá, er fyrir öðrum tekr, þá skal hann þat aptr færa, ok bæti þeim, er hann tók fyrir. — — —

Kb. 2. *Hverir vitni megu bera ok verjast kröfu.* — — — Hvervetna þar sem menn kaupa saman at lögum, þá skal aptr ganga oftalt, en fram vantalt, þar til er þeir hafast réttar tölur við.

Kb. 4. *Um vitafé ok skulda luktning.* — — — Nú kemr sá eigi, er féit skyldi taka, en sá kemr, er reiða skal, þá skal bjóða fé í eindaga, ef nokkurr er sá þar, er um sé boðit — — — at taka við fé því, þá skal þeim í hönd selja. En ef engi er sá þar, þá skal hann segja úr ábyrgð sinni, ok hafi sá, er áðr hafði, ok ábyrgist við handvömmum sínum til þess, er sá kemr eptir, er á, þá skal honum í hönd selja. Eigi er manni skylt at taka kvikfé fyrr en VI vikur eru af sumri. — — — Nú kemr sá, er heimta á féit, eigi eptir kvikfé innan hálfs mánaðar forfallalaust þaðan frá er goldit var, þá skal hinn hafa leigulaust til annarra fardaga ok láta þá uppi, ef hinn heimtir.

1) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 117. gr.

1281. — — — Nú kaupast menn við, ok er eigi ákveðit, nær gjaldast skal, þá skal gjaldast á næstum fardögum.

Kb. 6. *Fjárlag almennilegt á vár.* — — — Kýr VIII vetra ok eigi yngri en at öðrum kálfi, heil ok heilspenuð ok hafi kelft um vetrinn eptir Pálsmessu, eigi verri en meðalkýr héraðræk at fardögum. — — — Sex ær við kú, tvær tvevetrar ok fjórar gamlar, ok fæði lömb sín, úrotnar, loðnar ok lembdar — — —

Kb. 9. *Um heimstefnu eða kauprein* — — — Engi skal gefa sök á annars fé.

Kb. 11.[1]) *Hér segir um fals.* Hvervetna þar sem menn kaupa jarðir eða skiptast við húsum, skipum eða öðrum gripum, þá [skal kaupa með handsölum ok með váttum tveim eða fleirum ok með heimildartökum]. En öll önnur kaup, þá skulu haldast — — —, ef þeir menn kaupast við, er kaupum sínum eigu at ráða, nema maðr seli úheimilt eða sé fals í, þá skal kaup þat aptr ganga, en hinn hafi andvirði sitt. Ef maðr selr gull eða brent silfr, hvárt sem þat er smíðat eða úsmíðat, þat er skírt skyldi vera ok fyrir skírt er selt, þá skal skírt vera. Svá ok, ef maðr selr hunang í tunnum eða í vökkum, malt eða korn í pundum, mjöl í sekkum, smjör eða salt í laupum, eða belgjum, eða nokkurn þann hlut, er í belgjum eða böndum er, þat skal vera jafngott innan sem utan, því at engi várr skal selja öðrum fox né flærð. — — — Svá ok, ef selr klæði, lérept eða vaðmál, ok alt þat, er fals finst í, svari slíku fyrir sá, er seldi, sem áðr vottar, — — — ok svari sá fyrir fals, er at lögum á fyrir at svara. Þat er alt fals, er skynsamir menn meta til fals — — —

Kb. 14.[2]) *Um kaupfox, ef maðr selr einn grip tveimr mönnum senn.* Nú skulu haldast — — mál þau, er bók mælir eigi í móti ok haldast megu at lög-

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 253. gr., l. nr. 31, $^{11}/_{7}$ 1911, 42. gr. o. s. frv,

2) Sbr. l. nr. 31, $^{11}/_{7}$ 1911. 59. gr.

um. Þat má eigi haldast, ef maðr selr manni þat, er hann hefir öðrum fyrr selt. — — — Nú á sá kaup at hafa, er fyrr keypti. — — — Þá er þeim kaupfox, er síðarr keypti. — — — Þat er kaupfox, ef maðr kaupir þat, er hinn átti ekki í, er seldi, nema at þess ráði væri selt, er átti. Nú skal hann hitta þann, er honum seldi ok heimta sitt af honum — — — 1281.

Kb. 15.[1]) *Um lögleigu, at gjalda leigu eptir kúgildi manna.* Nú af því at í þvísa landi þurfu margir við leigufé at hjálpast, ok því skal engi dýrra byggja málnytukúgildi en tveim fjórðungum smjörs eða ala fjögr lömb eptir kúgildi, ok ábyrgjast sem fúlgufé, eða leysa tólf álnum, ef eigi er smjör til eða hey. En sá, er dýrra selr,skal eigi meira hafa en lögleigu, ok tvigildi konungi þat, sem hann aukar lögleigu. En geldfjárkúgildi eptir samkvámulagi er rétt at byggja XII álnum. — — —

Kb. 16.[2]) *Um ábyrgð á leiguféнaði manna.* Nú selr maðr kýr á leigu eða annat búfé, þá skal sá ábyrgjast at öllu, er hefir, nema við bráðasótt ok lungnasótt, kelfing eða lambburð, aldri eða lýstr reið. En þó at alla ábyrgð skili þeim á hendr, er leigir, þá skal þat eigi haldast. — — — Engi skal kú eða annat kvikfé leiga lengr en lifir, nema hann drepi sjálfr. Nú skal hann kú hafa at leigumála réttum til fardaga at öðru vári, nema þeir hafi annan eindaga á mælt sín í milli, þá er hann tók kú. Nú er sú kýr dauð, en hann átti veð í annari, þá skal hann þá hafa fyrir sína kú, því at kýr skal í kýr stað koma. En ef sú lifir, þá skal hann þá hafa, þó at sú sé eldri. En ef lestir eru á orðnir, þó at hali slitni eða horn brotni, þá skal hann þá löstu bæta. Nú vill hann kú eigi lengr leiga, þá skal hann hitta þann, er kú á, ef hann er innan héraðs, ok bjóða honum

1) Sbr. tilsk. 27. maí 1859, l. nr. 10, $^{7}/_{2}$ 1890 og l. nr. 31, $^{11}/_{7}$ 1911, 38. gr.

2) Sbr. l. nr. 1, $^{12}/_{1}$ 1884, 15. gr.

1281. kú við váttum. En ef hann er eigi innan héraðs, þá skal hann færa kú heim ok leiða menn til ok láta sjá kú, at hún er heil ok hinum tæk, er á, þá segi hann af ábyrgð sína, ok veiti vörð kú sem sínum nautum, ok þiggi nyt af ok hafi þat fyrir gras ok gæzlu, og ábyrgist við handvömmum sínum einum. — — — Svá skal at öllu fara um annat leigufé sem um kýr skilr. Nú drepr maðr viljahendi leigufé af fyrir utan lof þess, er á, — — — ok hafi eigandi fullar leigur á því fé svá sem lifanda væri.

Kb. 17. *Um fúlgufé ok handvömm manna.* Nú felr maðr búfé sitt inni at manni at fúlgumála réttum, þá skal hann ábyrgjast við handvömmum sínum öllum. Þat eru handvömm hans, ef hann sveltir eða drepr eða þeir menn, er hann skal halda orði ok eiði fyrir. Þat eru ok handvömm hans, ef haldsmaðr hittir eigi fyrr en önd er úr, eða fellr fyrir berg ok fylgir eigi féhirðir. En ef hann sýnir áðr en húð er af flegin ok fylgir féhirðir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat eru handvömm hans, ef drukknar í brunni eða kyrkir klafi. En ef hess er í bandi eða renni staurr fyrir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat eru ok handvömm hans, ef af ofmegri deyr. Nú skal hann fæða til krossmessu á vár. Þá hitti hann þann, er á, ok bjóði honum að taka við fé sínu ok sýni honum, at fært sé at mat sér, ok segi af sína ábyrgð. Nú tekr maðr hross á fúlgu eða á bit, þá á hann at ábyrgjast við handvömmum sínum. En þat eru alt handvömm hans, er grannar hans virða til þess ok vilja þat með eiði sínum sanna, nema hann segi þat, at hann vili at engu ábyrgjast. Nú tekr maðr naut á fóðr, ok skal hann svá ábyrgjast sem fúlgunaut. Þat skal maðr eigi ábyrgjast, at kýr fái eigi kálfs, ef hann hefir graðung með nautum sínum.

Kb. 18.[1]) *Um leynandi löstu á grip.* Nú hefir

1) Sbr. l. nr. 31, 11/7 1911, 42. gr. o. s. frv.

maðr kú mælt í skuld sína, þá er hvárki skerði verð né leigu, þá skal sú eigi vera eldri en VIII vetra ok eigi yngri en at öðrum kálfi, heil ok heilspenuð ok hafi kelft um vetrinn eptir Pálsmessu, ok slík at öðru sem fyrr segir. Nú kaupir maðr at manni hross eða annat búfé, þess er ábyrgð á, er keypti, þegar brott leiðir. Kvikfé alt þat, er maðr kaupir, þá skal engi öðrum svik selja né með leynandi löstum. Þat er leynandi löstr á hrossi, dauft, blint, kviðdrag, vammhelti, stjarft, statt, en á öðru kvikfé, ef þat drekkr sik sjálft, — — — 1281.

Kb. 19.[1]) *Um ábyrgð á grip úsénum.* Nú kaupir maðr grip úsénan at manni, þá er þess ábyrgð á, er seldi, þar til er þeim kemr í hendr, er keypti, eða þeim, er hann bauð um — — — at taka, nema þeir skili annan veg — — —

Kb. 20.[2]) *Ef menn tveir eða fleiri eigu einn grip saman.* Alla þá gripi, er menn eigu saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða, er skipta vill, eptir því sem fyrr segir í eignaskipti. En þar sem tveir menn eða fleiri eigu einn grip saman, þann er eigi fær skipti á komið, svá at eigi verði skaði af, eða þann, er annarr vill gagn af hafa, en annarr úrækir eða má eigi, bjóði þeim fyrst, er til móts eigu við hann. Nú vilja þeir eigi kaupa, þá hluti, hverr kaupa skal, ok leysi sá, er hlýtr eptir því sem — — — skynsamir menn meta, eða seli hverjum, er hann vill, ok lúki þeim sinn hluta verðs. Vilja þeir eigi við taka, hafi at úsekju þar til er hinir heimta, ok ábyrgist sem sitt fé. En engi skal annars selja framarr en í lögum er mælt.

Kb. 21. *Hversu vitafé er ok ábyrgð á láni.* Sá skal lán ábyrgjast, er þiggr, ok koma heilu heim. —

1) Sbr. l. nr. 31, 11/7 1911, 17. gr.

2) Sbr. Lbb. 3, 4, Llb. 13, 14, 15, 19, 20, 25, 51. 52, 56, 59, Rkb. 4, 5, 6, 7, 8, 11, Farml. 28, Þjófb. 16, l. nr. 43, 10/11 1913.

1281. — — Nú lér maðr eða selr þat, er honum er lét, ok misferr þat, þá skal hinn heimta at hvárum sem hann vill, þeim, er seldi, eða hinum, er keypti, ok svá skal hvervetna þar sem maðr selr eða lér annars eigu.

Kb. 22.[1]) *Um veð í grip ok veðfox II á.* Nú leggr maðr öðrum veð fyrir einn hvern hlut, þá skal sá ábyrgjast veð, er tekr. En ef þeir hafa gervan eindaga til, nær út skal leysa, þá skal hann bjóða honum eða hans umboðsmanni. — — — En ef þá leysir engi út, þá geri hvárt er vill at skynsamra manna virðingu, hafi sjálfr eða seli öðrum. Hafi sá skuld sína, er veð tók, en eigandi þat, sem auk er. — — — Nú selr maðr veð í brott öðrum manni [þá skal sá hafa vátta til veðs síns, er veð átti, ok hafi leyst út á fyrstum XII mánuðum]. — — — Nú selr maðr tveim mönnum eitt veð, þá á sá veð, er fyrri tók, en hinum er veðfox, er síðarr tók — — —

Kb. 23. *Um skuldskeytingar ok umboð.* Nú heimtir maðr skuld at manni — — — ok skuldskeytir hann hann við annan mann, þá hefir hann lokit þeiri skuld sér af hendi, ef — — — hinn tók þann skuldarstað. — — — Svá ok ef maðr fær manni lögligt umboð at heimta fé sitt, þá skal gjaldandi umboðsmanni svara, en eigi eiganda, nema hann hafi — — — sjálfr aptr tekit þat umboð.

Farmannalög.

Farml. 21.[2]) *Um akkerisfund ok lýsing á fundi.* Nú draga menn upp akkeri með sínu akkeri, ok er hvárki í strengr né hnakkmiði, þá eigi stýrimaðr hálft, en hásetar hálft, nema nokkurr maðr kenni ok kalli sér — — — ok leysi síðan út af þeim, er fundu, með hálfvirði. — — — Lýsa skal fundi hverjum samdægris, ef menn liggja við land þat, er bygt er. — — — En

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 255. gr., l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887.

2) Sbr. Llb. 38, 49, 50, Þjófb. 14, op. br. $^{4}/_{5}$ 1778, $^{8}/_{6}$ 1811, $^{2}/_{4}$ 1853, l. nr. 2, $^{14}/_{1}$ 1876, 22.—27. gr, l. nr. 40, $^{10}/_{11}$ 1907.

ef maðr dregr upp akkeri með sókn eða kafar til ok kemr reipi í hring, þá hafi hann hina sömu lausn á af þeim, sem átti, sem áðr var sagt. En ef eigandi kemr eigi til ok eigi umboðsmaðr hans, þá eignast þeir akkeri, er upp drógu. 1281.

Farml. 26. *Um farma ok flutninga ok viðtöku.* Nú ferja menn farma fyrir land fram eða úr úteyjum, en þat er farmr, er skip er hálfhlaðit eða meirr, þá eru þeim allar hafnir jafnheimilar, ef þeir eru eigi lengr í hinni sömu höfn en þrjár nætr at veðri færu. Nú eru þeir lengr ok eigi veðrfastir, bæti — — — landsdrottni. Rétt er, at þeir sé í hinni sömu höfn meðan þeir þurfu, þar er þeir selja varning sinn eða feng eða færa á land til hirzlu. Nú brýtr maðr skip sitt, er hann ferr með landi fram, árar eða annan tréreiða, þá taki svá við af annars reka, at hann verði birgr eptir skynsamra manna virðingu, ok leggi verð eptir — — — at þess bónda, er næstr býr þeim reka.

Farml. 27. *Um skipa uppsát ok skipfesti.* Ef maðr dregr upp skip sitt þar sem hann á eigi uppsát, ok hefi skipit upp ok ljósti við annars skip, þá á sá at ábyrgjast bæði, er upp dró, þar er hann átti eigi. Nú hefr þess skip upp, er uppsátit átti, ok lýstr í hins skip, er uppsátit á eigi, þá ábyrgist hvárr sitt. Nú eigu þeir báðir uppsát eða hvárgi þeirra, þá ábyrgist sá bæði skipin, ef annat lestist af öðru, er þat festi, er upp hóf. Nú hefr bæði senn upp ok lýstr á lopti saman, þá ábyrgist sitt hvárr. — — — Nú dregr maðr við upp þar í hjá er skip standa, þá skal svá festa viðinn, at eigi taki veðr upp. En ef viðinn hefr upp ok meiðir skip eða reiða, þá ábyrgist sá, er viðinn skyldi festa. Nú berr maðr fé sitt eða feng á land, ok hefr þat veðr upp ok brýtr skip manna, þá ábyrgist sá skip, er þar bar þat upp, er spell varð af. Nú dregr maðr þar við á land eða feng sinn, er engi stóðu skip fyrir og enga ván veit hann þar til uppsátrs, ok dragi menn skip þar upp í hjá síðarr,

1281. þá ábyrgist hann þat eigi, þótt viðr hans brjóti eða feng hans kasti á. Ef við manns hefr upp eða feng af veðrs sökum, ok lýstr á annars manns við eða feng eða hús, svá at þat meiðist, þá ábyrgist sá þat, er at sköðum verðr, er við festi, ok skal þat með því móti alt fara sem áðr var tint um skipin. Nú fara menn fyrir land fram ok setja þeir skip sitt upp í tópt eða naust, ok kemr sá til síðarr, er þat á, þá skulu hinir út draga sitt skip. Nú vilja þeir eigi út draga, bæti fullu — — —, enda ábyrgist hann eigi, þótt hann dragi út. Rétt er, at þeir festi skip sitt með torfi eða grjóti ok vinni þat á landi hins, þar er hvárki spilli akri né eng, ok vinni hinum engan skaða í því, er þar á jörð.

Farml. 28. *Um skips lán eða hross.* Nú lér maðr manni hross sitt eða skip, ok vill sá hafa at þörf sinni, er lét var, en hinn ferr til, er léði, ok tekr af honum lánit, þá gjaldi hann — — —, er átti skip eða hross. En ef sá hefir viðara eða lengr at veðri færu en honum var lét, þá gjaldi hann — — — skaða þann, er þeim verðr at, er léði. Nú lér hann öðrum mönnum þat skip, þá sekjast þeir, er hafa, ef þeir vissu þat, at sá á eigi at ljá. Nú hyggja þeir, at sá megi ráða skipinu, ok varðar hinum einum þá. Nú koma þeir aptr, er með skip manns hafa farit, þá skulu þeir upp setja skipit ok búa svá um sem áðr var. Nú megu þeir eigi upp koma, þá skulu þeir fara ok segja þeim manni, er skip þat á, at þeir megu eigi upp koma, ok biðja hann tilfarar ok bjóða lið sitt at. Nú vill hann eigi til fara, ok ábyrgist hann þá sjálfr, en þeir ella, er með fóru, ok svá, ef þeir búa eigi svá um sem áðr var um búit. Ef maðr lér manni skips eða selr á leigu, þá verðr þeim mönnum öllum heimilt skipit til farar, er sá þarf í þá för at hafa.

Þjófb. 12.[1]) *Um áiſóðr.* Nú ferr maðr á veg með hrossi sínu ok stendr hey nær götu, þá ef hann þarf, þá taki at úsekju þat, sem hross hans þarf at eta. En ef hann kemr til bæjar um nátt með eyk sínum, ok er honum synjat fóðrs at gjöf eða at kaupi, hafi at úsekju vöndul fyrir hross hvert fyrir engan pening, ef nauðsyn gengr við.

Þjófb. 13.[2]) *Um misfanga.* Nú verðr manni misfangi, þá sekist hann eigi fyrir þat, ef hann lýsir fyrir mönnum. — — — En þat er misfangi, er maðr tekr þat, er annarr á, ok lætr sinn grip eptir liggja, ok sé þeir svá líkir gripir, at skynsömum mönnum sé bert, at hann hugðist sinn grip hafa. — — — En eigi er þat misfangi, er markat er frá öðru. — — — Nú kemr hinn til síðarr ok sér, at annarr gripr liggr eptir, sá er hann á eigi, þá lýsi hann því — — — fyrir mönnum ok hafi at úsekju, þar til er hans gripr kemr aptr. — — — En hverr ábyrgist þat, er með ferr — — —

Þjófb. 14.[3]) *Um fund, ef maðr finnr fémætt.* Ef maðr finnr fjárhlut manns, ok hefir eigandi glatat, þá skal hann lýsa fyrir mönnum. — — — Nú skal maðr í ljósi fé hafa ok nýta sér, ok þó at eigandi komi þá eptir, er slitit er, þá bætir hann engu fyrir. En sá, er sér kallar, hann skal hafa til tveggja skilríkra manna vitni, at þat er hans fé — — —, þá lætr hinn at lögum laust, ellar eignast hann. Nú fara fleiri menn at götu saman, ok finnr sá fund, er fyrstr gengr, þá eigu þeir allir saman ok þeir, er eptir fara. Ekki eigu þeir í, er um ganga. Nú fara menn á skipi saman ok finna fund þann, er fjár er verðr, þá skulu þeir skipta at jafnaði sín á milli. Nú[4]) finnr maðr fé í jörðu manns, hafi sá þriðjung, er

1) Rb. $^{2}/_{7}$ 1294, 15. gr.
2) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 250. gr.
3) Op. br. $^{8}/_{6}$ 1811.
4) Sbr. l. nr. 40, $^{16}/_{11}$ 1907, 16. gr.

1281. finnr, en jarðeigandi tvá hluti, en alt, ef hinn heldr eigi upp at lögum. Nú finnr maðr fé í almenningi í jörðu, þá hafi sá þriðjung, er finnr, en þeir tvá hluti, er þann almenning eigu. Nú brýtr maðr haug eða grefr jörð manns at úleyfi þess, er jörð á, til fjár, færi aptr þeim, er jörð á, slikt sem hann fann, ok leggi á — — — jarðarspell þeim, er jörð á — — —

Þjófb. 15.[1]) *Um ábyrgð á geymslufé.* Nú selr maðr fé sitt til hirzlu af trúnaði öðrum manni, þá skal sá, er við tekr, hirða ok varðveita sem sitt fé þat, er hann vill vel varðveita — — —, nema hann segi þat, þá er hann tók við, at hann vildi at engu ábyrgjast. — — — Svá er ok, ef hverfr úr einni hirzlu fé hans sjálfs ok þat, er hann hirði — — —

Þjófb. 16.[2]) *Um ábyrgð á láni ok ef II eigu I grip.* Nú ef maðr lér grip sinn, þá skal hverr láni heilu heim koma eða gjalda verð eiganda sem — — skynsamir menn meta, nema hinn týnist, er lét var, með láni, því at eigi mátti hann þat lán ábyrgjast, er hann mátti eigi líf sjálfs síns. Eigi á erfingi fyrir þat lán at bæta. Heimilt verðr skip eða hross eða annarr gripr þeim, er lét er, ok öllum þeim, er hann vill í þeirri för, ef hann hefir eigi lengr eða víðara. En engum skal hann ljá, ef hinn hefir þat frá skilt, er léði. Nú skal engi lán hafa lengr en lét er. — — — Nú þó at maðr fari með eyk annars manns at láni eða leigu, þá skal sá ábyrgjast, er hest á, þó at hann geri nokkurum skaða, ef eigi er af þess völdum ok vangæzlu, er með ferr. Ef maðr tekr grip manns úleigðan[3]), hest eða skip, hvárt sem er meira skip eða minna, eyki eða aðra hluti þvílíka, bæti skaða allan þann, sem hann hefir af. — — — En ef maðr tekr skip manns, þá skal hann einni sök fyrir svara

---

1) Sbr. Kb. 17 og 22.
2) Sbr. Kb. 21, Farml. 28.
3) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 238. gr. sbr. 302. gr.

sik ok úmaga sína. Ef fleiri menn eru í einni för, þar er úskil verða ger um hrossreiðir eða hrossa eptirrásir, þá sekjast þeir einir, er úskil gera á, en ekki þeir, er skil vilja á gera. Ef maðr tekr eyk manns, ok sé eigi öðrum um varðveizlu boðit svá at hann viti, ok færir þeim, er á, ok fari svá með sem hann ætti, þá sekist hann eigi, ef hann vildi hinum í því gagn gera. Nú eigu tveir menn eða fleiri saman eyk eða skip eða aðra gripi, þá ábyrgist sá at öllu, er með ferr, en hverjum þeirra er heimilt í sína þörf, en eigi á hann að ljá eða byggja at úleyfi þess, er á með honum. En ef hann gerir þat, þá svari hann þeim, er á með honum, en hinn sé sýkn saka, er lét var eða leigði — — — 1281.

Þjófb. 17. *Um dufl ok ef kastat er tenningum um peninga.* Ef menn dufla eða kasta tenningum um peninga, sé uppnæmt konungs umboðsmanni alt þat, er á borði liggr, ok hverr þeira sekr hálfri mörk við konung. En ef menn veðja, hafi at engu ok sé sektalaust.

Réttarbót 2. júlí 1294.

1294. 2. júlí.

5. gr. Full skaðabót skal greiðast fyrir beit töðu, akra ok engja, þótt eigi sé löggarðr um. — — — Skylt er at hafa löggarð um, hvar sem hlaðit er korni eða töðu. — **6. gr.** Um geldfjárrekstr á vár til afréttar ok fjallgöngr á haustum, hvern tíma vera skal, þá geri eptir því sem hreppstjórnarmenn gera ráð fyrir ok hverju bygðarlagi hæfir — — — **7. gr.** En um alt þat búfé, er goldit er eða gefit, utan hross, eignist sá, sem mark á, ef eigi er af brugðit innan hálfs mánaðar síðan hann bannaði — — — **9. gr.** Þat er rétt á fyrstu viku þorra at láta virða þat fé, er maðr veit eigi hverr á, VI granna sína. Þeir skulu svá virða sem þeim þykkir þá vert, er þeir virða. — **15. gr.** Nú ferr maðr á veg með hrossi ok þó at þeir sé þrír, ok stendr hey nær götu, en bær eigi allnær,

1294 2. júlí. þá taki þeir at úsekju, ef þeir þurfu, þat sem hross þeira eta þar, ef nauðsyn gengr til — — — **22. gr.** Ef hrútr kemr til sauða eða hafr til geita, ok gerir spell á, bæti skaða allan, ef hann er heimtr áðr. — — — **37. gr.** Ef griðungr eltir fang úr kúm, sá er heima er gætt við búi, svá at skaði virðist, bæti fjórðungi bóta, ef sannprófat er, en engu þeim, er hann lér. En ef maðr vill eigi varðveita hann eða reka í afrétt, bæti skaða þann allan, sem hann gerir. — — — **39. gr.** Ef maðr færir búnað sinn hreppa á meðal, þá skal hann segja til einkunnar sinnar í þeim hrepp, sem hann hefir bú í fært, ok láta skrá með einkunnum þeirra manna, er þar búa fyrir. — — — **44. gr.** Um kálfa ok lömb, kið ok grísi, þá sekist maðr eigi, þó at úmarkat sé, meðan í sjálfs hans landi gengr. — — — **47. gr.** — — — Skaðabætr skal gjalda sá, er svín þau á, er skaða gera, svá sem fyrir annan fénað. — **48. gr.** Ekki á jörð í viði þeim, er fluttr er úr almenning, nema hann liggi lengr en lög vátta.

1294 2. júlí.

Byggingakapituli.[1])

Nú ef umboðsmaðr konungs byggir jarðir í héraði at jarðarmála réttum, þá skal þat haldast eptir þeiri ábúð ok landskyld, sem leiguliði hefir vitni til, því at svá á konungs umboðsmaðr jarðir at byggja sem um aðrar skilr at lögum. Þó at umboðsmanna skipti verði, þá skal hverr sinn leigumála hafa. — — Ef konungs umboðsmaðr lætr undan ganga jarðir at viljaleysi eða (fyrir) vanræktar sakir, — — — gjaldi umboðsmaðr jafnmikit af sínu sem hann lét undan ganga fyrir vanrækt ok skaði varð at, ef hann vissi. — — —

---

1) Sbr. l. nr. 46, 16/11 1907, 8.—11. gr., og l. nr. 30, 20/10 1913.

Sættargerð Eiríks konungs og Árna biskups 2. maí 1297 um forræði á kirkjueignum. 1297 2. maí.

Eiríkr með guðs miskunn o. s. frv.: Vér gerum kunnugt, at vér höfum sæzt við Árna biskup í Skálholti ok gert fullan veg á við hann um staði ok kirknaeignir í Skálholtsbiskupsdæmi — — — at þeir staðir í Skálaholtsbiskupsdæmi, sem kirkjur eigu allar, skulu vera undir biskups forræði, en þær, sem leikmenn eigu hálfar eðr meirr, skulu leikmenn halda með þvílíkum kennimannaskyldum, sem sá hefir skilt, er gaf, en lúka af ekki framarr.

Róttarbót 23. júní 1305. 1305 23. júní.

— — — 8. gr.[1]) Þat er góðr vilji várr um geldfé, at þat sé sektalalaust í heimalöndum, ef hreppstjórar ok grannar lofa ok gefa enga sök á því. — — —

Alþingisdómur um rekamark.[2]) Ic. 1310.

Þat var lögtekið rekamark á almennilegu Öxarárþingi af báðum lögmönnum ok lögréttunni á dögum Hákonar kon(un)gs, sem [at] væri í almennilegu flæðarmáli, þá (er) sjór ræðr sér, en ef kastar yfir malakamb eðr eyrartanga, þá eignist landeigandi.

Tilskipun Magnúsar konungs Eirikssonar um, að sá kristindómsréttur, sem í Skálholtsbiskupsdæmi gengur, skuli einnig ganga í Hólabiskupsdæmi (Ísl. Fornbrs. III. b. 98, og X. b. 9.—11. LfI. 1. b. 33). 1354 20. okt.

Alþingissamþykt um knífskurði o. fl. (Ísl. Fornbrs. VII. b. 498). 1500 1. júlí.

— — — Item at engin nauðahandsöl skulu haldast. En þat eru nauðahandsöl, er maðr er lífi sínu at firr eðr fé, eðr skömm eðr skaða at nær. — — —

---

1) Sbr. l. nr. 43, 10/11 1905, 71. gr.
2) Sbr. Ísl. Fbrs. VII. b. 4, og XI. b. 1.—2.

1515 13. marz. **Opið bréf, er veitir konum presta og börnum fullan erfðarétt eftir menn sína og feður** (LfI. 1. b. 58)[1]).

1555 1. júli. **Bessastaðasamþykt um ýms kirkjumálefni.** (Hefir eigi verið formlega lögtekin, en fylgt í mörgum greinum í framkvæmd. Kynni enn að hafa þýðingu beint eða óbeint, það sem hér er tekið)[2]).

1. Í fyrstu grein — — — um þær hálfkirkjur og bænhús, eða um þær aðrar kirkjur, sem ekki eru nauðsynlegar sóknarkirkjur, þá skyldu með öllu af takast. — — — En þeirra kúgildi og lausafé skyldi hálfpart leggjast til prestanna uppheldis og spítalanna. — — — En annan hálfpart af fyrrgreindra hálfkirkna og sönghúsa kúgildum og lausafé skyldu eignarmenn jarðanna eignast, og alla þá fastaeignar parta og ítök með rekum og skógum, sem þeir og þeirra forfeður hafa þar til lagt, eftir því sem verðugur herra Magnús Noregs kon[un]gur, góðrar minningar, hefir í sínum bréfum og réttarbótum boðið og bífalað að fornu hér í landið. En inventaria og messuklæði fyrrsagðra kirkna og sönghúsa skulu biskuparnir með lénsmannsins ráði og annara góðra manna leggja til þeirra sóknarkirkna, sem mest er þörf á í því héraði eður annarstaðar. — — —

1556 16. apr. **Konungsbréf til biskupa, er bannar sölu, makaskifti eða annarskonar afhendingu á stólsjörðum** (LfI, 1. b. 75).

1579 22. apr. **Konungsbréf til biskupa um sama** (LfI. 1. b. 107).

1587 2. júní. **Skipan um hjónabandsmál** (Hjónabandsartikular. Þýð. Odds biskups Einarssonar).

Vér Friðrik annar o. s. frv. Gerum kunnugt:

Um jómfrúkreinkjara. — — — En þar sem nokkur biður um eins dandimanns dóttur sér til eigin-

1) Samskonar bref gefið út $^{20}/_{2}$ 1551 handa Hólabiskupsdæmi.

2) Sbr. stjskr. $^{6}/_{1}$ 1874, 50. gr., og l. nr. 45, $^{10}/_{11}$ 1907, 5. gr.

kvinnu, hvort sem hann gerir það sjálfur eða lætur aðra túlka sitt mál fyrir sig, og svo legst hann með henni fyrr en trúlofunin sker ellegar fyrr en hann fær endilegt andsvar, þá skal hann vissulega taka hana sér til eiginkvinnu, ef hennar foreldrar eður aðrir giftingarmenn vilja það samþykkja[1]). — — — 1587 2. júní.

Sakirnar, fyrir hverjar ektahjónin mega aðskiljast. Sú *fyrsta sök* er hórdómur. Þó skal sú persónan, sem áklagar, stefna þeim löglega, sem fyrir sökinni verður, fyrir lögin og bevisa sinn framburð skjallega, en það er ekki nóg, að sú persónan, sem áklöguð er, meðkenni það sjálf, því að menn reyna það oftlega, að margir ljúga upp á sjálfa sig, svo að þau kunni að skilja sig hvort við annað, ellegar að koma þeim í skaða, sem hann eður hún segjast brotleg hafa með orðið, eða fyrir annan tilgang.

Hér skulu nú dómararnir fyrst rannsaka, hvort sú persóna, sem áklagar aðra, er saklaus, því að þar sem hún verður fundin í sömu sök, þá ber þeim ekki að skiljast, því að hvort þeirra, sem í þvílíkan máta vildi gefa öðru nokkra sök, því byrjar sjálfu í því sama saklausu að vera. En þar sem annaðhvort hjóna leiðréttist, en annað ekki, svo það sannprófast, þá má sú persónan, sem betrar sig, skilja við hina, sem ekki vill láta af sínu syndsamlegu líferni.

Í annan máta skal það innvirðulega rannsakast, ef annaðhvort þeirra hefir gefið öðru nokkuð sérlegt tilefni til þvílíks brots, sem er með hórna haldi, harðúð eður ofríki, ellegar í nokkurn máta, sem dómaranum kann að virðast fullkomlegt tilefni vera til svoddan falls, þá byrjar þeim ekki heldur svo auðveldlega að aðskiljast.

Í þriðja máta, ef einni dandikvinnu verður nauðgað, þá ber henni ekki að skiljast við sinn húsbónda fyrir svoddan nauðgan, því þeim ber ekki að straffast,

---

1) Sbr. D. og N. L. 6—13—4, tilsk. 5/3 1734.

1587 sem fyrir óréttinum verður, heldur þeim, sem órétt
2. júni. gjörir.

Í fjórða lagi, þar sem nokkur maður samrekkir sinni húsfreyju eftir það hún er í hórdómi fundin, þá hefir hann þar með fyrirgjört því kærumáli, sem hann mátti hafa í móti henni. En ef hún verður brotleg í öðru sinni, og hann heldur sig frá henni, þá má hann áklaga hana og skilja sig við hana. En sú persóna, sem svo verðr skilin við aðra fyrir hórdómssök, skal ekki mega gifta sig aftur, utan með sérlegu kongsins leyfi, og þó skal það ekki ske fyrr en þrjú ár eru liðin[1]). Þó skal sú sakaða persóna leiða full, megtug og lögleg vitni þar til, að hún hafi skikkað sér kristilega, ærlega og vel á þeim árum, ef hún skal þeirrar náðar aðnjótandi verða, að hún megi giftast aftur, en þó skal sú sama persóna, sem í þennan máta verður skilin við hina saklausu, ei búföst vera í þeirri sömu kirkjusókn, og ekki í þeim sama stað né héraði, þar sem sú saklausa hefir sitt heimili.

Enn önnur orsök, hvar fyrir hjónin mega skiljast er desertio, nær annaðhvort hjóna yfirgefur annað, takandi sig frá því og fer í burt, án sérlegra saka ellegar án hins annars samþykkis, og hér skal svo um haldast, að sú persóna, sem yfirgefin er, skal bíða eftir henni í þrjú ár að minsta kosti, utan svo sé, að það verði skjallega bevísað, að sú persónan, sem burt er farin, liggi með einhverri annari, þá má þeirri, sem yfirgefin er, leyfast að gifta sig strax, þegar þvílikt sannprófast.

En nær þau þrjú ár eru umliðin, þá skal sú persónan, sem yfirgefin er, stefna hinni annari, fyrst til heraðsþings.[2]) — -- — Þar næst skal sú persóna hafa sinn vitnisburð skrifaðan af sínum sóknarpresti, og

---

1) Sbr. tilsk. $^{30}/_{4}$ 1824, 19. gr.
2) Sbr. tilsk. 18. ág. 1832 og tilsk. $^{29}/_{5}$ 1750.

sömuleiðis annan vitnisburð af sínu sóknarfólki, hverir vitnisburðir takast skulu á þinginu, að hin önnur persóna hafi í burtu verið í þrjú ár, og að sú yfirgefna hafi haldið sig ærlega og vel um allan þann tíma, og [eigi[1]) gefið hinni, sem burt er hlaupin, neitt sérlegt tilefni til þess. Og nær sem þetta er alt svo löglega bevísað, þá má þeirri persónu, sem yfirgefin er, leyfast að gifta sig aftur. 1587 2. júní.

En ef svo kann ske, að sú yfirgefna persóna verður brotleg fyrr en þau þrjú ár verða liðin, þá skal hún fá tilheyrilegt straff af sínu yfirvaldi[2]). En þó skal henni ekki fyrirbjóðast hjónabandið, utan með þeirri persónu, sem hún féll með.

En þar sem einn maður hann reisir burt í stríð eður til kaupferða og verður þess vegna lengur í burt, hann skal ekki reiknast einn desertor, og þar fyrir skal hans húsfrú bíða eftir honum næstu sjö ár.

Þar sem það verður og sannfregnað, að hann sé í fangelsi staddur eða í annan máta hindraður í móti sínum vilja, þá skal hún vissulega bíða eftir honum og ekki gifta sig nokkrum öðrum.

Sömuleiðis nær vitni fullnast að því, að sá maður sé annaðhvort í stríði dáinn eður í einhvern annan máta afgenginn, þá skulu þeir vitnisburðir rannsakast af þeim, sem er réttur dómari, hvort þeim megi staðfastlega trúa, og skulu takast þar skrifaðir, og síðan skal sú persóna, sem sig vill gifta, hafa þessa sömu vitnisburði aftur í Consistorium[3]) með sér, og hér með skal hún einninn bevisa, að hún hafi skikkað sér ærlega og vel um fyrrgreindan tíma, og síðan má henni leyfast annað hjónaband.

En ef nokkur maður dirfist að samrekkja fyrr en

---

1) Frá [vantar í þýðingu O. E.

2) Alm. hegnl. $^{20}/_{6}$ 1869, 160. gr.

3) Nú almennir dómstólar, ef skilnaðardóms er beiðst, ella stjórnarráðið.

1587 svoddan dómur er löglega samþyktur [í Consistorio],
2. júni. þá skulu þau straffast þar fyrir af sínu yfirvaldi svo sem tilheyrilegt er[1]).

En ef svo ber til, að ein kvinna hefir svo gift sig öðrum manni eftir það dómurinn er genginn, að hennar fyrri maður er kominn aftur og beiðist sinnar eiginkvinnu, þá ber honum að hafa fullnaðar vitnisburð með sér, að hann hafi haldið sig tilheyrilega á þeim tima, og ekki fallið síðan með nokkurri persónu. Annars kosti skal hann sendast burtu að útvega sér svoddan vitnisburði af þeim, sem hann hefir hjá verið. Og nær hann hefir þetta gjört augljóst, þá byrjar hans eiginkvinnu að yfirgefa þann sama mann og samlagast aftur sínum fyrra eiginmanni[2]).

Sú *þriðja sök, hvar fyrir hjónin mega skilja,* er ef nokkur er impotens, það er óskikkanlegur til hjónabandsins, þá skal þeirri persónu, sem svoddan veikleika hefir, veitast þriggja ára frest(ur) að leita góðra ráða, ef henni kynni með einhverju móti á þessum tima hjálpað að verða, ef hún hefir þann brest fyrir brúðkaupið. En ef henni verður þá ei með neinu móti hjálpað, þá verður skilnaður þeirra í millum. En ef sá veikleiki kemur eftir brúðkaupið, þá skulu þau umbera það, sem annan kross og mótgang, sem í hjónabandinu kann til að falla.

Um aðskiljanleg tilfelli í hjónabandinu. — — — 3) Þar sem annaðhvort hjóna, hústrúin eða bóndinn, fellur í nokkurn hættulega næman sjúkdóm, sem er spitelska eða sárasótt,[3]) þá byrjar þeim ei þar fyrir að skilja, heldur að líða þann mótgang þolinmóðlega, svo sem einn réttan kross, hvern guð hefir lagt upp á þau. Þó er það kristilegt og í sjálfu sér tilheyrilegt, að sú persóna, sem haldin er í nokkrum krankleika, girnist ekki að fordjarfa hina ósjúku. — 4) En þar sem það

1) Alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 160. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, IV.
3) holdsveiki og franzós.

sannreynist, að annaðhvort hefir bóndinn eða hús- 1587
trúin verið kreinkt með spítelsku og hefir það ekki 2. júní.
opinberað fyrr en þau eru saman komin í hjúskaparstéttina, ok þar fyrir hefir annaðhvort þeirra fengið sjúkdóm af öðru, þá má sú persónan, sem svo er svikin, skiljast við hina aðra. — 5) Þar sem og svo kann til að bera, að húsbóndinn eða hústrúin falla í nokkra fásinnu, þá má ekki aðskiljast þeirra hjónaband þar fyrir, heldur skal hvort þeirra vera öðru til gagns og góða, hjálpandi hvort öðru innbyrðis í öllu því, sem þeim kann framast að vera mögulegt. — 6) Ef húsbóndinn eða hústrúin verða fundin að þjófnaði eða nokk(ur)ri annari óráðvendni eður óærlegum gjörningi, svo hann hafi sínu lífi fyrirgjört, en náðist þó af yfirvaldinu, svo hann nái lífi sínu að halda, þá má hjónabandið ekki rjúfast fyrir þannn gjörning. En ef svoddan gjörningsmaður verður gjörður útlægur eða friðlaus og landflótti,[1]) svo hann fær enga vægð af yfirvaldinu um þrjú ár, þá má þeirri saklausu persónu leyfast að gifta sig, ef hún hefir haldið sig vel og ærlega um þann sama tíma, svo það kunni með sannindum að bevísast. — 7) Þar sem nokkur verður útlægur og þó fyrir engan óærlegan gjörning, þá byrjar hans eiginkonu að bíða hans í sjö ár, ef verða mætti, hann kynni að forlíkast við yfirvaldið á þeim tíma og ná aftur friði og frelsi. En ef það sker ekki, þá má henni leyfast að gifta sig, ef hún hefir haldið sig vel og ærlega á þeim sama tíma, að liðnum þeim sjö árum. — 8) Ef einn eigingiftur maður ferðast nokkurstaðar í burtu og giftist þar einhverri annari konu, sem ekki veit af hans fyrri gifting, þá skal hún saklaus haldast svo lengi sem hún veit þar ekki af, og þar fyrir hæfir ekki, að hún eða hennar börn, þau sem þau eiga saman, líði nokkurn skaða þar af, annaðhvort á þeirra æru

1) Sjá alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, II. kap.

1587 2. júni. eða gózi. En ef hún sannspyr það, að hann hefir eina aðra hústrú, þá drýgir hún hórdóm, ef hún hefir samræði við hann, og nær þetta verður opinbert, og kunni svo að ske, að honum verði lífið gefið fyrir einhverjar sérlegar sakir, þá skal hann taka sína fyrri kvinnu aftur, ef hún vill, en vilji hún ekki taka hann til náða, þá má hann þó ekki halda við hina aðra, en henni skal vera í sjálfræði að giftast öðrum manni. Sömuleiðis skal það og einninn haldast, þar sem það sannreynist, að eigingift kona misgjörir í þenna máta — — —

1607 2. júlí. **Kirkjuskipan Kr. IV. handa Noregi** (lögboðin hér [29]/11 1622. Þýð. Odds biskups Einarssonar).

Vér Kr. IV. o. s. frv.: — — —

II—2. *Hvernig messuembættið skal fremjast.* Svo skal þar nú haldast ein hámessa hvern sunnudag fyrir þeim, sem þjónustast vilja, í venjulegum messuklæðum fyrir vel tilreiddu altari með venjulegum kaleik, patínu og logandi ljósi. — — —

4. *Um helgihöld.*[2]) — — — Vér meðtökum enga helgidaga svo sem fyrr er sagt, utan þá venjulegu sunnudaga. — — — Á þremur Kristi stórhátíðum höldum vér heilagt þrjá daga samfleytt vegna Kristi historiu. Sömuleiðis nýársdag, heilagan þriggja konga dag, sem er þrettándi í jólum, kyndilmessu, boðunardag Mariæ, — — — vors herra uppstigningardag, vitjunardag Mariæ, — — — sankti Jóhannis baptistæ hátíð, Mikaelsmessu og allraheilagra messu. — — —

7. *Hvernig fólk skal skriftast eða þjónustast.*

1. (Sakrament má eigi veita):
2. Vitlausum manneskjum og óskynsömum börnum.
3. Þeim, sem harðlega halda sig við nokkurn vitanlegan villudóm.
4. Svo margir, sem harðlega og mótþróanlega lifa í

1) Tilsk. 26. okt. 1770.

nokkrum opinberum löstum, svo sem hórdóms- 1607
menn, frillulífismenn, okurkarlar, drykkjurútarar, 2. júlí.
blótvargar, ofríkismenn, og allra mest guðsorðs foraktarar og lastarar. — -- —

9. *Um prédikarana, hvernig þeir skuli tilskikkast og vígjast.* — -- -- Sérhver sóknarprestur í kaupstöðunum og á landsbygðinni skal taka vara á sinni sókn og ekki hafa með þá sókn, sem annar er tilsettur, hvorki að hafa þar kirkjuþjónustu með nokkurri prédikun né að fremja greptrunarinnar embætti ellegar í nokkurn annan máta, utan það sé gert með sóknarprestsins leyfi eða biskupsins bifalning. Finnist nokkur þar í móti að gjöra, þá skal hann straffast þar fyrir af yfirvaldinu eftir dómi og lagarétti.

Ekki skal heldur nokkrum presti, kapellan [eða sóknardjákna] leyfast að reisa í burt frá sínum sóknum í nokkurt annað stigti, utan þeir hafi þar til skrifað leyfi af prófastinum. — — — Þar sem nokkur vill reisa úr stigtinu, þá skal hann hafa biskupsins leyfi þar til. — — —

Síðan (þ. e. eftir vígsluna) skal superintendens (þ. e. biskup) senda hann (þ. e. prestinn)til prófastsins með sínu innsigluðu bréfi og leggja honum það bezta til við hann, svo vel sem við alla aðra presta, ef þeir eru þar nokkrir fleiri í þeim sama stað, þar sem hann er skikkaður til að vera sóknarprestur. — — —

Vér formerkjum einninn, hverninn sumir af prestunum eru alls of mjög hneigðir til að kifa og þræta, svo ein þræta hefir ekki enda fyrr en önnur ný er fyrir hendi, og þeir dirfast sjálfir að skrifa stefnur, próf og önnur bréf eða önnur skjöl um veraldleg málaferli, sem þeim bæri ekki neitt með að hafa, heldur lifa með spekt og ró undir vernd þeirra yfirvalds, því viljum vér í engan máta láta það vera óstraffað, ef nokkur prestur lætur finna sig með svoddan skrift og bréfagjörð, heldur skal hann þar fyrir af lénsmanninum og biskupinum setjast til rétta í

1607 2. júli. fyrsta og öðru sinni, ellegar svo, nær engin önnur góð ráð vilja hjálpa, þá skal hann sem einn óróafullur, ófriðsamur og óhlýðugur maður með öllu afsetjast og rekast frá sínu kalli og embætti, og honum skal ekki auðveldlega vera trúað til nokkurs kalls aftur.

Um kirknanna og prestagarðanna jarðir og inventaria.[1]) Þar ber að finnast á dómkirkjunni og á kongs majestats húsum og görðum víst og klart register, hvað fyrir jarðir sérhver kirkja hafi og hversu mikla landskyld hún upp beri þar af árlega. Sömuleiðis og svo, hvað til prestsins uppheldis hafi af gamalli tíð skikkað verið, upp á það að nær sem nokkur þræta eða áklögun kemur upp á, hvað kirkjunni eða prestunum tilheyrir með réttu, að menn kunni þá að hafa þessar reikningsbækur í hendi, og gefa einum og sérhverjum þar af rétta útskrift, hverninn þar um finnist uppteiknað og innskrifað. — — —

Svo lýst og einninn gagnlegt, að hver kirkja hafi sína bók (sem kallast kirkjustóll), í hverri klárlega uppteiknast kirkjunnar jarðir eður árleg inntekt.

Item hennar ornamenta og kirkjuverjarar, sem á hverju ári eiga slíkt að uppbera og færa til reikningsskapar, svo og sá reikningsskapur, sem á hverju ári sker um inntekt og útgift, svo kirkjunnar forsvarsmenn og yfirvaldið megi vita, hvar kirkjan skuli sækja sitt góz eða peninga eða krefjast þeirra. — — —

Sömuleiðis skal og vera um kirkjunnar inventaria, upp á það að svoddan svik og undirferli, sem fyrr var getið, skuli ekki lengur ske, svo alt kirkjunnar inventaria skuli kostgæfilega rannsakast — — — af biskupum og uppskrifast í sérlegar bækur. Og einum og sérhverjum skal vera haldið til þess án allrar forsómunar undir alvarlegt straff að gera svo og hafa, hvað rétt er.

---

1) Sbr. erindisbr. 1/7 1746, 16.—18. gr.

— — — Prédikarar og sóknarprestar skulu engan kaupmannsskap fremja, utan með því, sem heima hjá þeim sjálfum aflast og hvað sem þeim til fellur í ærlega rentu. Miklu síður skulu þeir halda öl til kaups eður ölkró eða drykkjuhús. Og altíð skulu þeir ganga í réttum prestaklæðum, svo sem vel kann að sóma guðs orð þénurum, og það sama viljum vér hafa sagt einninn um superintendentes. — — — 1607 2. júlí.

Um kapellana embætti. Svo lengi sem einn sóknarprestur er ungur sjálfur og hraustur, þá skal hann hvorki né má með góðri samvizku skjóta embættinu frá sér og upp á annan fátækan mann, hverjum hann kann að gefa nokkuð litilsháttar fyrir hans þjónustu og ómak, en hann lifir sjálfur í iðjuleysi og vellystingum, og upp ber þó alla rentu. Því þar sem þeir vilja bera það fyrir sig, að þeirra sókn sé svo stór ellegar að þeirra annexíur séu svo margar, að þeir kunni ekki einir saman að bestýra því, þá viljum vér gefa út vora bifalning, að hvað sem er of mikið fyrir einn, það skuli skiftast á meðal tveggja, svo að hvor þeirra fyrir sig kunni að hafa skikkanlegt og tilhlýðilegt uppheldi, og að sóknarfólkið missi ekki sinnar sáluhjálpar undirvísun og forsorgun. — — —

Ekki má heldur nokkrum presti leyfast að kalla sinn eigin son sér til kapellans eða nokkurn framandi eða vandalausan, sem hann ætlar að gefa sína dóttur, — — — heldur nær hann verður svo gamall og veikur, — — — að hann kann ekki að veita sínu embætti forstöðu svo réttilega sem hann skyldi og vildi, þá skal hann undirvísa það superintendenti og óska af honum eins meðþénara í guðs orði. Svo skal hann hjálpa honum og láta hann fá eina fróma persónu sér til aðstoðar, því engir mega hvorki halda kapellana í sínum sóknum né setja þá inn, utan þeir séu áður af superintendenti [examineraðir og reyndir] og hann haldi þá góða og duglega.

1607 2. júli. Hvern sem superintendens formerkir þá að vera hæfilegan þar til og hann hefir góða von þar um, þann skal hann til þess gamla prests senda, að hann gefi honum bréf um kapellans kallan, hvert einnig skal hljóða um það, hvað hann skuli hafa árlega í sin laun, og að hann vilji halda honum hjá sér svo lengi hann skikkar sér ærlega og vel, og þangað til honum verður með einhverjum betri kostum forsorgað. — — — Þetta kallsbréf skal sú sama persóna hafa með sér til biskupsins og láta sig af honum [examinera] og ordinera, svo sem til heyrir, en hans kost og tæring í svoddan erindum ber þeim gamla presti að bitala. — — —

Ekki skal heldur sóknarprestinum leyfast að útskúfa nokkrum kapellani frá sinni þjónustu, sem girnist þar við að blífa, utan svo sé, að hann geti áður bevísað, að hann hafi einhvern svo stóran brest, að honum megi ekki án hneyxlunar leyfast að vera þar lengur, og að þar gangi löglegur dómur á milli þeirra, sem innihalda réttar sakir til þess aðskilnaðar. — — —

Það má ekki heldur vera, að superintendens megi skikka nokkrum fátækum manni nokkurn kapellan eða þrengja honum til að halda hann, utan hann hafi þess sjálfur óskað fyrir sins veikleika sakir, nema það sé áður klagað og bevísað fyrir biskupinum, að sóknarpresturinn forsómi sitt sóknarfólk, og hann kunni ekki að veita því þá þjónustu, sem honum ber, og biskupinn hafi áður ámint hann, að hann skuli láta fólkið vera réttilega forsorgað með tilhlýðilegri þjónustu annaðhvort af sjálfum sér til ellegar af einhverjum kapellani, og hann hafi það ekki viljað gera, þá ber honum annaðhvort að halda einn dánumann fyrir kapellan eður missa sóknina. En annars má það vera honum í sjálfræði að kalla sér til meðhjálpara þann, sem honum sjálfum sýnist og hann vill helzt hafa hjá sér í daglegri umgengni og við sitt

eigið borð, en þó fyrir utan alla undirhyggju um ættmenn eða tengdamenn eða mægðir. — — — Það er og svo tilbærilegt og kristilegt upp á báðar síður, bæði að sóknarpresturinn haldi sinn kapellan ekki svo sem einn vinnudreng eða svo sem einn plógkarl, heldur virða og styrkja hann svo sem guðs þénara og meðbróður í guðs orði, og að veita honum þar fyrir án möglunar og vondra orða og fyrir utan alla óvild nauðsynlegt upphéldi með mat og öl, stofu, sæng, varma, ljós, klæði, þvott og annað, svo og góðan styrk, nær hann skal sóknarprestsins og síns embættis vegna reisa nokkurs staðar til lands eða vatns. 1607 2. juli.

Þar næst, að kapellaninn skikki sér einninn við sóknarprestinn svo sem við sinn föður og húsbónda tilhlýðilega með allri hlýðni, auðmýkt og kostgæfni, siðsemi og trúskap, fyrir utan alla þverúð og mótvilja á móti sóknarprestinum og hans hústrú ellegar hans fólki. — — —

Kapellaninn má ekki heldur giftast inn í sóknarprestsins hús fyrir utan síns pastoris (þ. e. hirðis) og húsföðurs vitund, því að slikt vill gera allra mesta þyngsl og eftir sig leiða illa forlíkun. — — —

11. *Hverninn menn skuli vilja þeirra, sem vanfærir og fátækir eru* (prestum boðið að vitja sjúkra og volaðra og hugga þá og áminna, svo og þjónusta þá).

12. *Hverninn prestarnir skulu vera hjá þeim, sem vegna þeirra misgjörninga skulu aflífast.* (Boðið að vitja þeirra í fangelsi og þjónusta þá, ef þeir iðrast). — — —

Þar eftir nær sá dagur kemur, á hverjum þeir skulu réttaðir verða, þá skulu prédikararnir vera hjá þeim, nær þeir verða út leiddir til sinnar pínu og hugga þá með guðs orði, sem sér vilja snúa til guðs, en áminna hina harðhnökkuðu skarplega og leggja þar til bænaákall til guðs um hans náð, og alt þetta með kostgæfni, eftir því sem þeir hafa vit og skyn á. — — —

1607 2. júlí. 13. *Um greftrun þeirra framliðnu.* — — — Allir kristnir skulu grafast í kirkju eða kirkjugarði, þó með formanna leyfi og vitund, og skal líkið með það allra fyrsta, þá þar er fært til, flytjast til graftrarstaðarins, og ekki seinna en innan fimta dags allra seinast. — — —

Ef nokkur hefir lík að flytja frá sér og hefir ekki heima styrk þar til, þá skal hann kalla þar til sína nágranna, svo marga sem með þarf, og skulu þeir allir pligtugir til að koma honum til hjálpar ellegar bæti þar fyrir.

Hafi og nokkur lík og kunni ekki að flytja það í burt fyrir sjó ófærum eða fjöllum, þá skal hann ekki láta líkið liggja á jörðu, heldur flytja það í eitt hús og setja það upp þangað til það verður flutt.

En ef lík finst liggjandi í skógi eða úti á mörkinni ellegar í vatni, þá skal sá, sem þar býr næst, þegar honum verður það undirvísað, vakta það og flytja það til næst liggjandi kirkjugarðs, og krefja hjálpar af sínum nágrönnum, svo sem fyrrskrifað er. Hver sem þá finst óviljugur, skal straffast þar fyrir og bæta við yfirvaldið. — — —

1616 1. júlí. **Alþingissamþykt um ísasela** (Lbs. 64, 4to. II. bl. 181).

— — — Á almennilegu Öxarárþingi samþyktist af báðum lögmönnum — — — ásamt allri lögréttunni innan vebanda um þá veiði, er leiguliði hefir fyrir innan fiskhelgi, að hana skyldi hálfa eiga hvorir landsdrottinn og leiguliði, hvort það er selur á ísi eður aðrir hlutir.[1]) — — —

1619 21. apr. **Tilskipun um leiguliða á konungsjörðum.**[2]) (Ákveðið að þeir skuli hafa lífstíðarábúð, meðan

---

1) Sbr. l. nr. 1, $^{12}/_{1}$ 1884, 12. gr.
2) Sbr. l. nr. 30, $^{20}/_{10}$ 1913, 3. gr.

þeir brjóti ekki af sér, og að eigi megi hækka land- 1619
skuldir frá því, sem verið hafi). 21. apr.

Tilskipun um prestaköll (eigi birt hér, en þó fylgt)[1]). 1621
(Bannað að vígja nokkurn til prests, er eigi hefir 16. febr.
náð 25 ára aldri, nema hann hafi fengið undanþágu frá aldursskilyrði þessu).

Tilskipun um veitingu presta og kirkjuskipanina. 1622
Vér Kr. IV. o. s. frv. gjörum kunnugt: — — — 29. febr.
Viljum vér allranáðugast skipa svo fyrir, að hér eftir megi engan prest vígja, nema hann hafi áður verið samkvæmt ordinantiunni löglega kallaður til einhvers ákveðins prestakalls eða aðstoðarprestsstöðu. — — — Og viljum vér allra náðugast, að allir þar á landinu (þ. e. Íslandi), bæði klerkar og leikmenn, í trúmálefnum og kirkjumálefnum, hlýði og hegði sér eftir kirkjuskipun þeirri[2]), sem vér náðarsamlegast höfum sett kirkjum vorum og þegnum í voru ríki Noregi.

Alþingissamþykt um legorð presta. — — — 1629
Hvar um svo ályktaðist, að þeir prestar, sem í 30. júní.
opinberum hórdómi brotlegir verða, skuli afsetjast í þrjú ár, sem hér til hafa lög gengið, en að þeim liðnum séu undir öfrighedens náð um þeirra embætti og uppheldi.

Alþingisdómur um prestsmötu af bændakirkjum. 1. júlí.
— — — Prestar hafi X álnir af hverju kirkjukúgildi, og þar að auki svo mikið af annari hennar eign, að hann sé ánægjanlega haldinn, ef kirkjunnar kúgildi eru eigi svo mörg, að þau þar til hrökkvi.

Tilskipun um stúdenta, er legorð fremja.[3]) 1646
— — — enginn stúdent, er gerzt hefir sannur 16. maí.

1) Sjá erbr. 1/7 1746, 42. gr.
2) Þ. e. kirkjuskipun 2/7 1607.
3) Sbr. kgsbr. 9. maí 1738, 2. gr.

1646 16. maí. að legorðssök, má eftir fyrsta brot fá skóla- eða prestsembætti fyrr en tvö ár eru liðin — — —

10. des. **Konungsbréf til biskupa um legorð presta.**

— — — Viljum vér náðarsamlegast hér eftir hafa alvarlega boðið og skipað, að allir prestar, er gerast þannig sekir um hórdóm eða frilluliſnað — — — skuli þegar að undangengum dómi settir af og hafa fyrirgert kalli sinu, og fái eigi annað embætti aftur fyrr en þeir hafa fengið þar til náðarsamlegast leyfi vort.[1])

1650 16. maí. **Konungsbréf, er bannar að hækka eftirgjald eftir konungs jarðir eða iþyngja leiguliðum framar en jarðabókin sýni** (LfI. 1. b. 238).

1657 21. maí. **Konungsbréf um — — — að hver sýslumaður skuli búa i sýslu sinni** (LfI. 1. b. 252).

1662 28. júli. **Erfðahyllingareiður Íslendinga.**[2]) (Eftir Ríkisréttindum Íslands).

Vér undirskrifaðir þess stórmegtugasta og háborna kongs herra Friðriks þess þriðja Danmerkur og Noregs, Vinda- og Gauta konungs, hertoga i Slésvík, Holsten, Stormarn og Ditmersken, greifa i Oldenborg og Delmenhorst, vors allra náðugasta herra og kongs, hans þénarar, innbyggjarar og undirsátar á Íslandi, gjörum vitanlegt fyrir oss og vora erfingja og eftirkomendur, að svo sem háverðug hans majestet bæði af Danmerkur og Noregs innbyggjurum með einum sérlegum akt og gjörningi, fyrir utan þeirra arfhyllingareið, hefir fullkomlega auglýst og staðfest hans kgl. majestets arfarétt bæði i karlegg og kvenlegg ásamt fullkominni (Souverainitet) einvaldsstjórn, svo höfum vér sem háloflegrar hans majestets trúir

1) Sbr. Kgsbr. 9. maí 1738, 1. gr.
2) Sbr. stöðul. 2/1 1871, stjskr. 5/1 1874.

og hlýðnir undirsátar, og svo sem þeir eð meðkenna, 1662
að háverðug hans majestet ei síður fyrir oss haft hafi 28. júli.
en aðra sína undirsáta að forsvara sínum arfafurstadómum og löndum upp á sitt heila konglega hús, heimkynni og konunglega persónu með stærstu karlmensku og forsælegri umsjón hefir vogað og upp á kostað; vér og svo fyrir þvílíkt forsvar og vernd næst guði höfum fengið ei síður hans majestets skylduga til þénustu að finnast en aðra hans undirsáta, og þar fyrir auðmjúklegasta höfum álitið ei nóg að vera, að vér með mestu gleði og ánægju fornemum svoddan akt og gjörning hans kgl. majestet í svoddan máta að hafa verið framboðinn og í té látinn, heldur og einninn fyrir vora hæstu þénustu og skyldu það sama og í allri undirgefni að framkvæma.

Þar fyrir staðfestum og styrkjum vér honum allir og einhver til samans, með öðrum hans majestetis trúum undirsátum, með þessu voru opna bréfi háverðugri hans majestet sem einum fullkomnum einvaldsstjórnara og arfaherra hans arfsrétt til Íslands og þess undirliggjandi insuler og eyja, sem og allan majestatis rétt, og fullkomna stjórnun og alt kongsvald, sem hans kgl. majestet og hans majestets skilgetnum lífserfingjum og skilgetnu afkvæmi og eftirkomendum, svo lengi sem nokkur af þeim er til í karlegg eða kvenlegg, er í fyrnefndum akt og gjörningi bæði af Danmerkur og Noregs ríkis stéttum er gefið og eftirlátið.

Hér með afleggjum vér fyrir oss og vora erfingja og eftirkomendur alt það, sem í fyrri vorum friheitum, landslögum, Recess og Ordinanziu kann finnast að stríða í mót majestatis rétti ellegar maklega má þýðast að vera í mót majestatis réttri einvaldsstjórn og fullkomnum ríkisráðum.

Lofum og tilsegjum vér fyrir oss og vora erfingja og eftirkomendur, að vér eftir gjörðum arfhyllingareið og trúlofun hans majestet svo vel sem

1662 28. júli. hans majestets skilgetna lífserfingja og þeirra skilgetnu eftirkomendur og afkvæmi bæði í karlegg og kvenlegg eftir þessum upplögðum arfsrétti í móti einum og sérhverjum að handhefja og forsvara líf, æru, góz og blóð með því konunglega húsi að vilja voga og útsetja, og frá þessum vorum ásetningi ei í nokkurn máta að vikja, miklu síður undir nokkru skyni eður undirferli, eða hvað það nefnast kann, í bezta máta hans kgl. majestet og skilgetna lífserfingja og þeirra skilgetið lífsafkvæmi við (eið) í té látinn rétt að mótstanda eða hindra, ei heldur í nokkrum flokkadrætti eða samheldi að vera í sérhverju, sem í móti væri talað eða höndlað, heldur miklu framar, ef þetta óforvarandis upp á kæmi, fyrir utan allan manngreinarmun vorum allra náðugasta herra og kongi (slíkt) að opinbera. Eftir því og einninn hans kgl. majestet af sérlegri konunglegri gunst og náð hið náðugasta hefir auglýst, að réttur frumgetningarinnar í Noregi svo vel sem í Danmörku með þeirri konunglegu arfs-succession skuli setjast, og bæði kongaríkin hér eftir engan veginn aðgreinast ellegar í nokkurn máta neitt af þeim sundrast, heldur öðrum hans kgl. majestets skilgetnum lífserfingjum og afkvæmi árlega með einnri vissri summu af peningum til þeirra virðuglegs uppeldis afleggjast, til jafns Noregs ásamt Danmerkurríkis securitet og forsvar, er til hans kgl. majestet og hans kgl. majestets skilgetnra lífserfingja og skilgetins afkvæmis náðar disposition alleinasta sett og eftirlátið, svo setjum vér til hans kgl. majestets eigin náðugasta vilja ekki alleinasta, hverninn stjórnin hér eftir skal skikkast, heldur og einninn successionin, svo vel í karlegg sem kvenlegg eftir dauðlegan afgang (hvað guð almáttugur náðarsamlega vildi lengi undandraga) hentugast kann að sýnast, svo og einninn hverninn það skal haldast, nær nokkur (minorennitet) í ungdómi af kgl. majestets egta lífserfingjum og afkvæmi í framtíðinni í stjórninni

sér skuli skikka og hegða, hver skikkun og síðasti vilji skal vera oss og vorum erfingjum og eftirkomendum svo sem eitt fundamental lög og grundvöllur og opinber skikkun og af oss með allri undirgefni með öllum sínum póstum og greinum með þessari arfahylling af oss með eiði allareiðu samþyktri skal vera gjört, svo að hans kgl. majestet og hans kgl. majestets skilgetnir lífserfingjar og eftirkomendur ei í nokkurn máta, hvorki heimuglega né opinberlega, í þeirra arfstjórnareign af oss, vorum erfingjum og eftirkomendum, skal hindrast eða mótmælast, heldur miklu framar móti einum og sérhverjum, hver helzt sem það vera kann, útlenzkum sem innlenzkum, sem móti hans kgl. majestet, hans kgl. majestets skilgetnum lífserfingjum og afkvæmi, svo vel sem oftnefnds arfsrétt skulu höndla eður tala, með líf og lifnað, góz og blóð trúlega viðhjálpa og forsvara, frá hverri skyldu oss, vora erfingja og eftirkomendur engin vinskapur, ei heldur fjandskapur, ótti og hætta, gagn og skaði, hatur, öfund ellegar nokkur mannleg list og orsök í minsta máta skal frávenda. 1662 28. júlí.

Að þetta fyrrskrifað af oss öllum og sérhverjum svo vel sem vorum erfingjum og eftirkomendum fyrir utan öll svik og undirferli í öllum sínum greinum og articulis skuli haldast og framkvæmast (lofum vér). Þessu til auglýsingar og frekari staðfestu höfum vér þetta með eigin höndum undirskrifað og með vorum signetum staðfest. Skeð í Íslandi á Kópavogsþingstað anno 1662, þann 28. júlí.

(Undirritað af Brynjólfi biskupi Sveinssyni og 30 klerkum úr Skálholtsbiskupsdæmi, Gísla biskupi Þorlákssyni og 12 klerkum úr Hólabiskupsdæmi, Árna lögmanni Oddssyni og 64 sýslumönnum og lögréttumönnum).

1672 **Tilskipun um lækna og lyfsala. — — —**

4. des. 8) Allir lyfseðlar, sem þeir (læknar) gela út, skulu dagsettir og sagt til, handa hverjum þeir séu, og þegar fyrirskrifað er eitthvert chymicum eða sterkt læknismeðal, þá skulu seðlarnir eigi skrifaðir með notis chymicis, heldur fullum stöfum og ljósum, til þess að fyrirbyggja misgrip hjá lyfsölum og tjón fyrir sjúklingana. — — — 11) Enginn má nokkurs staðar í báðum ríkjum vorum, furstadæmum og löndum, halda nokkra lyfjabúð, nema hann hafi þar til allra náðugast leyfisbréf vort og hafi unnið oss eið. Og þeir sem hér eftir ætla að taka sér aðsetur í ríkjum vorum og löndum og halda lyfjabúð, skulu, áður en þeir fá leyfisbréf vort allranáðugast, láta reyna sig af Facultatis Medicæ doctoribus og lyfsölunum í aðsetursstað vorum Kaupmannahöfn. — — — 12) Lyfsalar skulu að eins halda sér við atvinnu sína, og hvorki sjálfir fást við praxis medica né láta sveina sína gera það, eða vitja sjúkra. — — — 14) Sérhver lyfsali á alt af að hafa duglega og reynda sveina, einn eða fleiri eftir þörfum. — — — 17) Lyfsalar eða sveinar þeirra og þjónar skulu eigi taka við lyfseðlum eða útbúa og því síður selja nokkur ótilhlýðileg og hættuleg lyf grunsömu fólki, svo að enginn bíði tjón þar af. En þá lyfseðla, er af medicis approbatis eru fyrirskrifaðir, skal skrá í þar til gerða bók, og þegar lyfin hafa verið borguð, skal sjúklingurinn, ásamt reikningnum, fá lyfseðilinn aftur in orginali (þ. e. í frumriti). — — — 24) Og með því að ýmsa þá sjúkdóma ber að höndum, sem sjúklingar vilja ógjarna að verði heyrinkunnir, og þá má vel ráða í af lyfseðlunum, þá skulu lyfsalar og sveinar þeirra halda slíku leyndu og eigi opinbera það eða frá segja, nema óttast megi bersýnilega hættu, ef þagað hefði verið yfir því. — 25) — — — En ef nokkurri lyfjabúð annaðhvort í Kaupmannahöfn eða

annars staðar í ríkjum vorum og löndum verður bersýnilega ábótavant fyrir vanhirðu og fyrirhyggjuskort, þá skal lyfsali hafa fyrirgert leyfi sínu og lyfjabúð hans lögð niður, og önnur sett í staðinn. — 26) Lyfsölubúð hverja skal árlega skoða þegar eftir Mikaelsmessu, í Kaupmannahöfn af tveimur Facultatis Medicæ doctoribus í návist borgar-physici og practici ordinarii, en í öðrum bæjum og stöðum af medicis approbatis, einum eða fleirum, eða þar sem enginn er, af þeim, sem næstir eru. — — — Enn fremur skal, auk hinnar árlegu skoðunar, sérhverjum medico approbato heimilt, ef hann grunar lyfjabúðina, að skoða það, er hann ætlar að fyrirskrifa eða hefir þegar fyrirskrifað, og þetta, er á þenna hátt er eftir spurt, skal honum fyrirstöðulaust sýnt annaðhvort af lyfsölum sjálfum eða sveinum þeirra. — 27)[1] Og til þess að lyfjabúðirnar standist sem bezt, skal hér eftir enginn medicus practicus mega halda opinbera lyfjabúð, heldur skal hver þeirra halda sér til sinnar iðju. Þó er hverjum medico approbato heimilt að búa til sjálfur og nota handa sjúklingum sínum sérstakar meðalategundir, er hann vill hafa fyrir sig sjálfan og eigi fást á lyfjabúðum, en efni skulu þeir kaupa í lyfjabúðum og eigi gefa lyfseðla á aðra, enda þótt meðöl væri annars staðar að fá. — — — 29) Enginn laborant eða destillator má heimulega eða opinberlega halda lyfjabúð eða búa til lyf þau, er í hverri velskipaðri lyfjabúð á að búa til, hvorki til þess að senda þau eða selja til annara; eigi mega heldur materialistar, urtakramarar, sætindabakarar eða þesshátta menn hafa á boðstólum og selja öðrum theriacum, mithridatium, confectiones officinales, balsama, ungventa, emplastra, species etc., pulveres compositos, oleiteter, heldur eigi slag-vatn, canel-vatn, móðurvatn, elixir vitæ matthioli, kinder-balsom, eða annað

1672 4. des.

1) Sbr. kgsbr. $^{17}/_{1}$ 1783, kansbr. $^{16}/_{9}$ 1797, kgsbr. $^{15}/_{6}$ 1798, erbr. landlæknis $^{25}/_{2}$ 1824, 15. gr. o. s. frv.

1672 4 des. þesskonar destillerað vatn, heldur eigi brjóstkökur, violen- eða rosensiróp eða aðrar sirópstegundir, né þesskonar lyf og efni, er eiginlega heyra undir lyfjabúðir. — 30) Enginn empiricus, brucksnider, oculist, skottulæknir, eða slíkir umrenningar, karl eður kona, mega heimulega eða opinberlega hafa á boðstólum nokkrar þær vörur, hvort heldur eru simplicia eða composita, oleiteter, theriach eða hverju nafni sem nefnast, og undir lyfjabúðir heyra. En ef nokkur verður uppvís að því að hafa slíkar vörur, efni eða lyf, sem bannaðar eru, þá skulu þær upptækar og sá, er þær finnast hjá, sektist að auk hundrað ríkisdölum, er að þriðjungi falli til Vor, að öðrum þriðjungi til borgmeistara og ráðs á þeim stað, er slíkt kemur fyrir, og að þriðja þriðjungnum til lyfsalans þar, og er þetta gjört til þess að komið verði af hinum hættulega og skaðlega ósið með lyfjasölu. — — —

1683 15. apr.

Dönsku lög Kristjáns 5.

I. bók, 24. kap. Um aðför.

9. Barn undir 15 ára aldri bæti skaða þeim, er það hefir með ásetningi brotið gegn. (Mjög vafasamt um gildi þessarar greinar hér).[1])

II. bók, I. kap. Um trúarbrögðin.

Þá trú eina má leyfa í ríkjum konungsins og löndum, sem er í samræmi við heilaga ritningu, postullegu-, nicensku- og Aþaniasusar-játningar, hina óbreyttu Ásborgarjátningu, er sett var 1530, og Fræði Lúters hin minni. (Hefir að eins þýðingu nú um það, hvaða rit séu játningarrit hinnar evangelisku lútersku kirkju á Íslandi).[2])

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 310. gr., sbr. og s. l. 37. gr, og l. nr. 39. $^{16}/_{11}$ 1907. 5. gr.

2) Sbr. Kirkjusiðaskipan $^{25}/_{7}$ 1685, X, erindisbr. $^{1}/_{7}$ 1746, 43. gr., stjskr. $^{5}/_{1}$ 1874, 45.—47. gr. og rgbr. $^{31}/_{8}$ 1888.

II. bók, 2. kap.[1]) Hverir megi prédika og taka prestsembætti og vígslu. 1683 15. apr.

5. Nú verður stúdent legorðssekur, og má þá eigi veita honum eftir fyrsta brot hans skóla-, djáknaeða prestakall fyrr en eftir 2 ár. Skal hann þá skyldur að sýna biskupi fullnægjandi vottorð um lifnað sinn, hátterni og betrun og þar að auki konungsleyfi til þess að hann megi fá embætti, svo framarlega sem hann má nokkurt kall fá. Þó má það eigi verða í sókn þar, er hann varð brotlegur. En ef hann verður brotlegur öðru sinni, þá skal hann aldrei í predikunarstól koma.

II. bók, II. kap.[2]) Um líf og hegðan presta, afbrot og sektir.

3. Enginn prestur má skifta sér af annar prestakalli, hvorki með messusöng, líkprédikun eða á annan hátt, nema hann geri það fyrir beiðni eða með vilja prestsins þar eða eftir skipun biskups.

13.[3]) Hver sá prestur, er gengur að eiga konu, er annar maður hefir legið, eða hefir samrekkt konu sinni áður en þau voru gefin saman, skal, að undangenginni löglegri málssókn, hafa fyrirgert embætti.

III. bók, 16. kap. Um hjónaband.

8. En ef kvæntur maður liggur, meðan hjúskapur hans stendur, annan kvenmann, þá má hann eigi, eftir lát konu sinnar, ganga að eiga konu þá, er hann hefir legið. Eigi má heldur gift kona, sem legin hefir verið af öðrum manni, meðan hjúskapur hennar stóð, gifta sig að bónda sínum látnum, þeim er lá hana.[4])

---

1) Sbr. tilsk. $^{16}/_{6}$ 1646, kgsbr. $^{9}/_{6}$ 1738, kgsbr. $^{27}/_{2}$ 1756.
2) Sbr. kirkjusk. $^{2}/_{7}$ 1607 II—9.
3) Sbr. kgsbr. $^{9}/_{6}$ 1738.
4) Hefir eigi berlega verið lögleiddur, en fylgt í framkvæmd. Sbr. kgsúrsk. $^{25}/_{6}$ 1844, 3. gr. og erindisbr. landshöfðingja $^{22}/_{9}$ 1875, 17. gr.

1683 15. apr. 15. — 1. *Hjónaskilnaðar ástæður* (Alveg samhljóða að efni til ákvæðum hjónabandsgreina $^{2}/_{6}$ 1587, um 1. skilnaðarástæðuna (hordóm). Hefir og eigi verið lögleiddur, en í framkvæmdinni beitt. Sbr. kgsúrsk. $^{25}/_{5}$ 1844, 3. gr.).

III. bók, 17. kap. **Um ómynduga og fjárhaldsmenn.** — (Lögleiddur með tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831 I. 1. b., sjá og tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847).

1. Þeir skulu hafa fjárhaldsmann, sem eigi geta sjálfir farið með fjármál sín sakir elli, vanvizku, eyðslusemi eða af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar.[1])

2. Faðir er fjárhaldsmaður ómyndugra barna eftir dauða móður. Eftir föður dauðan er bróðir, enda sé hann fullra 25 ára gamall. Ef hinir ómyndugu eiga albræður fleiri en einn, þá gengur hinn elzti fyrir. En ef eru hálfbræður, þá skal sá fjárhaldsmaður vera, sem næstur er að föðurnum. Nú er eigi bróðir til, þá er föðurfaðir næstur. En ef eigi er föðurfaðir, þá taki móðurfaðir fjárhald. Ef hann er eigi til, þá er föðurbróðir, en ef hann er eigi til, þá kemur móðurbróðir. Ef enginn þessara er til, þá skal nánasti frændi vera fjárhaldsmaður. Föðurfrændur ganga fyrir móðurfrændum, enda þótt jafnskyldir séu, og líklegir eru til þess að fara vel með fjárhald. En ef búast má við, að einhver sem borinn er til fjárhalds, muni illa fara með fjárhald, eða hann á eigi fyrir skuldum, eða enginn er borinn til fjárhalds, þá setur yfirvaldið, með samþykki yfirfjárráðenda, þar sem þeir eru skipaðir, þann til fjárhaldsmanns, er óhultast má trúa fyrir fé barnanna, svo sem þeir vilja sjálfir svara fyrir það.

3. Nú hefir maður á hendi þrjú umfangsmikil fjárhöld, og skal þá eigi íþyngja honum með fleirum.

---

1) Sbr. l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 57. gr.

4. Nú er ættborinn fjárhaldsmaður eigi í bæn- 1683
um eða eigi nærstaddur, en þó í ríkinu, ok skal 15. apr.
yfirvaldið þá, jafnskjótt og því berst fregn um andlát einhvers, er látist hefir frá ómyndugum börnum, bréflega og á kostnað búsins tilkynna honum það til þess að hann komi þegar og taki við fjárhaldinu, nema hann vilji ábyrgjast alt það tjón, er hinir ómyndugu kunna að bíða af fjarveru hans.[1])

5. Sá er fjárhaldsmaður gerist, skal eiga svo mikið skuldlaust sem hann tekur við til gæzlu, svo að hann eigi nóg fé til þess að bæta fyrir það, er glatast eða eyðist af gæzlufénu.

6. Nú á hann eigi svo mikið, og skal hann þá setja tryggingu.

7. Nú fær hann enga tryggingu sett og eigi heldur ábyrgðarmann, og er hann þó ráðdeildarsamur, ástundunarsamur og heiðvirður maður, þá má þó að vísu fela honum fé barnanna.

8. Enginn, sem eigi er fullra 25 ára, má vera fjárhaldsmaður.

9. Stjúpfaðir má eigi vera fjárhaldsmaður stjúpbarna sinna, nema nánustu frændur eða yfirvaldið samþykki.

10. Frillusonur má eigi vera fjárhaldsmaður eiginkonu sonar.

11. Unnusti má eigi vera fjárhaldsmaður unnustu sinnar. Þó má hann vera viðstaddur, þegar skifti fara fram, er hana varða.

12. Borgmeistarar, ráðmenn eða bæjarfógetar mega eigi vera fjárhaldsmenn nokkurs ómyndugs manns, nema þeir séu ættbornir til þess, eða ef bæirnir eru svo litlir, að engan annan hæfan mann sé að fá.

13. Þeir, er mikinn sjúknað hafa tekið, annað hvort af elli eða vitfirringu, vinnumenn [eða minni

1) Sbr. skl. 12/4 1878, 14. gr.

1683 menn] mega eigi hafa fjárhald á hendi fyrir nokkurn
15. apr. ómyndugan mann.

14.[1]) Nú hafa lögleg skifti verið gerð milli móður og barna eftir látinn föður, og skal móður þá heimilt að halda fé barnanna í gæzlu sinni og varðveita það síðan að lögum meðan hún er ógift, enda hafi borinn eða skipaður fjárhaldsmaður eftirlit með því, að fé barnanna fari eigi forgörðum, svo sem þeir vilja sjálfir svara fyrir það.

15.[2]) Nú verður þess vart, að fé barna hennar rýrnar sakir vangeymslu hennar, og skulu fjárhaldsmennirnir þá taka það frá henni.

16.[3]) Meðan ógift móðir hefir hjá sér föðurlaus börn sín, þá má eigi taka börnin frá henni, enda veiti hún þeim löglega framfærslu og kristilegt uppeldi, og fái þar fyrir sanngjarnt endurgjald eftir mati frænda, yfirvalds eða fjárhaldsmanna.

17.[4]) En ef móðir giftist aftur, þá skulu börnin hverfa til fjárhaldsmanna, nema þau séu svo ung, að þau megi eigi án umönnunar móður sinnar vera, og eru þau það til 7 ára.

18. Nú æskir móðir þess, að hún megi hafa börnin framvegis hjá sér, einkum dæturnar, enda vill hún veita þeim ókeypis uppeldi (fæði), og virðist frændum börnin vel upp alin hjá henni, þá er eigi sanngjarnt, að þau séu frá henni tekin.

19. Þegar hún giftir sig, og hvort sem börnin verða hjá henni eða ekki, þá taka fjárhaldsmenn eignir barnanna til varðveizlu og láta hana fá fósturlaun og fæðisgjald þar til þau eru 7 ára.

32. Nú fær fjárhaldsmaður eigi staðið skjólstæðingi sínum skil á því, er hann skuldar honum rétti-

---

1) Sbr. skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 63. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 18. gr.

3) Sbr. tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 18. gr., skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 63. gr. og l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 3. gr.

2) Sbr. nú l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 4. gr.

lega sakir fjárhaldsins, og skulu þá yfirfjárráðendur, sem eigi hafa betur en svo gætt fjárhaldsmannsins, ábyrgjast það. Nú fær skjólstæðingur eigi greitt hjá þeim, þá skal hann leita skaðabóta hjá yfirvöldunum — — —, er hafa skulu eftirlit með eignum ómyndugra manna.[1] 1683 15. apr.

33. Nú er fjárhaldsmaður eigi ættborinn að lögum til fjárhalds, heldur skipaður, og sá, er ættborinn var að lögum til fjárhalds, hefir eigi viljað að sér taka fjárhaldið, enda hafi hann eigi forföll haft né löglega afsökun, þá ábyrgist þesskonar ættborinn fjárhaldsmaður skjólstæðingi tjónið, áður en það verði heimt af yfirfjárráðanda eða öðrum.

34.[2] Átján ára gamall maður tekur sjálfur við fjárstjórn sinni. Þó skal fjárhaldsmaður eða einhver annar góður maður, eftir að fjárhaldsmaður hefir skilað af sér fjárvarðveizlu, skipaður af yfirvaldinu til þess að hafa framvegis eftirlit með því, að sá, er tekið hefir við fé sínu, sói því eigi að nauðsynjalausu, alt þar til er hann er 25 ára. Þess vegna skulu veðsetningar, afsöl og aðrar skuldbindingar, sem hálfmyndugur maður um fjárstjórn sína af hendi lætur, að engu hafðar, nema gerðar séu með samþykki téðs tilsjónarmanns.

35. Þeir, sem stunda vilja kaupmensku eða iðnað, mega, einkum ef þeir eru ekki hneigðir til drykkju, spila eða eyðslusemi, enda þótt eigi séu 25 ára, verja með ráði og samþykki fjárhalds og tilsjónarmanns til framhalds nefndri atvinnu nokkuru af arfi þeim, er þeim kann að hafa hlotnast, einkum ef þeir ganga í hjónaband.

36.[3] Sá, sem orðinn er 18 ára, greiði enga þóknun fyrir fjárhaldið, enda þótt hann sé erlendis, held-

1) Sbr. tilsk. $^{28}/_{8}$ 1904 I. 11., sbr. tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 19. og 20 gr.

2) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831 I. 1. b., l. nr. 17, $^{20}/_{10}$ 1905 og tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 15. gr.

3) Sbr. tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 5. gr.

1683 ur skal fjárhaldsmanni að eins greiddur sá kostnaður,
15. apr. er hann hefir haft. Þó skal fjárhaldsmaður, ef einhver, sem er orðinn 18 ára, kemur eigi sakir mótþróa og án löglegra forfalla og afsakana og vill eigi taka við fé sínu, eftir að fjárhaldsmaður hefir gert lögleg skil, og gefa honum lausn, eigi bera ábyrgð á fjárvarðveizlunni eða hafa ónæði og erfiði fyrir ekki neitt.

37. En ef skjólstæðingur er 25 ára og á land hér og tekur eigi við skilum af forráðamanni sínum, eftir að forráðamaður hefir löglega og sannanlega veitt honum kost á því, þá skulu erfingjar forráðamanns, ef hann deyr, meðan svo stendur, vera sýknir af því máli.

41. Ekkja má taka sér lögráðanda, hvern sem hún vill frænda sinna eða annan heiðvirðan, góðan og friðsaman mann, er styðja megi hana með ráðum og í verki í málefnum hennar og undirriti með henni til vitundar samninga eða önnur mikilsvarðandi skjöl, er hún gerir.

42. Nú reynist lögráðandi óróagjarn og bakar ekkjunni óþarfar þrætur eða gerir henni tjón á annan hátt, þá skal yfirvaldið banna ekkjunni að fara að ráðum hans, og skipa henni í stað hans annan góðan mann, er verða megi henni að liði.

V. bók, 3. kap. Um kaup, sölu og makaskifti (Lögleiddur í Reykjavík með tilsk. $^{24}/_{4}$ 1833, 4. gr.).

28.[1]) Á þingi skulu afsöl framfara að húsum og jörðum, og eigi annarstaðar, það er á því héraðs-, [birki-] eða bæjarþingi, þar sem húsið eða jörðin er. — — — Og skulu öll afsöl lesin og árituð á fyrsta eða öðru þingi eftir að þau eru dagsett, ef þau eru dagsett (útgefin) í þeirri »provins«, þar sem eignin

---

1) Sbr. l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 7. gr., l. nr. 19, s. d., 46. gr., l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 7. gr., l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 5. gr.

er. Ef eignin er í annari »provins« en þeirri, er af- 1683
söl eru útgefin í, þá skulu þau lesin og árituð á þriðja 15. apr.
eða fjórða þingi. Því að annars geta þau ekki staðist gegn löglega þinglesnum bréfum, aðfarargjörðum eða öðrum löglegum heimildum, jafnvel þótt þau séu dagsett fyrr en þær.

29.[1]) Nú ber svo við, að tvö kaupbréf eða afsalsbréf að sömu eign koma samtímis á þing til þinglesturs og áritunar, og hefir það þá forgangsrétt, sem fyrr er dagsett, nema vanrækt hafi verið að láta lesa það og árita í tækan tíma. En ef þau eru dagsett sama dag og koma sama dag á þing til þinglesturs og áritunar, þá gengur hvorugt fyrir öðru. Þó eiga þeir, er afsölin hafa fengið, heimila sókn á hendur þeim, er þau gaf út.

30.[2]) Sama er um gjafa- og veðbréf, svo og ef afsalsbréf, gjafa- og veðbréf rekast á.

V. bók, 7. kap. Um veð.

7.[3]) Nú veðsetur maður hús, jörð, lóð eða skip eða annað, sem veðhafa er eigi fengið til varðveizlu, en skuldunautur varðveitir, þá skal veðbréfið lesið og áritað á þingi, svo sem áður segir um afsalsbréf, og gengur þá slíkt veðbréf fyrir öllu veði, gjöfum, afsölum, fjárnámsgjörðum, aðfarargjörðum og sektum, sem gerð eru eða gjaldkræfar eru orðnar, síðan veðbréfið var þinglesið, og veðhafi gengur fyrir öllum skuldheimtumönnum og skal útleystur á undan þeim samkvæmt bréfi sínu.

VI. bók, 13. kap. Um lauslæti.

2.[4]) Ef maður legst með stúlku þeirri, er hann

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{4}$ 1833, 4. gr.

2) Sbr. D. L. 5—7—7.

3) Sbr. D. L. 5—3—28 til 30, tilsk. $^{24}/_{4}$ 1833, 1. og 4. gr., skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 87.—89. gr., l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 7. gr., l. nr. 19, s. d. 46. gr., l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 7. gr. og l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 5. gr.

4) Sbr. tilsk. $^{5}/_{3}$ 1734 og alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 167. og 310. gr.

1683 hefir fjárhald hennar, eða með ekkju þeirri, er hann
15. apr. er lögráðandi hennar, þá skal hann ganga að eiga hana, ef hann er ókvæntur og ef hún vill. Ef hún vill eigi eiga hann, þá hefir hann fyrirgert helmingi eigna sinna til hennar. — — — Ef hann getur eigi átt hana af því að hann er kvæntur, hefir hann fyrirgert helmingi eigna sinna til hennar. — — — —

3.[1]) Nú fellur grunur og óorð á um karl og konu, að þau lifi hvort með öðru í lauslæti eða ósiðsemi, og skal þeim þá fyrir lagt, eigi að eins að skiljast, heldur einnig, ef þau eru ógift, að flytjast brott úr bænum, sókninni og jafnvel héraðinu, sitt til hvors staðar. — — —

4.[2]) Nú biður maður sjálfur dóttur dánumanns eða lætur aðra gera það, og legst með henni áður en [þau hafa trúlofast eða] hann fær fullnaðarsvar, og skal hann þá skyldur að ganga að eiga hana, ef foreldrar hennar eða fjárhaldsmaður vilja samþykkja það. Nú vilja þeir eigi veita til þess samþykki, þá gjaldi henni sæmilega heimanfylgju eftir efnum sínum.

5.[3]) (Tekinn hér samræmis vegna, en eiginlega gildir réttarfarsreglan í samhljóða grein (6—13—5) í N. L., sbr. kgsbr. $^{2}/_{5}$ 1732). Sama er og, ef maður legst með mey eða ekkju, sem eigi hefir áður fengið lauslætisorð. Nú þrætir hann fyrir, enda sanni hún eigi á hann verknaðinn, og má hann þá bera hann af sér með eiði.

VI. bók, 17. kap. Um þjófnað.

10.[4]) Nú kannast maður við aðra hluti (en lifandi fénað) í vörzlum annars manns, og skal þá sá,

---

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, V. og alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 179. og 310. gr.

2) Sbr. hjónabandsgr. $^{2}/_{6}$ 1587 (Um jómfrúkreinkjara) og tilsk. $^{5}/_{3}$ 1734, 2. gr.

3) Sbr. l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 6. gr.

4) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 1. gr., og op. br. $^{28}/_{3}$ 1800.

er við hlutina kannast, sanna eignarrétt sinn að þeim með löglegum vitnum og vinna eið að því, að hann hafi mist þá gegn vilja sínum. 1683 15. apr.

11.[1]) Sá er málið fellur á, þegar svo stendur á, verður þjófur, hvort sem það er sá, er kannaðist við hlutina, eða sá, er hafði þá í vörzlum sínum.

Kirkjusiðaskipan handa Danmörku og Noregi (Eigi lögleidd á Íslandi, en í allmörgu eftir henni farið. Nú þýðingarlaus, þegar af því, að Helgisiðabókin er komin í stað hennar. Það sem hér er tekið, skiftir máli á sama hátt sem D. L. 2—1). 1685 25. júlí.

X. *Um vígslu biskupa og presta.*[2]) — — — *Juramentum creandi præpositi:* Ego N. N. electus præpositus N. sancte juro et in conspectu Dei testor, quod velim partes officii mei pie tueri, nec quidquam intermittere, quod a præposito ullo jure exigi possit, et: Primo quidem juro ac religiose testor, quod velim esse fidelis Episcopi synergos, sanam doctrinam verbo divino et libris nostrarum ecclesiarum symbolicis comprehensam religiosa industria propagare. — — *Juramentum, quod in timore Domini præstabunt, qui muneri ecclesiastico initiabuntur:* Ego N. N. juro et in conspectu Dei sancte testor: — — — Secundo promitto, me summa diligentia allaboraturum, ut doctrina coelistis comprehensa scriptis Propheticis et Apostolicis et libris ecclesiarum Symbolicis Danicarum auditoribus fideliter instilletur. — — —

Norsku lög Kristjáns 5. 1687

I. bók, 2. kap. Um varnarþing (Réttarfarsreglur N. L., er að mestu leyti eru í I. bók, voru lögboðnar hér til eftirbreytni með kgsbr. $^{2}/_{5}$ 1732). 15. apr.

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 1. gr., tilsk. $^{8}/_{9}$ 1841, 6. gr. og alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 310. gr.

2) Sbr. erbr. $^{1}/_{7}$ 1746, 42. gr., rgbr. $^{31}/_{8}$ 1888.

1687 15. apr. **1.** Prinsar og prinsessur af konungsættinni (af Blodet) skulu eigi hlíta dómsvaldi nokkurs undirdómara, heldur skal konungur einn vera dómari yfir þeim, eða sá, er hann hefir sérstaklega þar til skipað.

2. Börn konungs, af honum getin (naturlig), skal eigi sækja fyrir öðrum dómara en þeim, er hann hefir þar til skipað.

3. Engan skal draga frá varnarþingi sínu framar en hér eftir mun sagt verða. Eigi má heldur neinn segja sig frá varnarþingi sínu eða frá yfirrétti[1]) þeim, er varnarþingið heyrir undir, fyrr en dómur er genginn á báðum stöðum. Því að öllum málum, er sækja ber á varnarþingi, skal þangað fyrst stefnt og dómrit tekið þar. Og ef einhver vill eigi sæta þeim dómi, þá skal hann stefna dómara og öðrum, sem hlut eiga að máli, með þeim dómi fyrir lögskipaðan yfirdómara, og taka þar einnig dómrit.

4.[2]) Hver maður, sem eigi hefir á hendi neitt embætti, er heyrir undir sérstakt dómþing[3]), svari til sakar á því héraðs- [birki] eða bæjarþingi, þar sem hann á lögheimili og heldur dúk og disk, eða dvelst.

11.[4]) Biskupana skal sækja fyrir hæstarétti konungsins, ef þeim verður eitthvað á í embætti eða ef

---

1) Sbr. N. L. 1—6, tilsk. $^{7}/_{6}$ 1760, $^{3}/_{6}$ 1796, 23., 33. gr. o. s. frv., tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, $^{31}/_{5}$ 1805, $^{15}/_{2}$ 1832, 16. — 18. gr. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. og 16. gr., skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 96. gr., l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 6. gr., l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 12. gr., l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 53. gr., l. nr. 19, $^{2}/_{10}$ 1895, l. nr. 15,$^{20}/_{10}$ 1905, l. nr. 52, $^{30}/_{11}$ 1914, 15. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914, 8. gr. o. m. fl.

2) Sbr. N. L. 1-–2—15, l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 7. gr., l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905, 9. gr.; N. L. 1—2—16, 1, 1-–19—21, l. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885, 12. gr., l. nr. 9, $^{9}/_{2}$ 1900, 2. gr.; tilsk. $^{21}/_{5}$ 1751, 6. gr., kgsbr. $^{10}/_{2}$ 1787; N. L. 1—2—16, 2, l. nr. 59, $^{10}/_{11}$ 1905, l. nr. 33, $^{11}/_{7}$ 1911; N. L. 1—2—18; skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 54. og 94. gr.; l. nr. 42, $^{13}/_{11}$ 1903, 34. gr.; N. L. 1—2—20; op. br. $^{30}/_{11}$ 1821, 1—2—17, l. nr. 43, $^{13}/_{11}$ 1903 15. gr., l. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894, 32. gr., l. nr. 18, $^{3}/_{10}$ 1903, 18. gr.

3) N. L. 1—2—1, 2, 11 og 12, tilsk. $^{27}/_{11}$ 1816, l. nr. 11, $^{20}/_{10}$ 1905.

4) Sbr. tilsk. $^{10}/_{6}$ 1746, $^{27}/_{11}$ 1816, l. nr. 38, $^{30}/_{7}$ 1909.

þeir verða sekir um opinbera syndsamlega löstu eða villutrú. Í [öðrum] veraldlegum málum svara þeir til sakar fyrir sama dómi sem aðrir lærðir menn og andlegrar stéttar. 1687 15. apr.

12.[1]) [Lectores og professores hjá dómkirkjunum og í gamnasiis], prestar [djáknar, substituti og skólaþjónar] svo og embættislausir lærðir menn, skulu í andlegum málum svara til sakar fyrir héraðsprófasti, og síðan fyrir stiftbefalingsmanni og biskupi. — --

15.[2]) Nú verður þræta um jörð, hús, fasteign eða landamerki (Markeskæl), og skal þá vera varnarþing, þar er eignin liggur ,sú er þrætan er af risin, enda þótt sá, er sókn er á hendur honum, eigi lögheimili eða dvöl annarstaðar, en stefna skal honum þó á réttu lögheimili hans, og eftir því fari stefnufrestur.

16.[3]) Nú á maður, sem heima á í bæ, [birki] eða héraði sök á hendur manni, sem búsettur er utan þess bæjar [birkis] eða héraðs, fyrir ofríki, hervirki, rán, illmæli, er framin eru í þeim bæ, [birki] eða héraði, hvort sem hann er þar staddur eða eigi, svo og fyrir [vitanlega] skuld, er í bænum [birkinu] eða héraði á að greiðast samkvæmt skriflegri skuldbindingu hins, eða fyrir aðra slíka krǒfu, er maður hefir undir gengist að greiða á þeim stað, og má þá sækjandi, svo framarlega sem hinn er þar staddur, sækja hann á því héraðs- [birki-] eða bæjarþingi, þar sem sakarefnið gerðist eða skuld skyldi lokið, svo sem það væri hans varnarþing, eftir að sækjandi hefir löglega stefnt honum þangað.

---

1) Sbr. N. L. 1—6—7, kgsbr. $^{17}/_{10}$ 1771, $^{31}/_{3}$ 1787, tilsk. $^{27}/_{11}$ 1816, tilsk. nr. 12, $^{23}/_{8}$ 1904, II. 2.

2) Sbr. N. L. 1—4—18, l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882. 7. gr., l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905, 9. gr. og l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914.

3) Sbr. N. L. 1—19—23, l. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885, 12. gr., l. nr. 9, $^{9}/_{2}$ 1900, 2. gr.; l. nr. 59, $^{10}/_{11}$ 1905, nr. 33, $^{11}/_{7}$ 1911. Sbr. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 300. gr.

1687 15. apr. 17.[1]) Nú hefir maður undirgengist [með hönd sinni og innsigli eða fyrir dómi] að svara til sakar fyrir dómi, þar sem eigi er varnarþing hans, og ber honum þar að svara til sakar og þola dóm.

18. Nú hefir maður átt einhverju forstöðu að veita, svo sem verið fjárhaldsmaður ómyndugs manns, kirkju, skóla eða fátækra, haft á hendi bæjargjaldkerastörf eða aðrar slíkar sýslanir, og ber honum þá, eða erfingjum hans, að svara þar til sakar, er hann hefir tekist slíkt á hendur.

20.[2]) Nú stefnir innlendur maður eða útlendur manni á varnarþing hans, og ber honum þá, eða umboðsmanni hans, að svara andstæðingi sínum til sakar á sama þingi, ef andstæðingur hans hefir þar einhverja réttmæta sök á hendur honum í því máli.

22.[3]) Sá, er stefndur er til þess að hlýða á vitnaskýrslur, á að sækja það þing, þar sem vitnin á að spyrja, enda þótt það sé eigi varnarþing hans.

23. Nú á stefndur fleiri varnarþing en eitt, og má stefnandi þá kjósa, á hverju varnarþinginu hann vill sækja andstæðing sinn, og ber stefndum að svara þar til sakar til þrautar, svo framarlega sem hann hefir þar haldið »dúk og disk«, þá er honum var fyrst stefnt.

24. Nú er vafi á um varnarþing manns, og er honum stefnt á eitthvert dómþing, er hann vill segja sig frá, en hann hefir hvorki sagt né sannað stefnuvottum þegar í stað né dómara fyrsta skifti, er þingað var í málinu, hvert varnarþing hans væri, og má sækjandi þá halda málinu fram á því þingi, sem hann hefir sótt hinn á, enda skal stefndur svara þar til sakar og þola dóm, [svo og það, er að lögum leiðir af því, ef hann hlýðnast eigi dóminum.]

---

1) Sbr. l. nr. 43, 13/11 1903, 15. gr.
2) Sbr. N. L. 1—4—20.
3) Sbr. N. L. 1—13—2 og 3.

I. bók, 3. kap. Hvar og hve nær þing skuli halda og hvað þar skuli gert. 1687 15. apr

1. Bæjarþing skal haldið opinberlega af dómaranum, og eigi á ráðhúsinu fyrir luktum dyrum.

2. Héraðs- [og birki] þing skulu haldin á hagkvæmum stöðum, sem hafa verið eða síðar verða ákveðnir.

4[1]). Engin þing má halda á helgum dögum eða í dymbilviku eða 3 næstu daga fyrir hvítasunnu, eða frá Tómasmessu fyrir jól til þess daginn eftir þrettánda.

5.[2]) Bæjarþing skulu — — — haldin einu sinni á viku á þeim dögum, sem venjulegt er.

6.[3]) — — -- skulu héraðsþingin haldast í hverri þingsókn. — — —

9. (Reglur um þingboð, sbr. Jb. Kvg. 33, l. nr. 6, $^{12}/_{7}$ 1878, 4. gr.).

10.[4]) [Á þinginu skal fyrst lesa tilskipanir konungs eða boð, er send hafa verið til lesturs], því næst kaupsamninga og afsalsbréf, makaskiftabréf, gjafabréf, veðbréf, fjárhaldskvittanir og annað slíkt, og skulu þeir, er koma með slík bréf til lesturs og áritunar, gera réttarþjónum viðvart, áður dómþing sé sett eða sem fyrst eftir að það er sett. — — —

I. bók, 4. kap. Um stefnur, fyrirköll og frestanir.

1.[5]) Enga málssókn má leyfa gegn nokkurum manni eða vitnaleiðslu, eigi útgefa þingsvitni á þingi eða fyrir neinum dómi, eigi kveðja menn eða láta fram fara skoðunar- eða rannsóknargjörð, án þess að sá, er málið varðar líf hans æru eða eignir, sé

---

1) Sbr. l. nr, 47, $^{20}/_{12}$ 1901, 6. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 4. gr.
3) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 2. gr.
4) D. L. 5—3—28 til 30, 5—7—7, sbr. tilsk. $^{21}/_{4}$ 1833, 4. gr. og l. nr. 11, $^{24}/_{8}$ 1877.
5) Sbr. N. L. 1—2—3, 1—4—37, 1—13—13.

1687 15. apr. löglega til kallaður eða sé þar sjálfur á þingi, enda beri hann það eigi fyrir, að hann hafi eigi fengið löglega viðvörun.

2.[1]) Sækjandi skal stefna þeim, sem sök er á hendur sótt, og öðrum, sem hlut eiga að máli, með 2 mönnum fyrir sólsetur [annaðhvort munnlega eða skriflega] á heimili þeirra, á hvaða þing eða fyrir hvaða dóm sem stefna skal.

4. Þeir, sem birta skriflega stefnu með dómsinnsigli fyrir, skulu birta hana í áheyrn þess, sem stefnt er, eða hans fólks eða annara, sem þar kunna að vera nærstaddir, og skulu þeir annaðhvort láta þá fá afrit af stefnunni eða veita þeim nægan tíma til þess að afrita hana, ef þeir æskja þess, — — —

7. Til bæjarþings veitist [munnlega eða skriflega] 8 daga og til bygðar- [og birki] þings 14 daga stefnufrestur, ef þeir, sem stefnt er, eiga lögheimili eða dvalarstað í þingsókn, [birki] eða bæ, þar sem þingið er haldið. — — —

8. 14 daga frestur veitist þeim, sem er utan bæjar, og 4 vikna, ef hann er utan [birkis eða] þingsóknar, en þó í sama lögdæmi.

9. 2 mánaða stefnufrestur skal manni veittur, ef hann er innan lands, en utan lögdæmis.

10.[2]) Nú á maður hvergi heimili í ríkinu og vill leynast, þá skal honum veittur 6 vikna stefnufrestur, þar sem hann hafði síðast heimili sitt eða athvarf, og einnig 6 vikna frestur á lögþinginu[3]).

12.[4]) Nú er sá utan ríkis, sem stefnt er, eða menn vita eigi, hvar hann er, og skal þá stefna honum á sömu stöðum, sem nú voru nefndir (þ. e. í 1—4—10) til þess að svara til sakar áður árið sé á enda,

---

1) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 17.—22. gr., tilsk. 15/8 1832, 5. gr.
2) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 16. gr.
3) Landsyfirdóminum nú, tilsk. 11/7 1800, 12. gr.
4) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 16. gr. og tilsk. 11/7 1800, 15. gr.

og ber þá næstu erfingjum hans eða umboðsmönnum að svara máli hans og gera honum viðvart. 1687 15. apr.

16. Nú fer maður brott af landi eða úr lögdæmi eftir að honum hefir verið löglega stefnt, og skal þá fara með málið, sem honum er um stefnt, svo sem hann hefði þar verið (áfram). — — —

18.[1]) Nú er maður lögsóttur um landskuld, húsaleigu eða annað slíkt gjald eftir jörð eða hús, þá telst sá staður heimili, jafnvel þó að stefndur eigi þar ekki heima. Þó ber að stefna honum með sama fresti og áður segir, ef hann er utan bæjarins, lögdæmisins eða ríkisins.

20.[2]) Ef maður veitir málaflutningsmanni eða öðrum manni umboð til þess að sækja mál, þá er sú stefna gild, er umboðsmaðurinn fær af hálfu andstæðingsins svo sem umbjóðanda hefði sjálfum verið stefnt.

24.[3]) Fresta má máli með samþykki beggja aðilja, svo og ef dómarinn getur eigi vegna lögmætra forfalla komið á staðinn. — — —

32.[4]) Nú er manni löglega stefnt [munnlega eða skriflega] og mætir hann hvorki sjálfur né umboðsmaður hans, fyrir löglegum undir- eða yfirdómara sínum, enda hafi hann eigi forföll og sanni þau glögt, [og skal dómarinn þá leggja honum lögdag, þó eigi lengur en til næsta þings, og skal hann það sækja, en ef hann sækir þá eigi þingið], þá skal dómarinn dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, enda skal aðför eftir þeim dómi gera, og má hann sjálfum sér um kenna, að hann þverskallaðist við þingsókninni.

---

1) Sbr. N. L. 1—2—15.

2) Sbr. N. L. 1—2—20.

3) Sbr. N. L. 1—10, tilsk. 3/6 1796, 5. og 6. gr., tilsk. 15/8 1832, 11., 12. og 15. gr.

4) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 2. gr. og 15/8 1832, 8., 9. 14. og 15. gr.

1687 15. apr. 34.[1]) Nú stefnir maður öðrum manni fyrir yfirdóm og sækir þó hvorki þingið sjálfur né umboðsmaður hans né sannar lögmæt forföll, þá er hann af sökinni, unz hann stefnir löglega af nýju, og gjalda skal hann auk þess andstæðingi sínum ómaksbætur (»kost og tæringu«) eftir því, sem sannað verður.

37. Eigi þarf stefnu við, þótt maður ætli að láta lesa á þingi afsalsbréf sín, makaskifta-, gjafa- eða veðbréf, fjárhaldskvittan eða þesskonar. Eigi heldur, þótt maður [selji fram bú sitt], segist undan skuldaábyrgð dánarbús, eða ef löghald er lagt á fé eða mann eða forföll sönnuð.

I. bók, 5. kap. Um dómara.

1.[2]) Dómarar skulu vera heiðursmenn, er eigi fyrir skuldum (vederhæftige) og hafi óflekkað mannorð, og skulu þeir dæma hverjum manni lög hlutdrægnislaust, eftir eiði þeim, er þeir hafa unnið konungi [og aftast er í lögbókinni skráður].

2.[3]) Enginn dómari, er á þingi er sóttur um mál, sem varðar mannorð hans, má í dómi sitja, fyrr en hann er þar af annað hvort löglega hreinn orðinn eða sýknaður með dómi.

6.[4]) Enginn dómari má dæma í þeim málum, er varða sjálfan hann. En ef hann skipar einn dóminn, skal yfirvaldið á staðnum — — — setja í stað hans einhvern annan heiðursmann, heimilisfastan, er eigi fyrir skuldum (vederhæftig).

8.[5]) Dómarar skulu eigi draga mál með því að skjóta þeim á frest. Eigi heldur er þeim heimilt að

---

1) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 7. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{20}/_{1}$ 1821, 16. gr., l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 7. gr., l. nr. 11, $^{20}/_{10}$ 1905, 3. og 5. gr., l. nr. 36, $^{11}/_{7}$ 1911.

3) Sbr. l. nr, 44, $^{10}/_{11}$ 1907, 7. gr.

4) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 6. og 13. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914 5. gr.

5) Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 23. og 33. gr., og l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 6. gr.

hafa mál undir dómi lengur en 6 vikur, nema báðir aðiljar annaðhvort samþykki það eða beiðist þess eða maður hafa ótvíræð og lögleg forföll og geti því eigi sótt þing á réttum tíma. Nú dregur dómari lengur mál, en nú var um mælt, og skal hann þá, hve nær sem slíkt ber við, greiða til næsta spítala 200 lóð silfurs[1]). 1687 15. apr.

9.[2]) Nú spillir dómari máli manns með drætti eða vafningum, eða synjar eða færist undan að leyfa vitnaleiðslu eða spyrja vitni, eða láta spyrja þau eða neitar um eftirrit af því, er honum ber að veita eftirrit af, og yfirdómstóllinn telur dómara hafa gert sig um þetta sekan, þá skal dómarinn eigi að eins taka málið upp aftur á sinn kostnað, heldur og ábyrgjast aðilja skaða er hann hefir beðið þar af[3]).

11. Ef stefndur vill þegar gera skil, þá má dómari eigi leyfa málssókn á hendur honum.

12. Dómarar mega eigi kveða upp »óendanlega« dóma með þessum orðum: »Nema annað sannist«, »annars verði minst«, »öðruvísi verði samið«, »álitið« eða »sannað«, eða með öðrum slíkum endileysum.

13.[4]) Þeir skulu lesa greinilega dómana upp á þingum, að viðlögðum 20 lóðum silfurs, og skulu þeir láta í té eftirrit dómanna í greinilegum og glöggum orðum, svo að eigi megi tvímælis orka, og eigi geti tafið fyrir rétti nokkurs manns Í dómriti skulu einnig vera röksemdir málsaðilja, svo að hægt verði, er málið kemur fyrir æðri dóm, að fá fullnægjandi vissu um málavöxtu alla af dómritinu.

14. Í peningamálum skal berum orðum tiltekið, hversu háa innstæðu, vexti og kostnað greiða skuli

— — — —

---

1) Sbr. kansbr. $^{8}/_{7}$ 1806.
2) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 124. gr.
3) S. l. 310. gr.
4) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 8. og 17. gr. og tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 16. gr.

1687 15. apr. 15.[1]) Nú verður maður skyldaður með dómi til þess að gera eitthvað eða inna eitthvað af höndum, og skal þá setja honum ákveðinn frest, og skal hann hafa fullnægt dóminum áður frestur sá sé liðinn, enda skal við lögð ákveðin refsing, ef dómi er eigi fullnægt.

16.[2]) Dómana[3]) skulu þeir, jafnskjótt sem uppkveðnir eru, afhenda hinum eiðsvarna ritara, svo að rita megi þá þegar í dómabókina[4]), og aðiljar megi þegar fá afrit af þeim, er þeir æskja þess.

20.[5]) Þegar dæma á glæpamann frá lífi -- — — á bygðar- [og birki] eða bæjarþingi, þá skal dómarinn kveðja 8 hina beztu þingmenn til dómsetu með sér, að viðlagðri 60 lóða silfurs sekt, en aðra dómsmenn má hann eigi nefna þar til. — — —

24.[6]) (Sagt, að málskostnaður í málum aðalsins skuli settur »eftir því sem málið hefir verið »efalaust« eða »efasamt«).

27.[7]) Í málum þeim, sem óhægt er að útkljá á þingi, skulu leyfðar dómnefndir og skipaðar eftir beiðni beggja málsaðilja, en skorist annar þeirra undan og vilji eigi láta tilnefna góða menn í málum, er eigi verða útkljáð eða eiga að útkljást á annan hátt en með dómnefnd, enda þótt á hann hafi verið skorað, þá er hinum aðilja rétt að leita tilnefningarinnar einn, en færa skal hann sönnur á, að hann hafi boðið andstæðingi sínum að kjósa helming dómnefndarmanna.

---

1) Sbr. N. L. 1—22—48 og l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, III. kafla.

2) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 17. gr.

3) »Dommenis Slutninger« í danska textanum, en það svarar nú til dómsins í heild.

4) Þingbók, ráðstofubók eða »Protokollen« í danska textanum.

5) Sbr. N. L. 1—7—1, tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796. 24. og 36. gr.

6) Sbr. N. L 1—5—31, 1—6—11, 18 og 20.

7) Sbr. 13. gr. stjskr. $^{5}/_{1}$ 1874.

28. Ef einn eða fleiri dómnefndarmenn eða aðrir góðir menn, sem nefndir eru í gjörð, sækja eigi fund sakir löglegra forfalla, þá mega þeir, sem komnir eru, taka aðra góða og gjaldfæra (vederhæftige) menn í stað hinna. 1687 15. apr.

29. Dómnefndarmenn og aðrir slíkir skulu, ef unt er, lúka því, sem þeim er falið, áður 6 vikur séu liðnar frá því, er skipunin barst þeim, og hið síðasta á mánaðarfresti eftir starfalok láta í té dómrit, og afhenda þá hverjum einum þau skjöl og skilríki, er hann hefir lagt fyrir réttinn.

30. Nú verða dómnefndarmenn eða aðrir dómarar, er í dómi sitja eða líkt er ástatt um, eigi á eitt sáttir um dóma eða gerðir, og skal þá meiri hluti atkvæða ráða dóminum eða gerðinni. En séu þeir jafnmargir hvorum megin, þá lætur forseti og þeir, sem honum fylgja, dóminn rita, og enginn annar.

31. Dómnefndarmenn skulu og í dómsatkvæði sínu kveða á um það, hvor málsaðilja eigi að greiða kostnaðinn af dómnefndinni og hvort sá, er hana hefir útvegað, skuli greiða hann allan, eða nokkuð af honum, og hve mikið, og skulu þeir líta á það, hvor hefir haft betri málstað, og því vinnur það í öllum greinum, svo og hvort málið er svo vaxið, að óhægt var að fara öðru vísi með það, eða sá, sem dómnefndina útvegaði, gat með minni kostnaði rekið málið fyrir venjulegum dómi, því að þá á slík tilbreyting í málsmeðferð eigi að baka þeim, sem tapar, neinn óþarfa kostnaðarauka.

I. bók, 6. kap. Um málskot.

1. Nú fela málsaðiljar dánumönnum að ráða til lykta ágreiningi, og er oddamaður með eða eigi, þá er alt það, sem þeir gera, enda sé það heimilt eftir umboði þeirra, statt og stöðugt, og verður því eigi skotið til nokkurs dómstóls til ógildingar. En þó heldur konungur sínum rétti.

1687 15. apr.

5.[1]) Skiftabréfum, aðförum, úthlutunum í búum[2]) er skotið til þess yfirdóms, er þeir standa undir, sem gerðirnar framkvæmdu.

7.[3]) Dómum prófasta skal stefnt fyrir stiftamtmann og biskup.

8. — — — Sömuleiðis (skal stefna) dómum stiftamtmanns og biskups — — — fyrir hæstarétt. — — —

10.[4]) Nú vill maður áfrýja dómi undirdómara, sem dæmdur er á héraðs-, [birkis-] eða bæjarþingi, sem eigi heyrir beint undir yfirhirðréttinn (nú hæstarétt), og skal þá fá dóm undirdómarans ritaðan og stefna honum innan 6 mánaða frá dómsuppsögu fyrir — — — yfirréttina, en síðar verður honum eigi áfrýjað. — — —

11. Ef maður áfrýjar dómi undirdómara fyrir yfirdómara til ónýtingar, og sá dómur verður í öllum greinum staðfestur af yfirdómaranum, þá ber honum að greiða andstæðingi sínum hæfileg ómakslaun og undirdómaranum það sem sanngjarnt er eftir málavöxtum.

12. — — — En ef það er eigi gert (þ. e. máli áfrýjað til hæstaréttar [eða yfirhirðréttar] áður en 18 mánuðir eru liðnir frá dómsuppsögu), þá skulu þeir (þ. e. dómarnir) óhaggaðir að því, er til dómarans kemur, svo að hann verður vítalaus, þó að konungur veiti leyfi til áfrýjunar[5]). — — —

14. Þó skal engum fyrirmunað, enda þótt fram-

---

1) Sbr. skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 96. gr., l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 53. gr.

2) Í danska textanum: Udlæg i Örvelös Boe og i Godsis Opbydelse.

3) Sbr. N. L. 1—2—12 og tilsk. nr. 12, $^{23}/_{8}$ 1904, II, 2.

4) Sbr. tilsk. $^{10}/_{8}$ 1735, 10. gr., kgsbr. $^{10}/_{12}$ 1749, op. br. $^{21}/_{1}$ 1816, tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, IV., tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 16. gr., skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 96. gr., l. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885, 11. gr., l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 53. gr., l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 12. gr., l. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911, 11. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914, 8. gr., l. nr. 52, $^{30}/_{11}$ 1914 15. gr.

5) Sbr. þó tilsk. $^{10}/_{8}$ 1735, 9. gr.

annefndur frestur sé liðinn, að áfrýja til staðfestingar dómi eða gjörð, þegar þeim er eigi áfrýjað til ónýtingar. 1687 15. apr.

15. Svo er og, ef maður vill stefna andstæðingi sínum og kærir eigi yfir málsmeðferð eða dómi, heldur yfir því, að andstæðingur hans hafi annaðhvort krafizt þess, er síðar sést, að áður hafi verið greitt, eða hann hafi á annan hátt beitt rangindum í málinu, þá má hann stefna andstæðingi sínum fyrir — — — hæstarétt fyrir það tjón, er hann hefir þannig bakað honum með ólöglegu móti eða fyrir fals, eftir því sem málavextir eru til og hann treystir sér til að halda fram og verja með réttu.

16.[1]) — — — Og má engu máli stefna til hæstaréttar konungs, er minna nemi en svo, að höfuðstóllinn eða það, sem málið er af risið, sé 200 lóð silfurs eða þess virði, hvort sem það er skuld, sektir eða annað, nema málið varði manninn sjálfan eða mannorð hans (ens Person, gode Navn og Rygte).

18.[2]) Nú kemur maður með mál fyrir — — — hæstarétt konungs, er hefir þegar verið eða átti að hafa verið dæmt í undir- og yfirdómi, og hann hefir þó eigi með sér dómrit í málinu, þá skal honum vísað frá dómi, og gjaldi andstæðingi sínum ómaksbætur.

19. Nú er dómurum, dómsmönnum, eða þeim, sem dómkvaddir hafa verið til að fremja einhverja gjörð, stefnt til ógildingar á dómum þeirra eða ákvæðum, en þau verða dæmd óröskuð, og skal þá sá, er stefnt hefir, endurgjalda þeim ferðakostnað þeirra báðar leiðir.

20. Ef maður stefnir eða lætur stefna sér til hæstaréttar konungs og málið er ljóst og vafalaust

---

1) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 11. gr. og tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 16. gr. sbr. 4. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{5}/_{6}$ 1796, 5. og 6. gr.

1687 15. apr. eða þrætan er annars óþörf, að eins til þess að tefja málið, andstæðingi sínum til mikils kostnaðarauka, þá skal sá, er málinu tapar, eigi að eins gjalda andstæðingi sínum þann kostnað sanngjarnlega, er hann hefir haft af málinu, heldur og hæfilegar ómaksbætur. En ef hann vill gera full skil og fullnægja dómi þeim, er upp var kveðinn, og andstæðingur hans stefnir honum fyrir — — — hæstarétt konungs til þess að baka honum meiri kostnað, eða einungis til þess að fá staðfestan dóminn, þá greiðir hann andstæðingi sínum engan kostnað, enda hafi hann eigi gagnáfrýjað málinu.

21.[1]) Nú er mál ljóst og vafalaust og aðili, sem ógjaldfær reynist, stefnir fyrir — — — hæstarétt konungs yfirdómara dómi, þar sem hann er samkvæmt réttu skuldabréfi eða skriflegri skuldbindingu dæmdur til þess að greiða eitthvað, eða láta af hendi, og ber honum þá að setja tryggingu eða fullnægjandi ábyrgð fyrir því, er dómurinn greinir, svo og fyrir kostnaði þeim, er hann bakar andstæðingi sínum með sakardrættinum og málskotinu. En ef hann getur eigi eða vill eigi setja tryggingu, þá skal áfrýjunarstefnan eigi vera því til fyrirstöðu, að andstæðingur hans láti fullnægja dóminum með aðstoð dómsvaldsins.

I. bók, 7. kap. Um lögréttumenn og þingmenn.

1.[2]) Auk sórenskrifara (á Íslandi: sýslumanns) skulu í dómi sitja 8 lögréttumenn, og skulu þeir dæma með [sórenskrifara] í óðals- og eignaþrætum og lífláts- [og æruleysis] sökum, en í öðrum málum skulu þeir sitja hjá sem vitni og vera til vitundar öllu því, sem á dómþingi gerist, enda skal [sórenskrif-

1) Sbr. N. L. 1—22—24, tilsk. $^{13}/_{1}$ 1792, l. nr. 2, $^{19}/_{2}$ 1882, 7. gr.

2) Sbr. N. L. 1—5—20, tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 24. og 36. gr., l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 7. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914, 5. gr., l. nr. 52, $^{30}/_{11}$ 1914, 1. gr.

ari] þá einn dæma, innsigla og verja dóminn, nema þar sem lögin, hér eða annarstaðar, bjóða lögréttumönnum sérstaklega að dæma með [sórenskrifaranum], og skal með þá dóma, er þeir dæma til samans, fara svo sem áður er sagt í 5. kap. 30. gr. Og þá er slíkum dómi er áfrýjað, þá skal [sórenskrifarinn] verja dóminn með 2 af mönnum þeim, sem dæmt hafa með honum, en hinir veita þeim umboð til þess. 1687 15. apr.

5.[1]) Allir lögréttumenn skulu heita því með eiði, að þeir vilji, er þeir eru kvaddir til að sitja í dómi, gefa góðar gætur að öllu því, er á dómþingi gerist, svo að þeir megi, ef þess verður krafizt, bera rètt og satt þingsvitni um það, og að þeir muni meta svo og dæma mál þau, er undir þá ber, sem þeir hyggja sannast og réttast og helzt að lögum. Svo og að þeir muni gera alt það með trúmensku og ráðvendni, sem þeim er falið réttarins vegna.

I. bók, 8. kap. Um réttarritara.

1. Allir þeir, sem í undirrétti eða yfirrétti eru skipaðir ritarar, skulu fara ráðvandlega með starfa sinn samkvæmt eiði þeim, er þeir hafa unnið.

2.[2]) Þeir skulu hafa hver sína þing- [eða ráðstofu] bók — — — ásamt öllum bókum, er réttinum heyra til, tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar. — — — Notarius publicus regius skal og hafa gegnumdregna bók með innsigli. — — —

3. Þeir skulu skrá í nefndar bækur með ástundan og ráðvendni kauplaust, það sem á dómþingum gerist, hvort sem það eru dómar, úrskurðir, þingsvitni, veðbréf, afsalsbréf, makaskiftabréf, gjafabréf — — — og önnur réttarstörf í þeirri röð, sem þau eru

1) Sbr. l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 10. gr., l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 1. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914, 4. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 17. gr.

1687 framlögð í, og mega þeir eigi rita á þingi á annað,
15. apr. eða á lausa seðla, og hreinrita það síðan heima hjá sér, heldur skulu þeir þá þegar á þinginu eða þar sem réttur er haldinn, skrá það í áður nefndar bækur. Blöðin skulu þeir og skrifa út, og eigi láta nokkurt autt rúm vera, er nokkuru verði bætt á.

4.[1]) Enn fremur skulu þeir hafa bók, þar sem skráð séu eftirrit allra uppkveðinna dóma. Einnig bók, þar sem orðrétt skulu skráð öll veð-, afsals-, makaskifta- og gjafabréf og þess konar, eftir að þau eru þinglesin og árituð bæði af dómara og ritara. Og skal láta í té úr þeim skýrslu til handa þeim, er vita þurfa, hvort eignir, sem boðnar eru að veði, eða skifta á á þeim, afsala þeim eða gefa þær, hafa áður verið öðrum veðsettar eða afhentar. — — —

7. — — — En sérhver skrifari og dómari, sem trúað er fyrir þingbókum og skjölum, skal vera skyldur tafarlaust að láta þá, er hlut eiga að máli og þess óska, fá rétt eftirrit af alls konar skjölum, bréfum og málflutningsskjölum, er málsaðiljar leggja fram í dóm, meðan hann hefir þau í höndum. — — —

9. Nú lætur skrifari dragast að gefa einhverjum eftirrit annaðhvort af þingsvitni, — — — dómi eða öðrum bréfum meira en 14 daga eftir að þau eru tekin, og til sveita 4 vikur eftir þingferðina, enda sé þeirra beðist í þinghaldinu og hálf ritlaun — — — greidd, þá sektist hann um 2 lóð silfurs fyrir hvern dag til handa þeim, er eftirritanna biður.

10. Nú heldur — — — yfirréttarskrifari dómseftirriti fyrir einhverjum meira en 4 vikur eftir að þess er óskað, og skal hann þá fyrir dag hvern bæta 4 lóð silfurs.

---

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{8}$ 1833, 6. og 8. gr., op. br. $^{28}/_{8}$ 1841, og l. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911, 28. gr.

I. bók, 9. kap. Hverir megi sækja dómþing fyrir sjálfa sig og aðra. 1687 15. apr.

13. Nú fer málflutningsmaður út fyrir umboð sitt, umbjóðanda sínum til tjóns, þá ber honum að svara umbjóðanda fyrir það.

14.[1]) Eigi er maður skyldur að nota málflutningsmann, er hann vill sjálfur fara með mál sitt eða láta fjárhaldsmann sinn, frænda eða þjón gera það.

I. bók, 10. kap. Um forföll.

1.[2]) Þessi eru lögleg forföll í öllum málarekstri: Ef maður liggur á sóttarsæng, svo að hann fær ekki komið, eða maður er að gegna embættisstarfa, eða hann er kvaddur til að koma fyrir æðri dóm, eða hann skal verja jörð sína. — — —

I. bók, 12. kap. Um velsæmi á dómþingum.

1. Hver, sem á þing kemur eða fyrir dóm eða dómnefnd, hvort sem hann er málsaðili, umboðsmaður, vitni eða aðrir, skulu heiðra rétt konungsins og flytja mál sitt og koma fram fyrir dómi með hógværum orðum og siðsamlegum tilburðum og látæði, bæði gagnvart dómara og andstæðingi sínum.

2. Á þing mega koma hverir sem vilja, þótt þeir hafi þar engu máli að gegna. Þó skulu þeir eigi sitja þeim mönnum til þrengsla, sem þar eiga að vera eða hafa mál með höndum. Enn fremur eiga þeir allir að fara út, ef þeim er út vísað. Sekist ella 3 lóðum silfurs.

3.[3]) Hver, sem á þingum eða fyrir dómi eða dómnefnd gerir dómaranum óhljóð með ópi, buldri, barsmíð eða blóti, eða illmælir andstæðingi sínum eða öðrum heiðvirðum mönnum, og óhlýðnast dóm-

---

1) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 15. gr. og l. nr. 32, $^{20}/_{10}$ 1905.
2) Sbr. kgsbr. $^{19}/_{10}$ 1798, 2. gr. og tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 15. gr.
3) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 99. gr.

1687 15. apr. ara og vill eigi láta ná að halda réttinn, bæti dómara 3 lóð silfurs. — — —

5. Hver sem án leyfis dómarans eða skipunar sver og leggur guðs nafn við hégóma á þingum eða fyrir nokkurum dómi, skal bæta fyrsta sinni hálft kvintin, öðru sinni 1 kvintin og svo tvöfalt framvegis, tvo þriðjunga næsta spítala, og þriðjung dómaranum, af því að hann heimtir það. Og skal hver, er þannig sver, fullnægja dómaranum áður en hann fer af þinginu eður úr dómi. Hafi ella fyrirgert 3 lóðum silfurs, hálft til næsta spítala, hálft til dómarans, og greiði þó fyrir hvern eið, er hann hefir svarið, sem áður segir.

I. bók, 13. kap. Um vitni og þingsvitni[1]).

1. Vætti er eigi fult, nema tveir beri, enda beri þeim saman og beri um eitt og hið sama.

2. Engum er skylt að bera vitni annarstaðar en á varnarþingi sínu, enda sé honum löglega stefnt.

3. Nú vill maður góðviljuglega bera vitni óstefndur eða fyrir öðrum dómi til þess að spara þar með kostnað, og er honum það heimilt.

4. Nú eru — — — þeir, sem á sóttarsæng liggja eða hafa önnur forföll, krafðir vættis, og skulu þá þeir, sem sjúkir eru, og þeir, sem óskrifandi eru, bera vætti heima hjá sér og vinna eið að því í áheyrn tveggja skilríkra manna. En þeir sömu menn skulu síðan lýsa vætti þeirra á þingi og vinna eið að. En aðrir skulu senda til dóms í tækan tíma skriflegt vætti sitt. staðfest með eiði sínum og innsiglum, enda skal það metið bæði um sönnunargildi og refsingu svo sem þeir hefðu svarið með upprétt-um fingrum á þingi.

5. Eigi skal þeim leyft að bera vitni, er menn

---

1) Sbr. tilsk. $^{9}/_{8}$ 1741.

vita eigi deili á, nema þeir geri grein fyrir því, hverir þeir séu, hvar þeir eigi dvöl og hvar þeirra sé að leita, og skal það skráð í þingbókina. 1687 15. apr.

6. Annars má enginn á þingi bera vitni eftir skrifuðum seðli, nema hann hafi hann sjálfur skrifað, lesi hann upp fyrir dómi og staðfesti með eiði.

7. Nú er maður krafinn vitnis í máli og leggur dómari fyrir hann að sverja þess eið[1]), að hann skuli bera sannleik í því máli, þá skal hann segja alt, sem honum er kunnugt um málið og dómarinn eða málsaðiljar spyrja hann um til skýringar því máli. — — —

8. — — — Einkum ef málið er mjög mikilsvarðandi og varðar æru og líf eða velferð manna, skal kalla vitnin eitt og eitt inn og spyrja þau. — — —

12. Nú ber svo við, að vitni ber gagnstætt öðru vitni í sama máli, og skal dómarinn þá vandlega rannsaka alla þá vitnisburði á báðar hliðar, og dæma eftir þeim, er réttir mega virðast. — — —

13. Nú hefir maður borið vitni á þingi og leiða skal önnur vitni gegn framburði hans á öðru þingi, þá skal honum löglega stefnt til þess að hlusta á þau vitni.

14. En ef vitnisburður síðari vitna er eigi móti þeirra, er fyrr báru, þarf eigi að stefna þeim til vitnaleiðslunnar.

16. Nú sannast það, að sá, er gegn öðrum vitnar, er opinber hatursmaður hans, þá skal vitnisburður hans að engu hafður.

17.[2]) Vilhöll vitni, svo sem húsbóndi, húsfreyja, foreldrar, börn, hjú, systkin eða jafnnánir að mægðum, skulu eigi tekin gild, nema engin önnur vitni sé hægt að fá, einkum í vígs-, ofríkis- og þesskonar málum, því að þá skulu þeir bera vitni, er vita.

18. Þeir skulu og taldir vilhöll vitni, er sjálfir

---

1) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 13. gr. og l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 4. gr.
2) Sbr. op. br. $^{16}/_{9}$ 1778 og l. nr. 11, $^{20}/_{10}$ 1905, 12. gr.

1687 15. apr. hafa tekið þátt í verknaði þeim, er þeir eiga að bera vitni um.

19.[1]) Ef barn ber vitni, sem er yngri en 15 ára, þá verður það vitni hvorki bætt upp né felt.

20.[2]) Eigi skal trúnaður lagður á framburð ódæðismanna eða þess, sem sannur er orðinn að æruleysissök, þjófnaði, landráðum eða göldrum, þó að þeir vilji bera eitthvað og vitna á móti manni.

21. Þeim skal eigi trúað, er hvarflandi er í framburði sínum, og segir sitt á hvað og játar og neitar á víxl. — — —

22. Sá, er leiða vill vitni að því, er annar hefir sagt, hann skal gera það þegar í stað og á fyrstu þingi, er hann fær löglega stefnt til, eftir að hann hefir fengið vitneskju um áburðinn (Paasagn). Ellu skulu vitni um það, er annar hefir sagt, eigi tekin gild gegn mótmælum hans.

23.[3]) En að ári liðnu má enginn leiða vitni um það, er hann hefir heyrt annan segja.

24. Lögkvaðarvottar (Beskikkelsesvidner) eiga að staðfesta með eiði fyrir dómi það, er þeim er svarað, ef það er vefengt, og verður þeim eigi hrundið, nema þeir verði reknir með öðrum löglegum vitnisburðum eða öðrum ljósum gögnum.

28. Nú á annar málsaðilja kost á að afla sér betri gagna og upplýsinga en þær voru, sem í dóm komu, eftir að dómur er genginn, og skal honum þá eigi fyrirmunað að gera það, svo framarlega sem hann vinnur eið að því, að hann hafi þá eigi um þær sannanir vitað eða hafi eigi getað aflað þeirra, svo að hann megi leggja málsgögn þessi fyrir æðri dóm, er málið kemur þangað. En eftir að mál er dæmt í hæstarétti konungs, þá skal enginn frekari málarekstur leyfður.

---

1) Sbr. l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 8. gr.
2) Sbr. l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 8. gr., tilsk. $^{15}/_{4}$ 1840, 14. gr.
3) Sbr. tilsk. $^{5}/_{8}$ 1734, 2. gr.

29. Þingsvitni er það, er góðir menn, lögréttu- 1687
menn, eða þingmenn, sem á því þingi voru, hafa 15. apr.
borið með eiði um það, er þeir sáu og heyrðu, enda hafi sá, er málið varðaði, verið sjálfur á þingi eða verið löglega stefndur þangað, og er þingsvitni svo öflugt, að ekkert verður á móti því mælt.

I. bók, 14. kap. Um áburð og eiða.

2. Eigi skal framar eiða leyfa á þingum eða í málssóknum, hvorki af kæranda né hins hálfu, sem fyrir sök er hafður, en lögin og rétturinn krefst eða leyfir.

3. Vitnum, sem með eiði eru borin, má eigi neita með eiði andstæðingsins.

4. Enginn má eið vinna fyrr en dómarinn býður það eða leyfir.

5. Dómari skal eigi greiðlega leyfa málsaðiljum að vinna eið eða leggja fyrir nokkurn að gera það, heldur skal hann hafa það í huga, að sá er sækir á, á að leiða lögmætar sönnur að máli sínu.

6. Synjunareið má dómari dæma mönnum, ef honum virðist málið útheimta það, eða að minsta kosti eftir málavöxtum svo, að jafnvel þótt eigi sé full sönnun framkomin, þá sé þó sterkur grunur á því, að sá sé sekur, sem fyrir sök er hafður, og að hann eigi því að lögum að synja fyrir sök með eiði, svo að hann megi verða laus við frekari ákæru. En eið gegn eiði má dómari aldrei leyfa og því síður bjóða manni að vinna.

I. bók, 15. kap. Um eigin játningu.

1. Nú gengst maður við því, sem á hann er borið og hann er sakaður um, fyrir dómi, og má hann þá eigi síðar taka það aftur[1]).

2. Nú situr maður í fangelsi og er á valdi og

1) Sbr. hjónabandsgr. $^{2}/_{6}$ 1587 (hór).

1687 15. apr. undir nauðung annars manns, og játar þá eitthvað á sig, er hann síðar, þá er hann hefir fengið frelsi sitt aftur, tekur aftur og synjar fyrir, og á þá slik játning eigi að vera honum til tjóns eða tálma.

3.[1]) Nú er maður sóttur og kærður um einhverja sök og býður andstæðingi sínum peninga eða annað, ekki fyrir þá sök, að hann játi sig sekan, heldur til þess að losna við málaferli, en andstæðingur hans vill eigi þiggja boðið, og getur tilboðið þá eigi verið nein sönnun um sekt hans, heldur á andstæðingur hans að leiða aðrar lögmætar sannanir gegn honum í því máli.

I. bók, 16. kap. Um áreið.

1.[2]) Nú kærir maður það, að honum sé órétt-ur gerður á jörðu, engi, skógskiftum, görðum, vatnsföllum, byggingum, beit í sameignarlandi, eða akri, landamerkjum, fiskiveiðum og öllu sliku, er eigi verður dæmt, nema skoðun fari fram, og skal þá [sórenskrifari] ganga á staðinn með 6 lögréttumönnum, er fógeti nefnir, og rannsaka þar og skoða, og að áreið lokinni ber dómara að kveða upp dóm þegar á staðnum.

I. bók, 19. kap. Um löghald og kyrrsetning.

1. Réttarins þjónar og fógeti konungs skulu framkvæma kyrsetning, eða, ef þeir eru eigi við, tveir heiðursmenn.

2. Nú neita þjónar réttarins að framkvæma kyrrsetningu, þá er hennar er beðist á fjármunum eða manni, og skulu þeir þá ábyrgjast beiðanda tjón það, er hann sannar sig hafa beðið fyrir þá sök.

---

1) Sbr. tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 41. gr., tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 28. gr.

2) Sbr. N. L. 1—2—15, 1—7—1, tilsk. $^{31}/_{8}$ 1719, 4. gr., tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 21. gr., tilsk. $^{9}/_{6}$ 1796, 24. og 36. gr., tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 12. gr., tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 20. gr., l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, 7. og 9. gr., l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914.

3. Nú kyrrsetja þjónar réttarins mann eða fjár- 1687
muni, er eigi má kyrrsetja, og ábyrgjast þeir það þá 15. apr.
sjálfir.

4.[1]) Sá, er krefst kyrrsetningar á manni eða fjármunum, skal setja þeim, er kyrrsetningar er krafist hjá, fulla tryggingu eða ábyrgð fyrir því, að hann skuli þar vera, þar til er málinu er til lykta ráðið, og svara fyrir alt það óhagræði, er af kyrrsetningunni getur leitt, ef hún reynist ólögleg.

5.[2]) Eigi má kyrrsetja þann mann, er kemur á einhvern stað í erindum konungs, og sannar það fyrir þjónum réttarins.

7. Nú getur maður og vill þegar setja fulla tryggingu fyrir því, sem hann er sóttur um, og má þá hvorki kyrrsetja sjálfan hann né fjármuni hans.

8.[3]) Nú á maður, [sem heima á utan bæjar, [birkis eða sókn], að greiða [vitanlega] skuld [eftir réttu bréfi, skuldaskirteini eða dómi], og hefir hann eigi greitt skuldina eða það annað, er honum var skylt, þá má kyrrsetja hann sjálfan, þar sem hann er, eða fé hans, þar sem það hittist, í bænum eða utanbæjar.

9.[4]) [Nú reynist einhver maður, sem heima á í bænum, [birkinu] eða þingsókninni og skuldbundinn er samkvæmt framanritaðri grein, ógjaldfær, og selur hann af hendi eða felur fjármuni sína til þess að svíkja skuldheimtumenn sína, og má þá kyrrsetja fé hans eða sjálfan hann].

10.[5]) Nú hefir maður verið í þjónustu konungs eða annars húsbónda eða haft á hendi aðra sýslan, svo sem fjárhald kirkju, fátækra eða ómyndugra,

---

1) Sbr. l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 3., 4. og 9. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{10}/_{12}$ 1790, l. nr. 56, $^{60}/_{11}$ 1914, 74. og 81. gr.

3) Sbr. l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 3. og 4. gr., l. nr. 8, $^{6}/_{4}$ 1898, 2. gr. sbr. og tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 13. gr.

4) Sbr. l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 60. gr.

5) Sbr. »Kammerréttarsk.« $^{18}/_{3}$ 1720, I. 11., 14., 16. og 17. gr.

1687 15. apr. bæjargjaldkerastörf eða annað, er hann átti að standa skil á, en hefir eigi gert það, og má þá kyrrsetja bæði sjálfan hann og fjármuni hans, ef hann getur eigi sett fulla tryggingu, eða ætlar að flytjast burtu.

11. Nú er maður í skuld um húsaleigu, þegar fardagur sá er liðinn, er hann skyldi flytjast úr húsinu, og má þá kyrrsetja fjármuni hans.

12. En verði hann sannur að því að flytja fjármuni sína úr húsinu, þá má kyrrsetja sjálfan hann.

13. Nú hefir maður verið nætursakir á gistihúsi og þegið greiða, en vill fara úr húsinu áður en hann borgar gistingu og greiða, og má þá kyrrsetja fjármuni hans, þá er í húsinu eru, og sjálfan hann, ef þeir sýnast eigi munu nægja.

14. Nú geymir maður annars manns fjármuni, og þeir verða löglega kyrrsettir, og má geymslumaður þá eigi láta flytja munina burt og rjúfa með því kyrrsetninguna. Nú lætur hann flytja þá burt, og sá vinnur málið, er kyrrsetningu gerði, og er hann þá skyldur að greiða sækjanda það af mununum, sem honum verður dæmt, nema hann sanni löglega, að þeir hafi verið burt teknir með ofríki og gegn vilja hans.

17.[1]) [Nú rýfur kyrrsettur maður kyrrsetninguna] eða flytur til kyrrsetta fjármuni, enda sé kyrrsetning síðan dæmd lögmæt, og dómur gengur honum á móti, [þá má andstæðingur hans sækja hann um ofríki]. — — —

18. Nú reynist maður, er kyrrsetja má, ógjaldfær eða hann skeytir eigi kyrrsetningunni, og mega þá þjónar réttarins, ef þess er beiðst, taka hann til geymslu á þeim stað, er honum sé vanzalaust, þar til er málinu er lokið.

19. Þá er kyrrsetning er gerð vegna skuldar, hvort sem er á manni eða fjármunum, þá skal sá,

---

1) Sbr. N. L. 5—3—33 og alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 255. gr.

er kyrsetningu lét gera, hafa við skuldabréfin eða skilríkin, þegar krafizt er, svo að kyrrsetning verði þegar af leyst, er hinn getur og vill gera skil. 1687 15. apr.

20.[1]) Ef hinn kyrrsetti gerir eigi þegar skil, þá skal kyrrsetjandi þegar halda kyrrsetningunni til laga og þingfesta málið á næsta þingi á eftir, sem hann fær stefnt til. Nú frestast málssóknin og nefnt þing líður hjá, þá er kyrrsetningin þar með úr gildi fallin.

21. Nú reynist kyrrsetning ólögleg, og skal þá sá, er kyrrsetningu lét gera, bæta hinum miska þann og skaða, er hann hefir orðið fyrir, eftir því sem góðir menn meta og dómara þykir sanngjarnt. Og skal hann svara til sakar í því máli þar sem málið um kyrrsetninguna er sótt, enda þótt eigi sé það varnarþing hans.

22. Um lögbönn öll, sem gerð eru af mönnum eða á þingi, skal fara að öllu leyti sem um kyrrsetningu.

I. bók, 22, kap. Um sektir, aðför eftir dómum o. fl.[2])

19. Nú er maður — — — dæmdur til þess að greiða eitthvað eða þola aðför í eignum sínum, hvar sem þær eru, og hann gerir eigi skil innan 15 daga, eða 3 sólarhringa, ef annaðhvort hann eða andstæðingur hans er gestur, og skal fógeti þá — — — krefja aðfarar eftir dóminum. — — —

22. Nú ber svo við, að tveir eða fleiri beiðast þess samtímis, að fógeti geri fjárnám, og skal fógeti fyrst sinna þeim, sem eldri aðfarardóm hefir. En vanræki nokkur sjálfur rétt sinn, þá má fjárnám gera fyrir þann, er heldur máli sínu löglega fram.

23. Nu hafa þeir jafngamla dóma og beiðast þeir fjárnáms samtímis, þá ganga þeir allir jafnt hver öðrum, og ef þeir leita fjárnáms í sömu munum, þá fá þeir allir tiltölulegan hlut í þeim, nema einhver þeirra

1) Sbr. tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 20. gr. og $^{20}/_{1}$ 1797, 11. gr.
2) Sjá tilsk. $^{26}/_{6}$ 1869 og l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887.

1687 15. apr. segi lausu fjárnáminu þegar í stað og beiðist fjárnáms af nýju í öðrum munum.

24.[1]) En ef svo ber við, að maður hefir öðlast aðfarardóm á hendur skuldunaut sínum, og fær eigi gert fjárnám fyrir kröfu sinni vegna áfrýjunar fyrir æðra dóm[2]), en annar maður fær einnig, meðan svo stendur, aðfarardóm á hendur sama skuldunaut, þá skal frá tekið svo mikið af búi skuldunauts handa þeim, sem fyrr hefir dóm hlotið og birt hann nægilega snemma fyrir fógeta, er hinn vill fjárnám gera láta, að nægilegt sé til lúkningar kröfu hans og kostnaði, og skal það, sem frá er tekið, kyrrsett vera, þar til er fullnaðardómur hefir verið kveðinn upp milli hans og skuldunauts hans. En fyrr en eignir hafa á þenna hátt verið frá teknar, má eigi gera fjárnám handa hinum.

28.[3]) Og er sækjanda heimilt fjárnám í þeim munum, er skuldunautur hefir selt af hendi eða veðsett öðrum eftir að sækjandi lét birta honum löglega — — — stefnu til — — — hæstaréttar, eða lét kyrrsetja fjármuni hans eða sjálfan hann eða fékk aðfarardóm á hendur honum. En að öðru leyti skal ekkert, er hefir verið löglega af hendi selt, eða nokkurt löglegt veð, hverju nafni sem nefnist, bíða hnekki af fjárnáminu.

39. Nú deyr sækjandi meðan á máli hans stendur, og mega þá erfingjar halda því áfram eins og hinn látni skildi við það. Sama er og um ómynduga og fjárhaldsmenn.

40. Nú deyr sá, er sóttur er, áður aðför sé gerð eftir undirréttardómi, og eru erfingjar hans eigi skyldir að gegna því máli fyrr en fenginn er viðstöðulaust

---

1) Sbr. N. L. 1—6—21, tilsk. $^{13}/_{1}$ 1792, l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 7. gr.; sbr. og skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 34. gr., l. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894, 25. gr.

2) N. L. 1—22—56.

3) Sbr. N. L. 5—3—33, l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 20. gr. Gildi þessarar greinar (1—22—28) hér hefir þótt mjög vafasamt.

dómur æðri réttar. — — — En ef dómur er genginn í hæstarétti konungs, þá má gera aðför án frekari málareksturs. 1687 15. apr.

48[1].) Ef einhver verður dæmdur til að gera eitthvað annað, svo sem gera reikningsskil, að skila arfi, eignum eða annað slíkt, og gerir það eigi í tækan tíma, [þá má sækjandi láta taka hann fastan með aðstoð yfirvaldsins á staðnum, enda greiði hann konungi sekt].

56. Nú er dómi áfrýjað til æðri réttar, og stefna er lögð fram fyrir þá, sem aðför eiga að gera, og má þá eigi aðför fram fara eftir þeim dómi fyrr en málið hefir verið dæmt af æðra rétti.

II. bók, 5. kap. Um embætti presta, um sakramenti og leynileg skriftamál.

19. Enginn prestur má, að viðlögðum embættismissi, ljóstra nokkuru upp, sem honum hefir verið trúað fyrir í leynilegum skriftamálum, nema með því verði tálmað landráðum eða ógæfu, ef það er birt, og þó skal leyna nafni þess, sem hlut á að máli, ef þess er kostur.

II. bók, 9. kap. Um prestana og embætti meðhjálpara þeirra.

26. (Sagt, að það sem leynilega er um talað milli presta og meðhjálpara annars vegar og sóknarmanna hins vegar um orðasveim og þess konar, skuli eigi fara fyrir veraldlegan dómara, og lögð 60 lóða silfurs sekt við, ef þeir ljóstra slíku upp).

II. bók, 17. kap. Um biskupa.

23. (Sagt, að biskup skuli kæra fyrir konungi, en 2 eða 3 biskupar skuli heyra á varnir hans)[2]).

---

1) Sbr. N. L. 1—5—15. l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, II. kap. og 18. gr.
2) Sbr. stjskr. $^{5}/_{1}$ 1874, 2. gr., N. L. 1—2—11.

1687 15. apr. **IV. bók, 8. kap. Um meðferð sjóréttarmála.**

1. (Sagt, að dómur skuli kveðinn upp í þeim innan 3 sólarhringa).

V. bók, I. kap. Um samninga og skuldbindingar.

6. Nú vill maður synja þess, að það sé hönd hans og innsigli, sem honum er eignað, og er honum þá rétt að bera það af sér með eiði sínum. — — —

7. Sá, er eigi er læs eða skrifandi, skal setja innsigli sitt undir, ef hann hefir innsigli, eða búmerki sitt, og auk þess skulu tveir valinkunnir menn, er hann hefir sjálfur þar til kvatt, skrifa undir með honum sem vottar, enda séu þeir við, er gerningnum er lokið og hann hátt upp lesinn.

V. bók 2. kap. Um erfðir og skifti. (Lögleiddur með kgskr. $^{17}/_{2}$ 1769. Sjá tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850 og skl. $^{12}/_{4}$ 1878).

11. Nú er enginn réttur erfingi til að sjöunda manni[1]) eða réttur erfingi kemur eigi til á næstu 15 árum, en er þó á lífi, og fellur þá arfur undir konung[2]), hvaða forföll sem erfingi þykist hafa haft. En ef samerfingjar sanna lát hans á þessum 15 árum, þá fá þeir arfinn[3]).

24.[4]) Þá er búi er skift, má það hjóna, er eftir lifir, ef búið hrekkur til og allir skuldheimtumenn fá sitt, taka til útfarar sinnar af óskiftu, skuldlausu, búi jafnmikið og hóflega hefir verið kostað til greftrunar hins látna.

25.[5]) Þegar svo er ástatt sem nú var sagt, heldur konan og festargjöf sinni eða morgungjöf — — —

26. Nú hrekkur bú eigi fyrir skuldum, og missir þá það hjóna, er eftir lifir, endurgjalds fyrir útförina, og konan festargjafar sinnar eða morgungjafar.

---

1) Sbr. tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 8. gr. sbr. 7. gr.
2) Nú landssjóð.
3) Sjá kgsbr. $^{9}/_{11}$ 1825.
4) Sjá tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 17. gr.
5) Tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 17. gr. Sbr. l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 24. gr.

30. Skilgetið barn tekur arf eftir föður sinn, ef það fæðist lifandi — — —, en eigi annars. 1687 15. apríl

31. Nú greinir menn á um það, hvort barn fæddist með lífi — — — eða hvort faðir eða móðir lifðu lengur en barnið, eða það lengur en þau, og á það að sanna með skilríkum vitnum.

32.[1]) Þau börn eru skilgetin, er foreldrar þeirra eru saman gefin í hjúskap, jafnvel þótt börnin séu fædd áður en foreldrarnir voru gefin saman.

53. Nú drukkna þeir menn, brenna inni eða missa lífið á annan hátt, er erft skyldu hafa hvor annan, ef annar hefði lifað hinn, og getur enginn sagt eða borið vitni um það, hvor fyrr dó, þá skulu þeir, er arf eiga að taka eftir þá, erfa það, er hvor átti fyrir sig, án tillits til þess arfs, er annar hefði tekið eftir hinn, ef hann hefði lifað hann.

60. (Sagt, að ef maður gerir eignafélag við mann, og skrásetur eigi, hvað hann lagði til, og deyr síðan, þá skuli hinn sanna með eiði, hversu mikið hinn látni átti í félagseigninni).

70. Nú hefir ekkill sá, er eigi hefir skift eftir konu sína með börnum hennar eða erfingjum, tekið sér aðra konu og sett hana í búið óskift lögum andstætt[2]), og skal þá, þegar annaðhvort bóndinn eða konan andast, bóndi eða erfingjar hans löglega sanna, hverjar eignir hans voru, þegar hann setti konuna í búið óskift, svo að börn fyrri konunnar eða erfingjar megi ná arfi sínum eftir hana svo sem vera ber af búinu óskiftu. Nú er það eigi unt, og skal búi þá skift í þrjá staði, til barna eða erfingja, er taka eiga arf eftir fyrri konuna, til barna eða erfingja hins látna, og til þess hjónanna, er eftir lifir. Sama er og, ef bóndi hefir sezt í óskift bú ekkju, um þann arf, er börn eða erfingjar fyrra manns hennar skulu taka eftir hana.

1) Sbr. tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850, 9. gr.
2) Tilsk. $^{30}/_{4}$ 1824, 9. gr.

1687 15. april

71. Frillubarn erfir eigi föður sinn[1]). En ef faðir fer með frillubarn sitt til þings, lýsir því þar og kunngerir, að það sé hans barn, og ánafnar (sköder) því það, er hann vill gefa því, þá skal það halda því, er því var ánafnað, þó svo, að eigi sé það meira en helmingur arfs á við hlut skilgetins barns, og eigi meira. En ef hann leiðir barn í ætt (lyser i Kön og Kuld) og ánafnar (sköder) því ekkert, þá tekur það helming arfs við skilgetið barn. Nú er skilgetið barn eigi til, og tekur þá frillubarn, sem þinglýst er, fullan arf eftir föður sinn. Og ef það tekur nokkurn arf eftir föður sinn, þá erfir það og systkin og föðurfrændur að helmingi á við skilgetin börn, nema faðir þess hafi lýst yfir því á þingi, að frillubarn skyldi eigi meira fá en það, sem hann fekk því í hendur (gav det i Hænde), og fær það þá eigi meira, hvorki eftir föður, systkin né föðurfrændur. Enginn má véfengja, að það barn, er faðir þess þinglýsir því, skuli talið skilgetið barn (Det Barn, som af Fader tinglyst vorder, maa ingen vræge, at det jo holdes for Ægtebarn).

72. Hórbarn, sem getið er af þeim, er með öðrum lifir í hjúskap, tekur eigi arf eftir þann, er brotlegur hefir gerzt í hjúskap, föður eða móður, enda þótt faðir þess hafi þinglýst því og ánafnað (sködet) því, það er mest mátti hann, án þess að hann hafi fengið því nokkuð í hendur að gjöf, áður en hann lézt.

73. Frillubarn tekur arf eftir móður sína jafnt og skilgetið barn, hvort sem því hefir verið þinglýst eða eigi, og eftir móðurfrændur slíkt hið sama.

74. Móðir og móðurfrændur erfa einir óþinglýst frillubarn. En ef því hefir verið þinglýst, erfa faðir og föðurfrændur það, svo sem það væri skilgetið.

75[2]) Nú verður maður þeim að bana, er hann á arf eftir að taka, og vígið varð eigi af slysum (Vaade)

1) Sbr. tilsk. 25/9 1850, 9. gr.
2) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 306. gr.

eða fyrir neyðarvörn, og má þá hvorki vegandi né erfingjar hans taka arf eftir hinn vegna. En arfinum skal skift milli annara nánustu erfingja hins vegna. 1687 15. apríl

88. Ef maður hefir afskifti af dánarbúi og brutlar með það eftir geðþótta sínum án þess að þjónar réttarins séu þar við, þá skal hann standa skil á svo miklu sem þeir vilja, er hlut eiga að máli, skulda hann fyrir með eiði sínum.

89. Nú verður maður sannur að arfsvikum, og skal hann af hendi greiða það, er hann hefir dregið sér, og skaðabætur að auki.

90.[1]) Ef sá maður tekur arf eftir mann, er menn hyggja réttan erfingja og síðan reynist annað sannara, þá skal hann greiða réttum erfingjum aftur fé það alt, er hann tók í eignum eða lausafé, nema landskuldir og annan arð. En ef maður situr í arfi, sem sannað er, að annar á, þá má sá, er arf á með réttu, láta þjóna réttarins og tilkvadda aðstoð leiða hann, samkvæmt dómi, úr arfinum, ef hann vill eigi sjálfur sleppa honum, og ábyrgist erfingja auk þess alla landskuld, er hann hefir tekið við og annan ágóða, auk málskostnaðar[2]).

V. bók 3. kap. Um óðalskaup- og lausn, sölu og makaskifti.

33.[3]) Nú hefir maður verið löglega kyrrsettur — — — eða dæmdur til sekta eða skuldagreiðslu, eða honum er stefnt fyrir skuldir eða aðrar sakir, er geta verið skuldheimtumönnum hans til tjóns, til hæstaréttar, enda hafi sú stefna verið honum löglega birt, og má hann þá eigi flytja úr stað fjármuni sína, láta þá af hendi eða veðsetja — — — fyrr en hann hefir

1) Sbr. kgsbr. $^{9}/_{11}$ 1825, skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 5. gr. c og 70. gr.

2) Sbr. l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905, 5. gr.

3) Sbr. N. L. 1—19—17, 1—22—28, alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 255. gr. (Landsyfirdómurinn hefir eigi talið 5—3—33 gildan hér, Dómas. III. 472

1687 15. apríl gert skil og greitt skuld sína þeim, er lögsóknina hóf gegn honum eða öðlaðist dóminn.

V. bók 5. kap. Um hefð.[1])

5. Nú hefir maður eign í vörzlum sínum, er annar maður kveðst eiga, og er þá haldsmanni óskylt, hversu fá ár sem hann hefir haldið eigninni, að sýna heimild sína til hennar, nema brigðandi komi með sín skilríki, er hann byggir eignarheimtu sína á.

7.[2]) Enginn á að fá eignardóm að nokkurri fasteign, nema hann leiði lögfulla sönnun að heimild sinni, með erfðum, kaupum, eignaskiftum, gjöf eða 20 ára hefð, án þess að átalið hafi verið[3]), og að hann hafi þannig öðlast hana ákærulaust af öllum, er kynnu að hafa haft einhverjar athugasemdir við það.

V. bók 13. kap. Um skuldir.

4.[4]) Gegn réttum og skýlausum skuldaskírteinum eiga umþrættar kröfur eða reikningar eigi að koma til greina. En ef reikningur kemur móti reikningi, þá skal skuldajöfnuð gera.

5.[5]) Nú hefir skuldheimtumaður löglega sótt skuldunaut sinn samkvæmt réttu bréfi til lúkningar skuld þeirri, er bréfið greinir, og skuldunautur hefir jafnrétt bréf frá andstæðingi sínum, en hefir eigi löglega sótt hann til greiðslu þess, og skal þá sá, er löglega hefir sóttur verið, greiða skuld sína, er hann hefir verið löglega sóttur um, en sækja aftur andstæðing sinn löglega um greiðslu til sín.

34.[6]) Nú lýsir maður eigi skuld í bú samkvæmt

1) Sjá l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905.

2) Sbr. kgsúrsk. $^{12}/_{9}$ 1864, 1. c) og l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905, 9. og 10. gr.

3) L. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1905, 4. gr.

4) Sbr. l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 4. gr., l. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894, 20. gr., l. nr. 4, $^{14}/_{2}$ 1902, 1. gr.

5) Sbr. l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 20. gr.

6) Sbr. skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 20.—22. gr.

innköllun, og er sama hvernig skuldabréfi hans er háttað, nema veð sé fyrir skuldinni og hann vilji halda sér að því, þar til hann hefir fengið fulla greiðslu eftir veðbréfinu, eða hann hefir ábyrgðarmann að skuldinni og vill eiga við hann um borgunina, en eigi krefjast greiðslu úr búinu, þá skal [taka frá hans hluta tiltölulegan og geyma ákveðinn tíma, en sæki hann sitt eigi, hefir hann tapað því]. 1687 15. apríl

44.[1]) Í [þrotabúum] eða skuldafrágöngudánarbúum eiga veð-, kaup- og eignaskiftabréf, er út kunna að hafa verið gefin, að vera staðfest með dýrasta eiði bæði af þeim, er af hendi lét, og hinum, er við tók, um það, að þar búi engin svik undir. Og engar afhendingar, sem milli hjóna, foreldra, barna eða erfingja hafa orðið fyrir gjöf, kaup eða á annan hátt, skulu verða skuldheimtumönnum til tjóns, ef skuldunautur var í því ástandi og svo skuldugur orðinn, að hann gat eigi greitt skuldir sínar, og skal það einnig staðfest með eiði.

VI. bók, 14. kap. Um ofríki og hervirki.

6.[2]) Nú vill maður eigi flytjast úr leiguhúsi á fardegi réttum, enda hafi honum verið löglega bygt út, eða hann hefst við í húsi, sem hann á engan rétt til, eða hefir verið dæmdur úr, að ólofi eiganda, og má þá eigandi án frekara dóms láta þjóna réttarins ryðja húsið — — —

Tilskipun um áfrýjun úrskurða og fullnustugjörð námsdóma (eigi birt hér, en þó alment notuð). 1690 17. maí.

Vér Chr. V., o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: að þó að allranáðarsamlegast útgefin lög Vor bjóði bæði dómurunum að flýta málunum svo sem frekast er unt, og málflutningsmönnum að draga eigi málin

1) Sbr. l. nr. 7, 13/4 1894, 28. og 30. gr., l. nr. 3, 12/1 1900, 5. og 24. gr. Sbr. og kammerréttarskipun 18/3 1720 I. 17.

2) Sbr. l. nr. 1, 12/1 1884, 29. gr., l. nr. 19, 4/11 1887, 12. gr.

1690 17. maí. með lögkrókum og vífilengjum, þá höfum Vér þó, því miður, orðið þess vísari, að móti þessu er einkanlega brotið á þann hátt, að þegar mótmæli koma fram í málum gegn því, að rétt hafi verið stefnt, eða gegn því, að vitni séu leidd, eða öðru, og undirdómararnir hafa því orðið að úrskurða milli málsaðilja, áður en dómur var genginn í aðalmálinu, þá vilja sumir málflutningsmenn, og einkum þeir, er tekið hafa að sér röng mál til flutnings, eigi hlíta úrskurðum dómaranna, heldur beiðast eftirrits af úrskurðinum til þess að draga tímann og þreyta mótpartinn, og láta stefna úrskurðinum fyrir yfirdómarann, er þeir hafa fengið eftirritið, en við þetta bæði eyðist lengri tími en þörf er á, og mótparturinn verður fyrir meiri drætti og kostnaði. Fyrir því hefir Oss allranáðarsamlegast þóknast að bjóða og skipa, eins og Vér hér með bjóðum og skipum öllum yfir- og undirdómurum, að þeir skuli eigi leyfa, að slíkir úrskurðir verði ritaðir einir sér, fyrr en dómur er genginn í aðalmálinu, en þá skal það vera málsaðiljum frjálst að láta stefna úrskurðum þessum, sem orðrétt skulu ritaðir í dómsgjörðirnar, fyrir æðra rétt, ásamt aðalmálinu, ef því verður áfrýjað. Þó er engum bannað með þessu, ef honum þykir þess gerast þörf, að láta stefna vitnum þeim, sem leidd hafa verið fyrir undirrétti, fyrir yfirrétt, á þann hátt er lögin fyrirskipa, áður dómur gengur í aðalmálinu — — —[1]).

1693 19. des. **Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi.** (Eigi birt hér, en þó fylgt)[2]).

Vér Chr. V., o. s. fr. Gjörum öllum kunnugt: — — — **1.** Það skal hverjum einum leyft vera að

---

1) L. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 9. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{21}/_{6}$ 1793, kgsbr. $^{13}/_{1}$ 1792, tilsk. $^{22}/_{4}$ 1817, $^{3}/_{6}$ 1818, op. br. $^{19}/_{3}$ 1819, l. nr. 2, $^{14}/_{1}$ 1876, 17. og 18. gr., skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 29.–31. gr., l. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885, 1. gr. 10, l., l. nr. 16, $^{16}/_{9}$ 1893, l. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911, V. kap., l, nr. 32, s. d., 12. gr.

láta selja fjármuni sína á opinberu uppboði og koma 1693
þeim í peninga, hvort sem eru jarðeignir eður 19. des.
kaupstaðareignir eður annað lausafé og vörur. Þó verða það að gera menn þeir, er vér höfum allranáðarsamlegast til þess kvatt og skipað. — — — **4.** Hver og einn má í húsi sínu eða í annars góðs manns húsi, er hann fær leyfi hjá og semur við, láta bjóða upp fjármuni sjálfs síns eða þeirra, er hann er fjárhaldsmaður fyrir. **5.** — — — bæjarfógetar í kaupstöðum svo og héraðs- [og birkis]fógetar til sveita, er Vér — — — höfum skipað til að stýra uppboðum þeim, er þar fyrir falla, — — — skulu hafa réttar, gegnumdregnar bækur með blaðsíðutali og innsigli á, — — — **7.** Í bækur þessar ber — — — að skrá ítarlega í fyrsta lagi, hver vörurnar lét selja, í öðru lagi tíma og stað, er uppboðið var haldið, og í þriðja lagi ber að geta við hvern lið nafns þess, er keypti, og verðsins, er vörurnar voru seldar fyrir.[1]) — — — **9.** Og til þess að tryggja það, að alt fari rétt fram og hlutdrægnislaust, bæði seljanda vegna og kaupanda, þá skulu uppboðshaldarar hrópa hátt upp hlut þann, er verið er að selja, þrisvar sinnum eftir að hæsta boð er fengið, og verði hæstbjóðanda með svo feldu móti sleginn hluturinn, heldur hann honum átölulaust að öllu leyti. — **10.** Uppboðshaldarar skulu tilkynna í tæka tíð með prentuðum eða rituðum auglýsingum tíma og stað, er selja á eitthvað á uppboði, til þess að þeir fái vitneskju um það, er þar vilja eitthvað kaupa.[2]) — **11.** Þeir mega eigi, nokkurum manni í vil, breyta röðinni eftir hinum prentuðu skrám eða sleppa neinu, sem þar er talið, og því síður gera það fyrir bjóðanda að hraða sölunni meira en vera ber. Sæti ella hæfilegri refsingu, og ber þeim að öllu leyti að fara eftir verðlagi því er, seljandi

---

1) Sbr. l. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885, 1. gr., 10. lið.
2) L. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911, 38. gr.

1693 19. des. skýrir þeim frá, og mega eigi, án hans leyfis, láta selja neitt ódýrara, nema þeir vilji ábyrgjast honum verð það, er hann hefir lagt á, ef kært verður. — — — **13.** Ef veðhafi lætur, annaðhvort samkvæmt bréfi eða dómi, selja veðið á uppboði, og sá, er fyrr átti veðið, vill bjóða í það, þá skal hann skyldur að setja uppboðshaldara þegar í stað trygging fyrir boði sínu. Að öðrum kosti verður því enginn gaumur gefinn. — -- — **17.** Ef hús eða eign er seld á opinberu uppboði, þá mega uppboðshaldarar afsala eignina á þingi í hendur kaupanda, og skal afsal það vera jafngilt og öflugt, sem önnur lögleg afsöl, er eigendur gera. Þó skal um þessi afsöl þeirra fara að öllu leyti svo sem lögin — — — að öðru leyti greina um afsöl.

1700 10. apr. **Tilskipun um breytingu almanaksins.** (LfI. 1. b. 550).

Alþingissamþykt um Almanaksbreytinguna.

1. júlí. — — — **2.** Um vertíðarhald — — — er nú svo til sett, að vertíð, sem áður venjulega byrjaðist á Pálsmessu, 25. janúarii, skuli nú eftir þeim nýja stýl byrjast á næsta virkan dag eftir Kyndilmessu— — —, og nefndur er Blasiusmessa, og skal þar í frá haldast um fullar 14 vikur, sem kongsvaldið hefir áður hér í landið til sett. — **3.** Vinnuhjúaskildagi, sem venjulega hefir áður verið á Vor-Krossmessu, 3. maji, skal nú hér eftir haldast eftir nýja stíl, að verði á næstan dag fyrir Hallvarðsmessu, þann 14. maji[1]). — — — **4.** Heyannir, sem venjulega hafa átt áður að byrjast um Þingmariumessu, skulu eftir þeim nýja stýl hér eftir byrjast á Margrétarmessu, sem ævinlega innfellur þann 13. júlii, og haldist ei skemur en um fullar 10 vikur. -- — —

1705 15. maí. **Tilskipun um afnám ýmissa ranginda.** (Gildir enn væntanlega að nokkuru um þjóðjarðir)[2]).

1) Sjá tilsk. $^{20}/_{1}$ 1866, 4. gr.
2) Sbr. l. nr. 30, $^{20}/_{10}$ 1913.

Vér Fr. hinn IV. o. s. frv. gerum kunnugt: — — — 1705
1. Hér eftir skal það vera alvarlega bannað öllum, 15. mai.
er kynnu að hafa jarðagóz vort eða jarðir að léni, að leggja nýjar álögur á landseta sína fram yfir það, er hefir goldið verið af slíkum jörðum frá alda öðli. — — — 2. Allir landsdrottnar skulu skyldir að gefa landsetum sínum byggingarbréf, og skulu þar teknir fram allir þeir skilmálar, er aðiljar verða á sáttir, enda skal landseta eigi skylt að greiða eða gera neitt, er eigi sé fram tekið í byggingarbréfinu[1]). — 3. Allir landsdrottnar skulu láta landsetum sínum í té skriflega kvittun um það, er þeir inna af hendi, hvert sinn, er þeir gjalda eftir ábýlisjarðir sínar. — — — 4. Hér eftir má enginn landsdrottinn dirfast að taka leigur af dauðum kúgildum framar en lög leyfa[2]), svo að þeir samningar, sem landsetar kynnu að hafa látið kúgast til að gera fyrir fortölur eða nauðung, skulu með öllu ónýtir vera, enda skal landsdrottnum sjálfum vera skylt að leggja til leigukýr í skarðið fyrir þær, sem of gamlar verða eða farast, er svo stendur á, að lög leysa landseta undan ábyrgð á þeim[3]). — 5. Engum landseta er skylt að flytja smjörleigur heim til landsdrottins, ef lengri er leið en svo, að hann megi fara hana á 2 dögum[4]). Enginn landsdrottinn er fyrirsvar hefir jarðeigna vorra, hvort sem hann er andlegrar stéttar eða veraldlegrar, má byggja nokkurum landseta út, meðan hann hefir jörðina löglega í byggingu og geldur eftir hana svo sem að fornu hefir verið og rétt er[5]).— — —

---

1) Sbr. l. nr. 1, 12/1 1884, 2. og 3. gr.
2) Sbr. s. l. 15. gr.
3) Sbr. Jb. Kb. 16.
4) Sbr. l. nr. 1, 12/1 1884, 25. gr.
5) Sbr. l. nr. 30. 20/10 1913, 3. gr.

1708 11. mai. **Konungsbréf (til stiftamtmanns) um ráðstafanir gegn prestum, þeim er láta prestssetrin falla og niðast niður.** (Sbr. erbr. 1/7 1746, 17. gr.).

Fr. IV. o. s. frv. (Í konungsbréfi þessu segir, að prestar séu eigi að eins skyldir að halda við húsum á prestssetrum og öðru, sem þeim fylgir, í góðu og forsvaranlegu standi, heldur eigi þeir og að byggja þau upp og bæta, svo sem framast er unt, og ef þeir vanræki þetta og hafi þó verið löglega aðvaraðir af prófasti tvisvar eða þrisvar, skuli þeir missa brauðið, nema þeir setji fulla tryggingu fyrir því, sem vangert var).

1719 31. marz. **Tilskipun um ýmislegt, er varðar réttvisina.** (Ekki birt hér, en 4. gr. lýst gild í tilsk. 11/7 1800, 20. gr.).

Vér Fr. IV., o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: — — — 4.[1]) Í eignamálum og áreiðarþrætum, þar sem deila er um, hvar skilur eign manna í beitilandi, skógi, fiskivatni, mylnutjörn eða öðru því um líku, og í kaupstöðum um þakrennur, ræsi, stéttir o. s. frv., skal hver og einn skyldur að láta kunnuga og óvilhalla menn gera uppdrátt af staðnum, er deilan er um, til þess að uppdráttinn megi síðan nota fyrir öllum réttum, og á landslag á staðnum að vera sýnt á uppdrættinum, eins og báðir málsaðiljar játa það rétt vera, með áttum og öðrum einkennum, og eiga því allir þeir, er deila, að vera viðstaddir, er hann er gerður. — — —

1720 18. marz. **„Kammerréttarskipun".**

I. (11., 14., 16. og 17. gr. tala um kyrrsetningu á gjaldheimtumönnum og eignum þeirra, ef vanskil verða, og sýna, að þar eru eigi heimtuð hin ströngu skilyrði fyrir kyrrsetningu, er N. L. 1—19—8 og 9 hafa að geyma).

---

1) Sbr. tilsk. 11/7 1800, 20. gr. og l. nr. 5, 17/3 1882. 9. gr.

17. Engin afsöl, er aðalskuldari (gjaldheimtu- 1720
maðurinn) eða ábyrgðarmaður hafa út gefið, skulu 18. marz.
gilda gagnvart slíkri kyrrsetningu, er lýst hefir verið á heimaþingi þeirra -- — —, nema þau hafi verið þinglesin og árituð áður lögfrestur sé liðinn[1]) og áður en kyrsetningin fór fram, og skal bæði kaupandi og seljandi leggja eið út á það á þinginu, þar sem á afsölin er ritað, að þau séu rétt og að engin svik búi undir. Svo skal og greint, hvort andvirði sé að nokkuru greitt, og enn fremur skulu þeir, sem undir hafa ritað sem vitundarvottar, leggja eið út á það, að þeir hafi verið við, er afsölin voru undirrituð og innsigluð, og að þau hafi eigi verið fyrr (ældre) útgefin en þau voru dagsett. En gjafa- og lénunarbréf og þess konar bréf skulu á engan hátt verða vorri kröfu til hnekkis. Eigi er heldur nokkurum af þjónum vorum, er eiga að gera oss reikningsskil eða er falið að krefja nokkurs af tekjum vorum frá þeim tíma, er hann var tekinn til slíks starfa, né heldur ábyrgðarmönnum, er gengið hafa í ábyrgð fyrir nokkurn af þess konar þjónum vorum, frá því, er þeir tóku á sig ábyrgðarskuldbindinguna, leyfilegt að veðsetja neitt af eignum sínum, föstum eða lausum, hverjum sem veðsett er, og eigi er heldur nokkurum leyfilegt að taka við slíku veði, enda skal slík veðsetning, hvort sem veð er handselt eða þinglesið, vera ógild og að engu hafandi, þar til er vér höfum fengið fullgreiddar kröfur vorar bæði hjá gjaldheimtumanni og ábyrgðarmanni[2]).

— — —

Tilskipun um það, hve nær vinna megi fyllingar- eða synjunareið[3]). 1723
5. nóv.

Vér Fr. IV., o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: Jafnvel þótt greinilega sé sagt fyrir um það í 14.

1) D. L. 5—3—28 til 29, tilsk. $^{24}/_{4}$ 1833, 4. gr., op. br. $^{28}/_{4}$ 1841.
2) Sbr. tilsk. $^{30}/_{1}$ 1793, 40. gr., op. br. $^{23}/_{7}$ 1819 og $^{11}/_{12}$ 1869.
3) Sbr. tilsk. $^{14}/_{9}$ 1792, l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911.

1723 5. nóv. kapitula í fyrstu bók Laganna, hvernig að skuli farið um ákærur og eiða, þá höfum Vér þó því miður orðið þess áskynja, að ýmsir ósiðir eiga sér stað í því efni, og óregla, og er þetta sumpart í því fólgið, að málsaðiljar rita fyllingar- eða synjunareiða, sem dómarinn hefir eigi lagt þeim fyrir, í sóknar- eða varnarskjöl sín, sumpart í því, að dómararnir leggja stundum fyrir málsaðilja að vinna fyllingar- eða synjunareið og taka hann af þeim, en með þessari aðferð taka þeir eigi að eins fyrir frjálsa og eðlilega rás málsins, þar sem hlutaðeigendur missa fyrir hana lögleg mótmæli, er þeir kynnu að hafa gegn því, að slíkir eiðar væru teknir, heldur verður og af því mjög mikið hneyxli fyrir misbrúkun guðs nafns. Til þess því að afnema þenna skaðlega ósið og óreglu, og til þess að málsaðiljar verði eigi fyrir órétti, hefir Oss þóknast allranáðarsamlegast að skipa svo fyrir, eins og Vér einnig hér með alvarlega skipum fyrir, að enginn dómari, er dómum hans má skjóta til æðri réttar, má, þegar hann telur þörf vera á fyllingar- eða synjunareiði til upplýsingar máli, taka slíkan eið, ef gagnaðili mótmælir því, eða lýsir því yfir, að hann ætli að áfrýja dóminum, nema höfuðstóll málsins og það, er það er af risið, nemi eigi svo miklu, að málinu megi að lögum stefna fyrir hæstarétt. Því að sé svo, má yfirdómarinn binda enda á málið með því að taka fyllingar- eða synjunarðið þann, er fyrir var lagður. En ef málsaðiljar eru báðir samþykkir því, að hinn dæmdi eiður sé tekinn, þá má jafnvel dómari í héraði taka hann. Sömuleiðis viljum Vér stranglega fyrirbjóða, að nokkur riti í sóknar- eða varnarskjöl sín eið, sem honum hefir eigi verið fyrir lagt að vinna. — — —

1732 2. maí. **Konungsbréf (til stiftamtmanns) um samningu nýrrar íslenzkrar lögbókar m. m.**

Chr. VI., o. s. frv. — — — En á meðan á þessu

stendur og þangað til nýju íslenzku lögin eru full- 1732
gerð og samþykt af Oss, er það jafnframt Vor allra- 2. maí.
náðarsamlegastur vilji, að íbúarnir og hlutaðeigandi
réttarins þjónar fari í öllu eftir gömlu lögunum og
svo nefndum réttarbótum, eða tilskipunum þeim, sem
gefnar hafa verið út fyrir landið, nema um réttar-
gang og málarekstur (Processernes Maade og For-
malitet), sem haga skal fyrst um sinn eftir því, sem
segir í Norsku lögum, samkvæmt konungs tilskipan
þeirri, er þar um hefir áður verið gerð.

Tilskipun um barneign í lausaleik og heimting á hjóna- 1734
bandi út af því. (Lögleidd með kgsbr. $^{14}/_{6}$ 1740). 5. marz.

Vér Chr. VI., o. s. frv., Gerum kunnugt, að Oss hefir þóknazt allramildilegast að gera breytingar og skýringar, svo sem nú skal sagt, á nokkurum greinum í lögunum, er snerta barneign í lausaleik og heimtingu á hjónabandi út af því: — **1.**[1]) Ef heiðvirð dánumannsdóttir eða mær lætur mann leggjast með sér, [án undangenginnar trúlofunar eða jáorðs], þá má hún sjálfri sér um kenna, og er sá, er hana barnaði, eigi skyldur að giftast henni, nema hann hafi heitið henni eiginorði áður en hann fékk vilja sinn með henni, en þá skal hann skyldur að eiga hana. — **2.** Nú lætur slík heiðvirð kona barna sig [án undangenginnar trúlofunar eða jáorðs] og getur eigi fært sönnur á, að henni hafi verið heitið eiginorði, með því að sýna skriflegt og skýrt loforð þess manns, er hún kennir það, eða með lögmætum vitnum, á þann hátt er segir í næstu grein á eftir, og skal þá sá, er sakaður er, bera það af sér með eiði sínum og vera síðan sýkn saka. — **3.** Ástabréf eða laus orð og lof-orð skulu eigi skylda neinn til hjónabands, en þegar svo stendur á sem fyrr segir, að kona hefir börnuð verið — — — og færa skal sönnur á, að henni hafi heitið

1) Sbr. hjónabandsgr. $^{2}/_{6}$ 1587 (um jómfrúkreinkjara).

1734 5. marz. verið eiginorði, skal það eitt heit til greina taka, er maður með hendi sinni og innsigli og með undirskrift tveggja valinkunnra manna sem vitundarvotta hefir skuldbundið sig til að eiga hana, eða er hann í viðurvist tveggja eða fleiri góðra manna hefir munnlega og skilmerkilega heitið henni eiginorði. Þó skulu vottarnir að slíku munnlegu heiti löglega leiddir innan árs og dags, og má dómarinn jafnvel eigi taka við þeim eftir þann tíma. — 4. Þó að maður hafi heitið konu eiginorði, er hann hefir barnað, — — — skal það eigi til greina tekið eða koma henni að notum, ef hann var eigi orðinn fullra tuttugu og fimm ára. — 5. Ekkja á engu síður að verja æru sína en fé, og ef maður liggur hana, sem eigi er lögráðamaður hennar[1]), — — — þá verður hún að hafa það svo búið, jafnvel þótt henni hafi verið heitið áður eiginorði. — 6. Nú legst maður með dóttur dánumanns eða mey, og hefir sá áður beðið hennar fyrir konu, en var synjað ráðahagsins af foreldrum eða réttum fjárhaldsmönnum, og verður hún þá að hafa það svo búið; þó skal hann leggja henni sæmilegan heimanmund eftir efnahag sínum og mati óvilhallra manna, ef hann vill eigi kvongast henni, og hún sjálf eða foreldrar hennar og fjárhaldsmenn krefjast þess[2]). — 7. Ef kona, hvort sem er ekkja eða mær, sem er í þjónustu dánumanns, er legin af húsbónda sínum eða syni hans eða frænda hans eða mági, er hann hefir tekið í hús sitt og í vernd sína sem sonur hans væri, þá skal hún eigi geta krafizt hjónabands — — —[3]). — 8. Ef það sannast, að kvenmaður, sem krefst hjónabands af manni, hefir haft á sér lauslætisorð, þá skal hún, ef hún vill hrinda óorði því, er á hana er komið, sanna það með vitnisburðum ráðvandra og heiðvirðra alþektra manna, að hún hafi hegðað sér siðsamlega hvervetna

1) D. L. 6—13—2.
2) Hjbgr. s. st., D. L. 6—13—4.
3) Sbr. alm. hegningarlög 25. júní 1869, 312. gr.

þar sem hún hefir dvalizt frá barnæsku, og skal þá óorð það, er sannað hefir verið á hana, eigi vera henni til baga að neinu leyti, en geti hún eigi sýnt slík skilríki, þá verður hún sjálfri sér um að kenna. — **9.** Ef kvenmaður í barnsnauð eða fyrir presti sínum segir rangt til um, hver sé faðir að barni hennar, þá skal eigi trúnaður lagður á orð hennar, og hún skal eigi geta krafizt hjónabands. — **10.** Að öðru leyti skal um hjónabönd og barnanir farið í öllu eftir lögum og tilskipunum þeim, er um það hafa allramildilegast verið út gefnar, að svo miklu leyti sem eigi er breyting á þeim orðin fyrir þessa Vora allramildilegustu tilskipun. 1734 5. marz.

Tilskipun um ýmislegt um réttvísina og réttarþjóna í Noregi. (Eigi birt hér, en fylgt að nokkuru). 1735 19. ág.

Vér Chr. VI., o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — — — **2.** Enginn undirréttardómari, hvort heldur er í kaupstöðum eða til sveita, má víkja úr dómarasæti af leti, eftirlátssemi eða einurðarleysi, og yfirvaldið má eigi, ef það vill njóta mildi Vorrar, skipa annan mann í hans stað, nema hann sé sjúkur eða rúmfastur, eða málið varði sjálfan hann, [eða hann sje á þingi sóttur um mál, er varðar æru hans og mannorð[1]), — — — alt þetta samkvæmt því, er segir í laganna 1. bókar 5. kap. 6. gr., 3. bókar 4. kap. 4. gr., og 5. bókar 3. kap. 10. gr., svo og þegar svo stendur á, sem segir í laganna 1. bókar 22. kap. 13. og 14. gr.,] því að þegar svo er ástatt, en annars eigi, mega stiftamtmenn í kaupstöðum og amtmenn til sveita[2]) skipa í hans stað skynsaman, ráðvandan og fullveðja mann til að gegna dómaraembættinu. Þó má eigi til þess taka umboðsmann dómarans eða þjón. En ef dómari sökum sjúkdóms og löglegra forfalla beiðist þess af yfirvaldinu, að umboðsmaður

1) Sbr. l. nr. 44, 10/11 1907, 7. gr.
2) Nú jafnan stjórnarráðið.

1735 19. ág. hans og þjónn megi veita embætti hans forstöðu um stuttan tima, og yfirvaldið telur umboðsmanninn til þess hæfan, þá má það leyfast dómaranum, þó svo, að hann beri sjálfur ábyrgðina, sem sæti hann sjálfur í réttinum, og skulu stiftamtmenn í kaupstöðum og amtmenn til sveita taka áður eið af umboðsmönnum þessum, með því að þeir skipa réttinn í stað eiðsvarins embættismanns. — — — **9.** Ef yfirdómari verður þess vísari, að málsaðili hefir eigi getað fengið eftirrit af dómi eða gerð hjá dómara eða öðrum réttarþjóni, og því eigi getað borið sig upp undan dóminum eða gerðinni í tæka tíð, en hlutaðeigandi aðili hefir innan þriggja mánaða frá því er hann fékk eftirritið, öðlazt allranáðarsamlegasta uppreisn Vora og áfrýjað málinu til æðri réttar, þá skal Laganna 1. bókar 6. kap., 12. gr. eigi leysa dómara þann eða réttarþjón, ef hann er á lífi, er málinu er áfrýjað, undan ábyrgð þeirri, er hann hefir annars bakað sér að lögum, jafnvel þótt dómi hans eða gerð sé eigi í tíma áfrýjað, þegar veita þarf allranáðarsamlegasta uppreisn Vora. — — — **10.**[1]) Ef það skyldi bera við, að hæstiréttur — — — eða annar yfirréttur fyndi ástæðu til einhverrar orsakar vegna, að vísa máli því, er þangað hefir verið stefnt, heim aftur til að dæmast af nýju eður og til löglegri meðferðar, en hinn löglegi áfrýjunarfrestur yfir- eða undirréttardómsins er þá útrunninn, þá viljum Vér þó hérmeð allranáðarsamlegast leyfa, að áfrýjandi, sem þykir sér óréttur ger með hinum gengna yfir- eða undirréttardómi, megi, þótt áfrýjunarfresturinn sé útrunninn, og án þess að sækja um allranáðarsamlegasta uppreisn Vora, stefna dóminum af nýju fyrir hlutaðeigandi yfirdómara, ef hann gerir það innan 6 mánaða frá uppsögn heimvísunardómsins, hafi hann verið kveð-

1) Sbr. kgsbr. $^{19}/_{12}$ 1749.

inn upp í hæstarétti, — — — en innan 3 mánaða, hafi hann verið kveðinn upp í öðrum yfirréttum. — — — 1735 19. ág.

Tilskipun um skerping laganna gegn temere litigantes og óréttvisum dómurum og málflutningsmönnum. (Eigi birt hér, en höfð til hliðsjónar sem alment réttarfarslagaboð. Sbr. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 311. gr.). 1735 23. des.

Vér Chr. VI., o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — — — **2.**[1]) Ef málsaðili hefir farið svo ólöglega og einþykknislega að, eða á annan hátt sýnt svo ótilhlýðilega breytni í málinu, að hann getur sætt sekt fyrir samkvæmt Lögunum og útgefnum tilskipunum, þá viljum Vér eigi að eins bjóða hérmeð, að slíkan aðilja ber eftirleiðis að sekta í hvaða dómstól sem er í báðum konungsríkjum Vorum, og það jafnvel frekara en gert hefir verið hingað til, heldur viljum Vér einnig náðarsamlegast, að sérhver aðili, sem dæmdur er fyrir breytni sína og háttalag í málinu í sekt nokkura, hverrar tegundar sem er, í undir- eða yfirrétti, eða — — — í hæstarétti Vorum, skuli jafnframt og auk þess greiða jafnmikið og sektin nemur í dómsmálasjóð[2]), og skal innheimta þetta fé við fullnustugerð dómsins ásamt sektinni; þó er hér eigi átt við fallsmálssektir né heldur fjársektir þær, er lögskipaðar eru í 2., 3., 4., 5. og 6. bók laganna, og eigi eiga að koma fyrir breytni málsaðilja í málinu, heldur fyrir aðrar yfirsjónir þeirra. — **3.** Dómararnir skulu með árvekni og alúð hafa eftirlit með því, að málflutningsmenn, hvort er þeir flytja mál fyrir undireða yfirréttum eður og fyrir hæstarétti Vorum, breyti í öllu eftir því, sem boðið er í Lögunum, tilskipunum, eiðstaf þeirra eður og í hæstaréttarpatenti og instrúxi, og í hvert sinn er þeim yfirsést í þessu, skulu þeir

1) Sbr. tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 39. gr., tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 26. gr., og tilsk. $^{11}/_{8}$ 1819.

2) Nú landssjóð.

1735 23. des. láta þá sæta sektum eða refsa á annan hátt[1]), þeim mun meira, sem þeir, er tekizt hafa á hendur að leiðbeina öðrum, eiga eigi að afsaka sig með vanþekkingu. Og í hvert sinn er málflutningsmaður er sektaður, skal hann greiða jafnmikið og sektin nemur í dómsmálasjóð[2]), og skal það innheimt ásamt sektinni[3]). — — — 4. og 5. gr. (sjá hl. 310. gr.).

1736 13. jan. **Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins confirmation og staðfesting í hans skirnarnáð.** (Lögleidd með kgsbr. 9/6 1741, 7. gr.[4]).

Vér Chr. VI., o. s. frv., gerum öllum vitanlegt: — — — 1.[5]) Barna confirmation og innvígsla svo og þeirra opinberlegt examen og yfirheyrsla skal vera almenn regla og fullkomin skylda, sem öll börn í söfnuðinum, engu fráskildu, af hverju helzt standi og virðugleika þau eru, skulu óbrigðanlega til skyldast, svo að ekkert manngreinarálit orsaki hina minstu misklið í samkundunni. — 2) Engin börn mega confirmerast, sem eigi hafa áður gengið í skóla, eða verið uppfrædd í þeim sérlegustu kristindómsins höfuðgreinum; en þar engir opinberir skólar eru stiftaðir í söfnuðinum, þá skulu þau fyrst af djáknanum eða öðrum hæfum manni leiðast til að þekkja guð, áður en þau að síðustu verða af prestinum uppfrædd í skilningi fræðanna, yfirheyrð og confirmeruð. — 3) Af því margir foreldrar gleyma fyrst og oft sinni skyldu í því að láta uppfræða sín börn í tíma, þá skal kennimaðurinn í söfnuðinum gefa góðar gætur að, hvort þeim börnum, sem snarlega ásetja sér að ganga til guðs borðs (uppá hver hann í tíma skal gera sér

1) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 10. og 11. gr.
2) Nú landssjóð.
3) Sbr. tilsk. 25/6 1869, um afplánun fésekta o. s. frv.
4) Sbr. kgsbr. 29/6 1744, tilsk. 25/6 1759, sbr. og tilsk. 29/6 1744 (um barnaspurningar).
5) Sbr. lög nr. 4 19/2 1886, 11. gr.

registur, að svo miklu leyti sem orðið getur), hefir verið af þeirra foreldrum haldið í skóla, en hafi þeir verið hirðulausir í því, á hann að uppörfa þá þar til. Vilji þeir á engan hátt láta uppfræða sín börn, og börnin, nær þau fram koma, eru óupplýst, þá skal kennimaðurinn þau ei confirmera, alt svo lengi þau eigi hafa betri uppfræðing fengið. — 4) Kennimaðurinn skal ei alleinasta í þeim vanalegu examinibus í kirkjunni æfa þau börn framar öðrum með spurningum og andsvörum, sem framboðin verða til confirmation, heldur og einnig skal hann árinu áður en hann hugar þau muni vilja fram koma láta þau þess á millum, eftir því sem hans embættiskringumstæður eru, koma til sín í sitt hús, til að undirvisa þeim í þeirra kristindómi, með þeim hætti, að þau ei einasta fái skilning á meiningunni, eftir bókstafnum, í þeim nauðsynlegustu trúarinnar greinum, heldur og einnig verði upphvött til að ná þar af lifandi þekkingu og iðkast þar í, svo að börnin undir eins og guðs sannindi verða þeim kröftuglega og alvarlega fyrir sjónir sett og innrætt, uppvekist til að gefa rúm sannleikanum og fái sannan smekk og andlega reynslu til að eftirfylgja honum í þeirra líferni og framferði, í einu orði að segja, komist til sannar hjartans og sinnisins umvendunar. — 5.[1]) Það confirmationstímanum viðvíkur, þá skal, að dæmi þeirrar fyrstu kirkju, sá fyrsti sunnudagur eftir páska, sem kallaður er quasi modo geniti, þar til vera skipaður; en hvar söfnuðirnir eru stórir, má sá fyrsti sunnudagur eftir Michaelismessu, eða og þar söknirnar eru ærið stórar, sá fyrsti sunnudagur eftir nýár, þar til haldast; kennimaðurinn skal eftir sinni góðri skynsemi hafa gætur á, að ei verði mót of mörgum tekið í senn til confirmation, og að fremur sé gætt að þeirra dugnaði en aldri. Á þeim dögum, sem skikkaðir eru til confirmation, skal presturinn, daginn sem

1736
13. jan.

1) Sbr. kgsbr. $^{29}/_{5}$ 1744, 1. gr.

1736 13. jan. confirmationin á að haldast, haga svo sinni prédikun, að hún verði sem allra stytzt, svo að öll guðsþjónustugerð með prédikun, söng og confirmation endist eins snemma og vant er, að ei verði fyrir fólkinu tafið, eða það þurfi að finna sér orsök til að ganga út úr kirkjunni áður en confirmationin og öll guðsþjónustugerð er til enda. Þess vegna viljum Vér allranáðugast, að engin communion eður sakramentis framreiðsla sé á þeim dögum framin, sem confirmationin fram fer. — -- — 6) Þegar líður að þeirri ársins tíð, sem confirmationin og staðfestingin uppá skírnarnáðina skal haldast, skulu foreldrarnir láta kennimanninn vita í tíma, að þeir eiga börn, sem ætluð eru til að confirmerast, hver hann láti koma til sín, heim í sitt hús, að hann vita fái, hvernig þau grundvölluð eru í sínum kristindómi, yfirheyri þau og uppfræði; en hvað mörgum vikum fyrir confirmationina þvílíkt skuli gerast, er hvers eins kennimanns góðri og gegnilegri skynsemi tiltrúað að athuga, svo og að hann hegði sér eftir þeim kringumstæðum, sem viðkoma hans söfnuði, og eftir því sem þeirra nauðþurft útkrefur, að minsta kosti skal þvílíkt ske hálfu missiri áður og tvisvar í hverri viku. Á þeim stöðum, hvar tvær eða fleiri prédikanir eigi haldast eða embættisútréttingar eru ei svo margar, skal kennimaðurinu taka börnin á sunnudaginn eftir messu, [og um föstuna eftir passionsprédikunina í vikunni], heim í sitt hús, og uppfræða þau, því börnin eru oft í fjarlægð, og á öðrum dögum hljóta þau að gegna sínu erfiði og vinnu. — 7) Það uppfræðinguna í sér sjálfri áhrærir, þá á kennimaðurinn að kappkosta, að hann geri hana svo skilmerkilega og vinsamlega, sem hann bezt getur; og nær hann fram telur þau guðdómlegu sannindi, skal hann við hverja grein framfæra nokkrar hjarta-gegnumþrengjandi uppvakningar til allra guðlegra iðkana að kostgæfa, þess á millum spyrji hann börnin, hvort þau hafi eigi

reynt og fornumið neitt af þeim eða þeim sannleiks- 1736
ins krafti í sínum sálum, og svo sem hann uppfræði 13. jan.
þau öll sameiginlega, skal hann endrum og sinnum taka það eina og annað barnið fyrir sig sér í lagi og spyrja það um þess sálar ásigkomulag, hvort það merki hjá sér nokkura umvendan og trú, og viti hann til hverra synda eitt eða annað barn er hneigt og hvernig fyrir því er ástatt í einhverjum sérlegum kringumstæðum, skal hann af meðaumkvunarsömum kærleika setja sama barni fyrir sjónir þess sálar eymdarlegt ásigkomulag og annaðhvort sýna því og gefa tækifæri til sannrar umvendunar ellegar staðfesta það í því hinu góða. — 8) Ef kennimaðurinn reynir, að gerðri ánægjanlegri uppfræðingu, að þau eða þau börn eru eigi í því ásigkomulagi, að hann megi þau confirmera, þá byrjar honum í allri ástsemi að setja þeim og þeirra foreldrum það fyrir sjónir, sannfæra þau þar um og ráðleggja þeim að láta þvílíkt heilagt verk bíða til næsta tíma þareftir; en vilji þeir ei með góðum orðum það skilja, skal hann vísa þeim frá, þó með þeirri forsjálni, að hvað helzt hann gerir í því efni, þá sé hann alltíð skyldugur það að forsvara, ef barnið eða þess foreldrar kunna á tilhlýðilegum stöðum að kvarta yfir kennimanninum, ef þeim kann þykja sjer vera í nokkuru þessháttar opinberlega ofþyngt af honum. En þau börn, sem hann sannlega reynir duganleg og hentug, þeim skal kennimaðurinn, þegar líður undir confirmationsdaginn, undirvísa um confirmationens eiginlegleika, háttahag og heilagleika, að þau þá sjálf skuli ítreka og staðfesta þann sáttmála, sem guðfeðginin við þeirra skírn gerðu fyrir þau, og að þau nú á þessum dögum rannsaki sig vel fyrir guði, hvernig þau hafi haldið sinn skírnarsáttmála, og hvort þau finni sig í því ásigkomulagi, sem guð hafði veitt þeim og unt í skírninni, annars séu þau eigi verð að framkoma fyrir drottinn eða augsýn nokkurs kristins

1736 13. jan. safnaðar. — 9) Kennimaður skal átta dögum áður láta söfnuðinn vita, nær confirmationin skal haldast; en á confirmationsdeginum skal hann af kostgæfni leita þess efnis, með hverju hann í sinni prédikun útþýði þessa gjörnings viktugleika og jafnframt uppörfi gjörvallan söfnuðinn til hjartanlegrar bænar fyrir þeim, þá skulu confirmerast; þess vegna skal hann sjálfur af prédikunarstólnum, ásamt söfnuðinum, ákalla guð með hjartnæmri bæn. — — —

Konungsbréf um prófastsdóma.

20. jan. (Sagt, að í prófastsdómi skuli sitja, ásamt prófasti, 2 prestar)[1]).

1738 9. mai. **Konungsbréf (til biskupanna í Danmörku og Noregi), um legorð andlegrar stéttar manna.** (Eigi hér birt, en þó notað, sbr. tilsk. $^{9}/_{7}$ 1745 og $^{24}/_{1}$ 1838, 12. gr.).

Chr. VI., o. s. frv. Það mundi vafalaust hneyxla menn allmikið, ef Vér allramildilegast tækjum til greina í hvert skifti og án nokkurs greinarmunar allraþegnsamlegust bænarskjöl þau, er nú um tíma hafa tíðara en áður komið til Vor frá stúdentum og jafnvel stundum prestum, um að eigi verði á því tekið, þótt konur þeirra hafi orðið léttari of snemma eftir brúðkaupið, og veittum þeim allramildilegasta uppreisn Vora, enda má með réttu krefjast þess af þeim, sem annaðhvort eru þegar, eða ætla að verða kennarar í kirkju guðs og söfnuði eða í skólunum, að þeir séu óflekkaðir af syndum þeim, sem teljast með bersýnilegu holdsins athæfi, og auk þess er eigi hægt að leyna. Fyrir því gefum vér þér hér með til vitundar, að til þess að stemma stigu fyrir slíku hneyxli framvegis höfum Vér ákveðið, að eftirleiðis

---

1) Sbr. tilsk. $^{27}/_{11}$ 1816 og kansbr. $^{31}/_{5}$ 1823.

skuli farið svo sem nú skal sagt með slík bænarskjöl, hvort sem þau koma frá prestum eða stúdentum. — 1) Um presta þá, er verða brotlegir gegn guðs lögum og 2. bók, 11. kap. 13. grein[1]) Vorra allramildustu Laga, fer beinlínis framvegis eftir því, sem ákveðið er í Lögunum. — 2) Að því er kemur til stúdenta eða annara, sem legorðssekir hafa orðið og ætla að sækja um prests- [djákna- eða skóla-] embætti, þá skal a) farið beint eftir Lögunum[2]) að því leyti, og hinum legorðsseka eigi leyfast að leita uppreistar fyr en þau 2 ár eru liðin, sem Lögin áskilja; b) skal slíka uppreist aldrei veita þeim, er legið hefir stúlku, sem honum sem lausakennara, skólahaldara, barnaspyrjanda eða á annan hátt var trúað fyrir að kenna, hvort sem hún var af ríkum eða fátækum komin, og hvort sem hann átti hana síðar eður eigi. — 3) Þá er þau 2 ár, sem að ofan eru nefnd, eru liðin, og stúdent eða einhver annar vill beiðast allramildilegastrar uppreistar af Oss til þess að geta fengið prests-, [djákna- eða skólaembætti], þó að hann hafi orðið brotlegur svo sem áður er greint, þá skal hann útvega og hafa með sér skilríki fyrir því: a) að stúlkan, sem hann varð brotlegur með, hafi eigi verið skyld honum í forboðna liðu, eða honum verið trúað fyrir henni til kenslu, svo og að hann hafi eigi orðið brotlegur nema í þetta eina sinn; b) hvort hann hafi átt stúlkuna sem hann féll með eður eigi; c) hvernig hann hafi hegðað sér bæði fyrir og eftir, en einkum hverjar alvarlegar tilraunir hann hafi gert til að bæta ráð sitt, um kristindóm hans, gjafir og aðrar kringumstæður.

1738
9. maí.

---

1) D. og N. L. 2—11—13.
2) N. og D. L. 2—2—5.

1740 6. mai. **Konungsbréf (til stiftamtmannsins) um portionsreikninga bændakirkna**[1]).

Chr. VI. o. s. frv. — Fyrir því er það, eftir þessum atvikum málsins og allra þegnsamlegastri tillögu þinni, Vor allramildilegasti vilji og boðorð, að á Íslandi skuli eftirleiðis eins og hingað til gerð reikningsskil fyrir portiónum kirknanna[2]).

1741 17. febr. **Bann gegn því að hafa uppi veifur.**

(Bannað öllum skipstjórum, kaupmönnum og útgerðarmönnum að hafa á skipum sínum klofinn fána, og skyldi sá, er það gerði, hafa fyrirgert fána sínum og sæta 50 rd. sekt. Svo og bannað að búa til slíkar veifur. Bann þetta var hér birt).

3. marz. **Tilskipun um vitnastefnur og þeirra ítrekanir, fallsmálsbætur og vitna afheyrslu, etc.**[3]).

Vér Chr. VI., o. s. frv., gerum öllum kunnugt: að Vér með sérlegri misþóknan höfum orðið varir við, hversuvitnasakir við suma rétti í Voru kongsríki Danmörku og Norvegi skulu standa óútkljáðar í langa tíma, og þar að auki ýmislegar óreglur ske við afheyrslu vitnanna á stundum, sökum vitnanna þrjózku í að mæta eftir stefnunum, líka og vegna stefnandanna eigin forsómunar, og stundum vegna partanna og þeirra fullmektugra frekju og óafsakanlegs athæfis, er oft skal hafa æfzt og viðgengizt réttinum til hnekkis; því höfum Vér, til að hindra og aftaka þesshättar

1) Sbr. kgsbr. $^{19}/_{6}$ 1747.

2) Tilefnið til úrskurðar þessa var, eftir því sem segir í inngangi konungsbréfsins, að nokkrir bændakirkju-eigendur höfðu kvartað yfir því, að biskup og prófastur kröfðust af þeim árlegs reiknings um svonefndar portiónir kirknanna, en slíkan reikning þóttust þeir eigi vera skyldir að gera, »meðan þeir héldu kirkjunum og áhöldum þeirratil í hlýðilegu standi, hvort sem kirkjuportiónirnar hrykkju til þess eða eigi«.

3) Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 12. og 13. gr., $^{15}/_{8}$ 1832, 13. gr., l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911.

ósæmilega réttartálmun og misbrúkun, allranáðugast álitið nauðsynlegt hér um að bjóða og tilskipa þannig — — —: 1) Upp á það, að hver og einn, sem til vitnisburðar stefnist, viti, að það er hans sönn skylda að segja, hvað hann veit, þegar hann er til þess krafinn, undir það í lögunum ákvarðaða straff, sem og til þess, að enginn geti afsakað sig með því, að hann hafi ekki undir laganna straff verið stefndur, né heldur dómararnir fái skotið því fyrir, að þeir ekki kunni dæma það, hvar upp á ekki sé stefnt, þá viljum Vér allranáðugast, að allar stefnur til vitnisburðar, [hvort heldur þær eru skriflegar eður munnlegar], skuli með berum orðum tiltaka, að þau stefndu vitni, í hverri helzt stétt og standi, sem þau vera kynnu, innkallist undir fallsmálsbætur. Þetta skulu dómararnir nákvæmlega aðgæta bæði við stefnanna útgefningu, þegar þær veitast af réttinum, og eins við þeirra viðtöku, þegar þær koma í rétt; og skyldi það seinna meir henda, að nokkur stefna til vitnisburðar kæmi fyrir rétt, í hverja þetta atriði vantaði, þá skal dómarinn strax vera skyldugur, án frekari málalengingar, að frávísa þvílíkri stefnu upp á saksóknarans kostnað. — 2) Þegar vitnin eru þannig, undir fallsmálsbætur stefnd, og þó annaðhvort öll eða nokkur ekki mæta, án þess að gefa til vitundar sínar löglegar hindranir, og þar með auðsýna réttinum tilbærilega hlýðni, þá skal dómarinn ákvarða þeim ókomnu vitnum vissan tíma til að mæta undir fallsmálsstraff[1]), og skal sá, sem stefnt hefir, tafarlaust taka þessa ákvörðun skriflega, sjá til að hún verði löglega birt og réttinum afhent á tilteknum tíma. En gefi það vitni, sem ekki mætir, sín forföll til kynna, og þannig gegni stefnunni, þá skal dómarinn meta þessa forfalls gildugleika og skjóta málinu á frest til löglegs tíma, þá vitnið er skyldugt undir fallsmálsbætur að mæta. — 1741 3. marz.

1) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 1. og 3. gr.

1741 — — 4) Mæti vitnið, sem þannig bæði með stefnunni
3. marz. og hennar itrekun er aðvarað um sínar fallsmálsbætur, enn þá ekki á tilteknum tima, þá skal dómarinn án allrar hjáhliðrunar eða undandráttar strax á þinginu dæma það ókomna vitni fyrir þess þrjósku og óhlýðni gegn réttinum til að borga fallsmálið, saksóknaranum og konginum með 10 lóðum silfurs hvorum, og þó engu að síður vera skyldugt til, undir sama straff, að mæta næsta þingdag, sem því fyrir legst. — 5) Þessar fallsmálsbóta ályktanir, með þar í inniföldum stefnuitrekunum, skal sá, sem stefnt hefir, ekki einungis án undandráttar fá útskrifaðar og auglýstar og þar eftir framlagðar í réttinn á ákveðinni tíð, undir það straff. sem § 3. umgetur[1]), heldur skal hann og láta Vora fógeta eða rétta viðkomendur úttaka bæturnar; en forsómi hann það, þá skal hann fyrir sína hjáhliðrun borga til jusititskassans 2 lóð silfurs, og þar að auki vera Oss ansvarlegur fyrir þeim hluta bótanna, er Oss bar, svo framt hann, sökum ólöglegs undandráttar, skyldi tapast. Þess vegna er það einnig Vor allranáðugasta skipan, að Vorir fógetar og aðrir viðkomendur skuli strax sem óskað er, jafnvel án undangangandi auglýsingar, úttaka hjá þeim seku þessháttar fallsmálsbætur, nema því að eins, að yfirréttarins stefna þar upp á framvísist. — 6) Til þess að Vor alvarlegi tilgangur, um þverbrotinna vitna þvingun, geti til hlítar náð sinni verkun, þá viljum Vér allramildilegast, að með öll vitni, sem af mótþróa hafa ekki mætt, en hefir þó verið löglega stefnt, skuli vera farið á áður sagðan hátt, unz þau auðsýna Oss og Vorum lögum þá tilbærilegu og skyldugu hlýðni, hvað yfirréttirnir skulu nákvæmlega aðgæta í dómum sínum, svo oft nokkur fallsmálsúrskurður verður undir þá stefndur; en ef svo kynni til að bera, að nokkurt þverúðarfult

---

1) 2 lóðum silfurs til dómsmálasjóðs (landsjóðs).

vitni hefði með ólöglegum undanbrögðum eður og ógrundaðri appellation svo lengi dregið tímann, að aðalmálið, í hverju þess vitnisburðar var leitað, yrði fyrir aðra upplýsingu á enda kljáð, og hans vitnis þyrfti ekki framar, þá skal dómarinn, fyrir þvílíka hans vélafulla þrjózku og Vorra laga forakt, uppáleggja honum töluvert peningastraff, til guðlegrar brúkunar og til justitskassans, eftir stétt hans, formegun og málavöxtum. — — — 8) Þegar stefnandinn sökum löglegra forfalla, ekki getur sjálfur mætt eða látið yfirheyra þau stefndu vitni á ákveðnum tíma, og honum þess vegna er frestur gefinn, þá skal dómarinn til halda honum á eiginn kostnað löglega að birta bæði vitnum og málsparti þann tiltekna þingdag, nema því að eins, að þeir séu til staðar á þinginu, og þess vegna um frestinn fullkunnugt. — 9[1]) Biður nokkur um frest í einhverri aðalsök til að leiða vitni, þá má honum af dómaranum eftir sannsýni og hlutanna kringumstæðum gefast svo langur frestur, að hann hæglega geti vitnin yfirheyrt og fengið þingsvitnið útskrifað; þegar sá ákvarðaði þingdagur kemur, ber þeim, sem þingfresturinn var veittur, annaðhvort að framleggja það tekna þingsvitni, ellegar og skírteini frá þeim rétti, hvar vitnin áttu að leiðast, að það ekki hafi verið mögulegt á þeim gefna tíma að útvega þingsvitnið, enn þótt hann hafi varið allri kostgæfni þar til; og í þessu tilfelli má og á fresturinn að lengjast af dómaranum; en ef að saksóknarinn á þeim tiltekna þingdegi ekki framleggur það tilætlaða þingsvitni, ellegar skírteini um orsökina til þess undandráttar, þá sé haldið áfram með aðalsökina, eins og að aldrei hefði verið neinn frestur kjörinn eða veittur. Finnist það og, að nokkur málseigandi eða fullmegtugur hafi beiðzt þingfrests einungis til málalengingar og mótpartinum til kostnaðar, þá ber

1741 3. marz.

1) Sbr. tilsk. 15/8 1832, 11.—13. gr.

1741 3. marz. dómaranum, þegar til atkvæða kemur, að dæma bæði málseiganda og hans umboðsmann, ekki einungis í sektir, heldur og til að bæta mótpartinum allan þar af orsakaðan kostnað og skaða[1]). — **10)** Þegar málspartar eða fullmektugir finnast að hafa með óþarfa vífilengjum eða krókalögum dregið vitnaleiðslu eða ómakað dómarann með ónauðsynlegum úrskurðum, ellegar og, eptir gerða aðvörun, haldið áfram með ein og önnur málinu óviðkomandi spursmál, skal þess í aðaldóminum minzt verða, og þeir dæmdir í tilbærilegar sektir, eftir málavöxtum. — **11)** Þegar vitni skulu leiðast, þá er það undir saksóknarans kjörum komið, hvort hann kýs heldur að vitnið sjálft skuli skýra frá, hvað því um sökina er kunnugt, ellegar hann vill með spurningum ná vitnisins svari; hvort sem hann heldur útvelur, þá skal vitnið einungis tala til réttarins og fyrir honum, og má enginn, hvorki málseigendur, þeirra fullmegtugir, né aðrir, hver sem vera kynni, tala fram í, eða glepja fyrir, á meðan vitnið talar, enn síður leggja því orð í munn, afbaka þess framburð, eða leitast við að fá hann öðruvísi innfærðan í þingbókina, heldur en vitnisins eiginleg orð og meining hefir verið; ekki heldur má sá spyrjandi laga þannig spursmálið, að því einu verði svarað er hann vill, heldur skal dómarinn einungis vera sá, er vitnið á málstað við, og til hvers viðkomendur eiga að halda sig, ef þeir hafa nokkuð að ámálga við vitnisins framburð. Hvaða spursmál sem annarhvor parturinn hefir til vitnisins að framsetja, skulu þau með dómarans leyfi af skrifaranum innfærast í þingbókina, og móttekur dómarinu sjálfur, en enginn annar, vitnisins svar þar upp á, eftir að það er því skýrlega lesið af þingbókinni, og lætur dómarinn skrifarann innfæra vitnisins svar, sem svo les því það; þar vitnið sjálft á að segja til, hvort það

1) Sbr. tilsk. 3/6 1795, 10. gr.

í sínum orðum og meiningu réttilega er bóksett, og ef að nokkur umbreyting eða viðbót sker þar við, þá á hún sömuleiðis rétt að tilfærast þingbókinni. — 12) Finni nokkur af pörtunum nauðsynlegt tilefni af vitnanna svörum til að gera ýtrari spursmál, þá sé farið með það á sama hátt og eftir dómarans tillátssemi. — 13) Finni dómarinn nokkurt vitni óstöðugt í sínum framburði, þá á hann að aðvara vitnið um það með hæglæti, og gefa því tíð til að hugsa sig vel um, einkum ef það sker af einfeldni og skilningsleysi um spursmálsins eiginlegu merkingu, og í þessu tilfelli á dómarinn að framsetja og laga þannig spursmálið, að þess rétta meining sé vel skiljanleg, svo að vitnið ekki truflist. — 14) Enginn partur eða fullmektugur né aðrir við rétti nálægir mega dirfast, án þess dómarinn gefi þar til leyfi, að tala við þau stefndu vitni, eftir að rétturinn er settur, og á meðan hann er haldinn, enn síður freista vitnanna, hvað þau muni bera, eður leggja þeim orð í munn, heldur skal sérhver, sem við réttinn er nálægur, með allri virðingu vera fámálugur, stiltur og ekkert annað tala en það, er hanu hefir til þingbókar að láta færa. Breyti nokkur hér á móti, þá skal dómarinn láta setja nafn hans í þingbókina, með alvarlegri áminningu, að heiðra kongsins rétt; haldi hann engu að síður áfram í þessari vanskikkun, þá, ef hún er framin af málsparti eða fullmektugum, skal dómarinn ákvarða honum að gjalda 2 lóð silfurs til justitskassans, en í annað sinn tvöfalt, og skulu þessar bætur lúkast þegar á þinginu, annars hafi dómarinn makt til að láta grípa hinn seka og setja í varðhald, þangað til hann borgar. Skeður það optar og af þvermóðsku, þá fellist hann í töluverðari bætur, eður uppáleggist annað straff, eftir stétt hans og ástandi og yfirsjónarinnar ásigkomulagi; en sé þess konar ósæmilegt framferði framið af einhverjum óviðkomandi, sem við réttinn er nálægur, en hefir þó enga hlutdeild í mál-

1741 3. marz.

1741 3. marz. inu, þá hefir dómarinn myndugleika til, svo framarlega sem hinn ekki gegnir þeirri fyrstu aðvörun, að reka hann út frá réttinum, og ef hann lætur ekki að því, þá að láta draga hann út.

1743 3. mai. **Tilskipun um skólana.**

— — — 69) Ef maður er kallaður til biskupstignar, þá á hann að gefa eina eða fleiri gagnsbækur til latinuskólans. Og sá, er vígslu tekur til prestakalls, greiði skólanum 1 rd., ef brauðið var lélegt, en ella 2 rd.[1]).

1744 29. mai. **Konungsbréf (til biskupanna) um confirmation[2]).**

Chr. VI., o. s. frv. — — — 1) Skal confirmationin fram fara og haldin vera í Skálholts og Hólabiskupsdæmi í Íslandi sunnudaginn fyrir Úrbanusmessu; en hvar sóknirnir eru stórir, skal hún og svo haldast sunnudaginn fyrir Michaelismessu. — 2) Nær það við ber, að mikið óveður, fjúk, vatnavöxtur og annað þvílikt hindrar söfnuðinn að fara til kirkjunnar á þeim tiltekna degi, þá skal confirmationin haldast á næsta sunnudegi þar eftir. — 3) Með því þess gefst raun, að börnin geta oftsinnis ekki komizt til annarar kirkju fyrir vatnsföllum eður öðrum lögmætum hindrunum, og það sýnist að vera hentugast, að confirmationin skeði í þeirri sókn, hvar börnin eiga heima, til þess að sá söfnuður hafi og svo nytsemd þar af, þá er það allra náðugast leyft þeim prestum, sem hafa eina eður fleiri annex-kirkjur, að confirmera [þau ungmenni í þeirri sömu annex-kirkju[3]), sem eru præpareruð til confirmation, á næsta sunnudegi

---

1) Sbr. l. nr. 31, $^{18}/_{12}$ 1897 og l. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907, 1. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{23}/_{3}$ 1827, sbr. kgsbr. $^{14}/_{11}$ 1832.

3) Þýðingin (sem er staðfest af Ludvig Harboe kirkjuvisitator), er hér eigi nákvæm, og ætti í stað þeirra orða, sem eru innan hornklofa, að koma: »i annex-kirkjunni þau ungmenni, er til hennar heyra, og«

eftir þá daga, sem til eru teknir í fyrsta pósti, og hvar þar eru fleiri en ein annexía, þá á þriðja sunnudegi þar eftir. — 4) Allir prestar skulu, eftir þeim 4. artic. í confirmations-fororðningunni, gæta þess nákvæmlega, og með allri vandlæting, sérhver í sínu kalli og embætti, að það sem börnin, er eiga að confirmerast, svara til spurninganna í þeirra kristindóms þekkingu, sé ekki einungis innifalið í minninu án skilnings og athuga, heldur skulu þeir, eftir hljóðan þess sama articula, kenna þeim þannig, að þau geti fengið eina lifandi þekking og framkvæmi það, sem þau lært hafa, til nytsemda og kristindóms iðkunar í verkinu, til þess að ungdómurinn, þá guðs sannindi verða innprentuð hjá honum með alvörugefni, kynni að uppvekjast til að gefa sannleikanum rúm, og að eftirfylgja honum í lifnaði og framferði, einnig að hann fái rétta umbreyting hjartans og hugskotsins. Og með því það er kunnugt, að sá ósiður hefir verið næsta algengur að taka börn svo ung til confirmation, að þau hafa verið 9, 10, 11 eður 12 ára, eins og þau hafa hingað til verið tekin til altaris, þá viljum Vér allranáðugast, að eitt barn skuli að minsta kosti hafa náð þeim aldri, fyrr en það leitar confirmation, að ráða megi, að það geti athugað með góðri eftirtekt, hversu heilagt og hávigtugt það sé, sem hér gerist[1]). — 5) Svo að ungdómurinn megi uppvekjast til að vilja læra með kostgæfni að lesa á bók, þá viljum Vér allranáðugast, að eitt barn að minsta kosti, hvar einhver er læs til heimilis hjá foreldrum þeirra, húsbændum eður nákomnum, læri að lesa á bók, áður en það kemur til confirmation[2]). — 6) Það skal skipa prestunum í hvorutveggja stifti, að sérhver einn af þeim strax útvegi sér eina bók að skrifa þá í, sem hafa verið teknir til confirmation, hvað

1744 29. maí.

1) Sbr. tilsk. $^{26}/_{5}$ 1759, 1. gr.
2) Sbr. l. nr. 59, $^{22}/_{11}$ 1907, 2. gr.

1744 29. mai. þeir og [eftirmenn þeirra i embættinu framvegis og ávalt skulu halda áfram að gera[1]). — 7) Prestarnir i hvorutveggja biskupsdæmi skulu láta biskupinn vita á hverju ári, hversu mörg börn að hafi verið confirmeruð i sérhvers sókn, svo og hvort og hversu lengi eitt og sérhvert hafi þegið uppfræðing af prestinum, svo að biskupinn fái vitað, þegar hentugleikinn svo fellur, hvaða grundvöll barnið hafi fengið á þeim tima; hvar fyrir börn þau, sem hafa verið confirmeruð, skulu án allra undanbragða koma til kirkju, þegar bisupinn visiterar i sérhverjum stað, til þess, að því gjör verði vitað, hvort Vorri allranáðugustu skikkun hafi allraundirdánugast verið eftir lifað i öllum greinum. — — —

29. mai. **Forordning áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi.**

Vér Chr. VI. o. s. frv. gerum vitanlegt. — — — Því er hér með vor allra náðugasti vilji og befaling. — — — 1) Að prestarnir á voru landi Íslandi skulu — — — á hverjum sunnudegi, þegar þeir hindrast ekki af lögmætum forföllum, uppfræða og yfirheyra ungdóminn i barnalærdóminum og sannri guðsþekking, ef þeir vilja ei verða fyrir ásökun og straffi. — — — 2) Svo að þeir hafi því heldur tíð til að catechisera og sóknarfólkið þurfi ekki að tefjast of lengi áður en það kemst heim aftur, helzt þegar dagurinn er stuttur og kalt er á vetrartíma, þá skulu prestarnir predika þess styttra. og ekki lengur en hálfa stund, því nærri eina. — 3) Þeir skulu framar öllu gæta þess, að ungdómurinn læri vel og rétt þann Litla Catechismus hins sæla doctoris Martini Lutheri án þess að bæta þar nokkuru við, umbreyta eða fella undan, líka að hann lesi hann fram með athuga, svo að prestarnir megi ekki láta sér nægja með það, að börnin lesi hann áfram orð fyrir orð, heldur skulu

---

1) Orðin frá [vantar i þýðingu Harboe's.

þeir grenslast eftir með spurningum, hvort hinir ungu skilji meininguna rétt til gagns af því, sem þeir hafa fram fært. — — — 15.[1]) Svo að hér um verði því gerr vitað, þá skal hver prófastur vísitera árlega í sínu prófastsdæmi, þegar superintendentinn vísiterar ekki í því héraði, og skal hann þá nákvæmlega grenslast eftir um ásigkomulag prestanna og sóknarinnar, og einkanlega ungdómsins, og síðan greina sínum biskupi af öllu þessu, hversu hann hafi fundið hvorutveggju að vera í áðurtéðu. — — Sú kirkja, fyrir hverri sjálfum prófastinum er trúað, á, þegar hún er annars svo á sig komin, að um hana má tvíla, að vísiterast af einum öðrum skikkanlegum og dugandis presti, hvern prest superintendentinn skipar þar til, þangað til hann getur sjálfur komið í sína venjulegu vísitatium. — — — 1744 29. maí.

Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annara helgra daga á Íslandi[2]). 29. maí.

Vér Chr. VI. o. s. frv. — — — 2) Svo að catechisationin, sem er af oss allranáðugast tilskipuð, eftir prédikunina verði annaðhvort ekki of stutt eður að öllu leyti vanrækt, né heldur að sóknarfólkið tefjist of lengi frá sínu heimili, helzt þá harka er á vetrum, og verði þess vegna angursamt, þá skal þjónustugerðin vera alstaðar byrjuð í kirkjunum svo snemma sem það er mögulegt, og jafnvel þótt fjöldi þeirra, sem ætluðu að ganga til altaris, eður aðrar hindranir, sem ei verður hjá komizt, orsökuðu í þessu nokkura töf, þá samt ekki seinna en klukkan tólf. Þar fyrir skal og sóknarfólkið vera svo snemma í kirkjunni, og, þá hringt er í annað sinn, hver í sínum stað, en engan veginn dvelja úti á kirkjugarðinum ellegar í nánustu húsum, þar til að prédikunin byrjast. — — —

1) Sbr. erbr. 1/7 1746, 21. gr. og tilsk. 27/1 1847, 5. gr.
2) Sjá l. nr. 47, 20/12 1901.

1744 29. maí. 4) Enginn prestur má utan hæstu nauðsynja undanfella guðsþjónustugerð í kirkjunni einn sunnudag, miklu síður tvo eða þrjá sunnudaga hvern að öðrum. Og ef nokkur vegna óþarfa ferðalags eður án lengins leyfis, sem lögin bjóða, vanrækja þannig þann söfnuð, fyrir hverjum honum er trúað, þá skal honum talast til fyrir það af prófastinum. Og ef þvílikt hirðuleysi finst hjá prófastinum, án þess hann hafi áður gefið það sínum biskupi til vitundar, svo sem byrjaði, þá skal lögsækja hann [fyrir Consistorio]. En ef það skeður oftar, þá skulu þeir hafa forbrotið sitt kall. — 5) Þegar þær tíðir ársins eru, svo sem um Jónsmessu og Mikaelsmessu, að bændurnir verða að vera sér úti um björg og lífsuppheldi, svo sem annaðhvort með því að tína grös eða urtir til matar á fjöllum eður eru til fiskiafla við sjó, ellegar í langferðum eftir fiski, þá skulu þó prestarnir embætta, og jafnvel þótt þá séu ekki svo margir til, sem kunni að syngja í kórnum, þá skal þó halda söngvum uppi með kvenfólki, börnum og vinnuhjúum, sem eiga að koma þangað og skulu vera nálæg í kirkjunni. Sérdeilis eiga og prestarnir að catechisera fyrir ungmönnum á þeim tímum, nær ekkert fullorðið fólk er til staðar.— 6) Prestunum er gerð sú aðvörun og skipað alvarlega hér með, nær þeir eru í kaupstöðunum til að útvega sér lífsbjörg, að hegða sér þannig sem hæfir verðugleika og vigtugleika þeirra embættis, og þá engan veginn að draga svo tímann, að þeir geti ekki verið í sínum söknum á sunnudeginum og sjálfir flutt sitt embætti og guðsþjónustugerð, svo að ekki standi nein hindrun þar af, hvers vegna prestarnir, samt þeirra meðhjálparar, þegar þeir eru í kaupstöðunum, skulu og eiga fyrr en allir aðrir að afgreiðast [af kaupmönnum þess íslenzka Kompagnis og fá fram komið sínu erindi]. En ef prestarnir kæmust ekki svo fljótt á framfæri, svo að þeir yrðu að dveljast lengur en einn sunnudag burt frá sókn sinni, þá eiga

þeir að bera umhyggju fyrir því, að hinn nánasti prestur flytji þar guðsþjónustugerð og embættisverk. — 7) Prestarnir skulu halda sóknarfólkinu með kostgæfni án manngreinarálits til að koma í guðs hús, ásamt með sínum börnum, hjúum, húsfólki og undirgefnum. — — — 12) Prestarnir skulu halda tilheyrendum sínum til þess í öllum kærleika, að allir þeir, ekki einungis karlmenn, heldur og kvenfólk, sem kann að lesa, hafi hver sína sálmabók með sér til að syngja þar á. — — — 15) Til þess að prédikanirnar megi lagast, svo þær séu til uppbyggingar, þá eiga prestarnir — — að taka þær saman skriflega, að minsta kosti það helzta inntak þar af, — — — svo að superintendentinn geti þær yfirlesið, nær hann heimtar það í [hvers árs] visitatium, eður tekið þær með sér, svo að hann geti sagt til þess, sem þörf gerist. — 16) Kirkjunum skal halda hreinum og rúmgóðum á sunnudeginum, og má þar eins lítið á öðrum sem á þeim degi finnast fatnaður eður sængurklæði, góz eður vara, hneyxlilegar myndir, og þær, sem stríða móti þeirri evangelisku religion, með því að slíkt er óviðurkvæmilegt og ekki samhljóðandi við þau heilögu verk, sem þar eiga fram að fara. Þó mega kistur standa þar með því, sem kann að vera geymt í þeim, hvar ekki eru stólar eður bekkir að sitja á. Einnig, hvar loft eru í kirkjum með læsing fyrir, þar má geyma hreinlega hluti, sem ekki gefa illan dáun af sér, ellegar eru á annan hátt ósæmandi í þeim stað. En engin annarleg höndlan má hafast um hönd í kirkjunum. Annars skal hver sá, sem gerir á móti þessu, sekjast einu lóði silfurs fyrir hvert sinn. — — — 21) Verði nokkurum presti til eins ærlegs samkvæmis boðið á nokkurum sunnudegi, þá skal hann hegða sér þannig sem vel hæfir og sæmir hans standi, líka svo, að hann sé þeim, sem eru nálægir, til uppbyggingar, og má hann engan veginn

1744 29. maí.

1744 29. maí. vera frammistöðumaður fyrir borði hjá nokkurum, hver helzt sem hann vera kynni. — — —

1746 27. maí. **Tilskipun um húsvitjanir.**

Vér Chr. VI., o. s. frv., gerum öllum vitanlegt: — — — 1) Prestarnir á Íslandi skulu, hver einn fyrir sig, vera skyldir til, í minsta máta tvisvar á ári, að vitja þeirra safnaðar í þeirra hús og híbýli, og það hvers húss og bústaðar í þeim sama; en hvar sóknin er lítil, ellegar engin annexía finst, skal hann oftar taka sér fyrir þessa nauðsynlegu höndlun, hvar með prófasturinn í hverju héraði skal hafa kostgæfilega tilsjón, og sömuleiðis biskupinn með sérhverju tækifæri alvarlega tilhalda honum viðkomandi próföstum og prestum, að þeir forsómi hér ekkert í. Finnist nokkur prestur vanrækinn þar í, þá áminnist hann í fyrsta sinni af prófasti, en verði það annað sinn, þá mulcterist hann eftir síns kalls inntekt, og sinni formegan, hverri peningamulct að víxlast skal til fátækra barna uppfræðingar. — 2) Tímann, á hverjum þessi húsvitjan skal fram fara, er prestinum leyft sjálfum að útvelja, þó svo, að þar til séu útséðir þeir tímar á árinu, sem sóknarfólkinu eru hentugastir, og það er sem allra flest heima, upp á það að nytsemdin, hvar að alt lýtur, fái orðið þess stærri. — 3) Áður en þessi húsvitjan byrjast, skal presturinn saman bera við sína meðhjálpara, og af þeim sannspyrja ásigkomulag sérhvers heimilis og persónu, upp á það að hann fyrirfram geti haft þeim mun vissari undirrétting um eins og sérhvers framferði; og skulu meðhjálpararnir vera skyldir til, eftir lögmálsins tilskipan og þeirra samvizku, að gefa til kynna, hvað þeim hér í kann að vera vitanlegt, hvar á mót um nöfn þeirra, þá þess finst þörf, skal þagað vera. — — — — 5) Presturinn skal nokkurum tímum, og hið minsta sunnudaginn fyrir, kunngera það söfnuðinum af prédikunarstólnum, hverra húsa hann í þeirri viku ætl-

ar að vitja, og áminna þá að vera heima og í þeirra 1746
húsum til staðar í ákveðinn tíma, auðsýni sig nokkur 27. maí.
í því mótfallinn, og reisir að óagtaðri þeirri undangengu aðvörun, án allra nauðsynlegustu orsaka, í burt frá sínu heimili, eður lætur sig á annan hátt finna þverbrotinn við prestinn í þessari honum tilskipuðu útréttingu, þá skal presturinn gefa það til vitundar fyrir viðkomandi verzlegu yfirvaldi, hvert eð mótmælalaust skal aðstoða hann og mulctera þann mótþróanlega í fyrsta sinni 2 mörkum dönskum, eða meira, eftir sakarinnar ásigkomulagi, til uppfræðingar fátækra barna; svo skal og mulctin við viðvarandi mótstríðu upphækkast, hvert eð ekki einasta á að skiljast um húsfeður og húsmæður, heldur og um þjónustufólk; sömuleiðis skulu foreldrarnir vera skyldugir til að gera reikningsskap fyrir þeirra börn, þá þau finnast ei að vera til staðar; finnist yfirvaldspersónan sjálf sek í óhlýðni hér í, skal amtmaðurinn, eftir kringumstæðum, til áður téðrar brúkunar, álíta hann með tilbærilegu straffi; en yfirfalli nokkur prestinn á reisunni í hans húsvitjan, eður í öðrum embættisútréttingum, þá straffast hann svo sem sá, er yfirfellur prestinn eftir guðs þjónustugerð, og standi opinberar skriftir, og straffist þar að auki á kroppinum, hvar með og allir þeir eiga að álítast, sem á einhvern hátt uppegna nokkurn til óhlýðni móti prestinum. — 6) Allir þeir, sem eru við sjósiðuna til að fiska, eður Vestmannaeyjum, eða svo kallaðir lausamenn, skulu um þann tíma, þeir dvelja þar, í tillití til þessarar húsvitjunar, álítast sem prestsins eigið sóknarfólk, auðsýna honum alla hlýðni og virðing, og vera við, þá það er ekki öldungis ómögulegt. Sýni þeir sig á nokkurn hátt mótþróanlega prestsins kristilegum áminningum, þá straffist þeir af þess pláss verzlegu yfirvaldi, svo sem í 5. articula ákveðið er. — 7) (Prestum harðlega bannað að eyða tíma með hjali og gamni »eður öðrum ósæmilegum útréttingum« og

1746 neyzlu brennivíns eða »eða annars áfengs drykkjar«).
27. mai. — — — 11) Ungdómurinn — — — skal með allri kostgæfni yfirheyrast, hvernig þau eru í þeirra kristindómi grundvölluð. Upp á það hið sama byrjar þeim að lesa Litla Catechismus Lutheri, svo að prestarnir geti lagfært það, sem ekki hefir verið rétt numið, svo og útlegging yfir Catechismum, hver sem hana hefir lært. — — — 13) Fremur byrjar einum kenniföður að láta sér vera umhugað um ektafólks, húsfeðra og húsmæðra samfélags umgengni og framferði. — — — 16) Skuli engar bækur finnast í húsinu, hvar eð fólk kann þó að lesa, hefir presturinn að bera umhyggju fyrir, að sá brestur verði bættur, og skal sérhver húsfaðir vera skyldugur til að kaupa þá bók, sem honum verður af prestinum rekommanderuð og ráðlögð. Hvert presturinn skal strax hjá sér upp teikna, og síðan á hentugum sunnudegi í meðhjálparanna nálægð leggja það hverjum einum fyrir, upp á það þeir ekki síðan skuli neita því. Þó er hér undan tekið örfátækt fólk, sem af annara örlæti og tilstyrk á að forsorgast með þeim nauðsynlegustu bókum. Þá húsvitjanin er til enda, sendi presturinn prófastinum eina uppskrift allra þeirra bóka, sem hann þarf handa sínum söfnuði, hvar upp á prófasturinn sendi aftur biskupinum einn general-lista yfir þær af öllu sínu prófastsdæmi, og hann aftur geri þá ráðstöfun, að þær umbeðnu bækur verði útvegaðar og upp á alls héraðsins umkostnað burt sendar til prófastanna. Og ef einhver vill ekki í einrúmi betala þær meðteknu bækur, skal sýslumaðurinn í hverri sýslu eftir prófastanna og prestanna ávísan mótmælalaust inn drífa peningana fyrir þær, svo að þeir innan árs og dags kunni að vera hjá prófastinum til reiðu, hver eð tafarlaust komi þeim til biskupsins. — — — 23) Fyrir utan þessa — — — húsvitjan skulu prestarnir og vera til reiðu og reiðubúnir að vitja hinna sjúku í þeirra söfnuðum, nær þess er óskað. — — — Þá presturinn

er sóttur til hins sjúka, byrjar húsbóndanum að láta 1746
færa hann fram og til baka, nær presturinn þess 27. maí.
óskar. — 24) Prestarnir skulu undir þeirra embættistöpun vakta sig fyrir að mæða þá sjúku með nokkurs slags hneyxlunarlegu og ótilhlýðilegu tali. —
— — —

Tilskipun, hvar með eitt og annað um skriftastólinn og altarisgöngu á Íslandi er regulerað. 27. maí.

Vér Chr. VI. o. s. frv. — — — 1) Þeir, sem ætla að ganga til guðs borðs, skulu nokkuru áður gefa prestinum það til vitundar, svo hann kunni að hafa hentugleik til að tala við einn eður annan fyrir fram í einrúmi, ef honum þykir þess þörf, sérdeilis við fávísar og ókendar ungar manneskjur, eður framandi úr öðrum söknum, að þeir framvísi [þeirra passa, svo og] bevising upp á það, hvort þeir hafi verið til confirmationis. Forsómi nokkur að gefa sig fyrirfram til kynna, þá kenni hann sjálfum sér, þótt presturinn víki honum frá skriftastólnum. — 2) Bevísing upp á confirmationina skal sérhver prestur vera skuldbundinn til, án uppihalds og fyrir utan betaling, að gefa, annaðhvort strax, þeim sem eru confirmeraðir, ellegar, þá þess er óskað, og skulu þeir ungu og ókendu framvísa svoddan bevísing, í hvert sinn, þá þeir vilja teiknaðir verða, ellegar þá þeir koma til annarar söknar. — 3) Svo og skulu þeir, sem fengið hafa, eður hér eptir kunna að fá Vora allranáðugustu tillátsemi, að communicera hjá öðrum presti, framvísa þeirra fyrverandi sálusorgara attest, innréttað eftir hans samvizku og persónunnar ásigkomulagi svo sem hann ætlar til að svara, og meðtaki presturinn svoddann einn, án slíks attests, til skrifta og altaris, þá talist honum til þar fyrir af prófastinum, en af biskupinum, sé hann sjálfur prófastur. — — — 6) Í þeim köllum, sem ei eru sérdeilis fólkrík, skal ei meir en einn í senn inn takast

1646 27. maí. í skriftastólinn, og eiga því þeir, sem eru til skrifta, þess tímanlegar að vera til staðar í kirkjunni. — 7) Prestarnir eiga svo vel í hjá þessum sem öllum öðrum hentugleik, bæði opinberlega og í einrúmi, að áminna og uppfræða þeirra tilheyrendur, að þeir ei, eftir gömlum vana, safnist saman á vissum tímum ársins, til skrifta og communionis, heldur nær tilstand þeirra sála krefur þess, og þá hungrar og þyrstir eftir gæzku drottins. Í þessu tilliti skal presturinn ekki vísa þeim frá, að slá þeirra andagt á frest, til eins annars sunnudags, þá þeir einasta eru 4 eða 3, sem vilja communicera. — 8) Á þeim dögum, sem communion skal haldast, skal presturinn í hvert sinn af prédikunarstólnum biðja fyrir öllum communicantibus yfir höfuð, en ekki fyrir nokkurum sér í lagi, en síður nefna hann á nafn. — 9) Í hjá þess heilaga altaris sakramentis adminstration skal presturinn fyrirfram sorga fyrir því, að patínan og kaleikurinn séu svo hrein, sem svo heilög handtéran út krefur. Finnist hann þar í forsómunarsamur, þá skal hann bæta þar fyrir til fátækra prestaekkna, eftir kallsins inntekt og prófastsins eða biskupsins tilsögn. — 10) Til þess að koma í veg fyrir þann mismun, sem á undan gengur með áminningar communicantanna, þar sá eini prestur brúkar þessa, en annar hina, þá viljum vér allranáðugast, að allir prestar á Voru landi Íslandi skuli hér eftir brúka eina og sjálfa þá hina sömu áminning, sem í Vorum ríkjum Danmörk og Noreg er brúkanleg. — 11) Svo sem það og hefir hingað til verið óleyfilegur siðvani í Íslandi, að prestarnir við altarisins sacramentis administration hafa ei consecrerað meira af víninu en það, sem í fyrsta sinn hefir verið helt á kaleikinn, hvert oft skal vera svo lítið, að varla 6 persónur geta drukkið þar af, svo að það sem eftir er, nær fleiri eru til altaris, útdeilist þá, fyrir utan consecration, þá viljum Vér hér með allranáðugast hafa befalað, að, þá af brauði og víni þarf

meir en það, sem fyrsta sinn er fyrir orðið helgað, skal presturinn annaðhvort í hvert sinn hafa upp aftur blessunarorðin, ellegar í eitt sinn consecrera svo mikið, sem við þarf til allra communicantanna. Útdeili nokkur prestur hér eftir óconsecrerað brauð eða vín, þá tiltalist honum þar fyrir af prófastsréttinum upp á hans embætti. Því bjóðum Vér hér með og befölum Vorum stiftbefalingsmanni, biskupum, amtmanni, lögmönnum, sýslumönnum og öðrum, sem þessi Vor tilskipan send verður, að þeir hana á tilhlýðilegum stöðum, til allra eftirréttingar, strax láti lesa og kunngera. 1746 27. maí.

Tilskipun um spítalana.

— — — 29) Enginn, sem eftir Vorri allranáðugustu skipun skal gefa nokkuð út til hospítala fyrir að innganga ektaskap, má af prestinum vígjast, fyrr en hann hefir framvísað viðkomandi biskups kvittering, að sú uppásetta gáfa sé betöluð. — — — 27. maí.

Tilskipun um húsagann á Íslandi.

Vér Chr. VI. o. s. frv. — — — 3. júní.

2) Foreldrarnir skulu, svo fljótt sem guð hefir blessað þau með einu barni, bera strax umsorgun fyrir því, að það hið seinasta innan 8. dags verði fært til kirkju og skírnar. En skuli barnið vera svo veikt og vegirnir svo ófærir, eður veðuráttan svo hörð, að þeir þori ekki, án lífsháska, að láta flytja það til kirkjunnar, byrjar þeim strax að láta sækja prestinn og skíra það heima í húsinu. — — — Þá barn er í kirkju skírt, byrjar foreldrunum að bjóða þremur guðfeðginum, þá er þau kunna að fást, nefnilega tveimur karlmönnum og einum kvennmanni, hverjar persónur að skulu vera guðhræddar og ærlegar, sem maður kunni að vænta þess af, að þær láti sér barnsins uppfóstur og undirvísun í guðsþekkingu og því, sem gott er, vera innilega umhugað, ef foreldrarnir fyrir dauðann kynnu að falla frá. — — — 8) Fremji

1746 3. júní. börnin nokkuð ósæmilegt, þá eiga foreldrarnir ekki, eftir hingað til brúkanlegum siðvana, að láta of mikið eftir þeim, heldur straffa þau með alvarlegum orðum — — — ellegar og svo með hendi og vendi eftir á-sigkomulagi yfirsjónarinnar. Þó skulu öll höfuðhögg, og að slá í höstugri reiði, vera hér með öldungis fyrirboðin. — — —

3. júní. **Konungsbréf um drykkjuskap o. fl.**

Vér Chr. VI. o. s. frv. — — —

Þá er nú hér með Vor allranáðugasti vilji og befaling, að þú (ɔ: biskup) tilhaldir prestunum í þér allra náðugast tiltrúuðu stifti, að þeir [serdeilis þann tima, sem skipin eru við landið] vakti sig fyrir allri óháttsemi og drykkjuskap, ef þeir ekki, verði annað fundið, vilja vænta tiltals þar fyrir upp á þeirra embætti. — — — Sömuleiðis viljum Vér, að ef nokkur student finst drukkinn, þá skal slíkt gefast til vitundar biskupi, hver það skal sjá til þess, að slík persóna, þó hún annars í tilliti til hennar gáfu og stúderinga kynni forþéna það, að forframast, komist ekki til nokkurs prests [skóla eður djákna] embættis fyrr en biskupinn er fullviss orðinn um hans endurbót. Þar fyrir utan skulu ei heldur prestarnir meðtaka nokkurn prálátan drykkjumann til skrifta eður h(eilags) sakramentis. — — —

10. júní. **Tilskipun um stiftsprófasta.**[1])

Vér Chr. VI. o. s. frv. — — —

1) Einn officialis eður stiftsprófastur skal almennilega halda yfir Vorum lögum, fororðningum, tilskipunum og reskriptum, gömlum og nýjum, svo vítt þær biskupastólnum og hans útréttingum kunna viðkomandi að vera. — — — 7) Þá nokkur, sem til Vor sjálfra vill supplicera eður innsenda memoralia til

---

[1]) Sbr. l. nr. 38, $^{80}/_{7}$ 1909.

[vorra collegia], sendir til hans sínar supplicatiur til erklæringar og uppáskriftar, skal hann að sönnu gera það, en engan veginn þar upp á öðruvísi erklæra en svo sem lög og forordningar til halda, og hann ætlar sjálfur til að svara. — — — 9) Stiftiskistuna og hennar bréfaskápa skal hann aðgæta svo sem sinn augastein, og hvorki directe né indirecte láta nokkuð bréf misfarast þar af, undir hans embættis töpun; miklu heldur skal hann af öllum mætti keppast við að geta aukið stiftisins bréf með svoddan undirréttingum, sem kunni að vera publico og stiftinu til nytsemdar, og eftirkomendunum til upplýsingar. — 10) Það sama hefir hann og svo við kirkjunnar [og skólans] bækur að taka til vara. — — — 13) Sé sá, sem til officialis verður skikkaður, prófastur, og hafi prófastsdæmi, skal hann fyrir sína persónu vera frijaður frá, eftir lögunum, þar að visitera, svo lengi sem hann forréttar officialis, eður stiftprófasts embættið, þá skal hann hafa magt til að tilskipa einn af þeim næstu prestum, sem hann heldur þar til dugtugan, að visitera fyrir sig í hans héraði eitt sumar eður fleiri, á móti billegum betaling, sem þeir kunna að koma sér saman um. — 14) Með þá ordinarie biskups visitation hefir officialis ekkert að bestilla, án þess biskupsstóllinn skyldi vera yfir í tvö ár vacant, og visitationin vera stórnauðsynleg. — 15) En þar á mót skal hann forrétta öll consistorialia eins og biskupinn, eftir laganna ordinantiunnar og annara konunglegra befalinga tilhaldi, svo hefir hann og að tilskipa einn af þeim við consistorium verandi ó-interesseruðu og hentugustu prestum, eður skólaþénurum, til að færa protocolinn í consistorial réttinum, en þeim prestum, sem þangað eru kallaðir til að vera við consistorium, skal hann ekki vera skyldur til að gefa kost eður tæring, án þess hann af góðvilja vilji gefa þeim nokkuð. — — — 17) Finni nokkur löglega orsök til að bera sig upp um officialis háttalag i episcopalibus, þá skal hann bera

1746 10. júní.

1746 10. júni. það upp, eins og þegar biskup er, fyrir Oss sjálfum, en í öðrum hlutum skal hans óskast fyrir undirréttina eftir lögunum. — — — 19) Officiali skal bevisast sama respect, æra, hlýðni og þægilegheit, sem sjálfum superintendentinum, á meðan hann er stiftsprófastur og með vandlæti framkvæmir það embætti, hvar eftir allir og hver einn viðkomenda, sem fyrskrifað stendur, hafa sig allraundirdánugast að rétta og halda, ei gerandi á móti þessari Vorri allra náðugustu tilskipan hindran eður uppihald í nokkurn máta undir Vora hollustu og náð.

1. júlí. **Erindisbréf handa biskupum.**

1) Biskupar Vorir — — —, er Vér nú höfum skipað eða hér eftir skipum, skulu alment, svo sem landshættir leyfa, haga sér eftir þeim lögum, konungs tilskipunum, konungsbréfum og lagafyrirmælum, sem þegar hafa verið Íslandi sett um andleg mál eða sett kunna að verða. — 2) En einkum skulu þeir í biskupsdæmi sínu kenna og prédika guðs heilaga orð, svo og eiga rétt á að fremja helgiathafnir, hvar sem er og þegar einhver æskir þess, en þó á prestur einkis í að missa af tekjum sínum. — 3) Þeir eiga að líta eftir því með mestu kostgæfni, að allir prestar, sem undir þeirra eftirliti eru, kenni guðs orð hreint og ómengað, og skulu þeir á yfirreiðum sínum láta presta prédika fyrir sér til þess að fullvissa sig um þetta — — — 5) Þegar biskup ætlar í [árlega] yfirreið sína, skal hann svo tímanlega tilkynna prestum komu sína, með umburðarbréfi, þar sem hann ætlar að fara yfir, að þeir megi fá vitneskju um það að minsta kosti 3—4 dögum áður, svo að þeir fái gert söfnuðum sínum viðvart og söfnuðurinn hafi ekki neina ástæðu til afsökunar á því, ef hann kemur eigi. — 6) Á yfirreiðum skal biskup einslega í samtali við menn spyrjast fyrir um það, í hverju presti sé helzt á fátt, hvort hann hafi dugnað og kunnustu til embættis síns,

hvort hann hafi röggsemi til þess að efla sanna guðs- 1746
þekkingu og guðsótta, hverja ástundun hann sýni til 1. júli.
þess í söfnuði sínum, hver þia desideria hann hafi
í þá átt, og hvaða sennilegar uppástungur hann hafi
til breytingar í því efni. — — — 8) Á yfirreiðum
spyr presturinn — — — fyrst börn, og síðan biskup,
enda skal hann, þá er hann hefir reynt spurninga-
aðferð prestsins og hvaða þekkingu ungmenni hafa,
láta þau lesa á bók og síðan utan að nauðsyn-
legustu bænirnar, og leiðréttir hann í ástsemd
villur þeirra, leitast við að áminna þau um að taka
sér fram og hvetur þau, sem treg eru, til meiri iðni.
— 9) Þegar barnaspurningum er lokið og biskup
hefir lokið sinni almennu hvatningarræðu, gengur
æskulýðurinn og kvenfólkið út úr kirkjunni, og spyr
biskup karlmenn þá og húsfeður, sem eftir eru, hvern-
ig séð sé fyrir uppfræðslu æskulýðsins, hvort guð-
ræknisbækur séu til á heimilunum, hvort guðsþjón-
usta sé vanrækt, hvort prestur spyrji börn kostgæfi-
lega hvern sunnu- og helgidag eftir prédikun, hvort
hann vitji sjúkra með árvekni og jafnvel þótt hann
sé eigi til kvaddur, hvort hann geri það þegar er hans
er vitjað, hvort hann fylgi nákvæmlega allran. til-
skipun Vorri um húsvitjunir, hvort hann fari rétt að
með hvern og einn í skriftastólnum, og annað, er
embætti prestsins varðar. Á hinn bóginn skal bisk-
up frétta prest um það, hvernig söfnuðurinn hegðar
sér, hvort bæði gamlir og ungir og hjú sæki kirkju
með kostgæfni, hvort foreldrar og húsráðendur haldi
börnum sínum og þjónustufólki til guðsótta og bók-
lesturs heima fyrir, hvort góðum aga sé uppi haldið,
hvort þar eigi sér stað nokkur opinber hneyxlun,
og annað sem biskup skal hafa vald og rétt til að
grenslast eftir. Hann heldur bók yfir yfirreiðir sínar
og gerir eftir henni allrapegnsaml. skýrslu sína árlega,
er á að vera glögg og í stuttu máli samin, enda skal
þar greint, hvaða dag hann vitjaði hvers staðar, nafn

1746 1. júlí. prests og embættisfærsla, hvort hann er lærður eða ólærður, hvort hann stundi kostgæfilega guðfræðisefni, í hvaða hluta guðfræðinnar hann sé æfðastur, hvort hann sé ástundunarsamur eða framkvæmdarlaus í útbreiðslu guðs dýrðar og sanns kristindóms, hvernig hann er skapi farinn, hvort hann sé hneigður til nokkurra sérstakra lasta, hvort hann sé uppbyggilegur predikari eða ekki, hvort hann skrifi ræður sínar eða ekki, hvort hann hafi góða eða litla hæfileika til að prédika og fræða börn, hvort hann haldi réttilega lögboðnar kirkjubækur, hvort hann eigi góðar bækur og kunni að notfæra sér þær, — — — um kvartanir eða bænir safnaðarins í kirkjumálum, hvort biskup hafi ráðið bætur þar á. — — — **10)** Nú hittir biskup prest svo fáfróðan, óhæfan eða hneyxlanlegan í hegðan sinni, að söfnuðurinn má eigi gagn af honum hafa, og skal hann þá hafa vald til að vikja presti frá um stundarsakir, og prófastur skal kæra hann pro officio og láta dæma hann frá embætti. **11)** [Biskupinn í Hólastifti skal hafa vitjað allra kirkna í stifti sínu á 3 ára fresti, nema hann hafi sjúkdóm eða önnur sannanleg forföll, en biskupinn í Skálholtsstifti á 5—6 ára fresti, með því að stiftið er feikna víðáttumikið, hættulegt og erfitt yfirferðar]. — — — **13)** Þegar biskup, eða prófastur, kemur á yfirreið sinni, þá skal söfnuðurinn, ungir og gamlir, koma til kirkju — — — **14)** Enn fremur skulu meðhjálparar[1]), vera viðstaddir, þegar biskup eða prófastur koma, og skulu þeir allir spurðir, hvernig ástandið sé í söfnuðinum, hvort þar tíðkist nokkurir sérstakir ósiðir eða guðleysi, hvernig hver um sig ræki embætti sitt, og fái stoð til þess eða sæti tálmunum, og skal biskup eða prófastur eigi láta undir höfuð leggjast að áminna menn í því efni. — **15)** Biskup skal samkvæmt hingað til

---

1) Nú sóknarnefnd.

haldinni venju hvervetna láta, þar sem þeir fara yfir, halda fullnægjandi skrá yfir kirkjuna sjálfa, innanstokksmuni hennar og skrautgripi, kúgildi, jarðir, leigur, hús, skóga, reka, og aðrar eignir hennar og hlunnindi, og skal biskup, hve nær sem hann heldur kirkjuskoðun, ásamt forráðamanni kirkju og nokkurum öðrum góðum mönnum, undirrita skrána, og skal hún látin í stiftskistuna[1]) og geymd þar til þess að hafa hliðsjón af henni. — 16[2]) Til þess að fyrirgirða allar deilur, er rísa af skorti á áreiðanlegum gögnum um eignir kirkna, réttindi og kúgildi, er standa á jörðum léns- og bændakirkna, skulu samkvæmt allraþegnsaml. tillögum fyrri biskupa, eftirgreindar skrár taldar áreiðanlegar og löggiltar kirkjuskrár og máldagabækur í Skálholts- og Hólastifti, er allar þrætur um eignir kirkna og réttindi skulu dæmd og útkljáð eftir: Í Skálholtsstifti: Hin gamla máldagabók eða kirkjuregistur Wilchins biskups, samantekin 1397. Í Hólastifti: a) Registur og máldagabók Jóns biskups Eiríkssonar 1360, b) Péturs biskups 1394. c) Auðunar biskups 1398 (rétt: 1318). d) Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461 og e) Sigurðar prests, sem safnað var eftir siðaskiftin. — — —[3]). Mál, er varða aðrar kirkjueignir í báðum stiftum, svo sem innanstokksmuni og skrautgripi þeirra, skulu eigi dæmd eftir nefndum máldagabókum, heldur eftir skrám þeim, er evangelisku biskuparnir hafa gert eftir siðaskifti. — 17) Biskup skal knýja kirkjubændur og svo nefnda lénspresta til þess að halda kirkjum, gripum þeirra og öðru, forsvaranlega við, svo og að hafa kirkjur svo rúmgóðar, að allir safnaðarmenn komist þar fyrir. Svo ber þeim og að gera reikning fyrir tekjum kirkna og gjöldum[4]). Verði ólög- 1746 1. júlí.

1) Nú Landsskjalasafn.
2) Kgsbr. 5/4 1749.
3) L. nr. 46, 10/11 1905, 11. gr.
4) Sbr. Kksk. 2/7 1607 II-9, kgsbr. 6/5 1740, 19/5 1747.

1746 1. júli. legur dráttur þar á, skal amtmaður sækja bændakirkjueigendur, og lénsprestum skal refsað samkvæmt allran. konungsboði frá 1708[1]). Auk þess skal bændakirkjueigandi eða erfingjar hans safna svo fé, sem nægir til endurbyggingar kirkju, ásamt öðrum tekjum hennar. — 18) Nú telur biskup eitthvað svo úr sér gengið, að það þurfi endurbóta við, og skal þá skipun hans tafarlaust hlýtt. Ef það er vanrækt, enda sé unt að bæta það eða breyta því, skal forráðamaður kirkju sæta refsingu eftir því, er rétt þykir, til fátækra, og skal amtmaður knýja hann til þess að fullnægja tafarlaust skyldu sinni. — — — 21) Biskup skal, samkvæmt þar um útkomnum konungsboðum, hvor í sínu stifti, sjá um, að prófastar þeir, sem undir hann eru gefnir, visiteri árlega hver sitt prófastsdæmi og sendi biskupi þar um greinilega og áreiðanlega skýrslu, ásamt uppástungum til endurbóta, er nauðsynlegar kynnu að vera, svo að biskup megi nákvæmlega rannsaka þau efni og gera rækilegar skýrslur og tillögur um það til General-kirkju-eftirlits-kollegís Vors. Ef prófastur óhlýðnast þessu án lög mætra orsaka, skal honum refsað eftir mati biskups til fátækra prestsekkna. En af því að þau prófastsdæmi eru til, svo sem í Skálholtsstifti Múla-, Rangárvalla-, Ísafjarðar- og Árnessýslur, og í Hólastifti Þingeyjarsýsla, er prófastar fá eigi komist yfir að visitera algerlega á hverju ári, svo að söfnuðir þeirra og heimili biði eigi hnekki af, þá skal biskup þá skipun á gera, að hvorki sé próföstum íþyngt um of né yfirreiðir frestist um skör fram, heldur skuli þeim lokið á 2 ára fresti í hverju héraði. — — —[2]) 23) Prófastar eiga að lögum að vera biskupi til aðstoðar um alt það, er guðs dýrð og kirkjustjórn varðar, og ef áminningar þeirra og viðvaranir til einhvers héraðsprest-

1) Þ. e. 11. maí 1708.
2) L. nr. 47. $^{16}/_{11}$ 1907, 3. gr.

anna eða annara reynast árangurslausar, skulu þeir eigi láta svo búið standa, heldur skýra biskupi frá eftir beztu vitund og skynsemi, svo að hann megi gera nánari ráðstafanir til breytinga eður bóta. Svo skulu og prófastar, er biskup býður að sækja consistorium[1]), vera þar til aðstoðar, svo að réttur og réttvisi samkvæmt guðsorði og lögum megi þar ná fram að ganga. — 24) Í hvoru stifti skal einu sinni á ári haldin synodus. — — — Biskup skal í tækan tíma bréflega boða hana próföstum og prestum, er hlut eiga að máli, með því að þar á að ræða um alt, er varða má nauðsynjar klerkdómsins. — 25) Þegar einhverjum er boðið að sækja consistorium, skal hann tafarlaust koma, nema löglegar nauðsynjar banni, en þá skal hann biðja annan farar, nema hann vilji sæta sekt, eftir því sem venja er til. — 26) Synodus skal hefjast á stuttri prédikun, sem einhver prestur heldur eða prófastur, er biskup hefir kvatt til þess. — — — 29) Skipanir þær, sem frá [konungi eða] biskupi ganga í umburðarbréfum til presta í héraðinu eða stiftinu, skulu prófastar tafarlaust birta, og skal hver presta taka eftirrit af þeim og skrá í sérstaka bók, og skal sú bók stöðugt geymd við prestakallið sem aðrir innanstokksmunir og afhent eftirmönnum, svo að þeir megi fá þekkingu á þeim boðum. Skal biskup gæta nákvæmlega að því á yfirreiðum sínum, að þessu sé fylgt. Jafnskjótt sem prestur hefir náð eftirritinu, skal hann láta bréfið halda áfram til nágrannaprests síns. — — — 30) Með því að biskupinn á, samkvæmt allran. skipunum vorum, að senda skrifstofum vorum — — — ýmsar skýrslur, þá skulu prófastar og prestar kostgæfilega senda biskupi skýrslur um það, er árlega er heimtað. Nú hefir einhver fyrir vanræktar sakir eigi sent í tækan tíma skýrslur þær, er heimtaðar eru, og skal hann þá sæta

1746 1. júlí.

1) Nú synodus og synodalréttinn.

1746 1. júli. refsingu svo sem í 23. gr. segir. — 31[1]) Biskup skal sjá um að prestar haldi réttilega skrá yfir: a) — — — acta synodalia, umburðarbréf biskupa, er öll skulu í heild sinni skráð, b) fædda, dána og gifta, c) fermda; þessar 3 bækur skulu ávalt vera eign kirkjunnar, og skal biskup, hve nær sem hann visiterar þar, rita í hverja þessara bóka, að hann hafi séð þær. d) skipulegt sálnaregistur, einkum yfir nöfn æskulýðsins, aldur, lestur og framfarir, og skal biskupi sýnd bókin á yfirreiðum, svo að hann sjái, að hún sé haldin svo, og, ef nauðsyn krefur, til þess að hann megi áminna um að koma betri skipun á hana, — — —. 35) (Biskup sjái um, að húsvitjað sé). — — — 42) Biskup skal eigi dirfast að vigja nokkurn mann til prests, sem eigi hefir náð, lögum samkvæmt[2]), 25 ára aldri. — 43) (Sagt, að biskup eigi að reyna prestsefni í játningabókum þeim, er lögteknar séu í kirkju Vorri (»de i Vor Kirke reciperede symbolske Böger«)[3]) — — — 45) Jafnskjótt sem einhver hefir fengið veitingu fyrir prestakalli, skal hann þegar snúa sér til biskups, sem — — — vígir hann og eiðfestir og fær honum vígslubréf til þess safnaðar, er hann á að gæta. Þó skal slíkur kandidat rita æfisögu sína á latínu í þar til gerða bók, er geymd skal með skjölum stiftisins. — 46) Biskup skal á allan hátt vernda vald góðra presta, er vel gegna embætti sínu bæði um kenningar og líferni, gegn einum og öllum, svo að virðing sú, er kennimaður á að njóta í embætti sínu, veikist eigi né hverfi þrátt fyrir ill ytri kjör, og þessa skulu einnig veraldleg yfirvöld, er vér höfum sett yfir kennimennina, gæta og verja þá fyrir ranglátum kærum og þvermóðsku annara. En ef prestur þar á móti misbeitir embættisvaldi sínu, reynist skeytingarlaus í embætti.

---

1) Kgsbr. $^{11}/_{12}$ 1812.
2) Tilsk. $^{16}/_{2}$ 1621.
3) Sbr. D. og N. L. 2—1.

óhlýðinn, illorður eða drykkfeldur, — — — skal biskup samkvæmt allranáðugustum skipunum vorum tafarlaust láta refsa honum. — 47) Biskup skal á yfirreiðum sínum tala gegn — — — vanbrúkun brennivíns. — — — 49) — 50) (Biskup hafi eftirlit með barnafræðslu). — — — 56) Ef maður beiðist úr stiftiskistunni eftirrits og upplýsinga um kirkjur, lóð þeirra og eign, rekatré, landamerki, kúgildi og annað þvílíkt, skal biskupinn láta honum það mótmælalaust í té, en þó skal sá, er eftirrits beiðist, annaðhvort láta rita það eða þóknast biskupi fyrir. 1746 1. júlí.

Tilskipun um metorð. (LfI. 2. b. 673). 14. okt.

Konungsbréf um gegnumdregnar kirkjubækur[1]). 1747 19. maí.

Fr. V. o. s. frv. Næstliðinn 6. aprilis hefir þú, herra biskup Ólafur Gíslason, Oss hið allraundirdánugasta fyrir sjónir leitt, að kirkjurnar á Voru landi Íslandi, svo mikið þér er kunnugt, hafi enga kirkjubók, sem þó á að vera eftir lögunum, svo að biskupinn eður prófasturinn, nær þeir visitera, kunna engan reikning fá, og hafa ekkert ánægjanlegt að styðja sig við, hvers vegna hinir fyrri biskupar hafa hlotið að gezka upp á, hvað mikil væri kirkjunnar árleg inntekt, og til þess sama hjálpað sèr við hreppstjóra reikninga, með því kirkjan hefir þar jafna tíund við fátæka, og hafa menn þá fundið, að kirkjurnar hafa átt mikið hjá sínum proprietariis; þar fyrir, með því þetta regluleysi færir með sér stóran baga, nær kirkjur verða visiteraðar þar í landi, þá gefum Vér yður hérmeð til vitundar, að Vér eftir slíkum kringumstæðum, sem og eftir þinni, þú stiftamtmaður Ocksen, hér um fenginni undirvísan, allranáðugast höfum gott fundið að skipa og bjóða, að við hverja kirkju

1) Sbr. kirkjusk. $^{2}/_{7}$ 1604 II—9, kgsbr. $^{6}/_{5}$ 1740 erbr. $^{1}/_{7}$ 1746 15. gr.

1747 19. maí. á Íslandi skuli af beneficiariis og proprietariis gerast eftir lögunum ein numereruð og gegnumdregin kirkjubók, hver af héraðsprófastinum fyrir ekki skal innsiglast, og í hverja inn skal færast, 1. öll kirkjunnar eign, hvort heldur eru bæir, hús, jarðir, eng, skógar, rekar eður hvað annað þesskyns, sem hún nú á og heldur, item allar visitatiur, sem eftir þenna dag gerðar verða, 2. kirknanna inventarium, instrumenta, kaleikar, patinur, klæði, bækur og annað slíkt, eftir þörfum og skýrlega uppskrifað, 3. öll kirkjunnar árleg inntekt, viss og óviss, sem og hennar útgiftir héreftir, frá þeim tima sem hinn síðasti reikningur var tekinn og gjörður af sál. biskupinum mag. Jóni Árnasyni, undir hverja reikninga sóknarpresturinn skal einnig skrifa til frekari vissu, og skulu þessar kirkjubækur vel varðveitast við kirkjuna, biskupi og prófasti til góðrar andirvisunar, þá þeir vísitera; en hvað áhrærir þá ógjörðu reikninga fyrir hin umliðnu ár, þá skal þar með höndla eftir því rescripti, sem út var gefið þann 6. maí 1740, eftir hverju kirkna proprietarii skulu gjöra reikning fyrir kirknanna inntektir eður svo kallaðar kirkna portiones.

1748 11. júlí. **Tilskipun um kaupfána** (LfI. 2. b. 738; eigi birt hér). — — —

1[1]) Kaupfáninn danski skal vera rauður fáni með hvítum krossi, og óklofinn, og skal — — — hviti krossinn vera $^1/_7$ af breidd fánans við stöng, tveir eftri rauðu reitirnir skulu vera rétthyrndir ferhyrningar, og fremri rauðu reitirnir skulu vera $^6/_4$ hlutar af etri ferhyrningunum. — — —

1749 5. apríl. **Konungsbréf (til biskups), er löggildir máldagabók Gísla biskups Jónssonar.**

Fr. V. o. s. frv. Vér höfum orðið þess áskynja af allraþegnsamlegustu bréfi þínu 10. júní f. á., að í

1) Sbr. l. nr. 35, $^{13}/_{12}$ 1895, 2. gr., kgsúrsk. $^{22}/_{11}$ 1813.

stiftskistunni í Skálholts stifti, sem þú ert allranáðar- 1749
samlegast skipaður yfir, sé, auk hinnar gömlu svokölluðu 5. apríl.
máldagabókar Vilchins biskups eða kirkjuregisturs, sem löggilt var með 16. gr. í erindisbréfi biskupa á Voru landi Íslandi, annað kirkjuregistur, sem fyrrverandi biskup í Skálholtsstifti, herra Gísli heitinn Jónsson, á að hafa samið árið 1575; tjáist registur þetta að eins vera óstaðfest eftirrit, en konsistorialrétturinn á árið 1710 að hafa á landsþinginu kveðið upp það álit sitt, að það væri hið helzta og áreiðanlegasta kirkjuregistur, sem til væri í stiftinu, því að í því eiga að vera taldar kirkjur nokkurar og réttindi þeirra, sem þær eiga enn þá, en eigi eru talin í Vilchins máldagabók, sem heldur eigi tjáist telja allar kirkjur í stiftinu. Fyrir því gefum Vér þér hérmeð til vitundar, að Oss hefir allra mildilegast þóknast, auk fyrrnefnds kirkjuregisturs Vilchins biskups, sem þegar hefir löggilt verið í Skálholtsstifti með 16. grein í erindisbréfi biskupanna, að löggilda einnig allramildilegast fyrrtéð kirkjuregistur eða máldagabók, sem þáverandi biskup yfir Skálholts stifti, Gísli heitinn Jónsson, samdi árið 1575, og viljum Vér því allramildilegast, að þó að eftirrit það af registri þessu, sem er í stiftskistunni, sé óstaðfest, þá skuli registrið eins fyrir það vera talið áreiðanlegt og authentiskt kirkjuregistur; þó skal að öðru leyti farið eftir oftnefndri 16. gr. í erindisbréfi því, er allra mildilegast hefir verið útgefið handa biskupum á Íslandi.

Konungsbréf (til beggja lögmanna) um áfrýjun héraðs- 19. des.
dóma[1]).

Fr. V., o. s. frv. — — — Fyrir því gefst þér hérmeð til vitundar, bæði til þess þú vitir glögg skil sjálfur í því efni, og til þess þú getir aftur um það gefið öðrum hlutaðeigendum tilhlýðilega upplýsingu,

1) Sbr. tilsk. $^{19}/_{8}$ 1735, 10. gr.

1749 19. des. að svo skal skilja og telja þá 6 mánuði, — — — er stefna skal undirréttardómi innan þeirra til yfirréttar samkvæmt Norsku lögum[1]), að ef stefnu hefir beiðzt verið löglega á lögþinginu til að áfrýja slíkum undirréttardómi, áður en 6 almanaksmánuðir — — — eru liðnir frá því er dómurinn var kveðinn upp, að meðtöldum dómsuppsagnardeginum[2]), þá skal svo álíta, sem slíkum dómi sé löglega stefnt og áfrýjað til lögþings, en síðan skal birta lögþingisstefnuna svo sem segir í Norsku lögum, ef málinu á að álítast löglega framfylgt. Og í öðru lagi viljum Vér einnig allramildilegast skipa svo fyrir, að þegar máli er vísað til undirréttar aftur frá yfirrétti sakir þess, að því hafði eigi í fyrstu verið rétt stefnt eða það hafði eigi verið rétt rekið, eða sakir rangrar meðferðar af dómarans hálfu, og heimvísunardómi þessum er eigi áfrýjað til æðri réttar, þá skal dómur undirréttarins, sá er fyrst gekk í málinu, ógildur vera og svo sem ódæmdur talinn, og verður honum eigi oftar áfrýjað fyrir neinn rétt, hvorki til staðfestingar né breytingar, en ef nokkur hlutaðeigandi krefst þess, skal undirdómarinn skyldur að dæma málið af nýju eftir löglega meðferð og á löglegan hátt, og ber að áfrýja þeim dómi, er undirdómarinn þá kveður upp, fyrir yfirréttinn á þann hátt, er áður er sagt um, hvernig stefna eigi. En ef máli hefir verið vísað frá yfirrétti sökum þess, að því var eigi löglega stefnt þangað eða löglega framfylgt, þá má stefna undirréttardómi þeim, er genginn var, af nýju fyrir yfirréttinn, án þess að uppreisn sé áður fengin, en þó skal þá málinu stefnt innan 3 almanaks-mánaða frá uppsögn frávísunardóms yfirréttarins, að þeim degi meðtöldum, er frávísunardómur yfirréttarins var upp kveðinn. — — —

---

1 N.L. 1—6—10.
2) Tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 16. gr.

Tilskipun um réttarfar í hjónaskilnaðarmálum sakir desertio. (Eigi birt hér, en þó fylgt)[1]). 1750 29. maí.

Vér Fr. V., o. s. frv., gerum öllum kunnugt — — — og hefir Oss því — — — allramildilegast þóknast — — — að skipa svo fyrir, að þegar annað hjóna stefnir hinu til þess að fá skilnaðardóm sakir desertio, skal þess, sem nú skal sagt, gætt eftirleiðis í dómum þeim, er dæma eftir Lögunum í hjónabandsmálum, auk þess sem þegar áður er boðið í Lögunum og annarstaðar því viðvíkjandi: 1) Þá er maður stefnir konu sinni eða kona manni sínum fyrir rétt til þess að fá skilnaðardóm sakir desertio, og stefnandi veit eigi, hvar hinn burtvikni hefir dvöl, þá leyfum vér að vísu allramildilegast, að það megi nægja eftirleiðis, sem áður hefir tíðkast, að varnaraðilja sé stefnt með 6 vikna fresti, þar sem hann átti síðast heimili eða dvöl, og einnig með 6 vikna fresti á landsþinginu eða lögþinginu[2]). — — — En ef það kemur fyrir, að upplýst verður nákvæmlega meðan á málarekstrinum stendur fyrir réttinum, hvar stefndur dvelur, þá skal vísa málinu frá um stund, til þess að stefnan verði löglega birt varnaraðilja, þar sem hann á þá dvalarstað. — 2) Ef stefnandi vill mega búast við, að mál hans verði tekið til dóms af réttinum, verður hann áður að hafa haft þann undirbúning, að sækja til yfirvaldsins um, að stefndum verði skipaður talsmaður, og má með engu móti synja umsækjanda um það, og skal birta stefnuna löglega fyrir talsmanni þessum, en honum ber að mæta í réttinum og verja mál hins fjærveranda, svo sem lög standa til, og fær hann sanngjarna borgun fyrir ómak sitt af fjármunum stefnds, ef hann verður sekur álitinn, þeim er hann kynni að hafa eftir skilið í ríkjum Vorum og löndum. — 3) Jafnvel þótt það hjónanna,

1) desertio þýðir strok, brotthlaup.

1) Nú í landsyfirréttinum, tilsk. 11/7 1800, 12. gr.

1750 sem yfirgefið var og stefndi, hafi umboðsmann fyrir
29. maí. sig, skal því þó, áður það megi krefjast dóms í málinu, vera skylt að mæta sjálft fyrir réttinum, og gefa þar eigi að eins skýrslu um allt það, er því er kunnugt, og lýtur að því, hvort stefndan beri í raun og veru að álíta desertor samkvæmt lögum, og um það, hvar hann hafi dvöl, heldur skal því jafnvel og skylt vera að svara öllum þeim spurningum, sem talsmaður stefnds eða rétturinn kynni í því skyni að leggja fyrir það, og er stefnandi skyldur að staðfesta með eiði skýrslu þessa og svör, þá er rétturinn býður honum það, svo og það, að hann geti eigi gefið aðrar eða frekari upplýsingar um desertio stefnds og dvalarstað en þær, sem hann hefir skýrt frá í réttinum eða góðviljuglega framlögð bréf og skilríki hafa sýnt. Ef stefnandi skorast undan að verða við þessu, þá skal eigi að eins vísa máli hans frá réttinum, heldur skal rétturinn og hafa vald til að dæma hann til að bæta hinum skipaða talsmanni ómak hans og tilkostnað, og sekta hann að auki hæfilega fyrir óþarfa þrætu.

1751 **Konungsbréf (til stiftamtmanns og biskups) um eig-**
5. marz. **andaskifti að bændakirkjum**[1]).

Fr. V., o. s. frv. — — — Vér höfum nú fengið allraþegnsamlegast álit þitt, kammerherra greifi Rantzau, um mál þetta, og orðið þess vísari af því, að rétti kirknanna á Íslandi sje svo varið, að þó að kirkjueigandi selji kirkjueignina, þá sé þó sá, er keypti, skyldur að svara til skuldar þeirrar, er kirkjan átti hjá eiganda sínum, en verði aftur, ef hann þykist vanhaldinn í kaupunum, að eiga um það við þann, er hann hefir átt kaupin við, og verður það mál milli þeirra. Er eftir þessu skylda kirkjueigenda til að gera greín fyrir tekjum kirknanna eigi onus personale,

1) Sbr. kgsbr. 30/6 1786.

heldur reale, og virðist því eigi óhjákvæmilega nauð- 1751
synlegt, að samþykki biskups komi til, áður kirkju- 5. marz.
eigandi megi selja kirkjuna með eignum hennar. Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allranáðarsamlegast, að við þetta skuli standa, og að um það fari hér eftir sem hingað til; en til þess að biskuparnir á Íslandi geti vitað, hverir eru eigendur kirknanna, viljum vér allranáðarsamlegast skipa svo fyrir og bjóða, að, eins og boðið er í tilsk. 8. nóvbr. 1726 fyrir Danmörku, að ef nokkur af þegnum vorum selji eða kaupi kirkju, þá skuli báðir, seljandi og kaupandi, innan eins mánaðar frá því, er kaupin gerðust, skýra frá því bæði hinu danska kansellii Voru og biskupi þeim, sem kirkjan heyrir undir, að viðlagðri 100 rdl. sekt til fátækra í sókninni, svo skuli hér eftir eins að farið á Íslandi í þessu efni, þannig að ef maður kaupir eður selur kirkju þar í landi, þá skuli bæði seljandi og kaupandi skyldir til að gefa biskupinum í stifti því, er kirkjan er í, skýrslu um það innan eins mánaðar.
— — —

Tilskipun um óbótamála meðhöndlun í Danmörku og Noregi. 21. maí.

Vér Fr. V., o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: — — — **1.**[1]) Þegar einhver verður ákærður fyrir drýgðan lagaglæp, þá sé almenn skylda að uppgötva og sanna sakamannsins fæðingarstað, aldur, atvinnuveg og þess háttar fleira, er hans persónu áhrærir, af kirkjubókinni, ellegar á annan hátt, einkum þegar dómurinn yfir honum skal þar upp á byggjast. — **2.**[2]) Eftir að sakamaðurinn er af réttinum yfirheyrður, sem ætið á að skeð án banda og þvingunar, og hann hefir bæði meðkent sinn drýgða glæp, og líka

1) Sbr. tilsk. 3/6 1796, 38. gr. og op. br. 5. maí 1797.
2) Sbr. tilsk. 24/1 1838, 15. gr.

1751 svarað upp á allar þær spurningar, er þéna kunna
21. mai. til upplýsingar um illverksins ásigkomulag, hverjar spurningar eiga að framsetjast fyrir sakamanninn af sækjandanum, talsmanninum og dómaranum, svo má þar þó ekki strax fellast dómur yfir hinum sakaða, án itrari röksemda, heldur skal það vera bæði sækjanda og talsmanns skylda, með löglegum vitnum og skilríkjum, að leita á undan allrar þeirrar upplýsingar, sem fást kann, ekki einungis um fang á illvirkjanum, heldur og glæpinn og þar við skeð atvik, alt eftir málsins og misgjörningsins náttúru og kringumstæðum, upp á það, að þar af kunni sjást og sannast, hvort sakamannsins sögusögn sé í raun og veru sönn eður ekki, og sér í lagi að uppgötva þar við alt það, sem þénar til að sýna og sanna misgerningsins meiri eður minni stærð og ljótleika, svo sem, hvort þar finnist sjónarmerki eða corpus delicti í málinu, hvort þjófnaður eður innbrot er skeð á viðavangi ellegar á náttarþeli, og sérhvað annað, er miða kann til straffsins herzlu eður linunar. — 3) Allar þær persónur, sem sakamaðurinn hefir í sinni meðkenningu sakborið, eða talað um, annaðhvort sem samseka, meðvitara ellegar þvílíka, er kynnu hafa vitneskju um illverkið, eiga óumflýjanlega, áður en dómur gengur, að yfirheyrast og afleggja sinn vitnisburð í málinu, svo framt menn vita eða geta komizt eftir, hvar þær uppihalda sér, og ef einhver þeirra kynni heyra undir aðra lögsögn, þá skal saksóknarinn eða talsmaðurinn tilkynna það sínu yfirvaldi, sem þá ber að óska af yfirmanni þess umdæmis, að sú tilvísaða persóna verði tekin undir próf, og jafnvel ef nauðsyn krefur, láta hana og sakamanninn verða innbyrðis áheyrsla[1]); má þessu [ekki] á hvoruga síðuna synja né tregða; en þeir, sem í málinu eru samsekir eða flæktir, skulu af hlutaðeigandi yfirvaldi áklagast,

1) P. e. láta yfirheyra hana og sakamanninn saman.

og sæta straffi og gjöldum eftir laga aðferð. — 4) Þegar morðs- eða vigsmál til falla, skal það fyrst og fremst rannsakast, hvort nokkurt verulegt sýnismerki eða dauðýfli finst, og ef svo er, á hinn dauði líkami strax löglega að skoðast á þeim stað, hvar hann finst, og þar eftir, svo fljótt sem mögulegt er, af landeða staðarlækni og reyndum handlæknum að rannsakast, og þar um gjörast fullkomin og vafalaus líkskurðar-skoðun; líka og, hafi sá, er drepinn var, haft fólk hjá sér, áður en hann deyði, eiga vitni að færast um hans síðustu orð og kringumstæður við hans dauða. — 5) Í þjófnaðarmálum skulu hinir stolnu fémunir ekki einungis löglega virðast, og svo margir, sem við höndina eru, fyrir réttinn fram leggjast, til þess að tilskipunarinnar af 6. desember 1743, 20. §, um ígjalds og tvígjalds bætur[1]), geti því betur orðið eftirlifað, heldur skal sá, er frá var stolið, þar að auki kannast við eign sína á þeim stolnu fjármunum, og verði henni mótmælt, þá og sanna hana; honum ber og sverja, að hann hafi mist þá á móti vilja sínum, alt saman eftir Laganna boði í 6. bókar 17. kapítula[2]). — 6.[3]) Fremji nokkur stuld á ýmsum stöðum, þá skal honum tiltalast fyrir þá alla í einu lagi, á þeim stað, hvar hann framdi þann síðasta, fyrir hvern hann var gripinn, og líða þar dóm eftir málavöxtum, þegar þær umgetnu nauðsynlegu upplýsingar eru fengnar, nema því að eins, að annað yfirvald eftir D. L. 1—2—24 og N. L. 1—2—21 heimti og láti sækja þjófinn; á hinum sama stað, sem hann er af yfirvaldinu lögsóttur, skal einnig dæmast bæði um [höfuðlóð og tvígjald] af öllu því stolna, eins og um ígildi af því, er ekki aftur skilast. — 7.[4]) Verði það í einslegu máli

1751 21. maí.

1) Ígjalds- og tvígjaldsbætur eru úr lögum numdar. Sbr. nú 302. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869.

2) Sbr. op. br. $^{28}/_{3}$ 1800.

3) Sbr. kgsbr. $^{16}/_{2}$ 1787.

4) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr. Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 35. gr.

1751 21. maí. uppgötvað, að hinn ákærði hafi framið nokkurn almennan misgerning, ellegar og, á meðan málið er undir ákæru, verði uppvíst, að hinn seki hafi drýgt einhvern grófari glæp, sem kynni að auka straffið yfir honum, þá ber án tafar að tilkyna það hlutaðeigandi yfirvaldi, hvar síðar ávikið illvirki er framið; skal þá skikka saksóknara og talsmann í málinu, eður og, ef þeir eru skikkaðir, tilleggja þeim nákvæmari fyrirskipun, til þess að sakamaðurinn kunni, með aðaleða framhaldsstefnu, verða fyrir kallaður, og eftir undangangandi meðkenningu, próf og rannsókn, tilbærilega dæmdur og straffaður fyrir sinn misgerning. — S.[1]) Enginn undirdómari má hér eftir upp segja dóm í nokkuru óbóta- eða illvirkjamáli, fyrr en sú upplýsing, sem fást kann, og um hefir verið getið, er útveguð á undan af sakarábera og talsmanni, samt sérhvað, er í lögum og tilskipunum um glæpamálarekstur og þar í allranáðugast boðna meðferð, hefir verið af þeim nákvæmlega aðgætt og eftirlifað, og finnist þeir þar í hjáhliðrunar- eða forsómunarsamir, á undirdómarinn með milliatkvæði að tilhalda þeim að fylla sína skyldu hér í. Finnist það við yfirréttinn, annaðhvort að undirdómarinn hafi gjört á móti þessu, ellegar að sakaráberinn og talsmaðurinn ekki hafi gegnt dómarans áminningu, þá eiga þeir að heimvísa sökinni upp á þess kostnað, sem er skuld í því. Svo mega og yfirdómarar, ef þeir, mót von, skyldu af Vorum hæstarétti verða fundnir að því, að hafa ekki gætt skyldu sinnar í þessu falli, alt eins vænta sér að málinu verði heimvísað bæði upp á þeirra og undirdómara, saksóknara og talsmanns, kostnað, alt eftir því sem hvers eins yfirsjón er mikil til.

1752 1. des. **Konungsbréf (til stiftamtmanns og biskups í Skálholti) um sætisfisksgjald í Hvalsness- og Útskálasóknum.**

Fr. V. o. s. frv. — — — Gefst yður því hérmeð

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr. Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 35. gr.

til vitundar, að Vér — — — veitum allramildilegast leyfi til, að prestarnir í Hvalsness- og Útskálasóknum megi heimta einn fisk — — — af hverjum utansóknarsjómanni, sem þar dvelst og fær 100 fiska hlut, hvort sem það er á tímabilinu frá 4. febr. til 12. maí, eða frá 12. maí til miðs júlímánaðar. En prestarnir skulu aftur á móti vera skyldir til að láta gera kirkjurnar svo stórar, að helmingur útansóknarsjómanna að minsta kosti, auk sóknarmanna sjálfra, komist með hægu móti fyrir í þeim, og skal biskup sjá um, að kirkjurnar verði stækkaðar svo sem nú var sagt[1]). 1752 1. des.

Konungsúrskurður um sel o. fl. (Rkbr. $^{30}/_{3}$ s. á.). (Boðið að hafa búfé í seli frá 9.—21. sumarviku og geldfé í afrétti). 1754 26. febr.

Konungsbréf (til stiftamtmanna í Danmörku og Noregi) um höfðun skuldamála. (Eigi birt hér, en alment fylgt). 1755 3. jan.

Fr. V. o. s. frv. — — — En þetta, sem algengt er orðið, að lánardrottnar kalla fyrir með sömu stefnunni og lögsækja í sama málinu fleiri en einn, og svo marga sem þeim lízt af skuldunautum sínum, er bæði móti Lögunum og gagnstætt eðli og ásigkomulagi stefnu, máls og dóms, og auk þess miðar það til þess að svíkjast undan gjöldum til Vor og að svifta réttarþjóna þóknun þeirri, er þeim ber, enda mundi valda miklum ruglingi bæði í málsmeðferð og við uppsögn dómsins, en einkanlega við áfrýjun dómsins og ritun dómsgerða. Það er því allramildilegastur vilji Vor og boðorð, að þú tjáir hlutaðeigandi réttarþjónum í stifti því, er þér er trúað fyrir, að með því að ein stefna og einn dómur geta að eins gild verið í einu máli — sem raunar getur verið gegn fleiri mönnum, er allir eru við sama mál riðnir — en eigi í fleiri málum, þá skal eigi stefna með einu og sama fyrirkalli eða stefnu mörgum og ýmiskonar skuldu-

1) Sbr. l. nr. 22, $^{10}/_{11}$ 1907.

1755 3. jan. nautum, er allir skulda nokkuð hver um sig, en skuldir þeirra standa þó eigi í neinu sambandi innbyrðis (uden at den enes Debet haver nogen Sammenhæng med den andens), og því síður skal kæra þá og lögsækja með einu og sama máli.

1756 27. febr. **Konungsbréf (til stiftamtmanns) um uppreist presta, er vikið hefir verið frá embætti.**

Fr. V., o. s. frv. — — — Fyrir því skal þér allramildilegast tjáð, að með því að Lögin í 2. bók, 2. kap., 5. gr. banna að veita stúdenti, sem verður legorðssekur, [djákna- skóla- eða annað] prestslegt embætti, nema hann hafi áður fengið allra mildilegast leyfi Vort, og [enginn skólapiltur, sem verður stórbrotlegur á sama eða líkan hátt, má heldur njóta skólavistar], þá leiðir af því, að heldur eigi má veita presti annað kall, sem verður slík stóryfirsjón á, og fyrirgerir með því kalli sínu eftir Lögunum og tilskipunum, nema hann fái til þess allramildilegasta uppreist Vora — — —

1758 28. febr. **Konungsbréf (til stiftamtm. og amtm.) um fiskiútveg á Íslandi.**

Fr. V. o. s. frv. — — — 1) Allir formenn og hásetar, sem hafa látið sig leigja eður festa til að róa nokkurum fiskibát um vertíðina, skulu án forsómunar koma í þann áskilda vissa tíma á þann stað, hvar þeir ætla að róa, og það allir í einu, undir það straff, að bæta fyrir þann tíma, sem þeir koma eigi, nefnilega hver formaður fyrir viku 2 mörk, fyrir hálfan mánuð 4 mörk, og fyrir 3 vikur 1 ríkisdal; í sama máta hver háseti helming á móti því, sem fyrir formanninn er skilið. — 2) Þegar formaðurinn hefir snúið skipinu upp og fengið allar þar til heyrandi tilfæringar, má enginn af hásetunum á nokkurn hátt hindra hann frá því að sækja sjóinn, hve nær sem tækifæri gefst til þess, heldur skal sérhver skyldur

vera, þegar hann er af formanninum kallaður, að láta sig án dvalar finna við bátinn og á honum róa, og varði 5 fiska í hvert sinn, að nokkur er í landi, þegar honum er sagt til, og fleiri en 1/4 af bátunum í þeiri veiðistöðu róa þann dag á sjó. — 3) Ef nokkur háseti er burtu eina klukkustund, eftir það honum hefir verið sagt til, og hinir aðrir eru komnir til bátsins, skal hann gjalda þrjá fiska í sekt fyrir það, nema hann geti sannað lögleg forföll. — 4) Enginn háseti má á sjónum á nokkurn hátt kúga formanninn til að fara til lands, fyrr en hann skipar það sjálfur, og varði 2 fiska fyrir hvert sinn, er nokkur lætur á sér heyra mögl um það, að formaðurinn sitji of lengi á sjónum, og kemur öðrum til hins sama. — 5) Hver sá háseti, er sýnir sig hyskinn eða latan til að fiska og lætur ekki að formannsins áminningum og skipan, sem hann gerir honum í því tilliti, skal gjalda 2 fiska í hvert sinn. — 6) Eins og formennirnir eru skyldir að hafa gætur á, að hásetar þeirra verki afla sinn sem bezt þeim er mögulegt, svo ber þeim líka, þá slíkir dagar til falla, að ekkert tækifæri gefst til að róa og sækja sjóinn, að til halda þeim á meðan að hlaða upp og endurbæta sína fiskigarða á þeim stöðum, sem hverjum fyrir sig er á vísað; og finnist nokkur forsómunarsamur í þessu, og hafi þessvegna að verðiðarlokum miður verkaðan fisk en aðrir, þá skal hann gjalda 2 mörk. Í sama máta skal og formaðurinn hafa vakandi auga á, að hásetar sínir haldi sjóklæðum þeirra í góðu standi, svo að enginn þurfi, ef það brestur, að hindrast frá róðri og vera ónýtur til sjósóknarinnar. — 7) Formaðurinn skal einnig halda sínum hásetum til að verka þeirra þorskhöfuð og hrogn vel og hreinlega, og það, sem þeir þurfa eigi af hrognunum til matar hvað eftir annað, skulu þeir salta niður til sölu eður eigin nautnar. — 8) Enginn háseti má yfirgefa þann fiskibát, á hvern hann er ráðinn, fyrr en formaðurinn hefir upp

1758
28. febr.

1758 28. febr. sagt-verðinni, nema hann hafi fengið formannsins leyfi þar til, vegna mikilvægra orsaka. En strjúki þar á móti nokkur burt án formannsins vitundar og samþykkis, þá skal sá hinn sami takast af sýslumanni og bæta fyrir það fjárlátum eða straffi á líkamanum, eftir málavöxtum. — 9) Sérhver formaður skal kostgæfilega sækja fiskiveiðar, þegar veðurátt og sjór leyfa það, og má enginn af þeim vera í landi þann dag, sem einn fjórði partur af bátum þeirrar veiðistöðu, hvar hann rær, eru á sjó, nema hann geti sannað, að hann hafi gilda orsök til þessa. — 10) Formaðurinn skal einnig hafa vakandi auga á, að fiskibát hans sé alltíð haldið í góðu standi með veiðarfærum og öðru tilheyrandi, sem og að hann í hvert sinn verði settur svo hátt upp frá sjónum og skorðaður, að honum geti hvorki grandað sjór eða stormur. Líka skal hann halda sínum hásetum til að gera bátinn jafnaðarlega hreinan. — 11) Hann skal og nákvæmlega gæta þess, að hver og einn fari varlega með árar og önnur bátsins og fiskifangsins áhöld; og finnist nokkur háseti, annaðhvort af vangæzlu ellegar með vilja, að brjóta ár eður skemma önnur bátnum tilheyrandi áhöld, þá skal formaðurinn halda þeim sakaða til að bæta strax skaðann og gjalda þar að auk sannsýnilega þokkabót. — — — 17.[1]) Allar þær bætur, sem í áminstum tilfellum eiga úti að látast, skal hlutaðeigandi sýslumaður, ef þær verða ekki góðmótlega afgreiddar, láta hreppstjórana krefja og geyma í kassa einum, sem þar til er ger; að hverju gerðu þeim á svo að skifta, að sá, er uppvíst gerði, fái $^1/_4$ af þeim, sýslumaður $^1/_4$, og hinn helmingurinn falli til fátækra atorkusamra fiskimanna, er missa báta sína, sem og ekkjum og börnum þeirra, sem farast við fiskiveiðar, þegar þau álítast að vera nauðstödd. Og líkt sem sýslumaður skal ábyrgjast

1) Sbr. tilsk. $^{25}/_6$ 1869, um afplánun fésekta.

þetta, svo heldur hann og tilhlýðilegan reikning bæði yfir inngjald og útgjald, og gerir á hverju ári skil fyrir því á alþingi. — — — 1758 28. febr.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um fullnustugerð líflátsdóma. 22. apríl.

Fr. V., o. s. frv. — — — Fyrir því hefir Oss allramildilegast þóknast að ítreka hérmeð fyrrnefnt allramildilegast konungsbréf 28. mai 1735, og viljum allramildilegast skipa svo fyrir, að eigi má veita líflátsdómum fullnustu fyrr en Oss hefir allraþegnsamlegast verið skýrt frá þeim. — — —

Konungsstaðfesting á dánargjöf Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (LfI. 3. b. 356). 1759 20. apríl.

Tilskipun um ferminguna. 25. mai.

Vér Fr. V. o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — 1.[1]) Það skal vera aðalregla, að prestar megi eigi taka börn til fermingar, þau er fermast eiga, fyrr en þau eru orðin fullra 14 eða 15 ára, með því að börn, sem yngri eru, kunna sjaldan að meta rétt, eða hafa hugsun á að færa sér í nyt það, er kennarar þeirra leiða þeim fyrir sjónir og brýna fyrir þeim, og skynja eigi, hve þýðingarmikill sáttmáli sá er, er þau í fermingunni endurnýja og staðfesta. Þó er þess að gæta um tímaákvörðun þessa, að börn, sem eiga að fara í langferðir, svo sem til Indlands eða Vesturheimseyja, má taka til fermingar, þó að hálft ár eða nokkuð meira skorti til þess, að þau hafi náð greindum aldri; og eins er það, ef það ber við, að barn, sem eigi er orðið fullra 14 ára, verður hættulega sjúkt, og beiðist þess á sóttarsæng sinni, að mega njóta hins heilaga sakramentis, og hefir innilega þrá eftir því, þá skal það prestinum leyft vera, ef hann telur barnið

1) Sbr. tilsk. $^{23}/_{3}$ 1827, sbr. kgsbr. $^{14}/_{11}$ 1832.

1759 25. mai. vera vel upplýst, að veita því hluttöku í þessu sáluhjálparmeðali. En ef barninu batnar aftur, þá skal það þó hið fyrsta mæta fyrir söfnuðinum í kirkju unni og vera þar yfirheyrt opinberlega og fermt ásamt öðrum fermingarbörnum. Hvað þau börn áhrærir, sem eru í vist eða eiga að fara í vist eða læra handiðn einhverja, þá viljum Vér alvarlega banna húsbændum þeirra eða meisturum að draga nokkuð frá launum barnanna eða láta þau vera lengur að náminu en annars skyldi verið hafa, fyrir þá sök, að nokkur tími eyðist til uppfræðslu þeirra og undirbúnings undir fermingu. En þótt Vér viljum þannig allramildilegast setja þá reglu, að börn eigi ekki yfir höfuð að ferma fyrr en þau eru 14—15 ára gömul, þá viljum Vér þó eigi, að hlutaðeigendur skilji þetta svo, sem prestar með því séu skyldaðir til að taka börnin til fermingar fyrir það, að þau eru svo gömul orðin, hvort sem þau hafa næga þekkingu til þess eður eigi; en það skal vera komið undir áliti hlutaðeigandi fræðara og ábyrgð, hvort slík börn eru nægilega uppfrædd og hæf til að takast til fermingar[1]). — 2.[2]) Vér viljum allra mildilegast, að yfir höfuð sé búið að ferma ungmenni áður en þau eru fullra 19 ára, ef þau eru talin hæf til þess að þekkingu og öðru. Ef nokkur verður eldri ófermdur, skal hlutaðeigandi prestur tilkynna það prófasti, en hann aftur biskupi, og skýra frá ástæðunni til þess, að presturinn treystist eigi til þess að ferma slíkan ungling. Skal prófastur láta unglinginn koma til sín og yfirheyra hann sjálfur, og biskup leggja ráð á um, hvernig prestur eigi að haga sér eftirleiðis í því máli. En ef nokkur skyldi þykjast aflaga borinn í þessu efni af presti, þá er honum frjálst að kæra það fyrir yfirboðurum prests, prófasti eða biskupi. — — — 4.[3]) — — — og

1) Sbr. l. nr. 59, $^{22}/_{11}$ 1907, 2. gr.
2) Sbr. l. nr. 4 $^{19}/_{2}$ 1886, 11. gr.
3) Sbr. l. nr 4, $^{19}/_{2}$ 1886.

viljum Vér því allra mildilegast, að þá er börn hafa fermd verið, þá neyti þau þegar næsta sunnudag eftir ferminguna altarissakramentisins, og skulu hlutaðeigandi prestar í því skyni láta unglingana koma til sín daginn fyrir, halda yfir þeim upphvatningarræðu og brýna fyrir þeim af nýju hinn þýðingarmikla sáttmála, er þeir svo nýlega hafa endurnýjað við guð, svo og útlista fyrir þeim, hvernig þeir eigi réttilega að búa sig undir hið mikla sáluhjálpar-meðal, er þeir daginn eftir eiga að verða hluttakandi í. — — — 1759 25. maí.

Tilskipun um áfrýjun sakamála til hæstaréttar[1]). 1760 7. júní.

Vér Fr. V. o. s. frv. gerum öllum kunnugt: — — — 1) Þá er yfirréttardómur hefir verið upp kveðinn í sakamáli, og ákærði beiðist þess[2]), að málinu sé skotið til hæstaréttar Vors, — — — þá skal hlutaðeigandi yfirvald, stiftamtmenn Vorir eða amtmenn[3]) þegar í stað, er þeim hafa verið sendar dómsgerðirnar, rita á þær á þessa leið: að með því að ákærði hafi beiðzt þess, að dómi þessum verði skotið til hæstaréttar, — — — þá tilkynnist honum hér með, samkvæmt þessari Vorri allramildilegustu tilskipun, að dóminum sé nú stefnt fyrir þessa árs hæstarétt — — — og verði þar fyrir tekinn þegar í stað, og sé ákærða eða ákærðu, ef fleiri eru við málið riðnir, hér með og án þess að geta vænzt annars eða frekara fyrirkalls, stefnt til að mæta á þeim tíma og svara til sakar og þola dóm; sömuleiðis og á sama tíma innkallist hérmeð N. N. og N. N., sem dæmt hafi í málinu, til að verja dóma sína. — 2) Áritun þessa skal yfirvaldið löglega láta birta ákærða og öllum hlutaðeigendum, svo og hinum fyrri dómendum og öðrum hlutaðeigendum[4]).

1) Í kgsbr. $^{10}/_{9}$ 1764 er boðið sérstaklega að fara eftir ákvæðum þessarar tilskipunar um birtingar hæstaréttarstefna.
2) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 16. gr.
3) Nú stjórnarráðið.
4) Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 24. gr.

1760 7. júni. Og til þess að yfirvaldið geti því betur vitað, hverjum birta skuli, þá skal sá, er skipaður var sækjandi í málinu fyrir yfirrétti, láta því í té skrá yfir þá menn, er stefna ber, og skýra jafnframt frá, hvernig hverjum þeirra eigi að hans áliti að stefna. — 3) Þegar er þessi birting hefir farið fram, skal yfirvaldið senda dómsgerðirnar með áritaninni og birtingu hennar til [Vors danska kanselliis] — — — til þess að sóknara og svaramann megi þegar í stað skipa, og skal sóknari, í samhljóðan við málið og áður útgefið fyrirkall í því, tafarlaust taka út stefnu og láta birta hana með 8 daga fyrirvara fyrir svaramanni, en síðan verður málið, án frekari birtingar og svo fljótt sem unt er, fyrir tekið og dæmt. — — — 4.[1]) Ef ákærði beiðist þess eigi, að yfirréttardóminum verði skotið til hæstaréttar, — — — en málið er þó svo vaxið, að Oss verður allraþegnsamlegast að skýra frá dóminum, þá skal yfirvaldið, þegar er dómsgerðirnar hafa verið því sendar, rita á þær, að Oss verði allraþegnsamlegast skýrt frá málinu, og að það tilkynnist hérmeð ákærða og öllum hlutaðeigendum, til þess að þeir geti hagað sér eftir því, ef Oss skyldi allramildilegast þóknast að skipa svo fyrir, að dóminum skuli stefnt fyrir hæstarétt, — — — en ef svo fari geti þeir eigi vænzt annars eða frekara fyrirkalls. — 5) Þessa áritun lætur yfirvaldið, eins og segir í 2. gr., birta fyrir öllum hlutaðeigendum, og sendir hana síðan með dómsgerðunum til [Vors danska kanselliis]. Ef Oss skyldi þá allramildilegast þykja rétt, að málinu verði áfrýjað, viljum Vér, að þegar í stað verði skipaður sóknari og svaramaður, og ber sóknara á sama hátt, sem áður var getið, að taka út stefnu og láta birta hana svaramanni einum, og skal málið síðan án frekari dráttar fyrir tekið og dæmt. — 6) Ef sóknari eða svaramaður, þegar svo er ástatt sem fyrr var sagt, telja þörf á nýj-

1) Sbr. kgsbr. $^{22}/_{4}$ 1758.

um og frekari upplýsingum og skýrslum, sem þó eru eigi þess eðlis, að málinu þurfi fyrir þá sök að vísa heim, þá skal þeim heimilt að sækja allraþegnsamlegast um, að málinu sé skotið á frest um tíma; en ef það kemur síðar í ljós, að þeir hafi beiðzt frestsins að nauðsynjalausu, þá skulu þeir sæta sektum fyrir, þegar fullnaðardómur er lagður á málið. — — — 1760 7. júní.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um útlagning ábúðarjarða handa prestum. 1761 18. apríl.

Fr. V. o. s. frv. — — — Fyrir því skal þjer hér með til vitundar gefið, að Vér — — — höfum allra mildilegast talið rétt vera, að það sé yfir höfuð heimilt prestum þeim á Íslandi, sem eigi eiga sjálfir jörð innan sóknar, er þeir geti búið á, að kjósa sér með aðstoð héraðsprófasts, sýslumanns og tveggja valinkunnra manna einhverja jörð til ábúðar, ef eigandinn býr eigi á henni sjálfur eða sýslumaður eða sá, sem búið hefir þar yfir 20 ár og setið jörðina vel, enda sé hún heldur eigi veitt neinum að léni; skal prestur aftur á móti skyldur að endurgjalda leiguliða festugjaldið og greiða eiganda það, er honum ber með réttu, en leiguliði skal þegar í stað fara frá jörðunni, og sýslumaður útvega honum aðra hagkvæma jörð. Þá er jarðir hafa á þenna hátt verið útlagðar til prestsseturs, skulu þar ávalt haldast prestssetur, meðan svo stendur, að prestarnir eiga eigi sjálfir neina jörð, en komi prestur að brauðinu, sem sjálfur á jörð í sókninni, skal byggja öðrum jörð þá, er prestur hafði áður til ábúðar; og ef prestur, meðan hann býr á jörðinni, kemur upp fleiri og betri húsum en bóndi þarfnast, þá á hann þau, er hann fer frá jörðinni, og ef landsdrottinn vill eigi kaupa þau löglegu verði, má prestur eða erfingjar hans flytja húsin burtu[1]) eða selja þau öðrum, eftir eigin geðþótta. Og til þess að komizt verði

1) Sbr. l. nr. 1, 12/1 1884, 10. gr.

1761 hjá deilum sem mest má verða, skal sýslumaður,
18. apr. þegar prestur tekur við jörðinni til ábúðar, halda með tilkvöddum mönnum löglega skoðunargerð, er sýnt geti, þegar þar að kemur, hvaða húsum prestur hafi tekið við og í hvaða ástandi þau hafi verið, og á síðan að skila eiganda þeim í því ástandi.

1763 **Konungsbréf (til biskups) um kirkjuleiðslu kvenna.**
3. júní. — — — og átt þú(ɔ: biskup) annars — — — að tilkynna prestum í stifti þínu, að allar þær giftar konur, er barn bera eftir brúðkaup, hvort sem löngum tíma er eða skömmum eftir það, skulu prestar framvegis leiða í kirkju með venjulegu atferli og án alls greinarmunar. — — —

1768 **Opið bréf um það, hvernig farið skal með arf, sem af**
15. jan. **brotamanni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.**

Vér Chr. VII., o. s. frv., gerum öllum kunnugt: Lögin svifta eigi berum orðum vinnufanga, fremur en aðra menn, erfðarétti þeim, er þeim annars ber, en það myndi þó vera gagnstætt eðli refsingar þeirrar, er vinnufangi hefir verið í dæmdur að makleikum, ef hann, meðan á hegningartímanum stendur, fengi ráð yfir eða nyti vaxta af arfi, er honum kynni á meðan að tæmast. Oss hefir því af þessum sökum þóknast allram. að skipa svo fyrir og bjóða, eins og Vér og hér með skipum fyrir og bjóðum hvervetna í ríkjum vorum Danmörku og Noregi, að ef manni tæmist arfur meðan hann er í hegningarvinnu, þá skal hann, hvort sem hann er dæmdur til hegningarvinnunnar um tiltekið árabil eða æfilangt, eigi fá umráð yfir arfi sínum, meðan á hegningartímanum stendur, og má eigi heldur greiða honum vexti af arfinum, heldur skal farið með arfinn eins og þá er erfingi er ómyndugur, þannig að skipaður sé fjárhaldsmaður til að annast arfinn og koma honum á

vöxtu, og skulu vextirnir á ári hverju lagðir við höf- 1768
uðstól, nema vinnufanginn eigi konu eða börn, er 15. jan.
þarfnist vaxtanna til lífsframfæris. Og þá er vinnu-
fanginn er síðar laus látinn, hvort sem það er af því,
að hegningartíminn er á enda, eða Vér höfum allra-
mildil. gefið honum upp hegningu, þá skal arfurinn,
með vöxtum þeim, er við hafa bæzt, fenginn honum
í hendur, ef hann er annars myndugur, sem eign
hans, og skal hann gefa löglegt skilabréf fyrir. En ef
hann deyr meðan á hegningartímanum stendur, skal
arfurinn ganga til barna hans og næstu erfingja, beint
eftir fyrirmælum laganna.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um arftökurétt og arf- 1769
skifti á Íslandi. (Sjá tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850). 17. febr.

Chr. VII., o. s. frv. Oss hefir allraþegnsamlegast verið skýrt svo frá, að hin gömlu íslenzku lög veiti eigi barnabörnum að móðurinni til rétt til arftöku eftir móðurföður eða móðurmóður þeirra, í stað móður þeirra látinnar, ef nokkur skilgetin börn, sem eru einum lið nær, eru á lífi, en Oss þykir það allramildil. sanngjarnt vera, að erfðatal það, sem bygt er að öllu leyti á eðli og sanngirni, og tekið er inn í Dönsku og Norsku Lög Vor, hafi einnig lagagildi á Íslandi, og viljum Vér því í þessu efni allram. skipa hér með svo fyrir og bjóða, að hver og einn á nefndu landi voru Íslandi skal eftirleiðis, frá nýári 1770 að telja, fara að því er snertir arf, erfðatal og arfskifti eftir því sem fyrir skipað er og ákveðið í 5. bókar 2. kapítula í Norsku Lögum vorum.

Tilskipun um afnám nokkurra helgidaga.[1]) 1770

Vér Chr. VII., o. s. frv. — — — Þá höfum Vér 20. okt.
ákveðið, — — — að eftirgreindir helgi- og hátíðis-
dagar skuli hér eftir í ríkjum Vorum og löndum vera

1) Sbr. l. nr. 37, $^{21}/_{11}$ 1894.

1770 20. okt. með öllu af teknir: Þriðji í stórhátíðunum 3, jólum, páskum og hvítasunnu, þrettándi dagur jóla, hreinsunardagur Maríu, Jóns messa skírara, boðunardagur Maríu, Mikaelsmessa og Allraheilagramessa.

1771 14. jan. **Tilskipun um óðalsrétt í Noregi.** (LfI. 3. b. 694. Lögleidd hér með kgsbr. 28. marz 1776. Sjá nú tilsk. 17/4 1833).

3. apr. **Tilskipun um erindi til stjórnarinnar og áritun á þau.** Chr. VII., o. s. frv. — — — 2) Á sama hátt skal öllum erindum, hvort sem þau eru til Vor eða skrifstofa Vorra, komið til yfirvalda eða embættismanna á staðnum, þeirra er hlut eiga að máli, og eru svo löguð, að umsagnar þeirra þurfi, og skulu yfirvöldin, eftir að þau hafa fengið nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar, rita álit sitt á erindin, áður en þeir senda þau frá sér. Og ef eitthvert erindi kemur án áðurnefndrar umsagnar yfirvaldsins, má umsækjandi sjálfum sér um kenna, þó að erindi hans verði lagt til hliðar úrskurðarlaust. — 3) Yfirvöldum skal skylt að setja umsögn sína á erindin án þess að heimta eða taka nokkuð fyrir, þegar þess er beiðzt, samkvæmt skyldu sinni og sannleikanum samkvæmt, svo sem þau treysta sér að standa við, en í stuttu máli og krókalaust, en skýrt, og greini nauðsynleg atvik, og jafnan svo, að eigi þurfi að afla frekari skýrslna eða upplýsinga. Og eftir það skal beiðanda skilað erindinu, svo hann geti sent það áfram. — 4) Nú þykir yfirvöldum umsókn algerlega óréttmæt og rakalaus, og skulu þau þá ráða beiðanda frá því að senda hana, og sýna honum fram á það, að hann hafi rangt fyrir sér og tjá honum um refsingu þá og óþægindi, er hann geti bakað sér eftir atvikum og reyna að fá hann til að hætta. En ef beiðandi fer þó sínu fram, skal nauðsynleg umsögn þó veitt honum á hans ábyrgð. — 5) Nú er efni erindis svo vaxið, að eigi

verður ábyggileg umsögn um það veitt, fyr en um- 1771
sögn lægri embættismanns eða annara er fengin, og 3. apr.
skal yfirvaldinu þá skylt að leita slíkra upplýsinga og láta þær fylgja í frumriti erindinu. — 6) Nú er erindi beint eða óbeint stílað gegn yfirvaldinu sjálfu, og skal beiðanda þó skylt að leita nauðsynlegrar umsagnar þess um erindið. En ef honum skyldi verða synjað um umsögnina, skal hann geta synjunarinnar í efnisyfirliti erindisins, og þegar þannig er ástatt, eins og jafnan er umsagnar yfirvaldsins er synjað, þrátt fyrir 2. og 3. gr. þessarar tilskipunar, skal leyft vera að senda erindið án umsagnar. En yfirvald eða embættismaður, er segja skyldi álit sitt um erindið, en synjar þess, eða lætur ótilhlýðilega lengi á því standa, má búast við, að sæta refsingu að verðleikum og jafnvel eftir atvikum embættismissi. — 7) Til þess að fyrir ósannar og ærumeiðandi aðdróttanir, er vera kynnu í erindum, verði því áreiðanlegar refsað, og jafnan megi komast að raun um, frá hverjum erindin eru, skal erindið vera undirritað af beiðanda með eiginhandarnafni hans og, ef hann hefir eigi samið það sjálfur, af semjanda, eða, ef hinn fyrrnefndi var fjarverandi eða er eigi skrifandi, þá af hinum síðarnefnda fyrir hönd hans sjálfs og umbjóðanda hans. — 8) Erindi skulu vera málalengingalaus, blátt áfram og í sem styztu máli, þó svo að tilgreind séu fullnægjandi atvik öll, greinilega skrifuð og, ásamt umsögn yfirvaldsins eða þess embættismanns, er hlut á að máli, vera sniðin eftir fyrirmynd þeirri, er fylgir tilskipun þessari. — — —

1771 [Fyrirmyndin].

3. apr.

Heimili beiðanda.	Til konungs.
Dagsetning og ártal.	
Fult nafn beiðanda, staða, og stutt ágrip af erindinu.	Efni erindisins.
Fult nafn yfirvaldsins eða embættismannsins, er látið hefir uppi álit sitt.	Allraþegnsamlegast N. N.
Nafn semjanda og staða.	

[Á hinu blaðinu].

Hér sé rituð umsögnin.

14. júní. **Opið bréf kansellisins um umboðsskrár dómnefndarmanna.** (LfI. 3. b. 715. Alveg úrelt).

27. júlí. **Tilskipun um heimaskirn barna.**

Chr. VII., o. s. frv.: — — — Höfum Vér ákveðið, — — — að láta foreldrana um það, eftir því sem heilsa barnsins og ástæður útheimta, að láta skíra það heima, og má prestur eigi neita um það, ef hann er þess beðinn, en síðan skal, er það er hættulaust lífi barnsins og heilsu, bera það í kirkju, en þó er eigi skylt að hafa gert það innan nokkurs tiltekins tíma. — — —

7. des. **Erindisbréf hæstaréttar.** (LfI. 3. b. 725. Eigi birt hér).

1772 **Bréf norsku stjórnardeildarinnar um, að enginn em-**
5. maí. **bættismaður megi ferðast af landi burt án leyfis stjórnarinnar.** (LfI. 3. b. 751).

16. júlí **Tilskipun um að Pharmacopæa Danica og lyfjataxti skuli löggiltur.** (LfI. 3. b. 774).

Tilskipun um hjónabönd. — — —[1]). 1775

Chr. VII., o. s. frv. — — — Gerum kunnugt: — 14. des.
— — **I.** Að hjúskapur skal hér eftir með öllu bannaður: 1) Vegna frændsemi: a) með foreldrum og börnum og barnabörnum og svo framvegis niður á við. b) bróður og systur, hvort sem þau eru al- eða hálfsystkin. c) með föður- og móðursystur og svo framvegis upp eftir. — 2) Vegna tengda: a) með stjúpforeldrum og stjúpbörnum, tengdaforeldrum og tengdabörnum, og svo framvegis niður á við. b) með ekkju al- eða hálfbróður. c) með ekkju föður- eða móðurbróður og svo framvegis upp eftir. d) föður- eða móðursystur látinnar konu manns o. s. frv. upp eftir. — — — **II.** Þar á móti má búast við að leyfi fáist samkvæmt umsókn til hjúskapar: 1) með skyldum, a) með föðurbróður eða móðurbróður. b) með öllum, sem eigi er í I. gr. algerlega bannað að eigast vegna frændsemi, til þeirra og að þeim meðtöldum, er kynnu að vera skyldir í 3. jafnan lið. 2) með tengdum: a) með aleða hálfsystur látinnar konu manns. b) eftirlifandi bónda föður- eða móðursystur. c) föður- eða móðurbróður látins manns. d) til hjúskapar með tengdum, sem eigi er algerlega bannaður í I. gr., til þeirra og að þeim meðtöldum, sem tengdir eru í 3. jafnan lið, og loks e) til hjúskapar með þeim, sem eru í annars flokks tengdum upp á við, svo sem með stjúpeða tengdasyni og eftirlifandi konu stjúp- eða tengdaföður af öðru hjónabandi, með stjúp- eða tengdadóttur og eftirlifandi manni stjúp- eða tengdamóður af öðru hjónabandi. **III.** Jafnan þegar hjónaband er leyft samkvæmt II. gr. skal sem fyrst leitað leyfis hjá Oss, og skal fylgja leyfisbeiðninni — — — vottorð frá sóknarprestinum á staðnum, jafnframt sýnishorni, er fræðir um skyldleikann, hvernig honum sé varið, og ef beiðandi vill fá linun á gjaldinu, skal fylgja vott-

1) Sjá tilsk. $^{23}/_{6}$ 1800. I.

1775 14. des. orð frá yfirvaldi því, er hlut á að máli, um efnaleysi umsækjanda. — — —

1776 15. jan. **Tilskipun um réttindi innborinna manna.**[1])

Vér Chr. VII., o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — — — 1) Það skal upp frá dagsetningardegi laga þessara álitast nauðsynlegt til að geta fengið embætti eða sýslanir í ríkjum vorum og löndum, hverju nafni sem nefnast, hvort heldur er við hirðina, eður í andlegri stétt eður borgaralegri eður í hermannastétt, að maðurinn sé fæddur í ríkjum Vorum eða foreldrar hans séu innbornir þegnar, sem voru utan lands á ferðalagi eða sakir þjónustu við Oss. Skulu því öll stjórnarráð Vor eða hverir þeir, er gera tillögur til Vor um skipun embætta eða sýslana, og eins allir aðrir, sem rétt hafa til að veita nokkura sýslan í ríkinu, gæta þess nákvæmlegu, að viðlagðri reiði Vorri, að stinga eigi upp á öðrum en dönskum mönnum [eða norskum eða Holsetum] eða þeim, er þeim eru álitnir standa jafnfætis, og skal það berum orðum tekið fram í öllum skipunar- og veitingarbréfum, að maðurinn hafi þá eiginleika, sem krafizt er í þessari Vorri óumbreytanlegu tilskipan.[2]) — — — 9) Allir útlendingar þeir, er geta eigi samkvæmt framantéðri 2., 3., 4. og 5. gr. álitizt eða eiga að álítast jafngildir innbornum mönnum til að fá frama og embætti, skulu þó hafa fult frelsi jafnt og þeir til að setjast að og hafa ofan af fyrir sér í ríkjum Vorum og löndum með hverju því móti, sem lög Vor og tilskipanir leyfa og leyft hafa hingað til, og að njóta þar allrar þeirrar verndar og virðingar, sem hver maður má vænta eftir stöðu sinni af kristilegri og mildri stjórn, og skal einnig álíta börn þeirra öll, er hér fæðast, sem inn-

1) Sbr. tilsk. $^{17}/_{11}$ 1786, 7. og 8. gr. og $^{13}/_{6}$ 1787, II. 10., stjskr. 1874, 4. gr., augl. $^{10}/_{4}$ 1908.

2) Sbr. op. br. 15. febr. 1776.

borna menn að öllu leyti, ef þau verða kyrr hér í ríkinu. — — — 1776 15. jan.

Opið bréf um skilríki fyrir fæðingjarétti. (Eigi birt hér). 15. febr.

Chr. VII., o. s. frv. — — — Hefir Oss þóknast að skipa svo fyrir, að allir þeir, sem eftirleiðis sækja um embætti til sjálfra Vor, annaðhvort beina leið eða fyrir milligöngu stjórnarráða Vorra, skuli í bónarbréfum sínum til greina fæðingarstað, ef þeir eru innbornir, en dagsetning bréfs þess, er veitti þeim rétt innborinna manna, ef þeir hafa fengið réttinn á þann hátt. Svo skulu og allir, er rétt eiga á að skipa í embætti eða sýslan í ríkjum Vorum, hvort sem þeir eru andlegrar eða veraldlegrar stéttar, geta þess berum orðum í veitingar- eða skipunarbréfunum, að sá, er skipaður er, hafi eiginleika þá, er lögin um rétt innborinna manna ákveða. — — —

Konungsbréf (til stiftamtmanns og biskupa) um bann gegn hjónabandi holdsveikra. 28. marz

Chr. VII., o. s. frv. — — — Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Oss hefir — — — allramildilegast þótt rétt vera, að þeir menn á Íslandi, sem holdsveikir eru eða holdsveiki sýnilega býr í, megi eftirleiðis alls eigi ganga í hjónaband, og að það skuli því stranglega bannað öllum prestum þar í landi að vígja nokkurn í hjónaband, sem hefir sýki þessa eða ef sýkin býr í honum. — — —

Tilskipun um garðahleðslu og þúfnasléttun, með fleiru áhrærandi jarðyrkjuna á Íslandi.[1] (LfI. 4. b., 288). — — — 13. maí.

1) Í kringum alla bæi og tún, hvort sem á jörðunum búa bændur eða embættismenn, andlegir eða veraldlegir, þar sem annaðhvort engar eða eigi full-

1) Sbr. Jb. Llb. 31—34, 54.

1776 13. maí. komlega góðar girðingar eru upp settar, skulu hér eftir, alstaðar sem því verður við komið, byggjast forsvaranlega háir garðar af steini, svo að fullvaxinn maður geti gengið á garðinum fram og aftur, án þess að nokkur steinn hrynji úr honum. Þess konar garður skal vera að minstu 2 álna hár, og sem framast mögulegt leggjast beint áfram. — 2) Ef svo hagkvæmur og flatur steinn eigi er að fá, skulu garðarnir hlaðast af gras-torfi eða hnausum, $2^1/_2$ álnar þykkir neðan til, en ávalir og mjóir ofan til. Þessir garðar skulu hlaðast án nokkurs steins á milli laganna (nema eitt lag neðst á hverja hlið, ef steinn er að fá) með grasrótinni snúandi út til beggja hliða og alt í kring, hvar með garðarnir eigi einasta verða varanlegir, svo að þeir með litilli aðgerð geta alt af staðið, heldur og innan skamms tima munu ríkulega aftur gjalda það erviði, sem fyrir þeim hefir verið haft, þar þeir strax á fyrsta ári, eftir að þeir eru hlaðnir, bera gott gras, þegar grasrótin er nokkurn veginn góð. Þessir garðar eiga að vera $2^1/_4$ álnar háir, þegar þeir hafa sigið. — — — 5) Hver og einn skal vera skyldur árlega að hlaða 6 faðma af steingarði, eður 8 faðma af moldargarði fyrir sjálfan sig, og eins mikið fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefir sér til vinnu. — — — 6) Ef ómögulegt kynni að reynast að fá annaðhvort, hentugan stein eða grastorf til slíkra garða, sem hér eru tilskipaðir, má í þeirra stað grafast árlega kringum túnið, eins langt og áður er um garðana sagt; hver gröf eða skurður skal vera í það minsta 1 álnar djúp og að ofanverðu $1^1/_2$ álnar breið, en á botninum $^3/_4$ álnar breið. Allri þeirri moldu, sem þar upp úr er grafin, skal kasta upp á þann grafarbarminn, sem er inn að túninu, svo hátt og bratt, sem hún mögulegast legið getur. En þar slík girðing eigi verður mjög varanleg, og jafnaðarlega útheimtir erviði og aðgerð, svo má hún heldur eigi brúkast, nema á þeim stöðum, hvar reynast kynni öldungis ómögulegt að fá annaðhvort gras-

torf eða steina, hvað þá með lögformlegri skoðun og yfirliti á sjálfum staðnum, af viðkomandi sýslumanni með tilteknum skynsömum mönnum á að metast og afgerast. — 7) Þar sem garður verður milli bæja og túna, þar á hann að hlaðast með sameiginlegu erviði af jafnmörgum og duglegum mönnum frá hverju af slíkum nábýlum, svo langt sem þeirra tún liggur saman; en sá af þeim, sem bezt kann að hlaða garð, eða bezt vill láta hlaða hann, skal standa fyrir verkinu, og honum á í því að hlýða. Ef alfaravegur liggur þar um, þá kosti þeir báðir hlið þar fyrir og haldi því við makt; hliðið á að vera forsvaranlegt, og hanga svoleiðis á járnhjörum, að það ljúkist aftur af sjálfu sér.[1]) — 8) Það skal vera hreppstjóranna skylda, þó undir sýslumannsins tilsjón, að aðgæta, að garðarnir verði árlega svo langt og forsvaranlega hlaðnir, sem sagt er, og þeim síðan tilbærilega viðhaldið. — — — **10)** Þar þúfurnar eru sú önnur stóra tálman fyrir jarðyrkjuna, svo skulu þær og hér eftir árlega burt takast, þar sem túnin finnast með þeim vaxin, svo að túnið smámsaman geti orðið slétt; hvers vegna og einn og sérhver, sem hefir þýft tún, skal árlega slétta og jafna 6 faðma í ferkant fyrir sjálfan sig, og eins mikið fyrir hvern vinnufæran karlmann, sem hann hefir til verknaðar, og brúkar til jarðarinnar fyrirvinnu. — — — **16)** Hreppstjórarnir skulu með sýslumannsins tilsjón gefa nákvæman gaum að túna-sléttaninni. — — — 1776 13. maí.

Opið bréf um rekatilkall á Íslandi. 1778 4. maí.

Vér Chr. VII. o. s. frv. gerum öllum kunnugt: — — — **1.**[2]) Öll strönduð skip og góz, hvort heldur það eru heil ellegar brotin skip, skipsbátar, atkeri, kaðlar, mastur-tré eða önnur skipsáhöld og innistæða, heilar

1) Sbr. l. nr. 66, $^{22}/_{11}$ 1913, 11. gr.
2) Sbr. nú lög nr. 2. $^{14}/_{1}$ 1876, 22.—24. gr.

1778 4. mai. tunnur, ásamt öllu öðru gózi eða vörum, er þvílík skip kunna að hafa haft inni, skulu, þegar eignarmenn fylgja eigi með, ellegar þeir ekki innan árs og dags, eftir að því er löglega lýst [á alþingi, og líka í þeim íslenzku, Kaupmannahafnar- og Altóna-tíðindum (frá hverri lýsingu í þeim altónaisku tíðindum ár og dagur skal reiknast], koma fram með nægileg skilríki, eftir því sem boðið er í forordningunni af 20. maí 1595 og 21. marz 1705, ásamt þeirri úrlausn af 30. janúar 1742, til hverrar vitnað er í Octroyinni af 15. ágúst 1763, 16. grein, vera Oss einum tilheyrandi, eins og aðrar óafhentar kongsgersemar, alstaðar í landinu, bæði á rekum þeirra almennu stiftana, kirknanna og þess andlega, líka alls annars jarðagóz. Í því tilliti skal hver og einn sýslumaður, sem þar á hlut að, strax, þegar slíkt skipbrot verður honum til vitundar gefið, taka alt þetta vogrek og skipsgóz undir sína umsjón, og síðan dæma það Vora löglega eign, sem og gera landfógetanum réttan reikning fyrir það, sannaðan af hlutaðeiganda amtmanni. Og skal, bæði hvað viðvíkur því að tilkynna þetta sýslumanninum, og líka í öllu öðru, með það fara og breyta eftir forordningunni af 31. marz 1705, að svo miklu leyti sem sambjóða kann landsins ásigkomulagi. — 2.[1]) Alt vogrek af eik, greni ellegar furu, sem upp rekur á fjörur biskupsstólanna, kirknanna, hospitalanna og lénsjarðanna, og sem ekki kann að kallast strandað skip né góz, svo sem tilhöggvið og sagað timbur, plankar, borð, ásamt einstöku smástykkjum af strönduðum skipum og bátum, sem tekur litlu verði[2]), þeir gaddar, sem í því eru fastir, og annað járn, skal tilheyra þessum almennu stiftunum og staðarhöldurum, eftir forordningunni af 3. maí 1650 og þessara stiftana staðfestu jarðabókum og máldögum, þegar enginn eig-

1) Sbr. op. br. $^{2}/_{4}$ 1853, 2. gr.
2) Sbr. kansellibréf $^{26}/_{8}$ 1809.

andi ber sig fram þar um, áður ár og dagur sé liðið frá því, að slíku var löglega lýst á alþingi, án þess að sýslumenn megi, eftir þeim konunglega úrskurði af 26. marz 1736, eigna sér nokkurn hlut af því. Sama gildir einnig um Vort geymslugóz, nefnilega klaustra- og umboðsjarðir, sem öðrum eru léntar, svo að vogrek af þessu tagi tilheyrir þar einungis klaustra- og umboðshöldurum, sem þeim, er gózið að léni hafa[1]). -- 3.[2]) Þar á móti eignast sýslumenn, hver í sinni sýslu, eftir fyrrtéðri úrlausn af 26. marz 1736, alt það vogrek, sem getið er um í fyrirfarandi 2. grein, og undantekið er frá þeim í fyrstu grein tilteknu kongsgersemum, er upp rekur á bændagózinu, þar Vor eignarréttur til þessa er þeim með greindri úrlausn eftirgefinn. — 4) Undir vogreks nafni, með hvert fara skal svo sem hér að framan er sagt, mega ekki skiljast hvalfiskar, sem reka að landi eður á land upp án skutuls, jafnvel þó þeir kynnu að vera nokkuð skornir. Ekki heldur ótilhöggvinn og ósagaður rekaviður, þó að á honum kynni að finnast eitt eður fleiri axarhögg ellegar skorur fyrir endann eður utan á, hvað alt, eftir þeirra íslenzku laga rekabálks 1. og 2. kap., skal fylgja lóðinni; heldur skal, hvað þessu viðvíkur, að öllu leyti tilhöggvinn ellegar sagaður viður, söguð borð og því líkt, einungis skiljast undir fyrrtéðu vogreki. -- 5) Af öllum þeim hvölum, sem reka á land með skoti í, skal skiftast einn hlutur fyrir skotmanninn, eða svo kallaður skotmannshlutur, hvar með fara skal eftir rekabálksins 4. og 5. kapítula. Komi skotmaður ekki áður en liðið sé ár og dagur frá því skotinu var löglega lýst á alþingi[3]), eignast sýslumenn[4]) helming þessa hlutar á bændaeignum, sem þeim léntur er með úrlausn af 26. marz 1736; en

1778 4. maí.

1) Nú landssjóði, sbr. l. nr. 24, 14/12 1877, 1. gr.
2) Sbr. op. br. 2/4 1853.
3) Nú í yfirdóminum, tilsk. 11/7 1800. 12. gr.
4) Nú landssjóður, sbr. l. nr. 24, 14/12 1877, 1. gr.

1778 hinn annar helmingurinn skal fylgja lóðinni fyrir
4. maí. bjarglaun og annað starf og kostnað. Að öðru leyti er sýslumönnunum í sjálfsvaldi að varðveita sjálfir þennan hlut, frá því honum er skift og til þess ár og dagur er liðið. En á Vorum klaustrum og umboðsjörðum eignast klaustur- og umboðshaldarar[1] þennan hlut, þegar eins stendur á, og eins þær almennu stiftanir, svo sem biskupsstólarnir, kirkjurnar, hospitölin, sem og staðarhaldararnir á því andlega gózi.

16. sept. **Opið bréf um vitnisburð hjóna.**

Vér Chr. VII. o. s. frv. gerum öllum kunnugt: Það er orðin venja á ýmsum stöðum, að hjónum er stefnt til að bera vitni hvort gegn öðru í málum, sem þau bæði eru við riðin, eða snerta sektir, er greiðast eiga úr sameiginlegu búi beggja þeirra, en þetta getur, þar sem ómentaður og fákænn almúgi á í hlut, komið til leiðar meinsæri og mörgu illu, svo sem ósamlyndi og hatri milli hjóna m. fl.; viljum Vér því, til þess að afstýra slíku, skipa allramildilegast svo fyrir og bjóða, eins og Vér og hér með skipum fyrir og bjóðum, að það skal að öllu leyti haldast, er segir í 1. bókar 13. kap. 16. gr. í Dönsku Lögum Vorum og 1. bókar 13. kap. 17. gr. Norsku Laga Vorra, þannig að í einkamálum og borgaralegum, er hjón eru bæði við riðin eða þar sem sekta er krafizt úr sameiginlegu búi beggja, má eigi stefna öðru hjónanna til að bera vitni gegn hinu.

30. sept. **Tilskipun um uppsögn dóma og ritun í málum út af kyrrsetningu sakir skulda.**

Vér Chr. VII. o. s. frv., gerum öllum kunnugt: Eins og kunnugt er, veitir eigi kyrrsetning fjármuna þeim, er kyrrsetninguna gerði, neinn veðrétt í hinum kyrrsettu fjármunum, er gengur fyrir rétti annara skuldheimtumanna, heldur að eins rétt til að krefjast

1) Nú umboðssjóður (landssjóður).

þess, að fjarmunirnir verði eigi fluttir burtu eða lög- 1778
bönd á þá lögð, svo að hann geti leitað fjárnáms í 30. sept.
þeim, er hann hefir aflað dóms; en Vér höfum komizt að raun um, að ýmsir, bæði skuldunautar og dómarar og skrifarar hafa notað þetta til að draga taum eins eða fleiri skuldheimtumanna öðrum fremur, sem höfðu þó jafnan rétt þeim, og hefir það orðið á þá leið, að skuldunautur hefir slept tilkalli til lögdagsveitingar við suma skuldheimtumenn, látið aðra veita sér lögdag, að dómarinn hefir uppkveðið dóm þegar í stað eða eftir eina eða tvær vikur í sumum málum, en haft önnur hjá sér undir dómi í 3, 4, 5 og alt að 6 vikum, og að skrifarinn hefir gefið dómrit í einu málinu nokkurum dögum fyrr en í öðru. Fyrir því viljum Vér hér með, til þess að slíkt komi eigi oftar fyrir, allramildilegast skipa svo fyrir og bjóða: að þá er skuldheimtumenn, fleiri en einn, stefna sama skuldunaut til sama þingdags í hreinum og augljósum skuldamálum, og skuldinni er eigi neitað eða um hana deilt, en málið er að eins höfðað til að fá aðfarardóm, þá skal dómarinn kveða upp dóm í öllum málunum einn og sama daginn, og það jafnvel þótt skuldunautur hafi í sumum málunum slept rétti til lögdags, en hafi orðið að fá lögdag í öðrum; einnig skal skrifarinn láta í sama mund eftirrit af öllum dómunum til þeirra, sem hafa beiðzt þess, þegar í stað og á löglegan hátt. Brjóti dómari eða skrifari á móti þessu, skulu þeir sæta ábyrgð fyrir, og, auk annarar hegningar, bæta hlutaðeigendum skaða þann og tjón, er sannað verður, að þeir hafi beðið fyrir brotið.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutn- 1779
ingshvölum á Íslandi, 23. júní.

Chr. VII., o. s. frv. — — — 1) Ef skotinn hvalur er fluttur til lands á grýtta eða sönduga staði, ellega fjörur, er öðrum tilheyra, og kann þar að sker-

1779 23. júní. ast og burt flytjast, svo landeiganda sé enginn skaði að, þá á hann engan hlut í hvalnum; þó á að borga honum þann velvilja, er hann kynni við þvílík tækifæri að auðsýna veiðimönnunum, eftir því sem þeir geta við hann á sáttir orðið. — 2) Sé þvílíkur veiddur hvalur fluttur á land á nokkurum þeim stað, hvar skurður, björgun og burtfærsla hans á einhvern hátt spillir annars engjum eða haga, þá skulu veiðimenn betala landeiganda þann skaða og jarðarspell með einum áttunda parti af sjálfum hvalnum.

1781 28. apr. **Kansbr. um að sýslumenn séu sjálfir skyldir til að útvega böðla.** (LfI. 4. b. 591).

1782 26. júní. **Konungsbréf (til stiftamtmanns og biskupa) um sektavald biskupa m. m.**

Chr. VII., o. s. frv. — — — 1) Ef prestur og aðrir andlegrar stéttar menn setja sig af þverúð upp á móti skipunum þeim, er biskuparnir gefa þeim í embættis nafni, eða vanrækja að hlýðnast þeim, þá skal stefna þeim og kæra þá og dæma [fyrir consistorio] svo sem lög standa til; en ef biskupi virðist brot hlutaðeigandi eigi stærra eða mikilvægara en svo, að það megi afplána með lítilli fésekt, 1 eða 2 rdl., þá skal biskup ákveða sekt fyrir það, og borgi hinn seki hana eigi þegar í stað, skal hlutaðeigandi amtmanni skýrt frá sektinni, en hann leggur fyrir sýslumann að ná henni með aðför[1]); skal sektunum skift milli verðugra presta á fátækustu brauðunum. — 2) Öll umburðarbréf frá biskupum til prófasta skulu borin fljótt og dyggilega, og eins skulu bréf þau, er prófastur skrifar aftur prestum út af umburðarbréfum biskupa, flutt svo fljótt sem orðið getur rétta leið frá einum presti í prófastsdæminu til annars, að viðlagðri 1 eða 2 rdl. sekt, ef eigi sannast gild orsök til að

1) Sbr. tilsk. $^{26}/_{6}$ 1869, um afplánun fésekta.

bréfburðurinn fór eigi fram sem skyldi. Skal biskup sjálfur leggja þessa sekt á, þegar vanrækslan er að kenna andlegrar stéttar manni, en hlutaðeigandi amtmaður, ef sá er veraldlegrar stéttar, sem braut. Í fyrra tilfellinu skal sektinni skift milli verðugra presta á fátækustu brauðunum, en í síðara tilfellinu milli fátækra í hreppnum, þar sem hinn seki á heimili eða dvöl. Um innheimtu sekta þessara, ef þær eru eigi greiddar af hendi, skal farið eftir 1. gr. hér á undan. Og til þess að betri vissa sé fyrir réttum flutningi bréfanna, skal rita utan á þau, að þau beri að flytja greiðlega, og auk þess skulu prestarnir, sem þau eru stíluð til, rita stuttlega innan í þau, bæði hve nær og með hverjum þau hafi borizt þeim í hendur og hve nær og á hvern hátt þeir hafi sent þau aftur frá sér. — — — 1782 26. júní.

Reglugjörð um tekjur presta og kirkna á Íslandi. 17. júlí.

Vér Chr. VII., o. s. frv. — — — 4) Aftur á móti viljum Vér, að hin svo kölluðu pia corpora, svo sem prestar, kirkjur, skólar og spítalar, skuli [eigi vera skylt að greiða tíund af kúgildum sínum eða öðru inventario] né heldur að lúka öðrum sköttum[1]), nema þeir séu þeim sérstaklega á herðar lagðir í konungsskipunum þeim, er um þá hljóða. — — — 6) — — — og um þá venju að leggja á þá (þ. e. presta) skyldu til að ala önn fyrir fátækum, þá geta þeir eigi verið lausir við hana, en börnum þeim, er fræðslu þurfa, skal framar öðrum þurfamönnum komið fyrir hjá þeim að tiltölu við það, er hreppsnauðsynjar krefja. Svo skulu og prestar og prestaekkjur vera eystir undan öðrum álögum[2]), svo sem [skatti, gjaf-

1) Sbr. l. nr. 21, $^{14}/_{12}$ 1877, 2. gr., l. nr. 22, s. d., 1. gr. sbr. 2. gr., l. nr. 23, s. d., 8. gr., l. nr. 57, $^{22}/_{11}$ 1907, 20. og 24 gr., l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 2. og 7. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 6. gr., tilsk, $^{20}/_{4}$ 1872, 14. gr., l. nr. 22, $^{8}/_{10}$ 1883, 13. gr., l. nr. 23, s. d., 14, gr., l. nr. 15, $^{8}/_{5}$ 1894, 14. gr., l. nr. 44, $^{10}/_{10}$ 1905, 48.—50. gr., l. nr. 75, $^{22}/_{11}$ 1907, 14. gr.

1782 17. júlí. tolli o. s. frv.] samkvæmt úrskurðum þeim, er áður hafa afgreiddir verið í Rentukammeri Voru. — — — 14) (Sagt, að kirkjur skuli »sjálfar eiga verktól þau, er þarf til að tekin verði gröf, og brjóti nokkur þau eða skemmi, skal hann borga þau«.) — — —

1783 17. jan. **Konungsbréf (til stiftamtmanna í Noregi) um lyfjasölu.**[1]) (Vafasamt um gildi þess hér).

Chr. VII., o. s. frv. Með því að Oss hefir allraþegnsamlegast verið skýrt svo frá, að þó að tilskipanirnar 4. desbr. 1672 og 5. apr. 1690 banni með öllu kaup og sölu á útlendum aðfluttum lyfjum, og að nokkur, sem eigi hefir leyfi til þess, megi hafa á boðstólum simplicia eða composita af því, er til læknisdóma heyrir, þá sé þó á nokkrum stöðum í Noregi fótum troðin einkaréttindi lyfsalanna, og biði þeir töluvert tjón í atvinnu sinni fyrir það, að kaupmenn og prangarar hafi á boðstólum eigi að eins öll útlend lyf, destillerað vatn, spirituosa, olíur, extracta, elixíra, balsama, salve, plástra og púlver, heldur einnig aloe, antimonium, bevergiel, campher, myrrha, kvikasilfur, sal-amoniac, dyvelsdræk, hvítt, gult og rautt arsenik, kobolt, auripigmentum, kransaugu, cubeber, sennesblöð, manna, hreinsaðan saltpétur, sassifras, angelica, gentian, rhabarbara, violenrætur, lakritz, hylde-safa, theriac, ormekrud, forenicalfræ, stjörnu-annis, hvítt og blátt victriol, terpentin og terpentin-olíu, victriol-olíu og skeiðvatn; en með þessar vörur eiga lyfsalar einir að verzla, því að þeir hafa bæði rétt til þess og eiga að hafa ábyrgð á gæðum þeirra og sölu, þá gefum Vér þér hér með til vitundar, að til þess að fyrir þetta verði girt, viljum Vér, samkvæmt tillögu heilbrigðisráðs Vors, allramildilegast bjóða og skipa svo fyrir, að engir aðrir en lyfsalar þeir, er einkaréttindi hafa, en hvorki kaupmenn,

1) Sbr. kansbr. 10/9 1797.

prangarar né aðrir, mega í stifti því, er þér er trúað fyrir, selja og á boðstólum hafa útlenda læknisdóma og hin svo nefndu arcana, né heldur nokkurt af fyrrtöldum lyfjum og tegundum, og ef nokkur brýtur bann þetta, skal hann sæta ákæru fyrir brotið fyrir lögreglurétti, og vörurnar dæmast þar upptækar og hann sektast um 10 til 20 rdl.. eftir málavöxtum; og auk þess skal sá, er hafa kynni óselt nokkuð af fyrrnefndum lyfjum og vörum, er óskemt væri, skyldur að láta það af hendi til lyfsalanna við sama verði og hann keypti það, að viðbættum kostnaði. 1783 13. jan.

Tilskipun um formála, er nota skal við hina heilögu skirn. (LfI, 4. b. 706). 7. maí.

Tilskipun um vigt og mæli á Islandi.[1]) 1784

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 4) Öll vigt og mælir, er brúkast má í kaupum og sölum, sem og allskonar verzlun og tekjum, skulu vera tilheyrilega stimpluð ellegar brend, ef þau skulu annars álítast fyrir löglega vigt og mæli. — 5) Líkt sem staðarvaldið (magistratinn) í Kaupmannahöfn hefir framvegis, eins og að undanförnu, alleina rétt til að láta tilbúa, stimpla, brennimerkja og selja alla vigt og mæli, eins fyrir kauphöndlunina á Íslandi, bæði til að brúka og selja þar í landi, sem og til brúkunar fyrir yfirvöldin þar í embættisaðgjörðum þeirra, svo látum Vér nú útvega og útsenda til sérhvers af þeim 21 sýslumönnum, sem þar eru, eftirfylgjandi nauðsynlegustu tegundir af lögmerktum mæli og vigt, nefnilega — — — Einn almennilegan járnkvarða og eina — — — reizlu; og skulu þessar mæla- og vigtategundir vera til brúkunar, bæði þá er miskliðir um mál og vigt eiga að útgjörast, hvort 18. júní.

1) Sbr. l. nr. 29, 14/10 1877, l. nr. 37, 6/11 1902, l. nr. 33, 10/11 1907.

1784 sem það er á milli landbúanna innbyrðis eður í kaup-
18. júní. stöðunum, og líka til fyrirmyndar fyrir þann mæli og vigt, er almúginn tilbýr til sinnar eigin brúkunar. Skulu sýslumenn vera skyldir að varðveita þetta vel og forsjálega; og þar fyrir skal það einnig, sem innstæða við þeirra embætti, afhendast frá hverjum formanni til eftirkomarans, yfir hverju, svo sem öllu öðru, er vigt og mæli og réttri brúkun þeirra viðvíkur, [stiftamtmaðurinn og amtmaðurinn], hver í sínu þingi, skulu hafa tilheyrilega umsjón. — 6) Eftir þessum mælum mega sýslumenn lögmerkja [skeppur — — —], sem innbyggjendurnir kunna að þurfa og beiðast til að mæla eftir í heimahúsum; en ekki reizluvigt, ekki heldur nokkurn mæli, hvorki til brúkunar við kauphöndlunina eða fyrir sig sjálfa, sem aðalmæli, þareð allur slíkur mælir á að útvegast frá Kaupmannahafnar juster-kammeri. Enginn má heldur á Íslandi dirfast sjálfur að lögmerkja til heimilisbrúkunar mæliker eða kvarða, er hann sjálfur smíðar, eður fá öðrum slíka mæla, fyrr en sýslumaður hefir lögmerkt og brent þá eftir aðalmælinum. — — — 7) Þau merki, sem brennast á þá mæla, er á þennan hátt verða lögmerktir, skulu lagast eftir þeim, er finnast á aðalmælinum, að því einu undanteknu, að í staðinn fyrir K., sem er Kaupmannahafnar merki, brennast á þeir fyrstu stafir af nöfnum sýslnanna, svo sem N. M. Nyrðri Múla-, S. M. Syðri Múla-sýsla, E. S. Eystri Skaftafells-, V. S. Vestri Skaftafells-, H. N. Hnappadals-, S. N. Snæfellsness-, B. st. Barðastrandar-, S. T. Stranda-, H. V. Húnavatns-, Sk. Skagafjarðar-, E. Eyjafjarðarsýsla o. s. frv. Og til þess að fyrgreindur aðalmælir og vigt megi því betur komast hjá öllum skemdum, skal þau sömu alltíð geyma svo, að þau séu ekki brúkuð nema einungis þegar þeirra þarf fyrir réttarsnúru, annað hvort við lögmerking annara mæla, ellegar til að útgera miskliðir þær, er verða um mæli og vigt. — 8) — — — svo skal og

hver sýslumaður framvegis hafa rétt og myndugleik til að taka til sín og ónýta alla slika vigt og mæla, sem ólögleg, er hann kann að finna, að brúkuð sé í sýslu hans, án þess að vera stimpluð ellegar brend, annaðhvort í Kaupmannahöfn ellegar af honum sjálfum eða formanni hans í embættinu, að því leyti sem þeim er hér með leyft að stimpla eða brennimerkja. — — — 11) Enginn — — — mælir má brúkast, nema sá, sem er tilheyrilega stimlaður ellegar brendur — — — 14) — — — Læknisbúða-vörur, sem til lækninga- er skrifað eftir, vegast með venjulegri læknis-vigt[1]), en þegar mikið er selt í einu vegast þær, eins og alt annað, með stimplaðri danskri vigt. — 15) Armarnir á metaskálunum skulu vera jafnlangir og jafndigrir, og skálarnar jafnþungar, svo að þegar um verður skift og varan látin í þá skál, sem lóðin lágu í, og lóðin aftur í vörunnar skál, þá skal sami jöfnuður sem áður finnast á vigtinni. — — — 18) Þegar annaðhvort sýslumanna ellegar verzlunarmanna mælir og vigt á Íslandi í nokkurn máta slitna eður skemmast, þá má engan veginn að því gjöra þar í landi, heldur skal það fortakslaust sendast til Kaupmannahafnar, til þess að verða þar eftir atvikum endurbætt, að nýju lögmerkt eða smíðað á ný. — 19[2]) — — — 21) Til þess að með því meiri vissu megi koma í veg fyrir alla grunsemi um rangan mæli og vigt, eiga verzlunarmenn á Íslandi að láta innbyggjendurna vera hjá við vigtina og mælirinn, bæði á þeim vörum, er þeir fá þeim, og sem þeir taka aftur í móti. Og beri svo til, að nokkur efist um, að mælirinn eða vigtin sé rétt, þá skulu vörurnar strax, í návist tveggja óhlutsamra manna, mælast eða vegast upp aftur, og skulu þeir kaupverzlandi ætíð láta vera til reiðu og brúkunar þann nauðsynlega rétta mæli og vigt, til að

1784 18. júní.

1) Sbr. tilsk. $^{11}/_{12}$ 1869.
2) Sjá nú alm. hegningarlög $^{25}/_{6}$ 1869, 279. gr.

1784 18. júní. mæla og vega slikt á ný. — 22) Sýslumenn skulu og einnig, hver í sinni sýslu, hafa alla mögulega tilsjón með, að sá mælir og vigt, er Vér allranáðugast tilskipað höfum, verði bæði af innbyggjendunum og verzlunarmönnunum réttilega brúkuð og hanteruð, hvers vegna þeir skulu ekki einungis á hverju ári skoða alla vigt og mæli hjá viðkomendum, til þess að það, sem við brúkunina kann að hafa fengið einhvern brest, nái eigi lengur að brúkast, og verði hingað sent; heldur og einnig skulu sýslumennirnir skyldir, að svo miklu leyti sem þarf og því verður við komið, að koma sjálfir í kaupstaðina, strax sem nokkur misklið um mæli og vigt til fellur, til þess að fá hina sömu án dvalar útkljáða. — — —

1786 28. júní. **Konungsúrskurður um sektavald amtmanna.**

Vér gefum stiftamtmanni Vorum á Íslandi og amtmanni í Suður- og Vesturamtinu — sömuleiðis amtmanni í Norður- og Austuramtinu — heimild til að sekta sérhvern þeirra borgaralegra embættismanna, er undir þeim standa, fyrir drátt á að senda svo fljótt sem unt er skýrslur og umsagnir, sem amtmennirnir heimta af þeim, um 1—2 rd. fyrir hvert slíkt brot. Og skal sýslumaður sá, er næstur er, innheimta sektina hjá hinum seku til handa fátækum. En ef embættismaður hefir haft sjúkdómsforföll eða forföll vegna ófærra vega eða önnur embættisstörf, er eigi þola bið eða hann hefir orðið að vera að heiman vegna þeirra, þá skulu þau leysa undan sekt, ef sönnuð eru[1]).

30. júní. **Konungsbréf um sölu kirkjueigna.**

Chr. VII. o. s frv. — — — Fyrir því gefum Vér yður hérmeð til vitundar, að Vér viljum allramildilegast, að um kirkjueignir fari framvegis eftir lögum

1) Kgsbr. $^{6}/_{1}$ 1823.

og venju hingað til, þannig, að þá er jörð er seld, sem kirkja stendur á, þá fylgi henni allar aðrar jarðir kirkjunnar, og öll önnur réttindi hennar og hlunnindi, án þess sérstakt mat sé á því gert, og skal því, til leiðbeiningar eftirleiðis, bæta inn grein í hina prentuðu skilmála[1]), er hnígur að því, að jarðir þær, er heyra undir útkirkjurnar á jarðagózi Skálholtsstóls, skuli ávalt fylgja kirkjunum og megi aldrei frá þeim seljast, en að kirkjueigendurnir skuli vera skyldir til að halda ávalt bæði kirkjueignunum og kirkjunum sjálfum í tilhlýðilegu ástandi að öllu leyti, og að þeir megi aldrei hvorki með sölu, makaskiftum né á annan hátt, skilja eignirnar frá kirkjunum eða rýra þær á annan hátt, enda skuli þeir og, þar sem þeir njóta allra tekna[2]) af kirkjueignunum, skyldir að kosta allar aðgerðir og endurbyggingar, og það þó að óhöpp vilji til; en ef þeir vanræki það, skuli eignirnar ásamt kirkjunni hverfa undir Oss. 1786 30. júní.

Konungsúrskurður um afnám einokunarverzlunar á Íslandi (LfI. 5. b. 301). 18. ág.

Opið bréf um sama (LfI. 5. b. 317). S. d.

Tilskipun um friheit kaupstaðanna[3]) á Íslandi. 17. nóv.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gefum öllum til vitundar. — — — 6.[4]) Hverjum þeim, sem beiðist af staðarins yfirvaldi, skal gefins veita borgararétt; þó skal hann láta nafn sitt skrifa í borgarabókina og sverji síðan borgaraeið; og skal yfirvald staðarins til merkis hér um veita honum borgarabréf, er engu borgist, nema einungis með venjulegum skrifaralaunum. — 7) Hið sama skal eins gilda um hvern þann framanda, er koma kynni til landsins, til þess að taka sér bólfestu

1) ɔ: fyrir sölu Skálholtsstólsjarðar.
2) Sjá l. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907.
3) Sjá tilsk. $^{28}/_{12}$ 1836, 1. gr.
4) Sbr. l. nr. 28, $^{7}/_{11}$ 1879, 2. gr.

1786 17. nóv. í stöðunum. Þó skulu þeir, undir eins og þeir koma til landsins, gefa það til kynna og sverja Oss hollustueið, séu þeir eigi áður þegnar Vorir; og skal slíka framandi úr því álíta sem þá, er með borgarabréfinu öðlast hafi jafnan rétt með innfæddum þegnum Vorum. — 8.[1]) Sú peningasumma, sem tiltekin er í innfæðingarréttinum[2]), [að framandi hljóti með sér að flytja og brúka í hinum dönsku skattlöndum, til þess að öðlast innlendan rétt, skal einungis vera 3000 rd. fyrir þá, sem vilja taka sér bústað í íslenskum kaupstöðum; og þeir framandi, sem þar búa, skulu sjálfir, ásamt börnum sínum, hvort sem þau eru með foreldrunum að komin, eða fædd í landinu, eiga sama rétt sem innfæddir, í öllum Vorum ríkjum og löndum. — — — **10.**[3]) Ásamt borgararéttinum öðlast sérhver borgari fullan rétt til að stunda allskonar kaupstaðanæringu; þó mega handverksmenn eigi hafa kaupverzlun aðra í frammi en tilgreint verður í eftirfylgjandi 16. pósti; sömuleiðis skal brennivínsbrensla öldungis bönnuð vera, og eins gestaveitingar, nema með sérlegu amtmannsleyfi. — **11)** Sérhver borgari í stöðunum má hafa rétt til að kaupa sér svo mikið jarðagóz á Íslandi, sem hann vill og getur, hver helzt trúarbrögð hann hafa kynni. — — — **13)** Sérhver handverksmaður má eiga fullan rétt til að stunda handverk sitt sem meistari í stöðunum, og ef nokkur útlærður sveinn setur bú sem meistari í einhverjum íslenzkum kaupstað, mega þeir, sem læra út hjá honum, allan sama rétt eiga í öðrum skattlöndum Vor-

---

1) Þessi grein og síðasta málsgr. 7. greinar er að áliti ráðgjafans fyrir Ísland í bréfi 14. jan. 1886 numin úr gildi með 54. gr. grundvallarlaganna dönsku, 5. júní 1849.

2) ɔ: í tilsk. 15. jan. 1776, um réttindi innborinna manna; þær greinar tilskipunarinnar, er hér er átt við, eru löngu úr gildi numdar, og því eigi prentaðar í þessu safni.

3) Sbr. l. nr. 28 $^{7}/_{11}$ 1879, og l. nr. 44, $^{30}/_{7}$ 1909.

um, sem ákvarðað er um hina minni kaupstaði í til- 1786
liti til Vors konunglega aðsetustaðar Kaupmanna- 17. nóv.
hafnar. — 14) Aldrei má stifta nokkurt handverksfélag (Haandværks laug) á Íslandi, en sá, er þar setur sig niður sem meistari, skal ekkert annað þar fyrir gjalda fyrst um sinn, meðan fríunar-árin vara, en það, sem borgarabréfið kostar, eftir fyrirfarandi 6. pósti. — — — 16) Þeir einir kauphöndlendur, sem eru kaupstaðaborgarar, skulu eiga rétt til að selja innfærslu-varning við þá markaði, er máske með framtíðinni ástofnaðir verða á Íslandi; þó er og þeim handverksmönnum, er búa í kaupstöðunum, sama réttar unt á þeirra eigin smíðisgripum og vinnu; — — — 20) Kaupstaðarmönnum skal og leyft vera að beiðast einhvers sérlegs vopnamerkis og staðar-innsiglis, undir eins og þeim veitast eigin staðaryfirvöld. — — —

Konungsbréf um varnarþing í sakamálum. 1787

Chr. VII., o. s. frv. — — — Og skal einnig varn- 16. febr.
arþing sakamanna eftirleiðis vera annaðhvort, þar er þeir voru handteknir, eða þar er brot það var framið, er þeir voru kærðir fyrir, og skal varnarþingið vera á þeim staðnum af þessum tveimur, þar sem álitið verður að auðfengnari séu upplýsingar í málinu og sannanir, og kostnaðurinn minni, sem á alþýðu legst, af ferðalögum vegna málsins og lengri eða skemmri varðhaldsvist sakamanna.

Kansbr. um forsæti í synodalréttinum. 31. marz.

— — — Þess vegna viljum Vér þóknanlega tjá yður til eftirbreytni, að um störf stiftamtmanns og biskups í synodalrétti fari eftir lögum, er svo bjóða, að prófasta dómum sé skotið til prófastastefnu (synodalréttar) fyrir stiftamtmann og biskup. Og skulu þeir sem meðdómendur láta útgefa stefnu og kveða upp dóm í nafni sinna beggja, þó svo, að stiftamt-

1787 maður, sem framar er að metorðum, sé fyrr nefndur,
31. marz. en biskup eftir hann og undirriti nafn sitt við hlið hans. Sama sé fylgt um útgáfu dómsgerða, sem þeir eiga báðir hlut í. Og um atkvæðagreiðslu á stiftamtmaður, er situr við hægri hlið biskups í synodalrétti, að sjá um að alt fari fram með reglu og sæmd, og greiðir stiftamtmaður atkvæði um öll mál, sem þangað er stefnt. En að því loknu skiftir hann sér ekkert af biskupi, prófasti né prestum og störfum þeirra, nema honum sé boðinn einhver starfi af hans hátign með biskupi[1]). — — —

6. júní. **Tilskipun um fiskiveiðar við Ísland.**

— — — 13) Sjómenn og iðnaðarmenn, er koma kynnu frá útlöndum (fremmede Steder) til stöðugrar atvinnu við skip eða fiskiútgerð, mega njóta sömu réttinda og verndar, meðan þeir eru við þá vinnu hafðir, sem þegnar Vorir, sem eru hér búsettir. — — —

13. júní. **Tilskipun um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferð.**

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum öllum vitanlegt: — — — **I. kapítuli** *um þessa kauphöndlun og frelsi verzlunarmannanna yfir höfuð* — — — **10)** Vorir undirsátar eiga einungis að brúka innlenzk skip til þeirrar íslenzku kauphöndlunar og fiskiveiða[2]) — — — **II. kapítuli** *um rétt og skyldur verzlunarmannanna á Íslandi.* — — — **10)** Þeir útlendir, sem vilja fá borgararétt í kaupstöðunum, annaðhvort til þess að stunda kaupskap ellegar nokkura atvinnu, sem er nytsamleg fyrir landið — — — Börn þeirra, sem í landinu fæðast, skulu einnig án greinarmunar hafa innlendings-rétt í öllum Vorum löndum, eins og allir aðrir þegnar Vorir; og þegar þeir færa þangað með sér 3000 ríkisdala formegun, skal þeim eftir 8. gr. for. af 17. nóvbr. f. á.

---

1) Sjá tilsk. $^{29}/_{8}$ 1904, II. 2.
2) Sjá l. $^{15}/_{4}$ 1854, 1. gr.

í sama máta unt verða innlendingsréttar fyrir sjálfa 1787
þá og börn þeirra, sem þeir með sér hafa[1]) — — — 13. júní.
15[2]) — — — En skyldu sjóskemdir á kornvörum finnast að vera þannig á sig komnar, að þær séu skaðvænar fyrir heilsu manna, þá skal yfirvaldið hafa myndugleik til að banna söluna; og sá er engu að síður selur nokkuð af þvílíku korni, gjaldi 100 ríkisdala bætur, sem skiftast eiga til helminga millum þess, er uppvíst gerði, og fátækra í þeirri sókn, hvar misbrotið er — — — 16) — — — og má enginn verzlunarmaður framvegis brúka nokkurn annan mæli og vigt en lög merktan — — — 17[3]) — — — 18[3]) Þessar kontrabækur (c: þær er í 17. gr. getur) skulu vera til sanninda í þeim ágreiningi, er kynni upp að koma um skuldaheimtur verzlunarmannanna, — — — 21[4]) Viðvíkjandi réttarganginum í þeim málum, sem tilfalla milli þeirra farandi verzlunarmanna ellegar nokkurs af fólki þeirra og landsins innbyggjenda, skal, eftir rescriptinu af 2. júní 1747, breyta á sama hátt, sem fyrirskipað er í Norsku Laga 4. bókar 8. kap. 1. art., um sjóréttar mál, og um aðferð eftir uppsögðum dómum í slíkum málum eftir Norsku Laga 1. bókar 22. kap. 19. art. — — — Skyldi einhver af málspörtunum æsta setudómara, annaðhvort til að yfirheyra vitni, ellegar til að hantera málið og segja dóm upp, ef hlutaðeigandi sýslumaður væri annaðhvort sem saksóknari, sakarvaldi, ellegar á annan hátt riðinn svo við málið, að hann mætti ekki sjálfur halda rétt og skipa dómarasætið, þá nefnir amtmaðurinn, eftir gjörðri beiðni af einhverjum málspartanna, hinn næsta sýslumann, eður annan lögkænan mann, sem geti forsvaranlega þjónað réttinum í sama efni, bæði hvað vitnaleiðslu og annað

---

1) Sbr. tilsk. $^{17}/_{11}$ 1786, 7. gr. með nmgr.
2) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 292. gr.
3) L. nr. 54, $^{11}/_{7}$ 1911.
4) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832 inng., l. nr. 59. $^{10}/_{11}$ 1907.

1787 13. júní. snertir, hvar fyrir hann á að fá sannsýnilegt kaup eftir ásigkomulaginu. — — — **III. kapítuli** *um þær íslenzku land- og sjóvörur, sem og handvinnu-varning.* — **1.**[1]) Fiskifang á bátum má, sem höfuð-bjargræðisvegur innbyggjendanna við sjóarsíðuna, drífast af öllum og sérhverjum búsitjandi á Íslandi, embættismönnum andlegrar og veraldlegrar stéttar ekki undanskildum; og á þar um að haldast eftir rescriptinu af 28. februarii 1758, á þann hátt sem það er á ný auglýst með Vorri allranáðugustu ályktun af þessari dagsetningu. Vorir embættismenn þar í landi, sérílagi sýslumennirnir, skulu og bera umhyggju fyrir því, að breytt verði svo nákvæmlega sem mögulegt er eftir áminstu rescripti, sem og hverju öðru, er Vér kynnum þar um á sínum tíma að fyrirskipa, líkt sem þeir eiga þar að auki á allan hátt að uppörva fólkið í veiðistöðunum til hreinlætis og góðrar búsíjórnar. Sérílagi skulu þeir vera forhugsaðir fyrir að gera hentugar ráðstafanir til þess, að fiskiverin fái gott og heilnæmt vatn, hvar sem það kann að vanta; og skulu hreppstjórarnir þess vegna halda öllum náverandi sjóróðrarmönnum til, undir sannsýnilegt straff, að erfiða þar uppá, eftir því sem nauðsyn krefur. — — — 2) Annars skal það vera sjósóknarmönnum leyft að sækja fiskiveiðar, jafnvel með sínum eigin bátum, hvar sem það fellur bezt, þegar þeir betala bóndanum, hjá hverjum þeir geta komið sér fyrir í verinu, hvað sem í því plássi hefir verið óátalin venja, fyrir bátsuppsátur, húsnæði og þjónustu. En ef alt rúm væri svo skipað, að það sé enginn hentugleiki fyrir þá til húsnæðis eða lendingar, og þeir kynnu að finna aðra lending við sjávarströndina, þá skal þeim leyft

---

1) Sbr. lög nr. 6, $^{19}/_{6}$ 1888, l. nr. 35, $^{27}/_{9}$ 1901, 1. gr., l. nr. 10, $^{31}/_{7}$ 1907, sbr. sbr. tilsk. $^{12}/_{2}$ 1872, l. nr. 8, $^{6}/_{4}$ 1898, l. nr. 18, $^{3}/_{7}$ 1902, l. nr. 27, $^{25}/_{9}$ 1902, l. nr. 56, $^{30}/_{7}$ 1909.

vera að leggja þá sömu (o: lendingu) og vera þar í tjöldum ellegar undir bátum sínum, nær þeir eru forhugsaðir fyrir því. Þegar svo ber til, má engin þóknan gerast fyrir lóðina, svo framt sem slíkir aðkomandi gera engan átroðning til skaða ellegar önnur spjöll á engjum eður túni. Skyldu þeir, vegna þess að þar vantaði fiskigarða, hentuga möl eður þesskonar, þurfa að þurka fisk sinn við sjóinn, hvar nokkurt gras kynni að vaxa, þá má það eigi álítast að vera búandanum til skaða, heldur til nota, þar hryggurinn með fiskinum, sem þar á verður lagður, feitir jörðina, svo að hún sprettur, sé hún annars þar til hæfileg; það kann og ekki heldur að virðast skaðnæmt, að fiskur sé þurkaður, jafnvel á góðu túni, þar sem vertíðin endast þann 12. maí. En skyldi nokkur misklíð hér um reisa sig meðal ábúandans og þeirra aðkomnu, þá skal hlutaðeigandi sýslumaður nefna tvo óhlutsama menn til að álíta plássið og meta skaðann, hvar eftir sýslumaðurinn sker úr málinu. Þar á móti, hvar sumarvertíð brúkast, má engan veginn þurka fisk á því graslendi, sem að gagni er, nema svo sé, að leyfi landeigandans fáist fyrirfram til þess. — -- — 11) Þeir handverksmenn, sem vilja taka sér bústað á Íslandi, mega án hindrunar gera það, eigi að eins í kaupstöðunum, heldur og á landsbygðinni, þyki þeim það betra, og skal það framvegis, eins og hingað til, eftir 14. grein auglýsingarinnar af 18. ágúst 1786, leyft vera sérhverjum innbyggjanda að stunda á landsbygðinni hverja leyfilega atvinnu, sem hann sjálfur helzt vill og getur, að kaupstaðarverzlun einungis undantekinni[1]). — — — 1787 13. júní.

Opið bréf frá rentukammeri (samkv. kgsúrsk. s. d.) um bann gegn tóbaksverzlun og brennivíns. 13. júní.

(Sagt): 1) Að enginn, er eigi hafi, samkvæmt til-

1) Sbr. lög nr. 28, 7/11 1879, 5. gr.

1787 skipun um verzlun og siglingar, útgefinni í dag, rétt
13. júní. til að reka verzlun, megi, í samræmi við kgsbr. 3. júní 1746, kaupa brennivín eða tóbak til þess að selja það aftur út, þ. e. að kaupa meira af þeim vörum en hann þarf til sjálfs síns þarfa, og selja það síðan öðrum við hærra verði en þær eru alment keyptar fyrst fyrir. Ef nokkur verður sannur að slíkri óheimilli sveitaverzlun, þá skal hann hafa fyrirgert allri þeirri vöru, er hann verzlar þannig með, að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns og að $^1/_3$ til jafnra skifta milli spítalans og fátækra í þinghánni, þar sem yfirsjónin er framin, og að auki skal hann greiða málskostnað. En ef nokkur prestur eða yfirvald rekur slíka verzlun, þá skal hann, auk téðrar refsingar, sóttur að lögum til embættismissis. — — —

1788 **Kansellibréf (til stiftamtmanns) um setudómara og rétt-**
16. ág. **armálið á Íslandi.**

(Talið rétt, að skipa til setudómara einhvern annann sýslumann, ef sýslumaður sjálfur er við mál riðinn, eða lögréttumann. Og um réttarmálið er talið réttast, af ef mál ris milli dansks manns og Íslendings, þá sé það sótt og varið á íslenzku, en danska aðiljanum sé skipaður hæfur talsmaður. En ef mál er milli tveggja Dana, og þeir mega annaðhvort sjálfir fara með málið eða geta fengið þar til menn, er skilja dönsku, þá skuli málið sótt og varið á því máli og dómur saminn á dönsku, svo framarlega sem enginn íslenzkur maður sé annars við málið riðinn. Þó skal stefna íslenzkum vitnum og spyrja þau á íslenzku, ef þeirra þarf við).

1789 **Op. br. kans. um afrit skjala, er send eru til stað-**
23. jan. **festingar.**

— — — Þá er hér með öllum til leiðbeiningar auglýst, að hver og einn, er til kansellísins kynni að senda arfleiðsluskrár, kaupmála, eignaskiftabréf eða

önnur slík skjöl til þess að afla sér allran. staðfest- 1789
ingar konungs á þau, skal framvegis láta fylgja rétt 23. jan.
eftirrit af þeim — — — svo að þau megi geyma á-
samt beiðninni til upplýsinga, þegar með þarf. — — —

Tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna 24. júlí.
og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir[1]).

Vér Chr. VII., o. s. frv. — — — 1) Eins og það er skylda prófastanna að hafa eftirlit með því, að kirkjum og prestssetrum sé haldið í tilhlýðilegu standi, og að tilkynna í tíma stiftamtmanni og biskupi, ef þeim eigi er haldið við sem vera ber, þannig eiga þeir og framvegis, eins og ævagömul venja er til á Íslandi, þegar prestar deyja eða fara frá brauðunum og yfir höfuð þegar þess gerist þörf og biskup fyrirskipar það, að taka út kirkjur, prestssetur og kirkjujarðir og inventaria þeirra[2]). — 2) Úttektargjörðir þessar skulu ritaðar í kirkjubækurnar, og skal í þeim nákvæmlega lýst ásigkomulagi hvers hlutar og getið breytinga þeirra, er á hafa orðið, frá því er úttekt var síðast gerð, svo og álags þess, er gert er fyrir annmarka og hrörnun, og skal síðan tafarlaust gera ráðstöfun til að bæta það, sem áfátt er. — 3) Prófastur tekur með sér til skoðunar- og virðingagjörðanna 2 kunnuga menn, og skulu þeir einir fremja skoðunargerðina án þess prófastur hafi þar nokkurt atkvæði. — 4) Nú er viðtakandi eða annar hlutaðeigandi óánægður með gjörð skoðunarmanna, og má hann þá, er hann hefir stefnt löglega til þess, láta sýslumann kveðja til helmingi fleiri skoðunarmenn, og skal yfirskoðun þeirra útkljá það mál; greiði þá sá, er eigi fær framgengt kröfu sinni hjá yfirskoðunarmönnum, kostnað þann, er af yfirskoðuninni leiddi. — 5) Vilji maður áfrýja úttektargerð, að því er snertir

1) Sbr. lög nr. 29, $^{17}/_{12}$ 1875 um breyting á þessari tilskipun.
2) Sbr. l. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1907, 3. gr.

1789 24. júlí. aðferð prófasts við hana eða úrskurði hans, þá skal hann stefna málinu fyrir synodalréttinn, áður liðinn sé áfrýjunarfrestur til yfirréttanna, sá er lögin ákveða. — — — 7) Nú ber það við, að brauð stendur lengi laust, eður prestur sá, er það hefir fengið, getur eigi komið að því innan fardaga réttra, og skal þá prófastur annast um, að prestssetrið verði á meðan bygt duglegum manni, og yfir höfuð gera það, sem hagkvæmast þykir til viðurhalds eignunum, og skal sýslumaður vera honum hjálplegur í því. Skorist sýslumaður undan því, þá skýrir prófastur biskupi frá því, en hann leitar fulltingis amtmanns svo sem þarf. — 8) Ef presturinn, sem fjarverandi er, hefir eigi sjálfur veitt neinum umboð til að gæta réttar síns við úttektina, þá skal sýslumaður skipa til þess fullveðja mann á kostnað hans. — 9) Að því er kemur til klausturkirknanna, þá fer um þær svo, sem hingað til hefir verið, að sýslumaður fremur skoðunargjörð og ákveður álag á þær, þegar mannaskifti verða.

1790 12. febr. **Tilskipun um dómnefnu skoðunarmanna í öðru lögsagnarumdæmi en aðalmálið er rekið.** (Vafasamt, hvort gildir hér):

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: — — — Þegar skoðunargjörða þarf við til að útkljá deilur, og eigi eru til í lögsagnarumdæmi því, þar sem hlutirinn er og málið er höfðað, nógu margir menn, er þekkingu hafi til að dæma um það, er gjörðin hnigur að, þá skal [amtmaður], séu þeir til í amtinu, fullgilda annan dóm, er þeir eiga varnarþing að, til að nefna þá til skoðunarinnar og taka við skýrslu þeirra og eiði um skoðunina; en ef svo sérstaklega skyldi standa á, að til gjörðarinnar þyrfti sérstaklega listvana menn, sem eigi væru heldur til í amtinu, þá skal [amtmaður] beiðast þess hjá yfirvaldinu á þeim stað, þar sem slíkir menn eru, að þeir verði þar

nefndir til gjörðarinnar, á kostnað þess málsaðiljans, er æskti skoðunarinnar. 1790 12. febr.

Tilskipun um það, hvernig að skuli farið, ef maður vill láta taka konunglegan embættismann fastan fyrir skuldir eða annað einkamál. 10. des.

Vér Chr. VII. o. s. frv. gerum öllum kunnugt: Með því að það tjáist vera álitið vafasamt, hvort kyrrsetja megi sjálfa embættismenn Vora, samkvæmt D. L. 1. 21. 5 og N. L. 1. 19. 5, sbr. tilsk. 8. apríl 1771, þá hefir Oss þótt nauðsyn til bera að kveða svo á, að ef maður vill láta taka fastan konunglegan embættis- eða sýslunarmann fyrir skuldir eða annað einkamál, þá skal sá, er krefst kyrrsetningar, færa sönnur á það, með vottorði frá yfirboðara embættis- eður sýslunarmannsins, eða stjórnarráði því, er hann heyrir undir, að þeim hafi verið skýrt frá hinni á-formuðu kyrrsetning, til þess að ráðstöfun megi gerð verða í tæka tíð um skipun embættisins.

Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum[1]). 1792

Vér Chr. VII. o. s. frv. gerum öllum kunnugt: 13. jan.
— — — Ef maður er dæmdur með yfirréttardómi eða öðrum dómi, sem áfrýja skal beint til hæstaréttar, — — — sökum ómótmæltrar bréflegrar skuldbindingar, til að lúka skuld, þá má dómhafi, þótt dóminum sé áfrýjað af hálfu skuldunauts, láta fógeta gera fjárnám hjá honum, nema hann setji næga tryggingu bæði fyrir hinu dæmda og kostnaði þeim, er leiða kann af framhaldi málsins. En ef mótmæli gegn gildi skuldabréfsins eða réttmæti kröfunnar hafa fram komið í málinu, þá skal dómhafi, til tryggingar sér, að eins fá lagða löggeymslu á fjármuni dómfelda, á þann hátt er D. L. 1. 24. 22 og N. L. 1. 22. 24 greina, og má hann þá eigi taka til sín hið löggeymda, nema hann

1) Sbr. l. nr. 2, 13/1 1882, 7. gr.

1792 13. jan. setji næga tryggingu fyrir því, ef svo skyldi fara, að fullnaðardómur dæmdi alt eða nokkuð af hinu umþráttaða af honum.

13. jan. **Konungsbréf (til stiftamtmanns og beggja amtmanna og biskupa) um uppboð hjá andlegrar stéttar mönnum.**

Chr. VII. o. s. frv. — — — Vér viljum því hérmeð út af þessu og í samræmi við þá skipun, er þar er á gerð um Norveg allramildilegast skipa svo fyrir, að uppboð hjá andlegrar stéttar mönnum á Voru landi Íslandi skulu eftirleiðis haldin af sýslumönnunum.

1. júni. **Opið bréf Rentukammers um verzlunina á Íslandi** (kgsúrsk.: $^{30}/_{5}$ s. á.).

(Með þessu opna bréfi er sú nánari útlistun gerð, meðal annars, á verzlunarskipununum frá 1786 og 1787, að þeir einir, hvort sem þeir séu innlendir menn eða menn frá Danmörku, Noregi og hertogadæmunum, hafi rétt til að reka verzlun í kaupstöðunum[2]) á Íslandi, sem eigi þar hús og annaðhvort sjálfir haldi þar dúk og disk og verzli þar vetur og sumar, eða hafi þar faktor fyrir sig, sem geri þetta hvorttveggja, enda hafi og leyst borgarabréf í kaupstaðnum).

4. sept. **Tilskipun um aðför eftir dómum, er leggja fyrir fyllingareið- eða synjunareið.**

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum öllum kunnugt, að með því að Vér höfum komizt að raun um, að tilsk. 5. nóv. 1723, sem bannar að taka við fyllingar- eða synjunareiði eftir dómum, sem áfrýja má til æðri réttar, ef mótparturinn mótmælir því, er notuð af þrætugjörnum málsaðiljum og málflutningsmönnum til þess að koma fram endalausum mótmælum gegn því, að slíkum dómum sé fullnusta veitt, þá hefir Oss þótt nauðsyn til bera að gera þá skipun á í þessu efni, að

---

1) Sbr. op. br. $^{28}/_{12}$ 1836, 1. gr.

eigi verði, að einu leytinu, hrapað svo að eiðtöku 1792
eftir hinum uppkveðna dómi, að málsaðili fái eigi 14. sept.
ráðrúm til að áfrýja honum, og að hinu leytinu, að hinn málsaðilinn geti eigi með vífilengjum spilt rétti gagnaðilja síns og bakað honum óþarfa kostnað. Samkvæmt þessum grundvallarreglum bjóðum Vér hérmeð allram., að þá er fyllingar- eða synjunareiður er lagður fyrir með dómi, er áfrýja má til æðri réttar, þá skulu engin mótmæli gegn fullnustugerð hans gild vera, eftir að liðnir eru 3 mánuðir frá því að dómurinn var löglega birtur hlutaðeiganda, nema því að eins að framlögð sé stefna til yfirréttarins, því að þá skal farið eftir Dönsku Laga 1—24—54 og Norsku Laga 1—22— 56. — — —

Tilskipun um samningu umsókna og kærubréfa o. fl. 28. des.
— — —

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum öllum kunnugt: — — — Fyrir því skipum Vér allranáðugast: — — — 2) Nú hefir höfundur umsóknar eigi ritað á hana svo sem boðið er, og á þá yfirvald það, sem í hlut á, eigi að taka við henni til umsagnar, og eigi skulu stjórnarráð Vor heldur svara henni né bera hana undir Oss. — -- —.

Tilskipun um gjaldheimtu og reikningsskil í Danmörk[1]), 1793
(Eigi birt á Íslandi, en að ýmsu beitt).

— — — **III kap. 40)** Svo sem sjóður vor hefir 30. jan.
forgöngurétt[2]) og sjálfsvörzluveðrétt, þótt eigi sé svo um samið, í eignum gjaldheimtumanna Vorra framar öllum kröfum, er eigi hafa þegar verið þinglesnar og bókaðar áður en þeir tóku við embætti, svo fyrirskipum Vér og hér með, að enginn af amtsforstjórum

---

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 312. gr.

2) Sbr. Kamerréttarsk. $^{18}/_{3}$ 1720 I. 17. gr., tilsk. $^{10}/_{12}$ 1790, opbr. $^{10}/_{4}$ 1795, $^{19}/_{12}$ 1821, skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 82. gr. a.

1793 30. jan. (Amtsforvaltere) Vorum — — megi frá því er hann er skipaður í embætti, selja af hendi neitt af fasteignum sínum, né heldur gefa út neina veðskuldbindingu, til handa hverjum sem hún er, og eigi má taka við nokkuru slíku afsali eða veðskuldbindingu til þinglesturs, nema berum orðum sé leyft af Oss fyrir milligöngu [Rentukammers] Vors. Nú er gjaldheimtumanni stefnt fyrir skuld, og skal þá sá undir- eða yfirréttur, sem honum er stefnt fyrir, skýra [Rentukammeri Voru] frá því í tækan tíma, svo að unt sé að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja það, að kröfur annara manna verði greiddar af tekjum Vorum, svo og til þess að knýja gjaldheimtumanninn til þess að gera Oss fullnægjandi reikningsskil, ef þörf þykir. Nú vanrækir einhver dómstóll þetta Oss til tjóns, og skal hann þá ábyrgjast Oss tjónið. Þó skal þeim, er öðlast hafa löglega dóma, alls eigi meinað að leita greiðslu dómanna með fjárnámi, eftir að fullnægjandi trygging er fengin fyrir Vorum kröfum. — — —

23. apr. **Opið bréf um verzlun á Íslandi.** (kgsúrsk. 17. s. m.). — — — 1) Auk þess sem í opnu br. 1/6 1792 er ákveðið um verzlun lausakaupmanna, skal það vera harðlega bannað, að leggja vörur upp til sölu hjá bændum eða öðrum, hverir svo sem vera kunnu, svo og að senda menn um landið með vörur til sölu, og skulu þeir, er brjóta á móti þessu, — — — sæta sekt, er nemi 1/4 af verði vöru þeirrar, er verzlunin var rekin með, hæði útlendu vörunnar, er í land var flutt, og íslenzku vörunnar, er inn var látin, og hvort sem það er skipstjóri eða stýrimaður, sem hefir tekizt slíka verzlun á hendur, skulu þeir þar að auki sektaðir um 20 rdl., og Íslendingar þeir eða aðrir, er búsetu eiga í landinu, og láta nota sig slíkrar verzlunar, skulu einnig sæta 5 til 10 rdl. sekt eftir málavöxtum[1]). — — —

1) Sbr. op. br. 28/12 1836, 10. gr.

Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiftaráðenda. 1793 21. júní.

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1[1]) Skifti á dánar-, [uppboðs-] eða þrotabúum bera undir skiftaráðanda, þar er sá, er skiftin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiftin hófust. — 2) Þegar borgarar eiga heima utan lögsagnarumdæmis þeirra kaupstaða, þar sem þeir hafa borgararétt (en það á sér eigi sjaldan stað í Noregi), skulu þeir því heyra undir hinn almenna skiftarétt, þar sem þeir eiga heima, og skiftaráðandi þar því fara með skifti eftir þá, svo og skipa fjárhaldsmenn og gegna skyldum yfirfjárráðanda — — — 3) Enginn skiftaráðandi má eftirleiðis halda uppboð utan lögsagnarumdæmis síns. — En þá er fasteign er seld, ber uppboðshaldið þeim embættismanni, sem á rétt til uppboðshalds, þar er eignin er. Lausafjármuni má seljandi aftur á móti láta flytja til sölunnar hvert er hann vill, og þangað er hann ætlar að þeir seljist bezt, og ber uppboðshaldaranum, þar sem þeir eru seldir, uppboðshaldið á þeim. — — —

Tilskipun um undirskrift dómara í þingbókum[2]). 5. júlí

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt; að til þess að bækur þær, er ritað er í það, er gjörist fyrir dómstólunum, megi vera sem áreiðanlegast, hefir Oss litizt rétt að bjóða hér með allramildilegast, að hver dómari á, þegar rétti er slitið, og hann fer úr dómarasætinu, að undirskrifa í þingbókinni það, er í hana hefir bókað verið.

Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna. 19. júlí.

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — Samkvæmt þessum grundvallarreglum — — —

---

1) Sbr. skiftal. $^{12}/_{4}$ 1878, 95. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{16}/_{8}$ 1832. 10. gr.

1793 19. júlí. bjóðum Vér hér með allramildilegast, að ef málflutningsmanni er stefnt sem vitni í einkamáli, og honum hefir annaðhvort verið falinn flutningur þess eða ráða hans hefir verið leitað í því, þá skal hann vera undan þeginn, og honum jafnvel með öllu bannað, að bera vitni í því máli, ef úr spurningum þeim, er fyrir hann eru lagðar, verður eigi leyst, nema hann skýri frá því, sem skjólstæðingur hans, eða sá, er leitaði ráða hjá honum, trúði honum fyrir; aftur á móti skal hann skyldur til, undir eið, eins og önnur vitni, að bera það, er hann veit til upplýsingar málinu, ef hann eigi hefir komizt að því sem trúnaðarmaður málsaðila.

18. sept. **Konungsúrskurður um niðurlagningu Gufunesspítala.** (LfI. 6. b. 141).

(Með þessum kgsúrsk. var stofnaður sjóður til styrktar fátækum og uppgefnum leiguliðum á konungsjörðum í Gullbringusýslu).

1794 31. jan. **Tilskipun um flánингu dauðra skepna.** (LfI. 6. b. 157)[1]).

1795 10. apr. **Opið bréf kanselliis um það, hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana.** (Samkvæmt konungsúrskurði).

— — — 1) Þegar skiftaráðendur taka til skifta dánarbú eða önnur bú, og þeim er kunnugt um eða þykir líklegt, að opinber stofnun eigi kröfu í búið, þá skulu þeir tafarlaust skýra hlutaðeigandi [stiftamtmanni] og biskupi frá skiftunum, til þess að þeir geti á þeim gætt réttar stofnunarinnar, haldið fram málstað hennar, veitt því móttöku, er henni ber, og séð um, að fénu verði þegar í stað komið á vöxtu gegn tryggilegu veði, eins og segir í 2. gr. hér á eftir. —

1) Sbr. hegnl. 25/6 1869, 311. gr.

Það skal tekið fram berum orðum í skuldabréfum 1795
þessum, hvaða stofnun lánsféð tilheyrir, og skulu 10. apr.
[stiftamtmaður] og biskup rita á þau, að þau megi eigi selja eða afhenda án samþykkis þeirra. Skulu síðan skuldabréfin og önnur veðbréf, er útlögð kunna að hafa verið stofnuninni á skiftunum, og rituð hefir verið á samskonar áritun, fenginn í hendur hlutaðeigandi forstjóra eða fjárhaldsmanni, gegn viðurkenningu hans, og heimtar hann síðan inn vextina og annast það annað, er gera þarf, en [stiftamtmaður] og biskup skulu hafa nákvæmt eftirlit með því, að hann gæti skyldu sinnar í því efni. — 2) Eigi má lána gegn nokkurri fasteign meira en nemur $^2/_3$ af verði henn ar, eftir löglegri matsgjörð, er skuldunautur kostar; svo má og eigi heldur taka náðarár eða fasteignir, sem eldri veðréttur hvílir á, að veði, þegar opinber stofnun á í hlut. — [Stiftamtmaður] og biskup skulu sjá um, að veð stofnananna rýrni eigi og að veðsett hús séu ávalt vátrygð gegn eldsvoða, og skulu því reikningshaldararnir geta þess á skránum yfir vaxtafé stofnananna, í sérstökum dálki, hvort veðin séu tilhlýðilega vátrygð og hve hátt. — 3) Ef opinberri stofnun er út lagður jarðarpartur, hús eða þvíumlíkt, skal rita þegar í stað á bréf það, er um það er út gefið, svo sem segir í 1. gr., og síðan þinglýsa því á næsta þingi, þar er eignin er, á kostnað stofnunarinnar. — Í búum skuldunauta má eigi leggja stofnununum út óvissar veðskuldir eða víxilskuldabréf eða önnur ótrygð skuldabréf, ef peningar eru til og fulltryggjandi veðskuldabréf. Sé þessa eigi gætt, bakar það hlutaðeigendum ábyrgð gagnvart stofnuninni. — — — 5) Allir reikningar fyrir fé opinberra stofnana skulu ná frá nýári til nýárs, og skulu reikningshaldararnir hafa samið þá og sent innan febrúarmánaðarloka, í seinasta lagi, til stiftamtmanns og biskups, og skal því, er afgangs hefir orðið af tekjunum og vöxtunum, bætt við innstæðuna, og komið á vöxtu á

1795 fyrirskipaðan hátt. — 6) Að lokum skulu [stiftamt-
10. apr. menn] og biskupar, þegar er þeir fá opið bréf þetta semja rétta skrá yfir þá, sem eru forstjórar og innheimtumenn fyrir opinberar stofnanir, og láta þinglýsa henni, og skal slik þinglýsing (sem ekkert gjald skal greitt fyrir), einnig fram fara eftirleiðis í hvert skifti sem mannaskifti verða í sýslunum þessum, til þess að það verði öllum kunnugt, og skulu kröfur stofnunarinnar á hendur forstjórunum eftir þinglýsinguna ganga fyrir síðar framkvæmdum fjárnámum og síðar útgefnum veðskuldabréfum.

10. júlí. **Tilskipun um stofnun sættanefnda í Danmörku og í kaupstöðum í Noregi.** (Birt hér og talin gilda í Reykjavik).

Vér Chr. VII., o. s. frv. — — — **II. kap.** *Um skipulagið í öðrum kaupstöðum Danmerkur og Noregs.* — **12)** Í öðrum kaupstöðum (o: en Khöfn) skal bæjarstjórnin nefna til 4 eða 6 af vitrustu og beztu mönnum bæjarins, og kjósa allir borgarar bæjarins 2 af þeim í sáttanefnd. Skal þeim vera skylt að takast þessa sýslan á hendur, nema þeir hafi lögleg forföll eða gilda ástæðu til að skorast undan, hvort sem þeir eru borgarar eða eigi, og gegna starfanum 3 ár. Þó mega þeir eigi fara frá báðir í senn, heldur skal um lausn þeirra fara svo sem segir í D. L. 3—18—3 og N. L. 3—20—3 um yfirfjárráðendur[1]). Nú eru í einhverjum smákaupstað eigi svo margir hæfir menn sem áður er greint, er til kjörs verði nefndir, þá má takmarka töluna og jafnvel svo, að eigi sé nefndur nema einn, ef eigi er kostur á fleirum[2]). — **13)** Sáttanefndarmenn eiga að vera leystir undan öllum öðrum

1) Þeir áttu að gegna sýslan sinni 4 ár að minsta kosti og eigi fara báðir frá í senn. En ef annar fór frá áður tíminn væri liðinn, þá skyldi sá, er eftir var, vera við að minsta kosti 2 ár ásamt þeim, er í hins stað kom.

2) Sbr. l. nr. 32, 7/11 1911, 5. gr.

skyldustörfum í þarfir almennings, meðan þeir gegna þessum starfa, ef til þeirra eru aðrir hæfir borgarar. 1795 10. júlí.
14) Sáttabók skal — — — löggilt af stiftamtmanni eða amtmanni, þar sem hann er yfirvald á staðnum[1]). — **15)** Fyrsta sinni, sem hinir tilnefndu menn taka sæti í sáttanefnd, skulu þeir rita í bókina og undirrita svolátandi embættiseið: »Eg N. N., sem kjörinn er af borgurunum í N. N. bæ, heiti því og sver — — — (orðrétt eins og í tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 8. gr.). Í þeim kaupstöðum, þar sem stiftamtmenn búa, skulu þeir koma sjálfir á sáttafundina svo oft sem önnur embættisstörf leyfa, til þess að stuðla að því með návist sinni og tillögum, að sættir komist á með mönnum. Og þegar þeir koma á ferðalögum sínum í aðra bæi, þá viljum Vér einnig, að þeir láti sér ant um sáttastarfið og styðji það. Þetta nær einnig til amtmanna að því er til kaupstaða þeirra kemur, sem nú eru eða síðar verða lagðir undir ömt þeirra. — — — **IV. kap.** *Um það, hvaða mál hegri undir sáttanefndir.* **19)** Öll almenn borgaraleg mál, hvort sem þau varða eignir, réttindi, skuldakröfur eða annað, skulu lögð til sátta. Undantekin eru þó: a) víxilmál — — — [2]). b) kröfur í dánar- og þrotabú — — — með, því að þar er eigi dæmdur málskostnaður í héraði. — **20)** Þess skal gætt, þegar mál hefur á hanni eða kyrrsetningu, að þá kveðji sækjandi, eftir að slík giörð hefir farið fram, gagnaðilja fyrir sáttanefnd. Nú verður eigi af sátt, og skal banninu þá eða kyrrsetningunni haldið til laga með stefnu til næsta þings, sem haldið er eftir að málinu var vísað til aðgjörða dómstólanna frá sáttanefnd. — **21)** Nú er eigi unt að gera sér grein fyrir máli án rannsóknar á staðnum, og ber aðiljum þá að láta fram fara nauðsynlega skoðunargjörð samkvæmt D. L. 1—17 (N. L. 1—16) til

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 11.
2) L. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 2. gr.

1795 10. júli. upplýsingar málinu, áður en þeir snúi sér til sáttanefndar. — 22) (= tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 13. gr., það er enn hefir þýðingu). — 23) En mál þau, er höfðuð eru eða kærð af hálfu dómsmálastjórnarinnar að ráðstöfun stjórnarráða eða yfirvalda þeirra, er hlut eiga að máli, skulu þegar lögð fyrir dómstólana. — 24[1]) (= tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 15. gr.). — 25) (= tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 16. gr.). — 26) Í málum þeim, sem kærð eru fyrir lögreglurétti, skal réttur þessi, ef málið varðar móðganir gagnvart einstökum mönnum, reyna að koma á sátt milli aðilja — — — 27) (= tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 18. gr.). — 28) Mál þau, er í 2 síðustu greinum segir, heyra því eigi undir almennar sáttanefndir. — — — V. kap. *Um skyldur sáttanefndarmanna um málameðferð, gildi sátta með fleiru, er varðar sáttamál alment.* — 30) Sáttafundi skal hvervetna halda einu sinni á viku, og skal til þess ákveðinn einhver dagur, er hallkvæmastur þykir. En ef enginn hefir gefið sig fram með kæru, þarf engan fund að halda. — 31) Í Kaupmannahöfn, þar sem málafjöldinn útheimtir margra daga starf, skal sáttanefnd halda fundi svo oft sem með þarf. Annarsstaðar skal og þessari reglu fylgt, þegar eins er ástatt. — 32) Þeir, sem hafa mál að kæra, og leita skal sátta um samkvæmt framanskráðum fyrirmælum, skulu áður skriflega eða munnlega skýra sáttanefnd frá því. — — — 34) Svo að sérhver megi vita, hvert hann skuli snúa sér í þessu efni, skulu sáttanefndir birta opinberlega stað og stund, er þeir veita kærum viðtöku. — 35) Jafnskjótt sem umkvörtun eða tilkynning um kæru er komin, lætur sá sáttanefndarmaður, er við henni hefir tekið, þegar kveðja báða aðilja, með skriflegum seðli, gefnum út í tveimur eintökum, til að koma á ákveðinn stað og á ákveðnum tíma. Og ef sækjandi eða kærandi á ekki heimili eða dvöl í lögsagnarumdæminu, er um-

1) Sbr. l. nr. 44, $^{16}/_{11}$ 1907, 7. gr.

boðsmaður hans kvaddur eða sá, er kært hefir fyrir hans hönd. — **36)** — — — Hinir venjulegu stefnuvottar birta kæruna[1]) — — — **38)** Málsaðiljar eiga alt af að sækja sjálfir sáttafund, ef þeir eru nærstaddir. Ef einhver hefir lögleg forföll[2]), má hann þó senda mann í stað sinn, er hafi nægilegt umboð til þess að gera sátt fyrir hönd umbjóðanda síns. En með öllu skal bannað að taka með sér eða senda í sinn stað málflutningsmann á sáttafund. — **39)** (= tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 26. gr., nema að því, að jafnframt N. L. 1—5—7 er nefndur D. L. 1—5—7 í tilsk. 1795). — **40)** (= tilsk. 1797, 27. gr.). — **41)** (= tilsk. 1797, 28. gr.). — **42)** (= tilsk. 1797, 29. gr.)[3]). — **43)** (= tilsk. 1797, 30. gr.)[4]). — **44)** (= tilsk, 1797, 31. gr.)[5]) — **45)** Mál þau, sem koma fyrir sáttanefnd í kaupstöðum, skulu vera til lykta leidd innan 8 daga. — — — Lengur mega þau eigi vera óútkljáð, nema báðir málsaðiljar samþykki. — — — **47)** (= tilsk. 1797, 35. gr.). — **48)** (= tilsk. 1797, 35. gr.)[6]). — **49)** Dómstólarnir mega eigi (að undanteknum þeim málum, sem í tilskipun þessari eru berum orðum talin) taka neitt mál til meðferðar eða dómsálagningar, nema sækjandi sanni með vottorði sáttanefndar, að sátta hafi verið leitað árangurslaust. Þó skal engum meinað, að upplýsa mál sitt með þingsvitnum áður en það kemur fyrir sáttanefnd[7]) — **50)** (= tilsk. 1797, 36. gr. Þó er í tilsk. 1795 sama skylda lögð á herðar stiftamtmanni sem amtmanni í tilsk. 1797, 36. gr. — **51)** = tilsk. 1797, 37. gr.). — — — **53)** (= tilsk. 1797, 38. gr.) — 1795 10. júlí.

---

1) Tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 17.—22. gr., tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 23. gr.
2) Sbr. kgsbr. $^{19}/_{10}$ 1793.
3) Sbr. tilsk. $^{11}/_{8}$ 1819, og l. nr. 32, $^{7}/_{11}$ 1911, 1. gr. a. og 3. gr.
4) Sbr. op. br. $^{20}/_{1}$ 1820 og l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 1. gr.
5) Sbr. l. 1887, II. kafla.
6) Sbr. l. nr. 32, $^{7}/_{11}$ 1911, 5. gr.
7) Tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797.

1795 10. júlí. 54) Nú hefir maður óslitið og ráðvandlega gegnt sáttamannsstarfa 8 ár, og viljum vér þá sæma hann, sem verðleikamann, hæfilegum metorðum. — 55)[1]) — — —

23. okt. **Konungsbréf um þvingun við menn, sem eru undir rannsókn og vilja eigi svara spurningum, sem fyrir þá er lagðar[2]).**

Chr. VII. o. s. frv. — — — Ef maður, sem er undir opinberri rannsókn, færist undan að svara skýrt spurningum þeim, er fyrir hann eru lagðar, að því leyti sem hann getur leyst úr þeim, má setja hann í fangelsi við vatn og brauð, þangað til hann fæst til að svara; þó á dómarinn áður, þegar þetta kemur fyrir, að gefa manninum til vitundar, og bóka það í þingbókinni, að þvingunarmeðali þessu verði beitt samkvæmt boði konungs þar að lútandi.

1796 22. jan. **Konungsúrskurður um sáttatilraun við hjón, sem eru skilin að borði og sæng[3]).**

Eftirleiðis má eigi leggja fyrir Oss beiðni um algerðan hjónaskilnað, þar sem hjónin hafa lifað aðskilin að borði og sæng lengur en í 3 ár, nema yfirvald þeirra, ef þau eiga heimili í umdæmi sama yfirvalds, hafi áður kallað þau fyrir sig og reynt til að sætta þau og fá þau til að taka saman af nýju, og eigi hjónin heima sitt í hvoru lögsagnarumdæmi, á yfirvald hvors um sig að reyna þetta fyrir sitt leyti, svo á og það hjónanna, er vill giftast aftur, að færa sönnur á það með áreiðanlegum vottorðum, að það hafi eigi lifað hegningarverðu líferni.

---

1) Tilsk. $^{20}/_{1}$ 1797, 40. gr., tilsk. $^{21}/_{12}$, 1831, III.
2) Sbr. Lhbr. $^{2}/_{3}$ 1888.
3) Sbr. tilsk. $^{18}/_{10}$ 1811 og tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831. I. d.

Konungsbréf (til Skálholtsbiskups) um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis. 1796 11. marz.

Chr. VII. o. s. frv. — — — 1) Próföstunum ber að fremja allar hjónavígslur hjá sóknarprestunum, hvort sem sjálfir þeir eiga í hlut eða náfrændur þeirra, og er með þessu átt við sóknarprestana sjálfa, þegar þeir eiga konur, sem eiga heima hjá þeim sjálfum eða í sóknum þeirra, og við þær konur, sem eru skyldar eða tengdar presti í fyrsta jafnan eður ójafnan lið, og eiga heima hjá honum. — 2) Sama er um líkræður allar yfir sóknarprestum og þeim, sem þeim eru nákomnir, svo sem fyrr var greint, hvort sem eru karlar eða konur, enda séu 18 ára að aldri og eigi heima hjá sóknarpresti, svo og yfir uppgjafaprestum og ekkjum sóknarpresta. — 3) Þegar staðháttum er svo varið, að eigi næst til prófasts, og verk þau þarf að fremja, er nefnd hafa verið, þá getur hlutaðeigandi prestur látið nágrannaprest gera verkið, en ef héraðsprófasti er eigi sagt til, þó að það hefði vel mátt gera, bera honum 2 rd. — 4) Þegar áðurnefnd prestsverk fyrirfalla hjá kapellánum, náfrændum þeirra og ekkjum, skal hlutaðeigendum frjálst, hvort sem þeir vilja, að leita um það héraðsprófasts eða sóknarprests, ef sóknarprestur er eigi svo nákominn sem fyrr var greint.

Tilskipun um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu[1].) 3. júní.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — — — **I. kap.** *um afnám lögdags* — — — Því bjóðum Vér allranáðarsamlegast: — 1) Lögdagur sá. er ákveðinn er í Dönsku Laga 1. bók, 4. kap., 30. grein og Norsku Laga 1. bók, 4. kap., 32. grein, skal með öllu af numinn, bæði við yfir- og undirréttina, og stefndir málsaðiljar, eða vitni, skulu eftirleiðis vera skyldir að mæta án frekari lögdagsleggingar, þegar

1) Sbr. tilsk. 15/s 1832.

1796 3. júni. þeim hefir verið stefnt fyrir réttinn með löglegum fyrirvara, svo framarlega sem þeir hafa eigi nein lögleg forföll, en þegar svo stendur á, skulu þeir færa sönnur á forföll sín á þann hátt, sem fyrir er mælt í báðum hinum framan nefndu lögbókum, 1. bók, 10. kap., 1. grein. — 2.[1]) Ef málsaðili sá, sem stefnt hefir verið, mætir eigi eða gefur eigi andsvör í málinu, hvorki sjálfur né umboðsmaður af hans hendi, þá skal dómarinn dæma í málinu eftir þeim gögnum, er sækjandi leggur fram, og hinn stefndi getur þá kent sjálfum sér um þann skaða, er hann kann að hafa af því, að hann vanrækti að koma fram með mótbárur sínar gegn þeim skjölum og málsgögnum, er lögð hafa verið fyrir réttinn af hendi sækjandans. — 3) Ef vitni mæta eigi, enda hafi þau eigi lögleg forföll, skal dæma þau í fallsmálssektir samkvæmt tilskipuninni frá 3. marz 1741. — 4.[2]) — — — **II. kap** *Sókn sakar og frestanir*[3]). — 5) Nú kallar maður annan fyrir rétt til þess að sæta dómi, og skal þá stefnandi vera skyldur til að koma fram með málsútlistan sína og fullnaðarkröfu í málinu á fyrsta þingdegi, þá er málið á að koma fyrir eftir stefnunni. Farist þetta fyrir, álízt stefnunni eigi löglega framfylgt, og ber að vísa henni frá, og skal dæma sækjanda til að greiða stefndum hæfilegar ómaksbætur, ef hann hefir mætt eða nokkur af hans hendi. — 6) Af þessu leiðir, að eigi má veita sækjanda frest fyrr en stefndur hefir komið fram með mótbárur sínar í málinu og gefið með því tilefni til nánari útlistunar eða andsvara af hendi sækjanda. Frá þessari reglu skal þó vikið, þegar sækjandi færir sönnur á, að hann sé að leiða vitni um þrætuefnið, því að þegar svo stendur á, verður að veita honum þann frest til þess, sem nauðsynlegur er. — 7) Sérhver sá, er biður um frest, skal vera skyldur

1) Sbr. N. L. 1—4—32, tilsk. 15/8 1832, 8. gr.
2) L. nr. 33, 24/11 1893.
3) Sbr. tilsk. 15/8 1832, 11.—13. gr.

til að skýra greinilega frá ástæðu sinni til þess, og tilgreina skýrt, hvernig hann ætlar að nota frest þann, er hann biður um, til gagns og skýringar málinu. Þegar hann þannig (til dæmis) ber það fyrir, að hann ætli að koma fram með skjal eða leiða vitni, þá á hann að nefna skjalið og skýra berum orðum frá, hvað hann ætlar að sanna með skjalinu eða vitnunum, til þess að rétturinn geti tekið til álita, hvort fresturinn er nauðsynlegur og hvort kröfuna um frestinn á að taka til greina að öllu leyti eða nokkuru, eða hvort neita beri um frestinn. — Geti sá, er biður um frest, eigi fært neina ástæðu fyrir beiðni sinni, á dómarinn eigi að veita honum frestinn, jafnvel þótt hinn málflutningsmaðurinn mæli eigi á móti því, nema því að eins, að hinn síðarnefndi færi sönnur á, að umbjóðandi hans hafi sjálfur gefið samþykki til þess. — Sömu reglu skal fylgja, þegar telja má augljóst, að ástæður þær, er bornar eru fyrir, séu að eins vífilengjur, er miða til að draga málið að óþörfu. — 8) Þegar málflutningsmaður hefir mætt fyrir rétti af hendi einhvers málsaðilja, og beðið um frest, þá er honum eigi heimilt að afsala sér málinu með því að láta bóka yfirlýsingu um það í þingbókinni, en vilji hann eigi flytja málið, á hann að láta umbjóðanda sinn vita af því svo tímanlega, að hann geti fengið annan málflutningsmann til að mæta og halda uppi svörum fyrir sig, til þess að meðferð málsins tefjist eigi af þessu. — 9) Sérhver sá, er sækir um beneficium paupertatis, á að afhenda hlutaðeigandi yfirvaldi beiðni sína þar um, til þess að hann geti sannað það með vottorði yfirvaldsins, ef hann færir það sem ástæðu til að fá frest í máli sínu fyrir réttinum, — — — og skulu bæði hlutaðeigandi yfirvöld og [ritari í hinu danska kansellii] tafarlaust gefa þau, án borgunar, þegar um þau er beðið. — 10) Af því að svo getur staðið á, að dómarinn geti eigi séð fyrr en eftir að aðalmálið er tekið undir dóm, að ástæður fyrir frest- 1796 3. júní.

1796 3. júní. um, er veittir hafa verið, hafi verið uppspunnar og bornar fyrir eingöngu til þess að eyða tíma og tefja meðferð málsins, þá ber honum, þegar hann dæmir um málið og verður þess vísari, að slíkt hefir verið í frammi haft, eigi að eins að dæma þann málsaðilja eða málflytjanda, sem hefir orðið sekur um slíkt, til að bæta þeim málsaðiljum, er á móti hefir verið brotið, allan þann kostnað og tjón, er af þessu hefir leitt fyrir þá, heldur einnig afdráttarlaust að dæma þá, er í hlut eiga, í sektir til fátækra á staðnum, frá 10 til 100 rdl., eftir því hvort málið hefir verið dregið á þenna hátt um lengri eða skemmri tíma. — 11) Af því að ráðvendni er sá mannkostur, er mest ríður á, að þeir hafi til að bera, er trúað er fyrir að vaka yfir rétti samþegna sinna og tala máli þeirra fyrir dómstólunum, ber þegar í stað og án frekari málsóknar að dæma hvern þann málflutningsmann, er óvirðir stöðu sína með því að finna upp eða viðhafa brögð og vífilengjur, til þess að tefja með þeim fyrir fullnaðarúrslitum þeirra mála, er honum hefir verið trúað fyrir, til að hafa fyrirgert málflutningsleyfi sínu, þegar hann í þriðja sinn verður uppvís að því, að hafa gert sig sekan í þessu broti. — **III. kap.**[1]) *Um vitnaleiðslur.* — 12) Sérhver sá, er ætlar að leiða vitni, skal vera skyldur til, ef málflutningsmaður flytur málið af hans hendi, að láta hann samkvæmt tilskipuninni frá 1. maí 1782 leggja fram skriflega þær spurningar, er hann æskir skýrslu vitnanna um; að svo miklu leyti sem framburður vitnanna kann að gefa honum tilefni til að spyrja ýtrara til nánari upplýsingar um málið, þá er honum þó leyfilegt að gera það munnlega og láta bóka spurningarnar í þingbókina, en dómari leggur þær síðan fyrir vitnin til ýtrari andsvara, ef telja má, að heimild sé fyrir þeim í

1) Sbr. N. L. 1—13, tilsk. $^{5}/_{3}$ 1741, $^{15}/_{8}$ 1832, 13. gr. og l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911.

stefnunni eða eðli málsins. — Á sama hátt skal það vera heimilt þeim málsaðilja, er kvaddur er til að hlýða á skýrslur vitna, að bera gagnspurningar sínar fram munnlega, en þessar ýtrari spurningar af beggja hálfu eiga að vera svo stuttar og greinilegar, sem kostur er á. Að öðru leyti ber dómara að hafa vakandi auga á, að fylgt sé að öllu og farið eftir tilskipuninni frá 3. marz 1741, einkum 11. grein hennar. — 13) Af því að svo ber stundum við, að málsaðili mætir sjálfur fyrir rétti til þess að leiða vitni sín, annaðhvort af því að hann skortir efni til að borga málflutningsmanni, ellegar af því að enginn málflutningsmaður er búsettur í héraðinu, þar sem með málið er farið (en þetta getur helzt komið fyrir á nokkurum stöðum í Noregi): þá viljum Vér, með tilliti til þess, að slíkir málsaðiljar eru ef til vill eigi færir um að koma fram skriflega með spurningar sínar til vitnanna, allram. leyfa, að málsaðiljar, er sjálfir mæta fyrir rétti til að leiða vitni sín, skuli vera undan þegnir því að leggja fram skriflegar spurningar, og að þá megi yfirheyra vitnin eftir munnlegum spurningum, eða þannig, að þau skýri sjálf frá því, er þau vita um málið, og skal dómarinn og leiðbeina málsaðilja þeim, sem mætir, ef hann er fákunnandi almúgamaður, og styðja samvizkusamlega að skýring málsins. — 14) Nú mætir eigi sá, er stefnt hefir vitnum, á ákveðinni stundu, hvorki sjálfur né umboðsmaður af hans hendi, til þess að láta yfirheyra vitnin, og skal þá dæma vitnastefnu hans ómerka og þegar í stað skylda hann til að borga bæði málsaðilja þeim, er hann stefndi, og vitnunum, hverju um sig, hæfileg ómakslaun, ef þau hafa mætt til ónýtis samkvæmt stefnunni. — Það leiðir að öðru leyti af sjálfu sér, að sá, sem hefir þannig látið vitnaleiðslu sína farast fyrir, á eigi fyrir þá sök að fá frest veittan í aðalmálinu. — 1796 3. júní.

IV. kap. *Um það, hve nær málflutningur fyrir undirdómum má fara fram munnlega og hann rita í þing-*

1796 3. júni. *bókina*[1]). — **15**) Af því að Vér höfum orðið þess vísari, að við undirdómana sé það sumstaðar venja, að málflutningsmenn flytja fram alla málfærslu sína og kröfur munnlega (og oft í miklum málalengingum) og láti rita í þingbókina, en slíkt eyðir tíma og er til fyrirstöðu því, að önnur mál komist að: þá fyrirskipum Vér, að þessi ranga aðferð skal eftirleiðis vera með öllu af numin, og sérhver málflutningsmaður skal vera skyldur til að leggja fram skriflegt sóknarskjal um leið og stefnan er lögð fram í rétti. Svo skal hann og, þegar hann hefir fengið frest til að koma fram með andsvör í málinu, leggja andsvör sín skrifleg fram fyrir réttinn. En þegar einhver málflutningsmaður, til þess að greiða fyrir fljótum úrslitum í málinu, vill þegar í stað koma fram með mótbárur sínar gegn málssókninni, þá skal honum heimilt að flytja þær fram munnlega til þingbókar, en það skal þó gjöra í svo fáum orðum sem hægt er, þannig að það tefji eigi réttinn lengur en í mesta lagi fjórðung stundar. — Þegar málsaðili flytur mál sitt sjálfur, má hann vera undan þeginn því, að koma fram með skriflega málsútlistun, og skal honum vera heimilt að koma fram munnlega með kröfu sína og ástæður þær, er hann telur sig hafa fyrir málssókninni eða gegn henni, en dómarinn lætur rita það alt í þingbókina svo lagað og í þeirri röð, er hlýða ber. — **V. kap.** *Ákvæði um stefnufrestinn fyrir þá menn, er búa utan landamæra ríkis þess, er málið er rekið eða flutt í.* — **16**) Fyrirmæli Dönsku og Norsku Laga í 1. b., 4. kap., 12. grein um, að stefnufresturinn skuli vera eitt ár fyrir þá menn, sem eru utan ríkis, skulu eftirleiðis skilin á þann veg, að þessi stefnufrestur sé að eins ætlaður þeim, sem búa eða dveljast í útlöndum, eða í nýlendum Vorum, utan Norðurálfunnar, svo og á Íslandi

---

1) Sbr. tilsk. 15/8 1832, 10. gr.

Færeyjum og Grænlandi[1]). — — — **VI. kap.** *Um stefnur og birtingareiða og um stefnuvotta.* — **17)** Yfir höfuð eiga allar stefnur að vera skriflegar, bæði til yfir- og undirdóma, og munnleg fyrirköll ógild; [þó skulu undan teknar reglunni sveitir til fjalla í Noregi, þar sem almúgamenn flytja sjálfir mál sín, og skal það leyft vera, þegar svo stendur á, að taka gilt munnlegt fyrirkall til heimaþingsins]. — **18)** Í þinghá hverri skal dómarinn kveðja til tvo skynsama og valinkunna menn, er vera skulu stefnuvottar í þinghánni. [Í Noregi á lénsmaðurinn og í Danmörku] hreppstjórinn[2]) ætið að vera annar af þeim, séu þeir fúsir til starfans. Svo skal og, auk þessara tveggja, kveðja til enn einn góðan mann, er sé til aðstoðar, þegar þörf er á, ef annarhvor hinna, fyrir sakir veikinda eða annara löglegra forfalla, getur eigi gegnt starfanum. Sömu reglu skal fylgja við skipun stefnuvotta í kaupstöðum. — **19)** Eftir að stefnuvottar eru tilnefndir þannig, skulu þeir skipaðir opinberlega á þingi í sýslanina og vinna eið[3]) að því þar, að þeir skuli rækja og stunda starfa sinn með trúmensku og samvizkusemi. — Dómarinn lætur svo hverjum þeirra í té eitt eintak af þessari tilskipun, er þeir eiga að hafa sér til hliðsjónar, skýrir þeim frá, hver eru skylduverk þeirra, og brýnir sérstaklega fyrir þeim ákvæði Laganna í 1. b., 4. kap., 6. gr.[4]). Að endingu ritar hann nöfn þeirra í þingbókina og að þeir séu eiðsvarnir stefnuvottar. — **20)** Þegar stefnuvottarnir hafa unnið eið þann, er nú var getið, skal hætt að fylgja þeirri aðferð, er til þessa hefir tíðkuð verið og fyrirskipuð er í Laganna 1. b., 4. kap., 3. gr., að þeir, er stefnu birta, vinni eið að birtingunni með uppréttum fingrum í hverju máli um sig, en stefnuvottarnir skulu að eins rita á stefnuna

1796 3. júní.

1) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 15. gr.
2) = Sognefogden.
3) Sjá l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 1. gr.
4) Sjá nú alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 134, 144. sbr. 145. gr.

1796 3. júní. vottorð um, að þeir hafi birt hana, og jafnframt geta þess berum orðum, hvern dag, hvar og fyrir hverjum mönnum fyrirkallið hafi verið birt, og eiga þeir að votta þetta samkvæmt unnum eiði, sem skipaðir stefnuvottar, og setja undir vottorðið nöfn sín og innsigli. — 21) Þegar munnlegt fyrirkall er notað, skulu stefnuvottar þó votta skriflega um birtinguna, og skulu þeir þá í vottorði sínu um fyrirkallið jafnframt nefna málefnið, er hlutaðeigendum var stefnt út af, hvort heldur var sem málsaðiljum eða vitnum — — — og á að fá það sækjanda í hendur til þess að hann geti lagt það fram í rétti og sannað með því löglega birtingu stefnunnar. — 22) Þegar stefnuvottar hafa verið skipaðir í hverjum kaupstað og hverri þinghá á þann hátt, sem fyrir er mælt hér á undan, þá skulu þeir einir vera löghæfir til að birta stefnur til dómstólanna, og þar af leiðandi hafa einir rétt til að taka fyrir það borgun þá, er venjuleg er og lögleg; þó eiga þeir að vera skyldir til án nokkurs endurgjalds að birta stefnur þeim, er hlut eiga að máli, í gjafsóknarmálum og málum, sem höfðuð eru af hálfu réttvísinnar[1]). — **VII. kap.** *Um það, að Laganna 1. b., 5. kap., 8. grein skuli einnig vera regla fyrir þá dómstóla, er fleiri dómendur en einn eiga sæti í.* — 23) Jafnframt því að Vér með fylstu alvöru viljum brýna fyrir öllum dómendum fyrirmælin í lögbókum beggja ríkjanna í 1. b., 5. kap., 8. gr.[2]), skal einnig svo fyrir skipað, að fyrirmælunum í téðri lögbókargrein skal einnig fylgja, að því er snertir þá dómstóla, er fleiri menn en einn eiga sæti í eða eru dómendur í, svo sem eru: Hirðar- og Bæjardómurinn, Landsþingin, dómnefndir o. s. frv. — Ef svo skyldi að bera, að eitthvert mál (mót von) væri svo framúrskarandi

---

1) Sbr. l. nr. 3, 19/1 1882, 2. og 13. gr.

2) Sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 16. gr., l. nr. 2, 13. jan. 1882, 6. gr. og l. nr. 32, 11. júlí 1911, 4. gr.

margbrotið, að eigi væri mögulegt fyrir dómstól með skipulagi því, er síðast var um getið, að greiða atkvæði og dæma um það, áður runninn sé 6 vikna frestur sá, er lögbækurnar taka til, þá mega dómendur, þegar svo sérstaklega stendur á, hafa til dómsuppsagnarinnar 8, 10 og í mesta lagi 12 vikur eftir málavöxtum, en þegar lengri tími en 6 vikur er þannig notaður, skal rita skýrt á dómsgjörðirnar, um leið og þær eru afgreiddar, hve lengi skjölin í málinu hafi verið í höndum hvers dómanda um sig, þann tíma, sem þau hafa verið í umferð meðal dómendanna í réttinum til yfirlesturs og atkvæðagreiðslu, til þess að hæstiréttur eða hlutaðeigandi yfirdómur geti af því séð, hvort óþarfur dráttur hafi átt sér stað, og geti, ef svo er, látið þann eða þá dómendur sæta tilhlýðilegri ábyrgð, er sekir kunna að vera í drættinum, og skal þá dæma hvern þeirra um sig til að gjalda 200 lóð silfurs til sjúkrahúss þess, er næst er. — **VIII. kap.** *Um það, að tölu lögréttumanna og þingmanna skuli fækkað, svo að þeir verði 4 í stað 8.* — 24[1]) Af því að það er þung byrði bæði fyrir borgara og bændur að leggja til svo marga þingmenn og lögréttumenn, sem fyrirskipað er í Laganna 1. bókar, 7. kap., og af því að tilganginum má eins vel ná með 4 hjásitjendum og með 8, þá viljum Vér allramildilegast fækka tölu þeirra um helming, svo að við hina reglulegu undirdóma í Danmörku og Noregi skulu eftirleiðis að eins vera 4 þingmenn eða lögréttumenn, sem ásamt dómaranum eiga að dæma þau mál, sem um er getið í D. L. 1. b., 5. kap, 19. gr. og N. L. 1. b., 5. kap., 20. gr. og 1. b., 7. kap., 1. gr., en ætið endranær vera viðstaddir við þinghöldin sem vottar, til vitnis um það, er fram fer á þingunum. — **IX. kap.**[2]). *Fyrirmæli um það, hvernig rekin skuli mál*

1796 3. júní.

1) Sbr. 36. gr. þessarar tilsk.

2) Sbr. tilsk. $^{31}/_{5}$ 1805, $^{13}/_{10}$ 1819, $^{24}/_{1}$ 1838, $^{8}/_{9}$ 1841, stjskr. 1874, 48.—49. gr., l. nr. 20, $^{3}/_{10}$ 1891, l. nr. 39, $^{16}/_{11}$ 1907.

1796 3. júní. *út af misgjörningum og glæpum.* — Réttlætið og tilgangur hegningarlagana útheimtir, að meðferð sakamála sé svo óbrotin og dómgæzlan svo greið, sem framast er unt, en þó svo, að hin fylsta trygging sé fyrir því, að málin verði nægilega prófuð, svo að glæpamenn sleppi eigi undan þeirri hegning, er þeir hafa til unnið, og eigi sé á hinn bóginn hætt við því, að saklausir séu ranglega hafðir fyrir sök. — Fyrirmæli þau, er Vér viljum lögleiða um þetta efni, eru þessi: — 25[1]) Þegar maður hefir verið handsamaður og settur í varðhald fyrir framið afbrot eða glæp, þá ber hlutaðeigandi dómara, áður liðnir séu 24 tímar, að halda próf yfir hinum kærða eða sakborna og þá jafnframt taka við skýrslum af öllum þeim, er viðstaddir eru og skýringar geta gefið um málið. — 26) Nú getur dómari eigi byrjað prófið áður en hinn fyrirskipaði frestur er liðinn, og skal hann þá gera það tafarlaust, þegar er hann getur, og greinilega skýra frá orsökunum til þess, að orðið hefir að fresta því (hvort sem þær eru áríðandi störf annarstaðar, vegalengd eða annað), og skal hann um þessi forföll rita vottorð í þingbókina og færa það inn í dómsgjörðirnar til þess að yfirdómarinn geti metið gildi afsakanarinnar — — —[2]). — 27) Rannsóknargjörð þeirri, er áður er getið, skal haldið áfram viðstöðulaust til þess er búið er að yfirheyra alla þá, er ætla má, að eitthvað viti til skýringar um afbrot það, er hlutaðeigandi var handsamaður fyrir. — 28[3]) Þegar er prófinu er lokið, skal tafarlaust senda eftirrit af því til hlutaðeigandi yfirvalds, er þá þegar kveður til sækjanda og verjanda, svo að málið verði sótt á löglegan hátt og vörn færð fyrir hinn ákærða; sendir yfirvaldið sækjandanum prófið og skjöl þau, er því

---

1) Stjskr. 1874, 48. gr.
2) Sbr. 312. gr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869.
3) Tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr.

eiga að fylgja, en sækjandinn leiðir tafarlaust vitni og sér um útvegun á öðrum skilríkjum og vottorðum, er þurfa þykir og fengist geta, og sækir málið síðan til dóms. — 29) Sakamál öll skulu rekin og dæmd fyrir aukarétti. — Af því leiðir, að dómarinn á að taka til ákveðinn dag, er málið skal fyrir tekið, og ritar hann það á stefnu þá, er sækjandinn hefir látið gefa út, og skulu vitni skyld að mæta þann dag á næturfresti og án frekari fyrirvara, ef þau búa eigi eða eiga eigi dvöl fjær þeim stað, þar sem aukarétturinn er haldinn, en tvær mílur, en séu þau lengra burtu en 2 mílur þaðan, þá skal veita þeim 24 tíma frest fyrir hverjar tvær mílur, sem eru til bústaðar þeirra. — Þessi fyrirmæli um stefnufrestinn eiga einnig við um ákærða og verjanda hans, svo og alla aðra hlutaðeigendur og aðstandendur, er stefnt er fyrir aukaréttinn. — 30) Þegar sækjandi hefir gjört kröfu sína í málinu, leitar dómarinn yfirlýsingar verjanda um það, hvort hann áliti nauðsynlegt að útvega fleiri skýringar um málið, annaðhvort með skilríkjum eða vitnum, er orðið geti til varnar hinum ákærða, og veitir honum síðan hæfilegan frest til þessa, ef nauðsyn ber til. En sé eigi leitað eftir frekari sönnunum, setur dómarinn verjanda ákveðinn frest, til að koma fram með varnarskjal sitt, og skal sá frestur ákveðinn með tilliti til þess, hve umfangsmikið málið er, þannig að honum að öðru leytinu veitist nægur tími til að semja varnarskjal sitt fyrir hinn ákærða, en málið sé á hinn bóginn eigi dregið að óþörfu. — 31) Skyldi eitthvað það koma fyrir að óvörum, er gerði verjanda ómögulegt að leggja fram andsvör sín í málinu á ákveðnum tíma, þá skal hann í tæka tíð skýra bæði dómara og sækjanda frá því, til þess að þeir mæti eigi að óþörfu. — Þegar svo ber til, ákveður dómari annan tíma, er málið skal fyrir tekið, og lætur beiðni verjanda um frestinn fylgja þingbókinni, og ritar í hana það, sem að öðru leyti kann að hafa farið fram

1796 3. júní.

1796 3. júní. í þessu efni, en síðan verður það tekið til álita, þegar fullnaðardómur gengur í málinu, hvort verjandi hafi í þessu efni sýnt hirðuleysi eða bakað sér ábyrgð. — 32) Meðan á rekstri málsins stendur, á dómari eigi að eins að gæta þess, að málinu sé fram haldið svo sem vera ber, heldur á hann einnig sérstaklega að hafa vakandi auga á því, að ekkert sé látið ógert, er miðar til rækilegrar skýringar á málinu, og verði hann þess vís, að nokkuð sé í því efni vanrækt af hendi sækjanda eða verjanda, á hann að leggja fyrir þann, er í hlut á, að útvega það, sem vantar, áður en dómur er upp kveðinn í málinu. — 33[1]) Þegar er lokið er flutningi málsins af beggja hálfu á löglegan hátt, skal tafarlaust kveða upp dóminn, og gera eftirrit af honum, og lætur svo dómarinn hina lögskipuðu almennu stefnuvotta birta ákærða dóminn, og skulu þeir leita yfirlýsingar hans um, hvort hann unir við dóminn eða hvort hann vill, að honum verði skotið til yfirréttarins, og rita þeir birtinguna, ásamt svari hans um þetta atriði, á dómsgjörðirnar, en dómarinn sendir þær síðan tafarlaust hlutaðeigandi yfirvaldi, ásamt öllum þeim skjölum öðrum, er gjörðunum fylgja, og gerir þá yfirvaldið, samkvæmt lögunum og tilskipununum, þær nánari ráðstafanir, er nauðsynlegar eru, til þess að fullnægja dóminum eða skjóta honum undir æðri rétt, ef málið er svo vaxið eða hlutaðeigandi hefir krafizt þess. — 34) Við yfirréttina skulu mál af hendi réttvísinnar einnig rekin með svo miklum hraða sem mögulegt er, og eigi skal neinn undandráttur látinn viðgangast, hvorki af hendi sækjanda né verjanda um stefnu og málflutning, né af hendi dómritara um afgreiðslu dómsgjörða, og skal rétturinn hafa vakandi auga á öllu þessu og brýna alvarlega fyrir hlutaðeigendum, að þeir gæti skyldu sinnar. Svo ber réttinum og að gæta þess, að

1) Tilsk. $^{7}/_{6}$ 1760, $^{31}/_{5}$ 1805, $^{24}/_{1}$ 1838, 15. og 16. gr.

uppsögn dóms í málinu valdi eigi neinum hinum minsta drætti á því. — Að öðru leyti skulu allir þeir dómstólar, er fleiri dómendur en einn eiga sæti í, rita á dómsgjörðirnar í hverju sakamáli, hve lengi hver dómandi um sig hafi haft málið hjá sér, meðan það var í umferð meðal þeirra til atkvæðagreiðslu. — 35) Til þess að hafa megi áreiðanlegt og tryggilegt eftirlit með dómgæzlunni í þeim málum, er höfðuð eru fyrir dómstólum beinlinis eftir Vorri skipan eða eftir ráðstöfun stjórnarráðanna og yfirvalds fyrir glæpi eða afbrot gegn lögum, skal sérhver dómari eða réttur, er æðra dómstól á yfir sér, vera skyldur til (að viðlagðri 20 rd. sekt til fátækrasjóðsins þar, sem málið er rekið) að skýra frá því berum orðum í dóminum, hvort nokkur vanrækt um málflutning eða meðferð máls hefir átt sér stað við þann dómstól eða nokkurn annan dómstól, er áður hafði málið til meðferðar, eða hvort meðferðin hefir verið lögmæt og vítalaus. Sé málsmeðferðinni í nokkuru áfátt, á að dæma þá, er sekir reynast í slíku hirðuleysi, eigi að eins til að bæta það tjón eða kostnað af gæzluhaldi og fangaframfærslu o. s. frv., er af því hefir leitt, heldur á jafnvel að dæma þá til að gjalda til fátækra í sekt 10—100 rdl., eftir því, hvernig málinu er varið og eftir stærð yfirsjónarinnar. — Að öðru leyti skal þess getið til leiðbeiningar öllum dómendum og málflutningsmönnum, að breytni þeirra í þessu efni verður tekin til álita, um leið og dæmt er um aðalmálið, án undanfarinnar stefnu eða lögsóknar, og eiga því þeir, sem í hlut eiga, að gæta þess, að geta þess og skýra frá því í dómsgjörðunum, er þeir álíta nauðsynlegt sér til afsökunar eða varnar, ef tilefni er til vafa um það, hvort eigi hafi átt sér stað dráttur á málinu, er geti varðað þá ábyrgð. — Sérstaklega er hæstarétti falið að hafa gætur á því, hvort fylgt hefir verið þessum fyrirmælum við dómstóla þá, er undir honum standa, og að hegna vægðarlaust

1796 3. júní.

1796 3. júni. hverjum þeim, er sekur reynist í broti gegn þeim. Í þessu skyni eiga málflutningsmenn ávalt, þegar þeir flytja munnlega mál þau, er hér getur, fyrir hæstarétti, að skýra frá málflutningnum fyrir lægri dómstólunum, og það á að vera skylda sækjanda, að vekja athygli hæstaréttar á því, er með rökum virðist eiga að sæta vítum og aðfinningum, og á hinn bóginn á verjandi að taka fram það, er verið getur til varnar fyrir hlutaðeigendur. En sé það verjandi, er ástæðu hefir til að kvarta fyrir hönd hins ákærða yfir meðferð máls eða drætti á því, þá á sækjandi að taka fram það, sem hlutaðeigendum getur verið afsökun í. — Á sama hátt eiga málflutningsmenn fyrir hæstarétti að skýra frá, hvort nokkur ólöglegur dráttur hefir átt sér stað af hendi hlutaðeigandi yfirvalda, annaðhvort um nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja málinu eða á annan hátt, og á hæstiréttur, þegar hann kemst að raun um, að eitthvað verði með rökum fundið að breytni yfirvalds, að skýra Oss frá því og senda skýrsluna [Voru danska kansellii][1]). — 36) Í samhljóðan við fyrirmælin í tilskipan 1. maí 1782, að því er Danmörku snertir, um það, að við aukaréttina skuli að eins 2 þingmenn eiga sæti sem réttarvottar, þegar vitnaleiðslur fara fram í sakamálum, er hérmeð fyrirskipað svo: að þegar eins stendur á, skal í Noregi að eins við hafa 2 lögréttumenn. — Þessi ákvæði skulu einnig eiga við um meðferð aðalmálsins, þegar þingmennirnir sitja í réttinum að eins sem vottar, en í málum þeim er varða líf eða æru, og þar sem þeir, samkvæmt D. L. 1—5—19 og N. L. 1—5—20, eru einnig meðdómsmenn, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 24. gr. þessarar tilskipunar vorrar. — — — 38.[2]) Við íhugun þess, með hverjum ráðum

1) Sbr. kansbr. $^{10}/_{11}$ 1798.
2) Sbr. op. br. $^{5}/_{6}$ 1797.

koma mætti í veg fyrir óþarfan drátt á opinber- 1796
um málum, en þó jafnframt hafa hina fylstu 3. júni.
tryggingu fyrir því, að ekkert væri ógert látið, er miðað gæti til nauðsynlegrar skýringar um alt það, er hlutaðeiganda annaðhvort gæti verið vörn í, eða væri honum til áfellis, höfum Vér athugað, að tíðum gengur langur tími í það, að útvega vottorð þau úr kirkjubókunum, er fyrirskipuð eru í tilskipun 21. maí 1751 um aldur ákærða, sérstaklega þegar hann er útlendingur, ellegar fæddur á fjarlægum stað í ríkjum Vorum og löndum; en af því leiðir, að þegar hlutaðeigandi hefir verið handtekinn, þá bakar slíkur dráttur honum enn meiri þjáning en hegning sú er, sem lögin leggja við broti hans, þar sem hann verður að vera í langvinnu varðhaldi á meðan á útveguninni stendur. — Með tilliti til þessa fyrirskipum Vér því allram., að þegar svo stendur á, að langan tíma þarf til að útvega slík vottorð um aldur hins ákærða, þá má skoða játning hans um, að hann hafi náð lögaldri, sem sönnun í því efni, ef afbrot það, er hann er kærður fyrir, er eigi svo stórt, að það varði dauðahegning eða æfilangri fangelsisvist. — Þó á dómarinn og lögréttumennirnir eða þingmennirnir sömuleiðis að rita vottorð í þingbókina um það, hvort ljóslega má sjá á útliti hans, að enginn efi geti verið á því, að hann sé eldri en 15 ára. — Í þeim málum, er varða dauðahegning eða æfilangri fangelsisvist fyrir hinn ákærða, eiga fyrmælin í tilskipun 21. maí 1751 að standa óhöggvð. — Að öðru leyti eiga prestarnir, að viðlagðri 50 rdl. sekt til fátækra, að láta í té tafarlaust vottorð þau, er nauðsynleg eru og hlutaðeigendur heimta, til afnota í afbrota- og sakamálum, og þegar prestarnir vanrækja þetta, er það skylda dómara að skýra [kansellíinu] frá því, og á það þá að gera ráðstafanir til, að hlutaðeigandi verði kærður og dæmdur til að greiða hinar fyrrnefndu sektir. — **X. kap.** *Um eftirlit og umsjón með því, að flutningur*

1796 3. júní. *gjafsóknarmála sje vítalaus og lögmætur.* — 39) Af því að sanngirni útheimtir, að löggæzlustjórnin beri umhyggju fyrir því, að mál þeirra fátæklinga, er fengið hafa beneficia paupertatis, séu löglega flutt, þar sem þeir geta eigi sjálfir kosið sér málflytjanda, en verða að láta sér nægja þann, er yfirvaldið skipar til að gæta réttar þeirra, þá skal það vera skylda dómarans, í öllum þeim málum, þar sem einhverjum er veitt beneficium paupertatis og skipaður talsmaður, að gæta þess nákvæmlega, hvort mál fátæklings þess, er í hlut á, hafi verið rekið með tilhlýðilegum hraða og flutningur þess verið lögmætur, og til þess að tilhlýðileg trygging sé fyrir þessu, þá eiga allir dómstólar að fylgja í slíkum málum hinum sömu reglum, sem settar eru í 35. gr. um eftirlit dómstólanna með meðferð opinberra mála. — **XI. kap.** *Um það, hverja hæfileika þeir þurfa að hafa, er skipaðir eru málflutningsmenn, svo og loforð um forgöngu til embætta, ef að þeim kveður fyrir ráðvendni og dugnað.* — — — 42.[1]) Samkvæmt D. og N. Laga 1. b., 9. kap., 12. gr. og í líking við ákvæðin í erindisbréfi ríkissóknarans og stjórnarráða-málflutningsmannsins, á að dæma málflutningsmönnum, sem boðið er að flytja mál fyrir opinberar stofnanir eða fátæka, er fengið hafa beneficia paupertatis eða processus gratuiti, hæfileg málflutningslaun, ef málið er unnið af þeirra hálfu; dómarinn tiltekur málflutningslaunin, en málsaðili, er málinu hefir tapað, á að greiða þau.

1797 20. jan. **Tilskipun um sættastiftanir á landinu í Noregi[2]).**

Vér Chr. VII. o. s. frv., gerum kunnugt, að vegna þess Vér með mikilli ánægju séð höfum þau beztu not af tilskipun Vorri, sem útgefin er þann 10. júlí

---

1) Sbr. tilsk. $^{11}/_{7}$ 1800, 22. gr., $^{24}/_{10}$ 1806, l. nr. 32, $^{20}/_{10}$ 1905, 3. gr. og l. nr.17, $^{20}/_{10}$ 1913.

2) Sjá tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795 og tilv. þar.

1795 (með hverri gjörðar eru sættastiftanir alstaðar í Danmörku, en fyrst um sinn einungis í Norvegs kaupstöðum), og Vér af reynslunni erum leiddir til að grenslast eftir, og með umhyggju að uppgötva þau meðul, er hentugust virðast mættu til niðurskipunar og framkvæmdar þessari nytsömu ráðstöfun á landinu í Norvegi, hvar hún þótti sameinuð vera ýmsum örðugleikum, sökum afstöðu sumra bygðarlaga; þá gjörum Vér fullnægju bæði Vorri hjartans ósk og því konunglega loforði, í áðurnefndri lagasetningu, þegar Vér hér með ákvörðum, að hún einnig gilda skuli á landsbygðinni í Norvegi, með þeim umbreytingum og nákvæmari niðurskipun, er afstaða og bygðalögun þessa ríkis krefur. Annars efumst Vér ekki um, að þessu voru landsföðurlega lögmáli verði á móti tekið af Vorum kæru og trúu sveitabúendum í Norvegi, með hinu sama þakknæmi, og eftir því lifað með hinni sömu góðviljugu alúð, sem annarstaðar í Vorum ríkjum, hvar forlíkunarstiftananna framgangur hefir samkvæmur orðið Vorri von og tilgangi. Þær reglur, er Vér í þessu tilliti ákvörðum, eru sem fylgir: 1797 20. jan.

I. kap. *um niðurskipun forlíkunarverksins á landinu í Norvegi.* — **1.**[1]) Til að hindra óþarfar og kostnaðarsamar þingaþrætur meðal Vorra kæru og trúu þegna, er búa í landinu í Voru ríki Norvegi, skulu þar á hverjum stað setjast forlíkunarnefndir, er stunda skulu að sætta þá missáttu málseigendur, áður en þeim leyfist að lögsækja hver annan fyrir rétti; flýtur þá hér af, að engin mál (að þeim einum undanteknum, er þessi tilskipun einkanlega tilgreinir) mega fyrir dómstólunum sækjast, eða dómur falla á þau, nema sækjandi sýni bréflegar röksemdir þær, er sanni, að einsleg forlíkan hefir reynd verið, en ekki orðið framgeng. — **2.**[2]) Forlíkunarverkið á einungis að vera

1) Sbr. tilsk. 15/8 1832, 3. gr.
2) Tilsk. 23/8 1904, I, 1. e. 3.

1797 20. jan. undir stjórn amtmannsins sjálfs, í þeim hluta af amtinu, er næst liggur bústað hans, en í þeim fjærliggjandi héruðum tilnefnir hann sín vegna ráðvanda og skynsama menn, er vera skuli forlíkunarnefnd eða sáttamenn. — 3) Sérhverju amti skal skifta, eftir stærð þess og bygðanna afstöðu, í viss fylki eður sveitir, er þannig afmarkast, að enginn af þeirra innbyggjendum hafi lengra að ferðast til þess staðar, hvar forlíkunarnefndin saman kemur, en 2 eða 3, og þá lengst er, 4 milur. — 4) Þegar fylkin eða sveitirnar þannig eru af amtmanni takmarkaðar, skal hann tilsjá, að auglýsing þar um verði gefin á prédikunarstólunum, svo allir viti sér þar eftir að hegða. — 5) Þareð forlíkunarverksins niðurskipan er til almennings nota, má enginn sá, er býr innan þeirra afmörkuðu sveita, mælast undan að takast þetta heiðarlega embætti á hendur, þegar hann til þess er metinn hæfilegur; þó skal hann ekki skyldur vera að þjóna í þessari stétt lengur en í 3 ár. Málflutningsmenn (prókúratórar) einir mega vera undanskildir til þessa starfa.[1]) — 6) Í hverri forlíkunarnefnd skulu vera 2 menn, nefnilega einn verzlegur embættismaður, prestur eða annar dugandis maður, sem ekki er bóndastands, og einn valinkunnur bóndi. Hinn fyrri af þessum tveim skal rita í prótókollinn (hvern amtmanni ber með uppáskrift sinni að löggilda), en báðir setja þeir nöfn sín undir það, sem í hann er skráð. — 7) Í þeim smáþorpum (hleðslu-plázum við sjóarsíðuna) í Norvegi, hvar fleiri eru en 20 búsitjandi húsfeður, skal amtmaðurinn tilnefna 4 menn, af hverjum innbyggjendurnir mega velja 2 í forlíkunarnefnd á þeim stað, en þessir tveir tilkjörnu menn skulu, að því búnu, skikkaðir verða af amtmanni. Annars á það, sem boðið er í tilskipuninni af 10. júlí 1795, 2rum kap., §§ 12. og 13., um forlíkunarverksins niðurskipun í kaup-

1) Sbr. tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 12. gr.

stöðunum, að vera regla í þeim smáþorpum, hvar valið sker á þann hátt, sem nú var umgetið. — 8) Hið fyrsta sinn, er þeir völdu menn taka til verka, sem forlíkunarnefnd, skulu þeir fyrst rita og undirskrifa þeirra embættis-eið í prótókollinn, á þenna hátt: Eg N. N., sem er valinn og nefndur til forlíkunarmanns í N. N. afmarkaða bygðarlagi, heiti því og sver, að eg af fremsta megni skal kappkosta að framfylgja einslegri forlíkun millum hlutaðeiganda í öllum þeim málum, er koma fyrir umgetna nefnd, og að eg skal til þess stuðla af ýtrustu kröftum með allri alúð og hreinskilni, eins og eg eftir samvizku minni hefi bezt vit á. Svo vil eg, að guð hjálpi mér og hans heilaga orð. — 9) Forlíkunarnefndin á alment að halda samkomur sínar einu sinni í byrjun hvers mánaðar; skal því lýsa á prédikunarstólunum 8 dögum áður, að sérhver sá, er mál hefir að kæra, geti orðið sannfróður um þá tíð, sem til er tekin. En í Norðurlanda og Finnmerkur ömtum, sem og í sjó- og fjallbygðum annarstaðar, hvar vegalengd og annar örðugleiki bannar, að þessari reglu nákvæmlega fylgt verði um sérhvern ársins tíma, einkum á vetrardögum, viljum Vér setja í hlutaðeigandi amtmanna vald, að ákvarða þá tíð, er þar til þykir hentust, eftir ástandi sérhvers bygðarlags. Þó skulu þeir gefa Voru danska kansellii það til vitundar, þegar þannig er vikið frá þeirri almennu reglu, og hverjar orsakir hafi gert það nauðsynlegt að víkja frá henni. — **II. kap.** *áhrærandi hver mál túlkast skulu fyrir forlíkunarnefndum.* — 10) Öll borgaraleg mál yfir höfuð, hvort sem þau heldur snerta óðul, eignir, tilköll, skuldakröfur eða annað, skulu koma fyrir forlíkunarnefndir. Hér frá undan skiljast: a) mál um víxla[1]); b) skuldaheimtur í sterfbúum, fallít- og uppboðs-búum, þareð málskostnaður ekki borgast í þesshättar

1797 20. jan.

1) Sbr. l. nr. 2 $^{13}/_{1}$ 1882, 2. gr.

1797 20. jan. málum, þegar þau í fyrsta sinn dæmd eru. Þó skal skiftarétturinn sjálfur kappkosta að forlíka þá missáttu hlutaðeigendur, ef við þarf, c) þegar málum til upplýsingar þarf vitni að taka, og þau annaðhvort liggja veik, eða eru í ferðalögum, svo vitnisburðir þeirra missast kynnu vegna undandráttar, skal það leyft vera að ná þeirra vitnisburðum, áður en málið kemur fyrir forlíkunarnefnd, en annars ekki. En þegar málsins hlutaðeigendur ekki geta komið sér saman um þess sönnu undirrót, og vitni þess vegna þarf að leiða, skal forlíkunarnefndin skjóta málinu á frest á meðan vitnaleiðsla er tekin, en byrja síðan aftur með það, framhalda því og til fullkominna lykta leiða. — 11) Þess ber að gæta, þegar eitthvert mál byrjar með forboði eða kyrrsetningu (arresti), að sækjandi strax að því verki afloknu kalli sinn mótstöðumann fyrir forlíkunarnefndina. En náist ekki sættir á málinu, þá á kyrrsetningunni eða forboðinu með löglega birtri stefnu fram að fylgja þann fyrsta dag, sem réttargangur er haldinn, þegar málinu er af nefndinni vísað til dómstólanna. — 12) Í tilliti til þeirra mála, er ekki kunna að metast, nema eftir rannsókn á þrætuplázi, þá skulu hlutaðeigendur, áður en þeir leita til forlíkunarnefnda, láta gera nauðsynlegar yfirskoðanir, málinu til upplýsingar, sem í Laganna 1. b. 16. kap. boðnar eru, nema því að eins að forlíkunarnefndin sjálf sé tilleiðanleg að rannsaka málið á þrætuplázinu. — 13) Hvort heldur einum er niðrað í orðum eða verkum, skal það einnig, þegar áfrýjað er af þeim, sem fyrir sök verður, kærast fyrir forlíkunarnefndinni, áður en til réttargangs kemur — — — 14) En þeim málum, er á allsherjar kostnað sækjast. eður skipað er að byrja með eftir tilhlutun hlutaðeigandi collegia, eður embættismanna, ber án tafar að stefna til réttar; [þó viljum Vér ekki, að barsmíðaog ofríkis-mál sækja skuli á þann hátt, nema því að eins, að allsherjar friði sé af þess konar orsökum

raskað]. Hér af flýtur, að þegar einhver hefir kæru- 1797
mál um sér gjörðan vansa á líkama eður eignum, 20. jan.
svo ofríkis- eður barsmíðabóta krafizt verði, skal það af þeim, er fyrir vansanum varð, eins og hvert annað innbyrðis málefni kærast fyrir dómstóli, ef bætur og sættir nást ekki þingdeildalaust, og skal þeim, er varhluta gjörðist, veitast fátæktar hjálp (beneficium paupertatis) og talsmaður kauplaust, ef hann sjálfur ekki hefir efni til að fylgja máli sínu fram fyrir rétti[1]). — 15[2]) Að síðustu skulu laganna 1. b., 5. kap., 2. art., og þeirra 3. b., 4. kap., 4. art., er höndla um ærukreinkjandi áburð gefinn yfirvaldinu og réttarins þjónum, vera í fullu gildi. — 16) Í ektaskaparmálum skulu forlíkunarnefndir reyna til, þá hvorttveggja ektahjónanna kemur til fundar, að koma sættum á millum þeirra, og að þau búa vilji í samlífi framvegis. En verði engri sameiningu á komið, mega þó ekki forlíkunarnefndir leyfa sér, hvorki að gjöra hjónaskilnað, svo ektaskapur sé að engu gjör, né heldur leyfa skilnað frá borði og sæng, er einungis heyrir til hlutaðeigandi rétta og yfirvalds fullkominna atkvæða; þó má það leyfast, þegar hið seinna til ber að sættanefndin taki á móti samningi ektahjóna, um þá skilmála, eftir hverjum þau verða á sátt að setja hvort öðru fjárvistir, svo þetta kunni að gjörast að álitum, ef skilnaður yrði þeim leyfður seinna meir. — 17) Þegar mál eru kærð fyrir pólitírétti, skal hinn sami reyna til, þá málið er viðvíkjandi persónulegum vansa, að koma góðgjarnlegri forlíkan á millum viðkomenda, fyrr en eiginlega réttarins aðgjörðir byrja — — — 18) Á líkan hátt skal fara með gestaréttarmálefni, þar líklegt er, að þeim ekki skjóta megi á frest. — 19[3]) Þau í þessum síðustu tveim §§ umgetnu

---

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 202. og 298. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{27}/_{9}$ 1799, 10. og 11. gr. og l. nr. 44 $^{16}/_{11}$ 1907.
3) Sbr. tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 3. gr.

1797 20. jan. mál eiga þess vegna ekki að koma fyrir þær almennilegu sættanefndir; en þær gjörðu forlíkanir eiga þó að leiða hið sama eftir sig og hafa það gildi og kraft sem hinar, er fyrir forlíkunarnefndunum fást kunna og á komið verður. — **III. kap.**, *um skyldu forlíkunarnefndanna, hversu þær fara eigi með málaferli, um það, er af sættum leiðir, og fleiri ákvarðanir, er snerta sættastiftunina yfir höfuð.* — 20) Þeir, sem kærumál eitthvert eða klögun hafa, er eftir áður umgetnum reglum góðmótlega má sættum á koma, skulu bréflega eða munnlega gefa það áður forlíkunarnefndinni til vitundar, og þar um leita þess nefndarlims, sem ekki er bóndastéttar. — 21) Til þess hver og einn viti, hvar hann eigi að leita til, þá svo ber við, á forlíkunarnefndin að gera heyrum kunnugt, hver sá tími og staður sé, sem hún ákvarðað hefir, til að taka á móti kærumálum manna, og þessi ávísan á þannig að ske, sem hér er skipað í 1. kap. 9. §. — 22) Þegar einhver umkvartan eða klögunartilkynning er komin, gefur sá forlíkunarlimur, er tekið hefir móti hinni sömu, tafarlaust með seðli bréflega ávísun um, hve nær báðir hlutaðeigendur skuli koma fyrir sættanefndina. Ef sá, er klagar, hvorki býr né er að vistum innan þeirra afmörkuðu forlíkunartakmarka, stefnist hans svaramaður, eður hann, sem vegna hins fyrra hefir með klögun fram komið. Þessa stefnu á kærandi að fá í hendur, og sjálfur að sjá fyrir, að hún auglýst verði þeim, sem yfir er klagað, og þar eftir á hún sjálf að leggjast fram fyrir forlíkunarnefndina. — 23) Stefnan birtist af þeim, í hverri sókn, tilteknu stefnuvottum, er eftir boði tilskipunarinnar af 3. júní 1796 bréflega sanna, að slíkt sé af þeim gjört. Sá, sem stefndur er, á annars 4 daga frest. — 24) Fyrir stefnubirting borgist hverjum stefnuvotti 12 skildingar, en sé kærandi fátækur maður, eiga þeir enga borgun

að fá.[1]) — 25[2]) Hver og einn viðkomenda, sem er innan forlíkunartakmarka, skulu sjálfir koma fyrir sættanefndirnar; þó má það leyfilegt vera, þá hlutaðeigandi er löglega hindraður, að senda annan vandaðan mann fyrir sig, er hafa verður ánægjanlega fullmakt til að sættast á málið vegna þess, er honum hefir fullmakt gefið; en að öllu leyti skal það bannað vera, að taka með sér málafylgismenn (procuratores) eður senda þá fyrir sig, til þess að túlka mál fyrir forlíkunarnefndinni. — 26) Ef einhver, sem til sætta er boðið fyrir forlíkunarnefndinni, afsakar sig frá að koma, eður kemur ekki, né leiðir röksemdir til, að hann hafi löglega hindraður verið, þá skal hann (samkvæmt og líkt því, sem skipað er í N. L. 1—5—7), sem sá, er hrindir sættum, og einkanlega vill þrætu hafa fyrir rétti, dæmdur verða til að borga sínum mótstöðumanni málskostnað allan, þá málið verður fyrir dómstóli til lykta leitt. — 27) Forlíkunargjörðir, sem fyrir nefndinni fram fara, skulu ske innan luktra dyra. — 28) Til þess að hlutaðeigendur geti fullkomlega reitt sig á forlíkunarnefndanna málstúlkun, og þeir örugt og óhræddir gengið fái að sættaleitun, svo þrætur þeirra þingdeildalaust verði útkljáðar, skal það vera með öllu bannað, að gefa vitnisburði um eða leiða vitni til þess, sem af hlutaðeigendum fyrir forlíkunarnefndinni er viðgengið eða ráðgjört, nema það sé af báðum málseigendum samþykt og áhræri einhver sérleg atriði í sjálfri sættinni. Af þessu flýtur, að þegar góðmótlegri sætt verður ekki á komið, má alls ekkert skriflegt gefast af því, sem fyrir nefndinni gjörðist, heldur á það ómerkilegt og ógilt að vera. Þegar þannig við ber, afhendist klaganin aftur þeim, er kærði, með þeirri uppáskrift, að sættir hafi ekki fengizt fyrir forlíkunarnefndinni, og 1797 20. jan.

1) Sbr. l. nr. 3, $^{13}/_{1}$ 1882, 2. gr.
2) Sbr. kgsbr. $^{19}/_{10}$ 1798.

1797 20. jan. málinu sé þess vegna vísað til réttarins aðgjörða. En hafi klaganin einungis munnleg verið, þá gefst þó sækjanda engu að síður skýrteini um, að sætta hafi leitað verið í málinu, en þær ekki fengizt. — 29[1]) Þverskallist nokkur í því að koma á sáttafund, gefur nefndin þeim komna hlutaðeiganda skýrteini þar um, svo hann geti fært sér það í nyt, þegar málinu er fram fylgt fyrir dómstólunum. — 30) Verði málinu komið til sætta, þá skal sáttmáli sá, með öllum þeim kjörum, sem hann er með gjör, ritast orðrétt í prótókollinn, með málseigenda nöfnum undir, ef þeir kunna að rita; skulu þá sáttmálar þessir hafa alla hina sömu verkun og kraft, sem óhnekkjandi dómur, er enginn má kæra, og skulu því á sama hátt fullgildir gerast, með þvingandi fjárupptektum, án frekari lagasókna. — 31) Áhræri málið gjaldkröfu, eða lúkist það með lofun um peninga útsvörun, þá skal viss gjalddagi setjast eftir hlutaðeigenda samkomulagi. En ef málefni fyrir sættanefnd áhrærir eitthvert skylduverk, sem gjörast á, t. d. þegar einhver skyldast til vatns-afleiðinga, vörzlugarðshleðslu, vegaruðnings eða þess háttar, þá skulu ætið á sáttafundi ákvarðast tilhlýðilegar og nægar bætur, er með kúgun megi þvinga til að borga, ef því er ekki hlýtt, sem ákvarðað er, svo málið verði að fullu útkljáð og til lykta leitt. — 32) Mál þau öll, sem koma fyrir forlíkunarnefndir, skulu vera útkljáð og til lykta leidd innan 4 vikna, að reikna frá þeim tíma, sem með þau var byrjað á sættafundum. Lengur mega ekki málin dragast, nema báðir málseigendur séu þar um á sáttir, eður einhverra röksemda þurfi hjá vitnum að leita, og skal þá 2. kap. § 10 c. vera regla sú, er eftir á að breyta. — — — 34) Ef einhver sáttamaður hefir sjálfur mál að kæra fyrir nefndinni, eður hann er einhverjum málseiganda svo nákominn að skyldleika eða mægðum, sem svari öðr-

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, III. 2. gr.

um lið, þá ber honum, í fyrra tilfellinu, að ganga úr nefndinni, en sé hinu að gegna, skal hann fyrst spyrja hinn málseigandann, hvort honum sé til geðs, að hann, þó skyldugleiki eða mægðir séu hins vegar, gjöri sér afskifti af sættaleitun og forlíkun; sé ekki málseiganda þetta á móti, má sættamaðurinn halda sessi sínum, þar auðveldlega ske kann, að hann, sem sannsýnn og góður maður, fái svo heppilega talið um fyrir skyld- eður venzlamanni sínum, að sættin verði framgeng; en óski ekki kærandi, að hann sitji kyrr, þá ber honum að víkja. — 35[1]) Þegar einhver sættamaður ekki má sitja í forlíkunarnefnd, vegna þeirra orsaka, er strax voru taldar, eður annara löglegra hindrana, skal sá sættamaður, sem eftir er, klára þessháttar einfalt mál, annaðhvort einsamall, eður ásamt öðrum góðum manni, er hann til þess velur og tilgreinir. — 36) Þegar amtmennirnir ferðast um þau héruð, sem þeim eru afmörkuð, skulu þeir láta forlíkunar-prótókolla fyrir sig leggja, og með athygli skoða þá, samt rita í þá sömu, að þeir séu þeim framvísaðir. — 37) Við enda sérhvers árs skulu forlíkunarnefndirnar senda hlutaðeigandi amtmanni upptalningu þeirra mála, sem fyrir forlíkunarnefndina komið hafa á því ári, og undir eins skýra frá, hver af þeim séu forlíkuð og hverjum frávísað til réttargangs, eður á frest skotið af forlíkunarnefndinni. Skýrslur þessar skulu síðan, áður en næsta árs janúarí mánuður endar, sendast Voru danska kansellii, hvers skylda það skal vera, að leggja þær hinar sömu fram fyrir Oss, svo að Vér sjálfir getum dæmt um, hvert gagn þessi Vor nytsama lagasetning hefir verkað, og jafnframt að álitum gjört, hvort einn eður annar hefir í þessu tilliti sér í lagi styrkt til framkvæmdar þessa góðverks með alúð og kostgæfni. — 38) Í þeim málum öllum, er einhver biður um fá-

1797
20. jan.

1) Sbr. l. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911.

1797 20. jan. tækrastyrk, eður kostnaðarlausan réttargang (beneficium paupertatis eður processus gratuiti), á yfirvaldið ætið að fá skýrslu frá forlíkunarnefndinni um, hvort sá, er sækir, hefir auðsýnt sig viljugan til að sættast einslega á málið á sanngjarnan hátt, eður ekki. Þessi skýrsla á að fylgja yfirvaldsins áliti um bónarbréfið, svo hennar verði gáð, þegar því er að fullu svarað, því annars er það á móti Vorum vilja, að prætugjörnum mönnum skuli veitast þesshátta velgjörningar. — 39) Þegar einhver sættamaður hefir í 8 ár þjónað embætti sínu með fastri ástundun og ráðvendni, viljum Vér auðkenna hann sem dugandis mann, annaðhvort með upphafningu til viðurkvæmilegrar metorðatröppu, eður sæma hann með öðru virðingarmerki. — 40[1]) Annars á forlíkunarnefndinni, og þeim, er ritar í prótokollinn, að borgast af kæranda 40 skildingar fyrir ómak þeirra, og 24 skildingar af þeim, er fyrir sök er hafður, hver laun þó einungis eiga að greiðast, þá málið verður með forlíkun til lykta leitt, en annars ekki. Sá þriðji hluti þessara launa fellur þeim af sættamönnum í skaut, er tekur að sér að rita prótokollinn. Ef einhver hlutaðeigandi er svo efnalítill, að hann ekki getur borgað þetta gjald, þá mega þó sættir þess vegna ekki hindrast. Annars er sjálfsagt, að það einnig í sættaleitun kann að ákvarðast, sem eitt af forlíkunarkjörum, ef annarhvor hlutaðeiganda býðst til að borga þann umgetna kostnað. — 41[2]) Ef sættamenn nauðsynlega þurfa að ferðast til þess staðar, hvar nefndin á að verða, þá skal reisukostnaður þeirra jafnast til útborgunar af amtsins innbyggjendum, ásamt öðrum þeim útgiftum, er á almennan kostnað gjaldast eiga. Á sama hátt skal það einnig jafnast til útborgunar, er nefndin þarf að kosta upp á sínar gjörðabækur. —

---

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, III, 1. gr., l. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) Sjá l. nr. 28, $^{8}/_{11}$ 1895, 3. gr.

42) Af þessari tilskipun skal nægilegur fjöldi útskift- 1797
ast á millum almúgans á landinu, svo hver og einn 20. jan.
geti fengið hér um fullkomna ávísun. — 43) Að síðustu bjóðum Vér, að amtmenn Vorir skulu tafarlaust, hver í sínu amti, gjöra þessa Vora lagasetningu gildandi, og eftir það reglugjörðinni er niðurskipað á sérhverjum stað, og hún er komin í brúkun, eiga þeir allraundirgefnast að gefa Oss það til vitundar.

Tilskipun, er skipar svo fyrir, að eigi megi leiða vitni, 20. jan.
fyrr en aðalmálið hefir kært verið fyrir sættanefnd, m. m.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gerum öllum kunnugt: — — — Þegar mál þarf að skýra með vitnum, og þau eru annaðhvort sjúk og rúmföst eða á ferðalagi, svo að vitnisburður þeirra, ef dráttur yrði á, gæti orðið ófáanlegur, þá skal leyft vera að leiða þau vitni, áður en málið hefir verið fyrir tekið af sættanefndinni. En annars má ekkert þingsvitni leyfa, er miðar til að veita sönnun í málaferlum, fyrr en aðalmálið er komið fyrir sáttanefndina. En ef málsaðiljar geta eigi orðið sammála fyrir sættanefndinni um það, hvernig málavextir sjálfir eru, og vitni þarf því að leiða um það, þá skal sáttanefndin láta hlutaðeiganda í té vottorð sitt um það, og fresta málinu svo sem þarf til útvegunar nægilegum sönnunum, en síðan skal málið af nýju tekið fyrir til sáttaumleitunar. — — —

Opið bréf um vottorð úr kirkjubókum í sakamálum. 5. maí.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — Ef hinn ákærði hefir verið svo lengi þektur í héraðinu, að með vitnum má sanna, að hann sé 15 ára gamall, eða hann skýrir sjálfur svo rækilega frá æfiferli sínum, að ráða má með vissu af tímaköflum í honum, að hann er eldri, eður og, ef hann hefir verið giftur, staðið í borgaralegri stöðu, eða notið borgaralegra réttinda sem myndugur maður, eða ann-

1797 5. mai. að því um líkt hefir átt sér stað, er álíta má, að veiti jafnmikla vissu, þá má með þessu, jafnvel í málum, sem varða líf eða ævarandi frelsismissi fyrir ákærðan, álítast fengin fullgild sönnun fyrir lögaldri hans, án þess vottorðs þurfi við úr kirkjubókum, verði því eigi náð, nema löng bið verði eftir því, en um það skal rétturinn gefa skýrslu, og leggja hana við eða bóka í þingbókina og dómsgjörðirnar. Að öðru leyti má rétturinn engan veginn vanrækja að dæma um aldur ákærða eftir útliti hans, eins og tilskipun 3. júní f. á. fyrirskipar.

16. sept. **Kansellíbréf (til stiftamtmanns) um lyfjasölu.**

Eftir að hafa skrifazt á við hið kgl. heilbrigðisráð út af bréfi yðar, herra stiftamtmaður, dags. 13. maí síðastl., viðvíkjandi lyfjasölu þeirri, er landlæknir — — — hefir kært yfir, að fram færi hjá kaupmönnum í kaupstöðunum í Norðurlandi, — — — viljum Vér þjónustusamlega tjá yður, að verzlun þessi er öldungis gagnstæð góðri reglu, þar sem sumar af tegundunum geta orðið háskalegar fyrir líf manna og heilbrigði, en verzlun með aðrar af þeim svifta lyfsalana, er einkarétt hafa, ágóða þeim, er þeim sumpart er ætlaður til að lifa af, og sumpart á að bæta þeim upp óhag þann, er þeir hafa af sölu annara tegunda, og kansellíið álítur því, að rétt sé, til að koma í veg fyrir óreglu í þessu efni, að leggja skýlaust bann við allrí lyfjasölu á öllu Íslandi af hendi annara en lyfsala þeirra, er einkarétt hafa til hennar, að viðlagðri upptöku varanna og hæfilegri sekt, eins og gert hefir verið hér í Danmörku með ýmsum konungsbréfum, og, hvað Noreg snertir, með konungsbréfi 17. jan. 1783, — og eruð þér beðinn að birta hlutaðeigendum þetta til eftirbreytni.

Tilskipun um, að andlegum málum frá hinum norsku consistorialréttum og prestastefnum skuli eftirleiðis skotið beint til hæstaréttar. 1797 1. des.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gerum kunnugt: — — — Að öðru leyti (þ. e. fyrir utan hjónabandsmál) skulu consistorialréttir og prestastefnur haldast framvegis, að því leyti sem þeir eru dómstólar í andlegum málum, og lögsagnarumdæmi þeirra skulu vera hin sömu og verið hefir. Loks mælum Vér svo fyrir, að eins og dómstólar þessir í Danmörku standa beint undir hæstarétti, svo skal og málsmeðferð þeirra og dómum í ríki Voru Noregi áfrýjað beint fyrir téðan rétt, ef málið nemur 50 rdl. að minsta kosti. En ef það er minna virði, ber að álíta dóm consistorii eða prestastefnunnar fullnaðardóm, er fullnustu má veita, án frekari áfrýjunar til æðra dóms.

Tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf[1]). 1798 9. febr.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Eins og það er skylda lánardrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það, er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því. — Ef lánardrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni, þangað til lánardrottinn gegnir fyrrgreindri skyldu sinni; og er skuldunaut eigi skylt, meðan svo stendur, að svara vöxtum af þeim hluta höfuðstólsins, sem í gjalddaga var fallinn og boðinn var fram. — 2) Kvittanir á

1) Sbr. l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 7. gr., l. nr. 19, s. d. 48. gr. l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 8. gr., l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 170. og 171. gr.

1798 9. febr. lausu blaði fyrir afborgunum af höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréfið sjálft, að eins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út, en eigi teljast gildar gagnvart öðrum, sem fyrir veðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar skuldabréfsins. — 3) Þó má vaxtagreiðsla vera undan þegin þessum fyrirmælum, og sérstakar kvittanir fyrir vöxtum vera fullgildar, eigi að eins gagnvart þeim, er út gaf kvittunina, heldur og gagnvart hverjum öðrum, sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar.

15. maí. **Konungsúrskurður um bann gegn sölu ýmissa meðala án læknisfyrirsagnar.** (Kansbr. 31. s. m.).

Engin lyfsali má selja uppsölumeðul, svo nefnda blóðhreinsandi dropa eða önnur megn og áhrifamikil hægðalyf, nema eftir fyrirsögn frá löggiltum lækni, er setja skal við dagsetning og nafn sjúklingsins, til þess að séð verði af því, að hann hafi í raun og veru ætlað meðalið þeim, er það er sótt handa, og við sjúkleik þeim, er hann þjáist af, þegar fyrirsögnin er rituð. — Ef nokkur lyfsali brýtur í móti þessu, skal honum í fyrsta sinn refsað með 20 rdl. sekt til fátækra þar í sveit, og skal sektin tvöfölduð í hvert sinn, er brotið er ítrekað.

14. sept. **Opið bréf frá kanselliinu um verðlaun fyrir björgun manna, sem komnir eru að því að drukkna.**

Í 5. gr. í tilskipun 22. apríl 1772, fyrir hertogadæmin, er ákveðið, að ef maður sannar með vottorði yfirvaldsins, að hann hafi átt þátt í því að lífga mann, er sýndist vera drukknaður, og að hann hafi með hjálp sinni bjargað lífi hans, þá megi veita honum í verðlaun úr konungssjóði 5 danska dúkata, eða, ef hann kýs það heldur, heiðurspening, er sé jafnmikils

virði, í launa skyni; og í opnu bréfi frá lögreglu- 1798
stjórninni í Kaupmannahöfn, 9. marz 1796, er svo 14. sept.
kveðið á, að það, sem kostað sé til meðala, til að flytja hinn drukknaða til sjúkrahúss, eða á annan hátt, skuli greitt fyrst um sinn úr lögreglusjóði, og kanselliinu skýrt frá atburðinum. — Með því nú að Hans Hátign hefir með úrskurði 29. f. m. þóknast að veita ofangreindum ákvörðunum gildi í öllum ríkjum og löndum sínum, þá kunngjörist hér með þessi allrahæsti úrskurður, öllum til leiðbeiningar og allraþegnsamlegrar eftirbreytni[1]).

Konungsbréf (til stiftamtm.) um mót fyrir sátta- 19. okt.
nefndum.

Vér Chr. VII. o. s. frv. Út af fyrirspurnum um það: 1) hvort málflutningsmenn, er hafa aftur skilað málflutningsleyfi sínu, svo og fulltrúar embættismanna, megi mæta fyrir sáttanefnd í umboði annara, og 2) hvort hlutaðeigandi málsaðiljar eigi ekki ávalt að mæta sjálfir fyrir téðum nefndum, ef þeim er það unt, — hefir Oss þóknazt að mæla svo fyrir, sem nú skal sagt, til leiðbeiningar öllum hlutaðeigendum: — 1) Tilskipanirnar um sættamál banna að eins málflutningsmönnum að mæta sem umboðsmenn annara, en engum öðrum, og má því eigi þýða þessa undantekningu frá aðalreglunni svo, að hún verði rýmri að neinu leyti. Af þessu leiðir, að eigi beri að gera fyrgreinda menn afturreka, ef þeir hafa umboð málsaðilja, sem eigi getur sjálfur sótt sáttafund sakir löglegra forfalla[2]). — 2) Um hina spurninguna er vilji Vor þessi: a) Allir þeir, er heima eiga innan takmarka sáttaumdæmisins, skulu vera skyldir til, undantekningarlaust, að sækja sjálfir sáttafund,

---

1) Sbr. kgsúrsk. $^{21}/_{6}$ 1813 (kansbr. $^{1}/_{7}$ s. á.) og $^{24}/_{9}$ 1823 (kansbr. $^{4}/_{10}$ s. á.).

2) Sbr. kansumbbr. $^{15}/_{12}$ 1798.

1798 19. okt. þegar þeir hafa kallaðir verið þangað, nema þeir hafi lögleg forföll, er banni þeim að mæta, og geti sannað þau; en þá skulu þeir greina skýrt frá, hvers vegna þeir verði að senda annan fyrir sig. — b) Ef annar málsaðilja mætir sjálfur, en hinn sendir umboðsmann fyrir sig, þá skal sá, er mætti sjálfur, hafa rétt til að skora á mótpart sinn, er til máls er komið (ef sætt kemst eigi á), að færa sönnur á, að honum hafi sakir sjúkleika eigi verið unt að mæta, eður og, sé hann kaupmaður, handiðnamaður eða heimilisfaðir, að svo hafi verið ástatt fyrir honum, að hann hafi eigi getað sótt sjálfur sáttafund, nema hann ef til vill vanrækti þýðingarmikil skyldustörf, sem eigi þoldu bið, og bakaði sér með því auðsjáanlegt og verulegt tjón. Skal rétturinn síðan álíta og dæma um gildi afsökunarinnar eftir lögum, sanngirni og hlutarins eðli. En ef sá, er eigi mætti, getur eigi eða vill eigi, er á hann er skorað, færa þannig sönnur á, að hann hafi skýrt rétt frá forföllum sínum, þá skal hann með dóminum í málinu skyldaður til að greiða gagnaðilja málskostnað eins og fyrir er mælt í 39. gr. í tilsk. 10. júlí 1795 og 26. gr. í tilsk. 20. jan. 1797. — c) Ef hvorugur málsaðilja hefir sjálfur sótt sáttafund, og annar þeirra færir síðan, er til máls er komið, sönnur á, að hann hafi, af áðurgreindum ástæðum eigi getað mætt, þá ber honum sami réttur, sem hann hefði sjálfur mætt í raun og veru, og getur því skorað á andstæðing sinn að sanna hið sama af sinni hálfu, en krafizt þess að öðrum kosti, að hann verði dæmdur í málskostnað. Ef það að öðru leyti kemur fyrir, að málsaðili þykist hafa ástæðu til að kæra yfir því, að sættanefndin hafi ástæðulaust að lögum neitað að taka umboðsmann hans gildan, þá skal yfirvaldið fyrst, áður en mál er höfðað út af því, reyna að koma sættum á í þesskonar þrætum; en verði málið eigi til lykta leitt á þenna hátt og þess vegna komi til málssóknar, skal málinu stefnt beint

til hæstaréttar; þó mega sáttanefndarmennirnir þá búast við að fá beneficium processus gratuiti og ókeypis málflutningsmann, til þess að það þurfi eigi að baka þeim kostnað og tjón, að þeir eru neyddir til að verja embættisverk sín. 1798 19. okt.

Kansellíbréf (til stiftamtm. og amtm.) um áritun á dómsgjörðir í sakamálum. 10. nóv.

(Með þessu bréfi er öllum þeim embættismönnum, er dómsgjörðir í sakamálum verða að koma til, áður en kansellíið fær þær í hendur, boðið að rita á þær, hve nær þeir hafi fengið þær og hve nær sent þær frá sér).

Kanselliumburðarbréf um mót fyrir sáttanefndum. 15. des.

(Álitið, að bannið í tilsk. $^{10}/_{7}$ 1795, 38. gr., $^{20}/_{1}$ 1797, 25. gr. og kgsbr. $^{19}/_{10}$ 1798 eigi að skilja svo, að umboðsmenn málflutningsmanna og skrifstofuþjónar megi eigi fara með umboð aðilja á sáttafundi, er aðiljar dveljast í umdæmi því, er sáttanefndin er skipuð fyrir).

Kansellíbréf (til stiftamtm. og amtm.) um vottorð um sektir til fátækra við sættir. 1799 19. jan.

(Með bréfi þessu var stiftamtmanni og amtmönnum boðið að leggja fyrir sættanefndirnar í umdæmum þeirra að senda hlutaðeigandi sóknarprestum[1]) í lok hvers árs vottorð um sektir þær, er fátækrasjóði hafi hlotnast fyrir sættanefndunum, en sóknarprestarnir áttu að láta vottorðin fylgja hinum árlegu fátækrasjóðsreikningum).

Tilskipun um skyldur undirdómara í lögreglumálum (ekki birt á Íslandi, en eftir henni farið). 8. marz.

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt — — —

1) Nú hreppsnefndunum, sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 28. gr.

1799 8. marz. Þegar rannsóknargjörðir í málinu fram fara[1]), ellegar þau meðhöndlast við pólitiréttinn, hvar lög banna talsmönnum fyrir hlutaðeigendur að mæta, þá ber dómaranum sjálfum að yfirheyra bæði parta og vitni, og þar hjá nákvæmlega að leita allrar mögulegrar upplýsingar um rétt ásigkomulag málsins, eftir því, sem hann finnur tilefni til, og eftir málsatvikum, sem fram koma kunna við meðferð þess, svo að rétturinn þar með dæmt fái með fullvissu, hver rétt eða rangt mál hefir, hver sekur sé ellegar ekki. — Forsómi nokkur dómari eður réttarþjón þessa embættisskyldu, sem er svo mjög áríðandi fyrir réttarins framkvæmd og friðhelgi manna, ber yfirréttinum að heimvísa því máli til nýrrar og löglegri meðferðar, á hins kostnað, og dómarann þar að auki að sekta eftir maklegleikum og ásigkomulagi yfirsjónar hans og hirðuleysis.

31. mai. **Tilskipun um eignareið í þjófnaðarmálum[2]).**

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — Samkvæmt þessum grundvallarreglum skal svo fyrir mælt, að þegar þjófnaðarmál eru sótt af hendi réttvísinnar, og eigandi stolinna muna er kallaður fyrir réttinn til að skýra frá því undir eið, hvort hann hafi mist munina mót vilja sínum og vitund eður eigi, þá skal honum stefnt þangað, að viðlögðum fallsmálssektum, og skal yfir höfuð farið eins og þá er vitnum er stefnt.

27. sept. **Tilskipun um takmörk prentfrelsisins[3]).**

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 10) — — — Það leiðir að öðru leyti af sjálfu sér, að sakborningur eins þegar svo stendur á (ɔ: að sök er höfðuð á hendur honum fyrir meiðyrði um embætt-

---

1) Þ. e. þegar rannsóknar-aðferð er höfð við mál.
2) Sbr. op. br. $^{28}/_{3}$ 1800.
3) Sjá l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1907, 7. gr.

ismenn) og í hverju öðru einkamáli út af meiðyrðum, 1799
á að hafa rétt til, ef sakargiftin er skýr og ákveðin, 27. sept.
að sanna, að hún sé á rökum bygð. — Ef sá, er sakargiftina bar fram, hefir aftur á móti eigi tilgreint neitt ákveðið eða einstakt atvik, en sakargiftin gegn embættismanni eða öðrum samþegn hans er alls óákveðin, þá má honum eigi leyft vera, þótt hann látist ætla með því að færa sönnur á mál sitt, að halda rannsókn (anstille Inkvistion) yfir þeim, er fyrir sakargiftinni varð. — 11[1]). — — —

Opið bréf um reglur fyrir eignareiði í þjófnaðarmálum[2]). 1800
Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt — — — 28. marz.
1) Þegar fengin er játning hins ákærða um það, að hann hafi þegar drýgt þjófnað þann, er hann er kærður fyrir, og eigandi eða annar maður fyrir hans hönd kannast auk þess við hina stolnu muni, ber að beita þjófshegningingunni, án þess að eignareiðs eiganda þurfi við. — 2) Hvað hitt atriðið snertir, leiðir það af sjálfu sér, að ef hinn seki kveðst vera ánægður með mat eiganda á þeim af hinum stolnu munum, sem eigi hafa komið fram í málinu, þá þarf eigandi eigi að staðfesta matið með eiði; en ef þjófnum þykir eigi verð það sanngjarnt, sem eigandinn leggur á munina, ber eigandanum að staðfesta með eiði, að verð það, er hann hafi tilgreint, sé ákveðið eftir því, sem hann viti sannast og réttast[3]).

Kansellibréf (til stiftamtm. og amtm.) um, að beita megi valdi til að láta menn mæta við próf í sakamálum. 3. maí.
— — — Fyrirspurn hefir komið til kansellísins um það, hvort dómara sé heimilt að kveðja þá, er hlut eiga að máli, til yfirheyrslu í sakamálsrannsókn

1) Sbr. l. nr. 44, $^{16}/_{11}$ 1907, 7. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{13}/_{10}$ 1819, 3. gr.
3) Sbr. N. L. 5—2—88.

1800 3. maí. að viðlögðum þingvitisbótum, vegna þess að tilgangur þessara yfirheyrslna, sá að finna sannleikann, mundi alls eigi nást, ef eigi væri heimilt að knýja þá, sem kvaddir eru, til þess að koma fyrir dómarann, svo og að verði eigi úr því skorið, hverja beri að telja aðilja og hverja vitni, fyrr en þeir hafi gefið skýrslu fyrir dómi. — Sakir þessa hefir kanselliið talið nauðsynlegt til almennrar leiðbeiningar dómurum, að gera það kunnugt, að með því að ljóst er af D. og N. L. 1—13—7 og tilsk. 3. marz 1741 og 3. júní 1796 I. kap. 3. gr., að þingvitisbótum verður að eins beitt sem nauðungarráðstöfun gagnvart þeim, er eigi koma fyrir rétt, þótt stefnt hafi verið sem vitnum, þá verður þeim sektum eigi heldur beitt í sakamálum gagnvart öðrum en þeim, sem stefnt er, og berum orðum eru nefndir vitni. Hina, sem til yfirheyrslu í sakamálsrannsókn eru kvaddir fyrir dóm, og eru eigi nefndir vitni, til þess að koma þar sjálfir og láta spyrja sig, á dómara að vera heimilt að láta þar til skipaða menn sækja, ef þeir koma eigi án löglegra forfalla, og ef þeir sýna mótþróa, að neyta afls við þá. Leiðir þetta eigi að eins af D. L. 1—19—1 og N. L. 1—17—1 og D. L. 1—24—47 og N. L 1—22—49 og analogíu ýmsra tilskipana, er veita dómara slíkt vald, heldur einkum af tilsk. 3. júní 1796, IX. kap., sem með skipun sinni um það, að slík rannsókn skuli halda áfram lotulaust, gerir ómótmælanlega ráð fyrir því, að dómari megi beita nauðsynlegum nauðungarráðstöfunum gagnvart þeim, er af mótþróa koma ekki, því að annars gætu þeir með þráa sínum valdið hléi á yfirheyrslum og drætti á rannsóknunum. — — —

23. maí. **Tilskipun um leyfisbréf og undanþágur**[1]).

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt — — —

---

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, I., kgsúrsk. $^{25}/_{5}$ 1844, $^{19}/_{9}$ og $^{23}/_{12}$ 1864 og tilsk. nr. 12, $^{23}/_{8}$ 1904.

I. flokkur. *Hver þau veitingabréf séu, sem nú eru úr feld og ónauðsynleg metin.* — 1) Giftingar millum skyldra og venzlaðra í þeim liðum, er tilskip. af 14. desember 1775 í 2. gr. tiltekur, að leyfilegar séu mega héðan af fram fara án þess að hlutaðeigendur þurfi í því tilliti að sækja um veitingabréf; þar á móti skulu giftingar öldungis forboðnar vera í jöfnum upp- og niðurstigandi skyldugleiks- og venzliðum, samt í síðulínunnar fyrsta lið; þar eð samlag slíkra persóna er blóðskömm, við hvert óbótamál liftjón er lagt. Til varúðar einum og sérhverjum, og til þess að enginn skuli sökum vanþekkingar falla í þvílík stórbrotamál, ítrekast hér með alvarlega Laganna forboð móti giftingum og samlagi öllu millum foreldra og þeirra barna, stjúpforeldra og stjúpbarna, tengdaforeldris og tengdabarna, einnig, fortakslaust, milli niðja hvers og eins þessara í niðurstigandi liðum, sem og millum systkina. Í tilliti til giftinga með bróður-, föðurbróður og móðurbróður ekkju, þá mega þær ekki leyfast, nema Vér sjálfir gefum til þess einkanlegt veitingabréf. — — — **II. flokkur.** *Hver veitingabréf hér eftir megi gefa af Kaupmannahafnar borgarráði, og á öðrum stöðum af hlutaðeigandi stift- og amtmönnum.* — 5) Leyfisbréf fyrir ektahjón að skilja sæng og sámneyti, þá þau ekki með sáttaleitun verða forlíkuð og fengin til að lifa saman hvort með öðru í eindrægni. — — — Ekkert þeirra veitingabréfa, sem um er getið í þessari grein, þurfa hlutaðeigendur að borga, nema þau, sem til eru tekin í þeim 8 § — — — **III. flokkur.** *Þau konunglegu veitingabréf og erindisgjörðir, sem á hönd eru faldar borgarráðinu í Kaupmannahöfn samt stift- og amtmönnum, til að afhendast hlutaðeigendum.* — — — 12) Veitingabréf um endurnýjaðan kraft[1]) undirréttardóma og aðgjörða, þegar þess er beiðzt innan 3 ára, 1800 23. maí.

1) P. e. leyfisbréf um uppreist til áfrýjunar.

1800 23. maí. að reikna frá þeim degi, sem dómurinn eða ályktanin fallin eru. — — — **15)** Samanvigslubréf, með hverjum leyfi gefst, að hjónavígsla megi fram fara í heimahúsum. — **16)** Leyfisbréf að mega samanvígjast af óviðkomandi presti. — — — Vér höfum annars gefið áðurnefndum Vorum embættismönnum (til hverra hlutaðeigendur framvegis mega leita með bónarbréf sín um þær veitingar, hverra getið er í þessari grein) nákvæmar og fastar reglur um þau tilfelli, þá Vér, að yfirvegaðri beiðendanna fátækt, viljum annaðhvort veita þeim linun í borguninni eður fullkomna eftirgjöf hinnar sömu, eins og Vér líka boðið höfum, að það, sem Vorri féhirzlu ber af borgun fyrir þesskonar veitinga- og leyfisbréf, skal ritast á þau af kansellíisins féhirði, bæði með tölu- og bókstöfum, að sérhver geti verið fullviss um, að hann ekki hafi meira borgað en honum með réttu bar.

11. júlí. **Tilskipun, með hverri á Íslandi stiftast landsyfirréttur.**

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: að þegar Vér yfirvegað höfum alt það, er réttarganginn snertir, með tilliti til að gjöra hann svo stuttan og auðveldan, sem mögulegt er, erum Vér komnir að raun um, að sú niðurskipan yfirdómstólanna, sem nú er á Voru landi Íslandi, ekki leiðir að þessu takmarki; bæði þar eð þessir yfirréttir eru tveir, hvor yfir öðrum, og að þeir haldast ekki nema einu sinni á ári; verða því málasóknir, vegna slíks dráttar, langvinnar og kostnaðarsamar fyrir þá, er neyðast til að sækja rétt sinn eða verja á þingum. Til þess að burtryðja þvílíkum hindrunum, og létta þessum þunga af Vorum kæru og trúu íslenzku þegnum, höfum Vér, samkvæmt þeim reglum, sem birtar eru í lagasetningu Vorri af 3. júní 1796, um réttarins tilhlýðilegu og skjótu framkvæmd, ásett að afleggja bæði yfirréttinn og lögþingin, og í þeirra stað að stifta almennan landsyfirrétt, einnig svo að niðurskipa þessum nýja dóm-

stóli, að Vorum áður umgetna landsföðurlega tilgangi megi svo fullkomlega þar með ná, sem mögulegt er. Vor skipan og reglugjörð þar um er sem fylgir. — **1. kap.** *Um landsyfirréttarins stiftan á Íslandi, í stað yfirréttarins og lögþinganna.* 1) Yfirrétturinn og lögþingin á Íslandi skulu vera aflögð. Í þeirra stað skal stiftast almennur yfirréttur fyrir alt landið. Skal hann nefnast landsyfirréttur, og án tafar niðurskipast og til verka taka. Einnig skal alþing, sem haldið hefir verið við Öxará, vera af tekið. — 2) Landsyfirrétturinn skal haldast í Reykjavíkur kaupstað, hvar Vér höfum gjört þá ráðstöfun, að nauðsynlegt hús til þessa verði upp bygt; en, þangað til það verður fullbúið, má rétturinn haldast, annaðhvort í húsum þess latínska skóla eður tugthússins. — 3) Frá maímánaðar byrjun til októbermánaðar enda á landsyfirrétturinn að haldast einu sinni í viku, en á hinum mánuðum ársins einu sinni hvern 14. dag, nema svo sé, að á þessu síðarnefnda tímabili kunni til að falla jústits- eða pólitimál, því þá skal rétturinn að eins koma saman einn dag í viku hverri, meðan slík allsherjarmál ekki eru til lykta leidd. Hvers vegna þeir skipuðu dómendur skulu vera búsitjandi í Reykjavík, hvar rétturinn haldast á, og enginn af réttarins limum má láta undanfalla að mæta í réttinum án gildrar orsakar, sem ritast skal í þingbókina. Svo á og forsetinn að senda árlega til Vors kanselliis skýrslu um, í hversu mörgum málum á sérhverju umliðnu ári dómar gengnir eru, og hversu oft aðrir hafa settir verið, í stað þeirra tilskipuðu dómenda, að sitja í réttinum. — 4[1]) Eins og Norsku Laga 1. bók, 5. kap., 21. art býður: »að kongsins befalingsmenn skuli sjálfir í eigin persónu vitja lögþinganna og sjá til, að réttarhaldið fram fari með tilbærilegri virðingu, svo viljum Vér einnig samkvæmt þessu lagaboði hérmeð útnefna stiftamtmanninn til

1800 11. júlí.

1) Sbr. augl. $^{22}/_{2}$ 1875, 15. gr., l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr. sbr. 1. gr.

1800 11. júli. præsidents eður forseta í landsyfirréttinum. Því skal það vera skylda hans að taka sæti í réttinum svo oft sem aðrar hans embættisannir það leyfa, og tilsjá, að hann haldist með sóma, og að stjórn réttargangsins fari reglufast og nákvæmlega fram. Finni stiftamtmaðurinn, að óregla nokkur í þessu tilliti smeygi sér inn, þá ber honum að vara réttinn, og einkum justitiarium, við því, svo að hún afleggist og réttist; en ef sú aðvaran ekkert á vinnur, þá skal hann gefa Oss sjálfum þetta til kynna, með Voru danska kansellii. Að öðru leyti skal stiftamtmaðurinn enga hlutdeild taka í málanna meðferð eður dómi á þeim, heldur skal því um líkt viðkoma justitiarii og hinna tilskipuðu dómenda aðgjörðum; þessir skulu því einúngis standa hæstarétti fyrir þær til andsvara. — 5) Tilskipaðir dómendur í landsyfirréttinum skulu vera: justitiarius og 2 assessórar; í nefndum rétti skal og vera justits-sekreteri[1]), sem heldur þingbókina og skrifar stefnur og akta. Þessum embættismönnum gefum vér sjálfir laun[2]). Þar á mót skal lögmannstollurinn[3]) og réttaraðgjörða borgun (er á sama hátt gjaldast skal, sem að undanförnu til lögmanna), borgast til Vorrar féhirzlu. Skal sekreterinn veita hvorutveggju móttöku og árlega standa reikning á því til Vors rentukammers, en justitiarius vitna um þann reikning. Annars á sekreterinn að rita á hvert réttarins bréf, bæði með tölu- og bókstöfum, hversu mikið honum hefir verið goldið á sérhvert. — 6[4]) Rétturinn má ei setjast með færri assessórum, en tiltekið er í næst undanförnum §. Ef einhver þessara ekki getur mætt vegna sjúkdóms eður annara löglegra hindrana, þá gefur justitiarius stiftamtmanni það til vitundar, hverjum hér með gefst myndugleiki til,

1) Sjá kansbr. $^{22}/_{4}$ 1834.
2) Sjá l. nr. 23, $^{9}/_{12}$ 1889, 3. gr. og kgsúrsk. $^{7}/_{11}$ 1877.
3) Sjá l. nr. 21. $^{14}/_{12}$ 1877, 1. gr.
4) Sjá l. nr. 31, $^{2}/_{11}$ 1914.

þegar svo við ber, að setja lögvísan embættismann í stað þess assessors, er vantar. Sá tilskipaði sezt þá í sæti þess assessors í réttinum, í hvers stað hann sitja á; sama skal og vera, þegar einhver af réttarins limum er löglega undanþeginn að sitja dóm vegna svo nákomins skyldugleika eður mægða við málspartana, sem telst að öðrum lið, ellegar vegna annarar lögmætrar orsakar. — 7) Justitiarius á að hafa hinn æðsta sess í réttinum næst stiftamtmanni (án þess að virðingartrappa nein, vegna nafnbótar eður titils, aðgætt sé). Að embættishefð skal justitiarius annars vera jafn við assessorana í hæstarétti, og hinir aðrir tilskipuðu dómendur jafnir þeim assessorum, er að fornu verið hafa í þeim norska yfirhofrétti. — 8) Það skal vera justitiarii embættisskylda, að standa fyrir framkvæmd alls þess, er réttinum viðvíkur, fyrir utan þau eiginlegu dómaraverk. Hann skal láta auglýsa málanna fyrirtekt, og með þau byrja eftir þeirri röð, sem stefnur í þeim útgefnar eru. Hann skal hafa tilsjón með, að málanna bréf-söfn ekki ónauðsynlega aftur haldist hjá assessorunum, þegar þau berast um meðal þeirra, til dómsatkvæða. Hann skal samantaka dómana eftir flestum atkvæðum, lesa þá opinberlega upp fyrir réttinum, og útgefa þá undir eigin hönd og með áþryktu réttarins innsigli. Hann á að sjá til, að í réttarins bækur skjallega ritað sé, og að aktarnir skrifist út, svo fljótt sem vera á. Í einu orði: hann skal stjórna öllu því og til framkvæmdar koma, sem heyrir til þessa dómstóls innvortis stjórnsemdar, og sjá fyrir öllu því, er útheimtist til að viðhalda orðu í réttarganginum. Að öðru leyti skal hann taka jafnan hlut með hinum öðrum tilskipuðu í málanna meðferð og dómum. Í fjærveru justitiarii á sá efsti réttarins assessor að standa fyrir embætti hans. — 9) Landsyfirréttarins innsigli skal vera Íslands einkennismerki með þessu umkring settu: hins konunglega landsyfirréttar innsigli — — — **2. kap.** 1800 11. júlí.

1800 11. júli. *Áhrærandi hvar landsyfirréttarins aðgjörðir nái til, og hver þau mál séu, er heyra skulu undir þessa dómstóls umdæmi.* — **10)** Öllum þeim málum, er eftir lögum og tilskipunum hefir að undanförnu stefnt verið til lögþinga og yfirréttar, skal héðan af, þegar áfrýjað er, appellera til landsyfirréttarins, ef um meira er að gera en 2 rdl. eður þeirra andvirði, og skal það hér eftir fyrir boðið vera yfirvöldum með úrlausnum eður dóma samþykkingum að skera úr eigin miskliðum manna, en þær skulu ætíð dæmast af réttunum, þegar þeir, sem mál eigast við, ekki ná innbyrðis sættum við sáttanefndirnar; þó mega stift- og amtmenn, í pólitímálum þeim, er áhræra smáyfirsjónir, gera þeim seku útlát, alt að 2 rdl. virði; en varði málið meiru, skjóti þeir því til pólitíréttarins, hvaðan það kærast á fyrir landsyfirrétti, og þar, líkt og fyrir undirrétti, stuttlega að útkljást[1]). — **11)** Dómar (commissariorum) kónglegra nefndarmanna skulu einnig stefnast til landsyfirréttar, ef andvirði þess, sem um þrætt er, ekki stígur til 200 lóða silfurs eður þeirra verðs; en sé málið svo mikilvægt, að það eftir N. L. 1. b., 6. kap., 16. art, megi koma fyrir hæstarétt, þá skal því einmitt[2]) þangað stefna; svo mega og kærumál um réttarneitun eður kúgandi réttarspjöll stefnast beint til hæstaréttar, svo að málið sjálft dragist eigi til óþarfa. Þó má sá, er ákærir, velja um, hvort hann heldur vill stefna þesshátt málum fyrir landsyfirréttinn. — **12.**[3]) Auk þess dæmandi myndugleika til að skera úr réttargangsþrætum, sem eftir þessa kapítula 10. og 11. §§, er landsyfirréttinum í hendur fenginn, skal hann og framkvæma alt annað, sem hingað til

---

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 10. gr. og l. nr. 20, $^{2}/_{10}$ 1891.

2) Þ. beint,

3) Sjá tilsk. $^{24}/_{4}$ 1833, l. nr. 2, $^{14}/_{1}$ 1876, 22. gr., l. nr. 11, $^{21}/_{8}$ 1877, l. nr. 32, $^{16}/_{11}$ 1907 1. gr., l. nr, 35, $^{11}/_{7}$ 1911. Sbr. N° L. 1—4—10 og 12, op. br. $^{4}/_{5}$ 1778, $^{2}/_{4}$ 1853, l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 6. gr., l. nr. 14, $^{20}/_{10}$ 1905, 15. gr.

hefir við komið embættum lögmanna, svo sem að 1800
þinglýsa afsals- og pantsetningabréfum — — — með 11. júlí.
öðru fleiru, hverju nafni sem heita kann. — **13)** Þau mál, sem stefnd hafa verið til yfirréttar eður lögþinga, en ekki þar fallið dómur á, við byrjun landsyfirréttarins, eiga (eftir stefnum þeim, er við fyrnefnda dómstóla teknar eru) að sækjast fyrir, og dæmast af landsyfirréttinum; og þeir lögþingisdómar, sem gengnir eru áður en landsyfirrétturinn hefir byrjað störf sín, eiga að stefnast til þessa réttar, ef ágreiningur verða, sé málið af minna verði en 200 lóða silfurs; en sé það af meira, lýtur málið beinlínis undir hæstaréttar dóm. Auðvitað er annars, að hafi nokkur landsyfirréttar-assessor sem lögmaður dæmt í einhverju máli, sem kært er fyrir nefndum rétti, á hann að víkja úr dóminum, og annar að koma í stað hans, sem til þess verður settur, á sama hátt sem boðið er í þessarar tilskipunar 1. kap. 6. § — — — **3. kap.** *Um stefnur og stefnufrest til landsyfirréttarins og um réttargangsreglu fyrir þessum dómstóli.* — **14)** Stefnur og aktar útgefast í nafni justitiarii og hinna tilskipuðu, með áþryktu réttarins innsigli; stefnurnar útgefast með sekreterans undirskrift, en aktarnir undir justitiarii hendi. — **15)** Sá stefndi fær 14 daga stefnufrest, ef hann býr í Gullbringu, Kjósar, Borgarfjarðar, Mýra eður Árness sýslum; 4 vikna frest í báðum Skaftafells, Rangárvalla, Hnappadals, Snæfellsness, Dala, Barðastrandar, Stranda, Húnavatns og Skagafjarðar sýslum, en í Ísafjarðar, Vöðlu, Þingeyjar, báðum Múla og Vestmannaeyja sýslum 6 vikna frest; sé sá ákærði utanlands, þá eru Lögin og tilskipanin af 3. júní 1796, 5. kap. 16. § til eftirbreytni. — **16)** Málanna sókn og vörn fyrir landsyfirréttinum skal skriflega fram fara á íslenzka tungu, nema hvortveggja, sækjandi og verjandi, séu Danir eða Norðmenn, því þá skal þeim leyfast að flytja mál sín á danska tungu. Annars á sem nákvæmlegast að brevta

1800 11. júli. eftir og fram fylgja þeim reglum, sem í tilliti til málsókna eru fastsettar í tilskipuninni af 3. júní 1796, um réttarins tilhlýðilegu og skjótu framkvæmd. — 17) Assessóranna dómsatkvæði eiga skrifleg að vera og dómarnir stýlast af justitiario, eftir flestum atkvæðum; skal hann og lesa þá upp fyrir réttinum og síðan útgefa undir landsyfirréttarins innsigli og justitiarii hendi, eins og boðið er í þessarar tilskipunar 1. kap., 8. art. Það er auðráðið, að bæði dómsatkvæði og dómar eiga að ritast í atkvæða- og dómabækurnar. — 18.[1]) Þegar landsyfirréttarins dómum verður stefnt til hæstaréttar, skulu viðkomendur framleggja danska útleggingu aktanna fyrir landsyfirréttarins limi til yfirskoðunar, svo að þeir vitnað geti um, hvort útleggingin sé rétt eður ekki, áður en hæstaréttarstefna er fáanleg — 19) Vegna þess að í sakamálum er ekki nauðsynlegt, að sá, sem fyrir sök er hafður, komi fram fyrir yfirréttinn undir nýja rannsókn, sé málið í héraði granskoðað, sem ber, og með rökum sannað, og þar eð oftlega henda kann, að sakamnnsins færsla, með vöktun, frá fangelsi hans til yfirréttar, sé bæði ollandi (svo!) tíma og peningaspillis, bjóðum Vér hérmeð, að þegar landsyfirréttinum þykir þörf frekari upplýsingar af sakamanninum, skal þessi réttur senda undirdómaranum þær spurningar, er í þessu tilliti þykir um varða, og skipa honum með nýrri rannsókn að taka sakamannsins ýtarlegri andsvör á þingi, en ef fanginn er á þeim stað, hvar landsyfirrétturinn haldinn er, eður þar nálægt, skal hann sjálfur færast fram fyrir þenna rétt. Loksins, þyki málið ánægjanlega prófað fyrir héraðsrétti, skal dómur falla í því fyrir landsyfirrétti, án frekari spurninga sakamanninn áhrærandi.

1) Sbr. kans. br. $^{8}/_{6}$ 1823 (LfI. 8. b. 412), þar sem segir, að allir dómendurnir eigi heimtingu á að sjá þýðingarnar og beri ábyrgð á þeim, enda þótt einn þeirra sé skyldur að þýða dómsgjörðir í opinberum- og gjafflutningsmálum.

— 20[1]) Í málum þeim, er viðvíkja skógaskiftum, landamerkjum eða þesshättar, sem eftir N. L. 1. b. 16. kap. krefja yfirskoðunar á prætuplázinu áður en dómar ganga, skal ætíð afstöðumálun prætulandsins gjörð vera, eftir boði tilskipunarinnar af 31. marz 1719, svo að landsyfirrétturinn dæmt geti í slíkum málum, án þess sjálfur að þurfa að koma á þann stað, sem prætan af rís. Beri það annars við, að yfir undirdómarans áreiðar- eða skoðunargjörð kvartað verði, þar hún tjáist svikul eða röng, skal amtmaðurinn, ef einhver málspartur beiðist þess, tilnefna 2 skynuga menn til nefndarmanna, er fari um prætustaðinn og rannsaki kærumálið, og skal þá þessi nýja yfirskoðunar- og rannsóknargjörð leggjast fram, ásamt afstöðumáluninni, fyrir landsyfirréttinn, er með dómi málsins á að ályktа þann seka, hvort sem heldur er dómarinn eður sá, er kærði, skyldan að borga kostnað þann, er þurft hefir til þessara aðgjörða. — 21) Landsyfirréttarins dómar eiga að áfrýjast áður en eitt ár og dagur séu liðin frá því þeir féllu. — 22[2]) Í saka- og justits-málum setur stiftamtmaðurinn talsmenn, er þurfa, annaðhvort sýslumenn, er búa á nálægum stöðum, eður aðra lögkæna menn. Sama skal og vera þá við civil mál er að fást, og hlutaðeigendur hafa fengið beneficium paupertatis, eður fátæktarliðsinni. Ef annars nokkur málspartur ekki getur sjálfur komizt til þings eður sjálfur talað þar máli sínu, á einnig að setja honum lögkænan mann, er standi fyrir málinu hans vegna, fyrir sanngjarnlega borgun. Vér viljum annars leyfa, að þeir sem í justits-málum settir eru sækjendur og verjendur, ellegar fátækum til forsvars, megi njóta lítilvægrar borgunar af justits-kassanum[3]) fyrir kostnað þeirra og mæðu, þegar dómur

1800 11. júlí.

---

1) Sbr. l. nr. 5, 17/3 1882, l. nr. 35. 2/11 1914.
2) Sbr. l. nr. 32, 20/10 1905 og l. nr. 17, 20/10 1913.
3) Nú landssjóði.

1800 ákvarðar þeim ekki borgun hjá hinum sakfellda eður
11. júli. þeim parti, er fellur á máli sinu.

2. ág. **Kansellibréf um útleggingu og útgáfu á islenzku á lögum, sem eiga að gilda á Islandi.**

(Með bréfi þessu var dómendunum i landsyfirréttinum á Íslandi falið á hendur að þýða á íslenzku tilskipunina 11. júli 1800 (um landsyfirrétt) »og hverja þá tilskipun, sem hér eftir verður útgefin handa Islandi, svo og þær helztu af þeim, er hingað til hafa út gefnar verið, einkum þær, sem almenningi er áríðandi að þekkja«. Þessar þýðingar skyldu síðan prentaðar að ráðstöfun réttarins, og stiftamtmaður og amtmenn annast útbýtingu þeirra og birtingu til leiðbeiningar almenningi).

25. okt. **Kans. umbbr. um ársskýrslur um kirkjulega embættismenn.** (LfI. 6. b. 485).

1801 **Konungsstaðfesting á stofnskrá sjóðs Jóns Jakobssonar og F. Lynges til styrktar fátækum ekkjum og föðurlausum börnum i Eyjafjarðarsýslu.**
4. des. (LfI. 6. b. 537).

1802 **Tilskipun um að sumir menn megi ekki flytja mál.**
8. jan. (Vafasamt um gildi þessarar tilsk. Hefir eigi verið birt hér, sbr. Dómas. I 298. V, 120).

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Það skal vera bannað hverjum þeim, sem er fulltrúi dómara eða honum til aðstoðar á annan hátt við embættisstörf, að fást við málflutning, hvort heldur skriflega eða munnlega, fyrir nokkurn málsaðilja, við dómstól þann, er dómarinn, er hann vinnur fyrir, á sæti í. — 2) Eins skal það bannað öllum riturum, og fulltrúum þeirra og undirtyllum, að flytja mál fyrir rétti þeim, er þeir eru skipaðir ritarar við, eða fyrir dómi, er stendur undir yfirdómi þeim, er ritara — embættið er við. — 3) Þessi fyrirmæli skulu eigi

snerta eiginleg dómsmál ein, heldur og ná til skifta og hverrar annarar gjörðar, þar sem þræta getur fyrir komið milli málsaðilja, er dóms eða úrskurðar réttarins sé krafist um. — 4) Ef málflutningsmaður er fulltrúi dómara, ritara eða skiftaráðanda, eða er þeim til aðstoðar við embættisstörf, þá ber honum, eins og öðrum þjónustumönnum þeirra, að haga sér eftir þessari tilskipun. — 5) Dómararnir skulu hafa nákvæmar gætur á, að framangreindum boðum Vorum se hlýtt. Ef brotið er gegn þeim, skal hlutaðeigandi dómara eða réttarþjóni refsað í fyrsta skifti með 50 rdl. sekt til fátækra þar í sveit og í annað skifti með tvöföldum sektum, en í þriðja skifti hafi hann fyrirgjört embætti sínu. Hinum, sem nefndir hafa verið, skal refsað með 20 rdl. sekt til fátækrasjóðs, er tvöfaldist í hvert skifti er brotið er ítrekað. 1802 8. jan.

Konungsúrskurður um, að Reykjavik skuli vera sérstakt lögsagnarumdæmi. (LfI. 6. b. 608). 1803 15. apr.

Konungsúrskurður um metorðastig yfirdómara. (LfI. 6. b. 690). 1805 25. jan.

Tilskipun um áfrýjun sakamála til lands- og stiftsyfirréttanna í Danmörku og Noregi og á Íslandi[1]). 31. maí.

Vér Chr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Til þess að greiða fyrir rekstri sakamála, hefir Oss allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir, sem nú skal sagt, um áfrýjun mála þessara til lands- og stiftsyfirráttanna í Danmörku, Noregi og á Íslandi og meðferð þeirra þar: — 1) Þegar maður, sem kærður er af valdsstjórninni fyrir misgjörning, beiðist þess, að héraðsdóminum verði áfrýjað, eða málinu gegn honum er svo varið, að því ber að lögum að skjóta til æðri réttar af hálfu réttvísinnar, skal senda dómsgjörðirnar tafarlaust valdsmanni þeim, er nú skal

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr. og tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I, 11.

1805 31. mai. nefndur, til þess að hann geti gert þær frekari ráðstafanir, sem þörf er á. — 2) Frá undirdómunum í Danmörku og á Íslandi og í kaupstöðunum í Noregi skal senda dómsgjörðirnar hlutaðeigandi stiftamtmanni eða amtmanni. Til sveita í Noregi skulu þær aftur á móti sendast fógeta, sem höfðaði málið í embættisnafni. — 3) Þegar er valdsmaður hefir fengið í hendur dómsgjörðirnar, á hann að rita á héraðsdóminn tilkynningu til þess eða þeirra, er kærðir eru, og allra annara hlutaðeigenda, um að dóminum sé, samkvæmt þessari tilskipun Vorri stefnt fyrir lands- eða stiftsyfirréttinn og verði þar fyrir tekinn meðal hinna fyrstu mála, og séu allir hlutaðeigendur kallaðir fyrir þann rétt, án þess að mega vænta annars fyrirvara, til þess að svara til sakar og þola dóm; svo sé og undirdómaranum stefnt á sama hátt til að verja dóm sinn. Þessa tilkynningu á valdsmaður síðan að láta birta löglega öllum hlutaðeigendum, svo sem fyrir er mælt í tilsk. 7. júní 1760. — 4) Ef fógeti[1]) hlutast til um áfrýjun málsins til yfirréttar, ber honum að rita á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um, að hann fyrir sitt leyti láti sér nægja stefnu þá, er út hafi verið gefin í málinu. Einnig ber honum að skýra amtmanni þegar í stað frá áfrýjun málsins, og láta skýrslu þeirri fylgja eftirrit af undirréttardóminum. — 5) Ef kærði kveðst vilja una við dóminn, ber þegar í stað að senda amtmanni eftirrit af honum, og aðgætir hann þá, hvort málinu þarf að áfrýja af hálfu réttvísinnar. — 6) Þá er birtingin hefir fram farið og vottorð hefir verið um það ritað á dómsgjörðirnar, ber að senda justitiario í lands- eða stifts-yfirréttinum öll skjöl málsins, en hann hlutast til um, að skipaður verði sækjandi og verjandi, og sér um, að málið gangi fram tafarlaust, samkvæmt stefnu, er sækjandi á þegar í stað að taka út og síð-

1) Sjá tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr.

an láta birta með nætur fresti fyrir verjanda. — 7) Og með því að engum, sem kærður er af réttvísinni, á að vera varnað þess, jafnvel þótt hann eigi stefni málinu af sinni hálfu, að láta fram færa það til varnar sér, er honum þykir þurfa, og að krefjast breytingar á dóminum eða ónýtingar, ef honum hefir skotið verið til æðri réttar, þá bjóðum Vér loks: að gagnstefnur þær í sakamálum, sem leyfðar voru með tilskipun 19. ágúst 1735, 6. gr., skulu eftirleiðis vera með öllu afnumdar. 1805 31. maí.

Kans.bréf um einkenningsbúning yfirréttardómara. (LfI. 6. b. 764). 27. júlí.

Kansellíbréf (til stiftamtm., amtm. og landsyfirréttarins) um gildi lóðs silfurs. 1806 8. júlí.

(Með því að menn voru ekki á eitt sáttir um það á Íslandi, hvernig meta skyldi sektir, er ákveðnar væru í lóðum silfurs, segir kansellíið svo fyrir í bréfi þessu, að 1 lóð silfurs skuli á Íslandi jafngilda 48 skildingum kúrants, eins og venja sé til í Danmörku).

Opið bréf, er afnemur fyrirmæli Jónsbókar um heykaup. (LfI. 7. b. 88). 19. sept.

Tilskipun um málflutningslaun við undirdóma. 24. okt.

Vér Chr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Hver sá málflutningsmaður, sem yfirvaldið skipar til að flytja sakamál eða gjafsóknarmál fyrir undirdómunum í Danmörku eða Noregi, skal hafa rétt til, ef hann krefst þess í málinu, að fá sanngjarna þóknun fyrir fyrirhöfn sína við það. — Sami rettur ber og hverjum þeim, sem sökum skorts á tilskipuðum málflutningsmönnum í héraðinu eða af öðrum ástæðum er í það og það skiftið settur af yfirvaldinu til að flytja slík mál. — 2) Dómarinn skal því, er hann dæmir opinber mál og gjafsóknarmál, ákveða

1806 eins, hve mikil þóknun beri málflutningsmönnum,
24. okt. eftir stærð málsins og fyrirhöfn þeirra[1]). — — —

1807 **Op. br. kans. um skyldu lækna til að gefa sjúkdóma-**
3. marz **skýrslur.** (LfI. 7. b. 112).

1808 **Konungsbréf um landsyfirdóminn.**
14. mai. Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — —
d) að dómendur í landsyfirdómi skulu árlega senda voru danska kansellii skrá yfir mál þau, er farið hefir verið með fyrir landsyfirdómi eftir meðfylgjandi fyrirmynd. — — —

15. júlí. **Opið bréf um setu- og undirskrift manna, sem skipaðir eru í nefndir (kommissionir).** (LfI. 7. b. 185).

1809 **Tilskipun um dannebrogsorðuna.** (LfI. 7. b. 238).
28. jan.

2. ág. **Kgl. augl. um breyting á metorðaákvæðum** (LfI. 7. b. 218).

26. ág. **Kansellíbréf um vogrek.**
(Mælt svo fyrir, að í nafninu »vogrek lítilsvirði« samkvæmt opnu bréfi 4/5 1778, 2. og 3. gr., skuli öll þau vogrek falin, er verð þeirra fari eigi fram úr 15 rd. (30 kr.), og að lýsing þeirra skuli fara fram í yfirdómi.[2])

28. nóv. **Kans. umbbr. (til stiftamtmanns, amtmanna og biskupa) um að gefa skýrslu til kans. um framúrskarandi menn í hverri grein sem er.** (LfI. 7. b. 821).

1810 **Kans. umbbr. um skýrslur um opinberar stofnanir.**
27. okt. (LfI. 7. b. 337).

---

1) Sbr. l. nr. 32, 20/10 1905, 3. gr.
2) Sjá op. br. 2/4 1853.

Opið bréf (frá kanselliinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum. (Vafasamt um gildi þessa bréfs, en því hefir verið beitt hér)[1]). 1811 8. júní.

Í opnu bréfi 28. sept. 1767, fyrir Kaupmannahöfn, er ákveðið: *að* fundnir munir skuli geymdir á skrifstofu lögreglustjóra, og skuli þar bókað, hver fundið hafi hvern hlut og hvar, og það auglýst í blaði og með uppfestri skrifaðri auglýsingu; *að* þegar eigandinn gefur sig fram og fær hið fundna afhent á skrifstofu lögreglustjóra, skuli hann greiða dálitla þóknun í fundarlaun, eftir verði hlutarins, atvikum og úrskurði lögreglustjóra, og auk þess kostnað við birtingu í blaði; og loks *að* ef eigandinn kemur eigi innan árs og dags, skuli selja hið fundna handa lögreglusjóðnum, og finnandi þá fá þriðjung þess í fundarlaun. En með allrahæstum úrskurði, 5. júní síðastl., hefir Hans Hátign allramildilegast ákveðið, að fyrirmælin í ofannefndu opnu bréfi, 28. sept. 1767[2]), skuli eftirleiðis einnig ná til allra annara kaupstaða í báðum ríkjunum, þó svo, að í þeim kaupstöðum, þar sem engin blöð koma út, skal hinum fundnu munum lýst með uppfestum auglýsingum og bumbuslætti.

Tilskipun um hjónaskilnað.[3]) 18. okt.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum kunnugt: Það er áríðandi fyrir þjóðfélagið og fyrir hvert einstakt heimili, að eigi sé hrapað að því, að leysa það band, er tengir hjón saman, og það þarf að brýna fyrir þeim, sem að nauðsynjalausu vilja slita félagsskap þeim, er stofnaður var fyrir alla æfi, hvað trúin býður í því efni, engu síður en landslögin. Fyrir því viljum Vér hér með skora á embættismenn Vora í andlegri stétt,

1) Sjá kgsúrsk. $^{24}/_{11}$ 1812, birtan með op. br. (frá kanselliinu) $^{5}/_{12}$ s. á.

2) Sjá l. nr. 40, $^{16}/_{11}$ 1907.

3) Sbr. op. br. $^{10}/_{2}$ 1818 og tilsk. $^{30}/_{4}$ 1824, 18. gr., l. nr. 4, $^{19}/_{2}$ 1886, 12. gr., tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904. I. 1. c.

1811 18. okt. að gjörast samtaka hinu veraldlega yfirvaldi og sáttanefndum þeim, er Vér höfum skipað, í því að vinna, samkvæmt D. og N. Laga 2—9—8, að því fagra verki, að koma í veg fyrir og eyða deilum milli manns og konu, er missætti getur af leitt og varanleg þrá eftir að skilja. Auk þess bjóðum Vér á þessa leið: — 1) Ef maður beiðist leyfis til skilnaðar að borði og sæng, skal hann láta bænarskrá sinni til yfirvaldsins fylgja vottorð frá sálusorgara sínum, þess innihalds, að honum hafi verið fyrirrætlun umsækjanda svo tímanlega kunn, að hann hafi haft nægilegt færi á að framkvæma það þar að útlútandi, er D. og N. L. 2—9—8 og þessi tilskipun leggja prestinum á herðar. — 2) Samskonar vottorð á að fylgja bænarskrá um algerðan hjónaskilnað, ef hjónin voru þegar áður skilin að borði og sæng. — 3) Bænarskrár, sem slík vottorð eigi fylgja, eiga yfirvöldin hiklaust að leggja fyrir hjá sér, sem skjöl, er ekkert sé við að gjöra. — 4) Ef hjón eru sitt á hvorum staðnum, þá á yfirvaldið að sjá um, að sálusorgari þess, sem fjærverandi er, fái vitneskju um, að beiðzt er skilnaðar að borði og sæng, eða algjörðs skilnaðar, og fái einnig nægan tíma til að sínu leyti að gegna boði Laganna og þessarar tilskipunar. — 5) Að öðru leyti helzt óbreytt, eins og hingað til, sáttaumleitun sú af hendi yfirvaldsins, sem fyrirskipuð er í tilskipununum, að fram eigi að fara, áður en yfirvaldið leyfir hjónum að lifa aðskilin að borði og sæng, eða sendir meðmæli sín með bænaskrám hjóna, sem eru aðskilin að borði og sæng, um algjörðan hjónaskilnað.

1812 28. jan. **Opið bréf um heiðursmerki dannebrogsmanna** (LFI. 7. b. 408).

26. ág. **Konungsbréf um skifti eftir veraldlega embættismenn á Íslandi.**

Fr. VI. — — — Út af þessu — — — gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allramildilegast

skipa svo fyrir, að skifti eftir veraldlega embættismenn á Íslandi skal eftirleiðis gera sýslumaður sá, er næst býr. — — — 1812 28. ág.

Opið bréf kansellísins um fundið fé í sveitum (samkv. kgsúrsk. $^{24}/_{11}$ 1812[1]). 5. des.

(Ákveðið, að ákvæðin í opnu bréfi $^{6}/_{8}$ 1811 skuli einnig gilda í sveitum í »báðum ríkjunum, þó svo, að fundi skal lýst af prédikunarstóli og með uppfestum auglýsingum«).

Konungsbréf um fyrirkomulag á kirkjubókum. 11. des.

Fr. VI. o. s. frv. — — — Kirkjubækurnar skulu alstaðar í ríkjum Vorum vera tvennar og ritaðar í tvennu lagi og samkvæmt meðfylgjandi 7 skýrsluformum. Form þessi skulu prentuð, og skal hver prestur kaupa fyrir reikning kirkjunnar innbundna, gegnumdregna, bók með þeim í, sem hlutaðeigandi prófastur löggildir með nafni sínu og innsigli, en sóknarpresturinu ritar í hana skýrslur um alt prestakallið. Svo skal og djákni við hverja kirkju, eða forsöngvari, hafa aðra samskonar bók fyrir þá kirkju, sem keypt er á hennar kostnað, og er löggilt af sóknarpresti, og skal djákninn eða forsöngvarinn rita í hana undir umsjón prestsins. Prestur og djákni, eða forsöngvari skulu í vikunni fyrir jólaföstu og undir eins eftir páska bera þessar tvírituðu kirkjubækur saman, en aldrei mega þær þó vera eina nótt undir sama þaki báðar, og skulu prófastarnir á yfirreiðum sínum á ári hverju hafa eftirlit með því, að samanburður þessi sé gerður á bókunum, og árlega skýra biskupi frá því. Loks viljum Vér, að djákninn, eða forsöngvarinn, semji og, eins og áður hefir verið, sérstaka altarisgöngubók.

---

1) Um gildi þessa bréfs á Íslandi er sama að segja og um op. br. $^{8}/_{6}$ 1811.

1812
11. des.

Skýrsluform fyrir kirkjubækur.

Nr. 1 Fæddir. Karlkyns (kvenkyns[1]).

Nr.	Fæðingardagur.	Fult nafn barnsins.	Hvenær skýrt; í kirkju eða heima.	Nöfn foreldra, stétt þeira og heimili.	Nöfn guðfeðgina, stétt og heimi.	Hvar getið í samanburðarskránni.	Athugasemdir.

Nr. 2. Fermdir. Drengir. (Stúlkur[1]).

Nr.	Nafn og heimili hins fermda.	Nöfn og heimili foreldra eða húsbónda eða fósturforeldra.	Aldur fermda og fæðingardagur eftir skirnarseðli.	Kunnátta fermda og siðferði.	Hvenær bólusettur og af hverjum.	Hvar getið í samanburðarskránni.

Nr. 3. Giftir.

Nr.	Nafn brúðgumans, aldur, stétt og heimili.	Nafn brúðurinnar, aldur stétt og heimili.	Hverir svaramenn.	Giftingardagur.	Hvort gefið var saman í kirkju eða í heimahúsum, og þá dagsetning leyfisbréfsins.	Hvar getið í samanburðarskránni.	Athugasemdir.

1) á blaði fyrir sig.

1812
11. des.

Nr. 4. Innkomnir í sóknina.

Nr.	Nafn.	Aldur.	Stétt.	Hvaðan kominn.	Hvar getið í samanburðar-skránni.	Athugasemdir.

Nr. 5. Burtviknir úr sókninni.

Nr.	Nafn.	Aldur.	Stétt.	Hvert burt vik-inn.	Hvar getið í samanburðar-skránni.	Athuga-semdir.

Nr. 6. Dánir. Karlkyns. (Kvennkyns[1]).

Nr.	Dauða-dagur.	Greftr-unar-dagur.	Fullt nafn hins dána.	Stjett hans og heimili.	Aldur.	Hvar getið í samanburð-arskránni.	Athuga-semdir.

Nr. 7. Samanburðarskrá.

Nr.	Nafn	Hvar getið.						Athuga-semdir.
		sem fædds.	sem fermds.	sem gifts.	sem inn-komins.	sem burt-vikins.	sem dáins.	

1) á blaði fyrir sig.

1813 1. júli. **Opið bréf kansellisins um verðlaun fyrir björgun drukknaðra** (samkvæmt kgsúrsk. $^{21}/_{6}$ s. á.).

— — — Vér viljum allran. hafa verðlaun handa þeim, er bjarga mönnum, er sýnast dánir af drukknun, framvegis ákveðin 16 rbd. silfurverðs, ef þeir kjósa eigi fremur að fá minnispening fyrir slík afreksverk — — —

1814 3. marz. **Konungsúrskurður um heimild kansellísins til að staðfesta prófentugjörninga** — — —

Vér viljum allran. heimila kanselliinu að veita staðfestingu ad mandatum, og þegar atvik mæla með því, á prófentugjörninga, enda þótt næstu frændur mótmæli því, þó því að eins, að prófentumaður eigi enga lífserfingja.

1815 13. des. **Kenungsúrskurður um ættleiðingarleyfisbréf**[1]).

(Með úrskurði þessum var hinu danska kansellii[2]) veitt heimild til að útgefa ættleiðingarleyfisbréf að mandatum, þegar eigi væru börn til eða annað afkvæmi).

1816 25. jan. **Opið bréf (frá kanselliinu) um að lagaákvæðin um fatalia appellationis (frest til áfrýjunar) nái ekki til sakamála.**

Hans Hátign konunginum hefir 10. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða þannig: Vér viljum allramildilegast mæla svo fyrir, að ákvarðanir þær, er Lögin og tilskipanirnar innihalda um fatalia appellationis, nái eftirleiðis eigi til sakamála.

25. sept. **Konungsúrskurður um þóknun til setudómara í landsyfirdóminum**[3]).

(Með kgsúrsk. þessum var stiftamtinu (ráðherra)

1) Sbr. kgsúrsk. $^{23}/_{12}$ 1864, I, 2.
2) Sbr. nú augl. $^{22}/_{2}$ 1875, 17. gr. b., sbr. l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr.
3) Sbr. l. nr 31, $^{2}/_{11}$ 1914.

veitt heimild til að veita eftirleiðis löglærðum embættismönnum 10 rd. þóknun fyrir hvert mál, er þeir væru kvaddir til að dæma í sem settir dómarar í landsyfirdóminum). 1816 25. sept.

Tilskipun um skifti eftir andlegrar stéttar menn og um héraðsdóma í andlegum málum[1]). 27. nóv.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt — — — 1) Sá skiftaréttur og þar af leiðandi skyldur í tilliti til ómyndugra, sem hingað til hafa verið próföstunum á Voru landi Íslandi á hendur falin, skulu jafnótt sem núverandi prófastar deyja, framkvæmast af þeim verzlegu embættismönnum og réttarins þjónum, sem Vér á sérhverjum stað höfum tilskipað — — —. 4) Réttargangs málefni, sem ekki áhræra skyldu geistlegra embættismanna, eða breytni þeirra í embættisverkum, skulu ekki álítast sem geistleg mál, heldur skulu þau, án undantekningar, hvort sem hlutaðeigendur stefnast sem málspartar eður vitni, meðhöndlast og dæmast við þá almennilegu dómstóla. — 5) Þegar prófasta réttarhald skipast til dóma um geistleg málefni við undirrétt, á sá verzlegi undirdómari, þar sem réttur sá verður haldinn, bæði sem dómari og skrifari að þjóna þeim rétti. Undirdómarinn og prófasturinn skulu hafa sæti í réttinum eftir hvors þeirra metorða-röð (rang). — 6) Sömuleiðis á veraldlega sækjendur að setja í þeim málum, sem við þá rétti verða fyrir tekin.

Konungsbréf um metorð dómstjóra landsyfirréttarins (LfI. 7. b. 654). 6. marz

Opið bréf (frá kanselliinu) um rétt yngri veðhafa[2]). 1817
Hans Hátign konunginum hefir 2. þ. m. allra- 22. apr.

---

1) Sbr. kansbr. $^{31}/_{5}$ 1823.
2) Sbr. l. nr. 16, $^{16}/_{9}$ 1893, 1. gr.

1817 mildilegast þóknazt að skipa svo fyrir, sem nú skal
22. apr. sagt: 1) Þegar fasteign, að undangengnum dómi og fjárnámi, er seld á opinberu uppboði, og kaupverðið nægir ekki til þess, að hinir yngri veðhafar fái borgun skulda sinna, þá má, án þess að frekara sé að gjört, afmá skuldabréf þeirra úr veðbókinni. — 2) Sama er og, ef skiftarétturinn, eftir að uppboð hefir reynt verið, fær veðhafa sjálfum til eignar fasteign, og yngri veðhafar geta þó eigi fengið borgun skulda sinna af þeirri upphæð, sem hún er látin fyrir. — 3) Hvernig sem á stendur, verða þó, til þess að afmá megi veðbréfin úr veðbókunum, að hafa haldin verið þrjú uppboð á eigninni og hvert uppboð að hafa verið auglýst með 14 daga fyrirvara þrisvar sinnum í röð í ríkistíðindunum og héraðsblaðinu[1]).

16. júlí. **Tilskipun um árlegar verðlagsskrár á Íslandi[2]).**

Vér Fr. VI., o. s. frv., kunngjörum: að hér eftir skal árlega setja kapítulstaxta á Voru landi Íslandi, og með tilliti hér til skulu Vorir embættismenn frá Voru rentukammeri fá þau nauðsynlegu boðorð. Og viljum Vér allranáðugast, að allir skattar og afgjöld til Vor, ásamt allri landsskuld, tíundum og yfir höfuð að segja, öllum afgjöldum til embættismanna og opinberra stiftana, skuli, þegar þau áskilin eru í landaurum, en verða ekki af hlutaðeigendum afgreidd í tilteknum skileyri, gjaldast eftir fyrgreindum kapítulstöxtum, þó svo, að hafi sá, sem gjalda á, öðlast rétt til að kjósa sér annaðhvort að mega í landaurum gjalda, eða með ákveðnu peningaútsvari, eigi hann framvegis völina, þannig sem Vor tilsk. af 20. marz 1815 í § 21 hefir ákvarðað.

---

1) Sbr. tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 10. gr., l. nr. 18. $^{4}/_{11}$ 1887, 3. gr., l. nr. 1, $^{12}/_{1}$ 1900, 17. gr., l. nr. 32, $^{16}/_{11}$ 1907.

2) Sbr. l. nr. 16, $^{6}/_{11}$ 1897, l. nr. 22, $^{13}/_{9}$ 1901.

Kans. umbbréf um skýrslur um skifti. (Eigi birt á Íslandi). 1817 29. nóv.

(Executores testamenti skili skiftarétti skiftagjörðum eigi síðar en 3 mán. eftir skiftalok).

Opið bréf (frá kanselliinu) um vald amtmanna til að kveðja menn á sáttafund í hjónaskilnaðarmálum[1]). 1818 10. febr.

Hans Hátign konunginum hefir 28. f. m. allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir: 1) að þegar presti þykir þörf vera á, að hjón mæti fyrir sér, til þess að hann geti komið við sáttaumleitun þeirri, er ræðir um í tilsk. 18. okt. 1811, en annað þeirra gegnir því eigi að koma, þá skuli hann skýra amtmanni frá því, og — 2) að amtmenn, bæði þegar svo stendur á, sem nú var sagt, og eins endrarnær, þegar þeir kveðja menn til að mæta fyrir sér, skuli hafa heimild til að leggja fyrir þá að mœta á hinum tiltekna stað og tíma að viðlagðri 2 til 10 rd. sekt silfurverðs til fátækrasjóðs. — — —

Siglufjörður löggiltur útliggjarastaður. (LfI. 7. b. 790[2]). 10. maí.

Opið bréf viðvíkjandi uppboðum í dánar- og þrotabúum[3]). 30. júní.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Þegar lausafé er selt á uppboði í dánar- og þrotabúum, skulu uppboðsskilmálarnir, engu síður en þegar fasteignir eru boðnar upp, liggja undir samþykki hlutaðeigandi skiftaráðanda. — 2) Reiðu peningar, sem innheimtumenn veitu móttöku á lausafjáruppboðum í búum þessum, skulu greiddir skiftaráðanda innan 8 daga eftir uppboðið. — 3) Ef innheimtumenn skila eigi peningum þeim, er þeir hafa þannig tekið við, í tæka tíð, skulu þeir upp frá þeim tíma — — — greiða 6 af hundraði í vöxtu af upphæðinni, og auk

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I, 1. c.
2) Sbr. op.br. $^{28}/_{12}$ 1836, 1. gr.
3) Sbr. skiftalög $^{12}/_{4}$ 1878, 30.—31. gr.

1818 þess lúka sekt til fátækra fyrir dag hvern, frá 2 rik-
3. júní. isbankamörkum til 2 rbd. silfurverðs, eftir málavöxtum; og hinu sama skulu innheimtumennirnir og sæta þótt öðru vísi standi á, ef þeir láta dragast að skila í tæka tíð fé, er þeir hafa veitt móttöku. — 4) Þegar seldar eru vörur og lausafé í dánar- eða þrotabúum, má aldrei veita meiri innheimtulaun en 4 af hundraði. — 5) Af peningum, sem borgaðir eru út í hönd, mega innheimtumenn aftur á móti að eins taka hálf innheimtulaun. — 6) Við öll vöru- og lausafjáruppboð, hvort sem þau eru á búum eða fyrir einstaka menn, skulu uppboðsskilmálarnir fylgja skránni yfir það, sem selja á, hvort sem hún er prentuð eða skrifuð, og vera að finna næst á eftir titilblaðinu, og auk þess skal festa skilmálana upp í herbergi því, er uppboðið er haldið í, á hentugum stað, til þess að allir geti kynt sér þá, sem vilja. — 7) Eins og það er berum orðum boðið í op. br. um skifti í aðseturstað Vorum Kaupmannahöfn, 21. marz 1809, að uppboðsandvirði fasteigna, sem bú lætur selja, skuli ávalt greiðast skiftaráðanda, en eigi koma í hendur innheimtumanns, eins skulu fyrirmæli þessi, sem eru samkvæm hlutarins eðli, einnig vera lög utan Kaupmannahafnar, og skulu þau auk þess héðan í frá einnig ná til uppboðsandvirðis fyrir hlutabréf og skuldabréf, hvort sem þau eru opinber eign eða eign einstakra manna, sem seld eru í dánar- eða þrotabúum.

19. ág. **Konungsúrskurður um hækkun á lyfjaverðskránni að því er Island snertir.**

(Með úrskurði þessum var lyfsala einum á Íslandi veitt leyfi til að selja lyf við 10% hærra verði en ákveðið væri í lyfjaverðskránni dönsku, og er í kansbr. 27. maí 1820 álitið, að sú ákvörðun nái til allra lyfsala á Íslandi).

Opið bréf, sem fyrirbýður auktiðns-höldurum að láta sér tilslá nokkuð af því, sem þeir sjálfir ellegar aðrir þeirra vegna við auktiðnir selja[1]). 1819 19. marz

Með allrahæstum úrskurði hefir konunglegri Hátign þóknazt þann 10. þ. m. að ákvarða: 1) Að sérhverjum auktiónshaldara skuli fyrirboðið vera sjálfum að kaupa eður aðra sér til handa kaupa láta nokkuð það á þeirri auktión, sem hann sjálfur eða annar hans vegna heldur. -- 2) Að hann ekki halda megi auktión á eigin gózi sínu; þó sé það frá skilið, sem honum í launa stað útlagt verður sem fógeta (undiryfirvaldi), og — 3) Að sá, sem í því tilfelli skipaður verður til að halda auktiónina, njóta skuli fyrir það einungis hálfra launa, en hin helftin vera þess, hverjum annars ber auktiónshaldið.

Opið bréf um uppreist á dómum til áfrýjunar. 2. júní

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum kunnugt — — — 2) Þegar uppreist hefir veitt verið til að áfrýja dómi eða annari réttargjörð, en hún er eigi notuð innan 4 vikna frá dagsetningu leyfisbréfsins, þá skal það vera úr gildi fallið.

Opið bréf, er ákveður nákvæmar forgangsrétt þann, er sumar kröfar eiga.[2]). 23. júlí

Hans konunglegri Hátign hefir þóknazt þann 7. þ. m. allranáðugast að úrskurða: að allar þær skuldakröfur, hverjum lög og tilskipanir veita forrétt við skuldasamkröfur (ɔ: í þrotabúum) fyrir einföldum handskriftakröfum, skuli framvegis forrétt hafa fyrir kröfum, fyrir hverjum veð er sett (pantur) í öðru fé en fasteignum, þó svo, að þessi fyrirskipun ekki skerði annara nú þegar fenginn pantrétt.

---

1) Sbr. l. nr. 2, $^{14}/_{1}$ 1876, 28. gr.
2) Sbr. op. br. $^{11}/_{12}$ 1869, og skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 82.—89. gr.

1819 30. júli. **Kans. bréf um vald háyfirvalda til þess að ákveða málskostnað í opinberum málum, að malflutningslaunum undanteknum** (kgsúrsk. 14. s. m.).

(Ákveðið að dómstólar skuli eigi framvegis ákveða dagpeninga handa sækjanda og verjanda eða önnur útgjöld, er þeim manni, sem dæmdur er í sakamáli, ber að greiða, heldur skuli yfirvaldið ákveða þessi gjöld).

4 ág. **Tilskipun um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir**[1]).

Vér Frv. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Bæði eftir hlutarins eðli og grundvallarreglum laga Vorra verður að álita það almenna borgaraskyldu hvers þess, er býðst færi á að bjarga manni, sem er í lífsháska, að beita til þess þeim meðulum, er hann fær til náð, og sérstaklega skal það því vera skylda hvers þess, sem sér mann vera að drukkna, að gjöra tafarlaust sjálfur eða með tilstyrk annara, sem hann kallar til hjálpar, alt það, er unt er eftir atvikum, til þess að ná manninum upp úr og fá gerðar við hann lífgunartilraunir þær, er bezt eiga við, og má heldur enginn, þegar svo stendur á, skorast undan að veita þá hjálp, sem hann getur í té látið. — 2) Það skal einnig vera almenn skylda að annast um, að hengdir menn séu teknir niður hið bráðasta, og að allra þeirra bjargarmeðala sé neytt, sem kostur er á, og yfir höfuð að gera það, sem unt er, til að bjargá hverjum þeim, sem á voveiflegan hátt hefir slasast eða af öðrum sökum getur enga björg sér veitt. — 3) Auk þess sem það, samkvæmt 1. og 2. gr., er skylda að annast tafarlaust um, að hinum drukknaða sé komið á land, og að hinn hengdi sé niður skorinn, og að beitt sé bráðabirgðabjargráðum, skal það ennfremur vera skylda hlutaðeiganda, að leita hið fyrsta læknishjálpar,

1) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 201. og 311. gr.

ef eigi er svo ástatt, að þeir séu fullvissir þess að 1819
geta lífgað manninn án læknishjálpar. Einnig á 4. ág.
þegar í stað að skýra lögreglustjóranum frá atburðinum, eða til sveita sóknarpresti eða hreppstjóra, ef skemmra er til þeirra, og skal það gert sumpart til þess, að embættismenn þessir eða sýslunarmenn geti, þangað til læknir kemur, séð um rétta meðferð á hinum sjúka, og sumpart til þess að þeir geti gert ráðstafanir þær, er þörf er á, ef einhver kynni að hafa til ábyrgðar unnið. — — —

Tilskipun um sektir fyrir óþarfa málsýfingu.

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 11. ág.
1) Bætur fyrir óþarfa þrætur eiga framvegis ekki að áleggjast málsparti einmitt þess vegna, að hann eftir réttvísinnar grundvallarreglum dæmast á til að gjalda málskostnað mótparti sínum, heldur skulu þær heima eiga, hvar málspartur álízt, án nokkurra sanngjarnra röksemda, hafa höfðað mál eða neytt mótpart sinn til málssóknar, ellegar hafi hann að öðru leyti viðhaft augljós undanbrögð til málalengingar eður og líka til að spilla rétti mótparts síns. Sömuleiðis ber þann til þeirra bóta við fyrsta rétt að dæma, sem ekki eftir skyldu sinni mætir til fyrirskipaðra sættatilrauna. Annars er sjálfsagt, að ef breytni þess, sem sekur verður um bætur fyrir óþarfar þrætur, einnig í öðru tilliti verðskuldar lagastraff, á ekki þeim seka að hlífa við þeim bótum ásamt. — 2) Þessar bætur, sem, eins og hingað til, bera justitskassanum, skal ákvarða, samkvæmt eðli yfirsjónarinnar og efnum málsparta, svo, að við hæstarétt verði þær frá 40 til 200 rbdl., við yfirréttina — — — 10 til 50 rbdl., en við undirréttina alment frá 4 til 20 rbdl., alt í silfri.

Kanselliumb.bréf um skýrslur um andvana fædda (LfI. 21. sept.
8 b. 70).

1819 13. okt. **Tilskipun um breyting á réttarfarinu í opinberum málum**[1]).

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Eins og dómarans skylda er eftir tilsk. frá 3. júní 1796, § 25, að standa fyrir þar nefndu frumprófi, sé það og skylda, þegar samt einhverja skýrslu enn vantar, sem nauðsynleg er til dómsáleggingar, þó sóknari (actor) og svaramaður (defensor) nefndir séu, hans eins og án þessara viðurvistar, að halda fram rannsókn þess háttar máls með ýtarlegri yfirheyrslu ákærða eða annara manna, sem skýrslu fá gefið um málið, alt eins þó þessir eiðfesta eigi vitni sín; þó skal, ef eið ber að vinna, svaramenn setja til þess að gæta réttar hins ákærða, sé þessi í varðhaldi undir umdæmi svo fjarlægrar lögsagnar þeim stað, hvar vitni leiðast, að hann verði ekki hæglega til viðurvistar þangað færður. — 2) Með þessu fritakast samt ekki sóknari eða svaramaður frá fullnægjugjörð lagaskyldu þeirra, að ala önn fyrir fullnógri upplýsingu málsins; en að því leyti það, sem hana á brestur, útvega þarf við ýtarlegri rannsókn, haldi þeir sjer þar um einungis til dómarans, sem þá breytir eftir § 1, finni hann þá rannsókn nauðsynlega. — 3) Þar eð óþarfi er, bæði eftir eðli málsins og ástæðum plakatsins frá 28. marz 1800, þegar sá ákærði sjálfur kannast við það, sem hann ákærist um, að vitni, hverra framburðum ber saman við játningu hans, eiðfesti þessa, á ekki í þvílíkum tilfellum að kalla þau vitni til eiðs. Þó er auðvitað, að þessu ber ekki að fylgja, þegar vitnisburðir áhræra eitthvað áríðandi fyrir afdrif málsins, sem engin skýlaus játning hins ákærða finnst um, ekki heldur þá, hvar ráða má af málavöxtum, að eitthvað þess háttar megi framkoma, þegar eiður vitna er um krafinn. — 4) Þó að lög bjóði skýrslur að útvega um undanfarið framferði þess ákærða,

1) Sbr. tilsk. $^{24}/_{1}$ 1838, 15. gr.

einkum hvort hann sé áður að nokkuru lagabroti upp- 1819
vís orðinn, sem olla eigi straffs herðingar fyrir þann 13. okt.
glæp, sem hann þá ákærist um, framar en annars, skal samt í þessum tilgangi enga sérlega rannsókn taka, þar sem hinn ákærði áður dvaldi, nema sérleg atvik geri líklegt, að þar við uppgötvist eitthvað, sem verka megi til afdrifa málsins. En yfir höfuð sé það nægilegt, að sá ákærði lýsi nákvæmlega æfi sinni, og að sú lýsing, að því leyti verður, berist saman við vitnisburði hans og vitni frá prestum, frá ströffunarstöðum og við önnur skilríki, sem útvega má án sérlegra umsvifa. — 5) Dómaranum ber, að því leyti ásigkomulag málsins það leyfir, að ala önn fyrir, að nauðsynlegir vitnisburðir og skilríki annarstaðar að krefjist svo snemma, að málið ekki draga þurfi þeirra vegna. — 6) Að öðru leyti áminnist hver dómari um, sem áhyggjusamlegast þess að gæta, að justitsmál í öllu tilliti framist með tilætluðum hraða, bæði eftir þessu lagaboði, tilskipun frá 3. júní 1796 og fleirum lagasetningum um þessi efni, með hverju bæði hlutaðeigandi yfirvöldum og yfirdómstólum ber hið nákvæmasta tillit að hafa.

Kans. umb.bréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtu- 16. nóv.
mönnum.

(Sagt að ef gjaldheimtumaður gerir sátt við skuldheimtumenn sína, þá skuli berum orðum tekið fram í sáttinni, að fullnæging hennar með fjárnámi skuli eigi vera til tálmunar rétti þeim, er sjóður konungs hafi á hendur gjaldheimtumanni samkvæmt tilsk. um »kammerréttinn« $^{18}/_{3}$ 1720 og tilsk. $^{30}/_{1}$ 1793, og að aðför samkvæmt slíkum sáttum megi eigi fara fram áður en stjórnarráði því, er hlut á að máli, hafi verið frá því skýrt, enda hafi það leyft aðförina).

1820 21. jan. **Opið bréf (frá kanselliinu) um gildi sátta, sem gjörðar eru fyrir dómi[1]).**

(Ákveðnar aðfararhæfar).

25. jan. **Opið bréf (frá kanselliinu) um boð á uppboðsþingum.**

Hans Hátign konunginum hefir 12. þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða svo: Að boð við auktiónir, sem ekki er gilt metið innan 6 vikna frá hennar lokum, ekki skuldbindi framar þann, er bauð, nema útþrykkilega áskilið sé í auktiónaskilmálunum, og þeim lýst að lögum, að sá, er bauð, skuli lengur skyldur að standa við boð sitt; skal sú regla alt eins gilda, hvort sem ekkert (auktións) hamarsslag skeður, svo að ný auktión verði haldin, ellegar hamarsslag gefst með skilyrði um frekara samþykki.

19. ág. **Umburðarbréf kanselliisins um sáttatilraun í hjúskaparmálum.**

(Sáttanefndum bannað að leita sátta milli hjóna, er ætla að fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng, um fjárskifti þeirra o. fl., fyrr en þau hafi sýnt vottorð samkvæmt tilsk. $^{18}/_{10}$ 1811, 1. gr. um sáttaumleitun sálusorgara þeirra).

15. des. **Opið bréf (frá kanselliinu) um birting á stefnum fyrir stroknum föngum.**

Hans Hátign konunginum hefir 6. þ. m. — — — allramildilegast þóknazt að úrskurða á þá leið: Að þegar sakamálum er stefnt fyrir æðra rétt, skuli sú fyrirkallsauglýsing gild álítast, sem fram fer í fangelsinu, þó fanginn kynni þaðan að vera strokinn.

1821 19. jan. **Tilskipun innihaldandi ákvarðanir um afhendingu nokkurra stykkja af prentuðum ritgjörðum m. fl. til þess mikla konunglega- og háskólans bókasafna[2]).**

— — — 2) (Ákveðið, að skylda sú, er hvíli á

1) Sbr. l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887. 1. gr.

2) Sbr. l. nr. 80, $^{22}/_{11}$ 1907.

bókaútgefendum í Kaupmannahöfn til að afhenda kgl. bókasafninu þar prentuð rit, skuli meðal annars ná til Íslands. »Sömuleiðis skulu frétta- og vikublöð, prentaðir listar yfir bækur, koparstungur, steinprent og þess háttar, einnig yfir mynta—, konsta—, og náttúruverkasöfn afhendast framvegis alt eins háskólans og konungsins mikla bókasafni, en aðrir prentlistar, auktióna-auglýsingar, brúðkaups- og erfiljóð séu, sem fyrri, fráskilin afhendingu til bókasafnanna«). — 3) (Konungl. bókasafnið fái 2 eintök, annað á skrifpappír, hitt á prentpappír, en háskólabókasafnið 1, á skrifpappír). 1821 19. jan.

Tilskipun um laganám við Kaupmannahafnar háskóla (birt hér). 26. jan.

— — — **15)** — — Um þá, er eftir birtingu þessarar tilskipunar ganga undir lagapróf, er það ákveðið, að venjulega skuli engir aðrir en þeir, er tekið hafa fullkomið lagapróf, koma til greina, er skipa skal í embætti, svo sem dómendur í hæstarétti, og allir undir- og yfirdómarar — — — skrifstofustjórar í Voru danska kansellíi — — — Einnig geta þeir (ɔ: þeir, er lokið hafa svo nefndu lagaprófi án þess að vera student, svo nefndu »kuskprófi«) komið til greina, er skipa skal í sýslumannaembætti á Íslandi — — — **16)** — — Það er ákveðið, að beztu einkunn — — — þurfi til þess að fá veitingu fyrir embætti sem — — hæstaréttar- og yfirréttardómari — — — skrifstofu- og deildarstjórar í voru danska kansellíi. Enn fremur skal í tillögum til embættaveitinga sérstaklega tekið tillit til prófseinkunnar, þótt eigi sé ófrávíkjanlega krafizt beztu einkunnar til þess að fá embættið — — —

Konungsúrskurður um réttindi ræðismanna annara ríkja (kansumbbréf $^{12}/_{5}$ 1821). 25. apr.

(Ákveðið: **1)** Að menn leysist eigi, þótt ræðismenn verði, undan gjöldum og kvöðum, hvorki per-

1821 sónulegum né þeim, er leiðir af borgaralegri stöðu,
25. apr. er þeir hafa hingað til haft, um fasteignir, atvinnu eða eignir, ef þeir eru þegnar konungsins. Þó eru hér undanskilin þau persónuleg störf, er lögð eru sem borgaraskylda á borgara eða íbúa bæjar, svo og sérhver borgaraleg kvöð, er hefir í för með sér persónulegan starfa[1]). — 2) Að þegnar annara ríkja, er sendir eru í ríki konungsins sem ræðismenn, skuli lausir undan sérhverri persónulegri byrði og persónulegum gjöldum, meðan þeir eignast eigi fasteignir hér í landi eða reka borgaralega atvinnu, og skulu þeir þá svara af fasteignum sínum og atvinnu á sama hátt og þegnar konungsins, og beri í því efni að telja þá til þeirra; og — 3) Að þeir skuli að eins eigi vera háðir lögsögu landsins um ræðismannsstörf sín, hvort sem þeir eru þegnar konungs eða eigi áður en þeir voru viðurkendir. Þar á móti skulu þeir um samninga, er þeir gjöra hér á landi, og skuldbindingar, svo og um fasteignir, ef þeir eiga þær hér, eða reka borgaralega atvinnu, svo og í sakamálum (in criminalibus) vera háðir lögum og stjórnarskipun landsins, og því hlíta sömu lögsögu sem þegnar konungs).

6. júní. **Konungsúrkurður um löggilding danskra lagaboða á Íslandi[2]).**

(Með konungsúrsk. þessum var kansellíinu veitt heimild til að láta eftirleiðis birta á löglegan hátt á Íslandi til eftirbreytni almenn lagaboð, er út kæmu fyrir Danmörku, ef kansellíið, þegar það hefði skrifazt á um málið við rentukammerið eða hlutaðeigandi háyfirvöld á Íslandi, áliti vafalaust, að eitthvert slíkt lagaboð ætti við þar).

---

1) Sjá op. br. kansellís $^{26}/_{9}$ 1834.
2) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, innganginn.

Opið bréf (frá kanselliinu) um kyrrsetning á útlendum manni sjálfum eða fjármunum hans. 1821 30. nóv.

Hans Hátign konunginum hefir 21. þ. m. — — — allramildilegast þóknazt að úrskurða á þessa leið: Með því að meiningamunur hefir verið um það, hvar sá maður, sem látið hefir samkvæmt landslögum kyrsetja útlendan mann sjálfan eða fjármuni hans, á að höfða mál það til staðfestingar kyrrsetningunni, sem Laganna 1—21—20[1]) segir fyrir um, þá skal hér með samkvæmt hlutarins eðli, anda Dönsku Laga og því, sem útlend lög fyrirskipa um það efni, gefin sú authentisk skýring á Lögunum: Að í fyrrnefndu tilfelli skuli málinu að öllu leyti fram fylgja við reglulegt varnarþing þar, hvar lagahaldið er á lagt, og sé það lagt á eigur, sem útlendingur á í ýmsum lögsagnarumdæmum í (Dana-)konungsríkinu, þá þar, hvar haldið fyrst var á lagt, nema það mál, eftir sérlegu ásigkomulagi þess, eigi fyrir annan rétt í ríkinu að leggjast. Dvelji sá lögsótti ekki í (danska) ríkinu eða hafi þar annan umboðsmann en þann, sem varðveitir eigur hans, ber málinu um álagt hald þeirra að framfylgja eftir stefnu til þess manns. En þó skuldunautsins bú verði þrotabú erlendis, og þetta auglýst áður en lagahald varð á eigur hans lagt, skal það ekki tálma þeim, sem haldið fékk á lagt, að fram fylgja því máli, eins og fyrr segir, og síðar meir af þeim kyrsettu eignum að fá útlag gjört.

Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o. fl.[2]) 19. des.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — —

1) Að bæði póstkassinn og allir aðrir konunglegir fjársjóðir, eins þeir, sem í kammerréttarorðunni frá 18. marz 1720 ekki útþrykkilega nafngreinast, skuli hjá þeim, hverra skylda er að veita viðtöku konungs tekjum, hvort sem þessir eru þeir eiginlegu

1) Norsku Laga 1—19—20.

2) Sbr. tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 18. gr. og skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 83. gr.

1821 svo nefndu gjaldkerar, ellegar þeim er einungis fyrir
19. des. þeim vörzlum trúað sem verki sameinuðu öðru embætti, njóta fyrir kröfur sínar sama forgangsréttar og vissu, sem nefnd fyrirskipan, ásamt tilskipun frá 30. jan. 1793 í § 40 áskilur konungs fjársjóðum hjá þar til nefndum embættismönnum. — 2) Að sá forgangsréttur, sem póstkassanum ber til gjaldkera eigna, einninn gilda skuli um peningabréf og dýrgripi, sem afhendast póstmeisturum til burtsendingar með bögglapóstum, fyrir hverjum póstkassinn standa skal í ábyrgð, ef tapast við póstþjóna ótrúmensku ellegar hirðuleysi[1]). — 3) Að ómyndugir og aðrir, hverra eigur eða fjársjóðir, að laga og tilskipana boðum, setjast undir konunglega skipaðra yfirvalda ellegar réttarþjóna stjórn og vörzlur, sömuleiðis njóta skuli þess forgangs- og pantréttar hjá þessum, sem § 1 ákveður. — — — 4) Að Vort danska kanselli vera skuli það stjórnarráð, hvar, samkvæmt tilskipun frá 30. janúar 1793 § 40, leyfis til afhendingar ellegar veðsetningar beiðast á af þeim í nr. 3 í nefndu embættismönnum, og skal því þess vegna skýrslu senda, þegar einhver þeirra embættismanna verður um skuldir lögsóttur. Alt eins ber samþykki þessa stjórnarráðs að öðlast, áður en hjá þvílíkum embættismanni verði útlag eftir sætt framkvæmt. Þó má og nauðsyn verða, að því leyti sömu embættismenn undir eins veita vörð vorum tekjum, einnig að halda sér til þess stjórnarráðs, undir hvers umsjón þvílíkar tekjur lagðar eru. — — —

1823 **Konungsbréf um sektavald amtmanna.**

3. jan. Fr. Vl. o. s. frv. Eins og það er ákveðið í konungsbréfi 3. júní 1785, til þáverandi stiftamtmanns og amtmanna á Sjálandi, að þeir, sem sýni hirðuleysi með flutning á umburðarbréfum eða láti þau glatast,

---

1) Sbr. l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1907, IV. kafla.

skuli eftir ákvæðum háyfirvaldsins greiða hæfilega sekt eftir atvikum til fátækrasjóðs, alt að 2 rd., en hið sama skal einnig gilda um ummæli og skýrslur, sem hlutaðeigendur eru krafðir um í embættismálum, þannig viljum Vér og hér með veita amtmönnum á Íslandi heimild til að gera hlutaðeigendum í umdæmum þeirra sektir, alt að 2 rd., þegar eins stendur á og í nefndu konungsbréfi er ráð fyrir gjört. 1823 3. jan.

Opið bréf um testamenti og notarialgjörðir. 8. jan.

— — — 6) Við svarakröfur (til mannanefnda) skulu munnleg andsvör hlutaðeigenda, ef þessir fyrir synja, ekki gjörast að álitum, nema svarakrafan sé framsett af notario plublico. — 7) Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario upplagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni. Þó má, ef við þarf annar áreiðanlegur maður — — — setjast — — — til að framkvæma verk hans í forföllum þessa embættismanns, og ber þess í gjörðunum, sem útgefast, að geta, er þau verk af þvílíkum útréttast. — 8) Loksins ber notario til alls, er honum við kemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka.[1]) — — —

Kansellíbréf um þýðingu dómsgjörða landsyfirdómsins (sjá við tilsk. 11/7 1800). 3. maí.

Opið bréf um framsal þrotabúa[2]). 14. maí.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt — — — hvers vegna Vér allranáðugast viljum hafa fyrirskipað og ákvarðað: Að útgáfa lagafyrirkalls (proclamatis) í búi, sem framselt er til skiftagjörðar, ekki skuli hindra mega búsins afhendingu til þess, er það uppbauð ellegar gjaldþrota varð, þegar allir þeir lánar-

1) Sbr. l. nr. 16, 11/7 1911, VI. kap., l. nr. 2, 13/1 1882, 10. gr. og l. nr. 3, s. d., 11. gr.

2) Sbr. skiftal. 12/4 1878, 90. gr.

1823 drottnar, sem hafa gefið sig fram, verða þar á sáttir,
14. mai. þó fyrirkallsfresturinn eftir proclamatinu sé eigi útrunninn.

17. mai. **Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o. fl.**

— — — Hans Hátign konungurinn hefir því 30. f. m. — — — með allrahæstum úrskurði fallizt á: 1) Að — — — öllum reglulegum skiftaráðendum skuli fyrir lagt, þegar er innköllun er út gefin í búi, að leita upplýsingar í veðbókinni um það, hvort konungssjóður yfir höfuð, ríkisskuldasjóðurinn — — — eða nokkur (önnur) undir lok liðin konungleg stofnun, er fjármunir hennar hafa runnið í ríkisskuldasjóðinn, eða, að lokum, nokkur opinber stofnun, eigi nokkurt tilkall til eigna búsins, og ef svo er, skuli hann, ef utan Kaupmannahafnar er, tilkynna það hlutaðeigandi háyfirvaldi, er aftur skýrir ríkisskuldastjórninni eða stjórn hlutaðeigandi opinberrar stofnunar frá því. — — — 2) Að öllum skiftaráðendum skuli sömuleiðis boðið, ef þeir fá vitneskju um það, af skuldalýsingum í bú eða á annan hátt, að veðskuldabréf, er veð er fyrir í fasteign, er búið er á, er veðsett aftur opinberri stofnun, eða gefa skýrslu um það á sama hátt og áður er sagt, ef stofnunin hefir ekki þá þegar sagt til skuldar sinnar í búinu. — — — 3) Að öllum uppboðshöldurum skuli boðið, þegar fasteignir á að selja á uppboði, að undangengnu fjárnámi, og fyrrnefndir konungssjóðir eða einhver opinber stofnun á síðri veðrétt í þeim en uppboðskrefjandinn, að leita, þegar er beiðzt er uppboðsins, áðurnefndra upplýsinga í veðbókunum, og gefa síðan tafarlaust skýrslu á fyrrgreindan hátt. — 4) Að sama skylda skuli hvíla á öllum uppboðshöldurum, þegar er beiðzt er uppboðssölu á fasteignum, sem bú það á, er executores testamenti (skiftaforstjórar, er í erfðaskrá eru til nefndir) skifta. — 5) Að vottorð þau úr

veðbókunum, er skiftaráðendur, uppboðshaldarar og skiftanefndarmenn (en um skyldur þeirra í ofangreindu efni mun það, sem þarf, verða tekið fram í skipunarbréfum þeirra) beiðast sökum ofangreindra fyrirmæla og að eins til að fullnægja þeim, skuli veitt ókeypis. 1823 17. maí.

Kansellibréf um meðferð lögreglumála í yfirdómi (LfI. 8. b. 429). 17. maí.

(Stefnur í þeim og skipun talsmanna fer eftir sömu reglum sem í öðrum opinberum málum).

Kansellibréf um prófastsdóma. 31. maí.

Með bréfi þessu var stiftamtmanni og biskupi tjáð til þókn. leiðbeiningar og birtingar: — 1) að meðdómendur þeir, er fyrr sátu í prófastsdómum, þurfi eigi lengur að mæta; — 2) að það skal fara eftir lögtign héraðsprófasts og sýslumanns, hvorum þeirra beri forsætið í dóminum, en ef þeir hafa eigi lögtign, skuli embættisaldur ráða, talinn frá því er þeir fyrst fengu embætti; — 3) að dómendum skuli falið að setja dóminn annaðhvort á hinum venjulega þingstað eða öðrum hæfilegum og fyrir málsaðilja hagkvæmum stað; — 4) að ekkert sé á móti því, að hin veraldlega þingbók sýslunnar sé notuð við próf og dóma í andlegum málum.

Önundarfjörður löggiltur útliggjarastaður (LfI. 8. b. 444[1]). 31. maí.

Konungsúrskurður um staðfesting á gjafabréfi Einars Jónssonar til fátækra í Kirkjubólshreppi (LfI. 8. b. 461). 19. sept.

Opið bréf um verðlaun fyrir björgun drukknaðra. 4. okt.

Hans Hátign konunginum — — — hefir 24. f. m. þóknazt að úrskurða svo: »Enda þótt Vér viljum að analogíu allrah. úrskurða þeirra, er birtir eru með

1) Sbr. op. br. $^{28}/_{12}$ 1836, 1. gr.

1823 op. br. kansellísins $^{14}/_{9}$ 1798 og $^{1}/_{7}$ 1813, þar sem launum er heitið fyrir björgun manna, er drukknaðir
4. okt. sýnast, skuli framvegis beitt um þá, er bjargað hafa einhverjum, sem staddur var í hættu af drukknun, enda þótt hann verði eigi talin til þeirra, er druknaðir sýnast, þá skal þó björgunarmanninum hvorki veittur minnispeningurinn né öll fjárhæðin, þegar svo er á statt, þegar björgunin ekki útheimti sérstaka hugprýði né áreynslu. Þar á móti skal nokkur hluti fjárhæðarinnar, eftir mati kanselliis Vors, veitt þeim, er hlut á að máli, ef talið verður, að framkoma hans alt að einu eigi upphvatningu skilið.

1824 **Erindisbréf landlæknis á Islandi.**

25. febr. *Almennar skyldur hans.* 1) Landlæknir á Íslandi á að búa á þeim stað í umdæmi sínu, sem er eða verður þar til ákveðinn, og skal þá til greina tekið, bæði að hann búi svo hagkvæmt sem unt er fyrir þá, er þurfa hjálpar hans, og jafnframt, að hann sé í námunda við háyfirvaldið eða eitt háyfirvaldanna í umdæmi hans. — 2) Hann má eigi fara af landi burt án leyfis stiftamtmanns, og þó að eins ákveðinn tíma, og setur þá stiftamtmaður eftir tillögu landlæknis annan prófaðan lækni til að gegna störfum hans. — 3) Heima á hann að auglýsa, hvar hann er að hitta á ferðum og í sjúkravitjunum, svo að þeir, er þá leita hjálpar hans, megi fá leiðbeiningar til að finna hann. — 4) Hann á tafarlaust að koma til allra sjúkra, er þurfa hans og biðja hann læknishjálpar. Skyldu þessari á hann að fullnægja jafnt á nótt sem degi og jafnt, hvort sem ríkir eða fátækir eiga í hlut, og hvort sem þeir eiga heima fjær eða nær, er hans vitja, svo sem unt er og nauðsyn krefur. Þó skal hann fá ókeypis fæði og öruggan fararbeina, en verður þó um fararbeina að láta sér nægja það, er hver má í té láta eftir efnum og ástæðum. — 5) Landlæknir skal láta

sér ant um alt, er efla má heilbrigði landsbúa og viðhalda henni. Hann skal eftir föngum beina athygli sinni að orsökum sjúkdóma þeirra, er að jafnaði koma upp í landinu, og einkum landlægra sjúkdóma, og leitast við að fyrirbyggja þessa sjúkdóma með því að fræða menn um það, hvað þeim kann að vera skaðlegt í því efni um viðurværi, lifnaðarháttu, þrifnað o. s. frv. — — — 6) Landlæknir skal og eftir föngum hafa eftirlit með því í umdæmi sínu, að almenn matvæli hafi eigi skaðleg áhrif á heilsufar manna. Nú kemst hann að raun um það, að vatnið sé einhversstaðar óheilnæmt, og skal hann þá skýra hlutaðeigandi yfirvaldi frá því ásamt tillögum sínum til endurbóta. Einnig á hann, þá er útlend matvæli eru innflutt í umdæmi hans og honum er frá því skýrt, gefa gætur að því, að þau verði notuð án þess að tjón leiði af. — 7) Hann má snúa sér til yfirvalda þeirra, er hlut eiga að máli til þess að fá aðstoð til starfrækslu embættis síns. — 8) Skýrslum þeim, er árlega skal senda samkvæmt umburðarbréfi kansellisins $^{20}/_{12}$ 1803 og op. br. $^{3}/_{3}$ 1807, um lyfjasölu og læknamál bæði frá héraðslæknum og embættislausum læknum, er lækningar stunda, á hann að safna, og senda þær, ásamt skýrslu sjálfs síns, til hlutaðeigandi amtmanns. — — — 9) Landlæknir á eigi að eins að fullnægja nákvæmlega skyldum þeim, er honum eru á herðar lagðar með erindisbréfi þessu, heldur einnig fyrirskipunum þeim, sem hingað til hafa verið útgefnar eða síðar verða settar og embætti hans varða. 1824 25. febr.

Skyldur við líkskurð. — 10) Landlæknir á að framkvæma og vera við alla lögmælta líkskurði, er hlutaðeigandi yfirvald heimtar í umdæmi hans, nema hann geti eigi komið í tækan tíma vegna sjúkdóms eða annara óvinnandi tálmana. En ef svo er, þá á hann þegar að skýra næsta héraðlækni frá því, er skal í stað hans framkvæma gjörðina, ef þess er

1824 25. febr. kostur. Einnig skal næsti héraðslæknir framkvæma gjörðina, ef landlæknir hefir haft þann, er kryfja á, undir læknishendi í banalegunni. — 11) Til gjörðarinnar má hann kveðja hlutaðeigandi héraðslækni, eða, ef eigi verður til hans náð, einhvern annan prófaðan skurðlækni, ef hans er kostur, þó eigi þann, er stundað hefir þann, er kryfja skal, í banalegunni. (En þó á að kveðja hann til að vera við, ef honum er það unt), en ef eigi er annars læknis kostur, þá má hann sjálfur framkvæma líkskurðinn. — 12) Allar slíkar lögkrufningar fara fram í návist yfirvaldsins og, ef um morð eða ofríki er að tefla, þá í viðurvist þess, er það framdi, ef þess er kostur, og læknis þess, er stundaði hinn látna. Ef margir læknar eru viðstaddir, skal sá, er eigi kryfur, gæta þess nákvæmlega, að allir hlutar líkamans verði eftir atvikum grandgæfilega rannsakaðir, og ennfremur að eigi verði, fyrir ógætilega skurði, skemdir á þeim, er gera kynnu visum repertum vafasamt. Sérstaklega má eigi, þegar vafi er um dauðameinið, láta undanfallast að rannsaka öll hol líkamans, og auk þess placenta og funiculus hjá nýfæddum, þegar þeirra er kostur. — 13) Ef grunur leikur á um eitrun, þá á læknir eigi að eins að rannsaka nákvæmlega læsionem ventriculi og intestinorum, heldur einnig contenta ventriculi og alla aðra hluti líkamans, þar sem eitrinu kynni að vera komið, og fullvissa sig með þektum vísindalegum tilraunum um eitrið, sem finst og ásigkomulag þess, og má hann, ef þörf þykir, kveðja sér til aðstoðar í því skyni lyfsalann eða þektan efnafræðing. Ef efnarannsóknin verður eigi gerð um leið og krufningin eða þegar á eftir, skulu grunsömu efnin látin í hreint ílát, sem tappinn sé vel látinn í eða bundið yfir með skæni, og skal síðan innsiglað af landlækni, héraðslækni og þjónum réttarins. Þegar svo gagngerð efnarannsókn á að fara fram, er verða skal svo fljótt sem unt er, eru þeir, er hlut eiga að máli, kvaddir til, og

ilátið er opnað í náveru þeirra. Og þegar rannsóknin er gerð og nokkuð af eiturefninu er eftir, þá má þegar í stað láta nokkuð af því í hæfilegt ílát í návist votta, og skal það innsiglað af landlækni og héraðslækni, svo að það verði sýnt í réttinum sem corpus delicti. — 14) Alt, er fram kemur við líkskurð, skal ritað þegar eftir fyrirsögn líkskurðarmanna, svo að engu þurfi þar í að breyta, enda skulu þeir, er við eru og hlut eiga máli, votta það rétt með undirskrift sinni. Lýsingu þessari skal nákvæmlega fylgt í visum repertum, og af því á aftur að leiða conclusum, er landlæknir eða skurðlæknir skal, svo fljótt sem unt er og með áritun næstaddra læknisfróðra aðstoðarmanna, senda hlutaðeigandi yfirvaldi. — — — 1824 25. febr.

Skyldur um lyfsala og meðul. — 15) Að minsta kosti einu sinni á ári, og jafnvel án tilkynningar til lyfsala fyrirfram, skal landlæknir, ef hægt er, ásamt hlutaðeigandi héraðslækni, og eftir að hann hefir verið tilkvaddur, skoða lyfjabúðir í umdæmi sínu. Þó má fela héraðslækni skoðun lyfjabúða, er mjög fjærri liggja, og getur landlæknir takmarkað skoðun þeirra við annað eða þriðja hvert ár. Við skoðun þessa skal aðgætt, bæði hvort nægar séu lyfjabirgðir, og að gæði þeirra séu svo sem vera ber, að fyrirskipuð lyfjavog og lyfjamál sé þar, og svo skal yfirskoðuð skrá sú um afhendingu eiturs, er fyrirskipuð er í tilsk. 1/4 1796, enda votti þeir með undirskrift sinni, að þeir hafi yfirlitið hana. Svo skal og að því gætt við skoðunina, að sérhver skúffa, krukka o. s. frv. í búðunum hafi, samkvæmt umburðarbréfi, tvenna nafnmiða, sem á séu bæði gömlu áður höfðu nöfnin og nýju gildandi nöfnin, er gildandi Pharmacopæa danica greinir, svo og að hver lyfjabúð hafi nauðsynleg efnasamsteypuáhöld (laboratorium). Við skoðunina skal næsta háyfirvald, eða sýslumaður, af því þar til settur, vera, og svo skal þar til bjóða öðrum læknum á staðnum, er lækningar stunda. Allir láta þeir lyfsala

1824 25. febr. í té skriflegt vottorð um skoðunartímann og ástand lyfjabúðarinnar, og skal yfirvaldið, sem við er, einnig undir það rita. Ef einhverju er ábótavant, skulu þeir leggja fyrir lyfsala að bæta úr því. Nú eru annmarkarnir verulegir, og svo ástatt um lyfsala, að eigi þykir hann líklegur til endurbóta, og skal það þa slíkt skriflega tjáð háyfirvaldinu. — — — 16) Landlækni er skylt að líta eftir því, að hver lyfsali hafi aðstoðarmann, er í fjarveru eða sjúkdómsforföllum hans geti veitt lyfjabúðinni forstöðu. Því er landlækni og skylt, að prófa þann eða þá nemendur, er lyfsali kemur með til prófs, hvort þeir þekki og geti greint öll lyf sundur, og rugli þeim eigi saman, hvort þeir geti lesið og verðlagt framlagða lyfseðla og geti búið til eftir þeim slík magistrellar og extemporerar commissionir og preparöt, svo sem mixturur, decocter, infusionir, pulver o. fl., og hvort þeir þekki og kunni að nota rétta vigt og mál. Landlæknir veitir hlutaðeiganda vottorð um prófið. — 17) Landlækni ber að líta eftir því, að lyf séu seld við hæfilegu verði eftir íslenzkum lyfjatexta og breytingum — —, er gerðar verða þar á. Nú er maður óánægður með verð á lyfi, og skal landlækni þá skylt að taka við slíkum kærum, rannsaka þær og senda þar um skýrslu til næsta yfirvalds, ef honum lízt þær á rökum bygðar. — 18.[1]) Landlæknir á, bæði til þess að við halda lyfjabúðum og vegna alþjóðar-öryggis, að gæta þess eftir föngum, að enginn sá verzli með meðul eða eitur, sem eigi hefir rétt til þess. Nú fær hann vitneskju um þetta, annaðhvort frá lyfsala eða öðrum, og skal hann þá snúa sér til hlutaðeigandi yfirvalds, er skal skylt að láta rannsaka kæruna, og ef hún reynist rétt, þá á að láta innheimta lögboðna sekt og viðlagða refsingu framkvæmda. — 19) Það er og réttur lyfsala, að landlæknir búi eigi sjálfur til meðul. Á

1) Sbr kansbr. $^{9}/_{3}$ 1841.

ferðum sínum er honum þó rétt að hafa með sér 1824
lítið corpus medicamentorum portatile af þeim lyfj- 25. febr.
um, er þurfa til skjótrar hjálpar. En kaupa á hann lyf þau í lyfjabúð þess staðar. Hann skal líta eftir því, að aðrir læknar, er lækningar stunda í umdæmi hans, fari og svo að, og skal honum rétt, ef brestur verður í þessu efni, að minna þá á skyldu þeirra, og ef það stoðar eigi, þá að skýra yfirvaldinu frá því. Landlækni skal bannað að taka meira fyrir lyf þau, er hann kynni að hafa keypt miklar birgðir af í lyfjabúð, en það, er sjúklingar hefðu getað fengið þau fyrir í lyfjabúð. Svo ber landlækni og að gæta þess, að héraðslæknar, er sjálfir láta af hendi lyf, fylgi þessum fyrirmælum. Hann skal og árlega yfirskoða reikninga lyfsala og héraðslækna yfir lyf úthlutuð ókeypis og senda þá til stiftamtmanns[1]). — 20) Um lyf þau, er landlæknir úthlutar á alþjóðar kostnað, skal hann gæta allrar mögulegrar sparsemi, og meðal margra jafnverkandi meðala velja hin ódýrustu, svo og hegða sér eftir föngum eftir Pharmacopæa pauperum frá $^{20}/_{3}$ 1799, eða þeirri, er síðar verður sett. — 21) Landlækni er skylt að halda skrá yfir alla þá, er hann stundar á alþjóðarkostnað, eftir þeirri fyrirmynd, er hið danska kanselli vort hefir boðið og tilkynt öllum yfirvöldum $^{30}/_{1}$ 1816. Einnig skal um meðalareikninga lyfsala, er svo skulu samdir, að lyf handa hverjum sjúklingi sér standi út af fyrir sig í réttri tímaröð, fylgja vottorð þeirra, er lyfseðlana hafa ritað, og skal það gefið áður en reikningarnir eru sendir til yfirsýnar og borgunar þar á eftir.

Skyldur um yfirsetukonur[2]*).* — — —

---

1) Sbr. l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 77. og 78. gr.
2) L. nr. 14, $^{22}/_{10}$ 1912.

1824 *Skyldur um far- eða landfarsóttir*[1]). — — —
25. febr. *Skyldur um skottulækna*[2]). — — —

25. febr. **Erindisbréf héraðslækna á Íslandi.**

Almennar skyldur. 1) (= erbr. landl. 1. gr. mutatis mutandis)[3]) — 2) Ef hann ætlar að ferðast út fyrir takmörk umdæmis sins um lengri tíma en 2 daga, skal hann skýra frá því amtmanni þeim, sem yfir er þar settur, og setur þá amtmaður eftir tillögum héraðslæknis annan prófaðan lækni, ef þess er kostur, til þess að gegna störfum hans, meðan hann er brott. Svo skal skýra landlækni frá, ef fjarvist hans verður löng. — 3) (= erbr. landl. 3. gr.). — 4) (= erbr. landl. 4. gr.)[4]). — — — 5) (= erbr. landl. 5. gr. mut. mut.). — 6) (= erbr. landl. 6. gr,, nema að héraðslæknir skal senda skýrslu til landlæknis, nema nauðsyn sé þegar að senda yfirvaldinu skýrsluna). — 7) Til þess að fá nauðsynlega aðstoð til þess að gegna embættisskyldum sínum, á hann að snúa sér til landlæknis, nema málið sé svo vaxið, að bráðra aðgerða þurfi við, og skal hann þá eigi að eins skýra landlækni heldur og amtmanni frá málinu. Í quæstionibus artis snýr hann sér til landlæknis — — — 8) Ársskýrslur þær, er boðnar eru í umburðarbréfi kansellis Vors $^{20}/_{12}$ 1803 og opnu br. $^{3}/_{3}$ 1807, um lyfsala og meðöl, skal hann á fyrstu mánuðum næsta árs eftir á senda landlækni, er svo sendir þær áfram. — 9) (= erbr. landl. 9. gr.).

Skyldur um líkskurð. — 10) Héraðslæknir skal, þegar landlæknir getur eigi komið til, framkvæma allar lögkrufningar, er yfirvöld skipa í umdæmi hans, nema hann hafi stundað þann, er kryfja skal, í bana-

---

1) L. nr. 34, $^{6}/_{11}$ 1902, l. nr. 24, $^{16}/_{11}$ 1907, sbr. l. nr. 24. $^{11}/_{7}$ 1911.

2) L. nr. 37 og 38, $^{7}/_{11}$ 1911.

3) Sjá l. nr. 34, $^{16}/_{11}$ 1907, 2. gr.

4) L. nr. 34, 1907, 4. og 5. gr.

legunni, en þá skal yfirvaldið skipa þar til annan lækni, ef hans er kostur, og skal hinn þó kvaddur til að vera við gjörðina. — 11) Eins og héraðslækni er skylt að vera við sérhverja lögkrufningu, er hann er þar til kvaddur af yfirvaldi því, er hlut á að máli, eða landlækni, svo má hann og, er hann framkvæmir sjálfur krufningu samkvæmt § 10, kveðja til næsta héraðslækni, eða, þegar þess er eigi kostur, annan prófaðan lækni, ef völ er á honum, til þess að vera við, þó eigi þann, er stundað hefir þann, er kryfja skal, í banalegunni, nema eigi sé annars læknis kostur. — 12) (= erbr. landl. 12. gr.). — 13) (= erbr. landl. 13. gr,). — 14) (= erbr. landl. 14. gr.). 1824 25. febr.

Skyldur um lyfsala og meðöl. — 15) Að minnsta kosti einu sinni á ári á héraðslæknir, án fyrirfram tilkynningar til lyfsala, að skoða lyfjabúð, ef hún er í umdæmi hans (= erbr. landl. 15. gr.), — 16) (= erbr. landl. 16. gr. mut. mut.). — 17) (= erbr. landl. 18. gr. mut. mut.). (Þó á héraðslæknir að skýra landlækni frá löglausri lyfjasölu). — 18) Héraðslæknar skulu, þar sem engin lyfjabúð er í umdæmi þeirra, vera skyldir til bæði [að láta af hendi lyf til fátækra, er ókeypis er úthlutað fátæklingum] og að hafa birgðir af öðrum lyfjum, (= erbr. landl. 19. gr. um lyfjasölu landlæknis). — — — 19) (= erbr. landl. 20. gr.). — 20) (= erbr. landl. 21. gr.).

Skyldur um yfirsetukonur[1]).

Skyldur um far- eða landfarsóttir[2]).

Skyldur um skottulækna[3]). 34) Héraðslæknir á að hafa gætur á því, að enginn nema þeir, er [að loknu prófi] hafa fengið leyfi til að stunda lækningar, geri það, þar sem og þegar til læknis verður náð. Honum er rétt og skylt að skora á hvern þann, er stunda

1) Sjá l. nr. 14, $^{22}/_{10}$ 1912.

2) L. nr. 34, $^{6}/_{11}$ 1902, nr. 24, $^{16}/_{11}$ 1907, [sbr. l. nr. 24, $^{11}/_{7}$ 1911.

3) Sbr. l. nr. 37. og 38, $^{11}/_{7}$ 1911.

1824 25. febr. vill meðala- eða handlækningar í umdæmi hans, að sýna löglega heimild sína og leyfi til þess. Nú stundar einhver lækningar án heimildar til þess, og á héraðslæknir, þá er hann verður þess vís, að kæra slíkar skottulækningar fyrir yfirvaldinu, krefjast rannsóknar á málinu og refsingar til handa hinum seka[1]) — — —

30. apr. **Tilskipun um embætti prestanna að því, er snertir hjónabönd** (lögleidd hér með kgsbr. 7/12 1827).

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: Að Vér höfum fundið vel henta, að ámálga það alt og í eina fyrirskipun að safna öllu því, sem lög fyrirskipa um embætti presta í hjónabands tilliti, og enn framar að viðauka nokkrum frekari ákvörðunum, sem Vér henta finnum til að afstýra óyfirveguðum hjónaböndum. Í því tilliti bjóðum Vér sem fylgir: — 1) Prestar eiga við hjónavígslur að fylgja þeim fyrirskipuðu (kirkju-) siðum. — 2) Áður en hjónavígsla má fram fara, ber á fyrirskipaðan hátt í 3[2]) sunnudaga í röð, við hámessu, af prédikunarstóli, að lýsa viðkomenda hjónabands áformi við brúðarinnar sóknarkirkju. Þó sé það tilfelli undan skilið, hvar brúðguminn er aðals- eða rangs- (tignar-)maður, ellegar, sem sonur embættismanns, hvers embættistign er í 3 efstu flokkum (rang-tilskipunarinnar), nýtur aðalsréttar[3]) — — — Loksins er sjálfsagt, að lýsing af prédikunarstólnum undanfellist, hvar konungs leyfi veitir viðkomendum frijun frá henni. — 3) Ekki ber presti með hjónaefnum að lýsa, nema hann hafi fyrst litið eftir, hvort ekkert meini þeim áformað hjónaband; skal þá einkum aðgæta: 1) Að karlmaður ekki sé yngri en 20, eða kona 16 árum yngri. 2) Að bæði séu konfirmer-

---

1) Sama í erindisbréfi landl. 32. gr.
2) Sjá l. nr. 19, 22/9 1899, 1. gr.
3) Sbr. stjórnarskrá 5/1 1874, 60. gr.

uð og hafi til altaris verið. 3) Að hvorugt þeirra bundið sé við undanfarið hjónaband eða löggilda skuldbindingu til að gefa sig í annað hjónaband; hvar við einkum ber þess að gæta, að sá, sem skilinn er við sinn fyrri ektamaka, sýni annaðhvort skilnaðardóm, sem leyfi honum nýtt hjónaband, eða leyfi til algjörlegs hjónaskilnaðar, með áliku giftingaleyfi. 4) Að þau ekki séu svo skyld eða tengd, að tilsk. frá 23. maí 1800 meini þeim hjónaband saman, ellegar, að því leyti undantekningu má fá með konungs leyfi, að þau hafi þvílíkt. 5) Að ekkjumaður að minsta kosti í 3 mánuði, en ekkja að minsta kosti árlangt frá dauða þess fyrri ektamaka bíði ógift. Þó skal bændum og almúgafólki, hverra kjör og ástand ekki leyfir þeim lengur að bíða ógift, leyft vera innan skemmra frests að giftast á ný, nefnil. ekkjumanni 6 vikum eftir dauða konu hans, en ekkju 3 mánuðum eftir dauða bónda hennar; henni þó, í því tilfelli, einungis með skilorði, að vissa sé fyrir, að hún ekki sé ólétt af hennar sáluga manns völdum. 6)[1]) Að brúðurin, sé hún eigi ekkja, hafi foreldra ellegar annara hlutaðeigenda samþykki, nema svo sé, að afsögn þeirra sé af yfirvaldinu ógild metin. Sama gildir og um brúðgumann, sé hann ekki fullmyndugur. 7) Að þeir af hermannastétt, sem eftir lögum við þurfa giftingarleyfis, hafi öðlast þetta. 8) Að hórsekar persónur saman, komi ekki saman í hjónaband. 9) Að vitskertir ekki gefist í hjónaband. 10) Að enginn, sem áformar hjónaband, njóti, eða frá því hann, sem barn komst úr ómegð, hafi að notið nokkurskonar óendurgoldins styrks af fátækra sjóði; því annars leyfist þvílíkum ekki hjónaband, nema sóknarinnar fátækra forstjórar þar, hvar maðurinn á sveit, lýsi, að hvað áhrærir fátækrastjórn, finnist ekkert sem því hjóna- 1824 30. apr.

1) Sbr. op. br. 4/1 1861.

1824 30. apr. bandi mótmæli.[1]) — — — 4) Prestum ber að útvega sér fullgild skilríki um öll fyrnefnd atriði, að því leyti eðli þessara leyfir; að öðru leyti ber honum, til vissu fyrir að ekkert annað hindri persónanna hjónaband, krefja þær um að útvega sér gilda svaramenn. Enginn skal annan til fyrirsvars taka, en þann, sem annaðhvort er konunglegur embættismaður, ellegar sá búandi maður, hvers áreiðanlegleika ekki sé orsök að tortryggja. Þeir svaramenn eiga ekki hvor fyrir sig að svara fyrir annaðhvort hjónaefnanna, heldur báðir ábyrgjast að engin lögmæt hindrun gefist mót því áformaða hjónabandi. Presturinn á, hvar nauðsyn virðist til, eftir svaramanna þekkingar-ástandi og borgaralegri stöðu, alvarlega brýna fyrir þeim þá hörðu ábyrgð, sem lög leggja við fyrirsvari um hjónabandamál. Þegar hlutaðeigandi persónur á löglegan hátt verða friteknar fyrir svaramanna útvegum, með skilyrði, að þær innan réttar vinni eið um, að hvorki undanfarið hjónaband né aðrar orsakir leggi neina lögmæta hindrun fyrir þeirra áformaða hjónaband, ber prestinum að krefja nákvæm skilríki um bæði þeim veitta frítekningu og þeirra eftir henni unninn eið. — 5) Lýsingar af prédikunarstóli ber nokkurum dögum áður að beiðast hjá prestinum, sem brúðguminn almennast á í eigin persónu að gjöra; þó má, sé hann prestinum kunnugur, hennar og skriflega beiðast; líka má brúðguminn í forföllum sínum senda til prestsins þessum kunnugan og áreiðanlegan mann, til þess að útrétta og afgreiða það, sem við þarf. Svaramenn eiga annaðhvort í kirkjubókinni eða með sérlegu skjali að votta ábyrgð sína, en presturinn fá sér fullvissu um, að undirskrift þeirra sé viss. Undir eins og lýsing á prédikunarstóli verður pöntuð, ritast það í embættisbókina. — 6) Svo framt brúðhjón, sem hafa látið lýsa með sér af prédikunarstóli, ekki láta

1) L. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 62. gr.

sig samanvígja innan þriggja mánaða þar eftir, skal lýsingu gjörða með þeim markleysu meta, en nýjar lýsingar fram fara, girnist þau síðarmeir samanvígslu. — 7) Áður en prestur framkvæmir nokkura hjónavígslu, ber honum alls þess að gæta, sem § 3 fyrir skipar, að því leyti þetta ekki verður óþarfi, vegna áður fenginna skýrslna en lýst var af stólnum. — 8) Prestinum ber enn framar varast að vígja persónur saman, mót hverra hjónabandi hlutaðeigandi réttarins embættismaður hefir forboð lagt, verði því forboði löglega fram fylgt og það ekki hafið með dómi, eða á annan gildan hátt. Þar hjá er auðvitað, að bæði forboðið og framfylgd þess við sættanefnd og réttinn ber að tilkynna viðkomanda sóknarpresti. — 9) Hvorki ekkja né ekkill má gefast í nýtt hjónaband, fyr en að minsta kosti byrjað er löglegt skifti við erfingja hins dána ektamaka, nema með gildu testamenti eður á annan lögmætan hátt sé skiftum undanskilið. [Þegar ekkja eður ekkill, eftir leyfisbréfi skiftir með aðstoð náfrænda, ber þess að gæta, að samfrænda skifta-bréfið sé sent viðkomanda yfirvaldi, áður en hjónavígsla fram fer, því þessa vitnisburð, um aflokin skifti á löglegan hátt, ber til skilríkis fram að leggja]. — 10) Enginn prestur má hjónaefni saman vígja, nema bæði brúðgumi og brúður sanni, að þau hafi barnabólu fengið, ellegar þeim sett verið kýrbóla. — 11) Í þeim tilfellum, hvar brúðguminn eftir sinni borgaralegu stöðu er skyldur til að leggja inn í ekkjukassann, ber prestinum nákvæmlega að gæta [tilskipunar frá 4. ág. 1788 undir þar ákveðið straff.][1]) — 12) Eins á presturinn og þess að gæta, að brúðhjónin lokið hafi þeim gjöldum, sem brúðhjónum álögð eru þar, sem þau vígjast eiga. — 13[2]) Áður en vígja megi kathólskan mann saman við konu

1824 30. apr.

---

1) Sbr. nú op. br. 31/5 1855, 3. gr., l. nr. 49, 16/11 1907, 4. gr.
2) Sbr. l. nr. 4, 19/2 1886, 7. og 8. gr.

1824 30. apr. er játar almennri landsins trú, ber prestinum aðgæta, að hinn skriflega skuldbindi sig til, að láta öll þau börn, er þannig aflast þeim, mentast í evangelisk-lútherskrar kirkju trúar-lærdómum, hverja skuldbindingu rita skal í kirkjubókina og hana útbúa bæði með brúðhjónanna og þeirra svaramanna undirskriftum. Til að varna afbroti mót þessu, má enginn kathólskur prestur nokkur hjón ektavígja fyrr en kanselliinu sé frá skýrt og þess samþykki þar til fengið. — 14) Hjónavigsla tilkemur ætið þeim sóknarpresti, hvar brúðurin á kirkjusókn. — — — Lútherskum presti tilkemur þó að vígja lútherskan sóknarmann sinn, þegar brúðurin er kathólsk[1]). Einnig má, sem áður, leyfisbréf framvegis öðlast til vigslu af óviðkomandi presti. Þó skal í því tilliti sá prestur, hverjum vígja bar, njóta sömu borgunar, sem hann vígt hefði og ekkert heldur missast kirkjunnar þjónum eða öðrum af rétti þeirra, hvers vegna vitnisburður um, að allir viðkomendur hafi sitt öðlast, skal fram leggjast áður en þannig vígja megi. Aldrei má sá heldur hjón vígja, sem ekki er settur prestur við neina vissa sókn. En þar eð þeim presti, sem hjón saman vígir, ber við það að ábyrgjast, að alls, sem lög bjóða um hjónavígslu, sé gætt, ber og viðkomendum að færa honum öll nauðsynleg skilríki um, að brúðhjónin fullan rétt hafi til að gefa sig í hjónaband saman, og honum því að færa til sína svaramenn. Síðan ber honum annast um, að hjónavígslunnar sé til hlítar getið í embættisbók hans við þá kirkju, hvar hann prestur er, en að sá prestur, hverjum að laga fyrirmælum vígslan bar, strax fái ávísun um hana, svo að þessi um hana fái ritað nauðsynlega skýrslu í embættisbók sína. Loksins ber viðkomanda presti í vitnisburði þeim, hvern hann eftir fyrrsögðu gefa á þeim óviðkomanda presti, áður en hann vígja

1) Sbr. l. nr. 4, $^{19}/_{2}$ 1886, 7. gr.

má hjón, ásamt að geta þess, hvort nokkuð sé það 1824
fyr fram komið, sem tálma megi brúðhjónanna vígslu; 30. apr.
hvers vegna sérhver, sem þykist hafa nokkur lögleg
mótmæli mót hjónabandi, á ætið að láta það forboð,
sem honum þykir sér bera, birta presti þeim, sem
hjónavígslan að lögum ber, þó leyfi kunni veitt vera,
að hún haldist af óviðkomandi presti. — 15) Hjóna-
vígsla fram fari almennast í kirkjum, nema leyfi sé
veitt til vígslu í heimahúsum. — 16) En ef nokkur
á sóttarsæng sinni beiðist að verða ektavígður, og
kringumstæður ekki leyfa að bíða konungs leyfis til
þess, skal þetta ekki tálma vígslunni, hver þá einnig
má fram fara án undangenginna lýsinga af prédikun-
arstóli: hvar á mót alt annars fyrirskipað til vissu
um lögmæti hjónabandsins aðgæta ber; líka skal prests-
ins skylda vera með meðalgöngu sinna yfirvalda að
skýra kansellíinu frá þvílíkri vígslu. — 17) Í kaup-
stöðum mega hjónavígslur fram fara einungis á virk-
um dögum, en á landinu mega þær og leyfast á
sunnu- og helgidögum. Annars mega þær gjörast á
sérhverri tíð dagsins, og ber prestinum, að því leyti
verður, þar með að haga sér eftir ósk hlutaðeigenda.
Sjálfur á hann og ferð að kosta til hjónavígslu, þeg-
ar hún fram fer á öðrum en messudögum, vilji við-
komendur ekki góðmótlega flytja hann heim og
heiman. — 18) Eins og presturinn við hvert hentugt
tækifæri á að leitast við að lýsa verði og helgi hjóna-
banda fyrir söfnuði sínum, svo ber honum einkum
viðleitnin að eyða tvídrægni, hneyxlandi og ókristi-
legu framferði í hjónabandi, hvar þetta vitnast. Þegar
hjón, vegna langframa sundurþykkju, girnast skilnað
frá borði og sæng algjörlegan aðskilnað, á ekkert
bónarbréf þar um að álítast, nema sálusorgari þeirra
á það bónarbréf hafi ritað vitnisburð um, að hann
hafi tækifæri fengið til að reyna, hvort hann
með guðlegum fortölum gæti áunnið, að þau fram-
vegis lifa skyldu saman í eindrægni og kristilegu

1824 hjónabandi, í hverju tilliti viðkomendur, þá fyrir-
30. apr. kallast, eiga hjá honum að mæta, annaðhvort saman eða hvort sér í lagi, eftir því sem hann heldur henta, til að ná góðum tilgangi sínum. Dvelji hjón 4 mílur eða fjær hvort öðru, á hvort þeirra að kallast fyrir sinn sálusorgara. Eins og hver prestur yfir höfuð, sem sætta á ósamlynd hjón, hefir rétt og er skyldur til að framhalda tilraunum sínum á ný, að stifta kristilega hjónasambúð, á meðan nokkur von er um að slíkt takist, svo á í þessu tilfelli sá prestanna, sem það haga þykir til að ná takmarkinu, að skrifast á við hinn, til þess bæði að öðlast og gefa þær skýrslur, sem verka megi betur til sætta. — 19)[1]) Sömuleiðis á hver sá, er girnist konungs leyfi til hjónaskilnaðar, að útvega vitnisburð sálusorgara síns um hegðun sína, meðan þau hjón aðskilin lifðu, og boðorð þau, sem Dönsku Laga 3. bók, 16. kap., (N. L. 18. kap.) 15. gr. inniheldur um presta vitnisburð, hvar hjónaskilnaðar-dóms er beiðzt, að vera í gildi.

23. sept. **Kansellíbréf (bygt á kgs.úrsk. 21/9 s. á.) um náðarár biskupsekkju.**

(Ákveðið, að biskupsekkja skuli njóta hálfra launa af embættinu frá dánardegi manns hennar og þar til eftirmaður hans er skipaður).

8. okt. **Tilskipun, sem af tekur upplestur lagasetninga og lýsinga um verzleg efni af prédikunarstólnum** (lögleidd með kgsbr. 7/12 1827).

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt — — — 1) Eins og upplestur á prédikunarstólum hefir ekki í Danmörku verið fyrirskipaður sem venjulegur máti til að kunngjöra lög og fyrirskipanir, heldur að eins við hafður í einstökum sérlega fyrirlögðum tilfellum, er nú sá vilji Vor, að hann framvegis öldungis af leggjast skuli. Það hingað til fyrirlagða um vissra

1) Sbr. kansbr. 5/2 1828.

lagasetninga og fyrirskipana árlegu auglýsingum á vissum tímum á eftir þessu framvegis að vera af tekið. Ekki heldur skulu prestarnir í nokkru tilfelli á prédikunarstólum gefa nokkura skýrslu um innihald útkominna fyrirskipana. — — —[1]) 2) Hvað boðið er í ýmsum eldri og nýrri fyrirskipunum um auglýsingar og lýsingar á prédikunarstólum veraldleg efni áhrærandi, sé hèr með upphafið, og skal framvegis með þesshättar efni svo fara, að yfirvöld í stöðunum standi fyrir þeim auglýsingum og lýsingum, eins og venjulegt er um opinberar auglýsingar, en þar á móti á landsbygðinni forsöngvarinn[2]), sem ókeypis skal á mannfundum við kirkju kunngjöra og lýsa því, sem yfirvöld og réttarins þjónar (til þess) láta senda honum. — — — 1824 8. okt.

Opið bréf, með hverju ákvarðast, að enginn, sem straffaður er með opinberu erfiði, megi borgararétt öðlast í nokkrum kaupstað (lögl. með kgsbr. 7/12 1827)[3]). 29. okt.

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum vitanlegt — — — viljum Vér allra náðugust hafa fastsett: að enginn, sem inn settur hefir verið í eitthvert ströffunarhús til erfiðis, megi öðlast borgararétt í nokkurum kaupstað, og að sá borgari, sem framvegis dæmdur verður til þvílíks straffs, skuli hafa sínum borgararétti fyrirgjört. Samt viljum vér veita hlutaðeigandi yfirvöldum þann myndugleika, að eftirláta þeim, sem þannig er straffaður, rétt til að stunda einhvern af þeim óálitlegri bjargræðisútvegum, þó svo, að hann útilokist frá öllum persónulegum umboðssýslunum, en sé annars skuldbundinn að bera öll borgaraleg þyngsli. Einkum má svo ströffuðum manni leyft vera þannig að öðlast

---

1) Sbr. l. nr. 11 24/8 1877.

2) Hér á landi til sveita hreppstjórinn, sbr. l. nr. 3, 13/1 1882, 4. gr.

3) Sbr. l. nr. 28, 7/11 1879, 2. gr.

1824 29. okt. leyfi til að stunda það handverk með eigin höndum, í hverju hann annaðhvort var meistari ellegar var hæfur til að verða það.

1825 20. apr. **Opið bréf um málskostnað í gjafsóknarmálum** (Kans. br. $^{17}/_{3}$ 1827, segir bréf þetta gilt hér að nokkuru).

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Í staðinn fyrir að þegar, í beneficeruðu máli, mótpartur þess beneficeraða parts, hingað til hefir verið dæmdur að gjalda málskostnað. Þessi þá eftir dómi fallið hefir til þess benefieeraða parts, hvers vegna sá partur, eftir beneficii (veitinga-bréfsins) uppáhljóðun, hefir til skyldast, að því leyti nefndur kostnaður að öllu eða nokkuru leyti fengizt hefir, eftir sömu tiltölu að gjalda réttartekjur og skrifaralaun, skal framvegis dæma opinberum sjóði í þeim tilfellum áminstar réttartekjur og skrifaralaun, ellegar viðkomandi réttarþjóni, hvar réttartekjur og skrifaralaun ekki falla til konunglegs sjóðs. — 2) Svo framt nefndar réttartekjur og skrifaralaun ekki verða útgreidd af viðkomendum innan þess tíma, sem dómurinn tiltekur um hans fullnustugjörð, ber þau með sama hætti að út heimta, sem boðið er um bætur, og ber einnig, ef um er beðið, á sama hátt að innkalla það kaup, sem dæmt er talsmanni þess beneficeraða málsparts samkvæmt tilsk. frá 3. júní 1796 í § 42[1]). — 3) Að því leyti full gjöld fyrrnefndra útláta ekki verða fáanleg hjá viðkomendum, ber eftir tiltölu útlag að gjöra fyrir réttartekjur og skrifaralaun, hvort sem þetta ber konungi eða hlutaðeigandi réttarþjóni, og fyrir það talsmanninum dæmda kaup. — — — 4) Við þá rétti, hvar réttartekjur falla til konungsins sjóðs[2]), ber á því, sem eftir fyrrsögðu gelzt þessum sjóði, að standa tilhlýðileg skil ásamt þeim reikningum, sem fyrir aukatekjur standa ber. — — —

1) Sbr. l. nr. 32, $^{2}/_{10}$ 1905, 3. gr.
2) Sjá l. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911 I. kap.

Opið bréf kansellís um meðferð mala um framfærslueyri óskilgetinna barna. (LII. 8. b. 671). 1825 28. mai

Numið úr gildi með l. nr. 44, 10/11 1905, en enn þá er það merkilegt að því leyti, að þar er ráð gert fyrir því, að aðildareiður kunni að vera unninn *»eftir samningi«*.

Konungsbréf um meðferð yfirgefins arfs á Íslandi. 9. nóv.

Fr. VI. o. s. frv. Vér gefum þér hérmeð til vitundar, að Vér — — — viljum allramildilegast bjóða sem reglu framvegis á Íslandi, að sá arfur, sem við skifti verður útlagður erfingja, sem annaðhvort sjálfur ekki hefir mætt eða mæta látið við skiftin, skal, eins og boðið er fyrir Danmerkur ríki með tilsk. frá 2. apríl 1817, § 2, ef hann ekki innan 15 ára frá því arfurinn féll, gefur sig fram til hans meðtöku, út greiðast börnum hans, foreldrum eða systkinum, án frekari sönnunar um fráfall hans, séu þeir erfingjar til, hvar við aðgætandi er, að arfurinn álízt sem af nýju fallinn á því augnabliki þau 15 ár eru út runnin, og skal í öllu tilliti svo með hann fara, hvað lögskipuð afgjöld af arfi og annað áhrærir; en að arfinum, hvort sem þvílíkir erfingjar vitanlega til eru eða ekki (sem fyrst sé inn goldinn til Íslands jarðbókarkassa), skuli móttöku veita í þann fjársjóð, sem ætlaður er til opinberra þarfa[1]), af hverjum gjaldist í arfsins rentu 4 af 100 frá því hann meðtekinn verður, hvort sem arfurinn út greiðist sjálfum erfingjanum, gefi hann sig fram innan þeirra tilteknu 15 ára, ellegar hann, fyrrtéðu samkvæmt, að þeim 15 árum liðnum verður afgreiddur áðurnefndum erfingjum, ellegar eftir sérlegum kringumstæðum frá kansellíinu veitast kynni allranáðugast leyfisbréf — mót veðsetningu — áður en 15 ár séu umliðin, að útgreiða þeim arfinn.

1) Nú landssjóð.

1827 23. marz. **Tilskipun um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipununum**[1]).

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Eftirleiðis skal það vera á valdi biskupanna, að veita leyfi til þess, að börn séu tekin til fermingar, þó að nokkuð vanti á, að þau hafi náð hinum lögboðna 14 ára aldri. Slíka undanþágu má þó eigi veita, nema svo sérstaklega sé ástatt um hagi foreldranna eða ákvörðun barnsins, að hún verði að álítast áríðandi fyrir velferð þess, og auk þess skal þess nákvæmlega gætt, að barnið hafi að fullu öðlazt þá þekkingu, sem gjört er ráð fyrir í skólatilskipununum, og að siðferði þess sé svo, að ekkert geti að því leyti verið til fyrirstöðu slíkri ívilnun. Það má heldur ekki vanta nema lítið á aldur barnsins, ef undanþágan á að fást, og jafnvel þótt alt annað mæli með undanþágunni, eigi meira en 6 mánuðir. Að öðru leyti skal biskup leita álits hlutaðeigandi prests og prófasts, áður hann veitir undanþáguna. — 2) Biskup skal, þegar svo stendur á, sem nú skal sagt, hafa heimild til að leyfa, að fermt sé á öðrum dögum en boðið er: 1) Þegar prestur sá, er ferma átti, verður veikur; þó má eigi fresta fermingunni af þeirri orsök lengur en 3 vikur, og ef prestur eigi innan þess tíma getur fermt sjálfur, ber að fá annan til þess. 2) Þegar barn, sem ferma á, getur eigi fyrir sjúkleika sakir mætt á fermingardeginum, getur biskup leyft presti að ferma það einhvern annan sunnudag, eða virkan dag, þá er messað er. 3) Þegar sóknarmenn lifa mestmegnis af siglingum, og sumum þeirra er mikilsvert að fermt sé fyrr en á fyrsta sunnudag eftir páska[2]), sökum þess að siglingarnar hefjast fyr, og má biskup, þegar svo stendur á, leyfa að fermt sé 3 eða 4 vikum fyr. 4) Þegar einstakt barn, annaðhvort

---

1) Sjá kgsbr. 14/11 1832.
2) Sbr. kgsbr. 29/5 1744, 1. gr.

af því að það á að fara í siglingar eða af öðrum á- 1827
stæðum myndi bíða tilfinnanlegan hnekki fyrir fram- 23. marz.
tíð sína, ef það þyrfti að bíða hins venjulega ferm-
ingardags, og má þá leyfa að ferma það barn eitt sér
einhvern sunnudag eða annan dag, er messað er.
5) Þegar tveir prestar eru við sömu kirkju og þeir
vilja ferma börn sín sinn daginn hvor, í stað þess að
þeir eiga eftir tilskipuninni 13. janúar 1736, 12. gr.,
og reglugjörð 26. apríl 1754, 6. og 10. gr., að ferma
sama daginn og í sameiningu; og má biskup þá leyfa
öðrum þeirra að ferma annan dag en hinn tilskip-
aða fermingardag. — 3) Nú er barn, sem ferma á,
krypplingur, svo að það á bágt með að koma í kirkju
til fermingar, eða það getur það eigi að hættulausu
vegna stöðugra veikinda, eða það hefir svo stórkost-
leg líkamslýti, að koma þess og yfirheyrsla í kirkj-
unni gæti vakið hneyksli; og skal þá biskupi heimilt
að leyfa, að það sé fermt heima í votta viðurvist.

Opið bréf um greiðslu gjaldsins fyrir konungleg leyfis- 23. nóv.
bréf. (Lýst gildandi hér með kansbr. $^{27}/_{5}$ 1828).

Vér Fr. VI. o. s. frv., gjörum kunnugt: — — —
1) Sérhver, sem öðlazt hefir konunglegt veitingar-[1])
eða náðarbréf, hvort sem það er meðal þeirra, sem
undirskrifast af sjálfum konunginum, ellegar hinna,
sem að boði konungs (ad mandatum) útgefast frá
stjórnarráðunum, skal skyldur vera í seinasta lagi
innan 6 vikna frá þeim tíma, sem hann fékk ávísun
um útgáfu veitingarbréfsins, að útleysa það. Þó má
undantekning frá þessu leyfast, hafi hann þar aðset-
ur, sem gjöra kann honum nauðsynlegan lengri frest,
í hverju tilfelli það stjórnarráð, frá hverju veitingin
út gefin verður, skal myndugleika hafa til að taka
þann frest í ávísuninni um veitinguna. — 2) Láti
hann þann frest út renna, án þess að gjöra nauðsyn-

1) Sbr. l. nr. 14, $^{15}/_{10}$ 1875, 5. gr.

1827 23. nóv. lega ráðstöfun um útlausn veitingarbréfsins, á viðkomandi stjórnarráð að um annast, að lausnargjaldið verði út heimt, annaðhvort með ráðstöfun hjá viðkomanda ráði, að andvirði þess verði af dregið embættislaunum hlutaðeiganda, ellegar, hvar þvílíkt ekki á heima, þetta gjald með aðför[1]) út tekið. Samt ber í þessu síðara tilfelli skipun til þess ætlið að út gefa frá því danska kansellii, hvers ráðstöfunar hin stjórnarráðin, þá nauðsyn krefur, þar um leita skulu — 3) Þar sem ekki tekst að innkalla lausnargjaldið með neinum af þeim í § 2 tilnefndu meðulum, á viðkomandi stjórnarráð annaðhvort að ónýta veitingarbréfið, sé það þesshättar, sem eftir skipun (ad mandatum) út gefst, en ella að tjá konunginum málavexti til úrskurðar. — 4) Í þeirra veitingabréfa tilliti, sem Kaupmannahafnar staðaryfirvöldum og amtmönnum er veittur myndugleiki til að afhenda, ber þessum yfirvöldum að tjá því konunglega danska kansellii, þegar útlausnin afrækist innan þeirra 6 vikna, sem § 1 til tekur, hvar eftir kansellíinu ber frekari nauðsynlega ráðstöfun að gjöra. — 5) Hvað þau náðarbréf áhrærir, hverra veitingu fylgir sérlegur kostnaður, t. d. aðalstétta veitingu, þá er sá þar með náðaði skyldur til, innan þess í § 1 tiltekna frests, að leggja svo út til þessa fyrirfram, sem af hlutaðeigandi stjórnarráði ákvarðað verður, en síðan innan sama frests, eftir það hann fær ávísun um, að það náðarbréf fullbúið sé, að út leysa það, og ber í hvorutveggja tilliti fyrrtéðum meðulum að beita, svo framt hann ekki geldur, hvað honum ber. — 6) Hafi nokkur í einstökum tilfellum öðlazt frest með borgun lausnargjaldsins, og afgreiði þetta samt ekki í ákveðinn gjalddaga, ber að setja honum nýjan frest samkvæmt § 1 og síðan að fram fara eftir öðrum fyrnefndum reglum. — — — 8) — — — Ekki heldur skal nokkur upp á einbera ávísun

---

1) Sbr. l. nr. 29, $^{10}/_{12}$ 1885, 1. gr. 4. og 3. gr.

um honum unta veitingu, mega hagnýta sér hana við dómstólana, ellegar nokkur ráðstöfun af embættismanni eftir henni gjörast, áður en veitingarbréfið er af hendi látið, hvert þess vegna einnig skal framleggja eður sýna. 1827 23. nóv.

Kansellíbréf um prestsvottorð handa hjónum, sem eru skilin að borði og sæng. 1828 5. febr.

(Með bréfi þessu er biskupum boðið að brýna fyrir prestum, að þá er þeir gefi út vottorð um hegðun hjóna, sem skilin eru að borði og sæng, en sækja um algjörðan hjónaskilnað, skuli þeir, ef þeir sjeu eigi svo kunnugir hjónunum, að þeir geti gefið skýlaust vottorð um hegðun þeirra, geta þess í vottorðunum, hvort þeir séu nákunnugir hlutaðeigendum eða ekki, og ef hið síðara á sér stað, benda hjónunum á að útvega sér vottorð annara manna um hegðun þeirra, en um áreiðanleik þeirra manna ber svo prestunum aftur að votta).

Kansellíumb.bréf um árskýrslur yfir sakamál. (LfI. b. 273). 9. 29. marz.

Kansellíbréf um innheimtu skaðabóta og málskostnaðar hjá dœmdum mönnum. 27. maí.

(Í bréfi þessu er álitið, að þegar manni séu dæmdar skaðabætur í sakamáli og eigur dómfelda hrökkva eigi til að greiða bæði málskostnað og skaðabætur, skuli þetta hvorttveggja eiga jafnan rétt á sér samkvæmt Norsku Laga 1—22—23, hvort sem um aðför sé að ræða eða gjaldþrot hjá dómfelda).

Kansellíbréf um fjárskifti milli hjóna, er skilja að borði og sæng. 27. sept.

(Með bréfi þessu er amtmönnum boðið að gæta þess, þegar þeir veita leyfi til skilnaðar að borði og sæng, að skýrt sé ákveðið á um það í leyfinu, hvort

1828 27. sept. helmingafjárlag það, er venjulega er samfara hjónabandinu, skuli eins haldast eftir sem áður, og bætir kanselliið því við, að yfir höfuð muni það hagkvæmast til að komast hjá deilum, og oftast nær einnig vera samkvæmt vilja málsaðila, að helmingafélaginu sé slitið algjörlega við skilnaðinn að borði og sæng, enda sé þar fyrir eigi loku fyrir það skotið, að helmingafjárlagið geti tekizt upp af nýju af sjálfu sér með hjónunum, er þau taki saman aftur).

7. okt. **Konungsúrskurður um kirkjuhurðir.**

(Með kgsúrsk. þessum er boðið, að þegar kirkjur séu bygðar af nýju, skuli kirkjuhurðirnar gjörðar svo, að þær gangi út, þegar þeim sé lokið upp, og hins sama skuli gætt við aðalaðgjörð á eldri kirkjum, ef því verði við komið án mikils kostnaðar).

29. okt. **Opið bréf um metorð konferenzráða** (LfI. 9. b. 337).

1829 21. maí. **Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landsjóðs**[1]).

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum kunnugt: — — — 1) Ógreidd jarða afgjöld, er jarðabókarsjóði Vorum bera hjá leiguliðunum á jarðeignum vorum, má taka lögtaki án undanfarins dóms, ef eigi eru liðin meira en 2 ár frá gjalddaga réttum, og gefur hlutaðeigandi amtmaður út lögtaksskipunina, eftir beiðni umboðsmannanna og á þeirra ábyrgð. Þó er þess að gæta, að umboðsmaður skal, áður en hann sendir amtmanni beiðni sína um lögtaksskipun, birta skuldunaut vottfast eftirrit af beiðninni og bíða síðan i 4 vikur, ef ske kynni, að skuldunautar kæmu með mótbárur gegn henni. Ef enginn mótmæli koma fram innan nýnefnds tíma, skal umboðsmaður skýra amtmanni frá því, um leið og hann sendir honum beiðni sína um lögtaksskipun, og láta jafnframt fylgja beiðninni vott-

1) Sbr. l. nr. 29, $^{10}/_{12}$ 1885, 1. gr. 2.

ord um birtinguna. Ef aftur á móti skuldunautur mótmælir lögtakinu, ber umboðsmanni að senda amtmanni mótmælin ásamt beiðninni um lögtaksskipun, og úrskurðar amtmaður síðan, hvort mótmælunum er svo varið, að ísjárvert þyki að gefa út lögtaksskipunina, en ef svo verður álitið, skal innheimta gjöldin á þann hátt, sem hingað til hefir verið við haföur. — — — 2) Að öðru leyti skal skuldunaut eigi meinað, þó að lögtak fyrir skuld hafi fram farið á fyrrgreindan hátt, að skjóta málinu eftir á til dómstólanna, og þarf hann þá eigi að greiða nein réttargjöld til að fá því máli framgengt, fyrr en með dómi er úrskurðað, að kæra hans sé eigi á rökum bygð, en þá á hann að greiða af hendi hin venjulegu réttargjöld. — — — 1829 21. maí.

Kansbr. um gjafsókn. (LfI. 9. b. 490). 1830 2. marz.

(Talið óskylt að setja gjafsóknarhafa talsmann í héraði, nema sérstaklega standi á, svo sem vegna vankunnáttu hans í íslenzkri tungu, fjarvist frá dómstað o. s. frv.)[1]).

Kansbréf til landsyfirdómsins um ársskýrslur dæmdra sakamála. (LfI. 9. b. 720). 1831 4. júní.

Konungsstaðfesting á gjafabréfi Jóns Sigurðssonar til fátækra í Eyjafjarðarsýslu. (LfI. 9. b. 798). 14. okt.

Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Islandi, sem út komu fyrir Danmörku árið 1827. 21. des.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: að eins og Vér, á seinni árum, með bréfum Vorum til hlutaðeigandi yfirvalda, smásaman höfum ákvarðað, hverjar af þeim fyrir konungsríkið Danmörk útkomnu almennu fyrirskipunum, breyttar eða óbreyttar, skyldu gjörast gildandi fyrir Vort land Ísland, svo höfum

1) Sbr. kansbr. 14/4 1832 (LfI. 10. b. 70), þar sem sama er tekið fram.

1831 21. des. Vér framvegis ályktað, almennilega að kunngjöra Vorn allranáðugasta vilja því viðvíkjandi, með tilskipunum, er bæði á íslenzku og dönsku máli auglýsast á prenti. Vér viljum þess vegna, í framhaldi þess, er Vér hingað til höfum boðið með tilliti til eldri fyrirskipana, hér með allranáðugast tilkynna, hvað Vér af Vorum, á árinu 1827, fyrir Vort ríki Danmörk útgefnu almennu fyrirskipunum höfum, að fengnum skýrslum um sérlega landshagi, álitið þénanlegt að fyrirskrifa fyrir Ísland. Því bjóðum og skipum Vér, í fyrrgreindu tilliti, sem eftir fylgir: *I. Viðvíkjandi útvíðkun vissra greina Vorra tilskipunar fyrir Danmörk af 23. marz 1827, er gefur háyfirvöldunum myndugleika til að skera úr ýmsum málefnum, er áður útheimtu kansellíisins úrskurð.* — 1) Fyrir utan þau konunglegu leyfisbréf og skjala-afhendingar, fyrir hverjum amtmönnum, samkvæmt þriðju deild tilskipunarinnar af 23. mai 1800, hefir trúað verið, til að fást hlutaðeigendum í hendur, skulu amtmennirnir eftirleiðis enn fremur mega útbýta eftirfylgjandi leyfisbréfum: a)[1] — — — b)[2] Leyfi fyrir karlmenn, er að minsta kosti hafa tvö ár um tvítugt, til að vera fullmyndugir. — Þessi tvenns slags leyfisbréf eiga ei að meðdeilast, nema trúlegir vitnisburðir sanni, að þær persónur, er þau öðlast vilja, hafi náð slíkum þroska og fastlyndi að ei sé að óttast fyrir, að leyfisbréfin af þeim muni vanbrúkuð verða, í hverju tilliti hins fædda eða skikkaða forverja eða tilsjónarmanns, svo og hlutaðeigandi yfirvalds og sálusorgara ummæli sér í lagi eiga að takast til yfirvegunar, eins og það sömuleiðis nægilega á að sannast, að leyfisbréfsins meðdeiling muni koma þeim, er um hana sækir, til verulegra nota. Annars viljum Vér við þessa hentugleika, til að eyða þeim efa, er hingað til þar um verið hefir, útþrykki-

1) Sbr. op. br. 1/1 1861, um myndugleika kvenna.
2) Sbr. tilsk. nr. 12, 23/8 1904, I. 1. j.

lega skipa, að Kristjáns 5. Dönsku laga 3. bókar 17. kap., sem samkvæmur er Norsku Laga 3. bókar 19. kap., skal vera gildandi regla á Voru landi Íslandi, eftir hverri það skal ákvarðast, hver álítast eigi sem ómyndugur, hálfmyndugur eður fullmyndugur, svo og hverju fjárhaldi og tilsjón þeir ómyndugu og hálfmyndugu eiga undirgefnir að vera.[1]) c) — — — d[2]) Leyfisbréf til fullkomins hjónaskilnaðar, þegar ektahjón, eftir tilhlýðilegu aðskilnaðarleyfi, eigi hafa saman lifað, að minsta kosti um þrjú ár, og sú uppáboðna andlega og veraldlega meðalganga er skeð, að liðnum þeirra þriggja ára fresti, án þess að nokkurt hjónanna hafi viljugt verið til hjúskaparins endurnýjunar, hvar hjá sá, er útvega vill leyfi til að gifta sig að nýju, nákvæmlega á að sanna það, að lifnaður hans, um allan skilnaðartímann, hafi ólastandi verið. e)[3]) — — — Einnig á stiftamtmaðurinn yfir Íslandi,[4]) sem forseti landsyfirréttarins, að geta meðdeilt: f) Leyfisbréf til að leiða ný vitni og framleggja ný skjöl, í þeim málum, er kærð verða fyrir nefndum yfirrétti. — 2) Bónarbréf um þau í § 1 nefndu leyfisbréf eiga að vera löguð eftir því, sem fyrirskrifað er um þau bónarbréf, er fyrir oss fram leggjast. Fyrir leyfisbréfin borgast þau ýmislegu innlausnargjöld, er prentuð finnast á sérhverju leyfisbréfi. — Þó skal það vera yfirvöldunum leyft, að eftirgefa innlausnargjöldin fyrir þau undir bókstafamerkjunum a og b nefndu leyfisbréf, nær það nægilega í ljós leiðist, að aleiga hlutaðeiganda ei hleypur til meira en 100 ríkisbankadala silfurs, fyrir þau undir bókstm. d. nefndu, nær fátækt sannast með framlögðum áreiðanlegum skilríkjum — — — Loksins eiga þau undir bókstafsmerkinu f tilgreindu leyfisbréf að meðdeilast án borg-

1831 21. des.

1) Sbr. tilsk. $^{18}/_{2}$ 1847, 1. gr.
2) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1. j.
3) Sjá nú tilsk. $^{25}/_{9}$ 1850. 18. gr., og skiftal. $^{12}/_{7}$ 1878. 99. gr.
4) Nú stjórnarráðið.

1831 21. des. unar, þegar hlutaðeigandi hefir beneficium pauper-tatis eður processus gratuiti til þess málaferlis, en annars ekki. — 3) Í tilliti til reikningsskaparins fyrir innlausnargjöldin og annars þar að lútandi, á alt, sem viðvíkur þeim í §§ 1 og 2 umgetnu leyfisbréfum, að lagast eftir þeim forskriftum, sem gjörðar eru, áhrærandi þau leyfisbréf, sem eftir tilskipuninni af 23. mai 1800 eru yfirvöldunum í hendur fengin. — *II. Viðvíkjandi útvíðkun ýmislegra í Vorri tilskipun af 30. marz 1827, um aftekning útlegðar-straffsins, innihaldinna ákvarðana, með nauðsynlegum breytingum og viðaukum*[1]). Eptirfylgjandi §§ af Vorri tilskipan af 30. marz 1827, um aftekning útlegðarstraffsins, skulu gildandi vera fyrir Vort land Ísland, nefnilega — — — 2) — — — hvar hjá Vér og tilskiljum Oss sjálfum, eptir málsins ásigkomulagi, með Vorum úrskurði að ónýta slíkt hjónaband[2]), hvar það ei þegar, eftir almennum lögum, á að álítast sem ógjört væri — — — 9) Þar þessi Vor tilskipun einasta aftekur útlegðina sem straff, en ekki þá útlegð, sem einungis er nauðsynleg valdstjórnarregla mót utanríkismönnum, svo skulu þau lög og tilskipanir óbreytt standa, hvar eftir slíkt aðkomufólk skal flytjast út úr Vorum löndum, nær það, annaðhvort vegna síns ástands eður undanfarins framferðis, ellegar vegna skorts á tilhlýðilegum passa eður skilríki, ei á að inntakast hér í ríkið, eður nær það, með sinni aðferð, fyrirgjörir þeim því í slíku tilliti veittu réttindum, ellegar það, áður en það í Vorum löndum hefur náð heimilisrétti, ei verður í standi til að útvega sjálfu sér bjargræði. — — — *III.*[3]) *Viðvíkjandi nákvæmari ákvörðun þess í*

1) Sbr. 311. gr. hegningarl. $^{25}/_{6}$ 1869.

2) sem stofnað er utan ríkisins, til þess »að skjóta sér undan hér gildandi skipunum eða forboðum, með tilliti til þess, er hér á til aðgæzlu að koma, áður persónur megi í hjónaband saman gefast«.

3) Sbr. l. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911.

tilskipun af 20. janúar 1797 § 40, fyrirskrifaða betalings til sáttanefndanna, svo og áhrærandi klagarans útivist frá samkomum téðra nefnda, samkvæmt þeim með Voru opnu bréfi fyrir Danmörk af 6 apríl 1827, § 1 og 2, gefnu fyrirskipunum: — 1) Eftirleiðis skal sá, er inngefur klögun til sáttanefnda, strax við afhending klögunarskjalsins borga 24 sk. silfurs, er skiftast eiga samkvæmt tilskipunni af 20. janúar 1797, § 40, hvar á móti síðan, þegar sáttargjörð skeður, í stað þeirra tilskildu 64 sk., einungis ennfremur borgast skulu 40 sk. silfurs, af hverjum, ef partarnir eigi öðruvísi semja sín á milli, klagarinn á að gjalda 16 sk., en hinn ákærði þá eftirverandi 24 sk. — 2) Ef klagari ei er til staðar á þeim degi, þá sökin er ákvörðuð til fyrirtektar, en hinn kærði mætir, skal sáttanefndin, eftir hins síðarnefnda beiðni, meðdeila honum attest þar um, með hvert hann getur haldið sér til hlutaðeigandi réttar, sem þá uppáleggi klagaranum, svo framt hann getur ei sannað, að hann með löglegu forfalli hafi hindraður verið frá að mæta eður láta mæta fyrir sáttanefndinni á tilteknum tíma, að borga sanngjarnlega kost og tæring til hins ákærða. — **IV.** *Áhrærandi útviðkun til Íslands af Vorri tilskipan af 23. maí 1827, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir með tilliti til hjónabanda, er stofnast eftir útveguðum skilnaðardómi.* — 1) Sú persóna, er fyrir undirgefnum rétti hefir útvegað skilnaðardóm, er leyfir hinni sömu að innganga í nýjan ektaskap, á, ef hin dæmda ei útþrykkilega hefir fráfallið appellerun dómsins, annaðhvort að láta þau siðvanalegu fatalia appellationis líða frá hans uppsögn, eður láta dóminn löglega auglýsa hinni dæmdu, og bíða frá þeim tíma um 8 vikur. Þegar sú tíð er liðin, án þess að nein ákærustefna sé út tekin, hvar um tilhlýðileg sönnun á að framleggjast fyrir hlutaðeiganda presti, skal hið fyrra hjónaband ei lengur mega hindra nýja hjúskaparvígslu. — 2) Hvar hinum dómfelda hefir stefnt verið sem þeim, er

1831
21. des.

1831 21. des. ei vill láta finna sig, á dómsins auglýsing að ske á þeim sömu stöðum, hvar frá stefna samkvæmt N. L. 1—4—10 má birtast. — 3[1]) Með tilliti til þeirra þegar afsögðu skilnaðardóma, eiga þær áðurnefndu 8 vikur fyrst að reiknast frá þeirri dómsins birtingu, sem skeður eftir auglýsing þessarar Vorrar tilskipunar, og líka með skírskotun til hinnar sömu. — **V.** *Áhrærandi tilbreytta útviðkun til Íslands af þeim með Vorum allrahæsta úrskurði af 6. júní 1827, kunngjörðum með kanselliisins opnu bréfi af 12. s. m., gefnu forskriftum, með tillit til heimfæringar laganna 6—13—3.* Til að afstýra ýmissa meininga ósamhljóðun, viðvíkjandi þeim hætti, með hverjum fyrsti hluti laganna (D. og N. L.) 6—13—3 skal í Íslandi framkvæmdur verða, gefst hér með til kynna, að það ei heyrir dómstólunum, heldur háyfirvaldinu, til að afgera, nær karlmenn og kvensniftir, til hindrunar hneyxlanlegrar samanveru, skulu fjarlægjast hvort frá öðru, til hvers augnamiðs hlutaðeigandi háyfirvald fyrst á að útvega svo nákvæmar upplýsingar sem mögulegt verður viðvíkjandi samverunnar ásigkomulagi, sérdeilislega þar með, að æskja og öðlast sóknarprestsins skýrslu; hvar á mót lagasókn við dómstólana skal stofnuð verða, ef þeir brotlegu sitja í trássi mót yfirvaldsins aðgjörðum og skipun[2]). Sú yfirvalds-ályktun, með hverri þeim er boðið að skiljast að, á að birtast þeim af siðvanalegum stefnuvottum á þann við dóma birtingu brúkanlega hátt, hvar eftir ályktunin, með tilhlýðilegri áteiknun, skal aftur sendast viðkomandi háyfirvaldi. — **VI.** *Áhrærandi betaling fyrir þau attest, sem útgefast af prestunum á Íslandi, samkvæmt þeim um það efni með Vorri tilskipun fyrir Danmörk af 7. nóvember 1827 gefnu reglum.* — **1)** Prestarnir skulu engan rétt hafa til að krefjast betalings: a) fyrir öll attest, hver þeir, ann-

1) Sbr. tilsk. 15/8 1832, 16. gr.
2) Sbr. alm. hegnl. 25/6 1869, 179. og 312. gr.

aðhvort einmitt eftir almennum fyrirskrifuðum reglum, eður eftir sérlegum tilmælum hlutaðeigandi embættismanna, eiga embættis vegna að meðdeila, til eins eður annars opinbers málefnis frama; b) fyrir attest, sem notast til lögmætrar sönnunar, við bónarbréf um pensiónir, eður annan styrk af almennri fébirzlu, eður til að geta veitt slíkri pensión eður styrk meðtöku; c) fyrir attest, viðvíkjandi meðalgöngutilraunum í hjónaskilnaðarsökum; d) fyrir attest, sem meðdeilast öreigum, í hverju helzt tilliti sem þeirra óskað verður. — 2) Sá betalingur, hvern presturinn má heimta fyrir þau attest, hver hann ei eftir § 1 er skyldugur til að meðdeila ókeypis, skal vera 16 sk. silfurs, þegar sá, sem þess beiðist, er húsmaður, tómthúsmaður, daglaunamaður, vinnuhjú, eður í öðru viðlíku standi; — og 32 sk. af öllum öðrum. — Þegar presturinn á að útgefa í attestsformi fleiri sönnunargreinir undir eins, til dæmis: útdrætti úr ýmsum stöðum kirkjubókarinnar, má hann ennfremur krefja fyrir hina attestsins pósta, helming þess fyrgreinda betalings, þó svo, að gjörvöll borgun alls sönnunarskjalsins ei hlaupi til meira en tvöfalds betalings mót því, sem einstakt attest kostar. — 3) Fyrir framferðisvitnisburði, vinnuhjúa og slíkra vitnisburða áteiknanir, má ei krefja meir en 6 sk. silfurs. — 4) Kynni, mót von, nokkur þræta kvikna um þann betaling, sem prestur, í meðhaldi fyrrskrifaðrar reglugjörðar, má fyrir attest krefja, á slík þræta að afgjörast með amtmannsins úrskurði, og skal þá sá, sem, til þess að hann ei vantaði attestið, hefir borgað meir fyrir það, en hann áleit sig að vera skyldugan til, innan sex mánaða [að] frambera umkvörtun sína fyrir nefnt yfirvald, ef hún á í nokkuð álit að koma til afturskilunar hins goldna betalings. — Í tilliti til þeirrar ákæru, er skjalsbeiðandi þannig reisa kynni mót gjörðri betalings-kröfu, á presturinn, nær þess óskað verður, að skrifa á sjálft attestið, upphæð þess betalings, er hann

1831
21. des.

1831 21. des. fyrir þess útgreiðslu krafið hefir. — 5) Þótt Vér vel treystum landsins prestum til þess, að þeir ekki, í betalings-heimtum fyrir attest sin, muni sýna ósanngirni eður sérplægni, svo viljum Vér þó, með tilliti til þess mögulega tilfellis, að einhver einstakur prestur ei kynni til þeirrar vonar að svara, uppáleggja því yfirvaldi, er slíka misgjörð uppgötva kynni, að tilkynna hina sömu Voru danska kansellii, sem á að veita þeim presti, er í sliku sekur finst, tilhlýðilega ávítun, og sem ennfremur, ef yfirsjónin ítrekast, hefir fengið myndugleika til að uppáleggja honum alt til 10 ríkisbankadala silfurs bætur, fyrir hans óverðugu breytni.

1832 20. jan. **Tilskipun um skyldu prentara að láta bókasöfnum í té eintök af því, sem prentað er**[1]).

15. ág. **Tilskipun viðvíkjandi réttargangsmátanum við undirréttina á Íslandi, í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og opinberum póliti-sökum.**[2])

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: að þar þau fyrir Vort ríki útgefnu almennilegu lög um réttarins tilhlýðilegu og fljótu framkvæmd í borgaralegum réttargangsmálum ekki, í einu og sérhverju, eru öldungis passandi fyrir undirréttina á Voru landi Íslandi, hvar þing í hverri viku, eður jafnvel hverjum mánuði, hvorki haldast né geta, án alt of stórra þyngsla fyrir landið, tilskipuð orðið, og hvar ei heldur reglulegir talsmenn skikkaðir eru, svo höfum Vér ályktað, að fyrirskrifa sérlegan, á laganna almennu grundvallarreglum bygðan, en eftir Íslands landslags ásigkomulagi lagaðan réttargangsmáta, er brúkast skuli við nefnda rétti, svo vel í eiginlega borgaralegum málum, viðvíkjandi skuldum, eignum og þvílíku, sem og

---

1) Sbr. l. nr. 23, $^{4}/_{12}$ 1886.

2) Sbr. l. nr. 5, $^{17}/_{3}$ 1882, l. nr. 35, $^{2}/_{11}$ 1914 og nr. 52, $^{30}/_{11}$ 1914.

í þeim málum, er viðvíkja áreitingum með orðum eður verki, en þó stofnast eiga án yfirvaldsins skipunar, einnig í pólitísökum af viðlíkri art, og yfir höfuð í öllum þeim réttargangsmálum, sem ekki höfðast vegna réttvísinnar eður hins opinbera pólitíis. Vor boð í þessu tilliti hljóða þannig: 1) Þegar nokkur þykist hafa orsök til að höfða mál mót öðrum manni, á hann að framkoma með stutta, munnlega eða skriflega skýrslu, um sakarinnar ásigkomulag, fyrir þann dómara, til hvers umdæmis hans mótpartur heyrir, eður hverjum það annars, eftir lögum og tilskipunum við kemur að meðhöndla og uppádæma sökina. — 2) Þessi skýrsla á, ef hann vill að málið fyrirtakist á því árlega manntals-þingi, almennilega að ske, áður en sýslumaðurinn hefir ákvarðað þingdagana fyrir sérhverja þingsókn í sýslunni, og útsent þingboðið í því tilliti. — Ef hinn ákærði kemur seinna, á sýslumaðurinn, eftir kringumstæðunum, að ákvarða, hvort sökin samt eigi að fyrirtakast á því nefnda þingi, hverju þó ei má neita, ef það skeð getur án þess að aflaga þá reglu sem fastsett er fyrir þinghaldið á öðrum stöðum. Ef klagarinn vill að málið fyrirtakist á öðrum tíma en þeirri reglulegu þingtíð, á dómarinn að ákvarða vissan tektadag, og hegða því þannig, að klagarinn geti framfylgt sínu máli svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa, þó sjálfsagt með þeim hætti, að hentugleiki gefist til að stefna hinum ákærða mótparti með löglegum fresti. Sömuleiðis eftirlæzt það dómaranum, ef honum virðist hið siðvanalega þinghús miður hentugt vera, að ákvarða annan haganlegan stað til málsins meðhöndlunar, þó ei utan þeirrar þingsóknar, í hverri hið rétta varnarþing er. — 3) Áður en málsins fyrirtekt þannig er ákveðin, á klagarinn þó, ef það ei er af þeirri art, sem er undanskilin frá meðhöndlan sættanefndanna, að sanna, að því sé þar frá til réttargangs vísað. — Annars skal það og, í þeim sökum, hvar í sáttatil- 1832 15. ág.

1832 raun, eftir gildandi lögum, á að fyrirtakast af dóm-
15. ág. aranum, vera klagaranum leyft, þar um að halda sér til sættanefndarinnar, sem þá skal vera skyldug til að meðhöndla sökina á allan hátt eftir þeim siðvanalegu fyrir sáttanefndir gildandi reglum, eins og hinn ákærði sömuleiðis skal vera skyldugur til að mæta, að viðlögðum þeim afleiðingum, sem útivist frá sáttanefndinni annars með sér færir. — 4) Þar býjarþingið í Reykjavík á að haldast á vissum degi í hverri viku, að svo miklu leyti nokkuð þingsmál þar fyrirfellur, svo þarf sá, er á slíkum degi vill höfða nokkra sök fyrir téðum rétti, einungis að gæta þess, að hann í tíma tilkynni það dómaranum, ef hann ei hefir vitund um, að eitthvert annað sérlegt málefni þar samt sem áður eigi að fyrirtakast. — 5) Ef klagarinn óskar þess, á dómarinn að útgefa fyrirkall, innihaldandi partanna nöfn og málsins eiginlega efni, ásamt tíma og stað, á hverjum sökin á að fyrirtakast, og þeim fresti, með hverjum fyrirkallið á að birtast, hver frestur á að ákvarðast eftir þeim hingað til gildandi reglum. — Þótt þannig sjálfur dómarinn samsetji fyrirkallið, á þó engin stærri borgun að gjaldast honum þar fyrir, en sú, sem aukatekju-reglugjörðin af 10. september (1830) í 1. og 9. §§[1]) hefir veitt honum, fyrir undirskrift og innsiglun þeirrar stefnu, sem samin er af saksóknaranum sjálfum. — Í útskýringu málsins efnis eiga að brúkast hin styztu og almennilegustu orðatiltæki, hvar með því lýst verður. Þannig á, ef það viðvíkur skuldakröfu, hennar upphæð að ákveðast, og sé hún grundvölluð á útgefnu skuldabréfi, á það líka að nefnast, en annars umgetist skuldarinnar orsök með slíkum almennilegum orðatiltækjum, sem: »eftir reikningi«, »fyrir meðteknar vörur«, »fyrir unnið erfiði«, eður þvílíkum. Fyrirkallið afhendist klagaranum, með ávísun um að láta það löglega birta fyrir þeim ákærða. — Annars má klagarinn sjálfur útgefa fyrirkallsseðilinn, ef hann vill það

1) Nú l. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911, 1. gr.

heldur, eins og það sömuleiðis, ef mótparturinn mætir á tilteknum tíma og er viljugur til að svara til sakarinnar, má standa á sama, hvort hið annars nauðsynlega fyrirkalli sé skeð, eður ekki. — 6) Ef sýslumanninum ei virðist sökinni að vera tilhlýðilega vísað til réttargangs frá sáttanefndinni, eður hann, af annari orsök, ei álítur sig hafa myndugleika til að ákvarða málsins fyrirtekt, eftir klagarans beiðni, þá á hann að meðdeila klagaranum, ef þessi þess óskar, reglulega og skriflega tilkynning þar um, frá hverri þó annars, sem frávísunardómi, má appellera til landsyfirréttarins. Fyrir slíka, skriflega útgefna, frávísun, gjaldist betalingur eftir aukatekjureglugjörðarinnar af 10. septbr. 1830. (Sjá bls. 330, nmgr.) § 3. — 7) Ef sá, sem hefir látið kalla annan mann fyrir réttinn, ei mætir eður lætur mæta á þeirri í fyrirkallinu ákveðnu tíð, hlýtur sökinni að frávísast, og hann verður þá skyldugur til að gefa þeim ákærða eður ákærðu, sem mæta, og þar um gjöra uppástand, sanngjarnlegan kost og tæring, eftir dómarans ákvörðun. Sömuleiðis á hann, ef sérlegt þing vegna téðrar sakar var ákveðið, að gjalda dómaranum þær tilskipuðu aukatekjur, eins og málið af honum algjörlega hefði fyrirtekið verið. — Ef annars klagarinn, eftir að málsins fyrirtekt var ákveðin, afturskilar því af dómaranum útgefna fyrirkalli, án þess að það hafi auglýst verið, eður hann sannar fyrir dómaranum, að málið sé útkljáð með sáttargjörð við þann ákærða eður þá ákærðu, ellegar að þessum, á þann fyrir stefnubirtingar tilskipaða hátt, sé til kynna gefið, að hann sleppi málssókninni, án þess nokkur þannig hafi þurft að mæta forgefins, svo burtfellur alt áður umgetið útsvar. — 8) Ef klagarinn mætir, en þar á móti sá ákærði ekki, svo á, nær þessi álízt bevísanlega að hafa tilhlýðilega fyrirkallaður verið, sökin að uppádæmast eftir þeirri skýrslu, sem klagarinn gjört hefir um hennar kringumstæður, og þeim skilríkjum, sem af hans hálfu framlögð

1832
15. ág.

1832 15. ág. verða; og sá innstefndi hlýtur þá að kenna sjálfum sér þar um, að hann ekki hafi tengið að framfæra þær varnir, sem hann kynni þykjast mót saksóknninni að hafa. — Samt er það sjálfsagt, að sá ákærði ei má dæmast fyrir annað en það, sem er klögunarinnar og þess eftir henni útgefna fyrirkalls efni, og að dómarinn, þótt sá ákærði ei hafi til saksóknarinnar svarað, á að ónýta hana, að svo miklu leyti hún, engu að síður, sýnir sig ógrundvallaða að vera. — 9) Ef samt hinn ákærði, eftir að málið, vegna hans útivistar, er upptekið til dóms, sem í þessu tilfelli ei má afsegjast á næstu 14 dögum þar eftir, áður en þessi frestur er úthlaupinn, kann að vitja dómarans með beiðni um, að það á ný megi fyrirtakast, svo á þetta að eftirlátast, og þingdagur til þessarar nýju fyrirtektar að ákveðast, svo og mótparturinn þar til að innkallast, hvar við ákvarðanirnar í þessarar fyrirskipanar § 5, að svo miklu leyti þær þar til heimfærast mega, hljóta til aðgæzlu að koma, þó svo að hinn ákærði, til að útverka þannig málsins nýju fyrirtekt, gjaldi fyrir utan það sem sjálft fyrirkallið kostar, eins mikið og það sem klagarinn, eftir aukatekjureglugjörðinni, hefir hlotið að borga við höfðun málsins meðferðar fyrir réttinum. Þegar sökin þannig að nýju verður fyrirtekin, má hinn kærði framfæra alt, sem hann kann að vilja athuga eður upplýsa sér í hag, með sömu verkun, sem ef það hefði verið framfært eftir því fyrirkalli, sem honum í fyrstu hafði birt verið. — **10)** Þegar partarnir mæta, á dómarinn þannig að stýra þeirra innbyrðis viðskiftum, að málið tilhlýðilega upplýsist, og sérhver þeirra styrkist til að ná sínum rétti. Sérílagi á hann að leiðbeina málspörtunum, svo vel til að gefa vissar, skilmerkilegar og sannorðar skýrslur um þær kringumstæður, undir hverjum saksóknarinnar gildi er komið, sem og til að útvega þær bevísingar, sem í neitunar tilfelli eru nauðsynlegar. Þó er það sjálfsagt, að þegar ein-

hver málspartanna ei finnur sig við þurfa dómarans vegleiðslu, og vill án hennar sjálfur skriflega eður til þingbókarinnar framfæra það, er hann álítur til síns hagnaðar nauðsynlegt vera, svo á dómarinn ekki að neyða hann til að þiggja sína liðveizlu. Þingbókin á, áður en henni er lokið, að undirskrifast af dómaranum og þingvottunum, svo og af pörtunum, og þeim, sem annars hafa við málsfærsluna mætt, eftir að það innfærða hefir verið skýrt upplesið, eins og líka þeir, sem, eins og ákveðið er, eiga að undirskrifa, hljóta að hafa aðgang til að lesa sjálfir það sem innfært er, og til að við bæta sínum athugasemdum, fyr en undirskriftirnar meðdeilast. Að svo miklu leyti einhver ei getur skrifað, á einn af þingvottunum hans vegna að skrifa hans nafn, en hann sjálfur halda um pennann. Vilji einhver ei undirskrifa, á þess getið að verða, og líka þeirra orsaka, er hann þykist hafa þar til, ef hann gefur þær til kynna. — **11)** Þar málanna meðferð yfir höfuð á að vera svo einföld og stutt sem mögulegt er, svo má ekkert ónauðsynlegt uppihald líðast. Þegar klagarinn ekki, strax við hins eiginlega réttargangs byrjun, framleggur neitt skriflegt innlegg, og heldur ekki önnur skjöl en þau, sem áður voru framkomin við sáttatilraunina, skal sá ákærði, ef engin sérleg ástæða kynni krefja nokkurrar undantekningar frá þessari almennilegu reglu, vera skyldugur til strax að auglýsa sitt álit um kröfunnar réttvísi, en dómarinn á að leitast við að koma því til leiðar, að málinu annaðhvort verði lokið þann sama þingdag, eður og þó að þau nauðsynlegu skilríki verði framfærð við þess næstu fyrirtekt. — **12)** Dómarinn á, á einn veg, að gæta þess, að engum málspartanna, með ofbráðri upptekningu sakarinnar til dóms, meinist hentugleikar til að útvega þær upplýsingar, sem honum kynni í þarfir að koma, en á annan veg þess, að málslokunum ei heldur sláist ótilhlýðilega á frest. Hann á

1832
15. ág.

1832 15. ág. þessvegna, ef einn partanna óskar nokkurrar uppsetningar til að gefa skriflegt tilsvar eða útvega nokkur skilríki, nákvæmlega að prófa, hvort hún verulega megi þéna sökinni til upplýsingar, og ef þetta ljóslega sést ei að vera tilfellið, á engin uppsetning að eftirlátast. — 13[1]) Þau vitni, til hverrar einhver partanna skirskotar, sinu máli til upplýsingar, eiga, ef hann ei getur fengið þau til að mæta án fyrirkalls, á löglegan hátt og undir fallsmáls straff að innkallast, og að svo miklu leyti málspörtunum ekki innan réttarins verður það tilkynt, nær vitnaleiðslan ske muni, eiga þeir með siðvanalegum stefnufresti að kallast til að hlýða á hana, til þar við að gæta þess, er þarfir krefja. Dómarinn á með mestu umhyggju að bera umsorgun fyrir því, að vitnin gefi nákvæmar og skilmerkilegar skýrslur um alt, sem þénað geti sökinni til upplýsingar, svo og fyrir því, að enginn misskilningur verði, en alt innfærist í þingbókina með skilmerkilegum og skýrum orðum. Þær spurningar, eftir hverjum nokkur partanna kynni að æskja, að vitnin verði yfirheyrð, á dómarinn að framsetja, að svo miklu leyti þær annars eru lögum og málavöxtum samkvæmar. Við framfærslu sérhverrar spurningar á hann, nær þess þörf gjörist, að útskýra hana enn fremur fyrir vitninu; einnig á hann í sérhverju tilfelli, hvar nokkur grunsemd vekst þar um, að vitnið misskilji einhverja spurning, eður þess svar ei ljóslega tilkynni þess meining, með nákvæmri eftirgrenslun og útskýringu að leitast við að bæta slíka bresti. Sjálf eiðsafleggingin á ekki að ske fyrr en vitnisins skýrsla er fullkomlega meðtekin, innfærð í þingbókina, upplesin fyrir vitninu, og vitnið loks hefir lýst því yfir, hvort það, í einu og sérhverju, þori að standa við sína skýrslu, undir eið, eða hvort það finnur nokkuð þar í, er leiðréttingar eður nákvæmari á-

1) Sbr. tilsk. $^{3}/_{3}$ 1741, $^{3}/_{6}$1796, 12.—14. gr. og l. nr, 29, $^{11}/_{7}$ 1911.

kvörðunar við þurfi. — Annars á vitninu, áður en það framflytur sinn vitnisburð, að leggjast það á hjarta, að hann eigi að afleggjast með svo nákvæmri aðgæzlu sannleikans, eftir beztu samvizku, að vitnið treystist til, nær þess skýrslu er lokið, að staðfesta hana með eiði, eins og dómarinn líka, í hvert sinn sem honum gefst grunur um, að vitnið ei festi þetta í minni, aftur á að ítreka téða áminning. — Áður en eiðurinn endilega er aflagður, á dómarinn, fyrir utan þá lögskipuðu viðvörun til vitnanna, að ámálga þær hugvekjur og áminningar, sem í því einstaka tilfelli mættu virðast þénanlegar til að ná vissu um sannsögli vitnisins. Annars er það sjálfsagt, að eiðsafleggingin ei þarf að ske, þegar partarnir koma sér saman um að fráfalla henni. — Alt hið áðurskrifaða á og að aðgætast af þeim dómara, fyrir hverjum nokkur vitnaleiðsla skeður, er notast á í einni af öðrum rétti meðhöndlaðri sök, í hverri þá náttúrlega sú til slíkrar vitnaleiðslu nauðsynlega uppsetning á að eftirlátast. — **14)** Eins og §§ 7 og 8 sýna, hvernig breyta skuli, þegar annaðhvort klagarinn eður sá ákærði ekki mætir sakarinnar fyrsta tektadag, svo skal einnig þegar nokkur af pörtunum lætur sig vanta einn af fylgjandi tektadögum, málið, ef sá mætandi partur þess æskir, til dóms upp takast og uppádæmast, í því ástandi, hvarí það þá er, og sá fráhorfni hlýtur þá að kenna sjálfum sér um það tjón, er fljóta kynni þar af, að hann ekki hefir gefið fullkomnara tilsvar í sökinni. Þó má ennfremur, í líku tilfelli, ákvörðunin í § 9 heimfærast hér til. Ef báðir partar láta sig vanta í einni þegar fyrir réttinum meðhöndlaðri sök, á hún að burtfalla, og má ei aftur fyrirtakast fyrr en eftir nýju löglegu fyrirkalli. — **15)** Annars má einn partur, þegar hann hindrast frá að mæta persónulega, senda einn annan góðan mann í sinn stað, hvern hann á að setja í stand til að fremja sökina, sín vegna, eftir þar til gefinni fullmakt án

1832
15. ág.

1832 15. ág. þess að neitt af háyfirvaldinu meðdeilt skikkunarbréf útheimtist þar til. En ef nokkur kynni að hafa slíkt forfall, að ei heldur þetta sé honum mögulegt, þá á hann að tilkynna og upplýsa téð forfall, og sökin á þá, þess vegna, að uppsetjast, í hverju tilfelli útivistar annars nauðsynlegu afleiðingar þannig burtfalla. — 16) Dómarinn á, strax eftir að dómurinn er saminn og innfærður í þingbókina, að láta hann af stefnuvottum birta fyrir málspörtunum. Það útgjald, er flýtur af slíkri birtingu, á, við málsins upptekningu til dóms, að borgast, ásamt þeim fyrir slíka upptekning í aukatekjureglugjörðinni ákveðna betalingi. Ef nokkur vill fráfalla slíkri birtingu þannig, að dómurinn frá þeirri tíð, þá hann er saminn og innfærður í þingbókina, skuli álítast eins og hann væri honum birtur, svo burtfellur einnig náttúrlega, með birtingunni, allur þar af fljótandi kostnaður. Í slíku tilfelli á sú tíð, sem í dómnum er ákveðin til hans uppfyllingar, og sem almennilega reiknast frá þeim degi, þá fyrrtéð birting var gjörð, að reiknast frá þeim degi, þá dómurinn, eftir téðu samþykki, álízt birtur að vera. Á sama hátt breytist einnig í tilliti til þess sem áhrærir fatalia appellationis. — Annars á dómarinn, með mögulegasta flýti, að fremja sökina til uppádæmingar; eu þótt það væntist, að hann sem oftast ekki vilji nota sér af öllum þeim honum í Laganna 1—5—8 gefna fresti, á samt þar við undir eins ákvörðunin í þessarar tilskipanar § 9 (samanborin við § 14) að aðgætast, — 17) Þær í tilskipunarinnar af 3. júní 1796 §§ 10, 35 og 39 tilteknu bætur eiga að heimfærast í sérhverju tilfelli, hvar einn partur eður hans umboðsmaður finst að hafa orsakað ótilhlýðilegan drátt málsins, og eiga nefndar bætur að uppáleggjast þeim seka með dómi í aðalsökinni, þótt drátturinn ekki eiginlega skeð hafi við sjálfa hana, heldur við þingsvitni eður annað réttargangsverk, sem henni er viðvíkjandi. Sömu sekt skal dómarinn einnig

vera undirorpinn, ef hann finst að hafa hjá sér leitt þær honum til málsins tilhlýðilega frama uppálögðu skyldur. — Yfirdómstólarnir eiga að gæta þess, nær slíkar yfirsjónir hafa skeð við undirréttina, og þá draga hlutaðeigendur til sekta; eins og líka talsmenn fyrir hæstarétti, í þeim málum, er þeir munnlega flytja, eiga að geta þess, nær slíkt óafsakanlegt uppihald skeð hefir. — 18) Þar það má álítast nægilegt, til að setja hvern undirgefinn dómara í stand til að framkvæma alt það, sem hann kynni að finna nauðsynlegt til forsvars fyrir sínum dómi og málsmeðferð, að hann með löglega birtri stefnu hefir fengið tilhlýðilega tilkynning um, að sökinni sé innstefnt til æðri réttar, svo skal það eftirleiðis ekki vera nauðsynlegt, að contra- eður framhalds-appells-stefnur birtist þeim undirgefna dómara, nema hlutaðeigendur, eftir þeim, ætlist til, að hann skyldaður verði til að borga málskostnað eður annað, sem ekki án sérlegs uppástands getur honum uppálagt orðið. Annars er það sjálfsagt, að Dönsku Laga 1—4—21, sem er samhljóða Norsku Laga 1—4—20, er heimfæranlegur til slíkra stefnubirtinga fyrir mótpartinum. 1832 15. ág.

Konungsúrskurður um löggildingu Raufarhafnar sem útliggjarastaðar (LfI. 10. b. 290)[1]). 1833 13. febr.

Tilskipun viðvíkjandi óðalsrétti á Íslandi. 17. apr.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: að Vér, að nokkru leyti til að afstýra þeim þrætum, hvar til sá á voru landi Íslandi, samkvæmt konungsbréfi af 28 marz 1776[2]) gildandi óðalsréttur gefur tilefni, en að öðru leyti til, með viðhaldi sjálfra réttindanna, að ráða bót á því skaðlega ófrelsi eignarréttarins, er hann nú sem stendur með sér færir, höfum ályktað,

1) Sbr. tilsk. $^{28}/_{12}$ 1836, 1. gr.

2) Með þessu kgsbr. var tilsk. $^{14}/_{1}$ 1771, um óðalsréttinn í Norvegi, lögleidd hér á landi.

1833 17. apr. eins og Vér hérmeð allranáðugast skipum, sem eftir fylgir: — 1) Sú í tilskipan af 14. janúar 1771 § 3 ákvarðaða tíð, innan hverrar sérhver óðalsmaður á að innleysa sitt óðalsgóz, þegar vandalaus maður, eður sá, sem fjær er óðalsrétti, er þess eigandi, skal eftirleiðis ei vera lengri en 5 ár. — — — Þarámót viðhaldist framvegis sú í nefndrar tilskipunar § 1 fyrirskrifaða regla, eftir hverri óðalsréttur vinst, þegar ein persóna eður einn ættleggur hefir verið réttur eigandi að einni jörð í 10 ár eður lengur. — 2) Hafi nokkur náð óðalshefð á einni jörð með því móti, að hann nú hefir verið hennar eigandi í 10 ár samfleytt, eður þannig, að hann hefir framhaldið sínu af hans foreldrum eður öðrum langfeðgum byrjaða eignarhaldi um svo langa tíð, að þau til slíkrar heiðar útvegunar fyrirskrifuðu 10 ár, meðan slíkt hans eignarhald varaði, séu úthlaupin, skal það, ef hann afhendir jörðina, vera undir honum sjálfum komið, hvort hann vill binda hana við nokkurn lausnarrétt, eður ekki, og þetta band skal, í nefndu tilfelli, ekki mega neyðast uppá eigindóminn, mót hans vilja. Kjósi hann að áskilja sér og ætt sinni lausnarrétt, hlýtur þetta með berum orðum að innfærast í afsalsbréfið, eður í eitt annað þinglesið og bókað skjal, hvar af sérhver hlutaðeiganda geti fengið tilhlýðilega vitneskju um það á eigindóminn lagða band. Hið sama gildir og um sérhvern, sem framvegis kynni að öðlast óðal með hefð. Annars á það að aðgætast, að sá eigindómur, sem eftir fyrrskrifuðu legst undir óðalsrétt, í því skjali, sem þarum á að útgefast, tiltakist svo nákvæmlega, að engin efasemd í því tilliti geti upp komið. — 3) Þegar sá, sem hefir útvegað óðalshefð, eftirskilur sínum lífserfingjum jörð sína, skal sérhver þessara eiga þá jörð, er hann erfir, með þeim sama rétti, hvers óðalsins útvegandi naut. Vilji þessi þarámóti, að slíkur óðalsréttur skuli hvíla á jörðinni, að hún, án nokkurs af næsta erfingja í því tilliti gjörðs

ákvæðis, skuli, þegar hann afhendir hana, standa til lausnar fyrir hans eftirkomara, og, þegar þessir ei eru til, fyrir aðra óðalshöfundarins eftirkomara, svo á óðalsútvegandinn með skýrum orðum að ákvarða slíkt, og þessi ákvörðun á annaðhvort einmitt að gjörast með lýsingu á þingi. eður og það skjal, hvarí hún er gjörð eður sönnuð, kunngjörast á þingi, alt til þess að hver einn, sem vill útvega sér eignarrétt til jarðarinnar, eður aðra iskyldu í henni, geti fengið nauðsynlega vitund um slíkt á henni hvílandi band. — 4) Eins og sá, sem hefir útvegað óðalsrétt til einhverrar jarðar, ekki, til skaða fyrir panthafarann, má afhenda hana með tilskildu ákvæði um lausnarrétt, svo má hann ei heldur, þegar hann eftirskilur hana sínum lífserfingjum, þyngja henni með óðalsrétti, nema að svo miklu leyti slík ákvörðun getur framkvæmzt án skaða fyrir þá, hverra skuldunautur hann er. Krefji skuldaheimtari útlags í því gózi, hvar til eigandinn hefir öðlazt óðalsrétt, og því til hans fullnægju nauðsynlega kaupverði ei verður náð, með því móti, að hún afhendist með tilskildu ákvæði um óðalslausn, svo hefir eigandinn engan rétt til að heimta það, að slíkt ákvæði gjörist að skilyrði við afhending gózins. — 5) Sá, sem eftir því tilskilda ákvæði, hvert hinn fyrsti útvegandi hefir lagt við sölu óðalsjarðar, eður eftir þeirri ákvörðun, er slíkur höfundur, í meðhaldi 3. §, hefir gjört, er orðinn réttur óðalsmaður að henni, má að sönnu, við hennar afsal, afsifja þann óðalsrétt, sem kann að tilkoma honum og hans afkvæmi, en hinar kvíslir ættarinnar geta samt ei þarmeð mist þann lausnarrétt, sem þær öðlazt hafa. Ekki heldur getur hann, með pantsetningu jarðarinnar, rírt þeirra lausnarrétt, hvarámót þeir skuldheimtarar, sem með þeim af honum útgefnu skuldabréfum hafa útvegað pant í eigindóminum, hljóta, þegar lausnarrétturinn gjörist gildandi, að nægjast með þá peningaupphæð, fyrir hverja eigindómurinn

1833 17. apr.

1833 innleysist. — 6) Vilji nokkur nota sinn óðalsrétt, á
17. apr. hann alment að leysa gózið með þeirri peningaupphæð, sem það af hlutlausum, samkvæmt tilskipunarinnar af 14. janúar 1771 § 7, þartil útnefndum mönnum álizt að vera vert, á þeirri tíð, sem það leysist, þó svo, að tala þeirra manna, sem útnefnast, einungis á að vera 4 til fyrstu skoðunar (eður virðingar) og í fylgi þaraf 8 til æðri skoðunar, ef hún haldin verður. Samt er það undir þeim komið, sem í meðhaldi af þessarar tilskipunar § 2 útvegar gózi sínu óðalsrétt, að ákveða það skilyrði, að það, ef það innleysast á, borgist með þeirri peningaupphæð, fyrir hverja hann selur það, mót tilhlýðilegu endurgjaldi fyrir síðari betranir eður rírðir, samkvæmt þeim hingað til gildandi reglum. — 7) Sá minsti jarðarpartur, sem eftirleiðis má að óðali gjörast, skal hlaupa til 5 hundraða dýrleika. — 8) Með tilliti til þeirrar óðalsjarðar, sem við þessarar tilskipunar auglýsing ei er í eign fyrsta útveganda, haldi sérhver hlutaðeiganda þeim þegar unna óðalsrétti, sem á að fremjast í samhljóðun við þau hingaðtil gildandi lög, þó svo, að ákvörðunin í § 1 takist til eftirbreytingar.

24. apr. **Tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi.**[1])

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: að Oss, til að koma betri reglu á þau fyrir vissu eigindómsins svo mikilvægu afsalsbréfa og pantbréfa efni á Voru landi Íslandi, hefir þóknazt allranáðugast að bjóða og skipa, sem eftir fylgir: — **1)** Þinglýsingar afsalsbréfa, pants-skuldabréfa og annara skjala, er hafa eigindóms afhendingu til augnamiðs, eður hvarmeð nokkur ískylda leggst á góz og eigindóm, svo og af sérhverju öðru skjali, sem lesið verður til að ná ein-

---

1) Sbr. D. L. 5—3—28 til 30, 5—7—7, op. br. $^{28}/_{4}$ 1841, l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, l. nr. 19, s. d. § 46, l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 5.—7. gr., l. nr. 55, $^{22}/_{11}$ 1907, 4. gr., l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, II. kap.

hverri umkomu yfir eins eiganda umráðum yfir eign- 1833
um sínum, eiga að fyrirtakast við hlutaðeigandi und- 24. apr.
irrétt, svo að sú í tilskipan af 11. júlí 1800 § 12 heim-
ilaða þinglýsing af þess háttar skjölum við landsyfir-
réttinn öldungis burtfellur. — 2) Þegar skjalið hljóð-
ar uppá afhending eður veðsetning einhverrar fast-
eignar, á það ætíð að lesast á því þingi, til hvers
eigindómurinn heyrir. Skjöl þau, hvarmeð maður
pantsetur sitt hræranlega góz, án þess að skila því
frá sér, eiga, þegar þau ei takmarkast til þess, er,
sem fast búfé, eður innstæða einhverrar jarðar, er
sameinað við fasteign, ætíð að lesast við hans per-
sónulega varnarþing. Hið sama gildir og um þau
skjöl, er færa með sér einhverja almenna takmörkun
á einnar persónu eignarráðum yfir gózi sínu; en slík
skjöl eiga líka að lesast á þeim þingum, í hverra
sóknum hans fasteignir liggja, ef þau annars eiga að
notast til að veikja þær afhendingar eður veðsetning-
ar, sem með tilliti til slíkra eigna gjörast með lög-
lega þinglýstum skjölum. — 3) Í Reykjavík fyrirtakist
lestur þeirra fyrrnefndu skjala á þeim reglulegu þing-
um, er þar haldast á viku hverri. Á öllum öðrum
stöðum eiga þau að lesast á því árlega manntalsþingi
fyrir þá þingsókn, hvar lýsingin eftir § 2 á að ske.
Við extrarétti getur lestur slíkra skjala ei útvegað
þeim neinn lagakraft. — 4) Fyrir utan Reykjavík, hvar
lýsingin á að fremjast samkvæmt almennum reglum
í Dönsku Lögum og þartil heyrandi tilskipunum, á
sérhvers skjals verkun mót þriðja manni fyrst að
reiknast frá þinglýsingarinnar degi, svo að, ef tvö slík
skjöl kunna að lesast á sömu þingtíð, annað þeirra
ekki, vegna eldri útgefningar, getur, ef annars eigi
neitt misferli þarvið skeð hefir, haft forgangsrétt fyrir
hinu. Þó skal, þegar sá, er útvegað hefir nokkurt
heimildar- eður veðsetningar-skjal, sýnir sýslumanni
hið sama til fyrirfarandi innteiknunar í afsals- og
pantbréfabókina, og fær þar um uppáteiknun á

1833 24. apr. sjálft skjalið, svo og síðan lætur það lesa á því næst fylgjanda manntalsþingi, skjalsins lagakraftur reiknast frá þeim degi, er það þannig var sýnt, svo að það á að hafa forgangsrétt fyrir þeim heimildar- og veðsetningarskjölum, sem, undir eins og það, fram koma á þingi, og sem annaðhvort öldungis ekki, eður ei fyrr en síðar, eru, á fyrrsagðan hátt, sýnd sýslumanni. Annars á fleiri á sama þingdegi eður sama manntalsþingi lesinna skjala þinglýsing að öllu leyti að álítast sem skeð á sömu tið, þó annaðhvort þeirra lesist nokkru fyr en hitt, þó svo, að ekkert skjal, sem ei fyrr afhendist til lýsingar en eftir byrjun þingsins, geti komið til álits mót því, sem fyrr er af hendi látið. — 5) Þau þinglýstu skjöl eiga, orð fyrir orð, að innfærast í þá þar til löguðu af amtmanni fullgiltu afsals- og pantbréfabók, og þaraðauk á lýsingarinnar að getast í þingbókinni. Um lýsing og bókun gefist uppáteiknun á skjalið; einnig skal réttarins þénari samkvæmt aukatekju-reglugjörðinni af 10. september 1830 § 30, á sjálfu skjalinu geta sérhvers brests, er finnast kann á útgefandans heimild til þeirrar fasteignar, sem með því á af hendi að látast eður veðsetjast, og líka þess, ef nokkurt skjal áður er lesið, sem geti hindrað þess nú lýsta skjals fullgildi. — 6) Til þess að réttarins þénari með nákvæmni geti athugað það, hvartil hann þannig skyldast, og annars geti meðdeilt sérhverjum hlutaðeiganda áreiðanlegan vitnisburð um heimild að eign nokkurri, og um þær þar á hvílandi veðsetningar, eiga nákvæm registur að haldast yfir öll lesin skjöl. Þau eiga að nokkru leyti að vera uppteiknanir, í stafrófsröð, yfir þær persónur, er afhenda eður útvega eignir, eður hverra eignarráð takmarkast með þeim lesnu skjölum, og innihalda tilvísanir til þeirra staða, hvar skjölin finnast í bókinni, og undireins, að öðru leyti, registur yfir sérhvern eigindóm, sem afhendist eður veðsezt, á þann hátt, að tilvísun til alls, sem lesið er á þingi um slík-

an eigindóm, finnist til samans á einum stað. Til 1833
þeirrar sérlegu lögunar, er þessu samkvæmt verður 24. apr.
registrunum gefin, á amtmannsins samþykki að útvegast, og á, að svo miklu leyti þeim nú þegar löguðu registrum við kemur, nákvæm skýrsla um lögunina að innsendast til nefnds embættismanns, sem á að dæma um, hvort hún svari til síns áugnamiðs, eður umbreyting þará þurfi að gjörast. Ef slíkar kringumstæður finnast að vera í nokkurri þingsókn, er nú sem stendur bindri samning slíks registurs yfir sjálfar eignirnar, svo má amtmaðurinn leyfa, að fyrst um sinn einungis registur yfir persónurnar haldist, en þau eiga þá að vera gjörð með slíkri nákvæmni, að það ætíð með þeirra hjálp sézt geti, hvort nokkur viss persóna sé eigandi einhverrar tiltekinnar eignar, og hvort nokkuð sé lesið á þingi, sem geti staðið í vegi fyrir hans umráðum yfir hinni sömu. — 7) — — — 8) Amtmennirnir eiga, á þeirra yfirferð í héruðunum, nákvæmlega að líta eftir svovel afsals- og pantbréfa-bókunum, sem registrunum yfir þær, og hafa umhyggju fyrir því, að þeim brestum eður óreglu, sem í því tilliti finnast, afstýrt verði. — 9) Annars breytist eftir aukatekju-reglugjörðarinnar af 10. september 1830, 3. kapítula, hvar hjá þó ekkert gjald á að lúkast fyrir lestur og bókun á borgunarbréfum, er útgefast fyrir konunglegum tekjum, eður fyrir afplánun slíkra borgunarbréfa.

Konungsúrskurður um styrktarsjóð leiguliða konungs- 7. júní
jarða í Gullbringusýslu (LfI. 10. b. 321)[1]).

Kansbr. (samkv. kgsúrsk. 12/4 1834) **um landsyfir-** 1834
dóminn. (LfI. 10. b. 477). 22. apr.

Vér viljum allran. hafa ákveðið — — — 3) að dómritaraembættið — — — skal sameinað 2. yfirdómaraembættinu — — —

1) Sbr. kgsúrsk. 11/3 1832 og augl. 9/10 1875.

1834 31. maí **Kansbr. um upplýsingar um sakamenn, sem sendir eru í fangelsi.** (LfI. 10. b. 539).

19. júlí **Kansumbbréf um árlegar skýrslur um sjálfsmorðingja.** (LfI. 10. b. 556).

25. sept. **Opið bréf kans. um réttindi útlendra ræðismanna.** [Konungur úrskurðaði $^{5}/_{8}$ 1834, að kgsúrsk. $^{25}/_{4}$ 1821, 1. gr. skyldi þannig breytt].

1) Að þegnar konungs skuli eigi hér eftir, þótt skipaðir verði og viðurkendir ræðismenn erlendra ríkja eða ræðismanna umboðsmenn (Konsularagenter), hverrar tegundar sem er, leystir undan persónulegum störfum, er lögð eru sem skyldukvöð á borgara og íbúa bæja, né heldur undan öðrum borgarakvöðum, er hafa í för með sér persónuleg störf, eða undan kvöðum og gjöldum, hvort sem eru persónulegar eða þær leiða af borgaralegri stöðu þeirra, er þeir hafa hingað til haft, vegna fasteigna, atvinnu eða eigna, þó svo, að undanþága viðurkendra útlendra ræðismanna, sem eru þegnar konungs, undan persónulegum, borgaralegum onera, er þeir hingað til hafa haft, skal áskilin þeim, meðan þeir eru óslitið ræðismenn erlendra ríkja á sama hátt sem nú eða annan. — — — 3) Að undanþága sú undan sérhverri persónulegri kvöð og persónulegum gjöldum, sem veitt er ræðismönnum erlendra ríkja, er sendir eru inn í ríki konungsins, með ofannefndum allrah. úrskurði, skuli skilin svo, að hún nái ekki að eins til ræðismannanna sjálfra, heldur og til heimamanna þeirra og barna, meðan þau hafa eigi öðlast neina sérstaka og sjálfstæða borgaralega stöðu í landi hér.

3. okt. **Konungsstaðfesting á gjöf Ólafs Sivertsens til Flateyjar stofnunar.** (LfI. 10. b. 565).

Konungsstaðfesting á gjafabréfi Eiriks Ólafssonar til handa Broddaneshreppi. (LfI, 10. b. 610). 1835 18. apr.

Konungsúrskurður um styrk handa dannebrogsriddurum. (LfI. 10. b. 624). 9. maí

Kans.umbbréf um skýrslur um gifta, fædda og dána. (LfI. 10. b. 671). 8. des.

Tilskipun um löggilding lagaboða frá árunum 1828—1831. 1836 3. febr.

Vér Fr. VI., gjörum vitanlegt: — — — I.[1]) — — — II. *Viðvíkjandi lempaðri útvíðkun opins bréfs fyrir Danmörk af 18. marz 1829, um borgun fyrir skoðunar-, virðingar- og aðrar slíkar gjörðir, sem haldast um borð á hafskipum, eða annars koma þeim við*[2]). — 1) — — — IV. *Áhrærandi útvíðkun til Íslands af þeim með opnu kansellíbréfi af 14. september 1830 kunngjörða allrahæsta úrskurði af 1. s. m. innihaldandi áreiðanlega skýrslu yfir þann með opnu kansellíbréfi af 23. apríl 1813 auglýsta allrahæsta úrskurð af 20. febrúar næstfyrirfarandi.* — Eins og það með allrahæstum úrskurði af 20. febrúar 1813 er ákvarðað sem almennileg regla, að þegar nokkur, sem settur um stund, stjórnar einhverju embætti, frá þeim tíma að virkilegur embættismaður er þartil útnefndur, unz þessi tekst embættið á hendur, á hann, ef góðmótlegum samningi þeirra á milli eigi verður til leiðar komið, að hafa rétt til í millitíð að njóta helmings, svovel af embættisins föstu launum, sem af öllum þess óvissu tekjum, þannig, að eftir að allar útgiftir við stjórn embættisins í sömu tíð eru dregnar frá þess inntektum, það sem þá eftir verður skiftist jafnt milli þeirra beggja, svoleiðis er það með allrahæst-

1) L. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 281. gr.
2) Sbr. l. nr. 3, $^{13}/_{1}$ 1882, 8. gr.

1836 3. febr. um úrskurði af 1. september 1830, sem er kunngjörður fyrir Danmörk með opnu kansellíbréfi af 14. s. m., og sem framvegis sömuleiðis á að heimfærast á Íslandi, enn fremur fastsett, að ef nokkur þræta verður, í tilliti til fyrrnefnds allrahæsta úrskurðar af 20. febrúar 1813, (sem og skal vera gildandi í suspensionstilfellum) um skifti á embættisins inntektum og útgiftum milli þess virkilega og constituerða embættismanns, skal slík þræta ekki afgjörast af dómstólunum, heldur af hlutaðeiganda háyfirvaldi, sem sérílagi á að álita reikninginn yfir þær af þeim um stund setta embættismanni höfðu útgiftir, samkvæmt því, sem eftir embættisins kjörum og plázins ásigkomulagi sanngjarnlega kann að útkrefjast til embættisins forstöðu; hvarhjá það, nefnilega í tilliti til þess embættinu tilheyrandi frjálsa bústaðar, á af yfirvaldinu að ákvarðast, hvort nokkur, og þá hver partur af honum, með því sem til hans heyrir, eftir plázins kringumstæðum, eigi að eftirlátast þeim consituerða embættismanni, til þess að hann tilhlýðilega geti gætt síns embættis, svo og hvern hluta af sköttum, afgjaldi og viðhaldskostnaði hann, til heimgjalds þarfyrir, eigi af hendi að leysa, hvar við það þó á að aðgætast, að andvirði notkunar slíks bústaðar, með því sem honum tilheyrir, hvort heldur hann, í consitutionstíðinni, að öllu eður einungis að nokkru leyti sezt annaðhvort til þess consituerða eður þess virkilega embættismanns brúkunar og umráða, að sönnu gjörist að álitum í útreikningi inntektanna skifta, en þó án þess að virðast fortakslaust eftir þeirri leigu er fást kynni af slíkum bústað, hvarámót einungis það gagn, er hlutaðeigandi verulega, eftir yfirvaldsins sanngjarna áliti, getur virzt að hafa af bústaðnum, á að leggjast til grundvallar við útreikninginn. — Annars á, hvar sérlegar kringumstæður gjöra það nauðsynlegt, að víkja frá þeirri í fyrrnefndum allrahæsta úrskurði af 20. febrúar 1813 fyrirskrifuðu almenni-

legu breytni, því viðvíkjandi skýrsla að gjörast til hlutaðeiganda stjórnarráðs, sem þá skal hafa myndugleika til að semja þá í slíku sérlegu tilfelli nauðsynlegu ákvörðun; hvarámót yfirvöldin ekki, án slíkrar ákvörðunar, mega víkja frá þeirri breytni, sem skipuð er í nefndum allrahæsta úrskurði, hver þó annars ekki á að heimfærast þar, hvar aðrar sérlegar reglur eru fyrirskrifaðar viðvíkjandi þeirri borgun, sem fyrir forstöðu vissra embætta af öðrum en þeim þartil skikkaða fasta embættismanni á að greiðast, og enn miður þar, hvar önnur reglugjörð með samningi er fastsett millum þessa og þess um stund setta embættismanns. — V.[1]) *Viðvíkjandi útvíðkun til Íslands af hinni konunglegu auglýsingu af 6. apríl 1831, hvar með það fyrirbýðst að eftirstinga, eður eftirstungin að innfæra, þau topographisku landkort, hver þeim konunglega generalkvartermeistarastab er leyft að útgefa.* — Þar það allranáðugast er leyft þeim konunglega generalkvartermeistarastab smámsaman á prent að útgefa nýja útgáfu af topographiskum landkortum yfir konungsríkið Danmörk og hertogadæmið Slésvík, grundvallaða á nefnds stabs eigin mælingum, svo er það með fyrrnefndri konunglegu auglýsingu, eftir hverri nú sömuleiðis breytast skal á Íslandi, fyrirboðið öllum og sérhverjum að stinga eftir þeim landkortum, er svoleiðis útgefast af fyrrnefndu herforingjasamlagi, eður að innfæra nokkur annarstaðar eftir þeim stungin blöð í Danmörk, að viðlögðum 10 ríkisbankadala silfurs sektum fyrir hvert exemplar af þeim þannig eftirstungnu kortum, sem hittast kann. — VI. *Viðvíkjandi útvíðkun til Íslands af þeim með opnu kansellíbréfi af 26. júlí 1831 kunngjörða allrahæsta úrskurði af 13. s. m., að áður en arsenik (rottukrúð eður rottupúður) af apóthekurum seljist til brúkunar mót skaðlegum dýrum, eigi það að blandast*

1836 3. febr.

1) Sbr. l. nr. 13, $^{20}/_{10}$ 1905, 2. gr. og l. nr. 11, $^{22}/_{10}$ 1912.

1836 3. febr. *með nokkru af kinroki.* — Sá allrahæsti úrskurður af 13. júli 1831, hvarmeð apóthekarar skyldast til, áður en þeir afhendi arsenik til brúkunar mót rottum (eður völskum), músum ellegar öðrum skaðlegum dýrum, — fyrir utan það sem annars í tilliti til útsölu af eitri er fyrirskrifað að aðgætast skuli, — að blanda það með viðurauka af 1/16 part kinroks, frá hverju þess sérlegi viðbruna-þefur áður á, með glæðingu, að takast, — á sömuleiðis að heimfærast á Íslandi, og skal líka vera gildandi fyrir læknira samastaðar að svo miklu leyti þeir hafa rétt til að útselja arsenik. — VII. *Viðvíkjandi útviðkun til Íslands af opnu bréfi fyrir Danmörk af 5. ágúst 1831, áhrærandi þá, er yfirtroða það Kaupmannahafnar háskóla veitta útilokandi einkaleyfi til almanaksins útgefningar.* — 1) Ef nokkur yfirtreður það Kaupmannahafnar háskóla veitta einkaleyfi til almanaksins útgefningar, hvort heldur það er með í Ísland að innfæra eður þar að selja framandi almanök, eður með að prenta nokkurt almanak án háskólans leyfis, á hann, samkvæmt því, sem í fyrrgreindu opnu bréfi er ákvarðað fyrir konungsríkið Danmörk, að gjalda frá 20 til 200 rbdl. silfurs sektabætur, hvar að auk þau exemplör, er finnast hjá hlutaðeiganda, eiga upptæk að gjörast, og skal hann ennfremur álítast með aukasekt af 1/4 rbdl. silfurs fyrir hvert slíkt exemplar. Helmingur sektanna, svovel sem og af þeim uppteknu bæklingum, tilfellur þeim, hverjum háskólinn, með leigumála, hefir yfirlátið almanaksins útgefning, og annar helmingur stjörnulistarinnar sjónarvarða í Kaupmannahöfn. — 2) Það skal vera yfirvaldsins skylda, að hafa nákvæma tilsjón þar með, að háskólans fyrrumgetna einkaleyfi ekki yfirtroðist. — 3) Öll mál, viðvíkjandi yfirtroðslu oftnefnds einkaleyfis, eiga að meðhöndlast sem opinberar pólitísakir.

Opið bréf um verzlun og sigling á Íslandi. 1836
28. des.

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt — — — 1) Sá mismunur, sem hingaðtil hefir verið milli kaupstaða og autoriseraðra útliggjarastaða á Íslandi, skal framvegis aftekinn vera; þó skal Reykjavík í Suðuramtinu, er, samkvæmt tilskipuninni af 17. nóvember 1786, § 18, hefir hlotið sérlega lögsögn, framvegis nefnast kaupstaður[1]). — Aðrir hingaðtil svokallaðir kaupstaðir, nefnilega Eskifjörður og Eyjafjörður í Austur- og Norður-amtinu, svo og Grunnafjörður í Vesturamtinu, ásamt með þeim autoriseruðu útliggjarastöðum, nefnilega Hafnarfirði, Keflavík, Eyrarbakka og Vestmannaeyjum í Suðuramtinu, Berufirði, Vopnafirði, Húsavík, Hofsós, Skagaströnd, Siglufirði og Raufarhöfn í Norður- og Austuramtinu, svo og Reykjafirði, Ísafirði, Dýrafirði, Bíldudal, Patriksfirði, Flatey, Stykkishólmi, Ólafsvík, Önundarfirði og Búðum í Vesturamtinu, skulu framvegis nefnast »autoriseraðir höndlunarstaðir«. — — — 7[2]) Þá þeim svokölluðu spekulanthöndlurum á Íslandi hingaðtil uppálögðu skuldbinding til að verða að heimsækja einhvern landsins kaupstaða og þar sýna hlutaðeigandi yfirvaldi skjöl sín, áður en þeir megi innhlaupa eður höndla á nokkrum af hinum til höndlunar autoriseruðu stöðum í landinu, viljum Vér allranáðugast hafa aftekna. Það skal þess vegna framvegis vera leyft sérhverjum spekulanthöndlara, hvort sem hann heyrir til Vorra eigin undirsáta eður ekki, þegar hann, samkvæmt þeim fyrir sérhvert tilfelli sérilagi gildandi ákvörðunum, er útbúinn með tilhlýðilegu siglingarleyfi, einmitt að sigla til sérhvers eins af þeim til höndlunar autoriseruðu staða á Íslandi, og þar að

1) Sbr. tvenn lög $^{8}/_{10}$ 1883, um bæjarstjórn á Akureyri og Ísafirði, l. $^{8}/_{5}$ 1894 (Seyðisfjörður), l. nr. 75, $^{12}/_{11}$ 1907 (Hafnarfjörður).

2) Sbr. lög $^{15}/_{4}$ 1854, 3. gr., $^{7}/_{11}$ 1879, 3. og 4. gr. og $^{2}/_{12}$ 1887.

1836 28. des. fremja höndlun, samkvæmt þeim reglum, sem nú þegar eru eður héreftir kunna að verða tilskipaðar fyrir spekulanthöndlunina. Samt skal hann vera skuldbundinn til, strax þegar hann kemur, og áður en hann byrjar nokkra höndlun, að sýna öll þau í tilskipununum uppáboðnu skjöl hlutaðeiganda sýslumanni, sem á þau skrifi sína uppáteiknan, er votti, að þau séu honum sýnd, — og skal þetta hafa sömu verkan sem hingaðtil hefir flotið af skjalanna framvísun í einhverjum af kaupstöðunum. — 8) Samkvæmt þessu er sá sýslumaður, í hvers umdæmi sá höndlunarstaður er liggjandi, hvern nokkur spekulanthöndlari þannig heimsækir, skyldugur til að gæta alls þess, sem eftir tilskipununum í því tilliti hingaðtil hefir verið yfirvöldunum í kaupstöðunum uppálagt. — 9) Í því tilfelli, að sýslumaðurinn ekki kynni að vera búfastur í sjálfum höndlunarstaðnum eður í nánd við hann, og að þar á höndlunarstaðnum kynni að vera einn áreiðanlegur og óáleitinn[1]) maður, hverjum trúa mætti fyrir þeirri í tilskipununum uppáboðnu rannsókn og áteiknun skips-skjalanna, viljum Vér allranáðugast hafa gefið hlutaðeigandi amtmanni myndugleika til að meðdeila slíkum manni það í hérgreindu tilliti nauðsynlega umboðsbréf. En héraf skal samt eigi fylgja nein skuldbinding fyrir skipherrana til að láta skjöl sín rannsaka af þeim þannig autoriseraða manni. Þarámót skal það vera sérhverjum þeirra í sjálfsvaldi, annaðhvort að nota sér af honum, í hverju tilfelli þó sýslumaðurinn ekkert á að missa af þeirri honum eftir reglugjörðinni um aukatekjur af 10. september 1830, § 62[2]), fyrir aðgjörðir af hér umspurðri art tilskildu borgun, hvarámóti þaraðauki til þess, sem rannsakar og áteiknar skjölin, helmingur nýnefndrar borgunar á að gjald-

1) Þ. e. óhlutdrægur.
2) Sjá l. nr. 2, 2/2 1894, 1. gr. o. l. nr. 5, 14/2 1902.

ast, — ellegar og að senda skjölin til hlutaðeiganda sýslumanns sjálfs, í hverju tilfelli sú síðastnefnda aukaborgun burtfellur, — og skal skipherrann annars, í því fyrra tilfelli, vera skuldbundinn til tafarlaust að meðdeila sýslumanninum ávísun um komu sína. — 10)[1]) Framvegis, eins og hingað til, verður það einum spekulanthöndlara, hvort heldur hann heyrir til Vorra eigin undirsáta eður eigi, einungis leyft, á sérhverri ferð, er hann stofnar til Íslands, að dveljast og fremja höndlun, í fjórar vikur, á einum og sama stað, er höndlunarréttindi hefir. Samt á til þessara fjögra vikna hvorki að reiknast hans innsiglingar- né útsiglingar-dagur, ellegar sá eður þeir dagar, sem bevísanlega líða, áður en hann kann að geta náð þeirri hér að framan í § 7 uppáboðnu áteiknan af sýslumanninum, hvað jafnvel skal gilda þegar sá hlutaðeigandi, í því í § 9 umgreinda tilfelli, heldur kýs að halda sér til sýslumannsins sjálfs, — og, eins og það fylgir af því fyrrskrifaða á eina síðu, að einn spekulanthöndlari ekki, eftir útgöngu þeirra áðurnefndu fjögra vikna, undir neinu yfirskoti, má liggja við einn og hinn sama höndlunarstað, hvort heldur hann fremur höndlun sama staðar eður eigi, að nauðsynjatilfellum einungis undanteknum, þegar, til dæmis, sjúkdómur, óveður eður mótvindar hindra burtreisuna, svo skal það á aðra síðu framvegis vera leyft þeim höndlanda að skifta nefndri tíð af fjórum vikum, sem hann á einum og sama höndlunarstað má dveljast, á þann hátt, að hann, þótt hann á sömu reisu einum eður fleirum sinnum víki burt úr slíkum stað, aftur megi koma þangað og kaupslaga þar, þegar einungis höndlunar- og legu-tíðin til samans ekki dregst fram yfir fjórar vikur á einum stað. — Ef nokkur spekulanthöndlari kann að verða fundinn að því, að hann liggi yfir þá ákvörðuðu tíð, þá á

1836 28. des.

1) Sbr. lög þau, er vitnað er til við 7. gr.

1836 28. des. hann fyrir hvern dag, er hann þannig kynni að liggja lengur á höfninni, að álítast með sektum til hlutaðeiganda umdæmis fátækra-sjóðs, frá 4 til 20 ríkisbankadala reiðu silfurs, eftir dómarans áliti, grundvölluðu á sakarinnar kringumstæðum, og sérílagi á því, hvort hann á þeirri tíð, er hann legið hafði lengur en honum var leyft, hefir framið nokkra kauphöndlun, og á þessarar höndlunar meira eður minna upphæðarverði. — Annars verða þær nú gildandi ákvarðanir, í tilliti til spekulanthöndlunarinnar, að svo miklu leyti þær ekki með þessu Voru opnu bréfi eru umbreyttar, hérmeð alvarlega endurnýjaðar, — og verður það svoleiðis sérílagi eftir allrahæstum úrskurði af 17. apríl 1793, auglýstum með rentukammersins opnu bréfi af 23. í sama mánuði, spekulanthöndlurunum upp á það strangasta fyrirboðið að uppleggja vörur til verzlunar hjá bændum eður öðrum, hverjir sem vera kunnu, svo og að senda nokkurn með vörur til verzlunar í landinu, að viðlögðum þeim með nefndum úrskurði og opna bréfi ákvörðuðu sektabótum, þegar mót þeim er brotið, hverjar bætur þá tilfalla fátækra fjársjóði í hlutaðeiganda umdæmi. — **11)** Þegar plázins sérlegu kringumstæður við einn höndlunarstað á Íslandi eigi leyfa, að þau skip, sem tilheyra staðarins föstu höndlun, og þau skip, sem tilheyra öðrum, á sömu tíð geti nytkað þá þarverandi hafnarlegu, eður þann þarverandi konstuga skipsfesta-umbúnað, eiga þau fyrstnefndu skip að hafa fyrirgangsrétt til notkunarinnar, á undan þeim síðarnefndu, og þessi, samkvæmt því, vera skyldug til að víkja frá legu og skipsfesta-umbúnaði fyrir hinum. Þar hjá er það sjálfsagt, að eigandi slíks skipsfesta-umbúnaðs, svo sem hringa, landfesta eður annars slíks, hefir rétt til af öðrum að heimta sanngjarnlega leigu fyrir notkun hans. Ef eigandinn og sá, sem vill nota sér af umbúningnum, annars ekki geta komið sér saman um leigu-upphæðina, á hún,

fyrir hverja viku eður dag, að gjörvöllum kring- 1836
umstæðum áður nákvæmlega prófuðum, að ákvarðast 28. des.
af hlutaðeiganda sýslumanni, en ef nokkur af máls-
pörtunum kveðst vera óánægður með það sem hann
ályktar, þá af hlutaðeiganda amtmanni, eins og það,
ef nokkur þeirra ekki heldur verður ánægður með
amtmannsins úrskurð, skal standa þeim hlutaðeig-
anda í sjálfsvaldi að ákæra hinn sama fyrir Voru
rentukammeri, sem í því tilfelli endilega afgjörir sök-
ina, en lúkningu þeirrar með sýslumannsins úrskurði
ákveðnu borgunar skal þó ekki mega slást á frest
vegna slíkrar ákæru, hvarámóti, ef lækkun eður
hækkun af amtmanninum eður rentukammerinu kann
verða ákvörðuð, það í sjerhverju tilfelli of mikið eð-
ur of lítið borgaða enn fremur hlýtur að krefjast af
mótpartinum. Í sérhverju tilfelli skal eigandinn vera
skyldugur til strax að eftirláta því öðrum tilheyranda
skipi hafnarlegu og skipsfesta-umbúnað, þegar hann
á þeim tíma ekki sjálfur þarf þeirra við, án tillits til
þeirrar þrætu, er risin kynni að vera um leiguna, —
og á yfirvaldið nákvæmlega að gæta þess, að slíku
skipi eigi hér í gjörist nokkur hindrun. — — —

Konungsstaðfesting á gjafabréfi Jóns Sveinssonar til Vallnahrepps. (LfI. 11. b. 128). 1837 9. des.

Staðfesting konungs á gjafasjóði Guttorms prests Þorsteinssonar — til verðlauna fyrir góðar og nytsamar ritgjörðir fyrir alþýðu í eðlisfræði, náttúrusögu, búnaði og kristilegri siðfræði. (LfI. 11. b. 135). 29. des.

Tilskipun viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi. 1838

Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: Eins og 24. jan.
það með konungsbréfi af 19. febrúar 1734 er skipað,
að öll í Íslandi tilfallandi mál um manndráp og þjófn-
að skuli dæmast eftir Christiáns konungs hins fimta
Norsku Lögum, sem í tilliti til þessara efna eru sam-

1838 kvæm sama konungs Dönsku Lögum, og sá á árinu
24. jan. 1565 staðfesti svokallaði Stóri Dómur, er í því fyrrtéða kóngsbréfi nefnist sem hin vigtugasta sérlega íslenzka tilskipun, misgjörðamálum viðvíkjandi, með síðar útgefnum tilskipunum er nær því að öllu leyti aftekinn, svo er það og sömuleiðis prófað, að það, sem Jónsbók, sérílagi í hennar mannhelgis- og þjófabálkum, ásamt öðrum gömlum íslenzkum lögum, innihalda um misgjörninga refsing, nú að kalla sé öldungis óbrúkanlegt orðið, og að það þaraðauki í sjálfu sér að nokkru leyti sé myrkt og óskiljanlegt, en að öðru leyti sé óhagkvæmt nærveranda ástandi og ósamkvæmt við þau lög, sem fyrir nefnt land eru útgefin viðvíkjandi straffi nokkurra af þeim helztu glæpum, og líka við þann nú samastaðar gildandi réttargangsmáta, en að það þarámóti, svovel með tilliti til laganna innvortis ásigkomulags, sem til að enda þá óvissu, er flýtur af því núveranda réttarástandi, muni vera mjög gagnlegt fyrir Vora kæru og trúu undirsáta á Íslandi, að þeir í fyrrgreindu tilliti verði fullkomlega hluttakandi í þeim almennilegu fyrir Vort ríki Danmörk gildandi lögum og rétti. Vér höfum þessvegna ályktað að gjöra þau straffslög, er gilda hér í Danmörk, gildandi á Íslandi, þó með nokkrum undantekningum og nákvæmari ákvörðunum, er þess síðarnefnda lands sérlega ásigkomulag krefur. Í sameiningu hérmeð höfum Vér enn fremur fyrirhugað, í tilliti til misgjörningamála rekstrar, — hver nú, eftir fyrr útgefnum skipunum, á Íslandi plagar að ske eftir þeim hér í ríkinu alment gildandi lögum, þó með aðgæzlu einstakra sérlegra fyrir nefnt land útgefinna fyrirskrifta, — að auka nokkrum tilhlýðilegum forbetrunum við þær reglur, er nú sem stendur eru samastaðar gildandi. — Eftir að Vér um alt þetta höfum útvegað allraundirgefnast álit Vorra trúu umdæmisstanda fyrir Sjálands, Fjóns og Lálands-Falstursstifti, svo og fyrir Ísland og Færeyjar, bjóðum og

skipum Vér allranáðugast sem eftir fylgir: — 1) Christians konungs hins 5. Dönsku Lög skulu, í sambandi við þær seinni tilskipanir, hvar með þau eru orðin umbreytt eður nákvæmar ákvörðuð, og með aðgæzlu á þeim sérlegu reglum, er innihaldast í þeim hér-eftir fylgjandi §§, eftirleiðis vera sú almenna regla, hvareftir allir á Íslandi tilfallandi misgjörningar skulu meðhöndlast og straffast, svo að sá sami réttur, sem í tilliti til misgjörninga, þeirra meðferðar og refsingar, alment gildir í Voru ríki Danmörk, með þeim undantekningum og nákvæmari ákvörðunum er síðar í þessari tilskipun munu tilteknar verða, líka skulu vera gildandi á Voru landi Islandi, hvers eldri sérlegu lög um þessi efni héðan af skulu aftekin vera. — 2) Vor fyrrskrifaða skipun lýtur þó einungis til þeirra almennu straffslaga, sem eru grundvölluð á þeim eiginlegleikum við forboðin verk, sem þessi sameiginlega hafa, hvort heldur sem þau framin eru á Voru landi Íslandi eður í Voru konungsriki Danmörk. Hún nær því enganveginn til þeirra straffsákvarðana, sem gjörðar eru til að verja eina eður aðra í nefndu Voru ríki, eður á einhverjum einstökum stað í því, innfærða sérlega borgaralega innrétting, sem annaðhvort öldungis ekki er til á Íslandi, eleggar sem þar hefir sérlegt form út af fyrir sig, eftir lagaboða fyrirmælum. Slíkar straffsákvarðanir mega enganveginn í Íslandi einmitt takast til greina, hvarámót þær mega yfirvegast til samlíkingar, ef þar kynni að vanta einhverja sérlega lagaákvörðun, en slík líking orsakanna er fyrir hendi, sem geti heimilað laganna analogisku brúkun. Annars á það, sem þeim fyrrnefndu sérlegu innréttingum viðvíkur, í einu og öllu að meðhöndlast eftir þeim fyrir Ísland gefnu sérlegu tilskipunum, þangaðtil Oss þóknast kynni að gjöra þará einhverja umbreyting. Þannig skulu, til dæmis, þær straffsákvarðanir, sem innihaldast í þeim íslenzku höndlunartilskipunum, vera í gildi, án þess

1838 24. jan.

1838 24. jan. að þeim dönsku tilskipunum að því leyti fylgja megi. Loksins skulu og þær sérlegu pólitiskipanir, sem gefnar eru fyrir Ísland, t. d. áhrærandi lausgangara, framvegis gildandi vera. — 3[1]) — — — 10[2]) Í öllum tilfellum, hvar yfirsjónin ei getur unnið til hærra straffs en sektagjalds, má málsins sókn til dóms, með amtmannsins samþykki, undanfellast, þegar hinn seki góðviljuglega vill lúka þá sekt, hverja hann, eftir þeim gildandi lögum, hefir verðskuldað, og þar að auki þann kostnað, sem þegar kynni af rannsókninni að hafa orsakast. Þótt sektanna stærð ekki sé algjörlega ákvörðuð með lögum, má samt þessi úrlausnarmáti brúkast, þegar hlutaðeigandi amtmaður skynjar, að þær tilboðnu sektabætur svari, að réttri tiltölu, til yfirsjónarinnar ásigkomulags og annara kringumstæða, sem ættu að koma til yfirvegunar við ákvörðun bótanna upphæðar. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að þær bætur, sem nokkur, í fyrrgreindum tilfellum, með hins hærra yfirvalds samþykki, á að borga, bæði með tilliti til afplánunar straffsins, eftir § 9, og til refsingarinnar skerpingar, þegar yfirsjónin er framin að nýju, á að hafa sömu verkun, sem slíkar bætur hefðu verið honum uppálagðar með dómi. — — — 13) Í tilliti til varðhalds þeirra persóna, sem ásakaðar eru fyrir misgjörninga, eiga þær í Dönsku Lögum og tilheyrandi tilskipunum drottnandi grundvallarreglur eftirleiðis að takast til greina. En þar fangahaldið á Íslandi er mjög örðugt og kostnaðarsamt fyrir almenning, hlýtur það samt að takmarkast, að svo miklu leyti sem mögulegt verður. Dómarinn skal þessvegna, eftir að frumprófið er til lykta leitt, hafa myndugleika til, þegar annars, eftir gjörvöllum málsins kringumstæðum, engin orsök er til að óttast fyrir burtstroku, að vægja þeim ásakaða fyrir því varð-

1) Sjá alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869 311. gr.

2) Sbr. 311. gr. alm. hegnl., l. nr. 20, $^{2}/_{10}$ 1891, sbr. tilsk. nr. 12, $^{23}/_{5}$ 1904, I, 1. a.

haldi, sem hann, eftir ásigkomulagi þess afbrots, hvar- 1838
fyrir hann er ákærður, í sameining með þeim skýrsl- 24. jan.
um, sem þar um eru framkomnar, annars líða ætti, annaðhvort mót vörzlum, eður jafnvel, eftir kringumstæðunum, án þeirra. Samt má enginn nota sér af þessu leyfi, ef afbrotið er þesskonar, sem lögin leggja lífsstraff við, eður nokkurt af þeim ströffum, sem ganga næst lífsstraffi. Líka á dómarinn, þegar sá ákærði, í meðhaldi fyrrgreindrar reglu, fyrst um sinn fríast frá persónulegu fangelsi, að tilkynna þessum, að hann ekki megi víkja úr sókninni, eður neinu því bygðarlagi, innan hvers hans vera, eftir kringumstæðunum, álízt nauðsynlega að hljóta takmarkast, en að hann þarámót, án dvalar, eigi að mæta, þegar hann af dómaranum kallast, og að hann, ef hann ekki hlýðir dómarans skipunum í því tilliti, megi fangelsis vænta. Dómarinn má ennfremur, ef hann, eftir kringumstæðunum, álítur það gagnlegt, uppáleggja húsbónda hins ákærða, ellegar einum eður fleiri öðrum áreiðanlegum mönnum, að gæta vel að honum, og strax að gefa hlutaðeigendum til kynna, ef hann af sjálfsdáðum yfirgefur sinn aðsetustað, eður grunsemd gefst um það, að hann muni ætla að strjúka. Annars eiga fangarnir framvegis að vaktast af þeim hreppstjóra, eður öðrum manni, hjá hverjum sýslumanni virðist að fanginn, bæði í tilliti til húsakynna og mannsins áreiðanlegleika, sé vissast geymdur. Til fárlegra fanga vöktunar eiga hreppsins bændur að kallast, til skiftis, eftir sýslumannsins ákvörðun. Fyrir vöktunina, svovel fyrir húsnæðið sem fyrir varðhaldið, á hlutaðeigandi, samkvæmt aukatekjureglugjörðinni af 10. september 1830 § 72, að fá 1 ríkisbankadal um vikuna. Fyrir viðurværi fanganna má, að tiltölu til þess, hvort þeir vinna hjá varðhaldsmanninum eða ekki, borgast frá 8 skildingum um daginn til 1 rbdals um vikuna, eftir amtmannsins

1838 24. jan. nákvæmari ákvörðun[1]). — 14) Dómarinn á einnig, þótt hinum ákærða sé hlíft fyrir persónulegu fangelsi, þegar kringumstæðurnar krefja þess, að kyrsetja hans eignir, eður svo mikið af þeim, sem álízt nauðsynlegt til vissu fyrir endurgjaldi kostnaðar og skaðabóta, og alls annars, er honum ber að útsvara. Hið þannig kyrsetta má ekki, án dómarans samþykkis, afhendast. pantsetjast eða burtflytjast, fyr en alt, sem í áðurgreindu tilliti gjaldast á af þeim ásakaða, er borgað, ellegar hann, sem hlýtur að hafa sömu verkun, með endilegum dómi verður friaður frá allri slíkri ábyrgð. — 15) Sókn misgjörningsmála má, á Íslandi, framkvæmast af sýslumanni, án þess að þartil þurfi neinnar skipunar frá hlutaðeiganda amtmanni; samt á þarum, svo fljótt sem mögulegt er, skýrsla að gjörast til þessa yfirvalds um málsins ásigkomulag, og það sem í því hefir sýslað verið. Líka á actors skikkun framvegis að undanfellast við undirréttina, hvarámót ekki má neita þeim ákærða um, að fá góðan mann settan sér til talsmanns, ef hann óskar þess, hvarum hann sjálfur ætíð á að auglýsa sinn vilja. Þarámót á sérhver dómari sem ýtarlegast að bera umhyggju fyrir því, að ekkert forsómist, er þénað geti til málsins fullkomnu upplýsingar, og þar hjá ekki láta sér það vera miður umhugað, að útvega sérhverja skýrslu, er miðað gæti til sýknu hins ákærða, eður linunar þess straffs, til hvers hann dæmast kynni, en hitt, að útvega bevísingar fyrir afbrotum hans, hvers og Vor landsyfirréttur á að gæta, eins og þess af Vorum hæstarétti mun nákvæmlega gætt verða. Sýslumaðurinn á sjálfur að ráðstafa því nauðsynlega til áfrýjunar undirréttardómsins fyrir landsyfirrétti, [þegar sá dæmdi beiðist þess, og málið annars ekki er meðal þeirra, sem eftir tilskipuninni af 11. júlí 1800 § 10 ekki mega appellerast. Hins sama

1) Sbr. l. nr. 3, $^{13}/_{1}$ 1882, 12. og 14. gr.

á sýslumaðurinn líka að gæta, þegar dómurinn hljóðar um straffserfiði upp á lífstíð, eður þyngra straff, jafnvel þótt hinn dómfeldi ekki beiðist appells. En hvar ekkert slíkt straff er fastsett með dóminum, og sá dæmdi ekki beiðist appells, á samt undirréttarins dómur ekki að framkvæmast fyrr en það er sett til amtmannsins aðgjörða, og með hans úrskurði afgjört, hvort dómurinn eigi, réttlætisins vegna, að innstefnast — og þegar amtmaðurinn finnur orsök vera þar til, semur hann þá þartil nauðsynlegu stefnufarsáteiknun, hverja sýslumaðurinn lætur auglýsa. Annars skal það hérvið aðgætast, að dómurinn ekki einungis á að innstefnast, réttlætisins vegna, til æðri réttar, þegar amtmanninum virðist að hinn ásakaði sé ranglega sýkn saka dæmdur, ellegar að straffið sé minna, en það eftir lögunum ætti að vera, heldur og líka þegar honum lízt svo, sem að dómurinn, þótt hinn dómfeldi játi sig vera ánægðan með hinn sama, sé honum harðari en skyldi. — **16)** Þegar landsyfirréttarins dómur einungis dæmir hinn ásakaða til sliks straffs, sem umhöndlað er í þessarar tilskipunar § 4 Littr. b. og c.[1]), á hann ekki að hafa rétt til að beiðast þess, að málinu sé stefnt til hæstaréttar. Þarámót á það ekki að meinast neinum, sem dæmdur er eftir sama § Littr. a.[2]) eins og alt annars, í tilliti til þess, hvort appellera megi frá dómum, á að standa við það, sem ákvarðað er í almennilegum tilskipunum. — **17**[3]) — — — Annars á það til sakamálakostnaðar nauðsynlega útgjald, eftir að þeir þaryfir inngefnu reikningar eru yfirskoðaðir og samþyktir af amtmanni, eftir þessa embættismanns ráðstöfun að heimtast af sakamanninum, eður sérhverjum öðrum, sem eftir dóminum á að endurgjalda hið sama. — — —

1838
24. jan.

---

1) Þ. e. fangelsi við vatn og brauð eða einfalt fangelsi.
2) Þ. e. í hegningarvinnu.
3) Sbr. l. nr. 19, $^{2}/_{11}$ 1877 og l. nr. 28, $^{26}/_{10}$ 1893, 8. gr.

1838 **Kans.br. um yfirréttinn.** (Lfl. 11. b. 191).

6. marz [Akveðið, að rétturinn sé haldinn á mánudögum kl. 10 f. h.].

17. nóv. **Kans.br. um, að krefjast megi, að ágreiningsatkvæði dómara í yfirdómi skuli ritað í dómsgjörðir, ef áfrýjað er.** (Lfl. 11. b. 306).

1839 **Opið bréf um stofnun byggingarnefndar í Reykjavik**[1]).

29. maí Vér Fr. VI., o. s. frv., gjörum vitanlegt: að Oss til að afstýra húsbrunum, hefir þóknast, eftir að hafa þarum útvegað álit Vorra trúu umdæmisstanda fyrir Sjálands, Fjóns og Lálands-Falstursstifti, svo og Ísland og Færeyjar, að fyrirskrifa fylgjandi reglur fyrir byggingastörfum í kaupstaðnum Reykjavík á fyrrnefndu Voru landi Íslandi: — 1[2]) Í Reykjavík skal stofnast ein bygginganefnd, í hverri vera skulu býfógetinn, eldsvarnar-forstjórinn, tveir af staðarins fulltrúum, sem skikkast af amtmanninum eftir allra hinna kjörnu borgara uppástungu, og eftir að býfógetans álit þaryfir hefir verið útvegað, svo og tveir aðrir menn, hverja amtmaðurinn kynni að álíta hæfilega þartil; og hvar til hann sérílagi á að nefna menn, er skynbragð bera á húsasmíði, þegar slíkir til eru. — 2) Eftirleiðis verður það skylda þessarar nefndar, samkvæmt tilskipunarinnar af 17. nóvember 1786 § 5, að tilskildu amtsins nákvæmara samþykki, að ávísa hið nauðsynlega pláz til sérhverrar nýrrar byggingar, og líka til nauðsynlegra garðsrúms- og jurtagarða, sem þareftir útmælast hlutaðeigendum eftir býfógetans ráðstöfun; samt eiga þau þannig útmældu pláz að afgirðast og nýtast innan tveggja ára útgöngu, þar þau, ef út af því bregður, aftur tilfalla kaupstaðnum. Í sameiningu

---

1) Sbr. tilsk. 14. febr. 1874, 7. gr., l. nr. 4, $^{2}/_{2}$ 1894 og l. nr. 22, $^{15}/_{8}$ 1902, samþykt nr. 146, $^{24}/_{12}$ 1908.

2) Sbr. l. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901.

hérmeð uppáleggst það nefndinni, til þess að staður- 1839
inn eftirleiðis geti bygður orðið eftir vissu undirlagi, 29. maí
með amtsins samþykki að ákvarða, hvar þau auðu
pláz og strætin eiga að grundvallast; og á nefndinni
til þessa augnamiðs af býfógetanum að meðdeilast
yfirlit þeirra hingaðtil einungis af þessum embættis-
manni útmældu pláza, yfir hver, í sameiningu við
þau af nefndinni síðar ávísuðu, hún á að halda sér-
lega embættisbók. Þessi embættisbók, og aðrar fleiri
slíkar, er nefndin kynni að álíta nauðsynlegar til
hennar ráðstafana og bréfaskrifta, eiga að útvegast á
staðarins gjaldkerasjóðs kostnað. — 3) Eftirfylgjandi
reglur, sem sérílagi eiga að aðgætast við reising nýrra
bygginga, eður annara bygginga aðalumbót, eiga undir
eins að njóta greindrar nefndar umhyggju: A. Þegar
það, til því vissari varnar við húsbruna eður til að út-
vega greiðari yfirferð, álízt nauðsynlegt að gjöra eitt-
hvert stræti breiðara, á sérhver, hverjum óbygt pláz, er
út til strætisins snýr, hefir verið ávísað, að vera skyldug-
ur til að rýma svo mikið af sinni grundvallareign til
strætisins, sem álízt nægilegt til þess tilhlýðilegu breidd-
ar, mót því endurgjaldi af staðarins féhirzlu, sem eftir
tiltölu við stærð og verð alls byggingarplázins, og þá rýrn-
un, er hlýzt af þess afsali, af téðri nefnd með amtsins
samþykki ákvarðað verður. — B. Við reising nýrra
bygginga á fyrr óbygðum plázum á nákvæmlega að að-
gætast, að þær á engan hátt komi í nokkurt eiginlegt
samband við nábúahúsin, og ætið á 10[1]) álna autt
rúm að skilja þær frá nábúans húsum; þó á þetta
ekki að hindra reisingar grindaverka eður annara
slíkra girðinga, sem skyndilega má niðurrífa ef húsa-
eldur kynni upp að koma. — C. Þegar nokkur ný
bygging á að reisast, á téð nefnd, að tilskildu amts-
ins nákvæmara samþykki, að ákvarða það strik, er
takmarka á grundvöll byggingarinnar út til strætisins,

1) L. nr. 22, 15/8 1902.

1839 29. mai og þær fleiri reglur, sem hún í tilliti til varnar mót eldsvoða, bæði við innvortis og útvortis byggingarmáta, finnur nauðsynlegt að aðgæta. Nefndin á þessvegna, að svo miklu leyti mögulegt er, að sjá svo til að þeim handverksmönnum, hverra bjargræðisvegir kynnu að álítast hættulegir í tilliti til eldkveikju, ávísist byggingarpláz á afsíðis stöðum, eins og líka þessi nefnd iðulega á að hafa tilsjón með öllum nýjum byggingum, meðan þær eru í smíðum. Sömuleiðis á hún að hafa tilsjón með aðalumbótum [eldri bygginga] og á hún nákvæmlega að sjá svo til, að hlutaðeigendur beinleiðis fylgi hennar fyrirskriftum. — D.[1]) Sérhver, sem ætlar að reisa nýjar byggingar, eður gjöra umbreytingar ellegar umbætur [á eldri byggingum], á þessvegna, fyrr en slíkt starf byrjar, fyrst að gefa þetta téðri nefnd til vitundar, og útvega hennar með amtsins samþykki staðfestu skriflegu ákvarðanir, hvort og eftir hverjum reglum hann megi byggja, að svo miklu leyti sem því undir bókstafnum C ákveðna augnamiði viðvíkur. — E. Ef nokkur byrjar nokkra bygging áður en þessu er hlýtt, á bæði hann og hlutaðeigandi meistari að sektast um 5 til 25 ríkisbankadala til staðarins fátækrasjóðs eftir pólitíréttarins ályktan, og hlýtur hinn fyrrnefndi þar að auki að þola, að byggingin, að því leyti sem hún ekki er samin eftir þeim reglum, er nefndin álítur að í því tilliti hefðu átt að aðgætast, niðurrífist á hans kostnað. Annars á býfógetinn, þegar hann fær vitund um byrjun slíks byggingarstarfs, hvartil nefndarinnar samþykki útheimtist, án þess að þetta sé útvegað, strax að fyrirbjóða þess frekara framhald. — 4) Þær forskriftir, sem þessi reglugjörð inniheldur, eiga líka að gilda í tilliti til tómthúsa og þartil heyrandi jurtagarða, sem liggja innan staðarins lögsögu-umdæmistakmarka, að svo miklu leyti sem þær til þeirra geta heimfærðar orðið.

1) Sbr. l. nr. 4, $^{2}/_{2}$ 1894, 4. gr.

Tilskipun viðvíkjandi straffi fyrir falskan vitnisburð og önnur meinsæri m. m.[1]). 1840 15. apr.

Vér Chr. VIII. o. s. frv., gjörum vitanlegt: — — — **14)** Eins og málsins eðli og laganna almennu grundvallarreglur áskilja, að þau misbrot, fyrir hver straff er ákvarðað í nærverandi tilskipun, að undanteknum þeim tilfellum, hvar straffið einungis ákvarðast til einfalds fangelsis, gjöri hinn seka óverðugan til nokkurs þess umboðs, er krefur opinbers trúnaðartrausts, og líka til hvers eins sérlegs virðingarmerkis, og að sérílagi sá, sem fundinn er að meinsæri, ekki megi takast til nokkurs álits sem vitni — svo má heldur ekki slíkur maður nokkurn tíma hafa rétt til að útkljá nokkurt mál með sjálfs síns eiði, hvarámót hann, í hverju því tilfelli, hvar hann annars, eftir lögunum, hefði mátt verja sig með eiði, hlýtur að þola, að mótpartsins eiður skeri úr þrætunni.

Kansellíbréf (til amtm. yfir n.- og a.-amtinu) um lyfjakaup lækna. 1841 9. marz

(Með bréfi þessu er svo kveðið á, að læknar megi birgja þá sjúklinga, er þeir stunda, með meðölum, en að þeir hafi eigi rétt til að kaupa læknislyf frá Kaupmannahöfn eða annarsstaðar að úr Danmörku, en þeir megi aftur á móti kaupa þau í hverri þeirri lyfjabúð hér á landi, er þeir óski helzt).

Opið bréf, hvar með kaupmönnum á Íslandi fyrirbýðst að hafa útsölu á fleiri en einum stað [í sama verzlunarplássi], m. m. 7. apr.

Vér Chr. VIII. o. s. frv., gjörum vitanlegt: að Vér, til að komast í veg fyrir það, að sú samsókn ýmisra verzlunarmanna, er nú tíðkast í höndlunarstöðunum á Íslandi, framvegis aftakizt, og

---

1) Sbr. alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869, 311. gr., l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 8. gr.

1841 7. apr. kauphöndlunin á einum eður fleiri af þessum plássum falli til fulls og alls í eins manns hendur, viljum, eftir að Vér hérum höfum meðtekið allraundirgefnast álit Vorra trúu umdæmastanda fyrir Sjálands, Fjóns og Lálands-Falstursstifti, svo og fyrir Ísland og Færeyjar, allranáðugast ákvarða sem fylgir: 1) Á Íslandi má enginn kaupmaður eftirleiðis stofna útsölu á fleirum en einum stað [í sama verzlunarplássi]. — 2) Þegar á nefndri ey fleiri en einn vilja fást við verzlun í samfélagi, og þannig einungis nota eina búð, á það að vera þeirra skylda, að auglýsa þeirra höndlunarnafn í þeim »Berlingsku pólitisku og avertissements-tíðindum[1]), svo og undir eins að sýna yfirvaldinu, nefnilega í Reykjavík býfógetanum og annarstaðar sýslumanninum, þeirra samfélags-samning. — 3) Hafi nokkur kaupmaður nú þegar fleiri en einn útsölustað í sama plássi, skal hann framvegis hafa rétt til að nota þá, hvarámót þeir, sem nú þegar fást við verzlun í samfélagi, skulu vera skyldugir til áður en eitt ár er liðið að auglýsa þeirra höndlunarnafn á þann í § 2. nefnda hátt, og að sýna yfirvaldinu þeirra samfélagssamning.

28. apr. **Opið bréf fyrir Island, innihaldandi nákvæmari ákvörðun tilskipunarinnar af 24. apríl 1833 § 4.**

Vér Chr. VIII. o. s. frv., gjörum vitanlegt: að Oss, eftir að hafa meðtekið allraundirgefnast álit Vorra trúu umdæmastanda fyrir Sjálands, Fjóns og Lálands-Falstursstifti, svo og fyrir Ísland og Færeyjar, yfir uppkast nokkurt, sem fyrir þau hefir lagt verið, til opins bréfs, er miðar til að ná enn fullkomlegar augnamiði ákvarðananna í tilskipuninni um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi af 24. apríl 1833 § 4., allranáðugast hefir þóknazt að bjóða og skipa sem fylgir: 1) Þegar einhver á Íslandi afhendir skjal til

1) Sjá l. nr. 32, 10/11 1907, sbr. l. nr. 42, 13/11 1903, 4. gr.

lýsingar á manntalsþingi, hverju hann óskar að strax verði honum aftur skilað eftir þá í tilskipuninni af 24. apríl 1833 § 4. umgetnu undanfarandi innteiknun, þá má þessi afturskilun framkvæmast, með því skilyrði, að hann, auk þess að borga þinglýsingarkaup og hálfprócentoafgjald til konungsins féhirzlu eftir tilskipun af 8. febr. 1810[1]), þegar svo stendur á að það gjaldast eigi, undir eins og afhendingin skeður, líka afhendi afskrift skjalsins, sem eftir að hún, af hlutaðeiganda réttarins þjóni, er sönnuð kauplaust með hans áteiknun, má bíða þinglýsingar, hver þinglýsing þá á að hafa eins mikla verkun, og sjálfu frumskjalinu hefði verið lýst á þingi. — 2) Áður en frumskjalinu skilast aftur, á réttarins þjón þar á að skrifa sinn vitnisburð, um þá undanfarandi áteiknun, og meðtöku sannaðrar afskriftar, svo og undir eins sitt loforð um að gæta þess, að hún verði auglýst á næstkomanda manntalsþingi, og, þegar því er lokið, tilhlýðilega innfærð í lögsagnarumdæmisins afsals- og pantbréfabók. Þessi uppáteiknun á þaraðauki að tilkynna, að þareftir muni, þegar þess verður beiðzt kauplaust gefast vitnisburður um, að sú þinglýsing og bókun, hvarmeð þau hlutarréttindi, hver skjalið er ætlað til að grundvalla, fyrst afrekast, sje framkvæmdar. Sú réttinum afhenta sannaða afskrift má þarámót hvorki fást skjalsins eiganda né öðrum í hendur. — 3) Annars á hlutaðeigandi réttarins þjón strax við innteiknunina að líta eftir því, hvort nokkru áður hefði verið lýst, er gæti hindrað þá tilætluðu réttinda-afrekun eður ekki, og, ef svo stendur á, sem fyrst segir, að gefa sinn vitnisburð þar um til kynna á sjálfu frumskjalinu. 1841 28. apr.

---

1 L. nr. 5, 15/2 1895.

1841 8. sept. **Tilskipun, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir um bevising í misgjörningsmálum** (gild hér samkv. tilsk. 24/1 1838, 1. og 7. gr.).

Vér Chr. VIII, o. s. frv., gjörum vitanlegt: að þar Vér höfum fundið það tilhlýðilegt, að ákvarða með lögum, hvort og með hverjum skilmálum fullkomin bevising geti útvegast af líkindum í misgjörningsmálum, til hvers einnig Vor trúu umdæmastönd fyrir Sjálands, Fjóns og Lálands-Falstursstifti, svo og fyrir Ísland og Færeyjar, mælzt höfðu, svo höfum Vér bæði fyrir þau og Vor trúu umdæmastönd fyrir Norður-Jótland látið fram leggja eitt þartil miðandi lagafrumvarp. Eftir að hafa meðtekið frá báðum nefndum samkomum þeirra allraundirgefnustu hugleiðingar, bjóðum og skipum Vér hérmeð sem fylgir: — § 1) Fyrir utan þá bevísing, sem eftir þeim almennu reglum í laganna 1. b. 13. kap. 1. art. og 1. b. 15. kap. 1. art., eður eftir lagaboðum, sem innihalda sérlegar ákvarðanir, viðvíkjandi bevísing vissra tegunda af afbrotum, er nægileg til þar á að grundvalla straffsdóm, skal og ein slík bevísing, samkvæmt því, sem málsins eðli og löggjafarinnar grundvallarreglur með sér bera, og sem sérílagi í tilskipuninni af 30. desember 1771[1]) 10. §, berlega er ákveðið, geta útvegast af slíkum sameinuðum kringumstæðum, er útverka eins sterka og vissa sannfæring um sekt hins ákærða, og sú er, sem útvegast með þeim bevísingarmeðulum, sem af laganna áðurnefndu almennu reglum eru viðurkend fullgild að vera. — § 2) Ein slík bevísing á að álítast að vera fullkomlega útveguð, þegar ýmsum sönnuðum kringumstæðum er svo varið, að hver þeirra út af fyrir sig gjörir það líklegt, að hinn ákærði hafi drýgt það afbrot sem uppá hann er borið, og þær með þeirra sambandi, hverrar við aðra innbyrðis, og aðrar í ljós leiddar í sjálfu

1) um rannsóknarréttinn í Khöfn.

sér miður mikilvægar kringumstæður svo berlega 1841
benda á hann, sem sekan í því afbroti, að engin lík- 8. sept.
leg ástæða, eftir skynseminnar og reynslunnar veg-
leiðslu, hafist til að efast þarum. Það er annars
sjálfsagt, að öll meðul til málsins fullkomnu upplýs-
ingar hljóta að hafa verið brúkuð, og að nefnilega
allar þær kringumstæður, er tala mót þeim ákærða,
eiga að vera honum ítarlega fyrir sjónir leiddar, og
hann vera krafinn til skýrslu þarum, áður en segja
megi, að þeir fyrrgreindu skilmálar fyrir fullkominni
bevísingu séu útvegaðir. — § 3) Þótt það sé ógjöran-
legt í almennu lögmáli að uppreikna og nákvæmlega
tiltaka allar kringumstæður af fyrrgreindu kyni, þar
þeirra mikilvægi að miklu leyti ákvarðast af sérleg-
um breytingum og samtengingum, með hverjum þær
í sérhverju einstöku tilfelli fyrir falla, svo viljum Vér
þó, til vegleiðslu fyrir dómarann, nefna fylgjandi
kringumstæður, sem með þeim í 2. § tilgreindu ná-
kvæmari ákvörðunum mega þéna til að verða full-
komin bevísing mót þeim ákærða: 1) Ef nokkur á
þeirri tíð, þá afbrotið er drýgt, hefir verið staddur á
gjörningsstaðnum, án þess að nokkur önnur líkleg
orsök til hans nærveru geti tilgreind orðið, hvarhjá
það ennfremur kemur til yfirvegunar til að styrkja
téðrar kringumstæðu sönnunarkraft, ef hann þekkjan-
lega hefir leitazt við að dylja slíka sína nærveru. 2)
Þegar hann, litlu fyrir eður eftir að afbrotið er drýgt,
er fundinn að hafa í vörzlum sínum þau verkfæri
eður önnur meðul, með hverjum það hlýtur að á-
lítast að vera framið, án þess að hann megni að
gjöra nokkra skýrslu, er geti gjört það trúanlegt, að
hann samt ekki sé sekur í afbrotinu, eins og það og
mun gefa þessari kringumstæðu meiri styrk, ef hann
hefir leitazt við að dylja slíka vörzlu. 3) Ef á þeim
ákærða, eður þeim honum tilheyrandi hlutum, finn-
ast ummerki, sem ekki, án þess að fallast á nokkuð
er skortir sérhverja líklega ástæðu, geta útskýrzt öðru-

1841 8. sept.

visi en af því, að hann hafi framið afbrotið, eður þó verið hluttakandi í því. 4) Ef hann er fundinn í vörzlu þeirra hluta, vegna hverra afbrotið var framið, eður sem á þeirri tíð, á hverri afbrotið var drýgt, voru í þess manns vörzlu, mót hverjum það var gjört, og hann ekki á nægilegan hátt getur sannað, að hann sé saklauslega að þessum hlutum kominn, eður hann jafnvel hefir lagt launung á þá. 5) Þegar það er sannað, að hann hafi leitazt við að geta framið það afbrot, sem finst að vera drýgt, hvarvið tillit á að takast til þess, hvort fleiri eður færri sérlegar kringumstæður finnist við það í ljós leidda afbrot, er einmitt svari til þeirrar viðleitni, sem hann bevísanlega hefir gjört til að fremja afbrotið. — Annars hlýtur það að athugast, að eins og á eina hlið ein einstök af þeim fyrrgreindu kringumstæðum, samkvæmt hinni almennu reglu í § 2, ekki út af fyrir sig, en einungis í samtenging við aðrar hana styrkjandi röksemdir, getur verið nægileg til þará að grundvalla straffsdóm, svo geta og hins vegar aðrar kringumstæður, sem ekki eru miður mikilvægar en þær fyrrnefndu, haft sömu verkun. Ef nokkuð kynni að vanta í þá eiginlegleika, sem útheimtast til að gefa einni kringumstæðu þá fullkomnu verkun, sem veitt er þeim hér að framan, undir tölunum 1—5 tilgreindu kringumstæðum, getur hún þó, eftir málsins ásigkomulagi, álitizt sem slíkt atvik, er, þótt í minna lagi, vekur grun um sekt hins ákærða, og í sameiningu við aðrar röksemdir getur útvegað nægilega vissu um hana. — § 4) Við yfirvegun þeirra í ljós leiddu kringumstæðna nægilegleika til að verða fullkomin bevísing, skal það gjörast að álitum til afbötunar hins ákærða, ef hans undanfarna breytni ekki vekur neinn grun um, að hann hefði getað drýgt slíkt afbrot sem það, fyrir hvert saksókn er móti honum höfðuð, og þegar hans skýrzlur allsendis virðast að vera einlæglegs eðlis. Samt er það sjálfsagt, að þessar þeim ákærða meðmæltu kringum-

stæður megi rækar gjörast af birtu og krafti þeirra bevísinga, er vitna um sekt hans. Hinsvegar á það að þéna til að auka styrk þessara bevísinga, þegar hans undanfarna hegðun vitnar um tilhneigingu til slíks afbrots sem þess, er þá er undir ákæru sett. Svo á það og, viðlíkt því, sem 3. § þegar að nokkru leyti hefir ákveðið, að vera almenn regla, að sá bevísingarkraftur, sem þær annars mót hinum saksókta talandi kringumstæður hafa, aukist, svoframt hann með dylgjulegum, óstöðugum eður ósönnum skýrzlum hefir sýnt viðleitni til að undirkúga sannleikann, hvarhjá þó tillit verður að hafast til þess, hvort nokkrum kringumstæðum hafi verið svo sérlega varið, að þær jafnvel gætu knúð saklausan mann til að aftra sannleikanum. — § 5) Slíkar meðkenningar, sem vegna eins eða annars brests ekki hafa þann fullkomna í Laganna 1—15—1 heimilaða bevísingarkraft, en þó ekki, vegna ólöglegrar þvingunar eður af öðrum sérlegum orsökum, verða að álítast sem öldungis ógildar, svo og þeir vitnisburðir, er annaðhvort sem einstakir, eður sem frambornir af vitnum, er ekki geta álitizt að vera fullgild, eður sem ekki fullkomlega stöðug eður samhljóðandi, ekki út af fyrir sig útverka fullkomna bevísing, eiga samt, með tilbærilegu tilliti til þess stærra eður minna brests, sem á þeim finst, að takast til álita, til í sameining við slíkar kringumstæður, sem umtalast í 1., 2. og 3. §§, að hjálpa til að útverka þá bevísing, hverja þessir lagastaðir heimta. Hið sama á og að gilda um drepins manns vafalaust og með öllu ráði gjörða framburð mót tilgreindri persónu, sem hans banamanni (sbr. laganna 6—6—15), svo vel sem og um sérhverja skýrzlu, sem annars er gjörð af þeim, er meinast að hafa af afbrotinu órétt liðið, þegar ekkert uppástand er gjört um skaðabætur, svo og um þá af einhverjum meðsekum gjörðu skýrzlu, sérilagi þegar hann undir eins ber eitthvert brot uppá sjálfan sig. — § 6) Hvað sérilagi þjófs-

1841 8. sept.

1841 8. sept. afbrotinu viðvíkur, þá skulu laganna 6—17—10 og 11 eftirleiðis heimfærast þannig, að varzla stolinna muna einungis skuli vera nægileg til að fella þann mann sem þjófnaðar hilmanda, er ekki getur sannað það, að hann á löglegan máta hafi fengið þá í sína vörzlu. En, eins og á eina hlið þessi verkun líka afmáist, þegar kringumstæður kynnu vera framkomnar, er veikja þá bevísing, hverja hin óheimilaða varzla annars innifelur, nefnilega slíkar, um hverjar talað er í fyrsta hluta af 4. §, svo á hann hinsvegar að dæmast sem þjófur, svoframt sérlegar kringumstæður, er sýna, að hann sjálfur hafi stolið munununum, eru sameinaðar þeirri óheimiluðu vörzlu. Annars á, með tilliti til bevísingar fyrir skógsafbrotum, svo búið að standa við þær sérlegu ákvarðanir, sem innihaldast í opnu bréfi dagsettu 26. júlí 1837[1]), svo vel sem og í öðrum tilskipunum viðvíkjandi þesskonar afbrotum. — § 7) Þótt það afbrot, fyrir hverju ein samkvæmt þessari tilskipun fullgild bevísing er framkomin, sé af þeirri art, að það í meðhaldi laganna mundi leiða lífsstraff eftir sig, skulu dómstólarnir samt hafa myndugleika til í þess stað einungis að dæma hinn seka til æfilangs straffs-erfiðis.

1842 21. febr. **Opið bréf um flokkun dannebrogsmanna.** (LfI. 12. b. 253).

28. júlí **Kansbréf um árlegar skýrslur um daufdumba.** (LfI. 12. b. 378).

14. des. **Opið bréf, viðvíkjandi fullgilding Seyðisfjarðar í Islands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Islands suðuramti, til að vera kaupskaparpláss.** (LfI. 12. b. 428)[2]).

---

1) um meðferð mála út af skógarafbrotum í Danmörku.

2) Takmörk Seyðisfjarðar kgsúrsk. $^{6}/_{1}$ 1855, dmstjbr. $^{14}/_{8}$ 1856, kgsúrsk. $^{28}/_{9}$ 1885 (rgjbr. $^{19}/_{10}$ s. á).

Opið kansellibréf, viðvikjandi því timabili, á hverju manntalsþingin á Islandi eiga að haldast[1]). 1843 30. marz

Eftir kanselliisins þarum allraundirgefnast framfærðu útlistun hefir hans hátign konunginum þann 22. þessa mánaðar allranáðugast þóknazt að álykta sem eftir fylgir: Vér höfum allranáðugast ákvarðað: 1) að manntalsþingin á Íslandi skuli byrja á timabilinu frá 16. til 20. maí, og skal þeim síðan, með nauðsynlegu millibili, þannig fram halda, að þau, í hverri sýslu, geti orðið til lykta leidd á timabilinu millum þess 6. og 10. júní, þó svo, að fylgjandi undantekningar leyfist frá þeirri reglu, nefnilega: að þingin í Skaftafellssýslum megi byrja þann 10. apríl, og í Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslum þann 5. maí, eður, eftir kringumstæðunum, nokkuð síðar, en að þeim þar eftir tafarlaust framhaldist þannig, að þau, að svo miklu leyti sem mögulegt verður, séu enduð með júnímánaðar útgöngu, svo og, að þeim í Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslum megi, í þeim þingsóknum, til hverra menn hljóta að ferðast yfir örðuga fjallvegi, slást á frest, þangaðtil að þeir verða vel færir í júní- eður júlímánuði. — 2) að sýslumennirnir, þegar þingunum, eftir að þau byrjuð voru ekki tafarlaust er fram haldið, eiga að innfæra í þingbókina þá skýrzlu, er við þarf, um orsökina þartil.

Konungsbréf um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Islandi[2]). 1844 8. apr.

Þareð það er allrahæstur vilji Vor, að sérhver sá, er sækir um embætti á Voru landi Íslandi, skuli vera svo fær í íslenzku, að hann að minsta kosti skilji mál þetta og geti gjört sig skiljanlegan í því fyrir landsmönnum, þá viljum Vér, að þeim, er um embætti sækja á Íslandi, verði lagt fyrir að láta fylgja

1) Sbr. o. br. $^{18}/_{8}$ 1850 og $^{9}/_{6}$ 1863.
2) Sbr. kgsúrsk. $^{27}/_{5}$ 1857 og $^{5}/_{2}$ 1863.

1844 8. apr. með allraþegnsamlegustum bónarbréfum sínum áreiðanleg vottorð um kunnáttu í máli landsins.

25. mai **Konungsúrskurður, sem heimilar kanselliinu[1]) rétt til að veita nokkur leyfisbréf.**

— — — en að öðru leyti föllumst Vér að mestu á allraþegnsamlegastar tillögur kanselliis Vors, og viljum því veita því vald til að gefa leyfi þessi ad mandatum[2]):

— — — 3) Leyfi til að giftast aftur, með skilyrðum þeim, sem nefnd eru í dönsku laga 3—16—15—1 nr. 4, handa þeim, sem skilinn er frá maka sínum sakir hórbrots; svo og undanþágu frá dönsku laga 3—16—8: a) ef brotið er framið á þeim tíma og undir þeim kringumstæðum, að skilnaður með dómi eður að konungsleyfi hefði getað verið fenginn samkvæmt ninum almennu reglum, og b) ef brotið er framið meðan hjónabandið stóð, og hitt hjónanna er dáið, en það auk þess hefir sannast, að hórbrotið hefir eigi spilt samlyndi hjónanna, og einkanlega það hjónanna, sem dáið er, hefir auðsjáanlega fyrirgefið hinu; — þó má eigi gefa leyfið fyr en 1 ár er liðið frá því er annað hjónanna dó. — 4) Leyfi til algjörðs hjónaskilnaðar, þegar annað hjóna er dæmt í betrunarhúsvinnu eða til þyngri hegningar, í 3 ár eða lengur, og hitt, sem beiðist skilnaðar, hefir eigi átt neinn þátt í afbroti hins sakbitna, og að öðru leyti hefir hegðað sér siðsamlega, og má leyfið eins veita fyrir því, þó hið dæmda mótmæli skilnaðinum. — 5) Leyfi til algjörðs hjónaskilnaðar, þegar hjónin hafa verið skilin að borði og sæng eftir leyfisbréfi að minsta kosti í 3 ár, eða 3 ár eru liðin frá því að þau fyrir sáttanefnd komu sér saman um að skilja að borði og sæng; á

---

1) Sbr. l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, er afnema landshöfðingjadæmið, en landshöfðingi veitti þessi leyfi frá 1872—1904.

2) Kgsúrsk. $^{28}/_{12}$ 1864. Alm. hegnl. $^{25}/_{6}$ 1869. 160. gr.

hin lögboðna andlega og veraldlega sáttatilraun að hafa fram farið af nýju, eftir að þessi 3 ár voru liðin, *og er sama, þó annað hjónanna mótmæli skilnaðinum*; þess ber þó að gæta, að jafnvel þó ofangreind skilyrði að öðru leyti séu fyrir hendi, á eigi að veita leyfi þessi þegar svo stendur á, að það má þykja ísjárvert vegna uppfæðslu barnanna, og ef það er maðurinn, sem gegn vilja konunnar hefir beiðzt skilnaðarins, og hún eigi getur álitizt hafa gefið tilefni til skilnaðarins að borði og sæng, þá á hann að leggja henni sama styrk til lífsframfæris, sem hún hafði meðan skilnaðurinn stóð að borði og sæng, þangað til hún, að fengnu leyfisbréfi, giftist aftur[1]). — — — 1844 25. maí.

Kansbr. um einkennisbúning sýslumanna. (LfI. 13. b. 157). 2. nóv.

Tilskipun fyrir Ísland, viðvíkjandi breytingu á þeirri áminningarræðu er haldast á, áður en eiða skal vinna fyrir rétti.[1]) 1846 22. sept.

Vér Chr. VIII., o. s. frv., gjörum kunnugt: að eins og það 1845 fyrir Vort land Ísland samankomna alþing í einu hljóði hefir mælt fram með því, að sú í Vorri tilskipun af 25. júní 1842 fyrir Vort konungsríki Danmörk löggilta breyting á þeirri áminningarræðu, er haldast á, áður en eiða skal vinna fyrir rétti, líka löggildist á áðurnefndu Voru landi, svo höfum Vér og álitið það viðurkvæmilegt vera. Vér bjóðum því og skipum hérmeð sem fylgir: — Sú í Christians fimta Dönsku og Norsku laga 1. bókar 13. kapítula 8. artíkula umgetna og aftan við nefndar lögbækur bætta eiðsútskýring og áminning skal upp frá þessu ekki oftar brúkast, hvarámót sú hérvið prentaða áminning áður en eiða á að vinna skal koma í hennar stað

---

1) Kgsúrsk. $^{23}/_{12}$ 1864, sbr. l. nr. 17, $^{5}/_{10}$ 1903.
2) Sjá l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911.

1846 til brúkunar við alla rétti á Íslandi, þegar þar á eiða
22. sept. að sverja, á þann hátt, að henni ekki sé breytt þegar vitni eru í eið tekin, en, þegar nokkur sá, sem eið á að vinna, sjálfur er málspartur, sé henni þannig breytt sem málsins ásigkomulag krefur í þeirri grein, sem byrjar með þessum orðum: »Sá, sem vinnur eið, gefur öðrum fulla vissu á því, að hann hafi sagt sannindi«.

Áminningarræða til þeirra, er eið eiga að vinna fyrir rétti.

Hver maður, sem stefndur er fyrir löglegan rétt, til að staðfesta framburð sinn með eiði, á að mæta þar með lotningu fyrir guði og hans orði, og hyggja vandlega að því, að hann, einsog kristnum sæmir, gangi veg sannleikans og tali sannindi, og segi já eður nei með hreinskilni, einsog hann veit réttast fyrir samvizku sinni; svo skal hann og vita, að einsog guð hefir tilsett valdstjórnina, svo hefir hann og veitt henni rétt til, að heimta af öðrum, að þeir staðfesti orð sín með eiði, svo hið sanna komi í ljós og endir verði allrar þrætu. Hann skal og, fyrir guðs sakir, gæta þess, að orð þau, sem koma yfir varir hans, eru eigi lítilfjörleg eður léttvæg, heldur mjög svo íhugunarverð og áríðandi, og getur hann ekki borið það fyrir sig sér til afbötunar, að honum hafi orðið ósannsögli í orðum sínum svosem af nokkurskonar breiskleika, því það er ítarlega brýnt fyrir honum, að hann gæti vandlega að hverju orði, sem hann segir, svo það, sem honum verður á í þessu, það syndgar hann vísvitandi og af ásetningi, en alls ekki af breiskleika. Sá, sem vinnur eið, gefur öðrum fulla vissu á því, að hann hafi sagt sannindi, skýlaus og full sannindi, það er: að hann hafi ekkert það sagt fyrir réttinum, sem hann ekki vissi, og yfir engu því þagað, sem hann vissi með sjálfum sér að gat miðað til að koma sannleikanum í ljós í því málefni, sem hann var krafinn til vitnisburðar um, ekki heldur haft yfirskot eður undanbrögð í orðatiltækjum sínum,

miklu fremur hagað svo orðum sínum, með hrein- 1846
skilnu hjarta, að þau mættu svo skiljast af öðrum 22. sept.
einsog hann skildi þau sjálfur og vissi að satt var.
— Hann stendur frammi fyrir dómstóli þeirra manna,
sem settir eru af guði til þess, að þeir harðlega refsi
meinsærismönnum, þegar guð leiðir sannleikann í
ljós. Allra manna hjörtu munu lykjast aftur fyrir
þeim, sem brennimerktur er með hinu óttalega nafni
meinsærismannsins. — Hann stendur frammi fyrir
augsýn guðs, hins alskygna, sem sér í leynum og
endurgeldur opinberlega, sem lét bölvun út fara, svo
hún kæmi yfir þjófsins hús, og yfir hús þess, sem
sver ranglega við nafn hans. — Einsog siður er til,
réttir hann upp 3 fingur hinnar hægri handar, og
vill hann með þessu gjöra það öðrum sjáanlegt, eins-
og hann með orðunum gjörir það heyranlegt, að
hann kallar þríeinan guð til vitnis. Sveri hann alt að
einu rangan eið, þá hefir hann hrundið frá sér guðs
föðurs náð, varðveizlu og blessun; hann hefir þá af-
neitað heimsins endurlausnara og getur eigi flúið á
hans náðir í hörmungum þessa lífs, eður á degi dóms-
ins. Hann hefir og lokað hjarta sínu fyrir guðs anda,
og svift sjálfan sig allri huggun af guðs orði, þegar
hinir vondu dagarnir koma, að hann er staddur í
baráttu lífsins, að hann legst á sóttarsængina eður á
að heyja stríð við dauðann. Hann hefir og bygt sjálf-
um sér út úr samfélagi kristilegs safnaðar, svo að
fyrirbænir safnaðarins upp frá því koma honum að
engu liði, flutningur náðarboðskapar drottins Jesú
Krists er honum til engrar huggunar, syndir hans
verða honum eigi fyrirgefnar, og hann á þess enga
von, að rísa upp til þeirrar sælu, sem er fyrirhuguð
kristnum mönnum, þeim er sanntrúaðir eru. Meðan
hann dvelst hér á jörðu, mun hjarta hans titra í hon-
um af óstyrk, og fætur hans hvergi geta haldið kyrru
fyrir, sökum eirðarleysis. Eftir það flytur hann þang-
að, er sérhverjum mun verða endurgoldið eftir sín-

1846 22. sept. um verkum, því eins og hver sáir, svo skal hann og uppskera. — Með áminningu þessari og aðvörun höfum vér gjört það sem skyldan bauð oss, og með því vér, einsog aðrir, eigum að standa guði reikning, biðjum vér hann þess, að sannleikurinn megi leiðast í ljós; en vér getum eigi séð inní hugskot annara — guð einn skynjar hugrenningarnar álengdar. — Þess vegna felum vér *honum*, hinum alskygna og réttláta, það sem nú er eftir. — Hver sem sannleikanum fer fram, vinni eið sinn öruggur, en gæti hver sín í guðs nafni að sverja ranglega við nafn hins hæsta.

23. des. **Opið bréf um skipun tveggja kanptúnastæða á Islandi við Þórshöfn í norðaustur-amtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vestur-amtinu.** (LfI. 13. b. 553).

1847 6. jan. **Tilskipun um fardaga presta á Islandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans og einkum ekkjan eiga heimting á.**

Vér Chr. VIII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Þess hefir verið allraþegnlegast óskað, að Vér með tilskipan nokkurri vildum taka af tvímæli þau, sem til þessa hafa verið á, frá hverjum tíma prestar á landi Voru Íslandi eigi rétt á að eignast tekjurnar af brauðum sem þeim eru veitt, og að breytt yrði að nokkru leyti reglum þeim, sem þar hefir verið fylgt hingað til um náðarár prestaekkna; og viljum Vér því, að meðteknu áliti Vors holla íslenzka alþingis, allramildilegast ákvarða og skipa þannig: — 1[1]) Þegar brauð losnar á Íslandi, skal prestur sá, er frá brauðinu flytur, eður hafi presturinn dáið, þá ekkja hans og bú, ætið eignast tekjur allar til næstu fardaga (6. júní), og ber þeim, er frá fer, þá aftur á móti að annast öll prestsverk; — en þegar presturinn deyr frá brauðinu, skal prófastur sjá um, að prestar þeir, sem næstir eru, eður

1) L. nr. 46, $^{10}/_{11}$ 1907, 26. gr.

annar prestvígður maður, sem til þess skal settur, 1847
þjóni brauðinu, og eiga þeir þá borgun fyrir af tekj- 6. jan.
um brauðsins. — 2[1]) En frá fardögum eignast sá, sem brauðið er veitt, allar tekjur þess, hvort sem það er veitt fyrir eða eftir fardaga. En sé það veitt eftir fardaga, eður geti hann ekki farið að gegna prestsverkum þegar í fardögum þótt brauðið sé honum áður veitt, þá annast prófastur að brauðinu verði þjónað frá fardögum til þess hann tekur við því á þann hátt, sem til er tekið í 1. gr., og fá þá þeir, er þjóna brauðinu, af tekjum þess, það sem þeim er áskilið í tilskipun 3. febr. 1836, IV. — 3[2]) Þegar liðnir eru næstu fardagar eftir að brauðið losnaði, og það stendur enn óveitt, þá má sá sem fær það, ef hann er prestur á öðru brauði, velja í milli að taka samstundis við brauðinu, eður að vera á því, sem hann ætlar frá, til næstu fardaga, og á þá, samkvæmt því sem ákvarðað er í fyrstu og annari grein, að fara með það brauð, sem hann ekki þjónar, eftir því sem fyrir er mælt í tilsk. 3. febr. 1836, IV.; hann á líka í tíma að tilkynna hlutaðeiganda prófasti hvað hann hefir afráðið. Þegar ekki stendur þannig á, að brauð sé veitt eftir fardaga presti í öðru brauði, þá á jafnan sá, sem brauð er veitt fyrir fardaga, hvort hann er heldur kandídat eða stúdent, eða hann hefir áður haft prestsembætti á hendi, taka við því í næstu fardögum eftir að það losnaði, en verði því ekki við komið, þá taki hann við því svo fljótt sem hann getur.

---

1) L. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907, 26. gr.

2) Sbr. l. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907.

3) L. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907, 49, $^{16}/_{11}$ 1907, 6. gr. og l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 1. gr.

1847
27. jan. **Tilskipun, er nákvæmar tiltekur það sem fyrir er mælt í reglugjörð fyrir Ísland 17. júlí 1782, um tekjur presta og kirkna o. fl.**

Vér Chr. VIII., o. s. frv., gjörum kunnugt — — — 1) Líksöngseyrir skal á Íslandi goldinn 6 álnum í landaurum. Sé sungið yfir sveitarómaga, skal gjald það einungis tekið af því, er afgangs verður af eignum hans, þegar sveitin hefir fengið endurgoldið það, er til hans var kostað; verði enginn afgangur, skal eigi gjalda líksöngseyri. Mælist þeir, er hlut eiga að máli, til að presturinn haldi líkræðu, tekur hann borgun fyrir það sérílagi, er sæmileg sé og eftir efnum. — 2) Fyrir hjónavígslu skal gjalda að minsta kosti 6 álnir, fyrir barnsskírn 3 álnir minst, og 2 álnir fyrir að leiða í kirkju, og fyrir fermingu að minsta kosti 12 álnir. Þegar presturinn á að vitja sjúkra í sókn sinni, skal fá honum fylgdarmann báðar leiðirnar, en hesta leggur presturinn sér sjálfur til. Eigi hann að fara sjóveg, hefir presturinn flutning ókeypis báðar leiðir. — 3[1]) — — — 5) Kirkjureikninga alla skal eftirleiðis gjöra eftir silfurmynt, og skulu prófastar, þá er þeir skoða kirkjur, og prestar, áður þeir semja, eður staðfesta eður rita nöfn sín undir þá, ef aðrir umsjónarmenn kirkna hafa samið, hafa gát á, að þeir sé réttir; skulu þeir gjöra þetta á hverju ári. Komist það upp, að þeir hafi slegið slöku við þessu, skal annar eður báðir eftir málavöxtum bæta kirkjunni tjón það, er hún þessa vegna hefir orðið fyrir. Fyrir skoðun reikninga þessara skal gjalda presti 3 álna virði af sjóði kirkjunnar, en hafi prestur eignir kirkju að léni, tekur hann ekkert fyrir að semja reikning hennar. — Fyrir skoðun á kirkju hverri, sem á árlega afgangs frá nauðsynlegum útgjöldum 12 rbd. og þaryfir, tekur prófastur 20 álnir, en hálfu minna af þeim kirkjum, er ekki eru svo efnaðar sem nú er sagt. — 6) Ef

1) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 1. gr.

gjöld þau öll, sem um er getið í greinunum á undan, ekki eru greidd í góðum og gildum landaurum, skulu þau greidd með peningum eftir meðalverði á hverri alin í verðlagsskrám ár hvert. — 7[1]). 1847 27. jan.

Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka. 10. febr.

Vér Chr. VIII., o. s. frv., gjörum kunnugt: að oss hefir sýnst, að gjöra nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka á Voru landi Íslandi. Höfum Vér meðtekið allraþegnlegast álit Vors trúa alþingis um frumvarp til réttarbótar í því efni, og fyrir því bjóðum Vér, sem hér segir: 1) Hver sýslumaður er skyldur til að hafa á manntalsþingum manntalsbók þá, er amtmaður hefir gjört löggilda, og albúin skal vera gjaldamegin fyrir þing, og heimta eftir henni þinggjaldið; skal hann rita í bókina á þinginu hvað goldið er, og nafn sitt undir að þinglokum og þingvottar með honum. — 2) Svo skal og hver sá, er þinggjaldi á að lúka, hafa kvittunarbók, og sýslumaður rita þar í hvað goldið sé á þingum og endrarnær, er eitthvað er greitt af þinggjaldinu, og alt sem gjalda skal eftir manntalsbókinni. Gjaldi nokkur í reikning sýslumanns í kaupstað, skal sýslumaður flytja það, sem goldið er, úr kaupabók gjaldanda í kvittunarbók hans, ekki síðar en á næsta manntalsþingi. — 3) Kvittunarbók þá, sem um er getið í annari grein hér á undan, og vera skal að minsta kosti eitt ark í kápu, skal sýslumaður gjöra löggilda og innsigla borgunarlaust, og er hann þaraðauk skyldur til að selja hverjum manni kvittunarbók, sem enga hefir og á þarf að halda, við sanngjörnu verði fyrir pappírinn, kápuna og bandið.

---

1) L. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907, 3. gr.

1847 10. febr. **Opið bréf um aftekning þeirrar kvaðar að flytja embættismenn kauplaust, þá þeir fara í alþjóðleg erindi.** (LfI. 13. b. 592).

18. febr. **Tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.**

Vér Chr., VIII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Með því ákvarðanir þær, sem enn gilda um fjárforráð ómyndugra á Íslandi og standa í Jónsbók í arftökubálki 20., 21. og 22. kap., eru að nokkru leyti ónógar og eiga að öðru leyti eigi vel við, eftir því sem breyzt hefir til með tímanum, höfum Vér hugleitt hvernig þetta málefni, með nýju lagaboði, yrði lagað á þann hátt, að högum hinna ómyndugu yrði nægilega borgið, án þess að fyrirskrifa slíkar reglur, sem, eftir því er til hagar á Íslandi, mundu leiða til alt of mikillar ábyrgðar fyrir alla þá, er hlut eiga að máli. Þannig er það og álitið haganlegast að taka til greina, með nauðsynlegum lagfæringum, þær ákvarðanir Jónsbókar um fjárforráð ómyndugra, sem hingaðtil hafa viðhaldizt. Eftir að frumvarp til slíkrar tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi hefir verið fram lagt fyrir Vort ár 1845 samankomna alþing á Voru landi Íslandi, og þess álitsskjal þarum er Oss allraþegnlegast fyrir sjónir leitt, bjóðum og skipum Vér þannig: — **1.** gr. Eftir tilskipun frá 21. desbr. 1831 1. þætti 1. grein, skal framvegis vera komið undir dönsku laga 3. b. 17. kap., hvern álíta skal ómyndugan, hálfmyndugan og fullmyndugan; svo skal og á Íslandi fara eftir þessum hinum sama kapítula í lögunum í öllu því, er snertir fjárhald ómyndugra, og tilsjón fyrir hönd hálfmyndugra og ekkna, að svo miklu leyti sem við á, og eigi er gagnstætt þessari tilskipun[1]). — **2.** gr. Undir eins og einhverjum ómyndugum hlotnast nokkur efni, skal skiftaráðandi vera

1) Um tilsjón fyrir hönd ómyndugra á skiftum, sjá lög $^{12}/_{4}$ 1878, 14. gr., o. fl.

skyldur til að hlutast um, að einhver taki þessa fjármuni að sér til umráða, og skal það annaðtveggja vera einhver sá, er til þess er lögborinn, eða ef slíkir frændur eru eigi til, þá einhver annar, er skiftaráðandi kveður til. Bæjarfógetinn skal vera yfirfjárráðamaður í Reykjavík, og sýslumenn annarsstaðar, og skal fjárhaldsmaður, hvort heldur er að hann er ættborinn til fjárhalds eða kvaddur til þess, vera fyrst og fremst undir tilsjón þeirra í öllum fjárhaldsstörfum sínum. Fjárhaldsmenn eiga því og að gjöra þessum embættismönnum grein fyrir fé ómyndugra, því er þeim hefir verið trúað fyrir, samkvæmt reglum þeim, sem eru í hinni 4. gr. — 3. gr. Nú er einhverjum ómyndugum skift arfi, og er hann í öðru lögsagnarumdæmi, þá skal skiftaráðandi leita til yfirfjárráðamanns í því lögsagnarumdæmi, er hinn ómyndugi er í, og skal þessi yfirfjárráðamaður annast um, að einhver maður, hvort heldur hann er lögborinn til að vera fjárhaldsmaður hins ómyndugа, eða hann er kvaddur til þess, taki arfinn undir sína umsjón, og á að senda kvittan hans til skiftaráðanda, þar sem arfinum hefir verið skift, svo að hann geti borið hana fyrir sig. Þegar arfur hefir þannig verið fluttur úr einu yfirfjárráðaumdæmi í annað, þá skal skiftaráðandi skýra frá því í yfirliti sínu um yfirfjárráðin á ári hverju; svo skal og geta þessa arfs í yfirlitinu í því yfirfjárráðaumdæmi, er hinn ómyndugi er í. En jafnskjótt og fluttur er arfurinn, skal yfirfjárráðamaður sá, sem er í því yfirfjárráðaumdæmi, er arfur er fluttur frá, tafarlaust tilkynna það amtmanni, og sé hitt yfirfjárráðaumdæmið, sem arfurinn er fluttur til, í öðru amti, skal yfirfjárráðamaður í þeim stað einnig skýra sínum amtmanni frá flutningnum. Ef þessum reglum er eigi fylgt, og arfurinn ferst fyrir þá sök, að háyfirvaldinu hefir eigi verið gefið færi á að gæta hans, þá skal sá embættismaður, er hefir sýnt sig sekan í slíku

1847
18. febr.

1847 hirðuleysi, hafa alla ábyrgð af. — 4. gr. Þegar gjöra
18. febr. skal grein fyrir fé ómyndugra, skal fylgja þeim reglum, sem hér segir: -- a) Ef fjármunirnir eru eigi full 20 hundruð á landsvísu, þá skal yfirfjárráðandi þegar í stað, en hann fær fjárhaldsmanni fjárhaldið, gjöra bréflegan samning við fjárhaldsmann, og ákveða, hve miklu fé megi verja á ári hverju til framfæris og uppeldis hins ómynduga, eða hvort eigi þarf meira til þess, en árstekjur þær, er koma af fjárstofninum eður jafnvel eigi þær allar, svo að sjálfur fjárstofninn þurfi eigi að fara minkandi heldur jafnvel verði aukinn. Þegar samningur þessi er gjörður, á að hafa tillit til aldurs hins ómynduga, og hvort hann má afla sér nokkurs með vinnu sinni; sömuleiðis skal hafa tillit til stærðar fjárstofnsins, og þess, er af honum gelst á ári hverju. Nú verður samningi eigi á komið, þá skal amtmaður skera úr málum. Þegar fjárhaldi slítur, skal fjárhaldsmaður gjöra yfirfjárráðanda grein fyrir fé því, er honum hefir verið trúað fyrir, að svo miklu leyti, sem halda skal öllu fénu við, eða nokkrum hluta þess eða það jafnvel skal aukast, hvort heldur er, að svo hefir verið umsamið, eða háyfirvaldið hefir ákveðið, að svo skyldi vera. Þarámóti þarf fjárhaldsmaður eigi að skýra frá fjárhaldi sínu með reikningi á ári hverju; þó má yfirfjárráðandi krefjast, að fjárhaldsmaður gjöri grein fyrir fjárhaldinu, ef hegðan fjárhaldsmanns er í nokkru iskyggileg, eða aðrar nægar ástæður eru til. — b) En nú er féð 20 hndr. eða meira, þá á að öllum jafnaði að auka það, og skal fjárhaldsmaður þá jafnan á ári hverju skýra frá fjárhaldsstjórn sinni með nákvæmum reikningi, og semja þann reikning eftir sýnishorni því, sem hér er með. En vér gefum og amtmönnum vald á að leyfa, þegar svo ber undir, að verja megi heils árs leigum, og jafnvel, ef mjög sérlegar kringumstæður gjöra það ráðlegt, nokkru af fjárstofninum til uppeldis hins ómynduga, eða annara þarfa hans. — Þegar telja skal

fé til hundraða á landsvísu, þá skal telja fríðan pen- 1847
ing til hundraða og álna eftir hinum árlegu verðlags- 18. febr.
skrám, en peninga og annað lausafé eftir meðalverði á fríðu í verðlagsskránum. — 5. gr. Enginn fjárhaldsmaður á rétt á, að heimta þóknun fyrir fjárhald sitt, nema því að eins, að fé hins ómynduga sé 20 hndr. eða meira, eða slíkur samningur hafi verið gjörður milli yfirfjárráðamanns og fjárhaldsmanns, að það gjöri betur en að vinnast þeim ómynduga til framfæris, og fjárhaldsmaður þar að auki ekki sé afi, foreldri eða bróðir hins ómynduga. Þegar nú þannig má heimta fjárhaldskaup, þá skal það vera 1/6 hluti af því, er eftir verður af tekjum hins ómynduga, þegar búið er að ljúka öllum gjöldum til árlegra þarfa hans, þó má þóknun þessi aldrei vera meiri en 50 rbd. silfurmyntar á ári. Hinum hluta afgangsins skal koma á vöxtu, þegar er hann er orðinn 25 rbd. silfurmyntar að upphæð, og skal í því fara eftir þeim reglum, er síðar getur, þá er ákveðið verður, hversu verja skal fjárstofnum ómyndugra. Ef nokkuð af afgangi þessum er í landaurum, þá skal fjárhaldsmaður gjöra grein fyrir því eftir verðlagsskrá þeirri, er gildir við árslokin, en vilji hann það ekki, sé það selt mót peningum við opinbert uppboð á manntalsþingum. — 6. gr. Fjárhaldsmenn þeir, sem eins og áður segir eru skyldir til að leggja fram reikning á ári hverju fyrir fjárhaldi því, er þeim hefir verið trúað fyrir, og skulu senda hann yfirfjárráðanda, áður en tveir mánuðir eru liðnir eftir hvers árs lok. Yfirfjárráðandi skal síðan skoða reikningana, og leggja úrskurð á þá. — 7. gr.[1]) Hversu stjórn á fé ómyndugra skal vera löguð, er komið undir því, hvort það er í fasteign, eða lausum aurum, eða í peningum. — a) *Fasteign* má eigi farga, hvort heldur eru heilar jarðir eða jarðarpartar, nema því að eins, að hinum

1) Sbr. skl. 12/4 1878, 46., 48., 62. og 77. gr.

1847 18. febr. ómynduga sé auðsjáanlega hagur að jarðarsölunni, eða nauðsyn þyki að selja eitthvað honum til framfæris. Þó skal jafnan leita álits amtmanns um þennan hlut. — b) *Lausafé* má eigi selja, þegar það er lagt í arf við skifti milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra eður barnabarna, nema það eftirlifanda óski þess. En ef að eigur hins ómynduga eru ekki seldar úr búinu, þá setji það hjóna, er lengur lifir, fullkomið veð fyrir í búsins föstu og lausu munum, og sé þeim veðrétti þinglýst. Nú giftir sig móðir þess ómynduga, þá skal stjúpfaðir gjöra nýja veðsetningu, er einnig skal þinglýsa, ef hann vill að ómagaeyrir standi í búi hans, og yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður álíta hann fullveðja skuldunaut. Vilji það hjóna, er lengur lifir, ekki halda fjármununum hjá sér óseldum, skulu þeir ætíð seldir á uppboðsþingi, þó eftir samkomulagi yfirfjárráðanda og fjárhaldsmanns, nema svo mætti sýnast, að hinn ómyndugi, eftir aldri hans og ásigkomulagi fjárins, gæti sjálfur haft not af meira eða minna af sliku lausafé. Andvirði þess selda lausafjár meðhöndlast sem aðrir peningar hins ómynduga. — c) *Peningum* þeim, er hinn ómyndugi á, skal koma á vöxtu; í því skyni skal bjóða þá upp, svo fljótt sem kostur er á, og skal gjöra það á bæjarþingi í Reykjavík, og í sýslum á manntalsþingi, svo komast megi eftir, hvort nokkur girnist að fá peningastofn til leigu á móti nægilegu veði. En ef annan veg er, þá skal senda peningana til stiftamtmannsins yfir Íslandi, og undir eins vitnisburð bæjarfógeta eða sýslumanns, að peningarnir hafi verið boðnir upp, og komið fyrir ekki, og skal stiftamtmaður þá sjá um, að þeir verði, á sama hátt og vant er, settir á vöxtu í hinn íslenzka jarðabókarsjóð vorn. Fjárhaldsmaður geymir skuldabréf fyrir ómagaeyri þeim, er settur er á leigu, og tekur við ársleigu þeirri, er af honum gelzt. En fyrir uppboðið á peningunum skal ekki kaup taka, né

heldur fyrir vitnisburð um uppboðið. — 8. gr.[1]) Í veð 1847
fyrir ómagaeyri má eigi annað taka, en fasteign, og 18. febr.
þó eigi nema með fyrsta veðrétti, og má reyndar eigi leggja meira fram af fjármunum hins ómynduga, en svarar $^2/_3$ hlutum af því verði, er veðið hefir verið metið til við endilega virðingu, er ætið skal gjörast af tveimur, af sýslumanni tilnefndum og í eið teknum óvilhöllum mönnum. Sýslumaður skal ekki kaup hafa, þó hann nefni til virðingarmenn og taki eið af þeim. — Þegar jarðir þannig eru virtar, skal geta dýrleika þeirra, landskuldarhæðar, kúgildatölu og annars ásigkomulags, og skal virða þá jörð, er taka á í veð fyrir leigufénu, svo mikils í peningum, sem virðingarmönnum þykir líklegt að fá megi fyrir hana með góðu móti eftir algengu verðlagi; svo skal og geta þess, hversu dýrt jörðin hefir verið seld eða virt hin síðustu 10 árin, ef hún hefir verið seld eður virt á því tímabili. Virðingarmenn skulu og einkum taka eftir, þegar þeir virða einhverja jörð, hvort landslagi er svo háttað, eða jörðin er með öðrum hætti svo ásigkomin, að hún liggi undir meiri eða minni skemdum af völdum náttúrunnar, og skal eftir því lækka verð hennar, það er hún ella mundi í vera; sömuleiðis skal fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi taka eftir, hvort eignin liggur undir slíkum skemdum, og skulu þeir þá annaðtveggja synja lánsins með öllu, eða færa það meira aftur, en ella mundi þykja ástæða til. Fjárhaldsmaður eða yfirfjárráðandi skulu vera annarhvor við virðinguna, ef þess er kostur, og ef þeir eru óánægðir með, hversu virt er, þá skulu þeir láta þann mann vita, er lánsins æskir. Nú æskir sá maður lánsins engu að síður, þá skal rétturinn kveða til hálfu fleiri menn óvilhalla; þeir skulu virða jörðina af nýju, og skulu í öllu gæta þess, er lagt hefir verið fyrir virðingarmenn hér að framan; þeir skulu og

1) Sbr. op. br. $^4/_6$ 1864 og tilsk. $^5/_1$ 1874.

1847 staðfesta virðingu sína með eiði. Lánnautur skal
18. febr. borga virðinguna, og slíkt hið sama endurvirðinguna. Virðingarmenn skulu hafa slíkt kaup, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörð frá 10. septbr. 1830 67. gr.[1]), og skal senda yfirfjárráðanda hvorutveggju virðingargjörðina í tvennu lagi; yfirfjárráðandi á og aðleiðbeina virðingarmönnum í öllu, er við þarf. Annars má og lána ómyndugra fé án virðingar veðsins þegar fjárhaldsmaður sjálfur vill ábyrgjast að það sé nægilegt. — 9. gr. Jafnskjótt og búið er að virða jörð með þeim hætti, sem ákveðið er í 8. grein, þá má lánið þegar fram fara, og skal skuldunautur gefa veðskuldabréf við, eftir almennu formi, og skal amtmaður ákveða, og segja yfirfjárráðanda fyrir, hversu það skal vera lagað. Nú hefir einn fjárhaldsmaður fjármuni fleiri ómaga en eins undir höndum, og má þá leggja fé þeirra saman, og lána það mót veði í einni jörð, og skal þá greina frá í veðskuldabréfinu, hverjir hinir ómyndugu eru, og hve mikið hver þeirra á af láninu. Veðskuldabréfum skal þinglýsa á kostnað skuldunauts, og skal yfirfjárráðamaður rita á þau, að eigi megi selja þau af hendi, eða veðsetja þau eða kvitta fyrir þau, nema hann hafi veitt leyfi til; síðan skal selja þau fjárhaldsmanni í hendur, og skal hann geyma þau, og taka vöxtu af, o. s. frv. — **10.** gr.[2]) Í veðskuldabréfum skal meðal annars taka fram, að höfuðstóllinn skuli vera þegar afturtækur, ef lögleiga sú, er um hefir verið samið, er eigi greidd í réttan gjalddaga, samkvæmt 13. grein, og má þá bjóða upp veðið án dóms og laga; þó skal áður birta uppboðið, svo sem venja er til, og skal gjöra það 4 vikum fyrir uppboð, og með jafnlöngum fyrirvara skal birta auglýsinguna, er sjálfsagt eigi má framkvæmast fyr en

---

1) Sbr. l. nr. 3, $^{13}/_{1}$ 1882, 8. gr.

2) Sbr. skl. $^{12}/_{4}$ 1878, 5., 34. og 83. gr. og l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 3. gr.

gjalddagabilinu lýkur, skuldunauti, eða þeim manni, er hann skal skyldur til að hafa á veðeigninni fyrir sína hönd, ef hann er sjálfur í öðru lögsagnarumdæmi en því, er eignin er í; en ef hann hefir engan mann fyrir sína hönd, þá skal birta hverjum, sem vera vill, af ábúendum jarðarinnar, eða næstu grönnum þeirra, ef þeir eru eigi sjálfir við, og skal sú birting vera fullgild að lögum. Þó getur skuldunautur hamlað sölu veðsins, ef hann sannar fyrir hamarshögg, að hann hafi lokið öllu því, er eftir stendur óborgað hjá honum, eða leggur fram borgun fyrir það, og allan þann kostnað, er rís af, að uppboðið hefir verið ákveðið o. s. frv. Um lúkningu helmings af kaupverði slíkrar eignar, þá skal veita kaupanda 3 mánaða frest eftir hamarshögg, eða ef það skilyrði er haft á við hamarshögg, að annara samþykkis þurfi við, þá eftir þann dag, að uppboðið er samþykt; en hinum helmingi kaupverðsins skal lúka áður 6 mánuðir eru liðnir eftir hamarshögg, eða eftir þann dag, að uppboðið hefir verið samþykt. Nú er veðeign boðin upp, og fæst eigi svo mikið fyrir hana sem lánið er, með vöxtum þeim, er eftir eru ógoldnir, og kostnaði þeim, er á hefir fallið, á hinn ómyndugi aðgang að skuldunaut sjálfum um það er eftir er, og ef skuldunautur er fjárþrota, þá má hinn ómyndugi heimta skaðabætur af fjárhaldsmanni sínum og yfirfjárráðanda, ef þeir hafa í nokkru vangætt þarfa hans, og brugðið útaf þeim reglum, er fyrir þá hafa verið lagðar. — **11.** gr. Fjárhaldsmaður á að kynna sér vel og vandlega, hversu veðeignin er varðveitt, og ef uggvænt þykir, að hún gangi svo af sér, að hún sé eigi lengur lögmætt veð fyrir ómagaeyri þeim, er hún er veðsett fyrir, þá skal hann tafarlaust skýra yfirfjárráðanda frá hvar komið er, og skal yfirfjárráðandi þá ákveða, hvort segja skuli fjárstofninum upp eða eigi. En fjárhaldsmaður skal og skýra frá á ári hverju í fjárhaldsreikningi sínum, að hve miklu leyti líklegt

1847
18. febr.

1847 er að veðið sé enn fullgilt að lögum. — 12. gr.[1])
18. febr. Fjárhaldsmaður og yfirfjárráðandi eiga reyndar að kosta kapps um, að 4 af 100 hverju fáist í leigu af fjárstofnum ómyndugra; þó er og leyfilegt, að lána ómagaeyri fyrir 3½ af hverju 100, ef enginn sá, er hefir lögmætt veð að bjóða, býður hærri leigu. Af ómagaeyri þeim, er eftirleiðis verður látinn á vöxtu í hinn íslenzka jarðabókarsjóð Vorn, verður framvegis eigi goldin hærri leiga, en 3½ af hverju 100. — 13. gr. Peningaleigu skal gjalda einusinni á ári, á gjaldtíma hins 11. dags júnímánaðar, þó má gjaldtími ná á Íslandi til enda mánaðarins, svo að ef gjald er greitt fyrir byrjun næsta júlímánaðar, þá er sem vel sé greitt. Þegar peningaleiga er greidd, þá skal rita á veðskuldabréfið, hvað goldið er, og má skuldunautur vera við, ef hann vill; hann skal og fá kvittan sér, fyrir því er goldið hefir verið. Lúkningu leigunnar má eigi skjóta á frest frá einum gjaldtíma til annars, því eiga fjárhaldsmenn að telja fjárleigu þá, sem á er fallinn í hvert sinn, með tekjum hins ómynduga, þegar þeir semja ársreikninga þeirra eða yfirlits-skýrzlu þá um fjármuni hinna ómyndugu, er þeir eiga að semja á ári hverju, ef algjörður reikningur er eigi saminn; en ef leiga er eigi goldin í tækan tíma, og fjárhaldsmenn skeyta eigi því, er þeim er boðið í hinni 10. grein, þá lendir alt það tjón, er verða má að af því leiði, á fjárhaldsmönnum sjálfum, og eigi á hinum ómyndugu. — 14. gr. Innstæða skal jafnan segja upp af hvorutveggja hendi til lúkningar á gjaldtíma hins 11. dags júnímánaðar, með hálfs missiris fyrirvara, ef eigi nemur meiru en 100 ríkisbankadölum, en ella með missiris fyrirvara. Þegar venjulegir stefnuvottar eru látnir birta uppsögnina, þá skal vitnisburður þeirra um hana vera fullgildur, er þeir skýrskota til þess eiðs, er þeir hafa áður unnið,

1) Sbr. fyr tilvitnuð 2 lagaboð frá 1864 og 1874.

þá er þeir tóku við sýslu sinni. Nú hefir innstæða verið sagt upp, og er þó eigi greiddur í tækan tíma, eða vextir af fénu, þá skal selja veðið með þeim hætti, sem segir í hinni 10. grein. Láni er sagt upp annaðtveggja fyrir þá sök, að hinn ómyndugi kemst af ómaga aldri, ef eigi þykir hentugra að taka veðskuldabréfið í stað höfuðstólsins í peningum, eður og í annan stað ef veðið rírnar svo mjög, að það er eigi lögmætt, hvort heldur er að rírnar sakir hirðuleysis, eða fyrir aðrar sakir, er engi má við gjöra. En ef skuldunauti er það ekki að kenna, að veðeignin gengur af sér, þá skal hafa svo mikla vægð við hann, sem unt er, að svo miklu leyti sem því verður við komið hinum ómynduga að skaðlausu. Þar á móti skal eigi ástæða til að segja höfuðstólnum upp, þó veðeignin komist í annars manns eign, því ef sá maður vill halda láninu, þá skal taka veðskuldabréf hans í stað veðskuldabréfs hins fyrra eiganda, og skal kvitta það og selja honum í hendur. — 15. gr. Þegar hinn ómyndugi verður ráðandi fjár síns, skal fjárhaldsmaður þegar í stað gjöra skilareikning fyrir fjárhaldi sínu, og senda hann til yfirfjárráðanda, eins og ársreikninga sína yfir fjárhaldið, og skal yfirfjárráðandi fella úrskurð á; síðan skal fjárhaldsmaður láta af hendi alt það, er honum ber að gjöra grein fyrir eftir reikningum, þegar úrskurður er á hann fallinn, og selja það í hendur þeim manni, er hlut á að máli, en það er hinn ómyndugi, er áður var, nema ef hann er enn undir tilsjónarmanni, þá skal tilsjónarmaður vera með í ráðum; eður og að sá skal taka við, er kemur í stað hins ómynduga, t. a. m. bóndinn fyrir þá mey, er hafði fjárhaldsmann, þangað til hún giftist. Tilsjónarmaður tekur við öllum skilríkjum með hinum hálfmynduga, og kveður sýslumaður hann til að hafa tilsjón á hendi með honum, annaðhvort þangað til hann verður fullmyndugur, eða að eins á meðan á viðtökunni stendur, ef svo stendur á, að tilsjón verður og falin fjárhalds-

1847 18. febr.

1847 manni á hendur. Þegar búið er að veita viðtöku
18. febr. öllu því, er fjárhaldsmaður á að gjöra grein fyrir, þá rita viðtakendur skilabréf í tvennu lagi, og fær fjárhaldsmaður annað þeirra, og má hann, ef hann vill, láta þinglýsa því á þess manns kostnað, er hann hafði fjárhald á hendi fyrir, og skal greiða í þinglýsingarkaup eftir aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830, 30. gr., en hitt skilabréfið fær yfirfjárráðandi, og á hann að láta það fylgja aðalyfirliti sínu yfir yfirfjárráðin (§ 19), og skal það vera til sönnunar um, að þessir fjármunir séu komnir undan yfirfjárráðum. Á líkan hátt skal að fara, ef hinn ómyndugi deyr, þá skal skiftaráðandi eða erfingjar veita skilabréf. — **16.** gr. Nú deyr fjárhaldsmaður, eða hann fær lausn, eða honum er vikið frá, þá skal hann, eða dánarbú hans, gjöra eftirkomanda sínum reikning fyrir fjárhaldsfénu, samkvæmt þeim reglum, er ákveðnar hafa verið hér í hinum fyrri greinum. — Nú flytur fjárhaldsmaður sig og hinn ómyndugi burt úr yfirfjárráðadæmi því, er þeir hafa áður í verið, þá skal yfirfjárráðandi á þeim stað, er þeir flytja sig til, taka að sér tilsjón með fjárhaldinu. Ef hinn nýji bústaður fjárhaldsmanns og hins ómynduga er í sama amti, og hinn fyrri bústaður þeirra, þá skal yfirfjárráðandi á hinum fyrra staðnum senda beinlínis til yfirfjárráðamanns, þar sem fjárhaldsmaður hefir nú tekið sér bólfestu, eftirrit hins síðasta reiknings fjárhaldsmanns, ef fjárhaldsmaður er skyldur til að semja reikning á ári hverju, eftir hinni 4. gr. liðnum b, eður og eftirrit skjals þess, er skyldur fjárhaldsmanns eru ákveðnar í (4. gr. lið a.), og undir eins skal hann senda öll önnur skjöl, þau er vera má að þörf sé á til að sýna og sanna, að fjárhaldið sé komið undir tilsjón yfirfjárráðamanns á öðrum stað en áður; en jafnskjótt og yfirfjárráðandi sendir frá sér þessi skjöl, er nú hafa verið nefnd, þá skal hann gjöra amtmanni sínum skeyti um það; flytji fjárhaldsmaður og

hinn ómyndugi í annað amt, skal sá yfirfjárráðandi, er við tekur, skýra amtmanni sínum á sama hátt frá viðtökunni. Báðir yfirfjárráðendur skulu síðan skýra frá fjárlærslunni á þann hátt, sem þeim ber að gjöra, í hinu næsta aðalyfirliti þeirra yfir fjárhaldsreikningana. — Nú flytur fjárhaldsmaður sig úr einhverju yfirfjárráðadæmi, og hinn ómyndugi verður eftir, eður og hinn ómyndugi fer burt, og fjárhaldsmaður verður eftir, þá skal yfirfjárráðandi leggja undir úrskurð amtmanns, hvort kveðja skal til nýjan fjárhaldsmann, eða flytja fjárstofninn, eða hversu með skal fara um hvað sem er. — **17.** gr. Nú ber svo undir, að sækja þarf sök á hendur fjárhaldsmanni, þá skal veita gjafsókn þeim, er hlut á að máli, ef málsástæður og efnaásigkomulag hans mæla með því; svo getur og amtmaður kvatt til valinkunnan mann, þann er gæti þarfa sækjanda, ef hann er fjarri, eða þarfnast þess fyrir aðrar sakir. — **18.** gr.[1]) Nú ber svo við, að búi fjárhaldsmanns eða yfirfjárráðanda verður skift á milli gjaldheimtumanna, þá á hinn ómyndugi þann rétt fyrir fjárkröfu sinni, sem veittur er í d. l. 5. b. 14. kap. 37. gr., í sambandi við opið bréf frá 23. júlí 1819, og tilsk. frá 19. des. 1821, og segir í umburðarbréfi frá 20. apr. 1822, að þá tilskipun megi hafa við á Íslandi, og á þá hinn ómyndugi frumrétt að búi fjárhaldsmanns, og veðrétt í búi yfirfjárráðanda. — **19.** gr. Yfirfjárráðendur skulu á ári hverju fella úrskurð á fjárhaldsreikninga þá, er þeim verða sendir fyrir hvert undanfarið ár, og síðan skulu þeir fyrir júlímánaðarlok senda amtmanni greinilegt yfirlit yfir ásigkomulag yfirfjárráðanna í lögsagnarumdæmi þeirra, og haga þeir yfirliti þessu eftir sýnishorni sem hér er með. Þegar yfirlit þessi eru samin, þá ber þess að gæta, að fjármunum ómyndugra, er einhver tekur við til umráða, sé ávalt raðað niður eftir töluliðum,

1847 18. febr.

1) Sbr. tilsk. $^{11}/_{12}$ 1869 og lög $^{12}/_{4}$ 1878, 83. gr.

1847 18. febr. er hver tekur við að öðrum, jafnóðum og fé berst að, en þó svo, að ef arf ber undir ómyndugan mann, þann er þegar á fé undir yfirfjárráðum, þá skal geta þess arfs í sama tölulið og fémunir þessir eru í, en í staflið sér. Í næsta árs yfirliti skulu fjármunir hinna ómyndugu vera í sama tölulið, sem hið fyrra ár, svo að þegar fjármunum einhverra ómyndugra manna er slept, og búið er að gjöra grein fyrir þeim, þá verður ekkert í þeim töluliðum eftirleiðis. Í yfirlitsskrám þessum skal skýra frá: a) hversu gamall hinn ómyndugi er, og skal skírnarseðill hans vera með hinu fyrsta yfirliti er nafngreinir hann; b) skal þess getið, ef meyjar, sem eldri eru en 16 vetra, séu ógiftar. Hér að auki skal og vera með yfirlitsskránum: 1) staðfest eftirrit skjala þeirra, er eftir 4. gr., staflið a, eru samin á milli fjárhaldsmanns og yfirfjárráðanda, eða send frá fjárhaldsmanni til yfirfjárráðanda, ef fjármunirnir eru minni en 20 hndr.; 2) önnur af virðingargjörðum á veðeigninni, ef slíkar hafa fram farið; 3) annað af skilabréfum þeirra, er samin hafa verið á því ári, og er farið eftir þeim þegar slept er fjármunum úr yfirlitsskrám hins næsta árs. — Yfirfjárráðandi á að hafa yfirfjárráðabækur, og löggildir amtmaður þær, og skal í þær rita alt það, er vera má að á nokkru standi þegar tímar líða fram að þess sé geymt, t. a. m. skjöl þau er getið er í 4. gr. við a., fjárhaldsreikningana fyrir hvert ár, og úrskurði þá, er á þá eru lagðir, yfirlit yfirfjárráðamanna, og svo framvegis. — **20.** gr. Amtmenn eiga að sjá vel og vandlega um, að fjárhaldi og yfirfjárráðum í ömtum þeim, er þeim hefir verið trúað fyrir, sé stjórnað á lögmætan hátt. Úrskurðum þeim og ályktunum, er yfirfjárráðendur leggja á, þar sem sýsla þeirra nær til, má, ef vill, skjóta undir amtmann, svo hann leggi á hinn síðasta úrskurð, og á sama hátt mega og amtmenn af sjálfsdáðum heimta allar þær skýrslur, er þeir þykjast hafa þörf á að fá, svo þeir geti haft þá

tilsjón, er þeim er á hendur falin, og geta þeir þá sagt svo fyrir, sem þurfa þykir, svo gott lag komist aftur á, ef eitthvað hefir farið úrhendis við fjárstjórnina. Þeir sjá t. a. m., að fjármunir einhvers ómyndugs manns hafa verið leigðir á móti veði, og þykir eigi veðið fullgott, og er vansannað að lögum, að veðið sé nóg, þá geta þeir boðið fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda að bæta úr því, er áfátt er, og látið þá annaðtveggja skýra betur frá, hvort veðið er nóg eða eigi, eður og útvega aðra vissu eða betri. En nú eru engin slík vandkvæði á, og þykir amtmanni þó veðið eigi allskostar tryggilegt, þá má hann útvega betri vissu, eða segja höfuðstólnum upp eða nokkrum hluta hans. Ef sú verður nú raunin á, að kröfu hins ómynduga verður eigi fullnægt eftir laga aðförum, þá á hann aðgang að fjárhaldsmanni þeim og yfirfjárráðanda, er hlut eiga að máli, samkvæmt 10. gr. — Þegar amtmenn hafa rannsakað yfirlit yfirfjárráðenda, og gjört gangskör að því, er þeim þykir þurfa, svo lag komist á, ef í einhverju er áfátt, þá skulu þeir skýra hinu danska kansellíi Voru frá, hversu yfirfjárráðum er háttað í hverju amti. Í þessari skýrslu á að standa höfuðyfirlit yfir tölu hinna ómyndugu, stærð fjármuna þeirra og tegundir, svo og, hve mikið af hverri tegund er undir stjórn fjárhaldsmanna, eftir ýmislegum reglum þeim er ákveðnar eru í 4. gr. Svo skal og í þessari skýrslu skýra frá, hvort nokkur brögð hafa þótt vera að ólestri hjá nokkrum yfirfjárráðendum, eða hvort nokkur af þeim tekur öðrum fram í skipulegri fjárstjórn og nákvæmri og haganlegri. 1847 18. febr.

1847 **Sýnishorn.**
18. febr.

Fjárhaldsreikningur yfir fjárstjórn hins ómynduga N. N. í N. N, í N. N. hrepp, árið N. N.

Nr.	Tekjur.	í landaur.		í pening.	
		hndr.	álnir.	kr.[1])	aur.
1.	Leifar eftir reikningi undanfarins árs	...	...	7	16
2.	Landskuld til fardaga 18.... af N. N. jörð hins ómynduga, 20 hndr. að dýrleika, er	1			
	Leiga eftir 4 kúgildi á hinni sömu jörð, til Mikaelsmessu 18...., goldin með peningum eftir verðlagsskránni, smjörpundið á 70 aura, er...	...	...	56	»
3.	Eins árs leiga til 11. júní 18.... af höfuðstól hins ómynduga, sem er 300 kr., og stendur jörðin N.N. í veði fyrir honum	...	...	12	»
	Virðingargjörð yfir veðið lögð fram, undir nr. 1 við reikninginn fyrir 18.... (ellegar: engin virðingargjörð er samin; fjárhaldsmaður ábyrgist að veðið sé nægilegt).				
	Auk þessa á hinn omyndugi eftir lóðseðli, sem hefir verið lagður fram undir nr. 4 við reikninginn 18...., 60 kr. virði í lausafé, og er það til geymzlu hjá undirskrifuðum reikningshaldara.				
	Tekjur, upphæð...	1		75	16

1) Breytt í krónur úr ríkisdölum.

Nr.	Gjöld:	í landaur. hndr.	í landaur. álnir.	í pening. kr.	í pening. aur.	1847 18. febr.
1.	Hinum ómynduga hefir verið komið fyrir til framfæris og kenslu hjá prestinum herra N. N., og hefir honum verið borgað eftir samningi, og svo sem sjá má af kvittun hans, sem með er undir nr. 3 ...	...	80	50	»	
2.	Þegar telja skal þær 40 álnir, er umfram verða tekjumegin eftir 2. grein, og gjöra þær að peningum eftir meðalverði verðlagsskráarinnar, eða alin á 60 a., þá eru þær 24 kr. » a. þar að auk er eftir af tekjunum... ... 25 — 16 - samtals 49 — 16 - Hér af 1/6 hluti í fjárhaldskaup Leifar...	...	...	8	19	
	þær eiga að koma tekjumegin í næsta árs reikningi, og eru samtals í peningum 40 kr. 97 a.	...	40	16	97	
	Gjalda upphæð...	1	»	75	16	

Kansbr. um að taka andvana fædd börn í skýrslur yfir fædda og dána. (LfI. 13. b. 728). 10. júní

Tilskipun um nýjan jarðadýrleika á Islandi. (LfI. 14. 107)[1]). 1848 27. maí

Konungsbréf um stjórnarskipun Islands. (LfI. 14. b. 183). 23. sept.

Tilskipun um veiði á Islandi.[2]) 1849

Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Oss hefir þótt nauðsyn til bera að gjöra breytingar á veiðilög- 20. júní

1) Sbr. tilsk. 1/4 1861.
2) Sbr. l. nr. 9, 9/2 1900.

1849 20. júní um þeim, sem verið hafa á Íslandi. Höfum Vér látið bera undir Vort trúa alþingi þar að lútandi lagafrumvarp, og fengið þegnlegar tillögur þess um það efni. Bjóðum Vér nú og skipum fyrir á þessa leið: — § 1) Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði og fugla, nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðiítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu. — Nú eiga fleiri jörð saman, og er henni skift í parta milli þeirra eftir merkjum, þá er svo um veiði á hverjum parti, sem heil jörð væri. En ef ekki er skift jörðu eftir merkjum, þá er öllum eigendum veiði jafnheimil á þeirri jörð, nema þeir hafi gjört annan samning sín í milli, og skal hann þó eigi lengur standa, en þeir eiga jörð saman. — § 2) Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil. — § 3) Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netalög hans. Nú liggja eyjar eða hólmar undir jörð, þá skal mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólmum. Ef jarðir þær eða eyjar eða hólmar, sem ekki er einn eigandi að, liggja tveim megin við firði eða víkur eða sund, og er ekki hundrað faðma tólfrætt í milli, þá á hver jarðeigandi veiði út á miðjan fjörðinn eða víkina eða sundið. Þar sem varplönd eru eða látur eða lagnir, fer um það sem síðar segir. — § 4) Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru bygðar, sem notunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi[1]) má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á, að ákveða alt ná-

1) Sbr. l. nr. 1, 12/1 1884, 13. gr.

kvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eftir því sem þeim semur um. — Ef fleiri eru ábúendur á einni jörð, skal svo fara um veiði, meðan ábúð þeirra stendur, sem fyrir er mælt í 1. grein, þá er fleiri eiga jörð saman. — § 5) Nú drepur maður dýr eða fugla, eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bættan, eftir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gjörði, og sektast hann þar á ofan um hálfan ríkisbankadal eða meir, alt að 10 ríkisbankadölum, eftir því sem ástendur, og skal það þá mestu ráða, ef hann hefir brotið oftar, en í það skifti. — § 6) Ef maður er á lóð sinni og skýtur þaðan dýr eða fugla, sem í annars manns veiði-landi eru, eða drepur með öðrum hætti, þá er sem hann hefði veitt í annars manns landi. Sama liggur við ef sá maður, sem veiði á, særir dýr eða fugla á sínu landi, og eltir í annars manns land, eða fer þangað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr eða fugla, er þar gefast upp. — § 7) Birni má hver maður elta og veiða hvar sem hann finnur, og á sá björn, er fyrst kemur banasári á hann. En sá er þar á veiði, og þeir menn, er að veiði bjarnarins voru, skulu ekki hafa nema endurgjald fyrir aðstoð sína. — Hreina[1]) má og veiða og elta, hvar sem er. — § 8) Um refaveiði er það leyft, að vinna gren í annars manns landi og drepa bæði refi þá, er þar eru, og yrðlinga þeirra, með hverjum hætti, sem unt er. Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gjöra þar refagildrur eða skothús til að skjóta þaðan refi, skal hann segja til ábúanda, og er hann skyldur til að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða sjálfur refum í landi sínu með slíkum hætti. En ef hann synjar leyfis og vinnur þó

1849 20. júní

1) L. nr. 42, 8/11 1901.

1849 ekkert að, til að eyða refunum, og óvilhallir menn
20. júní meta svo, að hann geti eigi beðið skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur um 2 rbd, og skyldur til að þola, að hinn gjöri veiðivélar þær, er nú var getið. — § 9[1]) — — — § 10) Á slíkan hátt skal friðhelga eggver annara fugla, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þau einkar arðmikil. — § 11[1]) — — — § 15[2]) Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela nú er tiðkuð með nótum eða öðrum hætti. Vilji maður taka upp nýja staði til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða vikum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. Sá er brýtur móti, grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. grein, og þar á ofan 2 rbd. fyrir hvert skot. — § 16[2]) Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum, en áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja ofdýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nót-

1) L. nr. 58, $^{10}/_{11}$ 1913.
2) Sbr. lög $^{16}/_{12}$ 1885 um selaskot á Breiðafirði.

lögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrirmælum 12. greinar. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gjörir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot. — § 17) Það skal vera skylda þeirra manna, sem leiðbeina útlendum skipum inn á hafnir, að segja skipstjórnarmönnum hvar friðheilög eggver eða selveiði þar er í grend við kauptúnin, og hvert bann við er lagt, ef skotið er of nærri þeim úr fallbyssum eða öðrum byssum. Nú er skotið af skipi, og ber ekki nauðsyn til, þá verður skipstjórnarmaður sekur um það; en eiga skal hann heimting til endurgjalds að leiðsögumanni, ef hann var á skipi þá er skotið var, og hinn getur sannað, að leiðsögumaður hefir ekki sagt honum til sem vera ber. — § 18) Nú hefir maður orðið sekur um ólöglega veiði, annaðhvort með dómsatkvæði eða amtmannsúrskurði, og brýtur hann oftar en í það skifti, þá skal hann í hvert skifti hafa fyrirgjört netum og öðrum veiðitólum, er hann hefir viðhaft, og eignast sveitarsjóðurinn þau, hver sem sök sækir, yfirvald konungs eður sá, sem skaða beið. Allar sektir, sem goldnar eru eftir tilskipun þessari, eignast sveitarsjóðirnir[1]). — § 19) Ef brotið er móti 11.—15.[2]) gr. í tilskipun þessari, skal fara með sakir þær sem opinber lögreglumál; því skal valdsmaður konungs rannsaka málið og dæma hinn seka, hvort sem sá, er skaða beið, eða aðrir útifrá, segja honum til afbrotsins, eða hann fær vitneskju um það á annan hátt, nema sá hinn seki kjósi heldur að málið sé útkljáð á þann

1849 20. júní

1) L. nr. 58, 10/11 1913, 9. gr.
2) Sömu lög, 10. gr.

1849 20. júní hátt, sem mælt er í 10. grein tilskipunarinnar 24. janúar 1838[1]). Þó skal sá, er skaða beið, eiga kost á að höfða sök og sækja á sinn kostnað, ef honum svo sýnist, t. a. m. ef valdsmanni skyldi þykja skýrslur þær, sem fram eru komnar, ónægar til opinberrar málssóknar. — Öll mál önnur, er höfðuð eru um afbrigði þessarar tilskipunar, skal til dóms sækja á sama hátt og lögreglumál, þau er ekki eru opinber. — § 20) Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gjört er um stórglæpasökina. — § 21) Með þessari tilskipun er alt það aftekið, sem lög hafa verið hingaðtil um fuglveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.

1850 30. júlí **Konungsúrskurður um veitingar andlegra embætta á Íslandi**[2]).

1) Í andleg embætti á Íslandi verða eftirleiðis eigi skipaðir aðrir en a) kandídatar í guðfræði frá háskólanum; b) kandídatar frá prestaskólanum, og c[3]).

18. ág. **Opið bréf um hvenær manntalsþing skal halda í Norðmúlasýslu.**

Vér Fr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Vér höfum fengið þegnlegar tillögur Vorra trúu alþingismanna um, hvenær manntalsþing megi halda í Norðurmúlasýslu, og bjóðum nú á þessa leið: — Í þeim þingsóknum í Norðurmúlasýslu, sem vegur liggur til yfir örðuga fjallvegi, má fresta að halda manntalsþingin, þangað til í júnímánuði eða í júlí.

1) L. nr. 20, $^{2}/_{10}$ 1891,
2) Sjá l. nr. 36, $^{11}/_{7}$ 1911.
3) Orðið þýðingarlaust.

Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi. 1850 25. sept.

Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorra trúu alþingismanna um frumvarp, er fyrir þá hefir verið lagt, til nokkurra breytinga á erfðalögunum á Íslandi, bjóðum Vér nú og skipum fyrir á þessa leið: — § 1) Eftir þenna dag skal mismunur sá, sem eftir dönsku og norsku laga 5—2—29 skyldi vera á arfahlutum karla og kvenna, vera aftekinn á landi Voru Íslandi. — § 2) Börn hins látna og annað afsprengi skulu hér eftir, eins og hingað til, vera nánustu erfingjar hans, svo enginn annar erfir fyrir frændsemis sakir, meðan nokkurt þeirra er til. Um niðja-arf skal það óraskað standa, sem boðið er í D. og N. l. 5. b., 2. kap., svo að, ef barn er andað á undan hinum látna, skulu börn þess, sem eru barnabörn hins látna, koma í stað þess, og taka þann arfahlut, er því hefði borið, ef það hefði lifað, en ef barnsbarn er líka andað á undan hinum látna, og lifa börn þess, þá skulu þau koma í stað þess, og eins skal fara, ef barnsbarn kynni að vera dautt og ætti börn á lífi eftir, og svo framvegis meðan nokkur niður er til. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að barnabörn halda óskertum erfðarétti sínum eftir afa og ömmur eins og áður, samkvæmt tilsk. 4. október 1833, 22. gr.[1]), þótt faðir þeirra eða móðir hafi með dómi mist erfðarétt eftir foreldra sína. — § 3) Sé ekkert arfgengt afkvæmi til, en faðir og móðir hins látna lifa, erfa þau hann ein saman. Sé, eins og lög bjóða, fullur félagsskapur milli hjóna, þarf ekki á skiftum að halda. En ef það er ekki, skal skifta arfinum að helmingi milli þeirra, nema þau séu skilin með dómi fyrir hórdómssök, því þá skal það þeirra taka allan arf, sem ekki hefir brotið.

---

1) Sbr. alm. hegningarlög $^{25}/_{6}$ 1869, 306. gr., sbr. 311. gr.

1850 25. sept. — § 4). En ef faðir er andaður eða móðir, þá tekur það þeirra, sem er á lífi, helming arfs, en hinn helmingurinn hverfur undir börn þess þeirra, sem andað er, en það eru alsystkin eða hálfsystkin hins látna, og skal skifta jafnt í millum þeirra. En ef nokkurt þeirra er dautt, koma börn þess eða aðrir niðjar í stað þess, eftir því, sem sem fyrir er mælt í 2. gr. En ef engi niður er á lífi eftir það af foreldrunum, sem andað er, tekur hitt allan arfinn. — § 5) Ef báðir foreldrar eru látnir, hverfa arfahlutar þeirra undir börn þeirra, sem eru systkin hins látna. Ef öll börnin hafa sömu foreldra, erfa þau öll jafnt, en ef þau hafa það ekki, erfa þau börn, sem foreldra eiga saman, þann part, sem borið hefði undir föður þeirra eða móður, ef lifað hefði, og börn beggja foreldra hins látna erfa því með tvennu móti. Nú er eitt af systkinum hins látna áður dautt, og lifa börn þess, þá koma þau í stað föður síns eða móður, og eins skal fara, þá er eitthvert af börnum systkinanna er andað, og lifa börn þess, að þá koma þau í stað föður síns eða móður, og svo framvegis eftir því, sem fyrir er skipað í 4. gr. — Meðan einhver er á lífi af afkvæmi samfeðra eða sammæðra systkina, tekur hver af þessum knérunnum (greinum) helming arfs, hvort sem erfingjar eru margir eða fáir, náskyldir eða fjærskyldir; en sé enginn á lífi af öðrum knérunninum, tekur hinn allan arf. — § 6) Ef ekki eru niðjar til, foreldrar, systkini, eða afkvæmi þeirra, þá taka afar og ömmur hins látna arf á þann hátt, að föðurforeldrar hins látna taka helming arfsins, en móðurforeldrar hinn helminginn, og er síðan skift með þeim að jöfnu. Ef afi er dauður eða amma, taka börn þeirra eða annað afkvæmi arfahluta þeirra, eftir þeim reglum, sem settar eru í 4. og 5. grein um arf foreldra, systkina og niðja þeirra. Ef annaðhvort af föðurforeldrum eða móðurforeldrum er andað og á engin börn eða afkvæmi á lífi, hverfur arfahluti

þess undir hitt, eða þess afkvæmi. En sé í þessari erfð enginn föðurfrændi til, erfa móðurfrændur allan arfinn, og séu ekki móðurfrændur til, þá erfa föðurfrændur. — § 7) Ef enginn er á lífi úr erfð þeirri, sem um er getið í 6. gr., hverfur arfur undir langafa og langömmur og afkvæmi þeirra, og skal þá alt fara samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gjörðar eru í þeirri grein: að hver forfeðra grein fær sinn arfahlut, meðan einhver af þeirri grein er á lífi, en þegar ein greinin er liðin undir lok, fellur arfur undir þá aðalgreinina, sem henni er nánust, og að þegar ekki er nema ein þeirra til, hverfur allur arfurinn undir hana. Þannig skulu foreldrar föðurafa og föðurömmu, eða ættbogar þeir, sem frá þeim eru komnir, allir saman taka helming arfs að jöfnum skiftum, og foreldrar móðurafa og móðurömmu, eða afkvæmi þeirra, hinn helminginn. En sé t. a. m. enginn af forfeðrum föðurafans á lífi, né afkvæmi þeirra, hverfur sá arfahluti, er sú grein hefði átt að taka, undir forfeður föðurömmu og þeirra niðja, en sé ekki heldur neinn erfingi til þeim megin, taka afkvæmi móðurafa og móðurömmu allan arf að jöfnum skiftum, eða sé önnur þeirra undir lok liðin, þá sú af þeim, sem uppi er. — § 8) Sé ekki heldur neinn maður á lífi, er arfgengur sé eftir 7. gr., hverfur arfur hins látna undir langafaforeldra hans eða afkvæmi þeirra, og skal að öllu leyti fara eftir því, sem ákveðið er í nefndri grein og greinunum þar á undan. Þar með eru takmörk þau af tekin, er lögin hafa stundum sett við sjöunda mann. — § 9) Undanfarandi greinir miða einungis til að ákvarða, á hvern hátt ættingjar skulu taka arf, en um ásigkomulag frændsemi þeirrar, er arftökurétt veitir, skal það standa óraskað, sem hingað til hafa lög verið. En þar eð L. 5—2—33 verður ekki lengur við komið beinlínis, eins og orðin liggja, viljum Vér í þess stað ákvarða, að hvert barn, sem getið er utan hjónabands, skuli eiga arftökurétt eftir föður og

1850 25. sept.

1850 föðurfrændur, ef foreldrarnir hafa látið það áform í
25. sept. ljósi, áður en barnið fæddist, að þau ætluðu að eigast, annaðhvort með því að beiðast lýsingar eða með því að kaupa leyfisbréf, en ekki hefir getað orðið af hjónavigslunni, sakir þess, að faðirinn hefir dáið litlu síðar, eða sakir einhverrar annarar tálmunar, er honum verður eigi gefin sök á, og helzt alla æfi, t. a. m. veikindi eða hertekning. Til þess barninu veitist hægra að sanna arftökurétt sinn, þegar svo stendur á, eins og hér er um rætt, þá viljum Vér ánýja fyrir prestunum þá skipun Vora, að þeir riti í kirkjubækurnar þegar beðizt er lýsingar, samkvæmt því, sem boðið er í tilsk. 30. april 1824 5. gr., sbr. konungsbréf 7. desbr. 1827. — § **10)** Ef faðir kostar töluverðu upp á eitt eða fleiri af börnum sínum, eftir að þau eru komin upp, annaðhvort til að menta þau betur til þeirrar stéttar, sem þeim er ætluð, eða til að gjöra þau fær um að festa ráð sitt eða komast í atvinnuveg, eða til að efla framkvæmdir þeirra eða auka velgengni þeirra á annan hátt, en honum þykir sanngjarnt við hin börn sín, að draga þenna kostnað og styrk af arfahluta barnsins, enda sé þetta sýnilegt, annaðhvort af því, að hann hafi í því skyni skrifað upp útgjöld sín, eða af öðrum ljósum skírteinum, þá skal sá afdráttur fram fara, og skal bæði draga af föðurarfinum og af þeim arfi, er börnin kynni að fá eftir móður sína, þegar hún hefir átt félagsbú með föðurnum. Það skal vera aðalreglan að það, sem faðirinn hefir skriflegt eftir sig látið, skal vera full sönnun fyrir því, sem hvert barn hefir fengið fyrirfram. En komi áreiðanlegar líkur fram þar á móti, eða ef það lýsir sér, að þess konar útgjöld eru talin barninu, sem ekki ætti að réttu lagi að telja því upp í arf, annaðhvort vegna þess, hvernig útgjöldum þessum er varið í sjálfu sér, eða eftir efnahag búsins, eða hafi verið kostað upp á hin börnin, án þess það hafi verið skrifað upp eins, eða sé eitthvað auðsjáan-

lega virt of hátt, þá skal skiftaráðandi íhuga allar kringumstæður nákvæmlega og ákveða síðan, hvort afdrátturinn eigi að fara fram, eða að hve miklu leyti. Geti barnið skilað þeim hlut aftur jafngóðum, er það hefir fengið, kemst það hjá að gjalda verð það, er hluturinn var metinn til. Sé ekki svo ástatt, má þó ekki skildagalaust telja barninu upp í arf verð það, er hluturinn var keyptur fyrir, heldur skal einnig líta á gangverð það, er þá er á peningum, eftir því sem á stendur, og yfir höfuð ekki meta hlutinn hærra, en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hin börnin. Þyki þess þörf, til að fá áreiðanlega grein fyrir öllu því, er til álita skal koma um afdráttinn, þá skal skiftaráðandi kveða til valinkunna og réttsýna menn, af frændum eða nákunningjum hins látna, til að segja álit sitt um málið. — § **11)** Ef barnið hefir fengið meira fé fyrirfram, en nemur arfahluta þeim, er því ber, fær það að vísu engan arf, en verður þó ekki skyldað til, sem skuldunautur, að borga það, sem það hefir tekið á móti fyrirfram einungis upp í arfsvon sína. En hafi faðirinn, af rangsleitni við skuldheimtumenn sína, gefið börnum sínum þvílíkar gjafir, að hann eða bú hans vinst eigi til að borga skuldheimtumönnum, þá skulu slíkar gjafir ógildar að lögum. — § **12)** Veiti móðir einstökum börnum sínum styrk, eftir að faðir er dauður, þá skal telja þeim þann styrk upp í arfahluta þeirra síðan, á sama hátt og eftir sömu reglum, sem fyrir er mælt í 10. og 11. gr. um föðurinn. Þannig skal einnig breyta, sé það seinni maður hennar, er veitir þeim slíkan styrk, sem ráðandi félagsbús síns og móðurinnar. Sama er og að segja um þann styrk, er föðurforeldrar eða móðurforeldrar veita barnsbarni sínu, eftir að barn þeirra sjálft er látið. — § **13)** Nú hefir barn fengið styrk fyrirfram upp í arf sinn eftir föður og móður eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, þá skal draga þann styrk á síðan

1850 25. sept.

1850 25. sept. frá arfahluta þeirra eftir afa þeirra og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum, og ákveðið er um barnið sjálft. — § **14**) Það er, eins og áður, bannað að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum; eigi má heldur gefa slíkan arf. Þó skal eigi varna börnum eða öðrum niðjum að afsala sér arftökurétt í hendur þeim, er þau eiga arfs von að, hvort sem það er gjört fyrir nokkuð eða ekkert, séu þau annars fullveðja og fjár síns ráðandi; sé ekkert skilyrði haft, skal þetta vera jafnt skuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sér arf, eins og fyrir hann sjálfan. Sama er og, ef einhver sá erfingi, sem ekki er niður hins, afsalar sér arftökurétt í hendur þeim, er hann stendur til að erfa. — § **15**) Auk skyldmenna þeirra, sem talin eru í 2.—8. gr., á einnig það hjóna, sem lifir eftir, rétt á að taka arfahlut eftir hið látna. Eigi hið látna afkvæmi á lífi, er erfðarétt hefir, þá skal arfahluti hins vera jafn því, sem arfahluti eins barns er að lögum; þó má hann aldrei vera meiri en svo, að hann samsvari fjórðungi af öllum arfi hins látna, þegar frá hefir verið talið það, er gefið kynni að vera einstökum niðjum eða öðrum, samkvæmt 22. gr. í tilskipun þessari. Þó ekki sé barn til, skal samt miða við þann hluta, er það hefði átt að fá, þó sá arfahluti skiftist milli fleiri niðja, er koma í stað hins látna barns. Eigi hið látna ekkert afkvæmi á lífi, hverfur þriðjungur arfs eftir það til hins, er lengur lifir. — § **16**) Vér höfum veitt því hjóna, er lengur lifir, þau réttindi í 15. grein, sem eru í flestu miklu haganlegri og minni annmörkum bundin, en þau, er L. 5—2—19 veitir, þar sem leyft er að taka bróðurlóð, þegar svo er ástatt sem þar er getið, eða næsta grein þar á eftir, þar sem hjónum er leyft að virða sér fé sitt og skerða með því að nokkru leyti sameign þá, sem tíðkanleg er meðal hjóna; skal því alt það ógilt vera, er greinir þessar ákvarða um þetta efni. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það hjóna,

sem lengur lifir, eignast arf sinn eftir hitt með sama rétti og hvern annan arf, og ná þar alls ekki til þær ákvarðanir, sem hin fyrri lagagrein, er þegar var nefnd, hefir sett um bróðurlóð það, er þar getur um. Hjón eiga og kost á, eins og áður, að leita þesshátt ar samningum staðfestingar, er annaðhvort aftaka eða takmarka sameign þá á milli þeirra, er alment tíðkast milli hjóna. — Réttur sá skal haldast, sem L. 5—2—25, sbr. 26. gr., veitir ekkjum, að taka festargjöf eða morgungjöf, þá er maður hennar hefir áður gefið henni, og skal taka þetta af óskiftu búi. Að öðru leyti viljum Vér, að það skuli óbreytt standa, sem boðið er í L. 5—2—24 og hinum öðrum ákvörðunum um, hvað það hjóna, sem lengur lifir, megi taka af óskiftu félagsbúinu, sem eign sína. — § 17) Ef það hjóna, er fyrri deyr, á engan þann ættingja á lífi, er til arfs nær, eftir því erfðatali, sem hér er skipað, þá tekur það, er lengur lifir, allan arf. Réttur hjóna til að erfa hvort annað, bæði sá er hér er getið og sá, er talað er um í 15. gr., hverfur sjálfkrafa, þegar hjónaskilnaður verður; hann skal og ekki haldast. þegar þau eru eftir leyfisbréfi skilin að borði og sæng. — § 18) Ekki er maður skyldur að skifta arfi eftir konu sína andaða með börnum þeirra ómyndugum, alla þá stund, sem hann ekki kvongast á ný, nema því að eins, að kaupmálabréf eða aðrar gildar ákvarðanir gjöri slík skifti nauðsynleg. Það er og á hans valdi, að veita konu sinni með arfleiðsluskrá sama rétt, og hann hefir, til að sitja í óskiftu búi. En sé engin slík ákvörðun gjörð, skal amtmaður[1]) mega veita ekkjunni leyfi þetta, ef hún sannar með áreiðanlegum vitnisburðum, að hún sé ráðdeildarsöm kona, er kunni vel að fara með fé sitt. Þetta leyfi mega einnig amtmenn veita foreldri því, sem lengur lifir, þó ómyndug stjúpbörn séu, ef líkindi eru til, að 1850 25. sept.

1) Sbr. nú lög 12/4 1878, 99. gr.

1850 25. sept. vitni þess, sem er borinn forsvarsmaður barnanna, eða eftir áliti annara áreiðanlegra manna, að stjúpfaðir eða stjúpmóðir muni sjá þeim fyrir sæmilegu framfæri og uppeldi. Nú situr það hjóna, er lengur lifir, í óskiftu búi, og bætist því eitthvað, sem eigi kemur búinu við, einkum að erfðum eða gjöfum, þá þarf ekki að leggja það í búið, ef skifta er beðist þá þegar, áður það hefir runnið þar inn. — § 19) Rétt-ur sá, er það hjóna, er lengur lifir, hefir til að sitja í óskiftu búi, samkvæmt undanfarandi grein, hverfur jafnskjótt, ef það giftist aftur. En þegar svo er á-statt, og skifta skal, eða þegar það hjóna, er lengur lifir, verður að láta skifta, þó það giftist ekki á ný, eftir því, sem fyrir er mælt í 18. gr., þá skal skifta-ráðandi sjá um, að stjórn búsins mæti sem minstum baga, að verða má. Skiftin á að byggja á framtölu búsráðanda sjálfs á eigum og skuldum búsins, að svo miklu leyti, sem erfingjar og fjárhaldsmenn þeirra fallast á hana, og skiftaráðandi ekki finnur neina sérlega ástæðu til að rengja hana fyrir hönd hinna ómyndugu. Og þótt framtalan þyki eigi í alla staði rétt, skal samt ekki selja fjármuni búsins, nema nauð-syn beri til, heldur skal láta virða þá af óvilhöllum mönnum[1]). Þegar nú arfahlutar barnanna eru fundnir á þenna hátt, skal þá greiða af hendi, eða varðveita eins og vera ber, ef þau eru ómyndug, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi. — § 20) Það skal héðan af leyft vera hverjum einum, sem er 18 vetra að aldri, og með fullri skynsemi, og ekki á arfgeng afkvæmi, að ráðstafa öllum eignum sínum með arf-leiðsluskrá, eins og honum sjálfum líkar, án þess leita þurfi staðfestingar til konungs. Þó má annað hjóna ekki svifta hitt þeim hluta af arfi eftir sig, er 15. gr. veitir því tilkall til, nema það hafi gefið sjálft

1) Sbr. lög 12/4 1878, 59. gr.

til þess samþykki sitt — § 21) Ef sá, sem gjöra vill 1850
arfleiðsluskrá, er settur undir forráð annara, annað- 25. sept.
hvort vegna eyðslusemi eða annara sérlegra orsaka,
þá verður ekki gild arfleiðsluskrá hans, nema hon-
um sé veitt leyfi af amtmanni[1]) til að gjöra hana.
Sömuleiðis þarf og staðfesting amtmanns til þess, að
sá maður, er gjörður hefir verið ómyndugur, geti
kallað aftur að lögum arfleiðslu þá, er staðfest hefir
verið á téðan hátt, eða hverja aðra eldri, er hann
kynni að hafa gjört, áður en hann varð ómyndugur.
— § 22) Sá, sem á arfgenga niðja á lífi, skal eiga
rétt á að gefa fjórðung úr fé sínu, hvort sem hann
ráðstafar því handa einstökum mönnum, eða handa
kirkjum, skólum eða fátækum, eða til annars þvílíks
augnamiðs. — § 23) Til þess að arfleiðsluskrá sé lög-
gild, ef nokkur af hlutaðeigendum vill rengja, á hún
að vera bréfleg, og skal sá, er arfleiðir, annaðhvort
hafa ritað nafn sitt undir hana, eða kenzt við hana
annaðhvort fyrir Notarius publicus, eftir því, sem
fyrir er skipað í opnu bréfi 8. janúar 1823, sbr. kon-
ungsbréf 5. apríl 1826, eða fyrir tveim vitnum, er til-
kvödd hafa verið í því skyni, og ritað á arfleiðslu-
skrána vottorð sitt; skulu þau geta unnið eið að því,
ef þörf gjörist, að arfleiðandi hafi þá verið með fullu
ráði, er hann ritaði, í viðurvist þeirra, nafn sitt undir
arfleiðsluskrána, eða kendist við hana. Sé arfleiðandi
ólæs á skrif, skal lesa arfleiðsluskrána skilmerkilega
upp fyrir honum, og skal Notarius eða vitnin sanna,
að svo hafi verið gjört. Um arfleiðsluskrá skal þá
eina til vitna taka, er séu svo valinkunnir og rétt-
sýnir, að ei verði neitt með rökum að þeim fundið.
— Þegar vitni skal leiða um arfleiðsluskrá, hvort rétt
sé, skal ætíð kveðja til lögerfingja hins látna, og þeg-
ar fram kemur önnur arfleiðsluskrá eldri, og gagn-
stæð þeirri, er sanna skal að rétt sé, skal einnig kveðja

1) Nú stjórnarráði, sbr. l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr.

1850 25. sept. til þá, er arfleiddir voru í hinni fyrri skrá, til að vera viðstaddir vitnaleiðsluna. Sé sá, er vitni vill leiða, óviss um, hverja arfgenga frændur hinn látni eigi eftir, eða hann veit ekki til, að þeir sé á Íslandi, þá má leiða þingsvitni sem fyrst, og þarf eigi að kveðja til frændur þá, sem þeim, er þingsvitni vill leiða, er ókunnugt um, eða sem fjærstaddir eru, eftir því sem nú var sagt, en sýslumaður skal setja þeim valinkunnan og kunnugan svaramann, og skal hann, eins og dómarinn sjálfur, gæta réttar þeirra við þingsvitnisleiðsluna. — § 24) Verði maður snögglega og hættulega veikur og vilji gjöra arfleiðsluskrá, má víkja frá reglu þeirri, sem sett er í 23. gr., að arfleiðsluskrár skuli vera bréflegar. Arfleiðslan má þá fara fram munnlega, í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, er séu svo að sér gjörvir, sem arfleiðsluvottar eiga að vera og tiltekið er í 23. gr.; þó skulu þeir menn tafarlaust skrásetja efni arfleiðslunnar, og rita nöfn sín undir. En slík arfleiðsluskrá skal heita sem aftur tekin, ef arfleiðandi verður aftur heill heilsu, og ányjar hana ekki, áður 4 vikur eru liðnar, á þann hátt, sem ákveðið er um bréflegar arfleiðsluskrár. — § 25) Reglur þær um arfleiðsluskrár, er standa í greinunum hér að framan, skulu einnig haldast um þesskonar gjafabréf, sem ekki er ætlast til að gildi fyr en að gjafaranum dauðum, þó með breytingum þeim, er leiða af að gjafabréfið er nokkurskonar samningur. — § 26) Þegar bú er ekki tekið til skifta, eftir því, sem fyrir er mælt í þessari tilskipun Vorri, fyrir þá sök, að hlutaðeigandi situr í óskiftu búi með ómyndugum börnum, skal ekki lúka skiftaráðanda gjald það, sem skipað er í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 38. grein[1]). — § 27) Breyting sú, er tilskipun þessi gjörir á erfðalögunum, verður fyrst löggild um þann arf, er fellur til eftir 31. desbr. 1851, en um

1) L. nr. 16, $^{11}/_{7}$ 1911, IV. kap.

arfleiðsluskrár, afsalsbréf og kaupmálagjörninga, sem samið hefir verið fyrir þann dag, skal fara eftir lögum þeim, er hingað til hafa verið í gildi. Þó skulu árfleiðsluskrár þær, er áður eru samdar, vera löggildar staðfestingarlaust, ef þær eru að lögum og efni samkvæmar tilskipun þessari, þó þær séu ekki samkvæmar lagareglum þeim, er hingað til hafa verið. — § 28) Til þess, að efni þessarar Vorrar tilskipunar því óbrigðulegar skuli verða kunnugt öllum hlutaðeigendum, viljum Vér, að hún bæði verði birt á vanalegan hátt, og þar að auki svo mikið prentað af henni, að hver hreppstjóri geti fengið eina. Þar að auki skal birta hana við kirkjur, á þann hátt, sem skipað er í tilskipun 8. oktbr. 1824 § 2, sbr. konungsbréf 7. desbr. 1827, 3 — og vonum Vér einnig, að prestar, hreppstjórar og aðrir, sem eru í þeirri stétt, að þeir hafi tækifæri til að leiðbeina alþýðu, láti sér ant um, að gjöra öllum kunnar reglur þessarar tilskipunar Vorrar, einkum efnið í 23. og 24. grein. 1850 25. sept.

Konungsúrskurður um einkennisbúning dómara landsyfirréttarins. (LfI. 15. b. 270—271). 1852 27. maí

Opið bréf, er breytir opnu bréfi, dagsettu 4. dag maímánaðar 1778 um rekarétt á Íslandi[1]). 1853 2. apríl

Vér Fr. VII. o. s. frv. Gjörum kunnugt: að eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til nokkurra breytinga á opnu bréfi, dagsettu 4. dag maímánaðar 1778, um rekarétt á Íslandi, bjóðum Vér nú og skipum fyrir á þessa leið: — § 1) Vogrek þau, sem eftir opnu bréfi dagsettu 4. dag maímánaðar 1778, 3. § heyrðu sýslumönnum til, og nú eru lögð til dómsmálasjóðsins, skulu jarðeigendur eignast fyrst um sinn, ef

1) Sbr. Kansbr. $^{26}/_{8}$ 1809 og lög nr. 2 $^{14}/_{1}$ 1876, 22. gr.

1853 2. apríl eigandi þeirra kemur ekki á rjettum tíma (2. §) og helgar sér þau — § 2) Nú kemur vogrek á fjöru manns, og skal jarðeigandi skyldur, hið bráðasta, að lýsa nákvæmlega stærð þess, ásigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, fyrir sýslumanni, er þá skal láta tvo eiðsvarna menn virða vogrek. Þegar vogrek er metið 5 rbdla virði eður meira, skal sýslumaður skýra amtmanni[1]) frá því, og lætur hann þá lýsa því í yfirdóminum.[2]) og getur eigandinn, eitt ár og sex vikur eftir lýsingu þessa, helgað sér það hjá amtmanni, en ef vogrek er ekki 5 rbdla virði, skal því ekki lýst í yfirdóminum, en eigandi getur þó helgað sér það hjá sýslumanni eitt ár og sex vikur eftir að því hefir verið lýst fyrir honum. — § 3)[3])

31. júlí **Rikiserfðalög** (Eigi þýdd á íslenzku, sbr. Alþt. 1855. 777. 1857, 95, 910—12. LfI. 15. b. 497).

1854 15. apríl **Lög um siglingar og verzlun á Íslandi**[4]).

Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallist á og Vér staðfest með samþykki Voru; — **1.** gr. Eftirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera heimilt að taka utanríkisskip á leigu, og hafa til verzlunar sinnar á Íslandi, þó skulu þeir gæta þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **2.** gr. Utanríkisskipum skal einnig leyft vera að hleypa inn á þessar hafnir á Íslandi: Reykjavik, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, þó ekki hafi þegnar Danakonungs leigt þau. Þó eiga skipstjórar, undir eins og þeir koma,

---

1) Tilsk. nr. 12 $^{28}/_{8}$ 1904 I. 1. h.

2) Nú Lögbirtingablaðinu.

3) Þessi grein er úr gildi gengin við það, að dómsmálasjóðurinn rann saman við landssjóðinn samkv. kgsúrsk. $^{31}/_{10}$ 1873.

4) Sbr. lög nr. 28, $^{7}/_{11}$ 1879 1., 3. og 4. gr. l. nr. 28, $^{2}/_{12}$ 1887, l. nr. 78, $^{22}/_{11}$ 1907, l. nr. 44, $^{30}/_{7}$ 1909, 9. gr.

að gefa lögreglustjóranum það til vitundar, og séu 1854
þeir ekki útbúnir með tilhlýðileg heilbrigðisskírteini, 15. apríl
verða þeir að láta rannsaka heilsufar skipverja, og í öllu hegða sér eftir því, sem yfirvaldið segir fyrir. En ekki mega þeir selja neitt af farminum né kaupa aðrar vörur en þær, sem skipverjar þurfa sjálfir til nauðsynja sinna eða skips síns, fyrri en þeir hafa fullnægt skilmálum þeim, sem settir eru til að geta verzlað, og einkum útvegað sér íslenzkt leiðarbréf, og skal yfirvaldið hafa vandlega gætur á þessu. — 3. gr. Svo skal einnig utanríkismönnum leyft vera héðan í frá að sigla upp öll löggilt kauptún á Íslandi og verzla þar. Þó eiga öll utanríkisskip, sem koma beinlínis frá útlöndum, að koma fyrst inn á einhverja af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í téðri grein. Einnig mega utanríkismenn eins og innanríkismenn flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og eins fara kaupferðir milli Íslands og annara landa Danaveldis, þó má ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga, hvorki hafna á milli á Íslandi, né milli Íslands og hinna hluta ríkisins[1]). Að öðru leyti mega bæði utanríkis- og innanríkismenn, án þess að vera bundnir við nokkurn tíma, selja vörur sínar eða leggja þær upp til sölu hjá fastakaupmönnum á öllum löggiltum kauptúnum á Íslandi, og eins verzla við landsbúa í 4 vikur, þó einungis af skipi, á þann hátt, sem fyrir er skipað um verzlun lausakaupmanna, og má verzlun þessi ekki fara fram á landi, hvorki í byrgjum, húsum, tjöldum, né nokkru öðru skýli. — — — 8. gr. Hver sá utanríkismaður, sem frá útlöndum siglir til Íslands til verzlunar, skal auk leiðarbréfs hafa vöruskrá, sem skýrir greinilega frá farminum, og skal hún vera staðfest af hinum danska verzlun-

1) Sbr. lög 17/4 1868.

1854 arfulltrúa, ef nokkur er þar, en annars af yfirvald-
15. apríl inu; sömuleiðis skal hann hafa fullgild skilríki[1]) fyrir því, að hvorki mislingar, né bóla, né aðrar næmar sóttir gangi þar sem skipið fer frá, eða meðal skipverja, og skulu skilríki þessi einnig vera staðfest af danska verzlunarfulltrúanum eða yfirvaldinu. Fyrir hvern flokk um sig af staðfestingum þessum, og eins fyrir þá, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara, á danski verzlunarfulltrúinn 6 sk. af hverri lest, sem skipið tekur, eftir dönsku máli. Slíka vöruskrá skulu einnig þau skip hafa meðferðis, sem eftir 2. gr. laga þessara vilja verzla með vörur, sem þau flytja til Íslands. — Skip þau, sem koma til Íslands frá tollstöðum í ríkinu, mega í stað vöruskrár nota tollskrá þaðan sem þau fara, en dönsk skip, sem frá útlöndum sigla til Íslands, verða að hafa vöruskrá og heilbrigðisskírteini, eins og áður er sagt um utanríkisskip. — — Jafnskjótt og skipið hefir hafnað sig á Íslandi, skal sýna lögreglustjóranum bæði leiðarbréfið og hin önnur skilríki, sem nú voru talin, og ritar hann á þau; á hann fyrir það 16 sk. af lestarrúmi hverju í skipinu eftir dönsku máli, ef skipið er að fullu affermt eða fermt innan hans lögdæmis, en ef skipið affermir eða fermir í höfnum, sem ekki liggja undir sama lögdæmi, skal greiða helming af téðu gjaldi til lögreglustjórans á hverjum stað, þar sem skipið er affermt eða fermt. — Á hverjum stað, þar sem nokkuð er fermt eða affermt, skal gefa lögreglustjóranum skýrslu um það. Alt, sem affermt er, skal rita á vöruskrána eða tollskrána, en á seinasta staðnum, sem skipið kemur á, skal skila þessum skjölum til lögreglustjórans er sendir þau til stjórnar innanríkismálanna. — 9. gr. Öll afbrigði gegn reglum þeim, sem framan eru taldar, nema stórglæpir sé, svo sem svik og falsan, varða 10 til 100 rd. sektum til fátækrasjóðs á þeim stað, en

1) Lög nr. 24, $^{11}/_{7}$ 1911.

séu þau ítrekuð, þá tvöfalt meira, og má svo ganga 1854
eftir sektunum, að leggja löghald á skip og farm, og 15. apríl
selja á uppboðsþingi svo mikið af farminum, sem
þarf í sektargjald og málskostnað. — **10.** gr. Að öðru
leyti eru þeir utanríkismenn, sem sigla til Íslands,
skyldir að hegða sér eftir lögum þeim, sem þar gilda,
einkum að því er verzlun snertir, og á stjórn innan-
ríkismálanna að sjá um, að prentað verði bæði á
danska og frakkneska tungu ágrip af hinum helztu
ákvörðunum um verzlunina á Íslandi, og skal festa
ágrip þetta við sérhvert íslenzkt leiðarbréf. Sérhver
lögreglustjóri á Íslandi skal sjá um, að utanríkismenn
gæti þeirra lagaboða, sem þá snerta. — — — **12.** gr.
Lög þessi fá gildi 1. dag aprílmánaðar 1855.

Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breyt- 1855
ingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi[1]). 9. maí

Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að
Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-
þingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum
breytingum, lög um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm.
1851, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.**
gr. Á sérhverju riti, sem út kemur frá nokkurri
prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans,
og hvar ritið sé prentað. Ef út af þessu er brugðið,
sektast prentarinn, og ef hann finst ekki, þá sá, sem
hefir ritið til sölu eða útbýtingar, fébótum frá 5 til
100 rd. — **2.** gr. Ef rangt er sagt til prentara, skal
bæta frá 5 til 250 rd. Hin sama sekt liggur við fyrir
þann, sem veit, að rangt er frá sagt, og hefir ritið til
sölu eða útbýtingar. — **3.** gr. Rithöfundarnir skulu
hafa ábyrgð á efni bóka þeirra, sem prentaðar eru í
Íslandi, þegar þeir hafa sagt til nafns síns á ritinu,
og þar að auki annaðhvort voru búsettir á Íslandi,

---

1) Með alm. hegningarlögum $^{25}/_{6}$ 1869 311. gr. eru 5.—10. og 12. gr. tilskipunar þessarar feldar úr gildi.

1855 9. maí

þegar ritið kom út, eða eru undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað. — Ef enginn slíkur höfundur hefir nafngreint sig, liggur ábyrgðin með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefir það til sölu. Ef nokkurn af hinum tilteknu skilmálum vantar, til þess, að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum. — Þegar fleiri gefa út rit eitt í félagsskap, og einn þeirra gefur sig fram, sem útgefanda nokkurra kafla í ritinu, sem nægilega eru afmarkaðir, hafa hinir útgefendurnir enga ábyrgð af þeim köflum. — Sérhver þeirra manna, sem þannig kunna að fá ábyrgðina, er skyldur til, þegar á hann er skorað, og hann vill ekki sjálfur taka að sér ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggi á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slíka áskorun gjöra, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsing um það, að ritið sé á prent komið, hefir verið birt í blöðunum; ella hefir hann enga ábyrgð af ritinu. — **4.** gr. Af sérhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef út af er brugðið, varðar það 10 til 250 rd. bótum. Ef enginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rangt er sagt til nafns hans, og ekki verður komist eftir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum eða þeim, sem hefir ritið til sölu[1]). — — — **11.** gr. Sérhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrétta það, sem um hann er sagt í ritinn, getur krafizt að veitt sé við-

1) Sjá hegningarl. $^{25}/_{6}$ 1869, 310. gr.

taka borgunarlaust í ritið auglýsingu um, að mál sé höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðréttingu, sem þó má ekki vera lengri en 1/4 úr númeri, eða tilvísun um leiðréttingu í öðru riti. — Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út næst á eftir að hann hefir æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri slíkar auglýsingar eða leiðréttingar, en sem komast á 1/4 úr númeri. — Ef leitt er hjá sér að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rd. bætur, og má þvinga hlutaðeigandi til að taka upp í ritið það, sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eftir dómsatkvæði[1]). — — — 13. gr. Stiftamtmaðurinn á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einungis leggja á ritið eftir úrskurði rannsóknardómarans. — 14. gr. Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef stiftamtmanni virðast slík rit þess efnis, að hegningar sé vert, og ef enginn af þegnum Danakonungs getur haft ábyrgð á útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefir eða haft hefir ritið til sölu eða útbýtingar, að útbreiða það framar í landinu, og skal banni þessu, eftir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefir verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eftir því réttarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dóminum, hversu langt megi líða, þangað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Dóm þenna skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í einhverju íslenzku blaði og í Berlinga tíðindum, og má eftir það hvorki panta ritið til sölu, selja það né útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fébótum frá 25

1855 9. maí

1) Sjá hegningarl. 25/6 1869, 310. gr.

1855 til 250 rd., eða fangelsi í 14 daga til 6 mánaða. —
9. maí **15.** gr. Ef þrír slíkir dómar eru lagðir á eitthvert tímarit eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því að eins að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Bannið sé birt og afbrigðum gegn því hegnt, eftir því sem til er tekið í 14. gr. — **16.** gr. Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gildir einnig, þegar letur er gjört með einhverjum öðrum tilfærum en prenti. — Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stungnar í eir, skornar í tré og prentaðar á stein, og aðra líkingarfulla uppdrætti. Þó skal, svo framarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarmaður ritsins, einnig hafa ábyrgð af myndunum. — **17.** gr. Tilskipun þessi kemur í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

31. maí **Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun**[1]).

Vér Fr. VII. o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.** gr. Sérhver sá, er konungur hefir gjört að embættismanni og launað er af sjóði ríkisins, á rétt á að fá eftirlaun eftir lagaboði þessu, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleik, eða annara orsaka vegna, sem honum er ósjálfrátt. — Með lagaboði skal ákveða, hverja embættismenn konungur setur, en þangað til slíkt

1) Sjá l. nr. 4, $^4/_3$ 1904, 12. gr.

lagaboð er gjört, verður það eftir sömu reglum og hingað til, þó þannig, að þau embætti, sem samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt, hafa ekki veitt rétt til eftirlauna, skulu heldur ekki gjöra það eftir þessu lagaboði, eins og að hinu leytinu sérhver sá, sem, þegar þetta lagaboð kemur út, er í þvíliku embætti, að hann eftir þeim hingað til gildandi reglum hefir getað vænzt eftirlauna, en embættið nú eftir þessu lagaboði veitir ekki rétt til eftirlauna, skal eiga heimting á eftirlaunum fyrir sjálfan sig. — Hinn sama rétt til eftirlauna eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþingið, eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin í ríkisfjárlögunum. — Þó einhver sé settur embættismaður um hríð, hefir hann ekki rétt til eftirlauna. — Sveitirnar ákveða sjálfar, að hve miklu leyti embættismenn þeirra geti fengið eftirlaun, sem og hversu mikil þau skuli vera. — 2. gr. Eftirlaunin verða borguð úr ríkissjóðnum, að svo miklu leyti, sem þau ekki verða greidd á annan hátt, samkvæmt reglum þeim, sem hingað til hafa gilt um það efni, eða seinna kynnu að verða ákveðnar. — Af konungspeningunum og lífeyri konungsættarinnar hvoru fyrir sig greiðast eftirlaun þau, er á þeim hvíla. — Þegar konungaskifti verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem nú er, er á enda, verður í hvert skifti ákveðið með sérstöku lagaboði, hver eftirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða í því tilliti. — 3. gr. Eftirlaun skal reikna eftir tímalengd þeirri, sem hlutaðeigandi hefir þjónað sem embættismaður með eftirlaunarétti og eftir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hann hefir haft 5 síðustu árin, áður en hann fékk lausn frá embættinu, eða í öll þau ár, sem hann hefir þjónað embætti, svo framarlega sem það hafa ekki verið fimm ár, þannig að:

1855 31. maí

1855 31. maí

frá 0— 2	ára	þjónusta	veiti	1/10	af launaupphæðinni
— 2— 4	—	—	—	2/10	að meðalt. í eftirlaun
— 4— 7	—	—	—	3/10	————
— 7—10	—	—	—	4/10	————
— 10—20	—	—	—	5/10	————
— 20—21	—	—	—	31/60	————
— 21—22	—	—	—	32/60	————
— 22—23	—	—	—	33/60	————
— 23—24	—	—	—	34/60	————
— 24—25	—	—	—	35/60	————
— 25—26	—	—	—	36/60	————
— 26—27	—	—	—	37/60	————
— 27—28	—	—	—	38/60	————
— 28—29	—	—	—	39/60	————
lengri en 29		—	—	40/60	————

Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt þessu lagaboði. — Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt 2/3 af embættistekjum sínum í eftirlaun. — Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður heimtingu á að njóta 2/3 hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið nýtt embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, er hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem embættisár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fékk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem fylgja minni tekjur, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum bera eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem samanlagt við tekjur hins nýja embættis jafnast við tekjur hans í hinu fyrra embætti, og ekki meira.

— 4. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 3. gr., eru: 1) Viss árleg laun, og skal þar með einnig talin uppbót fyrir landaurag jald, sem embættinu fylgir að svo miklu leyti sem þessi uppbót er einskorðuð við ákveðna peningaupphæð: 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur, starfalaun (Gebyrer), hundraðsgjöld, skrifarakaup og því um líkar óvissar tekjur, sem lagaheimild er fyrir (þó undan skilst hlutur í sektarfé, aukakaup, dagpeningar, borðfé, skrifstofupeningar, og peningar til hestahalds og þesskonar), sem og slík hlunnindi (leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós þar í talið), sem með berum orðum er veitt hlutaðeiganda sem laun eða hluti af launum hans. Þegar allar tekjur embættismannsins samantaldar eru meiri en 1000 rd. skal draga $^1/_3$ frá, af því er allar tekjurnar verða meiri en 1000 rd., fyrir það, að hinar áður greindu óvissu tekjur og hlunnindi er með talið. — Við þau embætti, þar sem skrifstofuhald og ferðakostnaður og þesskonar er sameinað embættunum, en engar tekjur eru lagðar sér í lagi til þess að standast slík útgjöld, skal þá peningaupphæð, sem álíta má að þar til gangi árlega. draga frá öllum tekjum embættisins, og skal reikna eftirlaun af tekjuhæð þeirri, sem þá er eftir. Það sem embættistekjur, sem taldar eru eftir áðurnefndum reglum, eru meir en 6000 rd., skal ekki tekið til greina. Engin eftirlaun mega vera hærri en 3000 rd. — 5. gr. Sá er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna. — 6. gr. Þegar embættismanni er vikið frá, fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættistöpun, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstöku lagaboði. — 7. gr. Eftirlaun eða biðlaun missast, 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja: 3)

1855
19. maí

1855 31. mai

þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum, án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun eða biðlaun sín í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll. 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef það sannast upp á hann, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embættinu. — Þegar embættismaður, sem hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, tekur við nýju embætti, hefir hann rétt til, þegar hann fær lausn frá þessu embætti, að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði. — 8. gr. Hver kona, sem héðan í frá verður ekkja eftir embættismann þann, sem hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr sama sjóði, sem maður hennar, með undantekningum þeim, sem til eru teknar í 9. grein. — Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 3. og 4. grein þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans, þó svo, að eftirlaun ekkjunnar, sem á þenna hátt koma út, geti ekki verið meiri en 600 rd. né heldur meiri en þau eftirlaun, sem maðurinn hefði getað fengið, eða hafði þegar hann dó. — Þar sem kringumstæðurnar mæla með því, getur konungurinn þar að auki í viðbót við eftirlaunin veitt 10 til 50 rd. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er séð fyrir, þangað til hvert barn er 18 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er bygð á, eigi sér framvegis stað, og skal sanna það á hverju ári fyrir ríkisfjárstjórninni. — 9. gr. Þær embættismanna-ekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó. — 10. gr. Embættismannakonur, sem samkvæmt

lagaboði þessu ekki hafa lengur rétt til eftirlauna, en eftir hingað til gildandi reglum áttu eftirlaun í vændum, áður en lög þessi koma út, geta fyrir sjálfa sig vænzt svo mikilla eftirlauna, sem venjulegt hefir verið að undanförnu, að hver þeirra fengi. — **11.** gr. Eftirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giftist á ný; 2) þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því hún hefir gifzt á ný, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn. — **12.** gr.[1]) Reglurnar um eftirlaun presta og prestaekkna skal ákveða með sérstökum lögum. — Einnig skal ákveða eftirlaun handa þeim embættismönnum, sem eru í nýlendunum og ekkjum þeirra með sérstöku lagaboði. — Þangað til þessi lög verða útgefin, geta bæði prestar og prestaekkjur, sem einnig embættismenn í nýlendunum og ekkjur þeirra vænzt sömu eftirlauna og hingað til. — **13.** gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 20 til 100 rd. eftirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir ríkisfjárstjórninni. — **14.** gr. Þegar eftirlaun eða biðlaun eru ekki hirt í heilt ár, hverfa þau það ár í þann sjóð, er þau áttu að gjaldast úr. 1855 31. maí

Opið bréf, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sinum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag[2]). 31. maí

Vér Fr. VII. o. s frv., gjörum kunnugt: Eftir að

1) L. nr. 48, $^{16}/_{11}$ 1907
2) Sbr. l. nr. 28, $^{20}/_{10}$ 1905.

1855 31. maí

Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — 1. Sérhver embættismaður, sem hefir embætti, eða biðlaun, og sem samkvæmt eftirlaunalögunum hefir rétt til eftirlauna, og ekki er fult sjötugur að aldri, er skyldur til í hinni dönsku lífsfjár- og framfærslustofnun, sem ríkissjóðurinn ábyrgist, að sjá ekkju sinni borgið með féstyrk æfilangt, sem byrjar við dauða hans, og að minsta kosti er $^1/_5$ hluti af þeim embættislaunum hans, sem koma til álita, þegar eftirlaun hans eru reiknuð út samkvæmt 4. gr. sömu laga, þó ekki meiri en 600 rd. árlega. — 2. Undanteknir eru embættismenn þeir: 1) sem eru fult sextugir að aldri áður en þessi lög koma út og eru giftir; 2) sem áður en þessi lög koma út hafa þegar, samkvæmt skyldu sinni, séð ekkju sinni borgið með þeim hæstu eftirlaunum eða leigufé æfilangt, 400 rd., samkvæmt hingað til gildandi reglum, á meðan þeir ekki fá meiri embættislaun, því ef svo er, legst skuldbindingin eftir þessu lagaboði á þá, að því leyti er launaviðbótina snertir; 3) sem sanna fyrir ríkisfjárstjórninni, að ekkjum þeirra sé á annan hátt séð borgið æfilangt með ekki minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem ákveðinn er í 1. gr. — Loksins eru einnig prestar undan teknir, og skal um skyldu þeirra að sjá fyrir ekkjum sínum standa við það, sem nú er í lögum, þangað til sérstakt lagaboð gjörir breytingu á því[1]) — 3. Enginn prestur má gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rétt til eftirlauna, fyr en hann með vitnisburðarbréfi frá hlutaðeigandi amtmanni hefir sannað, að hann sé

1) Sjá l. nr. 49, $^{10}/_{11}$ 1907.

undanþeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið 1855
með fjárstyrk eftir sinn dag, eða að hann hafi sent 31. maí
amtmanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 100 rd. sekt til fátækra á þeim stað. — 4. Ríkisstjórnin skal gæta þess, að skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið verði uppfyltar eins og vera ber, og getur, ef á þarf að halda, krafizt þess af yfirboðara hvers eins, að honum sé þröngvað til þess með sekt. — 5. Tillögin til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar skulu greidd einu ári fyrirfram, og skal draga þau bæði af embættislaunum og af biðlaunum eða eftirlaunum hlutaðeigandi. — 6. Þegar tillögunum verður ekki haldið inni á þenna hátt, og þau eru ekki greidd á gjalddaga, skal ríkisfjárstjórninni heimilt að borga þau fyrirfram úr ríkissjóðnum, sem aftur á móti á rétt á að fá peninga sína endurgoldna með lögtaki, samkvæmt tilskipun dags. 2. júnim. 1830, þó skal greiða hina almennu borgun til fógetans. Ef hlutaðeigandi deyr, áður en endurgjald næst, skal halda eftir framfærslufé því, sem ekkjunni hefir verið ætlað, þangað til fé það, sem þannig hefir verið borgað fyrirfram, er endurgoldið. — 7. Verði þeirri aðferð, sem um er getið í 6. gr., einhverra orsaka vegna ekki við komið, eða ef einhver embættismaður fær lausn eftirlauna- og biðlaunalaust, áður en hann hefir lokið því, sem hann á að greiða til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá skal, ef vanrækt er að greiða tillögin, þegar svo stendur á, gilda hið sama sem um þá, er sjálfráðir eru hluttakendur í stofnuninni. — 8. Lífsfjár- og framfærslustofnunin er skyld að taka við hverjum embættismanni, sem hluttakara fyrir það framfærslufé, sem hann á að sjá ekkju sinni borgið með eftir 1. gr., gegn því, að hann útvegar sér lögboðinn læknisvitnisburð, að lífi hans sé engin bráð hætta búin. — 9. Ef maðurinn hefir fengið skilnaðardóm við

1855 konu sína, er hann eftirleiðis laus við þá skyldu, að
31. maí sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefir skilið við, og á hann rétt á að ganga úr lífsfjár- og framfærslustofnuninni samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hlutaðeigendur. — Þegar hjón skilja eftir samkomulagi, er það undir því samkomulagi komið, að hve miklu leyti maðurinn er laus við þessa skuldbindingu. Ef slíkt er ekki berlega til tekið, viðhelzt skuldbindingin, að svo miklu leyti, sem embættistekjur þær snertir, sem maðurinn hafði, þegar skilnaðurinn varð. — **10.** Þegar sá maður, sem séð hefir ekkju sinni fyrir framfærslufé gegn æfilöngu tillagi, fær síðar lausn frá embætti með eftirlaunum, á hann rétt á að fá gjald það, er hann er skuldbundinn til að greiða eftir þessu lagaboði, minkað að tiltölu við eftirlaunin, og eftir því skal reikna framfærslufé.

31. maí **Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.**

Vér Fr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.** gr. Frá 1. ágúst 1850 skal borga út bæði konungspeninga og lífeyri konungsættarinnar og öll embættislaun, sem tekin eru af ríkissjóðnum, eftirlaun og biðlaun, fyrir hvern mánuð og fyrirfram við byrjun hans. — **2.** gr. Þó maðurinn deyi á þeim mánuði, eða fái lausn frá embætti, þarf ekki fyrir það að greiða aftur neitt af þeim launum, sem hann hefir fengið fyrir fram fyrir þann mánuð. — **3.** gr. Öll ný embættislaun, eftirlaun eða biðlaun byrja með 1. degi hins næsta mánaðar, eftir

það að veitt hefir verið embættið, gefin lausn frá embætti, eða maðurinn hefir dáið, nema það sé í einstökum tilfellum til tekið með berum orðum, að launin skuli reikna frá einhverju seinna tímabili. — 4. gr. Af eftirlaunum og biðlaunum fæst ekkert meira fyrirfram úr ríkissjóðnum en mánaðarborgun sú, sem til tekin er í 1. gr. — 5. gr. Af launum þeim, sem eru 1000 rd. að stærð og minni, má fá borgað út fyrir fram, ef sérleg og brýn nauðsyn ber til, alt að fjórðungi árslaunanna, svo að ekki sé sett veð fyrir eða vextir af goldnir, og skal það þá aftur goldið í seinasta lagi á 2 árum með því að draga 1/24 hluta á mánuði af launununum. Sá, sem hefir fengið slíkt lán, getur ekki fengið neitt þess konar lán að nýju, fyr en ár er liðið, frá því hann hefir endurgoldið fyrra lánið. — Af hærri embættislaunum getur slíkt lán einungis fengist, ef svo stendur á, að skift er um embætti við manninn, án þess, að hann hafi æskt þess, og að öðru leyti með því skilyrði, sem áður er nefnt. — 6. gr. Skyndilán þau, sem til þessa tíma hafa verið veitt, skal endurgjalda með því að draga frá launununum á hverjum mánuði eftir nákvæmari ákvörðun ríkisfjárstjórans, svo framarlega, sem önnur skilyrði hafa ekki verið til tekin, þegar lánið var veitt. Með það, sem hefir verið borgað út fyrir fram, má fara eins og með veitt skyndilán. — Í ríkisreikningnum skal gjöra nákvæma grein fyrir því, sem á því ári hefir endurgoldizt í launa-afdrætti og þeim skyndilánum, sem enn eru ógoldin. — 7. gr.[1]).

1855
31. maí

Lög er skipa fyrir, að hæstiréttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum. (Lfl. 16. b. 428).

1856
8. marz

---

1) Þýðingarlaus nú.

1856 15. maí **Reglugjörð fyrir hafnarnefndina í Reykjavík** (útgefin af dómsmálastjórninni)[1]).

1. gr.[2]) — — — 3.[3]) gr. — — — 4. gr.[4]) Nefndin kýs einn af nefndarmönnum eftir samkomulagi, og til skiftis til þess að annast bréfaskriftir, geyma bækur nefndarinnar og önnur skjöl og til að halda reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar og lista yfir það, sem höfninni tilheyrir af áhöldum, efni o. fl. Þó má einnig, ef svo stendur á, fela þessar bréfaskriftir og þau störf, sem þar með fylgja, einum af nefndarmönnum, en reikningana öðrum. Fyrir störf þessi ber þeim, er þau hefir á hendi, árleg þóknun, sem nánar verður tiltekin, og skal í henni vera fólgin borgun fyrir ritföng og annað, er nauðsynlegt er til skrifstofuhalds. Nákvæma dagbók skal halda yfir þau mál, sem nefndinni er skrifað um, og skal dagbókinni fylgja efnisskrá; sömuleiðis skal rita öll bréf, sem frá nefndinni fara, í bréfabók með efniskrá. Hvað reikningana snertir, þá skal gjörð grein fyrir peningum og áhöldum, hverju í sínu lagi. — Reikning yfir peningana skal rita í gjalda- og reikningsbók, sem amtmaður löggildir, og skulu þar í framhaldandi töluliðum ritaðar allar tekjur hafnarsjóðs jafnskjótt og þær koma inn, og á sama hátt skulu öll gjöld rituð, jafnskjótt og þau eru greidd úr hafnarsjóði gegn tilhlýðilegum skilríkjum. Bæði tekju- og gjaldaliðunum skulu fylgja nægjanleg skilríki; tekjuliðunum: tilkynningar og inngjaldaskipanir, gjaldaliðunum: útgjaldaskipanir o. s. frv. Í peningareikningnum skulu tekjur og gjöld vera aðskilin og standa hvert á móti öðru, sitt á hvorri blaðsíðu, og reikningnum vera hagað eftir hjálögðum sýnishornum. Þegar ársfjórðungur er liðinn, skal leggja saman upphæðirnar tekju-

1) Sbr. l. nr. 19, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) L. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901 og augl. $^{24}/_{12}$ 1908, 9. gr.
3) L. nr. 17, 1901, 1. gr.
4) Sbr. l. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901 og augl. $^{24}/_{12}$ 1908 9. gr.

og gjaldamegin á þeim ársfjórðungi, og mismun þann, 1856
er þá fram kemur, skal taka yfir á næsta ársfjórðung 15. maí
sem eftirstöðvar eða skuld, eftir því sem á stendur. Reikningsbókina skal síðan leggja fram á fyrsta fundi, sem haldinn er eftir lok ársfjórðungsins, og skal þar farið yfir reikning síðastliðins ársfjórðungs og fylgiskjöl hans, og peningaeignin aðgætt af hafnarnefndinni; skal um þetta rituð áteiknun á reikninginn. Enn fremur skal og þá ákveða, hvað gjöra skuli viðvíkjandi eftirstöðvum þeim, eða skuld, sem komið hefir fram. Eftirlitsins skal getið í gjörðabókinni, og skal hún ásamt gjalda- og reikningsbókinni framlögð þegar amtmaður aðgætir sjóðinn. — Áhöld þau, tilfæringar og efni, sem hafnarsjóður eignast, skal einnig rita í bók, sem einungis skal til þess höfð, og sem hafnarnefndin löggildir. Þá bók skal hafa svo, að að hægt sé að sjá, hvað úr gengur og hvað við bætist, og skal gjöra upp bókina við hver árslok; skal þá flytja þá hluti, sem til eru yfir á næsta árs reikning, en nefndarmenn skulu hafa næga vissu fyrir, að hlutirnir séu til. — Bæði gjalda- og reikningsbókin og áhaldabókin skulu vera í vörzlum hafnarnefndarinnar, og má nota þær ár eftir ár, á meðan þær endast til, en leggja skal þær til grundvallar, þá er semja skal reikninga þá, sem getið er um í 11. gr. að semja skuli, og senda til endurskoðunar. — 5. gr. Hafnarnefndin kýs eftir samkomulagi og til skiftis, einn af nefndarmönnum til þess sérstaklega að hafa umsjón með mannvirkjum þeim, sem við höfnina eru, og vinnu þeirri, er þar er unnin, sömuleiðis til að sjá um góða reglu samkvæmt ákvörðunum þeim, er um höfnina gilda, og gæta áhalda þeirra, efnis og verkfæra, sem höfninni tilheyra. — 6. gr. Fyrir lok septemberm. ár hvert skal hafnarnefndin láta rannsaka áhöld þau og mannvirki, sem höfninni tilheyra, og gjöra áætlun um, hvað framkvæmt skuli næsta ár. Skal nefndin sjá um, að nákvæmar áætlanir sé samd-

1856 15. maí ar um kostnaðinn við aðgjörðir þær, er hún hugsar sér að láta framkvæma; skal áætlununum fylgja skýrsla um, hvað unnið hafi verið að höfninni á árinu, sem liðið er, og ef þörf er á, uppdrættir yfir verk það, er framkvæma skal, og yfir þann stað, sem verkið á að framkvæma á, og skal þetta senda amtmanni til frekari ráðstöfunar samkvæmt 2. gr. Uppástungum nefndarinnar skal fylgja greinilegt, stutt yfirlit yfir fjárhag hafnarinnar og skýrsla um, hverjar séu væntanlegar tekjur hafnarsjóðsins næsta ár, hve mikil upphæð gangi til hinna venjulegu árlegu gjalda sjóðsins, og hve mikil til verka þeirra, sem nefndin hefir í huga að framkvæma, og auk þess skal ætla svo mikið sem þurfa þykir til þess, að standast smá og ófyrirsjáanleg útgjöld. Skýrslu þessa skal semja samkvæmt sýnishorni því af ársreikningnum, sem hér með fylgir, og skal senda hana tvíritaða. Þegar síðan úrskurður er lagður á þessar áætlanir nefndarinnar, skal hún sjá um framkvæmdirnar á þann hátt, sem nákvæmar er til tekið, og lætur þá, ef unt er, bjóða verkið upp á undirboðs-uppboði. Þegar verk eru í áformi, sem þurfa langan undirbúning, svo sem rannsókn byggingafróðra manna og álit þeirra, eða meiri þekkingu en af nefndarmönnum má vænta, eða ef framkvæmd þeirra útheimtir meira fé en svo, að venjulegar tekjur hafnarinnar hrökkvi til, þá skal hún í tíma undirbúa málið, með því að senda tillögur um það til dómsmálastjórnarinnar, eða á þann hátt, sem hentugastur þykir. Ef nefndin hefir tekizt á hendur vara-ábyrgð á lánum í þarfir hafnarinnar og fyrirsjáanlegt er, að þurfa muni að jafna gjaldi niður á bæjarbúa, til þess að fullnægja skuldbindingum þeim, er undir hefir verið gengizt, þá skal nefndin í tæka tíð, er hún semur áætlunina fyrir höfnina, gjöra ráðstafanir þær, er þörf er á í því efni, í líkingu við ákvarðanirnar í reglugjörð 27. nóv. 1846,

19. gr.[1]). Einungis þegar algjörlega ófyrirsjáanleg at- 1856
vik ber að höndum, skal hafnarnefndinni leyft að 15. maí
láta vinna að framkvæmdum, sem hún ekki hefir tekið tillit til, þegar samin var hin venjulega árlega áætlun um höfnina. Skal nefndin þá senda tillögur sínar amtmanni og bíða úrskurðar hans, og því að eins að málið megi ekki dragast neitt, má nefndin þegar taka til starfa á eigin ábyrgð, en skal þá svo fljótt sem auðið er tilkynna það amtmanni. — 7. gr.[2]) Ef höfnin eignast áhöld eða mannvirki, sem leigð verði, eða pláss, þar sem leggja megi upp vörur eða því um líkt, er hafnarnefndinni heimilt að samþykkja taxta um gjöld þau, er greiðast skuli fyrir notkun þeirra. Töxtum þessum skal slá upp á hæfilegum stað, þar sem allir geta kynt sér þá, og skal einnig senda til endurskoðunar ásamt reikningnum eftirrit af töxtum þessum, og skýrslu um, ef breytingar eru á þeim gjörðar. Þar á móti skal hafnarnefndin senda dómsmálastjórninni tillögur um taxta yfir hin venjulegu hafnargjöld, bæði hafnargjald skipa og bryggjugjald, þegar hafnarbryggja verður gjörð. — 8. gr.[3]). — — — 9. gr.[4]) — — — 10. gr. Hafnarsjóður skal eiga forsvaranlega féhirzlu með þremur ólíkum skrám fyrir; skal æzti nefndarmaður geyma einn lykilinn, gjaldkeri annan og þriðji nefndarmaður þriðja lykilinn. Í þessari hirzlu, sem geyma skal á stað, sem hafnarnefndin álítur tryggan, skal geyma öll áríðandi skjöl og verðmæta muni hafnarsjóðs, sem og peninga þá, sem gjaldkeri ekki hefir sjálfur í höndum. Bæði um það fé, sem lagt er í fjárhirzluna og um þá upphæð, sem gjaldkera nefndarinnar er fengin í hendur, eftir ákvörðun þeirri, sem tekin var, þá er reikning-

---

1) Sbr. tilsk. $^{20}/_{4}$ 1872, 18. gr.
2) Sjá lög nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901.
3) Sömu lög og augl. $^{21}/_{12}$ 1908, 9. gr.
4) Sömu lög.

1856 15. maí urinn var yfirfarinn (4. gr.), og sem varið skal til þeirra útgjalda, sem fyrir falla, skal rituð skýrsla í gjörðabókina, þannig að ætíð megi fá ljóst yfirlit yfir fjárhag hafnarsjóðs, og að ætíð verði séð í gjörðabókinni, hvar það fé sé geymt, er hafnarsjóður á. — Gæta skal þess, að fé það, sem gjaldkeri er látinn hafa undir höndum, nemi eigi meiru en svo, að það ásamt þeim tekjum, sem inn koma á ársfjórðungnum, nægi til þeirra gjalda, sem fyrir koma. — Fari svo, að hafnarsjóður hafi safnað fyrir nokkru fé, sem ekki er notað við höfnina, þá skal gjöra það arðberandi eftir þeim reglum, sem settar eru í tilskipun 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra[1]). — — — Öll verðskjöl hafnarsjóðs skulu hafa áteiknun um, að ekki megi kvitta fyrir þau, afhenda þau eða veðsetja, nema amtmaður leyfi. — **11.** gr. Eftir gjalda- og reikningsbókinni og áhaldabókinni, skal, þegar er almanaksárið er á enda, semja sérstaka ársreikninga yfir tekjur og útgjöld hafnarsjóðs, tekjur og útgjöld hafnarinnar, og yfir áhöld, efni og verkfæri þau, sem höfnin á. Reikninga þessa semur gjaldkeri hafnarnefndarinnar samkvæmt hjálögðum sýnishornum. Skulu reikningar þessir vera búnir fyrir lok janúarm. ár hvert, og skulu hinir nefndarmennirnir fara yfir reikningana, og gjöra á þá áteiknun um það, og hvort þeir séu samkvæmir gjalda- og reikningsbókinni og áhaldabókinni. Þegar hafnarnefndin hefir gjört það, sem henni ber í þessu efni, skal leggja ársreikninga þessa fram fyrir almenning, á þann hátt og á þeim tímum, sem reglugjörð 27. nóv. 1846 tiltekur í 25. gr. um reikning bæjargjaldkera[2]); skal rita á reikningana nægilega áteikning um, að þeir hafi verið lagðir fram, og skal síðan endurskoðunarmaður fara nákvæmlega yfir þá. Endurskoðunarmann þenna skal kjósa á þann hátt,

---

1) Sbr. L. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901.
2) Sbr. tilsk. $^{20}/_{4}$ 1872, 29. gr.

sem tiltekið er í reglugjörð 27. nóv. 1846 í 25. gr.[1]). 1856
Ef endurskoðunarmaður finnur ástæðu til að setja 15. maí
út á reikningana, skal nefndin í heild sinni svara athugasemdum hans, en henni skal falið að heimta sérstaka skýrslu frá gjaldkera um þau atriði, sem sérstaklega snerta hann, og skal skýrsla sú fylgja svörum nefndarinnar. Athugasemdunum skal nægilega svarað áður en frestur sá er liðinn, sem í hvert sinn er til tekinn, og þær sendar amtmanni, en hann skal síðan fella úrskurð um þær. — Úrskurðina skal taka til greina svo sem vera ber, og verði ábyrgð gjörð með þeim, skal hafnarnefndin sjá um, að leiðrétting verði á því gjörð, og sú upphæð, sem vantalin var, greidd í hafnarsjóð. — — —

Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 5. apríl 1850 um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu. 1857 6. jan.

Vér Fr. VII. o. s. frv. gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþings um að gjöra gildandi á Íslandi, með breytingum, lög 5. aprílm. 1850 um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið; — Eins og það er innlendum gyðingum heimilt að setjast að á Íslandi, eins mega einnig útlendir gyðingar taka sér þar bólfestu, án þess að vera þeirra þar á landi sé bundin öðrum takmörkunum en þeim, sem eiga sér stað um veru annara útlendra manna.

Opið bréf um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri[2]). 6. jan.

Vér Fr. VII., o. s. frv. gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-

1) Sbr. tilsk. $^{20}/_{4}$ 1872, 29. gr.
2) Sbr. tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904 I. 2.

1857 6. jan. þingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið; — **1.**[1]) Á verzlunarstaðnum Akureyri skal stofna bygginganefnd. Í henni skulu vera þessir menn: sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, tveir menn af íbúum verzlunarstaðarins, er kosnir séu með umsjón sýslumannsins, af þeim er lóð eiga á verzlunarstaðnum, og enn tveir af íbúum verzlunarstaðarins, er amtmaður álítur til þess hæfa; og á hann öðrum fremur að nefna til þess þá menn, er bera skyn á húsasmíði, ef til eru. — **2.**[1]). Sérhver sá, sem náð hefir fullum lögaldri, og hefir óflekkað mannorð, og ekki er sviftur umræðum fjár síns, á rétt á því að taka þátt í kosningu til bygginganefndarinnar, og er kjörgengur til hennar, ef hann á tréhús eða steinhús (kaupstaðarhús) á lóð verzlunarstaðarins; þó mega verzlunarstjórar kjósa og verða kosnir, þegar kaupmaðurinn sjálfur er fjærverandi, þó þeir eigi sjálfir séu húseigendur. — **3.** Nefndarmenn skulu hafa starf sitt á hendi í 6 ár, hvort heldur þeir eru kosnir af íbúum verzlunarstaðarins eða tilkvaddir af amtmanninum; þó skal annar af þeim, sem kosnir verða fyrsta sinn, fara frá eftir 3 ár, og skal það fara eftir samkomulagi, hver fyrir því verður, en ella hlutkesti ráða. — Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 6 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er eða tilkvaddur í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eftir í nefndinni, þegar hann fór frá. — **4)** Nefnd þessi á hér eftir, samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786, 5. gr., að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til garða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð verzlunarstaðarins, og einnig til jurtagarða, en til þeirra má þó að eins taka brekkuna. Til þessa þarf eftir á að fá sam-

1) Sbr. lög nr. 22, 1883, 14. gr. l. nr. 55, $^{10}/_{11}$ 1905.

þykki hjá amtmanni. Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aftur til verzlunarstaðarins. — Til þess verzlunarstaðurinn geti hér eftir orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur með samþykki amtmannsins að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á sýslumaðurinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er hann einn áður hefir mælt út; skal svo nefndin rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af því að útvega bók þessa, og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal til bráðabirgða greiða úr jafnaðarsjóði amtsins, þangað til verzlunarstaðurinn sjálfur kann að eignast sjóð út af fyrir sig. — 5) Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á verzlunarstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: — A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbygð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, er hann byggir upp húsið á ný, að færa það aftur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það af verzlunarstaðnum; skal nefndin, með samþykki amtmannsins, meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið, eða hús flutt aftur á við, og jafna því niður á innbúa kaupstaðarins þannig, að helmingurinn komi á hina eiginlegu húseigendur, eftir flatarmáli húsa þeirra, en helminginn greiða allir þeir

1857 6. jan.

1857 6. jan. er lóð hafa fengið úthlutaða, eftir stærð lóðar þeirrar, er hver hefir fengið, án þess tillit sé haft til þess, til hvers hún hefir verið notuð. — B[1]). — — — C[2]). Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Um þetta skal síðan leita samþykkis amtmanns. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum, og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grant reglum þeim, sem þeim eru settar. — D. Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta gömlu húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar, er séu samþyktar af amtmanni, um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan. — E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rdl. til 25 rdl. til fátækra á þeim stað, eftir úrskurði lögregludómsins; hinn fyr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal sýslumaður, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það

1) L. nr. 55, $^{10}/_{11}$ 1905, 1. gr.
2) S. l., 4. gr.

hefir eigi verið útvegað, undir eins að banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin eða amtmaðurinn hefir sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því, sem hér að framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka bæturnar alt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar voru. — 6.[1]) Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð verzlunarstaðarins, sem eru bygð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt. 1857 6. jan.

Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðarsýslu í Islands Norðuramti. (LfI. 17. b. 88). 27. maí

Konungsúrskurður um íslenzkukunnáttu embættismannaefna. 27. maí

1) Vottorð þau um kunnáttu í íslenzku, sem konungsúrskurður 8. apríl 1844 skipar fyrir um að fylgja skuli bónarbréfum þeim, er sækja um embætti á Íslandi, en ekki eru fæddir þar, skulu fyrst um sinn, til þess þau verði álitin fullgild, vera útgefin annaðhvort af kennaranum í norrænu við háskólann í Kaupmannahöfn, eða af fastakennaranum í íslenzku við Reykjavíkur lærða skóla. — **2)** Dómsmálastjórninni skal falið að ákveða nákvæmar, hvernig haga skuli prófi því í íslenzku, sem hlutaðeigendur eiga að ganga undir áður þeir geti fengið vottorð um kunnáttu í málinu, svo og hver þóknun skuli greidd þeim, er próf þetta heldur[2]).

---

1) Sbr. l. nr. 55, $^{10}/_{11}$ 1905, 2. gr.

2) Í bréfi 16. júní (LfI. 17. b. 172), næst á eftir kveður dómsmálastjórnin svo á samkvæmt þessum konungsúrskurði,

1859 27. maí **Tilskipun, sem lögleiðir á Islandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.**

Vér Fr. VII., o. s. frv. gjörum kunnugt: Eftir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um að lögleiða á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m., bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.** Hinn almenni leiguburður af peningum, 4 af hundraði, sem ákveðinn er með tilskipun 20. marz 1815, 7. gr. samanb. opið bréf 22. nóvember 1820, 2. gr., skal eftirleiðis aðeins gilda um lán gegn veði í fasteignum[1]), en í öðrum peningalánum skal leiguburðurinn vera óbundinn. — **2.** Þegar skuldunautur borgar ekki skuld sína á réttum gjalddaga er hann skyldur til, upp frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt og þangað til borgað verður, að greiða í leigu einum meira af hundraði, en heimilað er í lögum, eða samið hefir verið um milli hlutaðeigenda, eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum; þó mega seinni veðhafendur einskis í missa við það, að hin algenga leiga

---

að »það skal vera almenn regla, að þeir sem ganga undir þetta próf, skulu bæði vera svo leiknir og liðugir í íslenzku, að þeir geti talað og skilið það sem vanalegast kemur fyrir í daglegu lífi, og einnig vera kunnugir íslenzkri málfræði, einkum hljóðfræði og hneigingarfræði hennar, og því sem helzt er einkennilegt í orðaskipuninni. Auk þessa skulu þeir, þegar þeir vilja öðlast lagaembætti, hafa lesið lögbók Íslendinga, Jónsbók, á íslenzkri tungu, en vilji þeir verða læknar þar í landi, þá skulu þeir hafa lesið lækningabók Jóns Péturssonar og hina íslenzku útleggingu af bók þeirri, er heitir: »Útdráttur af yfirsetukvennafræðinni, kenslubók handa yfirsetukonum« eftir dr. Levy, og láta reyna sig í þessum ritum«.

1) L. nr. 10, 7/3 1890.

af slíkum lánum er lækkuð. — 3) Í staðinn fyrir 1859
strall það, að höfuðstóllinn skuli upptækur, sem á- 27. maí
kveðið er fyrir okur í dönsku laga 5. bókar 14. kap. 5. art.[1]) og tilskipun 14. maí 1754 6. gr.[1]) ber þessu lagabroti eftirleiðis að hegna með fjársekt, er eigi sé minni en fjórfaldur og eigi stærri en tuttugfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið, ef það verður nákvæmlega sannað, hve mikill slíkur ágóði hafi verið, en að öðrum kosti skal ákveða sektina eftir öllum málavöxtum. — 4) Takmörkun sú, sem ákveðin er í tilskipun 14. maí 1754, 6. gr.[1]), viðvíkjandi þóknun til erindisreka eða milligöngumanns, skal, ásamt hegningu þeirri, er við lá, ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. sept. 1855, 27. maí
sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín[2]).

Vér Fr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — Það skal hér eftir, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað á Íslandi, vera leyft, einnig að ráða á það útlenda sjómenn, þó skal þess gætt, að helmingur skipverja, auk skipstjóra og stýrimanna, séu menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi.

Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík[3]). 27. maí

Vér Fr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að

---

1) Þessi lagaboð hafa eigi náð gildi á Íslandi sérstaklega.
2) Sbr. lög nr. 14, $^{21}/_{9}$ 1883.
3) Sbr. um skólann tilsk. $^{20}/_{4}$ 1872, 14. gr. og lög nr. 59, $^{22}/_{11}$ 1907. Sbr. og reglugj. fyrirmynd nr. 76, 1908 (Stjt. B. 1908, bls. 288) og erindisbr. skólanefnda $^{11}/_{7}$ 1908.

1860 12. des. Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, um stofnun barnaskóla í Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.** gr. Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kenslu í, er þykir nauðsynleg fyrir mentaða menn yfir höfuð. — Svo má og fyrir hafilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fé það, sem til stofnunar og viðhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og opnu bréfi um að leggja skatt á tómthús og óbygðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr.[1]). — **2.** gr.[2]). — — —

1861 4. jan. **Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum[3]).**

Vér Fr. VII., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1.** gr. Í dánarbúum, uppboðsbúum og þrotabúum, og í öðrum búum, þar sem innköllun til skuldaheimtumanna á fram að fara, skal slík innköllun eftirleiðis gefin út með 6 mánaða fresti, þegar svo má ætla, eftir því sem ástatt er, að sá, er hlut á að máli, hafi ekki staðið í skuldaskiftum annarstaðar en á Íslandi. En þegar þetta þar á móti á sér stað, á innköllunin að fara fram með 12 mánaða fresti. — En þó hlutaðeigandi hafi búið eður átt dvöl annarstaðar en á

---

1) Sjá nú l. nr. 16, $^{19}/_{10}$ 1877.
2) Sjá l. nr. 59, $^{22}/_{11}$ 1907, 33. gr.
3) Sbr. skl. $^{12}/_{4}$ 1878, sérstaklega 20.—22. gr.

Íslandi, þá skal það atvik út af fyrir sig eigi gjöra 1861
það að verkum, að hinn síðarnefnda frest skuli við 4. jan.
hafa, ef liðið er, áður en hann deyr eður þann at-
burð ber að höndum, sem gefur tilefni til skifta á
búi hans, meir en eitt ár frá þeim tíma, er hann fór
þaðan og yfirgaf stöðu þá, er hann þar hafði. — **2. gr.** Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar[1]). — — — Frestinn ber að reikna frá seinasta birtingardegi. — **3. gr.** Samkvæmt framangreindum ákvörðunum fellur í burtu bæði leyfisbréf, sem áður þurfti í ýmsum tilfellum til að gefa út innkallanir í búum, og eins hin lögboðna þinglýsing innkallana. Ákvörðun Norsku laga 5. bókar 13. kapítula, 27. artikula er, hvað Ísland snertir, úr lögum numin. — **4. gr.** Við skifti á dánarbúum eftir þá menn, sem engin líkindi eru til að eftir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sérstaklegum viðskiftum út af verzlun eður öðru slíku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eða lítið eftir sig, ef erfingjar hans, eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sér lögmætar skuldir búsins, ef einhver skuldakrafa seinna kynni að koma fram. — **5. gr.** Framangreindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, sem situr í óskiftu búi, vill gefa út innköllun til skuldaheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skifta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldaheimtumanna arfleiðanda. — **6. gr.** Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. dag júlímánaðar 1861.

Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna. 4. jan.

Vér Fr. VII., o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-

1) Sbr. l. nr. 32, $^{16}/_{11}$ 1907 og l. nr. 35, $^{11}/_{7}$ 1911.

1861 4. jan. þingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: **1. gr.**[1]) Frá 1. degi júlímánaðar 1861 eru ógiftar konur, þegar þær eru 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og fullmyndugar þegar þær eru orðnar fullra 25 ára að aldri. — **2. gr.** Því fé, sem nú er undir stjórn yfirfjárráðenda ómyndugra, og ógiftar konur eiga sem orðnar eru 18 ára gamlar, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyrri en að 3 árum liðnum frá þeim degi, er þetta lagaboð öðlast lagagildi.

1. apr. **Tilskipun um löggilding nýrrar jarðarbókar fyrir Ísland**[2]).

Vér Fr. VII., o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alalþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. mai 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júnímánaðar 1862. — **2. gr.** Eftir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eftir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi — — —.

1862 29. ág. **Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað** (LfI 18. b. 389)[3]).

27. okt. **Reglugjörð**[4]) **um barnaskólann í Reykjavík.**

I. *Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kenslu þeirra og yfirhegrslu, og um útskrift*

---

1) Sbr. l. nr. 17, $^{20}/_{10}$ 1905. Sbr. og l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 10. gr.

2) Sbr. l. nr. 15, $^{18}/_{9}$ 1885 og l. nr. 22, $^{3}/_{11}$ 1915, 16. og 18 gr.

3) Sjá l. nr. 22 $^{8}/_{10}$ 1883.

4) Sama dag var útgefið af kirkju- og kenslumálastjórninni, »instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík

þeirra úr skólanum. — **1. gr.** Það er ætlunarverk skólans að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðisgóða menn og veita þeim þá þekking og kunnáttu að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfélaginu. — **2. gr.** Í barnaskólann má þó veita viðtöku sérhverju barni í Reykjavíkurkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áætluninni um, hvað kent skal í skólanum[1]) — — —. 1862 27. okt.

Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi (Papafjarðarós, Straumfjörður og Skeljavík. LfI. 19. b. 487). 1863 19. jan.

Konungsúrskurður um próf í íslenzku. 8. febr.

Próf það í íslenzku máli, er þeir menn, er um embætti sækja á Íslandi, en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir, samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844 og 27. maí 1857, skal aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sé einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sé haldið í heyranda hljóði og séu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skal dómsmálastjórninni falið að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eftir að hafa ráðgast um það við kirkja- og kenslustjórnina[2]).

(LfI. 18 b. 451) og $^{21}/_{2}$ 1866 (LfI. 19. b. 450) voru staðfestar af sömu stjórn samkvæmt 23. gr. reglugjörðarinnar »reglur fyrir barnaskólann í Reykjavík«.

1) Sbr. l. nr. 59, $^{16}/_{11}$ 1907.

2) Sbr. bréf dómsmálastjórnarinnar $^{4}/_{6}$ 1863 (LfI. 19. b. 538). Þar segir dómsmálastjórnin svo fyrir, »eftir að hafa skrifast á um málið við kirkju- og kenslustjórnina«, að »skriflega prófið á að vera í því fólgið að snúa úr dönsku á íslenzku grein nokkurri, er sá tiltekur, er prófar, og skulu eigi prófdómendurnir eiga neinn þátt í að taka til greinina, en þeir skulu í hvert skifti, er prófið verður haldið í Reykjavík, kosnir af stiftsyfirvöldunum á Íslandi; skal það falið þeim er prófar, og prófdómendum, að ráðstafa öðru því, er prófið snertir.

1863 9. júní **Opið bréf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.**

Dómsmálastjórnin hefir allra þegnsamlegast borið undir konung bænaskrá alþingis þess, er haldið var árið 1861, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum í vesturumdæminu á Íslandi, og hefir Hans Hátign þóknast 8. d. þ. m. allramildilegast að ákveða, að hér eftir megi fresta manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní- og júlímánuði.

18. júní **Ráðgjafabréf um skýrslur um blinda** (LfI. 18. b. 596).

1864 4. júní **Opið bréf um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforræði ómyndugra á Íslandi.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: **1. gr.** Þegar fé ómyndugra, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á löglegan hátt, hefir ekki orðið komið á vöxtu fyrir þá leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sé lánað mót veði, samkvæmt áðurgreindri tilskipun, fyrir leigu, er sé að minsta kosti 3 af hundraði á ári. — **2. gr.** Nú hefir fé ómyndugra eigi orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og skal þá fjárhaldsmanni leyft að lána féð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafé og þeirri leigu, er fengist getur; þó má eigi lána einum manni meira fé á þenna hátt en 100 rd.

16. júní **Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í Suðurumdæminu á Íslandi** (LfI. 19. b. 72).

Konungsúrskurður um leyfisbréf, er amtmenn mega láta af hendi. 1864 12. sept.

1). Amtmönnum á Íslandi skal falið að selja af hendi: a) leyfisbréf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl í málum, sem skotið er til hins íslenzka landsyfirréttar, en auk þess má þó einnig framvegis fá leyfisbréf þessi hjá stiftamtmanninum yfir Íslandi[1]). b) Leyfisbréf til að vera executor testamenti í dánarbúum, þegar ekkert þykir athugavert við málið[2]). c)[3]) Leyfisbréf til að fá ógildingardóm á veðskuldabréfum og eignardóm fyrir fasteignum, og d)[3]) Leyfisbréf til að ganga að eiga ekkju bróður, föðurbróður eður móðurbróður síns, eða föðursystur eða móðursystur konu sinnar látinnar, svo framarlega sem hvorugt hjóna-efnanna er Gyðingatrúar. — 2)[4]). Greindum amtmönnum skal og veitt vald til að leyfa því hjóna, er hitt lifir, að sitja í óskiftu búi, þegar önnur þau skilyrði eru fyrir hendi, er til þess útheimtast, en einn af erfingjunum er fjærverandi, og veitist þá leyfið þangað til fengin verði yfirlýsing þess erfingjans, er fjærverandi er, og og svo úr því, ef hann veitir til þess samþykki sitt[5]).

1) Sjá nú tilsk. 23/8 1904.

2) Sbr. skl. 12/4 1878 91. gr.

3) Tilsk. 23/8 1904 I 1. j. og l. nr. 30, 9/11 1915.

4) Sbr. skl. 12/4 1878 99. gr.

5) Um leið og dómsmálastjórnin með bréfi 30. sept. 1864 kunngjörði stiftamtmanninum yfir Íslandi og amtmönnunum þennan konungsúrskurð, bætti hún við nokkrum athugasemdum til leiðbeiningar við útgáfu leyfisbréfanna, og skulu hér teknar upp af þessum athugasemdum þessar: Um 1. a. Leyfisbréf þessi, sem eftir tilsk. 21. desemberm. 1831 I. f., geta fengizt hjá stiftamtmanninum yfir Íslandi sem forseta í hinum íslenzka landsyfirrétti, í þeim málum, sem skotið er til yfirdóms þessa, skulu veitt fyrir borgun, að upphæð 16 rd. 5 mk., en þegar hlutaðeigandi hefir fengið gjafsókn í málinu, skulu þau veitt ókeypis. — Um 1. c. Til þess að veitt verði leyfisbréf til að fá ógildingardóm á horfnu veðskuldabréfi útheimtist, að sýnt sé fram á, að líkindi séu til að skuldabréfið sé

1864 23. des. **Konungsúrskurður um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál.**

I. Dómsmálastjórnin[1]) skal eftirleiðis hafa vald til að útkljá í nafni Hans Hátignar málefni þau, er

---

horfið, og að enginn sviksamlegur tilgangur búi undir beiðninni um að fá það dæmt ógilt; þess vegna ber og, að svo miklu leyti sem unt er, að láta þá, sem hlut eiga að máli um skuldabréfið, fá tækifæri til að segja álit sitt áður en leyfisbréfið er veitt. Þess skal og hér getið, að þareð ofangreindur konungsúrskurður að eins snertir leyfisbréf til að fá ógildingardóm á *veðskuldabréfum*, er það vitaskuld, að dómsmálastjórninni framvegis er áskilið að gefa út leyfisbréf til að fá ógilt ríkisskuldabréf og skuldabréf bankans og önnur ápekk peningaskjöl. — Sá sem vill fá eignardóm fyrir fasteign sinni verður að geta sannað löglega heimild sína til hennar. — Þess ber að gæta um hvortveggju þessi leyfisbréf, að fasteign þeirri, sem á að fá eignardóm fyrir, eður veðskuldabréfi því, sem á að dæmast ógilt, sé lýst svo nákvæmlega, sem kostur er á. — Borgunin fyrir leyfisbréf þau, sem hér er um rætt, er 16 rd. 5 mk.; þó ber að veita ókeypis leyfisbréf til að fá ógildingardóm, þegar veðskuldabréf það, sem ógildast á, hljóðar upp á minni upphæð en 500 rd. ríkismyntar. — Um 1. d. Um leyfisbréf þessi skal venjulega ekki synja mönnum, nema mikill munur sé á aldri hlutaðeigenda, og má einnig veita þau þó mægðirnar hafi verið ólöglegar, sem svo er kallað, eður með öðrum orðum, þó svo hafi á þeim staðið, að maður hafi haft samræði við kvenmann án þess þau væru hjón. Áður en leyfisbréfið geti fengizt verða hlutaðeigendur því að koma fram með skírnarattesti sín, og einnig færa gildar sannanir fyrir því, að mægðum þeirra sé svo varið, sem þau skýra frá. Borgunin er 34 rd. 32 sk., en þó má færa hana niður til 16 rd. 5 mk. þegar þau skilyrði eiga sér stað, sem ákveðin eru í konungsúrskurði 19. ágústm. 1829, en sá konungsúrskurður er birtur í kanselli-umburðarbréfi 5. dag septemberm. s. á. — Um 2. Leyfi það, sem hér er um rætt, má veita, þegar þau skilyrði að öðru leyti eiga sér stað, sem þurfa til þess, að hlutaðeigandi geti fengið að sitja í óskiftu búi. Við leyfi þetta, sem veitt er með bréfi og engin borgun greidd fyrir, skal ávalt hnýtt þeirri ákvörðun, að það gildi þangað til fengist geti yfirlýsing erfingja þess, sem eigi er viðstaddur, og svo úr því, ef hann veiti samþykki sitt.

1) Sjá l. nr. 17, $^{8}/_{10}$ 1903, 6. gr.

nú skulu talin, og sem hingað til hafa verið tekin fyrir í leyndarráðinu: — 1) veita eftirgjöf eða lækkun á sektum, þegar sektin eigi nemur 50 rd. — 2) veita leyfisbréf til ættleiðingar, þó að börn séu til eða annað afkvæmi, en þá má eigi arfur sá, er ættleiðingurinn fær, meiru nema en því, er ættleiðendur samkvæmt gildandi lögum geta ánafnað honum í erfðaskrá. — 3) veita leyfi til að upphæðir þær, sem lagðar eru inn í láns- eða sparisjóði eða aðrar slíkar stofnanir, og vexti af þeim, skuli eigi mega kyrrsetja eða hald á þær leggja meðan þær standa þar inni, svo og leyfi handa slíkum stofnunum, sem þeim er nefndar voru, til að láta selja við opinbert uppboð án undanfarinnar lögsóknar eða dóms, en eftir að auglýsing hefir verið um það birt í einstökum blöðum með hæfilegum fyrirvara, lausafjármuni, er þær hafa fengið að veði, en óinnleystir kunna að vera eftir að gjalddagi er liðinn hjá. — 4) veita leyfisbréf til algjörs hjónaskilnaðar, þegar hjónin í mörg ár hafa verið skilin að samvistum án þess þó að hafa samið um það fyrirfram á formlegan hátt, svo og þegar hjónin eftir samkomulagi fyrir amtmanni hafa verið skilin að borði og sæng í 3 ár eða lengur. — 5) veita leyfisbréf til algjörðs hjónaskilnaðar, þegar annað hjónanna hefir orðið vitskert og lítil eða engin von er um að því batni, og má eins veita leyfið fyrir það þótt beiðandinn sé svo fátækur, að honum eigi verði gjört að skyldu að leggja neitt til framfæris vitskertri konu sinni. 1864 23. des.

Tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi[1]). 1866

Vér Chr. IX. o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al- 5. jan.

1) Sbr. tilsk. 4/3 1871.

1866 5. jan. þingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver um sig í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eða önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Þeir eiga því svo oft, sem ástæða virðist til þess vera, einkum á haustin þá fé kemur af afrétt, og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar, að láta fram fara almenna rannsókn fjárins svo víða sem nauðsynlegt þykir. — **2. gr.** Amtmanni[1]) skal á hendur falið eftir uppástungum lögreglustjórans að kveðja til hæfilega menn í hverjum hrepp hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því að komast að raun um heilbrigðisástand fjárins, og eins í því að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Ef slíkir menn ekki fást innanhrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hrepp eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórarnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem í 1. grein er rætt um. — **3. gr.** Hreppstjórarnir og aðstaðarmenn þeirra skulu, eftir því sem amtmaður gjör ákveður, fá hæfilega borgun, þó ekki yfir 1 rdl. 48 sk. hver um daginn, fyrir störf þau, er þeir eftir áður sögðu eiga að gegna, að því leyti þau hafa í för með sér verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra[2]). — — — **4. gr.** Ef vart verður slíkrar veiki sem að ofan er um rætt, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fé verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fé, og hið allra fyrsta taka það til lækninga; svo skal og því fé haldið sér, sem líkindi eru til að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal þegar skýra lög-

---

1) Sbr. tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904 I, 11.
2) L. nr. 40, $^{8}/_{11}$ 1901.

reglustjóranum frá því, sem gjört hefir verið, og skal þá lögreglustjóri gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á. — **5. gr.** Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem ofangreindar ákvarðanir leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því ábyrgð til sekta eftir úrskurði amtmanns. — **6. gr.** Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eftir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð[1]). — — — **7. gr.**[2]) Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, sem á honum hvíla eftir næstu grein á undan, þá skal hann sæta sektum alt að 20 rd., og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur. Allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eftir úrskurði amtmanns. Ef slík atvik eru fyrir hendi, að grunur sé á, að hlutaðeigandi ætli að skjóta eigum sínum undan fjárnáminu, þá má kyrsetja þær eður svo mikið af þeim, sem þarf til að borga með áfallinn kostnað. Ef eigi fæst full borgun, þá skal skjóta til því, sem vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á. — **8. gr.** Sektir þær, sem um er getið í þessari tilskipun, falla til fátækra á þeim stað, er lagabrotið hefir verið framið. 1866 5. jan.

Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi. 26. jan.

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, bjóðum Vér og

1) L. nr. 40, $^{8}/_{11}$ 1901.
2) Sömu lög.

1866 26. jan. skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sé hann ófermdur[1]). Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar og aðrir forráðamenn. — **2. gr.** Enginn vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þó skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir. — **3. gr.** Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv. — **4. gr.** Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í héruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eftir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar. — **5. gr.** Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húshóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár. — Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur um 5—10 rdl. — **6. gr.** Húsbóndi skal, nema öðruv si sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup. — Ef húsbóndi vitjar ekki hjús á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda alt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúið ekki

1) Sbr. l. nr. 9, $^{12}/_{6}$ 1882, 7. gr.

lengur bundið við vistarráðin, og varðar það hús- 1866
bónda eftir 11. gr. Hið sama er og ef hjúið flytur 26. jan.
sig sjálft á hann og hann ekki vill veita því viðtöku án lögregra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka. — **7. gr.** Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í víst til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum: — 1) Ef hjúið, eftir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur. — 2) Ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu alt fram að þingmaríumessu eður lengur. — 3) Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa. — 4) Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réði það til sín. — **8. gr.** Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina er húsbóndi vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eftir 12. gr. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur. — Nú getur hjúið eigi farið í vistina þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það því eftir 12. gr. — **9. gr.** Nú flytur húsbóndi eftir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þing-

1866 26 jan. mannaleiðir á landi eða 5 vikur sjóar burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, þá er því eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða. — **10. gr.** Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eftir skildaga, þá skal hann ef önnur lög ekki ákveða meiri hegningu eftir því, sem málið er lagað, sektast um 2 til 25 ríkisdali og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu alt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. — **11. gr.** Ef húsbóndi riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvenmanns þriðjungi minna. — **12. gr.** Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið. — **13. gr.** Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (11. gr. sbr. 30. gr.). — **14. gr.** Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eftir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups. — **15. gr.** Hve mikið hjúið

skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. — Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt upp í kaup sift, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum. — Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundrað, virða þá eftir verðlagsskrár meðalverði. — Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda. — **16. gr.** Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröftum. — Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. — **17. gr.** Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum. — **18. gr.** Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka, er það lézt kunna, er það réðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemdir, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann

1866 26. jan.

1866 26. jan. biður fyrir það að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu sem skaðabótunum nemur. — **19. gr.** Fyrir óhlýðni, þrjósku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eður þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rdl.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 5—50 rd., nema svo sé að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum. — **20. gr.** Hjú eru undir húsaga þangað til þau eru orðin 16 ára. Sé húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 19. gr., fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin. — **21. gr.**[1]) Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum. — **22. gr.**[1]) Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eftir að það er frá honum farið. Eftir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rdl., nema hann hafi bakað sér þyngri hegning eftir öðrum lögum. — **23. gr.**[1]) Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sé legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma,

1) Sjá l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 16.—18. gr.

þá skal hjúið einskis í missa af kaupi sínu; en fatl- 1866
ist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það 26. jan.
kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erfingjar þess eigi heimting á kaupi eftir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaupi, áður en það varð ófært til verka. — **24. gr.**[1]) — — — **25. gr.**[2]) Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eftir 22. gr., eður og þyngri hegning eftir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins. — **26. gr.**[3]) — — — **27. gr.** Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina: — 1) Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu, eður aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum. — 2) Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmensku í því, sem það á að gjöra. — 3) Ef hjúið tælir börn eða vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnilega hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi, — 4) Ef hjúið af varmensku skemmir eigur húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi. — 5) Ef hjúið sýnir af sér fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu. — 6) Ef hjúið er aftur og aftur svo drukkið, þrátt fyrir áminning húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka. — 7) Ef hjúið með illindi eður rógi raskar friði og reglu á heim-

1) Sjá l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 19. gr.
2) Sjá sömu lög, 20. gr.
3) Sömu lög, 21. gr.

1866 ilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminn-
26. jan. ingar húsbóndans. — 8) Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur. — 9) Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífernis. — 10)Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann réð það til sín. — 11) Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft lézt kunna, er það réðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa. — **28. gr.** Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. gr., eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu réttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þess skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér. — **29. gr.** Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni: — 1) Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu. — 2) Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eður lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann. — 3) ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. — 4) Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. — 5) Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma. — 6) Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu. — 7) Ef húsbóndinn flytur af landi burt. — **30. gr.** Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið,

og matarverð 10 álnum, ef það er karlmaður, en 1866
þriðjungi minna, ef það er kvenmaður, fyrir hvern 26. jan.
mánuð þrítugnættan, sem eftir er vistarverunnar. Auk þess skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu. — **31. gr.** Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurétt til kaups og matarverðs eftir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár[1]). — **32. gr.** Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó má eigi vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gera fjárnám hjá húsbónda ef hann eigi mótmælir kröfunni[2]). — **33. gr.** Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengist hjá húshónda eftir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu. — **34. gr.** Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 25. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðn- 26. jan.
Isafirði[3]).

Vér Chr. IX,, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.**[3]) — — — **3. gr.**[4]) Nefnd þessi á hér eftir samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786 5. gr.

1) Sbr. lög $^{12}/_{4}$ 1878, 83. gr. b. 5.
2) Sbr. l. $^{16}/_{12}$ 1885, um lögtak o. s. frv., 1. gr. aftast.
3) Lög nr. 26, $^{16}/_{11}$ 1907.
4) Sbr. sömu lög við eftirfarandi greinar.

1866 26. jan. að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til jurtagarða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð kaupstaðarins. Síðan lætur bæjarfógetinn mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aftur til kaupstaðarins. — Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er sýslumaður áður hefir mælt út; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum. — 4. gr.[1]) Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: — A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbygð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aftur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aftur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því ris, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sé nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amt-

1) L. nr. 23, $^{20}/_{10}$ 1905, 3. gr.

mannsins. — B.[1]) — — — C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Ennfremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum og sér í lagi hæð undir loftum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæmlega að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grant reglum þeim, sem þeim eru settar. — D.[2]) Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan. — E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rd. til 25 rd. til fátækra á þeim stað, eftir úrskurði lögregludómsins; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um bygg- 1866 26. jan.

1) L. nr. 23, $^{20}/_{10}$ 1905, 1. gr.
2) Sömu lög, 4. gr.

1866 ingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því, sem hér að
26. jan. framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka bæturnar alt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar voru. — **5. gr.**[1]) Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru bygð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

1867 **Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi**
22. marz **við Brákarpoll í Mýrasýslu í Vesturumdæminu á Íslandi** (LfI. 19. b. 605).

1868 **Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að**
17. apr. **flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur**[2]).

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallist á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru: — Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrétti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forréttindi í verzlunarviðskiftum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðtöldum — fram og aftur; skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, er gilda um slíkar siglingar.

1869 **Almenn hegningarlög handa Íslandi**[3]).
25. júní Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa

---

1) Sjá l. nr. 23, $^{20}/_{10}$ 1905, 2. gr.

2) Sbr. lög $^{15}/_{4}$ 1854, 3. gr.

3) Vald það, er stiftamtmanni er falið í lögum þessum, framkvæmir stjórnarráðið alment nú, sbr. l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr.

alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, 1869
til almennra hegningalaga handa Islandi, bjóðum Vér 25. júní
og skipum fyrir á þessa leið:

Fyrsti kapituli. — Akvarðanir til inngangs. — **1. gr.** Eigi skal hegna neinum manni eftir lögum þessum, utan hann hafi orðið brotlegur i einhverju því, sem hegning er lögð við í lögunum, eða er öldungis samkynja einhverju því verki, sem þar er afbrot talið. — **2. gr.** Lögin eiga við um öll þau afbrot, sem framin eru á Islandi, án þess tillit sé haft til þess, hvar sá á heima, sem valdur er að verkinu. — **3. gr.** Einnig skal refsað eftir lögum þessum fyrir afbrot, sem drýgð eru á skipum, er eiga heima á Íslandi, nema því að eins að skipið sé þar á sjó, sem hegningarlög einhvers annars lands ná til. — **4. gr.** Ef að nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, til þess að komast undan lagaforboði, sem þar gildir, fremur erlendis verk það, er bannað er og hegning við lögð í lögum, þá skal hann sæta hinni sömu refsingu, eins og hefði hann unnið verkið á Íslandi. — **5. gr.** Það er einnig brot á hegningarlögum Íslands, ef nokkur af þegnum konungs, sem þar á heima, verður brotlegur erlendis við hið danska riki með landráðum eða drottinsvikum við konung, falsar danska peninga eða býr til eftirmynd þeirra, gjörir á hluta nokkurs dansks embættismanns, er skipaður er í öðru riki, í nokkru því, sem snertir embætti hans, eða hann á nokkurn annan hátt misbrýtur gegn hollustu þeirri og hlýðni, er hann sem þegn er skyldur að sýna. — Sama er og, ef einhver sá, sem er embættismaður á Íslandi, drýgir embættisafbrot utan lands, og eins ef nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, annaðhvort með því að leysa sviksamlega af hendi starfa, sem honum er trúað fyrir, eða á nokkurn annan hátt, sem hegning er við lögð í þessum lögum, meðan hann er utan lands, rýfur nokkra þá skuldbinding, er hann hefir

1869 tekizt á hendur við mann, sem er á Íslandi. — **6. gr.**[1])
25. júní Hafi annars nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, drýgt afbrot í öðru ríki, þá skal stiftamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta höfða mál á móti honum þar, og skal þá dæma sakamanninn eftir þessum lögum. — **7. gr.** Sé höfðað mál á móti manni á Íslandi fyrir misgjörning, og sannist það, að honum hefir verið refsað fyrir hann í öðru ríki, eiga dómstólarnir að hafa tillit til refsingar þeirrar, sem á hann hefir verið lögð utan lands, og er þeim heimilt eftir málavöxtum að gjöra hegninguna vægari en lögákveðið er, eða jafnvel að láta alla hegning falla niður. — **8. gr.** Hafi maður drýgt afbrot bæði á Íslandi og í konungsríkinu Danmörk og mál er höfðað á móti honum á Íslandi út af öllum þeim afbrotum, sem hann þannig hefir framið, þá skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu eftir íslenzkum lögum. — Sömuleiðis skal beita íslenzum lögum, þegar maður, sem er á Íslandi, hefir drýgt afbrot í konungsríkinu, en verður ekki handtekinn fyrir það og sendur þangað sem verkið var unnið, og vegna þess er höfðað mál á móti honum á Íslandi eftir beiðni yfirvalds þess í konungsríkinu, sem í hlut á, eða sá, sem misbrotið er við, sækir hann á varnarþingi hans á Íslandi, þegar svo er, að það eftir íslenzkum lögum er komið undir honum sjálfum að hefja málssókn út af afbrotinu. — **9. gr.** Um sendiboða annara ríkja, útlend herskip og herflokka og um embættisafbrot drýgð af útlendum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi, skal farið eftir hinum almennu reglum í þjóðaréttinum.

Annar kapituli. — Um refsingarnar. — **10. gr.** Hegningar þær, sem má dæma menn í eftir lögum þessum, eru: líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar eða kosningarrétts. Karl-

---

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831, II.

menn á aldursskeiði frá 15 til 18 ára má dæma í hýðing með reyrpriki og börn í hýðing með vendi. — **11. gr.** Taka skal menn af opinberlega með öxi og skal síðan grafa lík hins aftekna í kyrþey. Eigi að taka fleiri en einn af, á enginn þeirra að vera viðstaddur við aftöku hinna. — **12. gr.** Hegningarvinna er tvenn, typtunarhúsvinna og betrunarhúsvinna. — Í typtunarhúsvinnu má dæma menn annaðhvort æfilangt eða tiltekinn áratíma, ekki skemur en 2 ár og ekki lengur en 16 ár; í betrunarhúsvinnu má ekki dæma menn nema tiltekinn tíma, ekki skemur en 8 mánuði og ekki lengur en 6 ár (sbr. þó 64. og 65. gr.). — Sé hegningartíminn jafnlangur, ber að álíta, að báðar þessar hegningarvinnu-tegundir samsvari hvor annari. — **13. gr.** Sé svo, að færa eigi niður í tilteknu hlutfalli refsingu þá, er lögð er við einhverju afbroti, skal líflát talið jafnt 24 ára hegningarvinnu, og æfilöng hegningarvinna jöfn 18 ára hegningarvinnu. — **14. gr.** Hegningarvinnu skal úttaka í hegningarhúsi, er til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar[1]). — Þeir, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, eiga að öllum jafnaði að úttaka refsinguna með því að vinna einir sér í kompu og vera í henni dag og nótt, og skal þá hegningartíminn styttur þannig, að þegar maður er dæmdur í 8 mánaða vinnu, skal færa vinnutímann niður í 6 mánuði, og sé maður dæmdur í vinnu um lengri tíma, skal stytta 3 fyrstu árin um þriðjung og þann tímann, sem um fram er, um helming. Þó skal stjórn hegningarhússins heimilt með samþykki stiftamtmannsins að ákveða, að maður, sem er dæmdur í betrunarhúsvinnu, úttaki hegninguna að öllu eða

1869 25. júní

1) Þessar reglur er að finna í tilsk. $^{28}/_{2}$ 1874, um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, og ennfremur í reglum og dagskrá fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavik, dagsettum $^{23}/_{6}$ 1874 og reglugjörð um matarhæfi þeirra, dags. s. d.

1866 nokkru leyti samkvæmt ákvörðunum þeim, sem sett-
25. júní ar eru um typtunarhúsvinnu, án þess að hegningar-
tíminn sé styttur, þegar svo er, að það af einhverj-
um sérlegum orsökum er álitið skaðlegt fyrir hann
að úttaka refsinguna í kompu út af fyrir sig, eða það
að öðru leyti þykir óhentugt. Sé maður ekki látinn
vinna einn sér í kompu nema nokkurn hluta hegn-
ingartímans, sem á hann er dæmdur, skal að eins
stytta hegningartímann að tiltölu við þann tíma, er
hann hefir setið í kompu einn sér 60 daga samfleytt
eða lengur, og skal hvert tímabil, er þetta hefir átt
sér stað samfleytt, stytt út af fyrir sig eftir reglu þeirri,
sem hér er að ofan. Ekki skal sá tími tekinn til
greina til að stytta hegningartímann, er maður hefir
settur verið í kompu einn sér til refsingar reglusemis
vegna fyrir eitthvað, sem hann hefir látið sér yfir-
sjást í hegningarhúsinu. — **15. gr.** Þegar svo er
fyrirskipað í einhverri ákvörðun um hegningu,
að dómstólarnir megi kjósa um typtunarhúsvinnu
og betrunarhúsvinnu, á að beita hinni síðar-
nefndu hegningunni, er það þykir líklegt, þegar
litið er á aldur sakamannsins, hegðun hans að und-
anförnu og eðli afbrots þess, er hann hefir drýgt, að
einvera og fráskilnaður frá öðrum föngum muni hafa
góð áhrif á hann, en aftur á móti á að dæma saka-
menn þá, sem eldri eru og harðsvíraðri, í typtunar-
húsvinnu, og sér í lagi þá, sem áður hafa úttekið
slíka hegningu, eða margra ára eða ítrekaða betr-
unarhúsvinnu. — **16. gr.** Eigi maður að úttaka sam-
fleytt fleiri en eina betrunarhúsvinnu hegningu, er
hann hefir verið dæmdur í með fleiri en einum dómi,
á að skoða þær sem eina heild þegar stytta skal
hegningartímann fyrir þá sök að hegningin er úttek-
in í kompu út af fyrir sig. Jafnaðarlega má ekki láta
neinn mann sitja einan sér í kompu lengur en $3^1/_2$
ár, og á hann því að úttaka þann hluta alls hegn-
ingartímans, sem er um fram 6 ár, samkvæmt á-

kvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhús- 1866
vinnu, og án þess að sá tíminn sé styttur. Fari sá, sem 25. júní
í hlut á, þess á leit, og sé það sannað með læknisskýrslu, að ekkert sé því til fyrirstöðu vegna heilsufars hans, má stjórn hegningarhússins samt leyfa með samþykki stiftamtmannsins, að hann úttaki líka þann hluta hegningarinnar, sem eftir er, í kompu einn sér, og sé sá tíminn þá styttur um helming. — **17. gr.** Hafi útlendur maður, sem ekki hefir verið að staðaldri í löndum Danakonungs 5 seinustu árin, orðið brotlegur til hegningarvinnu, á einnig að dæma hann til að verða fluttur af landi burt að hegningartímanum afloknum. Eftir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má slíkt hið sama einnig eiga sér stað, þegar útlendur maður er dæmdur til hegningar í fangelsi við vatn og brauð og honum hefir áður verið refsað á Íslandi eða annarstaðar fyrir misgjörninga. — Komi útlendir menn, sem reknir hafa verið úr löndum Danakonungs samkvæmt dómi, til Íslands í leyfisleysi, þá skal þeim refsað með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að einu ári, og skal því næst reka þá aftur úr landi. — Þegar maður er rekinn úr landi, á að brýna fyrir honum, hverju það varði, ef hann komi aftur í leyfisleysi, og skal það bókað í dómsgjörðabókina. — **18. gr.** Þessum fangelsishegningum má beita: einföldu fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fangelsi við vatn og brauð, ríkisfangelsi. — Allar fangelsis-hegningar skal úttaka í opinberu fangelsi samkvæmt því, sem fyrir er mælt um varðhald á mönnum[1]). — **19. gr.** Í einfalt fangelsi má ekki dæma mann skemmri tíma en tvo daga og ekki lengri en 2 ár (sbr. þó 64. gr.). Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, þarf ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. — **20. gr.** Í fangelsi við venju-

1) Sbr. reglur fyrir fanga, sem settir eru til gæzlu í fangelsi það, sem sameinað er hegningarhúsinu í Reykjavík, dags. $^{24}/_{6}$ 1874, og augl. $^{10}/_{7}$ 1876, að því er snertir önnur fangelsi.

1869 25. júní legt fangaviðurværi má ekki dæma skemri tíma en 2 daga og ekki lengur en 6 mánuði. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki fá aðra fæðu en þá, sem tiltekin er í ákvörðununum um varðhald. — **21. gr.** Í fangelsi við vatn og brauð má ekki dæma skemur en 2 daga og ekki lengur en 30 daga. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki neyta annars en vatns og brauðs og salts með brauðinu. Reykja tóbak má hann ekki. — **22. gr.**[1]) Þá, sem eru yngri en 18 ára, má ekki dæma í fangelsi við vatn og brauð, en í stað þess á að refsa þeim, sem eru yngri en 15 ára, með einföldu fangelsi ekki lengur en 60 daga eða með vandarhýðingu, og þeim, sem eru 15 til 18 ára, annaðhvort með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi helmingi lengur, eða með hýðingu með reyrpriki. — **23. gr.** Sé maður dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga eða skemur, á hann að úttaka hegninguna án nokkurs millibils, en sé hegningartíminn 5 dagar, tvisvar sinnum eða oftar, skal veitt 2 daga millibil eftir fimta og tíunda daginn, 3 daga millibil eftir fimtánda og tuttugasta daginn, og 4 daga millibil eftir tuttugasta og fimta daginn. Sé hegningartíminn 6 dagar, skal vera eins dags hlé á hegningunni, þegar 3 fyrstu dagarnir eru liðnir, en sé hann 7, 8 eða 12 dagar, skal sakamaðurinn út taka 4 daga í einu, en hafa hlé fimta daginn. — Þó má stytta millibil þessi, ef sakamaðurinn æskir þess, og læknirinn álítur, að heilsu hans sé ekki hætta búin af því, eða sleppa þeim alveg, þegar hegningartíminn er ekki lengri en 8 dagar. Þegar hegningartíminn er 5 dagar þrisvar eða oftar má hins vegar lengja millibilin alt að 5 dögum, ef hinn dómfeldi æskir þess, og læknirinn álítur, að ástæða sé til þess. — Þá dagana, sem hlé er á hegningunni, skal sakamaðurinn hafður í varðhaldi, nema því að eins að óhult sé um,

1) Sbr. l. nr. 39, 16/11 1907, 5.—7. gr.

að hann fari ekki burtu, því sé svo, skal hann látinn laus. — **24. gr.** Þá, sem eru yfir sextugt, þegar þeir byrja að úttaka hegninguna, á í stað fangelsis við vatn og brauð að setja í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, en þeir hefðu átt að þola hina hegninguna. En ef þeir kjósa heldur að þola fangelsis-hegninguna við vatn og brauð, sem þeir eru dæmdir í, skal það leyft, ef læknirinn álítur, að heilsu þeirra sé engin hætta búin af því. — Einnig skal í öðrum tilfellum, er menn vegna heilsufars síns annaðhvort alls ekki þola að úttaka fangelsis-hegningu við vatn og brauð, eða ekki allan tímann, breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, og á það einnig við um óléttar konur og konur, sem barn hafa á brjósti, þó skulu þær auk venjulegs viðurværis fá helming þess í viðbót bæði í brauði og peningum. — **25. gr.** Eigi maður að út taka fangelsi við vatn og brauð lengur en 30 daga í senn, af því fleiri en einn dómur hefir fallið á hann, skal hann settur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi þann tímann, sem um fram er, eftir hlutfalli því, sem ákveðið er í 26. gr. — Eigi að setja mann, sem verið hefir í fangelsi við vatn og brauð, skömmu seinna í hið sama fangelsi eftir nýjum dómi, skal leita læknisálits um, hvort leggja megi á hann hegninguna þegar í stað eða ekki fyr en nokkur tími er liðinn. Segi læknirinn, að maðurinn þoli ekki að úttaka fangelsis-hegningu við vatn og brauð á ný, fyr en eftir lengri tíma, á að breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. — **26. gr.** Þegar fangelsis-hegning er nefnd í lögum þessum, án þess að nákvæmar sé til tekið um hana, mega dómstólarnir kjósa um þær tegundir þessarar hegningar, sem um er rætt í 19.—25. gr. Ef að bætt er við ákvörðun um, hvert sé hið lægsta stig af einföldu fangelsi, sem beita megi, á samsvarandi takmörkun einnig við um hinar aðrar tegundir af fang- 1869 25. júní

1869 25. júní elsis-hegningu. — Fjögra daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 6 daga einfalt fangelsi samsvarar eins dags fangelsi við vatn og brauð. — **27. gr.** Þegar fangelsis-hegningu er beitt, merkir dagur sama sem sólarhring eða 24 stundir, og mánuður rímmánuð. Þess ber einnig að gæta, að maðurinn sé látinn laus um sama leyti dags og hann var settur inn. — **28. gr.** Ríkisfangelsi er annaðhvort tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 10 ár, eða ævilangt. Þá hegningu skal úttaka í konungsríkinu samkvæmt ákvörðunum þeim, sem þar gilda, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt. — **29. gr.** Ríkisfangelsi og einfalt fangelsi um jafnlangan tíma samsvara hvort öðru. Eins mánaðar hegningarvinna er jöfn 5 daga fangelsi við vatn og brauð. — **30. gr.**[1]) Líkamlegar refsingar eru tvenns konar: hýðing með reyrpriki og hýðing með vendi. — Til hýðingar með reyrpriki skal hafður spanskreyr, er sé hálfur annar þumlungur ummáls og ekki lengri en hálf önnur alin, skal þeirri refsingu beitt við karlmenn, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, ef að álíta má, að þeir geti þolað þá refsingu, og læknis álits hefir verið leitað um það. Í dómum skal ákveðið, hversu mörg höggin skuli vera, þó mega þau ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 25. — Drengir, sem eru 10 til 15 vetra, og stúlkur, sem eru 10 til 12 vetra, skulu hýdd með vendi að fógetanum ásjáandi, og skal sömuleiðis ákveðið í dómum, hversu mörg höggin eigi að vera, en ekki mega þau vera færri en 10 og ekki fleiri en 25. Börn, sem einstök ónáttúra er í, má dæma í tvenn 25 vandarhögg, og skal þá jafna hýðingunni niður á 2 daga. — Við fangana í hegningarhúsinu skal beitt líkamlegum refsingum, þeim sem fyrir verður mælt um í lögunum um hegningarhúsið[2]). — **31.**

1) L. nr. 39, $^{10}/_{11}$ 1907, 6. gr.

2) Sbr. tilsk. $^{5}/_{1}$ 1874, um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.

gr.[1]) Dæma má í sektir frá 1 rd. alt að 1000 rd., og renna þær í hinn sama sjóð og landstekjurnar. Sé fleiri samsekir í einhverju því verki, er sektum varðar, skal hver þeirra um sig dæmdur í sektina. — Fari svo, að maður, sem sektaður hefir verið eftir lögum þessum, borgi ekki alla sektina í ákveðinn tíma, skal í stað sektarinnar koma einfalt fangelsi, er ákveðið hafi verið í sama dóminum, og skal um stærð þeirrar hegningar farið eftir stöðu hins seka og öðrum málavöxtum; þó má ekki ákveða lengra fangelsi en í 30 daga fyrir hverra 50 ríkisdala sekt. Fari sá, sem dæmdur hefir verið, þess á leit við fógeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu. — Hafi sektaður maður verið dæmdur jafnframt í einfalt fangelsi skemur en 12 daga, má samt ekki setja skemra fangelsi við vatn og brauð í stað þess en 2 sólarhringa. Hafi hann verið dæmdur í einfalt fangelsi lengur en 12 daga, og dagatölunni verði ekki fullskift með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal álitinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða meira. — **32. gr.** Hinar almennu refsingar koma hver á eftir annari í þessari röð: líflát, hegningarvinna, fangelsi við vatn og brauð, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, einfalt fangelsi, sektir. — **33. gr.** Þegar svo er fyrir mælt í lögunum, að hækka eigi eða lækka einhverja hegningu, en það verður ekki gjört innan þeirra takmarka, er þeirri refsingartegund eru sett, þá skal beita þeirri refsingu, sem er næst fyrir ofan í röðinni, er hækka á hegninguna, en þeirri, sem næst er fyrir neðan, er lækka skal (sbr. 64. gr.). — **34. gr.** Hafi maður framið eitthvert afbrot, er sú hegning er við lögð, að missa embætti sitt eða sýslun, en hann er ekki lengur, þegar dóm-

1869 25. júní

1) Sbr. l. nr. 43, $^{2}/_{11}$ 1914., 1. gr.

1869 25. júní

urinn er upp kveðinn, í embætti því eða sýslun, sem hann hefir orðið brotlegur í, þá skal honum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu, eða, ef hann eftir það hefir komizt í annað embætti eða sýslun, þá með missi þess embættis eða sýslunar, eftir því sem ástatt er. — Eigi að færa niður hegningu þá að missa embætti sitt eða sýslun, sem tiltekin er í lögunum, skal einnig álíta refsingu þessa jafna fangelsishegningu, er ekki sé vægari en 3 mánaða einfalt fangelsi, eða betrunarbúsvinna. — **35. gr.** Hluti þá, sem orðið hafa til fyrir misgjörning, eða hafðir hafa verið eða ætlaðir til að drýgja afbrot með, má gjöra upptæka með dómi, ef það þykir nauðsynlegt í þarfir hins opinbera. Einnig má kveða á með dómi, að þeir munir skuli gjörðir upptækir, er fengizt hafa fyrir glæp, og enginn á löglegt tilkall til.

Þriðji kapítuli. — Um sakhæfi, neyðarvörn og neyðartilfelli. — **36. gr.**[1]) — — — **37. gr.**[1]) Hafi einhver sá, sem orðinn er fullra 10 ára, en ekki er enn orðinn 15 ára gamall, drýgt afbrot, skal honum refsað því að eins, að ætla megi eftir eðli glæpsins, til að mynda þegar það er dráp, töluverð spjöll á líkama eða heilsu, þjófnaður, rán eða brenna, eða eftir þeim skilningsþroska og því uppeldi, sem sá, er hlut á að máli, hefir fengið, að hann hafi vitað, að verk hans var hegningarvert, og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, ef hann hefði verið orðinn fullra 18 ára. Hegningin fyrir börn á þessum aldri má ekki vera þyngri en 2 ára betrunarhúsvinna. Sé annars svo ástatt, að líkindi sé til að það mætti bæta barnið og koma því á réttan veg með öðrum ráðstöfunum, þá skal stiftamtmanninum vera heimilt að ákveða, að málssókn skuli niður falla, ef að lægsta stig hegningar-

1) Sjá l. nr. 39, $^{10}/_{11}$ 1907, 5. gr.

innar fyrir hinn sama glæp væri ekki nema betrun- 1869
arhúsvinna, ef fullorðinn maður hafði drýgt hann. 25. júní
— **38. gr.** Drýgi maður, sem er 15 til 18 ára að aldri, afbrot, þá skal færa niður hegningu þá, sem lögákveðin er, og það alt að helmingi eftir málavöxtum. Þó má með engu móti leggja þyngri refsingu en 8 ára hegningarvinnu á menn á þessum aldri. — **39. gr.** Þau verk eru vítalaus, sem vitstola menn vinna, eða þeir menn, er skilningur þeirra er svo lítt þroskaður eða svo sljófgaður eða ruglaður, að ekki verður álitið, að þeir hafi verið sér þess meðvitandi, að verkið var hegningarvert, eða þeir menn, sem voru rænulausir, þá er þeir unnu verkið. — Sé höfðað mál út af slíku, má ákveða í dóminum, að gjöra megi þær ráðstafanir, að enginn háski verði að manninum, þó má valdstjórnin nema þær af aftur, ef þær þykja ekki lengur nauðsynlegar, og læknisálits hefir verið leitað um það. — **40. gr.** Vægari refsing en þeirri, sem lögákvegin er, skal beita við bjána eða aðra þá menn, sem, þó ekki vanti þá alla sjálfsmeðvitund, vegna einhvers sérlegs ástands eða ásigkomulags, sem hefir áhrif á sjálfræði þeirra, ekki verður álitið um, að þeir hafi verið svo fullkomlega með sjálfum sér, þegar þeir unnu verkið, að þeim verði gefið það að sök á sama hátt og fullorðnum mönnum og heilum á sálu. — **41. gr.** Það er vítalaust verk, er menn gjöra af neyðarvörn, þegar og að svo miklu leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að standa á móti eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, á mann sjálfan eða annan mann, á æru eða góss, þó skal ekki leyfilegt nema til varnar lífi, heilbrigði eða velferð að beita þeim varnarmeðölum, er þeim, sem á ræðst, er bersýnilegur lífsháski búinn af. — Hafi maður farið út yfir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, verður að meta, hvort honum eftir atvikum verði gefin sök á því, eða hann verði ekki sakfeldur fyrir það vegna þess að hann hafi orðið svo skelfdur

1869 25. júní og forviða, að hann hafi ekki fullkomlega getað gáð sín. Verði honum gefin sök á því, skal þó ekki hinni almennu lögboðnu hegningu fortakslaust beitt fyrir skaða þann, er hann gjörði þeim, sem á réðist, heldur má dæma hann í vægari hegningu, er miðuð sé við það, hversu langt hann hefir farið út yfir það, sem leyfilegt var. — **42. gr.** Taki maður eða spilli eign annars manns til þess að frelsa sjálfan sig eða aðra úr hættu, sem vofir yfir lífi eða heilbrigði, skal það verk vitalaust, ef svo er, að hann hafði ekki annað úrræði til bjargar. — **43. gr.** Eigi leysir það mann undan hegningu, þó hann ekki þekki hegningarlögin, eða hann hafi ranglega haldið, að verk, sem fyrirboðið er í lögum, sé leyfilegt eða jafnvel boðið í samvizkunnar eða trúarinnar lögmáli, eða hins vegar að það, sem boðið er í lögum, sé óleyfilegt af sömu ástæðu, né heldur það, hvað honum hafi til gengið og hvað hann hafi ætlað sér með verkinu. — **44. gr.** Fyrir gáleysisverk skal ekki refsað nema því að eins, að skýlaus heimild sé til þess í hegningarlögunum.

Fjórði kapituli. — Tilraunir til að drýgja misgjörninga. — **45. gr.** Ekki ber að álíta neitt afbrot fullkomnað fyr en alt það er framkvæmt, sem til þess afbrots heyrir að lögum, þó maður sá, er verkið vann, hafi gjört alt það, sem hann ætlaði sér að gjöra til þess að koma fram þeim ásetningi sínum að drýgja afbrotið .— **46. gr.** Hafist maður að nokkuð það verk, er miðar til að vinna að því að koma því til leiðar, að afbrot verði fullkomnað, skal honum, þegar afbrotið ekki er fullkomnað, refsað fyrir tilraun til afbrotsins. — Refsingin fellur samt niður, ef hann af sjálfsdáðum, en ekki vegna tálmana eða einhverrar annarar tilviljunar, lætur af ásetningi sínum að drýgja afbrotið, og hann þar að auki, sé hann búinn að hafast að nokkur þau verk, sem gætu komið til leiðar, að afbrotið fullkomnist, hefir aftrað því,

eða, hafi hann haldið, að hann hafi hafzt slík verk að, þá hefir gjört þær ráðstafanir, sem hann á- 1869 25. júní
leit til þess fallnar að aftra að glæpurinn fullkomnist. — Sé verk þau, sem framin hafa verið, í sjálfu sér afbrot, skal beita þeirri hegning, er við þeim liggur. — **47. gr.** Þegar ekki er öðruvísi fyrir mælt um einstök afbrot, skal refsað fyrir tilraun til afbrota með vægari refsingu að tiltölu en sakamaðurinn hefði tilunnið, ef afbrotið hefði verið fullkomnað. Þá er refsingin er ákveðin, skal sér í lagi hafa tillit til, hvort tilraunin á lengra eða skemra í land til þess að afbrotinu yrði að öllu framgengt, en þó má refsingin aldrei fara fram yfir þrjá fjórðu parta af refsing þeirri, sem í lögum er lögð við afbrotinu.

Fimti kapituli. — Um hlutdeild í misgjörningum. — **48. gr.** Hafi tveir menn eða fleiri hjálpazt til að framkvæma afbrot, skal hverjum þeirra um sig refsað, sem hann sé verksins valdur. En hafi nokkur hluttakari einasta veitt forgöngumanninum liðsinni, er minna er í varið, þá er hann framkvæmdi afbrot sitt, skal beita vægari hegningu að tiltölu, og sé hún ekki minni en helmingur hinnar vægustu og ekki meiri en þrír fjórðu partar hinnar þyngstu hegningar, sem lögð er við afbrotinu í lögum. — **49. gr.** Álíka vægari hegning á við um hvern þann, sem með ráðum eða í verki hefir veitt þeim, sem valdur er að afbrotinu, liðsinni til þess, áður en það er framkvæmt. Þó má færa niður hegningu slíks aðstoðarmanns alt að þriðjungi af lægsta stigi hegningar þeirrar, sem í lögum er lögð við glæp þeim, er aðstoðarmaðurinn hafði í hyggju. — **50. gr.** Sé afbrotið ekki fullkomnað, eiga reglur þær, sem settar eru í 48. og 49. gr. við á þann hátt, að hegningin skal ákveðin að tiltölu við hegningu þá, sem verðskulduð er fyrir tilraun til afbrotsins. — **51. gr.** Sé maðurinn búinn að veita liðsinni til afbrota, en afstýri framkvæmdinni af sjálfsdáðum með því að koma forgöngumanninum til að

1869 láta af glæpnum eða á annan hátt, er hann vítalaus.
25. júní Hafi hann árangurslaust leitazt við að afstýra glæpnum, má færa hegninguna niður fyrir takmark það, sem sett er í 49. gr. — **52. gr.** Hafi maður, án þess hann hafi unnið til þyngri refsingar eftir næstu grein reynt með loforðum, upphvatningum eða öðrum fortölum að koma því til leiðar, að afbrot verði framkvæmt, til að mynda með því að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, eða telja hann af að hætta við það, þá skal hegning hans ákveðin eftir því, sem fyrir er mælt í 49.—51. gr. — **53. gr.** Hafi maður með loforðum, hótunum eða öðrum fortölum unnið annan mann til að drýgja afbrot, og það verður fullkomnað, skal hann sæta sömu refsingu, eins og hann væri sjálfur valdur að glæpnum. Verði glæpurinn ekki fullkomnaður, skal honum refsað eins og hefði hann gjört sig sekan í tilraun til glæpsins. Vægari hegning að tiltölu á við, þegar hvatamanninum ekki tekst að koma hinum til að ráða af að drýgja afbrotið, — **54. gr.** Ef sá, sem unnið hefir annan mann til að drýgja afbrot, fær hann til að hætta við það, er hann vítalaus. Sama er og, ef hvatamanninum að vísu hefir ekki tekizt að fá hann til að hætta við framkvæmdina, en hann samt hefir afstýrt afbrotinu á annan hátt. Hafi hann ekki afstýrt því, skal honum refsað eins og fyrir er mælt í 49. gr.; þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að afstýra glæpnum. — Þeim manni, sem lofað hefir öðrum að framkvæma afbrot, en er ekki enn búinn að gjöra neitt það, er að því lýtur, skal refsað eftir ákvörðununum í 50. gr. sbr. 49. gr. Taki hann loforð sitt aftur, áður en hann hefir hafzt nokkuð að því til framkvæmdar, er hann vítalaus, ef hann afstýrir glæpnum; að öðrum kosti má færa hegninguna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt þegar svo stendur á. — **55. gr.** Hafi tveir menn eða fleiri orðið ásáttir um að hjálpast að að drýgja af-

brot (samtök), skal þeim öllum refsað eins og væru þeir hver fyrir sig valdir að glæpnum, ef hann er fullkomnaður, eða byrjað hefir verið á honum, og það þó að þeir ekki hafi hjálpað til hans með öðru en því að taka þátt í áforminu. Sé ekki byrjað að framkvæma glæpinn, skal refsað fyrir hlutdeild í áforminu eins og fyrir tilraun til glæpsins. — Hafi allir hluttakendur af sjálfsdáðum slitið samtökunum, áður en nokkurt afbrot er drýgt, eru þeir vítalausir. Gangi einhver einstakur hluttakandi úr, er hann sömuleiðis vítalaus, ef hann afstýrir afbrotinu; að öðrum kosti skal refsa honum eftir ákvörðuninni í 49. gr., þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að aftra glæpnum. — **56. gr.** Sá maður, sem, eftir að búið er að fullu að framkvæma afbrot, verður samsekur í því, án þess að hafa lofað neinu um það fyrirfram skýlaust eða þegjandi, með einhverri þeirri athöfn, er miðar til þess að hjálpa þeim, sem drýgt hefir afbrotið, til þess að geta haldið ábata þeim, er hann hefir aflað á ólöglegan hátt, eða verða sjálfur hluttakandi í ábatanum, eða til þess að halda fram á annan hátt hinu ólöglega ástandi, sem glæpurinn er ollandi, skal sæta refsingu, er ekki fari út yfir helminginn af hinni þyngstu, og ekki sé minni en fjórði partur af hinni vægustu hegningu, sem lögð er við glæpnum í lögum. — **57. gr.** Hafi gift kona, sem er saman við mann sinn, af hlýðni við hann látið leiðast til þess að taka þátt í afbroti með honum, má færa hina venjulegu hegningu niður, sem í lögum er lögð við þeirri hlutdeild, og ef að líklegt er, að hún, hefði hún neitað beiðni hans, hefði orðið fyrir illri meðferð af honum, eða neyðzt til að fara frá honum, má jafnvel eftir málavöxtum hlífa henni alveg við refsingu. — Slíkt hið sama er og um aðra, sem eru háðir þeim, sem þeir eru hjá og fá hjá viðurværi sitt án þess endurgjald komi fyrir, og vegna þess hafa látið tæla sig til að taka þátt í glæp með

1869 25. júní

1869 25. júni

þeim, og sömuleiðis um börn, sem eru yngri en 15 ára, og hafa látið þá, sem eldri eru og ætla má að hafi eitthvert sérlegt vald yfir þeim vegna stöðu þeirrar, er þeir standa í við þau, koma sér til að veita þeim liðsinni til misgjörninga. Ekki skulu börn, sem eru yngri en 15 ára, sæta refsingu fyrir hlutdeild þá í afbrotum, sem um er rætt í 56. gr.

Sjötti kapituli. Um það, hvernig eigi að tiltaka hegninguna og færa hana niður, þegar svo stendur á, og um ítrekun misgjörnings. — **58. gr.** Þá er hegningin er tiltekinn innan takmarka þeirra, sem sett eru í lögum þessum, á einkanlega að taka til greina bæði hversu mikil hætta er búin af verkinu, sér í lagi með tilliti til þess, hve nær, hvar og hvernig það er framkvæmt, hversu mikilvægt það er, sem afbrotið hefir beinzt að, og hversu yfirgripsmiklu og stóru tjóni það hefir valdið, og eins hitt, hversu styrkur og einbeittur vilji glæpamannsins hefir verið, hvað honum hefir gengið til verksins, uppeldi hans, aldur og hegðun að undanförnu, hver vandi honum er á hendi við þann, sem hann hefir misgjört við, og hvernig hann hefir farið að ráði sínu eftir að hann hafði unnið verkið. — **59. gr.** Hafi sakamaðurinn verið hafður langan tíma í varðhaldi, og það var ekki því að kenna, hvernig hann hefir hagað sér meðan á málinu stóð, skal það tekið til greina honum til málsbóta, þá er hegningin er ákveðin. Reynist það, að hann hafi ekki unnið til þyngri refsingar en einfalds fangelsis eða fangelsis við venjulegt fangaviðurværi um stuttan tíma, mega dómstólarnir jafnvel kveða svo á, að varðhald það, sem hann hefir setið í, skuli koma í stað hegningar. — **60. gr.** Þegar sekta upphæð er tiltekin, á sér í lagi að taka til greina efnahag sakamannsins. — **61. gr.** Hafi sakamaðurinn, eftir að afbrotið er drýgt, gjört sér mikið far um að afstýra því, að það hafi skaðlegar afleiðingar eða að minsta kosti að minka þær svo sem verður, skal dómstólunum

heimilt, þegar annað fleira er honum til málsbóta, 1869
að færa hegninguna niður fyrir lægsta stigið, sem lög 25. júní
ákveða, en þó ekki niður fyrir helming þess. Slíkt hið sama er og, ef maður af sjálfsdáðum gefur sig fram sem sekan eða samsekan í glæp nokkrum, og segir frá öllu eins og það er. — **62. gr.** Þegar lögin leggja þyngri hegningu við ítrekun glæps en þá almennu, sem ákveðin er, má þó ekki dæma glæpamanninn í hina þyngri hegningu nema því að eins, að hann hafi verið dæmdur í hinu danska ríki fyrir hinn fyrra glæpinn áður en hann varð brotlegur í annað sinn, og hann þar að auki hafi verið fullra 18 ára, þegar hann drýgði hinn fyrra glæpinn. — Þegar liðin eru 10 ár frá því að hann hefir úttekið hina fyrri hegninguna, og þangað til að hann drýgir hið nýja afbrot, skal farið eftir hinum almennu reglum í 58. gr. um það, hvernig tiltaka skuli hegninguna, í stað ákvarðananna um ítrekun.

Sjöundi kapituli. — Um það, er afbrotum lendir saman og um einstök tilfelli, er breyta má hegningunni. — **63. gr.**[1]) Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því að hafa drýgt fleiri afbrot en eitt, skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau sé öll tekin til greina, þá er tiltekin er stærð refsingarinnar; en liggi líflát eða hegningarvinna ævilangt við hinu mesta afbrotinu, sem hann hefir drýgt, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin afbrotin. — Eigi sama hegningar-ákvörðun við um öll afbrotin, má ekki fara út fyrir hæsta stig hennar; eigi þau undir fleiri hegningar-ákvarðanir, skal refsingin sömuleiðis að öllum jafnaði vera innan takmarkanna í þeirri ákvörðuninni, sem setur þyngsta hegningu, en þó má þyngja hana svo eftir málavöxtum, að bætt sé við hana alt að helmingi hennar, ef fleiri en eins konar afbrot hafa drýgð verið

1) Sbr. l. nr. 2, 4/3 1904, 5. gr.

1869 25. júní

og athöfnin er ekki hin sama. — Þó skal dómstólunum heimilt, þegar á að dæma sakamann undir eins bæði fyrir stóran glæp og annan, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að bregða út af þessari reglu og beita jafnvel hinu lægsta stigi þeirrar hegningar, sem lögð er við hinum stóra glæpnum, ef að álíta má, að það eftir málavöxtum sé ærið alls. — **64. gr.** Þegar hin lögákveðna hegning við glæpnum ekki yrði þyngd samkvæmt næstu grein á undan, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningar-tegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningartegund, sem næst er og þyngri, eftir hlutfalli því, sem kveðið er á um í 2. kapítula. — Takmörk þau, sem typtunarhúsvinnu um tiltekinn áratíma eru sett í 12. gr. í öðrum kapítula, skulu þó ekki vera því til fyrirstöðu, að maður, þegar svona stendur á, sé dæmdur í typtunarhúsvinnu alt að 24 árum; slíkt hið sama er um einfalt fangelsi, og má lengja það alt að 3 árum. — **65. gr.** Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt afbrot eður fleiri, uppvís að að hafa drýgt aðra glæpi, áður en hann var dæmdur, á að höfða nýtt mál og dæma hann í hegningarauka, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem afbrotin, er seinna komust upp, hefðu verðskuldað, ef þau hefðu verið tekin með í hinu fyrra málinu. Hafi refsing sú, sem sakamaðurinn áður var dæmdur í, verið hegningarvinna, og hann er ekki búinn að úttaka hana þegar dómur er upp kveðinn í hinu nýja málinu, má dæma hann í hegningarvinnu í viðbót skemri tíma en skemstur er ákveðinn annars í 12. gr. í 2. kap. um hvora tegund hegningarvinnu um sig. — **66. gr.** Um afbrot, sem fangar drýgja í hegningarhúsinu, á að fara eftir lögunum um hegningarhúsið; sömuleiðis eiga hegningarákvarðanirnar í þeim lögum við, er maður, sem dæmdur er í typtunarhúsvinnu æfilangt, og honum er ekki hegning upp gefin, drýgir afbrot að nýju utan hegningarhúss, og ekki liggur líflát við.

Áttundi kapítuli. — Um fyrningu sakar. — **67. gr.** 1866
Ef sakamál er höfðað, og það sannast, að liðin eru 25. júní
2 ár frá því að afbrotið var framið og þangað til að mál var höfðað út af því við dómstólana, eða að mál að vísu hefir verið höfðað, en það hefir ónýtt verið og ekki tekið upp að nýju áður en téður frestur var liðinn, skal falla niður refsing sú, sem til er unnið, ef hún ekki hefði orðið þyngri en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi. — Af þessu leiðir, að ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi. — Þó eiga ákvarðanirnar í þessari grein ekki við um afbrot þau, sem rætt er um í 13. kapítula. — **68. gr.** Hegningin fyrir afbrot, sem ekki ber að höfða mál út af af hálfu hins opinbera, eða hið opinbera því að eins á að fylgja málinu fram, að sá æski þess, sem misgjört er við, fellur ekki að eins niður samkvæmt hinni almennu reglu, sem sett er í 67. grein, heldur einnig þegar sá, sem misgjört er við, lætur líða 1 ár frá því að hann komst að, hver gjört hefir á hluta hans, án þess að höfða mál útaf afbrotinu eða krefjast, að það sé höfðað. Hafi sá, sem misgjört er við, að vísu hafið málsóknina í tækan tíma, en málið hefir ónýtt verið eða hann hefir hætt við það, getur hann ekki höfðað mál að nýju, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrra málið var ónýtt eða hætt var við það, ef að téður 1 árs frestur þá er á enda. — **69. gr.** Um afbrot, sem börn hafa framið yngri en 15 ára, skal ekki hefja málssókn, ef að það ekki hefir gjört verið, áður en sá, sem í hlut á, er orðinn 18 ára, og það þó hegningin yrði þyngri en kveðið er á í 67. grein. Sé höfðað mál á móti manni, sem er orðinn 18 ára, og það sannast, að hann hefir framið afbrot það, sem um er að ræða, áður en hann varð fullra 15 ára, fellur hegningin

1869 25. júní

niður. — **70. gr.** Sé ekki höfðað mál út af afbrotum, sem ungir menn á aldursskeiði frá 15 til 18 ára hafa framið, fyr en sá, sem í hlut á, er orðinn 25 ára, fellur niður hegning sú, sem hann hefir unnið til, ef að sú verður niðurstaðan, að, ef átt hefði að kveða dóminn upp, áður en hann var orðinn fullra 18 ára, hefði hegningin ekki orðið meiri en hýðing með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Eigi verkið undir hegningar-ákvörðun, sem ekki hefði heimilað þyngri hegningu en hýðingu með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef að hefði átt að kveða dóminn upp, áður en sá var orðinn fullra 18 ára, sem í hlut á, skal ekki höfða mál til refsunar, ef að málsóknin ekki hefir verið byrjuð, áður en hann var orðinn fullra 25 ára. — **71. gr.** Sök fyrnist ekki í öðrum tilfellum en þeim, sem um er rætt í 67.—70. gr. Þó skal stiftamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta sleppa að höfða mál út af afbroti, þegar liðin eru 10 ár frá því að það var drýgt. Hafi verið haldið rannsóknarprót, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, á vegna þess að senda stiftamtmanninum það, og sker hann úr, hvort hefja skuli málssókn; en komist ekki upp, fyr en búið er að höfða mál á móti grunuðum manni, að 10 ár voru liðin frá því að afbrotið var drýgt áður en honum var birt stefnan, á dómstóllinn að skýra stiftamtmanninum frá málinu, og ákveður hann, hvort að eigi að dæma málið. Sé liðin 10 ár frá því að hegningardómur var upp kveðinn, má ekki framkvæma hann nema að boði stiftamtmannsins.

Níundi kapituli. — Um landráð. — **72. gr.** Veki maður uppreisn eða gjöri samsæri við önnur ríki í þeim tilgangi að koma hinu danska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, eða brjóta nokkurn hluta þess undan Danmerkur krónu, hefir hann fyrirgjört lífi sínu. — Hver sem tekur þátt í þvílíkri

uppreisn, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 1869
3 ár. — **73. gr.** Gjöri maður í öðrum tilgangi en um 25. júní
er rætt í 72. gr. samtök við stjórn í öðru ríki til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við hið danska ríki, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt, ef byrjað er á fjandsamlegum tiltækjum eða ófriður hefir hafizt, en að öðrum kosti hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár. — En gjöri maður hinu danska ríki til miska eða tjóns samtök við stjórn í öðru landi til þess að koma henni til að hlutast um málefni ríkisins eða fara fram á kröfur við það, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi alt að 10 árum. — **74. gr.** Hver sá, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því, eða á annan hátt en um er rætt í 72. og 73. gr. stuðlar til þess, að önnur ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við hið danska ríki eða hlutist heimildarlaust um málefni þess, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi alt að 6 árum eða, þegar miklar málsbætur eru, öðru fangelsi, en þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, og því að eins að hann hafi ekki unnið til þyngri refsingar eftir reglum þeim, sem settar eru í 4. og 5. kapítula. — **75. gr.** Hver sá, sem, þegar ófriður er í landi, svikur kastala eða aðra varnarstaði, herskip eða herlið, opinbera sjóði, hertýgjabúr, forðabúr eða forða af vopnum eða öðru, sem til hernaðar þarf, í hendur fjandmannanna, eða skýrir þeim frá fyrirætlunum hershöfðingjanna, ásigkomulagi eða ástandi kastala eða annara varnarstaða, eða segir þeim frá orðtaki eða bendingum í hernaði, og sömuleiðis hver sá, sem tælir hermennina til uppreisnar eða til þess að slást í lið við fjandmennina eða til þess að yfirgefa stöðu, sem þeim er trúað fyrir, safnar liði handa fjandmönnunum eða ber þeim njósnir — skal sæta lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt eða, þegar málsbætur eru, ákveðinn áratíma, þó ekki skemur en 10 ár. — Veiti

1869 25. júní nokkur maður, þegar ófriður er, fjandmönnunum liðsinni á annan hátt í orði eða verki, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár. — 76 gr. Beri nokkur danskur þegn, þegar ríkið á í ófriði, vopn á móti því eða bandamönnum þess, þá varðar það lífláti, ef mjög miklar sakir eru, en annars hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi ekki skemur en 3 ár. — 77. gr. Ráði maður í óleyfi konungs menn til útlendrar herþjónustu, en án þess að 75. gr. geti átt við um það, þá varðar það hegningarvinnu alt að 6 árum, ef ríkið á í ófriði, en annars fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. — Hver sá af þegnum konungs, sem í óleyfi hans lætur ráða sig í útlenda herþjónustu þegar ríkið á í ófriði, en þó ekki hjá fjandmönnum þess, skal sæta fangelsi eða eftir málavöxtum betrunarhúsvinnu alt að 1 ári. — Undir eins og nokkur maður er ráðinn í útlenda herþjónustu, eiga hegningarákvarðanirnar í þessari grein við. — 78. gr. Hver sá, sem tælir nokkurn liðsmann í herliðinu eða skipaliðinu til þess að strjúka eða hjálpar honum til þess, en án þess að 75. gr. eigi við um það, sæti hegningarvinnu alt að 8 árum, ef ríkið á í ófriði, og annars fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að þremur árum. — 79. gr. Verði nokkur maður, sem skyldur er til landvarnar, uppvís að hafa lemstrað sjálfan sig eða gert sig á annan hátt óhæfan til herþjónustu, þá varðar það fangelsi, eða, ef miklar sakir eru, einkum ef ríkið á í ófriði eða á von ófriðar, betrunarhúsvinnu alt að 1 ári. — 80. gr. Sé manni á hendur falið í erindagjörðum ríkisins að semja eða gjöra út um eitthvað við annað ríki og hann breytir af ásettu ráði á móti hag ríkisins í erindagjörðum þessum, þá varðar það hegningarvinnu 3 ár til 16 ára. — 81. gr. Ef að nokkur sá, sem vegna embættisstöðu sinnar hefir færi á að þekkja

leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum er undir komin, segir frá þeim, eða kunngjörir eða lætur uppi við óviðkomandi menn skjöl, sem hann hefði átt að leyna eða geyma, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi, þó ekki skemur en 3 ár. — Fái nokkur annar maður vitneskju um þesskonar samninga, ráðagjörðir eða ályktanir, og segi frá þeim, eða komist hann yfir þess konar skjöl og birti þau, þó að hann ekki gæti verið þess óvitandi, að þetta átti leynt að fara, þá varðar það ríkisfangelsi, eða þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu alt að 8 árum. — 82. gr. Hver sá, sem falsar, ónýtir eða á annan hátt spillir skilríkjum eða öðrum skjölum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, skal sæta hegningarvinnu 3 ár til 16 ára, ef hann vegna embættisstöðu sinnar hafði færi á að komast að þeim, en hafi hann komist yfir þau á annan hátt, varðar það ríkisfangelsi eða, þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu alt að 8 árum. — 83. gr. Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að ráða útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, bana, þá varðar það lífláti eða hegningarvinnu ævilangt eða, þegar málsbætur eru, tiltekinn áratíma, þó ekki skemur en 3 ár. — Ráðist nokkur maður annars á slíkan útlendan landshöfðingja, varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, eitt ár eða fleiri, eftir því hvernig glæpurinn er vaxinn. — Hver sem hótar útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, að ráðast á hann, veður upp á hann með illyrðum eða ávarpar hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, skal sæta betrunarhúsvinnu, ríkisfangelsi eða öðru fangelsi, þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi. — En meiði maður útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, einkum á þann hátt að

1869 25. júní

1869 lasta og smánar þá, sem ríkjum ráða, í prentuðum
25. júní ritum eða drótta að þeim ranglátum og skammarlegum athöfnum án þess að tilgreina heimildarmann sinn, þá varðar það fangelsi eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum. — **84. gr.** Ráðist maður á sendiherra annars ríkis við hirð konungs, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða ríkisfangelsi alt að 2 árum eða öðru fangelsi, ef ekki hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum heimila þyngri refsingu. — Hóti maður slíkum sendiherra árás, vaði upp á hann með illyrðum eða ávarpi hann á annan hátt, er honum er misgjörð í, þá varðar það fangelsi. — Meiði nokkur annars sendiherra með orðum, bendingum eða myndauppdráttum, þá varðar það einföldu fangelsi eða, þegar málsbætur eru, 20—200 ríkisdala sektum. — **85. gr.** Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 83. og 84. gr., nema þeim sem talað er um í 1. og 2. kafla 83. gr., skal ekki höfðuð málssókn af hálfu hins opinbera, nema stjórn sú eða sendiherra, sem í hlut á, krefjist þess, og sé svo, þá að boði dómsmálastjórnarinnar.

Tíundi kapituli. — Afbrot gegn stjórnarskipuninni. — **86. gr.** Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svifta konunginn lífi, frelsi eða konungdómi, þá hefir hann fyrirgjört líf sínu. — Veki maður uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum eða komi til leiðar á annan hátt eða stýri ofbeldisverkum, er miða til að koma fram slíkri breytingu, þá varðar það lífláti eða typtúnarhúsvinnu æfilangt. — Hver, sem tekur þátt í þess konar uppreisn eða ofbeldi, sæti hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár. — **87. gr.** Leitist maður við á annan ólöglegan hátt að koma til leiðar breytingu á stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, þá varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, ef málsbætur eru. — **88. gr.** Sömu refsingu, en samt ekki lengur en í 8 ár, skal sá maður sæta, er með ofbeldi, hótunum um ofbeldi eða á annan ólöglegan hátt leit-

ast við að aftra því, að kosningar fari fram til al- 1869
þingis eða að alþingi komi saman til að gegna störf- 25. júní
um sínum á tilsettum tíma, án þess að 86. gr. samt eigi við um athæfi hans.

Ellefti kapituli. — Afbrot gegn konungi og ættingjum konungs o. fl. — **89. gr.** Verði nokkrum manni sú óhæfa að ráðast á konunginn, þá varðar það typtunarhúsvinnu, ef að hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu. — **90. gr.** Vaði maður upp á konunginn með hótunum, illyrðum eða annari svívirðing eða ávarpi hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, þá varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi í 1 ár og alt að 8 árum. — **91. gr.** Ef að nokkur maður annars með hótunum, smánunum eða annari óhæfilegri aðferð misbrýtur gegn lotningu þeirri, sem ber að sýna konunginum, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu. — **92. gr.** Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að svifta drotninguna, konungsefnið eða ekkju konungs lífi eða frelsi, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu. — **93. gr.** Ráðist maður annars á drotninguna, konungsefnið eða ekkju konungs, þá varðar það hegningarvinnu, ef hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu. — **94. gr.** Verði maður brotlegur við drotninguna, konungsefnið eða ekkju konungs í nokkru því athæfi, sem um er rætt í 90. og 91. grein, skal færa niður hegningar þær, sem þar eru settar, eftir málavöxtum alt að helmingi. — **95. gr.** Sé nokkurt af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—91. grein, drýgt á nokkrum öðrum prinzi, sem arfgengur er eftir lögunum um ríkiserfðir, eða nokkurri prinzessu af dönsku konungsættinni, sem á heima í Danmörku, skal auka hinar almennu hegningar, sem settar eru í lögum þessum alt að helmingi eftir málavöxtum. — **96. gr.** Hver, sem ræðst á alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin,

1869 25. júní eða lætur boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, eigi afbrotið ekki undir 86. gr. — **97. gr.** Til sömu hegningar vinnur hver sá, er á sama hátt misbrýtur við ríkisráðið, þegar það hefur stjórnina á hendi samkvæmt grundvallarlögunum, eða við ríkisréttinn eða hæstarétt. — **98. gr.** Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—95. grein, skal að eins höfðað mál að skipun dómsmálastjórnarinnar.

Tólfti kapituli. — Um brot á móti valdstjórninni og á allsherjarreglu. — **99. gr.** Hver, sem ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki eða út af embættisverki, með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, og eins sá, sem á sama hátt leitast við að neyða embættismann til að gjöra nokkurt embættisverk eða aftra honum frá að gjöra það, skal sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, eða fangelsi, þegar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, nema að afbrotið sé svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — Ef að maður annars gjörir embættismanni tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum. — Þeir menn, er sitja í sveitarstjórnarráðum, og aðrir þess háttar menn, sem kosnir eru til að hafa sýslun á hendi af hálfu hins opinbera, standa jafnfætis embættismönnum að þessu leyti, þegar þeir eru að gegna sýslu sinni. — **100. gr.** Hver, sem verður sekur um ofbeldi eða hótanir um ofbeldi við varðmenn, varðflokka eða aðra hermenn, sem skipaðir eru í sendifarir, eða tálmar þeim að reka erindi sitt, skal sæta refsingu eftir ákvörðununum í 99. gr., þó má færa hegninguna niður eftir málavöxtum alt að mánaðar einföldu fangelsi, þegar eins er ástatt og gjört er ráð fyrir í fyrsta lið greinarinnar. — **101. gr.** Sýni maður sig í nokkurri þess konar mótgjörð, sem vikið er á í 99. grein, við minni háttar réttarþjóna eða lögregluþjóna, tollþjóna, hreppstjóra, stefnuvotta eða aðra þess háttar

sýslunarmenn hins opinbera, þá varðar það betrun- 1869
arhúsvinnu alt að 2 árum, fangelsi, eða sektum, ef 25. júní
málsbætur eru. — Jafnfætis téðum sýslunarmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald boðar sér til aðstoðar við rekstur opinberra starfa. — **102. gr.** Hver, sem veður upp á embættismann eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. grein, með smánunum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum, þegar hann er að gegna embætti sínu eða sýslun eða útaf því, sæti fangelsi eða sektum. — **103. gr.** Þegar á að kveða á um refsingar þær, sem settar eru í 99.--102. grein, ber að taka til greina til málsbóta, ef embættismaðurinn eða sýslunarmaðurinn, sem í hlut á, hefir með röngu atferli sínu gefið tilefni til þess, sem gjört var, og má jafnvel færa fangelsishegninguna niður í sektir, þegar svo er. — **104. gr** Hafi mannsöfnuður látið opinberlega í ljósi í orði eða verki, að þeir ætli sér að hjálpast að að neyða yfirvaldið til þess að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, eða að veitast að að setja sig með ofbeldi upp á móti einhverri ályktun yfirvaldsins, þá skal forgöngumönnunum refsað með hegningarvinnu alt að 6 árum, ef haft hefir verið í frammi ofríki við menn eða fjármuni manna, og öðrum hluttakendum með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. — Hafi ekki verið haft í frammi ofbeldi við menn eða fjármuni manna, en mannsöfnuðurinn ekki hefir viljað hlýðnast áskorun yfirvaldsins að sundrast (105. grein), skal forgöngumönnunum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi. En hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eftir áskorun yfirvaldsins, án þess að óskundi hafi verið gjörður mönnum eða á fjármunum manna, skal að eins refsa forgöngumönnunum, með fangelsi eða með

1869 betrunarhúsvinnu alt að 1 ári. — **105. gr.** Þegar yfir-
25. júní valdið hefir skorað á mannsöfnuð, er saman hefir þyrpzt á almannafæri, þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að sundrast, skal þeim, sem ekki hlýðnast þessari skipun, refsað með sektum eða fangelsi. — Hafi nokkur maður þar að auki ofbeldi í frammi við menn eða fjármuni manna, án þess að 104. gr. geti átt við um það, skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru. — **106. gr.** Taki maður heimildarlaust burtu auglýsingu, sem lest hefir verið upp að yfirvalds ráðstöfun, eða skemmi hana, þá varðar það sektum eða fangelsi. — **107. gr.** Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem heimildarlaust tekur burt eða skemmir af ásettu ráði innsigli eða merki, sem einhver opinber yfirboðari hefir sett á eitthvað í embættis nafni, nema að athæfi hans sé eitthvert annað afbrot út af fyrir sig. — **108. gr.** Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, og sem þeir einir geta beitt, sem hafa eitthvert opinbert embætti, sýslun eða umboð á hendi, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi alt að einu ári, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að til þyngri hegningar sé unnið. — **109. gr.** Frelsi maður fanga úr valdi yfirvalds eða dómara, eða útvegi honum það, sem með þarf til að komast undan eða færi á því, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu, og ef beitt hefir verið ofbeldi eða hótunum um ofbeldi við gæzlumennina, eða ef sá, sem frelsar fangann, lætur hann fá verkfæri til að komast undan með þess konar ofbeldi, getur hegningin komizt upp í 4 ára betrunarhúsvinnu. — Hverjum þeim, sem frelsar mann, sem búið er að handtaka, eða útvegar honum það, sem þarf til að komast undan eða færi á því, skal refsað með sektum eða fangelsi, og getur hegningin komizt upp í 2 ára betrunarhúsvinnu, ef beitt hefir verið ofbeldi. — **110. gr.** Hafi maður fengið áreiðanlega vitneskju um nokkurn þann glæp

á móti konungi, föðurlandi sínu eða stjórnarskipun- 1869
inni, sem um er rætt í 72., 73., 75. og 86. gr., og segi 25. júní
yfirvöldunum ekki frá því, þó að hann hefði getað gjört það, án þess að lífi eða velgengni sjálfs hans eða neins þeirra, sem honum eru nánastir, sé nein hætta búin, þá varðar það fangelsi eða ríkisfangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að glæpurinn verður framkvæmdur. — Með sama skilyrði skal hverjum þeim, sem hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að morð, rán eða annar glæpur, sem lífi manna er hætta búin af, sé fyrirætlaður, refsað með fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að hann ekki gjörir alt, sem í hans valdi stendur til þess að afstýra glæpnum, með því að gjöra þann, sem hætta er búin, varan við eða með einhverju öðru móti, sem við á eftir því, hvernig á stendur, og ef nauðsyn krefur með því að gefa yfirvöldunum það til vitundar. — Ákvarðanirnar í þessari grein eiga þó ekki við um börn yngri en 15 ára, og ekki skal heldur manni eða konu þess, sem misgjörir, systkinum hans, né heldur þeim, sem honum eru skyldir eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, né fósturforeldrum né uppeldisbörnum refsað, þó þau hafi látið fyrir farast að segja yfirvöldunum frá. — **111. gr.** Hver, sem felur mann, sem hann veit að er strokinn fangi, eða að honum er veitt eftirför af hálfu hins opinbera fyrir glæpi, eða hjálpar honum til að flýja, skal sæta sektum eða fangelsi. Fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru, skal sá sæta, sem gjörir ummerki glæps að engu eða dylur þau rétt eftir að nýbúið er að drýgja glæpinn, eða þegar verið er að komast fyrir hann af hálfu hins opinbera. — Samt skal ekki refsa hjónum, systkinum, þeim sem skyldir eru eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, fósturforeldrum né uppeldisbörnum fyrir þess konar athöfn. — **112. gr.** Föngum, sem settir eru til hegningarvinnu, skal refsað fyrir strok og samblástur og fyrir glæpi, er þeir misbrjóta við embættismennina eða þjónana, sem

1869 25. júní skipaðir eru við hegningarhúsið, eftir þeim ákvörðunum, sem um það eru í lögunum um hegningarhúsið. — Hafi aðrir fangar tekið sig saman um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það einföldu fangelsi alt að 2 mánuðum eða öðru fangelsi jafnlengi að tiltölu. — **113. gr.** Ef nokkur maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi tálmar þinghaldi, fundum embættismanna í sveitastjórninni eða öðrum lögboðnum samkomum um opinber málefni, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári. — Sömu hegningu eða sektum eftir málavöxtum skal sá sæta, sem með ofbeldi eða á annan slíkan hátt slítur eða glepur störfin eða umræðurnar á þess konar fundi eða samkomu. — **114. gr.** Raski nokkur kosningarfrelsi manna með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, annaðhvort á þann hátt, að meina manni að neyta kosningarréttar síns til alþingis eða að neyða mann til að greiða atkvæði svo eður svo, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi. — Rangfæri nokkur vísvitandi atkvæðagreiðsluna, þá er kosningar fara fram til alþingis eða kaupi atkvæði manns, þá varðar það fangelsi. — **115. gr.** Hver, sem selur atkvæði sitt, þá er kosningar fara fram til alþingis, gjaldi sektir og fyrirgjöri kosningarrétti sínum í fyrsta skifti um 5 ár, í annað sinn fyrir fult og alt. — **116. gr.** Sé nokkuð af því, sem um er rætt í 114. gr., aðhafzt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru. — Selji maður atkvæði sitt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það sektum, og hefir hann fyrirgjört kosningarrétti sínum í þeim málefnum í fyrsta skifti um 5 ár og í annað sinn fyrir fult og alt. — **117. gr.** Taki maður sér sjálfur ólöglega þann rétt, er hann hefði átt að leita dómstólanna um, þá varðar það sektum, ef ekki hefir verið unnið til þyngri refsingar eftir öðrum lagaákvörðunum. Út af slíkri sjálftöku skal ekki höfða opinbera málsókn.

Þrettándi kapituli. — Um afbrot í embættisfærslu[1]). 1869
— **118. gr.** Ef nokkur embættismaður heimtar, tekur 25. júní
á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, fyrir embættisverk sín, en hann þó ekki að öðru leyti með því brýtur í neinu á móti embættisskyldu sinni, þá varðar það sektum ekki minni en 25 rd., einföldu fangelsi eða embættismissi. — **119. gr.** Ef að nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi fyrir að brjóta á móti embættisskyldu sinni í einhverju, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu. — **120 gr.** Hver sem gefur, lofar eða býður embættismanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, er hann með því brýtur á móti embættisskyldu sinni, skal sæta fangelsi eða sektum. — **121. gr.** Hverjum þeim dómara, er í dómarastörfum sínum heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sér gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, skal refsað með embættismissi, og þar á ofan, ef miklar sakir eru, með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu. — Verði dómnefndarmaður brotlegur í hinu sama í þeim störfum sínum, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi. — **122. gr.** Hverjum, sem mútar eða leitast við að múta dómara eða dómnefndarmanni, skal refsað með fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, ef mjög miklar sakir eru, ef að hann hefir ekki unnið til þyngri hegningar eftir öðrum lagaákvörðunum. — **123. gr.** Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 118.—122., skal dæma sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í, gjafir þær eða ávinning, sem látið hefir verið í té, eða jafnvirði þess. — **124. gr.**[2]). Gjöri dómari sig vísvitandi

1) Sbr. l. nr. 2, $^{4}/_{3}$ 1904. 2) Sbr. N. L. 1-5—8, tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 23. og 33. gr., l. nr. 2, $^{13}/_{1}$ 1882, 6. gr.

1869 25. júni sekan í nokkru ranglæti í dómarastörfum sínum, þá varðar það embættismissi og hegningarvinnu alt að 10 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemur en 1 ár. — **125. gr.** Embættismanni, sem beitir embættisvaldi sínu til þess að neyða nokkurn mann á ólöglegan hátt til þess að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógjört, skal refsað með einföldu fangelsi, eða með embættismissi þegar miklar sakir eru, ef athæfi hans ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því. — **126. gr.** Embættismanni, sem beitir höggum og barsmíði eða öðru ofbeldi, þegar hann er að gegna embættisstörfum sínum, skal refsað með sektum eða einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **127. gr.** Ef að rannsóknardómari í sakamáli beitir ólöglegri þvingun til þess að kúga mann til játningar eða sagna, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum, ef málsbætur eru. — **128. gr.** Dómara, sem setur eða lætur setja mann í fangelsi ólöglega, eða heldur honum þar að ólögum lengur en vera ber, skal refsað með einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða með embættismissi, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því. — **129. gr.** Hver sá embættismaður, sem að ólögum setur mann fastan, rannsakar heimili manns eða tekur til sín bréf eða önnur skjöl og rannsakar þau, eða lætur gjöra nokkuð af þessu, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi, eða missa embætti sitt, ef miklar sakir eru. — **130. gr.** Verði svo fyrir mælt í íslenzkum stjórnarskipunarlögum, að hver sá maður, sem handtekinn er, skuli færður fyrir dómara áður en tiltekinn tími sé liðinn, að einnig skuli kveða upp dómsúrskurð innan tiltekins tíma um það, hvort handteknum manni skuli haldið í varðhaldi, að ekki megi setja mann í fangelsi til gæzlu fyrir yfirsjónir, sem ekki varða miklu, og að til rannsókn-

ar á heimili manns eða kyrsetningar og rannsóknar á bréfum og öðrum skjölum þurfi dómsúrskurð, nema eitthvert lagaboð heimili undantekning frá því, þá skal sá gjalda sektir, er út af því bregður, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **131. gr.** Ef að embættismaður kemur til leiðar, ályktar eða heldur áfram sakamálsrannsókn á móti manni, sem hann veit að er sýkn saka, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru. — Sömu hegningu skal sá embættismaður sæta, sem vísvitandi lætur framkvæma á manni refsingu eftir dómi án þess að skeyta um það, sem fyrirskipað er í lögum um að skjóta dóminum til æðra dóms eða um eftirgjöf hegningarinnar af konungi. — Hafi hin síðarnefnda yfirsjón orðið af gáleysi, þá varðar það sektum eða einföldu fangelsi. — **132. gr.** Ef að embættismaður, sem er í því embætti, að hann á að stuðla til að halda uppi hegningarvaldinu, lætur af ásettu ráði farast fyrir að hefja málssókn út af hegningarverðu verki eða gjörir eða vanrækir eitthvað til þess að koma til leiðar, annaðhvort að maður verði dæmdur sýkn eða í vægari refsingu eða til að hlífa manni við að taka út hegningu, sem á hann hefir verið lögð, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum ef málsbætur eru, ef að verkið að öðru leyti ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **133. gr.** Hafi embættismaður, sem á að gæta fanga, af ásettu ráði látið fangann komast undan eða stutt að því að hann komist undan, þá skal hann missa embætti sitt, og, ef miklar sakir eru, þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu. — Hafi það orðið af gáleysi eða hirðuleysi, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi. — **134. gr.** Hafi nokkur embættismaður, sér eða öðrum í hag eða öðrum til meins, tilgreint nokkuð í bókum þeim, sem fylgja embætti

1869 25. júní

1869 25. júní hans, er aldrei hefir gjörzt, eða tilgreinir eitthvað öðruvísi en það hefir gjörzt, semur skjöl, sem hann á að gjöra eftir embættisbókum sínum, svo að efnið raskast, falsar, ónýtir eða aflagar á annan hátt skjöl, sem honum er trúað fyrir eða hann kemst að vegna embættisstöðu sinnar, þá varðar það embættismissi og þar á ofan hegningarvinnu alt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki vægara en 6 mánaða einföldu fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið að öðru leyti, að þyngri hegning liggi við því. — 135. gr. Hafi embættismaður gjört nokkuð af því, sem um er rætt í 134. gr., án þess að athæfi hans þó geti átt undir ákvarðanir greinarinnar, eða hafi hann annars látið uppi í embættisnafni rangt vitnisburðarbréf eða ranga skýrslu, eða af ásettu ráði látið hjá líða að geta í vitnisburðarbréfinu eða skýrslunni um atvik, sem verður að álíta að skifti miklu málefni það, er um er verið að ræða, þá varðar það embættismissi, einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða sektum ef málsbætur eru. — 136. gr. Verði nokkur embættismaður, sem hefir opinbert fé undir höndum og er í ábyrgð fyrir því, uppvís að því að það vanti hjá honum upp á það, sem á að vera í sjóðnum, þá hefir hann fyrirgjört embætti sínu. Sé miklar sakir, skal hann þar á ofan sæta betrunarhúsvinnu, og hafi hann strokið með nokkuð af fé því, sem honum úr trúað fyrir, eða hafi reynt til þess, getur hegningin aukist alt að 8 ára hegningarvinnu. — Til hinnar síðast nefndu hegningarinnar hefir hann líka unnið, ef hann hefir leitast við á sviksamlegan hátt að leyna sjóðþurðinum, til að mynda ef eitthvað er af ásettu ráði ranghermt í bókum þeim, sem ætlaðar eru til að rita í þær tekjurnar og gjöldin eða til þess að umsjón verði höfð með tekjum og gjöldum, eða í skrám eða reikningum, eða ef eitthvað af þessu er falsað eða því hefir verið skotið undan, eða ef lagðir hafa verið fram rangir reikningar eða röng reikningságrip eða önnur röng

fylgiskjöl með þeim, eða ranghermt er um, hversu mikið eða hvað sé í tunnum, pokum eða bögglum. — Það, sem nú hefir sagt verið um bresti að því er snertir peninga eða peningamuni, sem embættismanni er trúað fyrir, á einnig við að því er snertir korn, fóður, efnivið og aðra þess konar muni. — Ef að bætt er í sjóðinn því, sem í hann vantaði, áður en þrír sólarhringar eru liðnir frá því að það komst upp, má sleppa að höfða málssókn, ef að aðrar fleiri málsbætur eru, og stjórnarráð það, sem í hlut á, veitir samþykki til þess. — **137. gr.** Hver sá bókunarmaður, endurskoðunarmaður, sjóðumsjónarmaður eða annar embættismaður, sem hilmir yfir með skattheimtumanni, sem hann á að hafa umsjón með, eða að öðru leyti er bendlaður við afbrot hans, er undir sömu ábyrgðina og hegninguna seldur eins og hann. — **138. gr.** Ef að embættismaður, sem á að taka við sköttum eða öðrum opinberum gjöldum, heimtar eða tekur sér til ávinnings við þess konar sköttum eða gjöldum, sem hann veit að gjaldandi annaðhvort alls ekki er skuldugur um eða að hann skuldar minna, þá skal hann missa embætti sitt, og ef miklar sakir eru sæta þar á ofan fangelsi eða betrunarhúsvinnu. — **139. gr.** Ef að nokkur embættismaður, sem hefir póstmálefni á hendi, heimildarlaust rífur upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða bögglum, sem afhent er til flutnings með pósti, eða ef hann er vísvitandi öðrum liðsintur í þess konar athæfi, þá skal hann missa embætti sitt og, ef miklar sakir eru, þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **140. gr.** Hver sá embættismaður, sem segir frá nokkru, er snertir embætti hans og á að fara leynt, skal sæta sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **141. gr.**[1])

1869 25. júní

1) Sbr. l. nr. 33, 3/11 1915, 2. og 4. gr.

1869 25 júní. Embættismaður sá, sem tælir eða leitast við að tæla embættismenn þá, sem undir honum eru, til embættisafbrota, skal sæta þeirri hegningu, sem lögð er við þessum afbrotum, og má þar á ofan eftir atvikum dæma hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu, þegar afbrotið sjálft er ekki svo vaxið, að sú hegning sé við því lögð. — **142. gr.** Ef að embættismaður í öðrum tilfellum en getið er um hér að framan, notar embættisstöðu sína ranglega sér til ávinnings, eða til þess að gjöra nokkuð það, er hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **143. gr.**[1]) Sá embættismaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi. — **144. gr.**[1]) Fyrir vanrækt eða hirðuleysi í embættisrekstri, sem ekki er lögð nein sérstök hegning við í lögum, skal sömuleiðis refsað, ef nokkrum verður það oft á eða ef hann sýnir af sér stórkostlega vanrækt eða hirðuleysi, með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef miklar sakir eru. — **145. gr.**[2]) Það, sem fyrir er mælt hér að framan um embættismenn og um embætti, á einnig við um sýslunarmenn og sýslanir þær, sem þeim er trúað fyrir, en samt þannig, að það má færa hegninguna niður að tiltölu, og að við sýslunarmenn má beita fangelsi eða sektum eftir atvikum í stað embættismissis. — Ákvarðanirnar hér að framan eiga þar að auki ekki að eins við um þá, sem fyrir fult og alt eru skipaðir í embætti eða sýslan, heldur einnig um þá, sem falið er á hendur að veita embætti eða sýslan forstöðu um stundarsakir eða að reka einhvern starfa, sem þar að lýtur, en

---

1) Sbr. l. nr. 33, $^{3}/_{11}$ 1915.

2) Sbr. tilsk. $^{3}/_{6}$ 1796, 10. og 35. gr., tilsk. $^{15}/_{8}$ 1832, 17. gr.

samt þannig, að ef að hefði átt að dæma embættið eða sýslanina af embættismanninum eða sýslunarmanninum, skal fangelsi eða sektir koma í stað þess. 1869 25. júní

Fjórtándi kapituli. — Meinsæri og aðrir glæpir, sem eiga skylt við það. — **146. gr.** Það vitni, sem fyrir rétti ber falsvitni og vinnur eið að því, hvort sem að eiðurinn er tekinn af því eftir framburð þess, eða að það ber vitni samkvæmt áður unnum eiði, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og alt að 10 árum, ef að ekki tjón það, sem vitnið olli eða ætlaði sér að koma til leiðar með falsvitni sínu, er svo vaxið, að það hafi unnið til þyngri refsingar. Ef að vitnið af sjálfsdáðum tekur falsvitni sitt aftur, má beita hegningarvinnu á vægara stigi, og ef miklar málsbætur eru, má jafnvel beita hegningu í fangelsi við vatn og brauð, ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga. — **147. gr.** Hafi maður borið falsvitni fyrir rétti, en ekki verið tekinn eiður af honum, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu; samt má beita hegningu í einföldu fangelsi ekki skemur en 2 mánuði, ef honum er margt og mikið til málsbóta. Ef að hann tekur falsvitni sitt aftur af sjálfsdáðum, má færa hegninguna niður í 8 daga einfalt fangelsi, eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef sérlegar málsbætur eru. — **148. gr.** Hafi maður borið falsvitni í opinberu sakamáli, en það sannast, að málefnið varðaði hann sjálfan, eða að hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri, skal honum ekki refsað, ef hann ekki hefir sannað framburð sinn með eiði; hafi hann verið látinn vinna eið, má refsa honum með fangelsi. — Sannist það annars, þegar einhver hefir borið falsvitni fyrir rétti, að það hefði ekki átt að krefja hann vitnisburðar vegna þess að hann er viðriðinn við málið eða málspartana, á að færa niður hegningar þær, sem settur eru í 146. og 147. gr., og má jafnvel beita sektum að eins, ef hann ekki hefir verið

1869 25. júní látinn vinna eið og málsbætur eru. — **149. gr.** Hafi vitni af eintómu athugaleysi látið hjá líða að segja frá því, sem hann vissi málinu til skýringar, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru. — **150. gr.** Ef að menn, sem skipaðir eru af dómi, yfirvaldi eða öðrum, sem hefir opinbert vald á hendi, til þess að halda skoðunar-, álits- eða virðingagjörðir, láta með eiði eða skýlaust samkvæmt áður unnum eiði uppi þvílika skoðun, álit eða virðingu á móti sannfæringu sinni, skal þeim refsað sem falsvottum. — Verði slíkum mönnum af brigði, sem minna er í varið, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru. — **151. gr.** Hafi málspartur sannað sögu sína fyrir rétti með röngum eiði, skal honum refsað sem falsvotti. En hafi hann að eins ætlað að koma sjálfum sér undan hegningu með þessum ranga eiði, má færa hegninguna niður eftir atvikum, jafnvel niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga, ef eins stendur á og gjört er ráð fyrir í 2. kafla 146. gr. — **152. gr.** Ef að nokkur maður, sem á að sanna nokkuð með eiði fyrir einhverjum, sem hefir opinbert vald á hendi, í öðrum tilfellum en nú hafa nefnd verið, verður sekur í meinsæri, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Kalli hann af sjálfsdáðum aftur falssögn sína, má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga, ef málsbætur eru. — **153. gr.** Það, sem fyrir er mælt hér að framan, á einnig við um ranga skriflega vottun samkvæmt áður unnum eiði, svo og um þvílika vottun með eiði, þar sem skriflegan eið má við hafa eftir lögum. — **154. gr.** Sömuleiðis eiga hegningar-ákvarðanirnar hér að framan við um þá, sem annaðhvort vinna eið á annan hátt en hinn venjulega, sem skipað er fyrir um í lögum, eða sanna sögu sína á einhvern annan hátt, sem kemur í stað eiðs. — **155. gr.**[1]) Hver, sem lýsir

1) Sbr. l. nr. 43, $^{2}/_{11}$ 1914, 1. gr.

einhverju yfir og býðst til að vinna eið að því, eða 1869
gjörir það upp á æru sína og trú, og það er í þeim 25. júní
tilfellum, þar sem slíkt er boðið eða leyft í lögum, skal sæta fangelsi, ef það reynist rangt, sem hann hefir lýst yfir, eða sektum ef málsbætur eru, nema einhver önnur hegning sé við lögð í sérstaklegum lagaákvörðunum. — **156. gr.** Ef að nokkur maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða ber skriflegt vottorð um eitthvað, sem hann ekki veit neitt um, og þetta er ætlað til að vera notað í málefnum, sem varða hið opinbera, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Fimtándi kapituli. Afbrot gegn trúarbrögðunum. — **157. gr.** Hver, sem gjörir gis að eða smánar trúarlærdóma eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafélags, sem er á Íslandi, skal sæta fangelsi, ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru. — **158. gr.** Ef að nokkur maður aftrar með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, að haldin sé guðsþjónustugjörð eða önnur opinber kirkjuleg athöfn, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að ári. — Hver, sem tálmar eða truflar guðsþjónustugjörðina eða einstakar guðrækilegar athafnir með því að gjöra skarkala eða óreglu, skal sæta sektum eða fangelsi. — **159. gr.** Hver, sem raskar grafarhelginni, skal sæta fangelsi, ef athæfi hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Sextándi kapituli. — Afbrot á móti skírlífi. — **160. gr.** Hver, sem drýgir hórdóm, skal sæta fangelsi, eða ef hjónabands sambúðinni er slitið og aðrar málsbætur eru, þá sektum. — Opinber málssókn skal því aðeins höfðuð, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess. — **161. gr.** — Ef að kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það hegningarvinnu ekki skem-

1869 25. júní ur en 2 ár og alt að 6 árum. Þegar miklar málsbætur eru, má samt færa hegninguna niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða ef hjónabandssambúðinni hefir lengi verið slitið eftir leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, svo og ef maðurinn eða konan hafði ástæðu til að halda, að kona sín eða maður væri dáinn, þá niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga. Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, þó að hann eða hún viti, að svo er, skal sæta betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en tvenna 5 daga. En ef maðurinn eða konan, sem áður var ókvæntur eða ógift, vissi ekki um hjónaband hins, þegar hann eða hún gekk að eiga hana eða hann, en heldur samt áfram hjónabandssambúðinni eftir að hann eða hún er orðin þess vísari, þá varðar það fangelsis hegningu. — **162. gr.** Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annara ættingja í beinan ættlegg varðar foreldrana hegningarvinnu í 4 ár og alt að 10 árum og börnin betrunarhúsvinnu, eða fangelsi við vatn og brauð, ef málsbætur eru, ekki skemur en 4 sinnum 5 daga. — **163. gr.** Hver maður eða kona, sem hefir holdlegt samræði við stjúpdóttur sína eða stjúpson sinn eða við nokkurn af niðjum þeirra, eða við tengdadóttur sína eða tengdason sinn eða nokkurs ættingja síns í beinan ættlegg niður á við, skal sæta hegningarvinnu alt að 6 árum. Og ef maður eða kona hefir holdlegt samræði við stjúpu sína eða stjúpa sinn eða nokkurs af foreldrum sínum, eða við móður eða föður konu sinnar eða manns síns eða nokkurn af ættingjum þeirra í beinan ættlegg upp á við, þá varðar það betrunarhúsvinnu alt að 2 árum; þó má færa hegninguna niður, þegar um stjúpbörn og niðja þeirra er að ræða, í fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt

vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi. — **164. gr.** Holdlegt samræði milli þeirra, sem eru eins nátengd og sagt er í næstu grein á undan, en tengdirnar eru sprottnar af holdlegu samræði utan hjónabands, varðar fangelsi, ekki samt vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi. — **165. gr.** Holdlegt samræði milli alsystkina og hálfsystkina varðar hegningarvinnu alt að 6 árum, þó má færa hegninguna niður í fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi, ef þau ekki eru skilgetin systkin, og ekki heldur hafa alist upp á sama heimili. — **166. gr.**[1]). Ef að maður og kona, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giftast án leyfisbréfs, drýgja holdlegt samræði, þá varðar það fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skulu þau, sem eru þannig náskyld eða nátengd, sæta, ef þau giftast án þess að fá fyrst leyfi það, sem til þess þarf. — **167. gr.** Ef að maður misbeitir stöðu sinni til þess að tæla til legorðs fósturdóttur sína eða stúlku, er hann er fjárhaldsmaður hennar eða honum hefir verið trúað fyrir henni til kenslu eða fósturs, þá varðar það hegningarvinnu alt að 6 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef málsbætur eru, ekki skemur en tvenna 5 daga. Hegningin fellur samt alveg niður, ef þau giftast. — **168. gr.** Ef að yfirstjórnari, forstjóri eða umsjónarmaður í fangelsi, hegningarhúsi, ómagahúsi, uppfæðsluhúsi, lækningahúsi eða annari slíkri stofnun fremur saurlífi við kvenmann, sem hann á að hafa umsjón með, þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu að alt að tveim árum, ef miklar sakir eru. — **169. gr.** Hver, sem þröngvar kvennmanni, er ekki hefir neitt óorð á sér, til samræðis við sig með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar í stað, sem henni mundi búinn lífsháski af, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár, eða lífláti ef mjög miklar sakir eru. Sé slík með-

1869 25. júní

1) Sbr. tilsk. $^{23}/_{6}$ 1800.

1869 25. júní ferð höfð á kvenmanni, sem óorð er á, þá skal beitt vægari hegningu að tiltölu, ekki samt vægari en 2 ára betrunarhúsvinnu. — **170. gr.** Komist maður yfir kvenmann með hótunum, sem að visu ekki verða heimfærðar undir 169. grein, en sem þó er ástæða til að halda, að mundu stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfrar hennar eða þeirra, sem henni eru nánastir, í hættu, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum. — **171. gr.** Hver, sem kemst yfir kvennmann, sem er í því ástandi, að hún er svift sjálfræði sínu eða að hún ekki getur staðið á móti samræðinu, skal sæta sömu refsingu og sett er í 169. grein, ef að hann hefir sjálfur komið henni í þetta ástand til þess að komast yfir hana; að öðrum kosti varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á konunni og málsbætur eru. — **172. gr.** Ef að maður fær kvenmann á vald sitt með brögðum eða ofríki til að koma henni til að hafa holdlegt samræði við sig, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum, samt má færa hegningu þessa niður í fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á kvenmanninum og málsbætur eru, en ekki skemur en ferna 5 daga. Hafi það verið gjört til þess að fá hana til að ganga að eiga sig, þá má færa hegninguna niður alt að helmingi eftir málavöxtum. — **173. gr.** Tæli maður kvenmann til holdlegs samræðis með því að telja henni trú um, að þau hafi gifst á lögmætan hátt, eða með því að færa sér í nyt, að hún er í einhverri annari villu, svo að hún heldur að þau hafi samræði í hjónabandi, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum. — **174. gr.** Fremji maður saurlífi með stúlkubarni, sem ekki er orðin 12 ára gömul, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. — **175. gr.** Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 12—16 ára, til saurlífis, skal sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mán-

aða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu alt að 4 árum, ef miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt því að eins hefja, að foreldrar eða forráðamaður krefjist þess. — **176. gr.** Nemi maður ógifta stúlku, sem ekki er orðin 18 ára, á burtu að vilja hennar, en í óleyfi foreldra hennar eða forráðamanns, til þess að fremja saurlífi með henni eða til þess að ganga að eiga hana, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða þá betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, ef tilgangurinn var sá að fremja saurlífi og aðrar miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt ekki hefja, nema foreldrar eða forráðamaður krefjist þess og fellur hún niður, ef sá, sem í hlut á, gengur að eiga stúlkuna með samþykki foreldra eða forráðamanns. — **177. gr.** Ef að nokkur maður, þegar svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 162.—171., 174. og 175. grein, fremur saurlifnaðarverk, en án þess að holdlegt samræði eigi sér stað, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu. — **178. gr.** Samræði gegn náttúrlegu eðli varðar betrunarhúsvinnu. — **179. gr.**[1]). Ef að karlmaður og kvenmaður halda áfram hneykslanlegri sambúð, þó að yfirvöldin hafi ámint þau um að skilja, skulu þau sæta fangelsi. — **180. gr.** Ef að kvenmaður ranglega kennir manni barn, skal hún sæta fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Sömu hegningu skal sá karlmaður sæta, sem ranglega gengst við barni, svo og kvenmaður sá, sem ranglega lætt vera móðir að barni annars kvenmanns. — **181. gr.** Kvenmenn, sem leita sér atvinnu með saurlífi þrátt fyrir áminningu lögreglustjórnarinnar, skulu sæta fangelsi. — **182. gr.** Ef að nokkur karlmaður eða kvenmaður, sem veit eða grunar að hann eða hún hafi fransós, fremur holdlegt samræði við kvenmann eða karlmann, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru. — **183. gr.** Þeir, sem koma saman körlum

1869 25. júní

1) Sbr. tilsk. $^{21}/_{12}$ 1831 V.

1869 25. júní

og konum til samlags, og þeir, sem leyfa karlmanni og kvenmanni inn í híbýli sín fyrir borgun til þess að fremja þar saurlífi, eða í forboði lögreglustjórnarinnar hafa kvenmenn í húsum sínum, sem hafa ofan af fyrir sér með lauslæti, skulu sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi við vatn og brauð. — **184. gr.** Foreldrar, forráðamenn, kennarar eða aðrir, sem tæla til lauslætis börn sín, eða þá, sem þeir eru forráðamenn fyrir eða þeim er trúað fyrir til umsjónar eða fósturs, skulu sæta hegningarvinnu alt að 6 árum. — Ef kvæntur maður þröngvar konu sinni til holdlegs samræðis við aðra menn eða útvegar þeim færi á að komast yfir hana fyrir utan vitorð hennar eða vilja, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Hvetji hann í ávinningsskyni konu sína til þess að hafa holdlegt samræði við aðra menn, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð. — **185. gr.**[1]). Hver, sem birtir á prenti klámrit, skal sæta fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skal sá sæta, sem selur, útbýtir eða dreifir á annan hátt út klámmyndum, eða hefir þær opinberlega til sýnis. — **186. gr.** Hver, sem með saurúglegu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til almenns hneykslis, skal sæta fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu.

Sautjándi kapituli. — Um manndráp. — **187. gr.** Hver sá, sem af ásettu ráði tekur annan mann af lífi, skal sæta typtunarhúsvinnu 8 ár eður fleiri eða æfilangt, eða lífláti ef miklar sakir eru. — **188. gr.** Hafi banamaðurinn unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa refsinguna niður í 2 ára betrunarhúsvinnu, eða fangelsi ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 ár. — **189. gr.** Hafi maður af ásettu ráði veitt öðr-

1) Sbr. tilsk. $^{9}/_{6}$ 1855, 3., 14.—16. gr.

um manni líkamlegar meiðingar og þær hafi leitt hann til bana, þá skal sá, er misgjörði, sæta hegningarvinnu í 2 ár eða fleiri alt að 12 árum, þó hann ekki hafi viljað dauða hins, ef hann samt hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að tiltekt sín mundi verða hinum að bana. — **190. gr.** Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar, er leiða hann til bana, og hann hefir unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður jafnvel í fangelsi, ef aðrar fleiri málsbætur eru, ekki samt vægara en 6 mánaða einfalt fangelsi. — **191. gr.** Hver, sem tekur annan mann af lífi með ráðnum huga, hefir fyrirgjört líf sínu. — **192. gr.** Ef að maður af ásettu ráði drepur föður sinn eða móður eða annan ættingja sinn í beinan ættlegg upp á við, eða ef maður drepur konu sína eða kona mann sinn, og þau eru samvistum, þá varðar það líflát eða typtunarhúsvinnu æfilangt. Samt má færa hegninguna niður í typtunarhúsvinnu í 8 ár, ef sérlegar málsbætur eru, og jafnvel niður í 2 ára hegningarvinnu, ef svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 188. gr. — **193. gr.** Ef að móðir af ásettu ráði deyðir barn sitt óskilgetið í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, þá skal hún sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu; en hafi hún verið búin að ásetja sér á undan fæðingunni að deyða barnið og framkvæmt það síðan, skal beita hegningarvinnu í 4 ár eða fleiri eða æfilangt. — **194. gr.** Óléttur kvenmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu alt að 8 árum. — Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar. — Sé það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 4 ár og alt að 16

1869 25. júní

1869 árum, eða æfilangi ef mjög miklar sakir eru. — **195.**
25. júní **gr.** Ef kvenmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, elur barn í dulsmáli, og það reynist á eftir, að barnið er dautt, en það verður þó ekki sannað, að það hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu, ef ekki liggur að öðru leyti þyngri hegning við athæfi hennar, eða þá fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi. — **196. gr.** Ef að kvenmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, annars fer óviðurkvæmilega að ráði sínu í barnsburðinum, og það reynist á eftir, að barnið er dautt, en það verður þó ekki sannað, að barnið hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. — **197. gr.** Hver, sem deyðir annan mann fyrir brýna beiðni hans, skal sæta betrunarhúsvinnu, eða fangelsi ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi. — Ef nokkur hjálpar öðrum manni til þess að bana sjálfum sér, þá skal hann sæta fangelsi. — **198. gr.** Beri maður út nýfætt barn eðu yfirgefi mann, sem hann átti að sjá um, í því ástandi, að hann getur enga björg sér veitt, þá varðar það betrunarhúsvinnu, eða ef málsbætur eru, einkum ef það verk eigi hefir valdið lífi eða heilbrigði þess, er fyrir hefir orðið, hættu, þá fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Hafi það hlotizt af athöfn þessari, að barnið, sem borið var út, eða maðurinn, sem yfirgefinn var, hafi beðið bana eða töluverða líkamlega skemd (206. gr.), án þess þó að til þess væri ætlazt, má færa hegninguna upp alt að 12 ára typtunarhúsvinnu. — **199. gr.** Sömu hegningu skal sá sæta, sem annaðhvort úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, þegar svo er ástatt, að hann hefði átt að geta séð, að ferðamaðurinn af því mundi komast í það ástand, að hann gæti enga björg

sér veitt. — 200. gr. Ef að manns bani hlýzt af gá- 1869
leysi annars manns, þá varðar það fangelsi, ekki væg- 25. júni
ara en hálfs mánaðar einföldu fangelsi eða sektum, ekki minni en 10 rd., ef að verkið er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. Sé mjög miklar sakir, má beita betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. — 201. gr. Láti nokkur farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem er staddur í lífsháska, þó hann gæti gjört það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs síns í háska, þá varðar það fangelsi eða sektum, ef maðurinn biður bana. Sömu hegningu skal sá maður sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga hengda menn eða druknaða eða þá, sem á annan hátt eru eins og dauðir.

Átjándi kapituli. Um líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar. — 202. gr. Hver, sem veður upp á annan mann með höggum og barsmíði eða öðru líkamlegu ofbeldi, en veitir honum samt ekki áverka eða annan skaða, skal gjalda sektir, ef sá, sem misgjört er við, höfðar mál og krefst þess; þó má beita fangelsis-hegningu eftir málavöxtum, einkum ef ofbeldið hefir verið fyrirhugað. 203. gr. Sé slíkt ofbeldi haft í frammi við foreldra eða aðra ættingja í beinan ættlegg upp á við, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. — 204. gr. Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum, og þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi, þó ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum ef miklar sakir eru. — Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar. — 205. gr. Veiti nokkur öðrum manni áverka eða heilsutjón, en það kveður þó ekki eins mikið að því, eins og gjört er ráð fyrir hér á eftir í 206. gr., þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu

1869 25. júní ef miklar sakir eru, og í tilfellum þeim, sem um er rætt í 203. og 204. gr., má beita hegningarvinnu alt að 4 árum. Hafi ofbeldisverkið ekki verið framið af fyrirhuguðu ráði, má færa hegninguna niður í sektir, ef aðrar málsbætur eru, ekki samt minni en 10 rd. — Í tilfellum þeim, sem hér er rætt um, má málsókn falla niður, ef sá krefur þess, sem misgjört er við, og ekki hefir orðið neitt tjón að marki. — **206. gr.** Ef maður limlestir annan mann, blindar hann eða gjörir heyrnarlausan, eða gjörir honum svo mikinn skaða, að honum verður ónýt hönd eða fótur, auga eða annar limur jafnáríðandi eða að líkams- eða sálarkraftar hans veikjast svo mjög að öðru leyti, að hann er óhæfur til að gegna embættisskyldum sínum eða hversdagslegum störfum annaðhvort fyrir fult og alt ellegar um langan ótiltekinn tíma, þá varðar það hegningarvinnu alt að 12 árum, ef ofbeldismaðurinn annaðhvort vildi gjöra hinum slíkan skaða, eða hann hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að slíkt hlytist af verki hans. — **207. gr.** Hafi maður framið annað eins ofbeldisverk, og um er rætt í 206. gr., í ákaflegri bræði, er sá, sem fyrir ofbeldinu varð, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða annari stórri misgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður í fangelsi ef aðrar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einfalt fangelsi. — **208. gr.** Ef að tveir menn eða fleiri berja hver á öðrum eða hafa í frammi hver við annan annað ofbeldi, sem 202. gr. á við um, og höfðuð er málssókn út af því, þá má hegningar tilverknaður annars málspartsins eða beggja falla niður eftir því hvernig á stendur. — Ef manni er í áflogum gjörður annar eins skaði og 206. gr. ræðir um, má færa hegninguna niður, jafnvel í 2 mánaða einfalt fangelsi, ef málsbætur eru að öðru leyti. **209. gr.** Ef önnur eins líkamleg meiðing og um er rætt í 206. gr. hlýzt af

gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi eða sektum. 1869 25 júní.

Nítjándi kapítuli. Um einvígi. — **210. gr.** Hver, sem heyir einvígi, skal sæta einföldu fangelsi. Ef maður vegur annnan mann eða veitir honum töluverðan áverka í einvígi (206. gr.), þá varðar það að minsta kosti 3 mánaða fangelsi. Hafi þeir komið sér saman um að halda einvíginu áfram, þangað til annarhvor þeirri biði bana, má færa hegninguna upp alt að 5 ára ríkisfangelsi. — Hafi nokkur í einvíginu með því af ásettu ráði að brjóta á móti siðvenju eða samkomulagi valdið bana hins eða veitt honum áverka, þá skal beita hinni almennu lögákveðnu hegningu, sem við á eftir málavöxtum. — **211. gr.** Einvígisvottar skulu sæta einföldu fangelsi ekki skemur en 2 mánuði, ef það var á þeirra vitorði, að halda skyldi einvíginu áfram, þangað til annarhvor biði bana, og þeir hafa ekki staðið á móti því, að slíku samkomulagi væri fram fylgt, eða ef þeir af ásettu ráði brjóta á móti skyldum þeim, er hvíla á þeim eftir siðvenju eða samkomulagi.

Tuttugasti kapítuli. Um að raska frelsi manna. — **212. gr.** Ef að maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi ólöglega neyðir annan mann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gjöra eitthvað, þá varðar það sektum eða fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári ef miklar sakir eru, ef að breytni hans ekki er svo vaxin, að þyngri hegning liggi við henni. — **213. gr.** Hver, sem heimildarlaust bindur mann eða byrgir hann inni eða á annan hátt sviftir hann frelsi sínu, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum ef miklar sakir eru. Hafi þetta athæfi valdið því, að maður hafi verið sviftur frelsi sínu um nokkuð langan tíma, eða það hafi haft skaðleg áhrif á geðsmuni hans eða heilsufar, eða ef maður er fluttur burtu í önnur lönd, eða settur á afskektan stað, svo að hann getur ekki kom-

1869 25. júní izt burtu þaðan af sjálfs síns rammleik, eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá má beita hegningarvinnu á hærra stigi, og ef miklar sakir eru, getur hegningin jafnvel orðið 12 ára typtunarhúsvinna. — **214. gr.** Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 212. gr. og fyrri kafla 213. greinar, skal því að eins höfða opinbera málssókn, að álíta megi, að unnið sé til þyngri hegningar en sekta eða einfalds fangelsis. Hafi verið höfðuð opinber málssókn, og dómendurnir álíta, að ekki sé unnið til þyngri refsingar, skal því að eins kveðið á um hegningu, að sá, sem misgjört er við, krefjist að hinn sé dæmdur, sem málið er höfðað á móti. — **215. gr.** Ef að nokkur með brögðum eða valdi sviftir foreldra eða aðra vandamenn barni, sem er yngra en 15 ára, eða heldur því fyrir þeim, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu alt að 8 árum ef miklar sakir eru, einkum er það er gjört í ábata skyni eða í ósiðsömum tilgangi. — **216. gr.** Að því er snertir refsingu fyrir að verzla með svertingja og hlutdeild í þeim glæp, skal standa við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 3. júlímán. 1835, er hún er borin saman við 2. kap. 12.—17. gr. í lögum þessum.

Tuttugasti og fyrsti kapituli. — Um ærumeiðingar. — **217. gr.**[1]). Ef maður meiðir æru annarsmanns, annaðhvort með því að drótta að honum ástæðulaust, að hann hafi framið þau verk, sem mundu gera hann óverðugan virðingar samþegna hans, eða nefna hann þeim nöfnum, sem að einsværi heimild til, ef hann hefði breytt þannig, þá varðar það sektum frá 10 rd. til 200 rd. eða einföldu fangelsi í hálfan mánuð eða lengur alt að 6 mánuðum. — **218. gr.** Sé þetta gjört á prenti eða á annan þann hátt, að ærumeiðingin breiðist út, eða á þeim

1) Sbr. tilsk. $^{9}/_{6}$ 1855, 3.. 14.—16. gr.

stað eða tíma, að það eykur mjög það, sem meiðandi 1869
er í orðunum, þá varðar það einföldu fangelsi, ekki 25. júní
skemur en 3 mánuði, eða sektum ekki minni en 50 rd. — **219. gr.** Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem hlýtur að verða virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, svo og fyrir hverja móðgun í látæði eða annari athöfn, sem lýsir óvirðingu, skal gjalda sektir alt að 200 rd. eða það varðar einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. — **220. gr.** Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 217.— 219. gr., á þar á ofan að dæma hin óviðurkvæmilegu orð ómerk, ef sá krefst þess, sem misboðið er. — **221. gr.** Ef að móðguninni er snúið upp á þann, sem móðgar, sjálfan, mega dómendurnir annaðhvort dæma báða málsparta eða annan þeirra í vægari hegningu eða jafnvel láta hegninguna falla alveg niður eftir málavöxtum. — **222. gr.** Að skýra svo frá opinberlega um hagi einstakra manna og heimilisástæður, að það raski friði manna á milli, varðar sektum frá 5 rd. til 100 rd. eða einföldu fangelsi alt að 3 mánuðum. — **223. gr.** Hver, sem raskar friðhelgi heimilisins með því að ryðjast heimildarlaust inn í hýbýli annars manns, eða að synja að fara út úr þeim, þegar skorað er á hann að gjöra það, skal sæta sektum alt að 100 rd. eða einföldu fangelsi alt að 3 mánuðum. — **224. gr.** Sömu hegningu skal sá sæta, sem heimildarlaust hnýsist í bréf annars manns. — **225. gr.** Út af athæfi því, sem um er rætt í þessum kapítula, getur enginn höfðað málssókn, nema sá, sem misboðið er, eða sá, sem að lögum hefir heimild til að vera fyrir hans hönd. Sé sá dáinn, sem meiðyrtur er, þá á það hjónanna, sem eftir lifir, foreldrar, börn eða systkin rétt á að höfða málssókn út af meiðyrðunum, hvort sem þau hafa verið látin uppi að honum lifandi eða eftir að hann var dáinn.

Tuttugasti og annar kapítuli. — Um rangar sakargiftir og kærur. — **226. gr.** Hver, sem kemur því

1869 til leiðar með röngum uppljóstri um að lagabrot sé
25. júní framið, að hið opinbera fer að gjöra gangskör að að komast fyrir það, skal sæta fangelsi eða sektum, ef að hann ekki hefir ætlað sér að koma neinu öðru illu á stað með því. — **227. gr.** Hver, sem móti betri vitund segir yfirvaldi frá um mann, að hann hafi drýgt glæp, sem hann er saklaus af, skal sæta fangelsi, eða hegningarvinnu alt að 6 árum eftir málavöxtum, einkum ef líflát eða hegningarvinna er í lögum lögð við glæp þeim, sem sagt var, að drýgður hafi verið. — **228. gr.** Hver, sem ber bersýnilega rangar kærur upp við konung, stjórnarráðin eða yfirvöldin eða við alþingi, skal sæta fangelsi eða sektum, eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári ef miklar sakir eru, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt niðurlagsákvörðuninni í 227. gr. Sé það málaflutningsmaður eða einhver annar embættismaður, sem verður brotlegur á þenna hátt, eða tælir aðra eða hjálpar þeim til þess, þá skal dæma hann þar á ofan eftir atvikum af embættinu. — **229. gr.** Ef að maður hefir óviðurkvæmileg eða ósæmileg orðatiltæki í bænaskrá eða kæruskjali til konungs, stjórnarráðanna eða yfirvaldanna eða til alþingis, þá varðar það sektum. — Sömu hegningu skal sá sæta, sem hefir ritað á bænarskrá eða kæruskjal, að hann hafi samið það, en það er ósatt.

Tuttugasti og þriðji kapituli. — Um þjófnað og gripdeild. — **230. gr.** Hver, sem verður brotlegur í einföldum þjófnaði, skal í fyrsta skifti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, samt má þyngja hegninguna alt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru, einkum ef það, sem stolið er, er mikils virði, ef að innsigli hefir verið brotið, eða hirzla brotin eða stungin upp, eða henni verið lokið upp með þjófalykli eða stolnum lykli, ef stolið hefir verið frá skipbrotsmönnum, í eldsvoða eða þess konar misferlum, eða ef þjófurinn var í þjónustu þess,

sem hann stal frá, eða hann að öðru leyti hafði sér- 1869
legt færi á að drýgja þjófnaðinn vegna einhvers þess, 25. júní
sem þeir áttu saman að sælda. — **231. gr.** Stórþjófnaður varðar hegningarvinnu alt að 8 árum í fyrsta skifti sem hann er framinn; en það er stórþjófnaður: — 1. ef maður stelur hestum, nautpeningi eða sauðfé út á víðavangi eða úr hesthúsum eða búfjárhúsum; — 2. ef maður stelur úr kirkju munum, sem til kirkjunnar heyra eða eru til þess ætlaðir að vera notaðir við einhverja kirkjulega athöfn, svo og ef maður brýtur gjafastokk kirkjunnar upp og stelur úr honum; — 3. ef maður stelur nokkru því, sem sent er með pósti, meðan það er undir umsjón póststjórnarinnar, og heyrir þar undir einnig bréfaþjófnaður; — 4. ef að þjófurinn hefir með ofbeldi, eða stingtólum, þjófalyklum eða stolnum lyklum komist inn í hús, garð, er til þess heyrir, herbergi, lokuð loftsrúm eða kjallararúm eða niður í skip, eða hann hefir gjört það með því að klifra yfir hús, múr eða einhverja aðra slíka girðingu, eða með því að fara inn um glugga, reykháfa eða önnur þesskonar op, sem ekki eru ætluð til að ganga inn um. Hafi þjófurinn á einhvern þann hátt, er nú var sagt, á næturþeli komist inn á einhvern þann stað, er menn búa, eða herbergi, sem þar eru og menn búa í, eða hann hefir læðst þar inn til þess, að geta stolið á næturþeli, á að hafa tillit til þess, þegar hegningin er ákveðin henni til þyngingar; — 5. ef þjófurinn hefir verið undir það búinn, að taka til vopna eða annara þess konar háskalegra verkfæra sér til varnar. — **232. gr.** Hver, sem einu sinni hefir verið dæmdur fyrir þjófnað, og verður síðar brotlegur í einföldum þjófnaði, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en þrenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu alt að 4 árum. — Sé það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, þá varðar það hegningarvinnu 8 mánuði og þaðan af lengur alt að 10 árum. — **233. gr.**

1869 25. júni

Hafi maður tvisvar verið dæmdur fyrir þjófnað, og verði þar á eftir brotlegur í einföldum þjófnaði, skal hann sæta hegningarvinnu alt að 6 árum. Sé það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, skal hann sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur alt að 12 árum. — **234. gr.** Steli maður í 4. sinn eða oftar, þá varðar það hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur alt að 10 árum, ef seinasti þjófnaðurinn er einfaldur, en ef það er stórþjófnaður, þá í 2 ár eða lengur alt að 16 árum, eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru. — **235. gr.** Ef barn stelur, sem er 10[1]) til 15 ára, skal því refsað með hýðingu með vendi eða einföldu fangelsi eða báðum þeim refsingum saman. — **236. gr.** Fyrir að taka burt rótföst tré eða nokkuð af þeim skal refsað eins og fyrir annan þjófnað. — **237. gr.** Ef að hluturinn, sem tekinn er, er svo lítils virði og honum að öðru leyti er svo varið, og atvikunum, þá er hann var tekinn, var svo sérstaklega háttað, að verkið fyrir þessar sakir verður ekki nærri því eins saknæmt og þjófnaður almennt, — t. a. m. ef maður tekur aldin í garði annars manns eða á akri hans, eða matvæli eða drykk til þess að neyta þess þegar í stað, og engin önnur atvik eru, sem gjöra málstað hans verri — þá varðar það sektum alt að 25 rd. eða einföldu fangelsi alt að 1 mánuði. Opinbera málsókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við. — **238. gr.** Ef að maður tekur hlut annars manns á ólöglegan hátt án þess að ætla sér að kasta eign sinni á hann eða svifta eigandann honum, heldur að eins til þess að nota hann til einhvers um tíma, þá varðar það fangelsi eða sektum. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við. — **239. gr.** Hver, sem verður brotlegur í gripdeild, skal sæta sömu hegningu og fyrir þjófnað. — **240. gr.** Verði maður

1) Sjá l. nr. 39, $^{16}/_{11}$ 1907. 5. gr.

brotlegur í hilmingu með því að kaupa eða taka á annan hátt við þjófstolnum munum eða leggja laun- 1869 25. júní
ung á þá, en hann hefir þó ekki gjört það eftir samkomulagi á undan, þá varðar það í fyrsta skifti fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, í 2. skifti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, 3. skifti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga eða betrunarhúsvinnu alt að 3 árum, og verði honum það oftar, þá fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu alt að 6 árum. — **241. gr.** Ef maður leggur í vana sinn að kaupa eða taka á annan líkan hátt við þjófstolnum munum, eða hann hefir það fyrir atvinnuveg, þá skal hann í fyrsta skifti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu alt að 4 árum, og má þyngja hegninguna alt að 8 árum, ef hann verður oftar brotlegur. — **242. gr.** Verði maður annars samsekur með öðrum í þjófnaði, skal honum refsað eftir því sem fyrir er mælt í 5. kap. laga þessara, á þann hátt að, ef hann hefir verið dæmdur áður fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði einu sinni eða oftar, skal ákveða hegninguna að tiltölu við refsingar þær, sem lagðar eru við þjófnaði drýgðum í 2. skifti eða oftar. — Verði maður, sem áður hefir verið dæmdur fyrir aðra hlutdeild í þjófnaði en hilmingu, brotlegur í þjófnaði, má ekki dæma hann í vægari hegningu en þó að hann nú hefði aftur orðið brotlegur í þesskonar hlutdeild. — **243. gr.** Þeir dómar, sem áður hafa verið lagðir á mann fyrir þjófnað eða aðra hlutdeild í þjófnaði en hilmingu, skulu teknir til greina til þyngingar hegningunni, ef hann á eftir verður brotlegur í hilmingu, eins og hefði hann þá verið dæmdur fyrir hilmingu. — Hafi maður, sem nú á að dæma fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði, áður verið dæmdur fyrir hilmingu, má að minsta kosti ekki dæma hann í vægari hegningu, en þó að

1869 hið nýja afbrotið væri hilming. — **244. gr.** Ef maður
25. júní hefir komist ráðvandlega að þjófstolnum munum, en leggur launung á þá, þegar þeim er lýst, og það er líklegt eftir málavöxtum, að honum hafi ekki gengið annað til en uppburðarleysi í svipinn eða hræðsla, skal hann að eins sæta sektum eða einföldu fangelsi, og má hegningin jafnvel falla alveg niður, ef hann kemur sjálfkrafa með munina.

Tuttugast og fjórði kapituli. — Um rán og hótanir. — **245. gr.** Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, tekur af manni eða neyðir út úr manni peninga, fjármuni, skriflega skuldbinding eða annað skjal, sem er undirstaða réttinda, eða gæti bakað þeim, sem á er ráðizt, eða öðrum, skuldbindingar eða svift hann eða aðra réttindum, svo og hver sá, sem hefir slíkt ofbeldi eða hótanir í frammi til þess að fullkomna að komast yfir eign annars manns eða til þess að koma því, sem hann hefir tekið, á vissan stað, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur alt að 10 árum. Hafi manni verið misþyrmt að marki, eða sérlegur háski að öðru leyti verið búinn af verkinu, og ef sá, sem misgjörir, hefir áður verið dæmdur fyrir rán, stórþjófnað eða margítrekaðan þjófnað, getur hegningin komizt upp í 16 ára typtunarhúsvinnu, og sé mjög miklar sakir, þá í typtunarhúsvinnu ævilangt. — **246. gr.** Gjöri maður sig brotlegan í ránskap á sjó eða gjöri út skip til þess, þá varðar það typtunarhúsvinnu ævilangt, eða líflati eftir málavöxtum, einkum ef manns bani hefir hlotiz af atlögunni. — **247. gr.** Hver, sem hótar manni tjóni á lífi, limum, frelsi, æru eða fjármunum í því skyni að afla sér eða öðrum ávinnings, en athæfi hans verður samt ekki heimfært undir 245. gr., skal sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi. — **248. gr.** Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur samkvæmt 245.—247. gr., þar á eftir verður brot-

legur í þjófnaði, þá skulu þeir dómar hafa sömu á- 1869
hrif, og hefðu þeir verið þjófnaðardómar. — Enn 25. júní
fremur skulu áfellisdómar fyrir hlutdeild í ráni og fyrir hilming og aðra hlutdeild í þjófnaði settir jafnfætis hvorir öðrum að því er snertir áhrif þau, er í-trekun glæpa hefir samkvæt 240., 242. og 243. gr.

Tuttugasti og fimti kapituli. — Um ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum og ýmsar misgjörðir samkynja. — **249. gr.** Hver, sem ekki lýsir munum, sem hann finnur, skal sæta fangelsi, og má færa hegninguna upp alt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef mjög miklar sakir eru, sér í lagi ef það verður oftar en einu sinni. Hins vegar má færa hegninguna niður í sektir eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef hluturinn, sem fanst, er lítils virði og öll atvik að öðru leyti eru til afbötunar. — **250. gr.** Ákvarðanir í næstu grein á undan eiga einnig við um þann mann, sem leggur launung á eða kastar eign sinni á fjármuni annars manns, sem á annan hátt eru komnir af hendingu í vörzlu hans. — **251. gr.** Dragi maður undir sig fjármuni af skipbroti eða fari á annan hátt óráðvandlega með þá, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi eða sektum ef málsbætur eru; samt má færa refsinguna upp alt að 4 ára hegningarvinnu ef miklar sakir eru. — **252. gr.** Ræni maður lik, en athæfi hans er samt svo vaxið, að það ekki verður álitið þjófnaður, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum ef miklar sakir eru.

Tuttugasti og sjötti kapituli. — Um svik. — **253. gr.** Ef að nokkur hefir af öðrum manni peninga eða fjármuni með því að segjast vera annar en hann er, eða með því að látast hafa heimild til að reka erindi annars manns, eða ef nokkur tekur sviksamlega við því, sem annar maður heldur að hann sé skyldur til að borga eða selja honum í hendur, af því að sá maður hefir ekki rétta vitneskju um, hvernig á stend-

1869 25. júní ur, eða ef nokkur tælir annan mann með rangri sögusögn til þess að kaupa eða taka við hlut, er hann heldur sé allur annar eða miklu meira virði en hann er, eða ef nokkur tekur vörur að láni, og ætlar sér ekki að borga þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og má þyngja refsinguna alt að 6 ára hegningarvinnu, ef mjög miklar sakir eru, og eins ef manni verður sá glæpur á oftar. — **254. gr.** Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem til þess að halda fyrir manni, því sem hann hefir lögmætt tilkall til, synjar að hafa tekið við því, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni, hvort sem það eru peningar eða annað, eða til leigu eða geymslu eða að veði eða á annan slíkan hátt, sömuleiðis hver sá, sem í sviksamlegum tilgangi þrætir fyrir, að honum hafi verið skilað einhverju aftur eða borgað eitthvað, sem þó hefir verið gjört, eins hver, sem dregur undan og undir sig fjármuni dánarbús, eða dregur dulur á kröfu, sem því ber, og hann er skyldur að segja til[1]), eða kemur fram með ósannar kröfur í dánarbúi eða í öðru því tilfelli, er vænta má, að þær verði teknar gildar af því að þeir, sem í hlut eiga, vita ekki, hvernig á stendur, eða sviftir mann í sviksamlegum tilgangi því, sem hann þarf til að koma fram lögmætri kröfu eða verjast rangri kröfu, með því að ná frá honum skjölum eða eyðileggja þau eða gjöra þau einskis nýt, eða selur eða veðsetur muni sína til málamyndar til þess að svifta skuldheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber. — **255. gr.** Sömu hegningu skal enn fremur hver sá sæta, sem í sviksamlegum tilgangi selur eða veðsetur eða tekur undir sig á annan sviksamlegan hátt, svo eignarréttindi hins rétta eiganda gætu farizt, einhverja þá fjármuni, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni eða leigu eða

1) Sbr. l. nr. 14, $^{20}/_{10}$ 1905, 7. gr.

til geymslu eða umráða eða að veði, eða annar maður hefir eignast eitthvert það tilkall til, að réttindi þau, sem téður gjörningur hefði átt að veita, ekki verða rýmd saman við það, svo og hver sá, sem sviksamlega flytur burtu eða felur kyrsetta fjármuni. — **256. gr.** Hafi maður heimildarlaust notað annars manns peninga í sjálfs síns þarfir, en ekki samt komizt að þeim til þess að geta notað þá með því að brjóta upp innsigli eða lás fyrir þeim, og hann heldur ekki sviksamlega ber á móti því, að hann hafi tekið við þeim, þá er það komið undir þeim, sem misgjört er við, hvort að hann vill láta höfða málssókn út af því, og eins getur hann, þangað til dómur er upp kveðinn, fallið frá að láta halda málinu lengra áfram, og ef að sá, sem misgjörði, bætir það upp, sem hann hefir eytt, áður en dómur hefir verið lagður á málið fyrir lægsta dómstóli, þá fellur allur tilverknaður til hegningar niður. — **257. gr.** Hegningu þeirri, sem sett er í 253 gr., skal sömuleiðis hver sá sæta, sem hefir svik í frammi í spilum, og eins sá, sem hefir af manni peninga eða fjármuni með signingum, þulum, særingum, spám eða fyrir önnur slík hindurvitni. — **258. gr.** Ef að svo lítið kveður að svikum, sem annars hefði átt að refsa eftir 253. gr., eða ef atvikum þeim, er að því liggja, er að öðru leyti svo sérstaklega varið, að þau eru miklu minna hegningarverð en svik jafnaðarlega, má beita hegningu í einföldu fangelsi alt að 2 mánuðum, eða sektum alt að 25 rd., ef sérlegar málsbætur eru. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við. — **259. gr.** Sviksamlegar athafnir, sem eru áþekkar þeim, sem um er rætt í 253.—257. gr., en ekki verða samt álitnar þeim alveg jafnar, varða sektum eða fangelsi. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við. — **260. gr.** Hver, sem dregur undir sig sviksamlega nokkuð, sem sent er með pósti og er undir umsjón hans, skal sæta hegn- 1869 25. júní

1869 25. júní ingarvinnu alt að 8 árum. — **261. gr.** Hver sá, sem hefir nokkur svik í frammi, er hann festir sér eða hefir fest sér ábyrgð á tjóni á sjó eða af eldsvoða eða öðru tjóni, skal sæta hegningarvinnu alt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga, hvar svo sem ábyrgðin er fengin. — **262. gr.** Ef að bú manns er tekið til skifta sem þrotabú, og hann eftir það eða um þær mundir, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrotið vofði yfir, hefst af sérdrægni nokkuð það að, er miðar til þess, að lögmætar eigur eða kröfur búsins ekki renni inn í það, eða að komið verði fram með rangar kröfur við búið, eða ef nokkur maður um það leyti, er síðast var á vikið, útvegar sér ný lán í sama tilgangi, þá varðar það hegningarvinnu alt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga. — **263. gr.**[1] Ef að nokkur maður, sem svo er ástatt fyrir, sem segir í næstu grein á undan, hefst nokkuð það að, er miðar til að draga ólöglega taum sumra skuldaheimtumannanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast á því, t. a. m. með því að selja muni fyrir of lítið andvirði að tiltölu, eða með því að nota það, sem hann hefir undir hendi, til þess að borga sumum skuldaheimtumönnunum fremur öðrum, eða með því að gefa út skjöl, er ættu að gefa sumum af skuldaheimtumönnunum réttindi fram yfir hina, þá er þrotabúinu er skift, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, eða einföldu fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 mánuð. — **264. gr.** Ef að nokkur maður, sem er skyldur að hafa verzlunarbækur, og bú hans hefir verið tekið til skifta sem þrotabú, verður uppvís að að hafa falsað bækur þessar, komið þeim undan eða ónýtt þær, eða fært óráðvandlega til í þær, eða látið í sviksamlegum tilgangi hjá líða að færa til í þær, þá varðar það fang-

1) Sbr. l. nr. 7, 13/4 1894, 26. gr.

elsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. — Hafi sá, sem orðinn er gjaldþrota, sýnt sig í stórkostlegri óreglusemi að því, hvernig hann hefir haldið verzlunarbækur sínar, skal honum refsað í einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. — **265. gr.** Ef að nokkur maður, er bú hans er tekið til skifta sem þrotabú, verður uppvís að að hafa bakað skuldaheimtumönnum sínum mikilvægt tjón með eyðslusamlegum lifnaði, með því að spila um mikið fé, með hættulegum fyrirtækjum, sem eru efnahag hans ofvaxin, eða með annari þess konar gálauslegri breytni, þá skal honum refsað í fangelsi, ef nokkur, sem á skuld að heimta í búinu, fer fram á það. 1869 25. júní

Tuttugasti og sjöundi kapituli. — Um peningafals[1]), um að skrifa eftir skjölum eða falsa þau og um annað fals. — **266. gr.**[2]). Hver, sem býr til eftirmynd danskra peninga eða seðla þjóðbankans, skal sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu, og hver, sem falsar þá, 1 til 6 ára hegningarvinnu. — Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa peninginn eða seðilinn, þó ekki sé búið að láta hann úti. — **267. gr.** Hver, sem býr til eftirmynd útlendra peninga eða útlendra bréfpeninga, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og alt að 8 árum, þó ekki hafi átt að láta þá úti á Íslandi, og hver, sem falsar þá, skal sæta hegningarvinnu alt að 4 árum. — **268. gr.**[3]) Eigi nokkur maður þátt í peningafalsi, sem drýgt hefir verið erlendis með þeim atvikum, að frumkvöðlinum ekki verður refsað í hinu danska ríki, og hlutdeild hans er í því fólgin að koma út falspeningunum á Íslandi, skal hann sæta sömu refsingu og hefði hann sjálfur búið peningana til. — **269. gr.**

---

1) Sbr. l. nr. 14, $^{9}/_{8}$ 1889, l. nr. 16, $^{18}/_{9}$ 1891 og l. nr. 41, $^{8}/_{11}$ 1901.

2) Sbr. l. $^{18}/_{0}$ 1885, 5. gr., peningalög $^{2}3/_{5}$ 1873 (birt með augl. $^{25}/_{8}$ s. á.), 14. gr. og l. nr. 66, $^{10}/_{11}$ 1905, 10. gr.

3) Sbr. peningalög $^{23}/_{5}$ 1873, 14. gr.

1869 25. júní

Ef að nokkur maður lætur úti peninga, sem hann veit eða hefir grun um að sé eftirmyndaðir eða falsaðir, en breytni hans verður samt ekki álitin hlutdeild í sjálfu peningafalsinu, þá varðar það betrunarhúsvinnu alt að 2 árum eða fangelsi. Hafi hann sjálfur haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, skal hann sæta fangelsi eða sektum. — **270. gr.** Hver, sem skrifar ranglega annars manns nafn undir ertðaskrá, samning, skuldabréf, framsal, ávísun, ábyrgð, umboðsbréf, kvittun eða annað þess konar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum réttindi eða losa þá undan skuldbindingum, skal sæta 1 til 8 ára hegningarvinnu; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en ferna 5 daga, ef um lítilræði er að tefla, eða mjög miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef sá, sem misgjörir, hvorki hefir bakað öðrum tjón, né ætlað sér að gjöra það. — **271. gr.** Sé það ríkisskuldabréf, víxlbréf eða annað þess konar skjal, ætlað til ganga manna á meðal, sem glæpurinn hefir komið fram á, þá varðar það 1 til 12 ára hegningarvinnu. — Sömu hegningu varðar það, ef nokkur maður á sama hátt ranglega býr til stjórnarráðs eða yfirvalds úrskurð, dómsgjörðir eða nokkurt annað opinbert skjal, er ætti að setja skuldbindandi reglu eða gjöra út um eitthvað, eða þá hafa lagasönnun í sér fólgna. — **272. gr.** Skrifi nokkur annars manns nafn ranglega undir bænarskrá, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl, sem eftir eðli sínu eru ekki eins mikils varðandi og skjöl þau, sem getið er um í 270. og 271. gr., þá varðar það fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga eða hegningarvinnu alt að 4 árum. — **273. gr.** Samt má færa niður hegningar þær, sem settar eru í 270.--272. gr. um helming eftir málavöxtum, ef að skjal það, er falsað var, hefir ekki verið sérlega hættulegt sökum bersýnilegra galla, sem á því eru. — **274. gr.** Hver,

sem skrifar eftir nafni konungs, skal sæta hegningár- 1869
vinnu, ekki samt skemur en í 2 ár. — **275. gr.** Hver, 25. júní
sem ranglega fyllir eyður í skjali, sem gjört er í nafni annars manns og hann hefir ritað nafn sitt undir, en ekki enn þá ætlast til að væri látið af hendi, eða setur innsigli á það, er þess þarf við til þess að skjalið hafi fult gildi, skal sæta sömu hegningu, eins og hefði hann ritað nafn ranglega undir það. — **276. gr.** Sá, sem falsar efni nokkurs skjals, skal einnig sæta sömu hegningu, og ef hann hefði ritað ranglega nafn annars manns undir það. Sé fölsunin svo auðséð, að menn ekki gætu blekzt af henni, nema af stakri óvarkárni, má færa hegninguna niður alt til helminga eftir málavöxtum. — **277. gr.** Ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann finnur sjálfur upp, eiga við það ákvarðanir þær, sem settar eru um að rita ranglega nafn annars manns undir skjal af sama tagi, en þannig, að hegningin sé færð niður að tiltölu alt að helmingi eftir málavöktum. — **278. gr.** Afbrot þau, sem um er rætt í 270.–277. gr., ber að álíta fullkomnuð, undir eins og falsarinn hefir notað skjalið eða látið það frá sér til þess að annar maður noti það, án þess að tillit sé haft til þess, hvort nokkur maður hefir verið svikinn á því. — **279. gr.** Hver, sem í sviksamlegum tilgangi býr til ranga mæla, kvarða eða vogir eða breytir réttum mælum, kvörðum eða vogum, og eins hver, sem notar þess konar röng eða fölsuð áhöld til þess að svikja menn með þeim, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum. Ef að mjög miklar sakir eru, og eins ef glæpurinn er ítrekaður, má þyngja hegninguna alt að 6 ára hegningarvinnu. — Hver, sem notar í atvinnuvegi sínum vogir eða mæla eða kvarða, sem ekki eru löggiltir á réttan hátt eða hafa breyzt með tímanum eða af sliti, skal sæta sektum alt að 50 rd. í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar verður. — **280. gr.**

1869 25. júní Sömu hegningu og sett er í fyrra lið næstu greinar á undan skal enn fremur hver sá sæta, sem falsar vörur, eða ranglega setur á vörur eða aðra hluti opinberan stimpil eða mark, sem á að vera sönnun fyrir því, að þær séu ósviknar eða góðar, eða með svikum kemur því til leiðar, að slíkur stimpill eða mót sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða setur heimildarlaust mark eða stimpil annars manns á vörur, sem eru miklum mun lakari en stimpillinn eða markið með sér ber[1]). — Sé vörur þær, sem stimpillinn eða mark annars manns hefir verið sett heimildarlaust á, ekki að neinu marki lakari, skal beita hegningu þeirri, sem sett er í seinna lið 279. greinar, og skal þar að auki ekki höfða málssókn út af því, nema sá krefjist þess, sem orðið hefir fyrir órétti með því. Hegningar-ákvörðun sú, er nú var nefnd, skal einnig eiga við um lítilsvarðandi vörufalsanir, er koma fyrir í smáverzlun, og manni að eins hefir verið gjört lítið tjón með. — **281. gr.** Hver, sem í sviksamlegum tilgangi flytur, setur niður eða tekur burtu markasteina ellegar falsar nokkurt annað mark, sem lýsir takmörkum fasteigna eða réttindum, sem þeim fylgja, skal einnig sæta hegningu eftir fyrra lið 279. greinar.

Tuttugasti og áttundi kapituli. — Um brennu. — **282. gr.** Ef að maður leggur eld í hús eða skip, hvort sem það er hans eign eða annars manns, þegar svo er ástatt, að hann hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða það er gjört til þess að stuðla til uppreisnar, ráns eða annars athæfis, sem raskar skipulagi mannlegs félags, eða til þess að koma til leiðar yfirgripsmikilli eyðingu, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, samt getur hegningin orðið líflát, ef nokkur hefir týnzt í eldsvoðanum. — **283. gr.** Leggi maður eld í hús eða

1) Sbr. l. nr. 43, $^{13}/_{11}$ 1903, 13.—14. gr.

skip annars manns, þegar öðruvísi er ástatt, þá varð- 1869
ar það hegningarvinnu í 2 ár og þaðan af fleiri alt 25. júní
að 12 árum. — Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem til þess að svíkja brunabóta ábyrgðina eða í öðrum hegningarverðum tilgangi leggur eld í hús eða skip sjálfs síns eða hús eða skip annars manns að beiðni hans eða með samþykki hans; þó má færa hegninguna niður, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, í 1 árs hegningarvinnu ef málsbætur eru, einkum ef húsið er afskekt og enginn annar býr í því. — Til húsa skal telja ekki að eins þau hús, sem menn búa í eða að öllu eða nokkru leyti eru ætluð til íbúðar, ásamt með útihúsum þeim, sem til þeirra heyra, heldur einnig kirkjur, mylnur, verksmiðjur, forðabúr og öll önnur hús, sem þar eru á borð við. — 284. gr. Hafi verið lagður eldur í skóg, mómýri, heiði, akur eða engi, timbur- eða viðarbyrgðir, korn- eða heyhlaða, kofa eða byrgi, ellegar aðra þess konar hluti, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, ef það, sem kveikt hefir verið í, er mjög lítils virði og málsbætur eru að öðru leyti. — Hafi verið svo ástatt, þegar eldurinn var lagður í, að sá, sem verkið vann, hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða hafi það gjört verið til þess að koma til leiðar öðru eins tjóni eða eyðingu og um er rætt í 282. grein, þá skal beita hegningar-ákvörðuninni í þeirri grein. — 285. gr. Glæpir þeir, sem um er rætt í 282. —284. grein, eru fullkomnaðir, undir eins og kviknað er í þeim hlut, sem glæpurinn er fólginn í að leggja eld í, án þess að það komi til greina, hvort eldurinn hefir læst sig út meira eða minna. — 286. gr. Hver, sem veldur eldsvoða með því að gæta ekki almennrar varkárni, skal sæta fangelsi, en þó fellur sú refsing niður, ef hann bætir skaðann.

Tuttugasti og níundi kapituli. — Um verk, er

1869 skipbrot, flóð eða annað mikið misferli getur hlotizt
25 júní. af. — **287. gr** Hver, sem í þeim tilgangi að villa farmenn eða gjöra þeim skaða, ónýtir, tekur burt eða skemmir vita, sjávarljósker eða annað merki eða mið, sem sett eru upp farmönnum til leiðbeiningar, slökkur vita eða sjávarljósker, setur upp villu-merki eða mið, eða fyllir upp í eða stíflar rétta siglingarleið á sjó eða í vatnsfalli, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár. — Sé nokkuð af því, sem nú var nefnt, að vísu gjört af ásettu ráði en ekki í téðum tilgangi, skal sá, sem misgjörir, sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum ef miklar sakir eru. — **288. gr.** Ef maður veldur skipbroti, eða að skipi hlekkist á á sjó á annan hátt, og svo er ástatt, að mönnum með því er stofnað í bersýnilegan lífsháska, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, og getur hegningin orðið líflát, ef nokkur maður ferst af því. Verði það með öðrum atvikum, skal beita hegningarvinnu á vægara stigi. — **289. gr.** Hver, sem ónýtir eða skemmir vatnsveitustokka eða lætur opið sýki, flóðgarð eða flóðgáttarstíflu eða annað þesskonar vatnsvirki með þeim huga að hleypa vatnsflóði yfir, skal sæta hegningarvinnu alt að 8 árum, samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður ferst af því. — Sé það gjört með ásettu ráði, en ekki í þeim tilgangi að hleypa vatnsflóði yfir, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum ef miklar sakir eru. — **290. gr.** Hver sá, sem af ásettu ráði skemmir járnbraut, flutningstilfærurnar eða hin önnur tæki brautarinnar, leggur eitthvað eða fleygir einhverju á brautina, færir járnsporin úr skorðum, hermir eftir bendingunum, kemur gufuvögnum eða öðrum brautarvögnum heimildarlaust á stað, eða hefst nokkuð annað að, er gæti stofnað flutningnum á brautinni í háska, skal sæta hegningarvinnu alt að 8 árum; samt má hegningin verða þyngri, ef mikill

skaði hlýzt af því og jafnvel líflát, ef nokkur maður 1869
biður bana. — Ef að athöfn hans var svo vaxin, að 25. júní
hún gat ekki stofnað flutningnum í neinn verulegan háska, eða ef ætla má, að það þó hafi verið fjærri hyggju hans og áformi, þá skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, ef mjög miklar sakir eru, ef að engin önnur hegningar-ákvörðun leggur við þyngri refsingu. — **291. gr.** Hafist nokkur maður af gáleysi nokkuð það að, sem um er rætt í 287.—290. grein, þá varðar það fangelsi eða sektum. — **292. gr.** Hafi nokkur maður eitruð eða önnur hættuleg efni í vörur, sem ætlaðar eru til sölu eða til þess að aðrir noti þær, þannig að heilbrigði manna sé þar af hætta búin, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru, einkum ef að nokkur hefir beðið tjón af því ellegar jafnvel látizt, nema að þyngri hegning liggi við eftir einhverri annari hegningar-ákvörðun. — Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem hefir vörur á boðstólum, er hann veit að þess konar efni hafa verið höfð í á téðan hátt. — Verði slíkt af gáleysi, þá varðar það sektum. — **293. gr.** Hver, sem veldur næmum sjúkdómi ellegar því, að hann dreifist út, með því að brjóta á móti lagaákvörðunum, sem settar eru, eða varúðarreglum, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra næmum sjúkdómum eða útbreiðslu þeirra, skal sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að tveim árum, ef miklar sakir eru. — **294. gr.** Verði nokkur maður uppvís að að dreifa út af ásettu ráði næmum sjúkdómi í húsdýrum, þá varðar það hegningarvinnu alt að 8 árum. — Hver, sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra útbreiðslu næms sjúkdóms í húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd. —

1869 25. júní

295. gr.[1]). Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir brýr, ferjur, brunna, vatnsveitustokka, landfestar eða merki, handrið eða annað, sem sett er til þess að afstýra eða vara við hættu á vegi, götu eða öðrum stað, þar sem allir mega koma, skal sæta fangelsi eða sektum.

Þritugasti kapituli. — Um það, er menn ónýta eða skemma eigur annara og um illa meðferð á skepnum. — 296. gr. Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota, t. a. m. gróðursett tré, girðingar, ljósker til að lýsa á strætum eða vegum, leiðarvísa, vörður eða milustikur, skal sæta sektum eða fangelsi. — 297. gr.[2]). Hver, sem af ásettu ráði annaðhvort skemmir rafsegulþráð eða tæki þau, sem til hans heyra, ellegar gjörir nokkuð það, er stöðvar eða veikir straum rafsegulmagnsins eða tálmar notkun tilfæringanna, skal sæta fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru, ekki samt minni en 25 rd., nema að verkið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því. — Verði það af gáleysi, varðar það sektum alt að 50 rd., eða einföldu fangelsi alt að einum mánuði. Samt getur refsingin fallið niður, ef að sá, sem í hlut á, samstundis skýrir næsta lögreglustjóra, eða einhverjum af embættismönnum þeim eða þjónum, sem skipaðir eru til umsjónar vegum eða hraðfréttum, frá hvernig farið hafi. — 298. gr. Ef að nokkur maður annars af ásettu ráði ónýtir eða skemmir eigur annars manns, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að breytni hans ekki á undir aðra þyngri hegningarákvörðun. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að almennum friði hafi verið raskað eða brotið á móti ákvörðunum um lögreglu. — 299. gr.[3])

---

1) Sbr. l. nr. 57, $^{10}/_{11}$ 1907, 60. gr.
2) Sbr. l. nr. 12, $^{20}/_{10}$ 1905; 13. gr., og l. nr. 25, $^{10}/_{11}$ 1907.
3) L. nr. 34, $^{3}/_{11}$, 1915.

Þrítugasti og fyrsti kapituli. — Um málssókn út af misgjörningum, varnarnauðung, skaðabætur o. fl. — **300. gr.** Út af misgjörningum þeim, sem um er rætt í lögum þessum, skal höfða opinbera málssókn, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt. Hafi verið drýgð yfirsjón, sem ekki liggur við þyngri refsing en sektir eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal samt amtmanni[1]) þeim, sem í hlut á, heimilt að láta málssókn niður falla, ef að sá, sem misgjörir, býður fram og greiðir fésekt, sem er innan takmarka sektar þeirrar, er lögð er við yfirsjóninni í lögunum, og amtmanni finst hæfileg eftir málavöxtum, og hann þar á ofan geldur kostnað þann, sem á kann að hafa fallið út af rannsókninni. — **301. gr.** Ef nokkur heitist við annan mann, eða hótar honum brennu eða öðrum óförum, þá eiga yfirvöldin, ef að heitingin eða hótunin ekki á undir neina af hegningarákvörðununum í lögum þessum, og ef sá krefst þess, sem í hlut á, að hlutast um að ákveðið sé með dómsúrskurði, hvort heitingarmaðurinn á að setja veð út af því, og ef svo er, þá hversu mikið, eða, ef hann ekki gjörir það, hvort að eigi að setja hann í gæzluvarðhald á opinberan kostnað. Hafi maður verið dæmdur á þenna hátt til að setja veð, og hann álítur seinna, að nú eigi að leysa sig undan því, af því að málavextir sé orðnir aðrir, á að höfða aftur opinbera málssókn og sami dómstóllinn að skera úr því, nema sá, sem heitzt var við, lýsi því yfir fyrir fóeta, að hann sé því samþykkur, að veðsetningin sé gefin upp. — **302. gr.** Hver, sem verður brotlegur í glæp, er skyldur að gjalda þeim, sem býður tjón, skaðabætur. — **303. gr.** Sá, sem veitir öðrum manni líkamlega meiðing af ásettu ráði eða af því að hann gætir ekki tilhlýðilegrar varkárni, er ekki að eins skyldur að bæta honum upp lækningarkostnað og atvinnumissi, heldur má

1869 25. júní

1) Sbr. tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904 I 1. a.

1869 25. júní dæma hann þar á ofan til að gjalda þeim, sem fyrir skaðanum varð, þóknun, er tiltekin sé í dóminum, bæði fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út, og fyrir óhægindi þau, lýti og óprýði, er leiða kunna af skaða þeim, sem hann hefir beðið. — 304. gr. Sömuleiðis má, ef þess er krafizt, dæma þann, sem veldur dauða annars manns á þann hátt, að honum verður gefin sök á því, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar annaðhvort tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll eða framfærslutillag, er haldist um tiltekinn tíma. — 305. gr. Á sama hátt má eftir atvikum dæma þann, sem hefir meitt æru annars manns eða orðið brotlegur í misgjörningum þeim, sem um er rætt í 167.—176. gr. smbr. 177. gr. í 16. kap. laga þessara, til að gjalda þeim, sem misgjört er við, hæfilega þóknun fyrir, að hann með því hefir farið með eða raskað stöðu hans eða högum. — 306. gr. Hver, sem hefir ofbeldi í frammi við foreldra sína eða ættingja í beinan ættlegg upp á við, hefir fyrirgjört arftökurétti sínum eftir þann, er hann á þann hátt hefir misgjört við, nema sá, sem í hlut á, lýsi yfir þeim skýlausum vilja sínum, að erfðirnar engu að síður skuli standa óhaggaðar. — Verði nokkur uppvís að því að hafa orðið brotlegur við þessa ættingja sína í stórmótgjörðum þeim, sem um er rætt í 217. og 218. gr. í 21. kap. laga þessara, þá skal sömuleiðis, ef gjörð er réttarkrafa um það, dæma hann til að hafa fyrirgjört arftökurétti sínum eftir þann, sem hann misgjörði við. — Í báðum þessum tilfellum má samt með testamentisgjörð að öllu eða nokkru leyti veita þeim, sem misgjörði, aftur arftökurétt þann, sem hann hefir fyrirgjört.

Þrítugasti og annar kapítuli. — Um það, hvenær lög þessi verði gild, um réttarskiftin og það, hverjar eldri ákvarðanir sé úr lögum numdar. — 307. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágústmán. 1870 . . . . [1]). — 1869
308. gr. Ef að glæpur að vísu hefir verið drýgður 25. júní
fyrir þann tíma, sem um er rætt í 307. gr., en ekki búið að upp kveða ályktardóm í málinu út af honum, þá skal kveða á um hegninguna eftir lögum þessum, ef að hún verður vægari eftir þeim en eftir eldri lögunum. — **309. gr.** Ef að maður, sem áður hefi verið dæmdur í hegningu eftir hinum fyrri lögum fyrir glæp, sem lögð er við aukin refsing í lögum þessum, ef hann er ítrekaður, aftur verður brotlegur í sama glæp, þá skal dæma hann í sömu refsing og ef hinn fyrri dómur hefði verið kveðinn upp eftir þessum lögum. — **310. gr.** Upp frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, falla þær ákvarðanir í dönsku lögum Kristjáns konungs V., er nú skal greina, úr gildi, að því leyti sem það ekki áður er orðið: úr 1. bók 4. kap. 6. art., 5. kap. 3. art., 8. kap. 7. og 8. art., 9. kap. 11. art., 13. kap. 9. og 10. art., 14. kap. 1. art., 19. kap. 3. og 6. art., 21. kap. 17. art., 23. kap. 1. art., 24. kap. 4.—7., 10.—16., 29., 48.—50. art., 25. kap. 29. art.; — úr 2. bók 10. kap. 4. art., að því er snertir þá, sem fyrirfara sjálfum sér; — úr 3. bók 1. kap. 6. art., 10. kap. 4. art., 16. kap. 7. art., 9. art. 8. gr. og 16. art. 9. gr., 20. kap. 3. art.; — úr 4. bók 3. kap. 2. art.; — úr 5. bók 2. kap. 87. og 89. art., 3. kap. 11. art., 7. kap. 15. art., 8. kap. 3. og 4. art., 9. kap. 2. og 5. art.; — úr 6. bók. 1. kap. 1. og 3.—13. art., 4.—9. kap., 10. kap. 1. art., 11. kap., 12. kap. 1.—7., 9. og 10. art., 13. kap. 1., 6.—18., 22.—30. art., 14. kap. 1.—6. og 8.—19. art., 15. kap. 1.—8., 13.—22. art., 16. kap., 17. kap. 3., 12., 20.—30. og 32.—41. art., 18. kap., 19. kap. 1.—5. art., 20. kap. 1.—3. art., 21. og 22. kap. — Enn fremur hegningar-ákvarðanirnar í þessum artikulum í dönsku lögum Kristjáns konungs V.: — í

1) Ákvæðin um stundarsakir í þessari grein eru feld úr gildi með tilskipunum $^{28}/_{9}$ 1874 og $^{11}/_{9}$ og $^{24}/_{6}$ 1876.

1869 25. júní 1. bókar 1. kap. 1., 5. og 6. art., 5. kap. 9. art., 8. kap. 4., 5. og 10. art. niðurlagið, 13. kap. 11. og 20. art., 19. kap. 5. og 9. art., 23. kap 6. art., 24. kap. 9., 35., 43. og 55. art., 26. kap. 1. art.; — í 2. bókar 3. kap. 8. art., 5. kap. 20. art., 9. kap. 26. art., 17. kap. 22. art.; — í 3. bókar 1. kap. 2. art., 4. kap. 6. art., 16. kap. 9. art. 7. gr. og 16. art. 2. gr.; — í 4. bókar 2. kap. 13. art., 4. kap. 4. og 5. art., 5. kap. 3. art., 6. kap. 6. art.; — í 5. bókar 2. kap. 78. art., 3. kap. 34. og 37. art., 8. kap. 12. art., 11. kap. 7. art.; — í 6. bókar 13. kap. 2. og 3. art., 14. kap. 7. art., 15. kap. 9., 10. og 12. art., 17. kap. 11. og 15. art. — **311. gr.** Enn fremur fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. gr., það sem nú skal greina af lagaákvörðunum, sem eru yngri en dönsku lög Kristjáns konungs V., og ekki eru áður úr lögum numdar: — tilsk. 4. marzm. 1690 um hegningu þjófa og ótrúrra þjóna; — tilsk. 6. febr. 1694 um að aftra og afstýra óskunda og manndrápi; — tilsk. 31. ágústm. 1695 um vitnisburði og ábyrgð fyrir hjónabandi; — tilsk. 21. sept. 1695 um þá, sem láta menn handtekna fyrir morð eða manndráp sleppa úr varðhaldi; — tilsk. 16. okt. 1697 um refsingu á stórum morðingjum; — bann 23. okt. 1700 gegn því að gefa gjafir og taka við þeim; — 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjármunum 2. gr.; — op. br. 21. maím. 1726 um danska þegna, sem eru í útlendri herþjónustu; — tilsk. 23. des. 1735 um temere litigantes m. fl. 4. og 5. gr.; — tilsk. 9. ágústm. 1737 um aftöku og greftrun sakamanna; — tilsk. 27. jan. 1738 um þyngri refsingu á stórum morðingjum; — tilsk. 17. marzm. 1741 um einvígisboð og hólmgöngur; — tilsk. 9. júlím. 1745 um kennara, sem barna stúlkur, er þeir kenna; — tilsk. 2. sept. 1745 um legorð, framin af ófermdum eða með þeim; — tilsk. 7. febr. 1749, er skýrir nákvæmar ofannefnda tilsk. 16. okt. 1697; — tilsk. 19. marzm. 1751 um

hegning fyrir lauslæti; tilsk. 19. nóv. 1751 um húð- 1869
strykta menn og brennimerkta ; -- tilsk. 1. febr. 1757 um 25. júní
ofnautn brennivíns 7. gr.; — tilsk. 18. des. 1767 um hegningu sakamanna, sem deyða aðra menn til þess að sæta líflati; — tilsk. 21. okt. 1791 um aftöku með öxi; — tilsk. 31. jan. 1794 um það, að menn ætla að óvirðing sé í að flá skepnur 3. gr.; — opið bréf 15. júlím. 1801 um skemdir á landfestahringum o. fl.; — op. br. 19. apr. 1805 um útlenda menn, sem dæmdir eru í hegningarvinnu; — reglugj. 21. nóv. 1810 um yfirsetukonur 41. gr.; — tilsk. 12. júním. 1816 um hegningu í fangelsi við vatn og brauð; — tilsk. 11. marzm. 1818 um bandingja, sem komast út úr hegningarhúsunum o. fl. 4. og 5. gr.; — tilsk. 9. júním. 1819 um ólöglegan liðsafnað; — tilsk. 4. ágústm. 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, er sýnast dauðir, o. fl. 4. gr.; — op. br. 6. okt. 1819 um yfirsjónir gegn sóttvörnum; — tilsk. 15. des. 1820 um bænarskrár og kæruskjöl 4.—7. gr.; — tilsk. 24. sept. 1824 um búshluta missis hegningu o. fl.; — tilsk. 20. apr. 1825 um hegningu fyrir ránskap á sjó 1. og 2. gr.; — aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 82. gr.; — tilsk. 21. des. 1831, II. um aftekning útlegðar-straffsins að fráskildu niðurlagi 2. greinar og 9. grein; — tilsk. 4. okt. 1833 um þau afbrot, er miða til að meiða annara manna líkama og frelsi; — tilsk. 28. des. 1836 um skipströnd 37. gr. IV. nr.; — tilsk. 24. jan. 1838 viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi 3., 4. og 5. (hinar tvær síðast nefndu greinir samt ekki fyr, en þessi lög öðlast fullkomlega lagagildi, sbr. 307. gr.), 6.—8., 9. (hin síðast nefnda greinin heldur ekki fyr en þessi lög öðlast fullkomlega lagagildi), 10. (samt að eins að því er snertir yfirsjónir þær, sem um er rætt í þessum lögum), 11. og 12. gr.; — tilsk. 11. apr. 1840 viðvíkjandi straffi fyrir þjófnað, svik o. fl.; — tilsk. 15. apr. 1840 viðvíkjandi straffi fyrir meinsæri að 14. gr. fráskilinni; — tilsk. 26. marzm. 1841 um straff fyrir illvirk-

1869 25. júní isbrennur; — op. br. 24. sept. 1841 um hald á stolnum munum; — tilsk. 9. maim. 1855, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. jan. 1851 um prentfrelsi 5.—10, og 12. gr.; — op. br. 4. jan. 1861, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 30. nóv. 1857 áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu; tilsk. 15. marzmán. 1861 um veginа á Íslandi 30. gr.; — op. br. 29. ágústm. 1862, er lögleiðir á Íslandi lög 21. jan. 1857 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum. — **312. gr.** Enn fremur falla hegningarákvarðanirnar í þessum lögum úr gildi, að svo miklu leyti sem þær eru enn gildar: — tilsk. 21. marzm. 1705 um meðferð á strönduðum skipum og fjármunum 3.—5. og 7. gr.; — tilsk. 15. maim. 1705 um afnám ýmsra ósiða á Íslandi 7. gr.; — konungsbr. 24. des. 1710 um hlýðni við skipanir konungs; — kammerréttar tilskipunin 18. marzm. 1720 1. kap. 12. og 18. gr., 2. kap. 9. gr. 2. nr.; — op. br. 6. febr. 1722 um vín- og veitingahús; — tilsk. 5. marzm. 1734 um þörnun og heimting hjónabands út af henni 7. gr.; — tilsk. 26. febr. 1739 um hegningu ótrúrra reikningamanna; tilsk. 31. júlím. 1739 um hina konunglegu embættismenn 1. gr.; — hæstaréttar-reglugjörð 7. des. 1771 13. gr.; — op. br. 7. marzm. 1787 um íslenzka sjópassa 7. gr. að því er snertir hegninguna fyrir að láta hjá líða að segja frá yfirsjónum þeim, sem þar er um rætt; — tilsk. 30. jan. 1793 um skattheimtu og reikninga o. fl. í Danmörku 9., 20. og 32. gr.; — tilsk. 3. júním. 1796 um réttarfarið 26. gr.; — op. br. 27. maím. 1808 um skýrslur um uppkomu næmra sjúkdóma 1. og 5. gr.; — tilsk. 7. nóv. 1809 um latínuskólana 69. gr.; — tilsk. 27. marz 1831 um hafnsögumenn 31. gr. 2. og 3. málsgrein; — tilsk. 21. des. 1831 V. er nákvæmar ákveður um d. l. 6.—13.—3. — **313. gr.** Loks fellur úr gildi frá þeim tíma, sem nefndur er í upphafi 307. greinar, alt það, sem annars kann að koma í bága við efni þessara laga

í þeim lögum og tilskipunum, sem hingað til hafa verið gild. 1869 25. júní

Tilskipun handa Íslandi um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum[1]). 25. júní

Vér Chr. IX., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til laga handa Íslandi um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Ef að nokkur sá, sem samkvæmt dómi eða úrskurði fyrir utan sakamál ellegar samkvæmt sætt eða yfirvaldsúrskurði á að gjalda fésekt í hegningarskyni, lætur farast fyrir að greiða hana að öllu eða nokkru leyti, þá skal hann afplána það, sem óborgað er — án þess að reynt sé áður að heimta það með aðförum — í einföldu fangelsi 1 dag fyrir hvern 1 ríkisdal upphæðarinnar alt að fullum 10 rd., 1 dag fyrir hvern 1½ rd. af þeim hluta upphæðarinnar, sem er milli 10 og 25. rd., og 1 dag fyrir hverja 2½ rd. af því, sem um fram er. — Fésekt, sem ekki nær 2 rd., skal afplánuð með 2 daga einföldu fangelsi; en annars skal, þá er fésektir afplánast, að eins teknir til greina sá hluti þeirra, er samsvarar fangelsishegningu heilan dag. — Fari sá, sem misgjört hefir, þess á leit við fóeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu, þannig að 1 dags fangelsi við vatn og brauð komi í stað einfalds fangelsis í 6 daga; ekki má maður samt setja skemur en 2 daga í fangelsi við vatn og brauð til þess að afplána sektir. Eigi maður að sitja lengur en 12 daga í einföldu fangelsi, og dagatölunni þar á ofan ekki verður fullskift með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal talinn jafn 1 dags

1) Sbr. l. nr. 43, 2/11 1914 1. gr.

1869 25. júní fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða þar yfir. — **2. gr.** Þegar svo er, að sá, sem misgjört er við, á að fá fésektina, er það á hans valdi að láta taka hana hjá þeim, sem misgjört hefir, með lögtaki, en að öðru leyti eiga ákvarðanir þær, sem settar eru í 1. grein, við um afplánun þess hluta fésektarinnar, sem ekki er borgaður eða næst með lögtaki, ef að sá, sem fengið hefir dóminn, leitar háyfirvaldsins út af því. — **3. gr.** Þegar manni er boðið með dómi eða yfirvalds-úrskurði lögum samkvæmt að gegna einhverri skyldu við hið opinbera og lögð við áframhaldandi fésekt, en hann hvorki vinnur verkið, né geldur sektina, skal einnig afplána slíka fésekt eftir ákvörðununum í 1. gr., ef að valdstjórn sú, sem á heimtingu á að dómnum eða úrskurðinum sé fullnægt, krefst þess; en þess ber samt að gæta, að afplánanin í fyrsta skifti ekki fari fram úr 1 mánaðar einföldu fangelsi, og að 4 vikur verða að líða frá því að búið er að úttaka þessa hegningu þangað til að láta má afplána að nýju, en þá má heimta, að öll sú sektar-upphæð, sem safnast hefir saman frá því að hin fyrsta framkvæmd afplánunarinnar var á enda, sé afplánuð samkvæmt ákvörðununum í 1. grein, og svo framvegis á sama hátt, í hvert skifti sem 4 vikur eru liðnir, frá því að hin síðasta afplánanin var á enda. — **4. gr.**[1]). — — **5. gr.** Konungur tiltekur nákvæmar með tilskipun, hve nær lagaboð þetta skuli öðlast gildi[2]).

25. júní **Tilskipun handa Íslandi um skipamælingar**[3]).

Vér Chr. IX., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um lagafrumvarp, er fyrir það hefir verið

1) L. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 79. gr.

2) Samkv. tilsk. $^{10}/_{10}$ 1876 öðlaðist tilsk. þessi gildi $^{1}/_{8}$ 1877.

3) Hið nánara um skipamælingar er að finna í »Instruction om Skibes Maaling paa Island«, útg. $^{2}/_{6}$ 1870.

lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 26. gr. í lögum um skipamælingar 13. marzmánaðar 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: **1. gr.** Öll skip og bátar, sem eiga heima á Íslandi, og eru meira en 12 tons að rúmmali og ekki hafa mælingarbréf, gefið út á tolltökustað í Danmörku samkvæmt lögum 13. marzmán. 1867, skulu mæld, og rúmmál þeirra ákveðið eftir aðferð þeirri, sem ákvörðuð er hér á eftir. Skal hún einnig við höfð, þegar önnur skip eru mæld, sem eiga að segja til farms síns í höfnum á Íslandi. Undanþegin mælingu þar eru öll dönsk skip, sem eiga annars staðar heima en á Íslandi, og hafa lögmæt dönsk mælingarbréf, sem og herskip og önnur stjórnarskip, dönsk og útlend, sem ekki eru höfð til vöruflutninga. Stjórnin kveður nákvæmar á um, að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld. — **2. gr.** Að því leyti að ekki verður settur sérstakur embættismaður til þess að mæla skip og reikna út rúmmál þeirra, þá skulu lögreglustjórarnir í þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. gr. laga 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hafa starf það á hendi. — **3. gr.**[1]) Mælingin skal fara fram í dönskum fetum og tugabrotum úr fetum. — **4. gr.** Rúmmál skipsins, sem búið er að finna með mælingunni, skal tiltekið í tons öldungis af sömu stærð og enskir register-tons, eins og þeir nú eru. — **5. gr.** Það er tilgangurinn með mælingunni, að finna eins nákvæmlega eins og verður stærð allra þeirra rúma í skipinu að teningsmáli, sem notuð verða, og skal hún fram fara eftir hinni fullkomnu mælingaraðferð, sem mælt er fyrir um í I. reglu; einungis þegar henni ekki verður komið við einhverra orsaka vegna, má við hafa mælingar-aðferð þá til bráðabirgða, sem um er rætt í II. reglu. Hina síðarnefndu mælingar-aðferð ber þannig jafnaðarlega að eins við að hafa um

1869 25. júní

1) Sbr. l. nr. 33, 16/11 1907, 7. gr.

1869 25. júní

þau skip, sem að öllu eða nokkru leyti eru fermd, þegar á að mæla þau, eða ef að einhverjar aðrar sérstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eftir fullkomnu aðferðinni. — 6. gr. I. regla. Þilfar það, sem efst er í skipum með ekki fleiri þilförum en tveim, og það, sem er annað að neðan í skipum með fleirum þilförum en tveim, heitir »mælingarþilfarið«. Rúmið fyrir neðan þetta þilfar skal skoðað og mælt sem ein samföst heild. Sé fleiri þilför, skulu rúmin, sem á milli þeirra verða, mæld hvert út af fyrir sig. Sömuleiðis skulu þau rúm mæld út af fyrir sig, sem eru á efsta þilfari skipsins. — Þegar stærð allra þessara rúma samtalinna er skift með 91,59, fæst (aðal-)rúmmál alls skipsins. (91,59 dönsk teningsfet = 100 enskum teningsfetum = 1 register-ton). — A. *Lengd* skipsins skal mæld í beinni línu eftir yfirborði mælingar-þilfarsins frá innra fleti innri súðarinnar öðru megin við stafninn aftur að innra fleti skutviðanna miðskipa eða, þegar svo stendur á, að súðinni þar. Frá þessari lengd skal dregið eins mikið og samsvarar hallanum á kinnungnum og skutviðunum, eftir sem þilfarið er þykt til, og hallanum á skutviðunum alt að 1/3 af bugðunni á bitanum. Lengd þeirri, sem finst með þessu móti, skal síðan skift í eins marga jafna parta, og kveðið er á í töflu þeirri, er hér fer á eftir: — 1. skipum, er mælingarþilfar þeirra samkvæmt téðri mælingu er 48,56 feta (50 ensk fet) langt eða minna, skal skift í 4 jafna parta. — 2. skipum fram yfir 48,56 fet, en ekki yfir 116,53 fet (120 ensk fet) skal skift í 6. — 3. skipum fram yfir 116,53 fet, en ekki yfir 174 fet (180,80 ensk fet) skal skift í 8. — 4. skipum fram yfir 174,80 fet, en ekki yfir 218,51 fet (225 ensk fet), skal skift í 10 - 5. skipum fram yfir 218,51 skal skift í 12 jafna parta. — B. *Þverskurður* skipsins við hvern skurðarsting í lengdinni skal ákveðinn á þann hátt, er nú segir: — Dýptin skal mæld við hvern skurðarsting frá 1/3 af bugðunni á bitanum undir þilfarinu — eða,

ef pallar eru á þilfarinu, þá frá beinni línu, er sé framlenging at þilfarinu — til efri brúnarinnar á kjalviðunum innanvert við kjalgólfið, og skal dregin frá meðalþykt innri súðarinnar, millum kjalborðsins og hviluborðsins. — Sé dýptin við miðskurðarsting lengdarinnar ekki meiri en 15,54 fet (= 16 ensk fet), skal hverri dýpt skift í 4 jafna parta, og hin láréttа breidd að innanverðu síðan mæld við hvern þessara þriggja skurðarstingja og eins við efri og neðri enda dýptarinnar, og skal ávalt mælt til meðal-þyktar þess hluta innri súðarinnar, sem er á milli mælingarstingjanna. Síðan skulu settar tölur á breiddir þessar og byrjað ofanað (þ. e. efsta breiddin verður: 1 og svo framvegis niður að neðstu breiddinni); 2. og 4. breiddin skal margfölduð með 4. og 3. breiddin með 2; þær tölur, sem þá koma út, skulu lagðar saman, og 1. og 5. breidd lögð við þá upphæð; talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjunginum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram *flatarmál þver-skurðarins.* — Sé miðdýptin aftur á móti meira en 15,54 fet, skal hverri dýpt um sig skift í 6 jafna parta, og mæla síðan láréttu breiddirnar, samkvæmt tilsögninni hér á undan, við hvern af þessum 5 skurðarstingjum og við efra og neðra enda dýptarinnar, og setja síðan tölur á þær ofan að; 2., 4. og 6. breidd skal margfölduð með 4 og 3, og 5. með 2; tölurnar, er þá koma út, skulu lagðar saman, og við upphæð þeirra allra lögð 1. og 7. breidd. Talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram *flatarmál þver-skurðarins.* — C. Þegar búið er á þenna hátt að finna flatarmál þverskurðanna við hvern skurðarsting í lengd skipsins, skal reikningnum á rúmmáli skipsins haldið áfram, eins og nú segir: — Á þverskurðina skulu settar tölur í röð, þannig að 1 er við framenda lengdarinnar við stafinn. — Annar þverskurðurinn og allir

1869 25. júní

1869 25. júní

þverskurðirnir, sem eru með jafnri tölu, hvort sem lengdinni er skift eftir töflunni í 4 eða 12 parta eða þar á milli, skulu margfaldaðar með 4, og 3 þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með oddatölu, nema hinn fyrsti og síðasti, margfaldaðir með 2. Tölur þær, sem koma af margföldununum, skulu lagðar saman, og fyrsti og síðasti þverskurðurinn, að svo miklu leyti þeir nema nokkru, lagður við upphæð þeirra; talan, sem þá kemur fram, skal því næst margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli þverskurðanna. Kemur þá fram stærð rúmsins fyrir neðan mælingar-þilfarið að teningsmáli, og þegar henni er skift með 91,59, kemur fram *rúmmál skipsins fyrir neðan mælingar-þilfarið*, tiltekið í tons. — D. Að því er snertir palla á þilfarinu, kompur eða önnur rúm á efsta þilfarinu, sem eru lokuð umhverfis, og verða höfð til að koma fyrir í farmi eða vistum eða til klefa eða hæginda handa farþegum, skal rúmmálið ákveðið eins og nú segir: Meðallengd slíkra rúma að innanverðu skal mæld og henni skift í 2 jafna parta; á hæðinni miðri skulu mældar 3 breiddir að innanverðu, það er að segja, sín við hvorn enda og ein á miðjunni á lengdinni; endabreiddirnar skulu lagðar saman, við það aftur lögð miðbreiddin fjórfjölduð, og öll upphæðin síðan margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna; kemur þá fram hinn lárétti þverskurður rúma þessara miðja vega, og skal hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins. Þessari tölu skal síðan skift með 91,59, og kvótinn, sem er *rúmmál hlutaðeigandi rúms*, lagður við rúmmálið fyrir neðan mælingar-þilfarið. — Þó skal ekki bætt við rúmmálið fyrir hýsi upp á þilfari til skjóls handa þilfarsfarþegum, ef stjórnin samþykkir það. — Rúm, sem eingöngu eru gerð til kompá handa skipshöfninni, hvort sem þau eru á þilfarinu eða undir því, má draga frá, þá er reiknað er rúmmál skipsins í tons,

ef þau eru svo að stærð og fyrirkomulagi, sem stjórnin segir nákvæmar fyrir um. Einnig setur stjórnin reglur um, hvernig slík rúm skuli mæld, og hvernig séð verði um, að skilyrði þau, sem sett eru fyrir því, að þau verði dregin frá, þegar reiknað er rúmmálið, ætið sé fyrir hendi. — E. Sé *3 þilför* í skipinu, skal rúmið milli efsta þilfarsins og mælingar-þilfarsins ákveðið eins og nú segir: Lengd rúmsins að innanverðu skal mæld á hæðinni miðri frá innri súðinni öðru megin við stafninn aftur að súðinni á kjölviðunum. Lengd þessari skal skift í jafnmarga jafna parta, eins og lengdinni á mælingar-þilfarinu er skift. Breidd rúmsins að innanverðu við hvern skiftisting skal einnig mæld á miðri hæðinni ásamt breidd stafnsins og breiddinni við skutinn. A breiddir þessar skulu settar tölur í röð og byrjað fram við stafninn; 2. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með jöfnum tölum, skulu margfaldaðar með 4, og hin 3. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með oddatölum, nema hin fyrsta og síðasta, með 2; tölur þær, sem koma fram við margföldunina, skulu lagðar saman og þar við bætt fyrstu og síðustu breidd, öll upphæðin margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram hinn lárétti þverskurður rúmsins miðja vega, tiltekinn í ferhyrningsfetum; sé hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins, kemur fram stærð þess að teningsmáli. Skal henni skift með 91,59 og kvótinn, sem er *rúmmál rúms þessa,* lagður við hitt rúmmál skipsins. — Sé *fleiri* þilför en 3 í skipinu, skal stærð hvers rúms milli þilfaranna fyrir ofan mælingar-þilfarið út af fyrir sig ákveðin á þann hátt, sem nú hefir verið sagt fyrir um, og lögð síðan við rúmmál skipsins. — F. Í öllum skipum, sem fara áfram með gufuafli eða öðru afli, er þarf rúms við til vélarinnar, skal slá af eftir stærðinni á rúmi því eða rúmum þeim, sem hreifingaraflið tekur upp, og skal það dregið frá að- 1869 25. júní

1869 25. júní al-rúmmáli skipsins, er fundið er eftir framan skrifuðum reglum. Afgangurinn er rúmmál það, er sett skal á skipið. Stjórnin skal nákvæmar ákveða reglurnar um mælingu téðra rúma eða teningsmáli. — G. Á opnum skipum ræður efri brún hástokksins línu þeirri, sem mælingin á að fara fram fyrir neðan. Dýptirnar skulu fyrir því mældar við hvern skurðarsting á lengdinni frá línu, sem dregin er um þvert skipið milli efri brúnanna á hástokkunum. — Á skipum af þessu tagi, sem fara áfram með gufuafli eða öðru afli, sem þarf véla með, skal draga nokkuð frá, og ákveða stærð þess eins og vikið er á í F. — 7. gr. II. regla. Þegar skip er mælt til bráðabirgða skal mæla: 1. lengd skipsins á efsta þilfarinu stafna á milli; 2, breidd miðja vega að lengdinni til á efsta þilfarinu milli innviðanna rétt ofan við gatborðið; 3. dýpt frá efri brún efsta þilfarsins lóðrétt niður á ytri súðina í botninum við hliðina á kjölnum, svo mjög miðskipa sem verður, og ef á þarf að halda þá gegn um dæluna. Þessi 3 mál skulu margfölduð hvert með öðru og tölunni, sem þá kemur fram, skift með deili, sem getur leikið á milli 110 og 160 eftir lögun skipsins og eftir því, hvar dýptin er mæld, og skal nákvæmar kveðið á um deilinn í skipamælinga-reglugjörðinni. — Kvótinn verður sú tala af tons, sem skal álitinn bráðabirgða-rúmmál skipsins, þegar búið er að leggja við hana rúmmál rúma þeirra, sem eru ofan á þilfarinu, og ber að mæla samkvæmt I. reglu, staflið D. Rúm þessi skulu mæld á þann hátt að margfalda saman meðal-lengd, -dýpt og -breidd þeirra og skifta því, sem þá kemur fram, með 91,59. — Á gufuskipum skal því næst frá aðalrúminu, sem fundið er, draga rúmmál vélarúmsins (I. regla, F). — 8. gr. Hinar ítarlegri ákvarðanir, sem með þurfa til þess að skýra betur mælingaraðferðirnar og koma þeim í verk, setur stjórnin í skipamælinga-reglugjörð[1]). Ennfremur er

1) Sbr. 3. athugasemd á bls. 536.

stjórninni heimilt að breyta ákvörðununum í I. og II. reglu til og auka í þær eftir því, sem reynslan sýnir að hagfelt er, og svo að ekki komi það í bága við grundvallarreglur þær, sem mælingin er bygð á samkvæmt tilskipun þessari. — 9. gr. Sérhver mæling skal reiknuð nákvæmlega, svo ekki skakki $^1/_{100}$ úr ton, og skal hún yfirskoðuð af almennilegu æðra umsjónarvaldi í Kaupmannahöfn. Stjórnin ákveður nákvæmar um það. — 10. gr. Um mælinguna skal gjört mælingarbréf. Handa íslenzkum skipum skal mælingarbréfið tekið upp í þjóðernis- og skrásetningar-skírteinið. — Hafi mælingin farið fram eftir II. reglu, skal tekið fram í mælingarbréfinu, hvers vegna I. reglu hafi ekki orðið komið við. Slíkt mælingarbréf er ekki lengur gilt en þangað til að mæling getur farið fram eftir I. reglu. — 11. gr. Skip, sem smíðuð eru á Íslandi, skulu mæld undir eins og búið er að leggja þilfarið og innri súðina og áður en nokkrar tilfæringar eru gjörðar í skipinu að innan, er geti verið því til fyrirstöðu, að það sé mælt á alla vegu eins og fyrirskipað er hér að framan, og er skipasmiðurinn skyldur að segja embættismanni þeim, sem í hlut á, skriflega til þess í tækan tíma. Sé heimili embættismannsins lengra en 2 mílur frá stað þeim, er skipið er smíðað, má samt skjóta mælingunni á frest þangað til seinna. — Mælingarbréfið skal ekki gefið út, fyr en skipið er búið, og einnig er búið að mæla rúm þau, sem kann að verða komið fyrir uppi á þilfarinu. — 12. gr. Skip, sem aðflutt eru frá útlöndum, skulu mæld, er skipið kemur í fyrsta skifti inn á höfn á Íslandi, þar sem mæling getur farið fram eftir tilskipun þessari, nema þau hafi áður komið við í Danmörku og hafi verið mæld þar og fengið mælingarbréf. — 13. gr. Skipstjóri, eða þegar hann er ekki viðstaddur, þá eigandinn að hverju því skipi, sem á að mæla, er skyldur að láta em-

1869 25. júní

1869 25. júní bættismönnum þeim, sem mælingin er á hendur falin, í té alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að heimta, er þeir mæla skipið, annaðhvort sjálfur eða láta menn sína gjöra það. Einnig á hann tregðulaust að hlýðnast, ef téðir embættismenn kunna að skora á hann að ryðja rúm í skipinu innanverðu, ef þess þarf með vegna mælingarinnar. — Ennfremur er það skylda skipstjóra á hverju sliku skipi, að ferma það ekki né taka í það seglfestu, nema hann skýri hlutaðeiganda embættismanni frá því. — **14. gr** Þegar búið er einu sinni að mæla skip samkvæmt I. reglu í tilskipun þessari, og mælingarbréf það, sem gjört hefir verið þar um, verður sýnt, þá er það gilt, meðan skipinu sjálfu ekki er breytt, og ekki heldur tilskipununum um mælinguna. — **15. gr.** Sé skipi, sem hefir danskt mælingarbréf eða útlent mælingarbréf, sem er lagt að jöfnu við það, breytt, þegar það er smíðað upp aftur, og breytinganna, er ekki seinna getið, eins og vera ber í mælingarbréfinu, skal skipasmiður sá, sem hefir staðið fyrir smíðinu, skýra embættismanni þeim, sem skipamælingar eru á hendur faldar, frá því, ef skipið hefir verið smíðað upp aftur á Íslandi, og hafi það verið gjört erlendis, þá skipstjóri; í hinu fyrra tilfellinu skal það gjört, þar sem skipið var smíðað um, og í síðara tilfellinu þar sem skipið fyrst kemur innanlands, og mæling má fram fara. Sé skipið íslenzkt, hvílir sama skylda á eiganda skipsins. — Frá þessu skal ávalt skýrt svo tímanlega, að skipið verði mælt um tálmunarlaust. — **16. gr.** Á sama hátt á skipstjóri eða eigandi skipsins að skýra frá öllum breytingum á stærð rúma þeirra, sem eru undanþegin mælingu, eða eru dregin frá, þegar rúmmálið er reiknað, og eins ef gjörð er breyting á notkun slíkra rúma. — **17. gr.** Þegar skýrt er frá slíkum breytingum á skipi, eða þegar eigandi þess eða skipstjóri krefst þess, skal það mælt á ný, og nýtt mælingarbréf gefið út í stað-

inn fyrir hið eldra, sem haldið skal aftur. Samt má 1869
tilgreina á fyrra mælingarbréfinu, hvað breyzt hafi, 25. júní
ef að stærðin er hin sama á alla aðalvegu. — Hlut-
aðeigandi embættismönnum er einnig heimilt um-
sjónarinnar vegna að mæla skip um, þó þess sé ekki
farið á leit. Verði sú raunin á, er skip er þannig
mælt um, að gjörðar hafi verið breytingar, en ekki
sagt til þeirra, skal skipstjóri sá eða eigandi, sem í
hlut á, borga allan kostnaðinn. Hafi ekki verið gjörð
nein slík breyting, skal kostnaðurinn greiddur úr
sjóði þeim, sem landstekjurnar renna inn í, og þyki
þörf á að gefa út nýtt mælingarbréf, skal það gjört
án nokkurs kostnaðar fyrir eiganda eða skipstjóra.
— **18. gr.** Fyrir mælinguna skal goldið í sjóð þann,
sem landstekjurnar renna í: a) þegar skipið hefir
verið mælt eftir fullkomnu aðferðinni, og ekki hefir
orðið skilað eldra mælingarbréfi, sem gefið hefir ver-
ið út samkvæmt þessari eða eldri tilskipunum, 8 sk.
b) í öllum öðrum tilfellum 4 sk. af hverju ton, er
mælingarbréfið hljóðar um. — **19. gr.** Fari mælingin
fram annarstaðar en þar sem embættismaður sá eða
embættismenn þeir, sem hlut eiga að máli og hafa
störf þessi á hendi, eiga heima, lendir ferðakostnaður
sá og fæðispeningar, sem af því hljótast, á skipinu.
Ferðakostnaður skal reiknaður á sama hátt og í op-
inberum málum; í fæðispeninga bera embættismann-
inum 2 rd. á dag. — **20. gr.** Bæði eigandi skipsins
og skipstjóri eru í ábyrgð fyrir gjöldum þeim og
kostnaði, sem rætt er um í 2 næstu greinunum hér á
undan. — **21. gr.** Láti skipasmiður sá, sem hlut á
að máli, fyrir farast að skýra í tækan tíma frá því,
sem fyrir er mælt um í 11. gr., varðar það hann fé-
sekt alt að 25 rd. — **22. gr.** Sömuleiðis varðar það
alt að 25 rd. fésekt, ef brugðið er út af 13. gr. í til-
skipun þessari. — **23. gr.** Farist fyrir að skýra frá
því, sem mælt er fyrir um í 15. og 16. gr., þá varðar
það, ef hlotist hefir af breytingum þeim, sem gjörðar

1869 ar hafa verið, að rúmmál skipsins er orðið meira,
25. júní fésekt alt að 5 rd. fyrir hvern ton, er rúmmálið reynist hafa aukist um; þar að auki á hlutaðeigandi að greiða gjöld þau, sem fyrir vanrækt hans eru dregin undan sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í. — **24. gr.** Eins og það er amtmaður[1]), sem tiltekur upphæð fésektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21.—23. gr. innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fésekt alt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðununum í tilskipun þessari, sem ekki er sérstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðan við hana. — **25. gr.** Ef að nokkur, sem krafist er af fésektar samkvæmt tilskipun þessari, fer fram á, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem alment lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sé sekur, og hverri hegningu hann eigi að sæta, ef svo er. — Þar að auki er það amtmaður[1]), sem ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. — Fésektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar. — **26. gr.** Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870. — **27. gr.** Þegar á að reikna út gjöld, sem fara eftir lestatölunni samkvæmt tilskipunum þeim, er nú gilda, skulu 2 tons álitnir jafnir 1 kaupskipslest.

Ákvarðanir um stundarsakir.

28. gr. Sérhvert það skip, sem á heima á Íslandi, og búið er að mæla, þegar tilskipun þessi öðlast lagagildi, samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, og gildi mælingarbréfa þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilda um slík mælingarbréf, *skal* mælt um í fyrsta skifti, sem það hitt-

---

1) Tilsk. 23/8 1904, I. 11.

ist, enda þó skipið þá sé með farmi, og fyrir þá sök verði að mæla það eftir II. reglu. — Skip, sem hafa slík eldri mælingarbréf, er enn þá eru gild, eftir að tilskipun þessi hefir öðlast lagagildi, samkvæmt ofangreindum ákvörðunum, *má*, ef útgjörðamaður eða skipstjóri fer þess á leit, mæla um eftir ákvörðununum í tilskipun þessari, ef að skipin vegna þessa eru rudd eins og þarf. — Fyrir að mæla skipin um, skulu í hvorutveggja tilfellinu greidd gjöld þau, er ákveðin eru í 18. gr. — **29. gr.** Þangað til að búið er að mæla skipið um og því næst gefa út nýtt mælingarbréf, heldur hið fyrra mælingarbréfið gildi sínu. — **30. gr.** Hlutaðeigandi skipasmiður skal tafarlaust segja til skipa þeirra, sem eru í smíðum á Íslandi, er tilskipun þessi öðlast lagagildi, ef smíðið er komið lengra áleiðis, en tekið er til í 11. gr., svo að þau verði mæld, ella varðar það hegningu samkvæmt 21. gr. 1869 25. júní

Opið bréf handa Íslandi um aðra skiftingu á lyfjavoginni en hingað til. 11. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um aðra skiftingu á lyfjavoginni en hingað til, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Í stað lyfjavogar þeirrar, sem höfð hefir verið hingað til á Íslandi, skal við hafa hið frakkneska gram-kerfi þegar læknar eða dýralæknar segja fyrir um læknislyf, og þau eru af hendi látin frá lyfjabúðunum sem læknisdómar. — **2. gr.** Konungur úrskurðar, hvenær þetta opna bréf skuli öðlast gildi, og skipar nákvæmar fyrir um það sem með þarf út af því því[1]).

1) Sbr. augl. 5/3 1870.

1869 11. des. **Opið bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu.**

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfvörzluveð í lausafé sínu, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — Forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangskröfum þeim, sem þar er um rætt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eftir auglýsingu téðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gjörð er aðför eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangskröfu, án þess nauðsynlegt sé til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sé skift sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1.—22.—28. (D. L. 1.—24.—26.), að ekki má með slíkri gjörð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangskröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, en þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aftur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur að eins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á með lögtaki í lausafé, þó veðsett sé. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, né heldur opið bréf 23. júlímán. 1819, gjörir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögunum eða seinni tilskipunum, meðal ýmsra flokka af forgangskröfum, hvers til annars, og

skal þess sér í lagi gætt, að gjöld til ríkissjóðsins 1869
ganga fyrir sveitagjöldum. 11. des.

Tilskipun handa Íslandi um eftirmyndan ljósmynda o. fl. 11. des.

Vér Chr. IX., o. v. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um eftirmyndan ljósmynda o. fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Hver sá, sem á sjálfs sins kostnað býr til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt á að eftirmynda, getur um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til til sölu ljósmynd eftir ljósmynd hans, með því að auglýsa á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar[1]), að hann áskilji sér einkarétt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin »með einkarétti« á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. — Sé ljósmyndin gjörð eftir beiðni annars manns, þarf samþykkis hans ekki einasta til þess að fá áðurnefndan einkarétt, heldur einnig til þess að mega selja eftirmynd af ljósmyndinni. — **2. gr.** Hver sá, sem í nokkru skerðir réttindi þau, sem heimild er fyrir í 1. gr., skal sektaður um 5—200 rd., og þar að auki gjalda þeim, sem fyrir óréttinum hefir orðið, fullar skaðabætur. Plötur og annað, sem eingöngu verður haft til hinnar ólöglegu eftirmyndunar, og eins allar hinar eftirgjörðu ljósmyndir, sem finnast og ætlaðar eru til sölu, skal upptækt gjört og ónýtt, nema að sá, sem fyrir óréttinum hefir orðið, krefjist að sér sé fengið það í hendur, og skal þá andvirði þess koma upp í skaðabæturnar, sem honum bera. Sama hegning og skaðabætur liggja við að hafa slíkar myndir til sölu og eins við því að flytja til landsins eftirmyndaðar ljósmyndir, sem gjörðar

1) Sbr.augl. $^{10}/_{2}$ 1870.

1869 11. des. eru annars staðar, og óleyfilegar eru samkvæmt þessari tilskipun. — 3. gr. Mál, sem rísa út af afbrigðum gegn tilskipun þessari, getur sá einn höfðað, sem fyrir óréttinum hefir orðið, og verður þeim málum því að eins gegnt, að þau sé höfðuð innan árs og dags.

1870 10. febr. **Auglýsing fyrir Ísland (frá dómsmálastjórninni) um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.**

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um eftirmyndan ljósmynda o. fl., dagsettri 11. dag desembermánaðar f. á., getur sá, sem á sjálfs síns kostnað hefir búið til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt til að eftirmynda, um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til ljósmynd til sölu eftir ljósmynd hans, með því að tilkynna á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskilji sér einkarétt og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin »með einkarétti« á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. Samkvæmt þessu skal gjört heyrum kunnugt, að tilkynning sú, sem að framan er um rætt, skal send stiftamtmanninum yfir Íslandi, og á hún að hafa inni að halda nafn ljósmyndasmiðsins, ritað fullum stöfum, nógu greinilega lýsingu á ljósmyndinni, er áskilinn er einkaréttur til að eftirmynda, og, ef ljósmyndin er eftirmyndan einhvers listaverks, þá nafn listasmiðsins. Þar að auki skal ávalt senda með tilkynningunni eina af ljósmyndum þeim, sem áskilinn er einkaréttur til að eftirmynda.

5. marz **Auglýsing (frá dómsmálastjórninni) um, hvenær opið bréf handa Íslandi 11. desembermán. 1869 um aðra skiftingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi[1]).**

---

1) augl. $^{21}/_{9}$ 1908.

Samkvæmt opnu bréfi handa Íslandi 11. desem- 1870
bermán. 1869 um aðra skiftingu á lyfjavoginni 2. gr. 5. marz
hefir hans hátign konunginum þóknast eftir tillögum dómsmálastjórnarinnar að samþykkjast 2. þ. m., að téð opið bréf skuli öðlast gildi 1. janúarmán. 1871, og að lyfjaskrá sú, sem gefin var út í Kaupmannahöfn árið 1868 og samþykt af konungi 13. júlímán. s. á. og heitir »Parmacopoea danica, Regia autoritate edita«, skuli leidd inn á Íslandi frá sama tíma. — Fyrir því skal hið frakkneska grammkerfi frá ofan greindum tíma við haft þá er læknar og dýralæknar segja fyrir um læknisdóma, og þeir eru af hendi látnir í lyfjabúðunum til lækninga, og má ekki nota neinar aðrar lyfjavogir en þær, sem heyra undir þetta kerfi, þegar læknisfyrirsagnir eru afgreiddar. — Frá sama tíma eiga allar lyfjabúðir á Íslandi að hafa til alla þá læknisdóma, sem tilgreindir eru í ofannefndri lyfjaskrá, og skal útvega, geyma og tilbúa læknisdóma þessa á þann hátt, sem fyrir er mælt í lyfjaskránni, og eiga þeir að standast þau próf, sem þar segir fyrir um.

Tilskipun fyrir Island um uppreist á æru o. fl.[1]). 12. marz

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Út af þegnlegri bænarskrá frá alþingi bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Með þeim skilmálum, sem hér á eftir segir, má veita þeim manni, sem hefir með dómi verið dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, uppreist æru sinnar, er hann er búinn að úttaka hegninguna, eða hegningin hefir verið gefin honum upp. Þá er maður hefir fengið uppreist æru sinnar, nemur hún af úr því og þangað til að hann að nýju er dæmdur sekur um eitthvað það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, allar þær afleiðingar,

1) Sbr. l. nr. 21, $^{6}/_{11}$ 1897 og l. nr. 39, $^{16}/_{11}$ 1907.

1870 sem að lögum eru bundnar við þá skerðingu æru-
12. marz réttinda hans, er leiðir af dóminum. — 2. gr. Enginn getur fengið uppreist æru sinnar fyr en liðin eru 5 ár frá því að hegningin var úttekin eða gefin upp. Sá, sem vill fá uppreist æru sinnar, verður að færa sönnur á, að hegðun hans 5 síðustu árin hafi verið ólastanleg; skal það sannað með vottorði áreiðanlegra manna, sem hafa átt kost á að taka vandlega eftir breytni hans. — 3. gr. Bænarskjal um uppreist á æru skal ásamt álitsskjali yfirvalds þess og bæjar- eða sveitastjórnar, sem í hlut á, ef að beiðandinn á heima á Íslandi, sent til háyfirvaldsins og þaðan til dómsmálastjórnarinnar. Með bænarskjalinu eiga að fylgja skilríki þau, sem um er rætt í 2. gr., og sömuleiðis eftirrit af dómi þeim, sem kveðinn hefir verið upp yfir beiðandanum, og nákvæm skýrsla um verustaði hans frá því að hann var dæmdur. Hafi honum verið gjört að gjalda bætur fyrir skaða þann, er hlotist hefir af broti hans, ber einnig, eins og auðið er, að skýra frá, hvort skaðabæturnar hafi verið goldnar eða gefnar upp. Ef að dómsmálaráðherrann, er hann hefir leitað álits dómstóls þess, sem kveðið hefir upp dóminn yfir beiðandanum, þykist geta mælt fram með bænarskjalinu, skal málið borið upp fyrir konungi til úrskurðar. Fái bænin eigi áheyrslu, má ekki endurnýja hana fyr en að 2 árum liðnum, og verður þá að útvega skýrslur þær, sem að framan eru nefndar, fyrir þann tíma, sem liðinn er frá síðustu synjun bænarinnar. — 4. gr. Hafi maður fengið uppreist æru sinnar, eftir að hann er orðinn 25 ára að aldri, og verði eftir það dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti og framið er eftir veitingu uppreistarinnar, má ekki veita honum að nýju uppreist æru hans. — 5. gr. Hafi maður verið ákærður um eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og að eins verið dæmdur sýkn af frekari ákærum, má að fimm árum

liðnum, frá því að fullnaðardómurinn var upp kveð- 1870
inn, veita honum uppreist æru hans með þeim skil- 12. marz
yrðum, sem að öðru leyti eru sett í tilskipun þessari um þá, sem hafa verið dæmdir sekir. — Eftirleiðis má ekki dæma neinn mann sýknan af frekari ákærum. — 6. gr. Eins og hegningardómar fyrir verk, framin af þeim, sem yngri eru en 15 ára, ekki hafa í för með sér neina skerðingu réttinda þeirra, sem komin eru undir óflekkuðu mannorði, eins skal hið sama eiga sér stað um hegningardóma, sem kveðnir eru upp eða kveðnir hafa verið upp yfir þeim, sem eru á aldursskeiði frá 15 til 18 ára, svo framarlega sem hegningarnar, er þeir eru dæmdir í, fara ekki fram úr hýðing með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Fyrir því þarf engrar uppreistar á æru að því er slíka dóma snertir.

Opið bréf handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn 12. marz
bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið.

Vér Chr. IX. o. s. frv., gjörum kunnugt: Sá, sem sent hefir bænarskrá til embættismanna eður til bæjar- og sveitarstjórna eður kæruskjal um þá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal, ef bæn hans eigi fær áheyrslu eða kæran er eigi til greina tekin, eiga heimting á, er hann fer þess á leit, að fá eftirrit einu sinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eftirrita þau.

Þetta á samt ekki við um bænarskrár um embætti eða sýslanir eða um undanþágur undan ákæru, uppgjöf eða linun á refsingu eftir dómi eða úrskurði, né heldur um kæruskjöl embættismanna eða sýslunarmanna um yfirboðara sína.

Reglur um mælingar skipa (LfÍ 20. b. 506). 2. júní

1871 11. febr. **Lög um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi**[1]).

Vér Chr. IX., gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallist á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru: — **1. gr.** Ef konungur sá, sem að völdum situr, sökum sjúkleika eða fjærvistar getur ekki sjálfur haft ríkisstjórn á hendi, felur hann hana ríkisarfanum á hendur, ef hann er orðinn fulltíða, og sé hann viðstaddur, og sjúkleiki bagi honum ekki; að öðrum kosti skipar konungur ríkisstjóra.

Ef konungur er ekki sjálfur fær um að gjöra ákvarðanir þær, sem með þarf, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, sem getið er að framan, eða hann ferðast utan, án þess að hafa skipað fyrir um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna ríkisþinginu saman. Þegar þingið á sameinuðum fundi þá viðurkennir, að nauðsyn beri til þess, tekur ríkisarfi við ríkisstjórn, ef hann er orðinn fulltíða, sé hann viðstaddur, og sjúkleiki bagi honum ekki; að öðrum kosti kýs hið sameinaða ríkisþing ríkisstjóra. Til þess að kosning sé gild, útheimtist, að sá, sem kosinn er, hafi fengið yfir helming atkvæða þeirra, sem greidd eru. Fái enginn svo mörg atkvæði við fyrstu kosning, skal kjósa á ný óbundnum kosningum, og ef þá heldur enginn fær yfir helming atkvæða, skal fram fara bundin kosning milli þeirra tveggja, sem hafa fengið flest atkvæði. — Sé ríkisstjórn, þegar svo á stendur, sem getið er að framan, falin á hendur öðrum en ríkisarfanum, tekur hann samt við ríkisstjórninni, ef þær orsakir, er hafa verið því til fyrirstöðu, að hann tækist stjórnina á hendur, seinna hverfa. Ef ríkisráðið er í nokkrum efa um þetta, skal það tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, sem þá sker úr málinu á sameinuðum fundi. — **2. gr.** Sé ástæða til að óttast, að ríkisarfi muni eigi verða orðinn fulltíða, þá er

1) Sjá d.-ísl. sambandslög 30/11 1918, 3. gr.

konungur andast, eða annara orsaka vegna ekki verða 1871
fær um að taka við ríkisstjórninni þegar í stað, gjörir 11. febr.
konungur með samþykki ríkisþingsins ákvörðun um, að ríkisstjóri takist á hendur ríkisstjórn. Deyi konungur, án þess að ákveðið sé um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og skal það á sameinuðum fundi kjósa ríkisstjóra, eftir því, sem fyrir er mælt í 1. grein. — **3. gr.** Nú deyr konungur, sem ekki er fulltíða, og annar konungur, sem heldur er ekki orðinn fulltíða, kemst til ríkis, og skal þá ríkisstjóri sá, sem í nafni hins látna konungs hefir haft stjórn á hendi, halda henni áfram einnig í nafni hins nýja konungs. — **4. gr.** Standi svo á við andlát konungs, að ríkisarfinn sé erlendis, stefnir ríkisráðið ríkisþinginu saman; skal þingið setja frest, nær hann skuli vera kominn heim aftur til þess að taka við stjórninni, og skal það jafnframt ákveða, hvort ríkisráðið á meðan skuli hafa ríkisstjórn á hendi, eða hvort skipa skuli ríkisstjóra. — **5. gr.** Ríkisstjóri skal vera prinz, sem er fulltíða og arfgengur til ríkis, eða maður, sem er kominn til lögaldurs, og hefir rétt innborinna manna í Danmörku; svo skal hann einnig vera evangelisk-lúteskrar trúar. — **6. gr.** Enginn getur tekið við stjórninni sem ríkisstjóri, nema hann áður hafi svarið eið þann, sem fyrir er mælt um í 7. gr. grundvallarlaganna. — **7. gr.** Á meðan ríkisstjóri hefir ríkstjórn á hendi, gengur hann í stað konungs í stjórnarlegu tilliti. Hann framkvæmir konungs vald, og er ábyrgðarlaus eins og konungurinn; ráðgjafarnir hafa stjórnarábyrgðina. — 8. gr. Ef ríkisstjóri getur ekki eða vill ekki taka við stjórninni, eða hann deyr eða verður ófær til að hafa stjórnina á hendi, eða hann æskir að fara frá, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og gjörir það á sameinuðum fundi ákvörðun um kosningu annars ríkisstjóra. — **9. gr.** Ríkisráðið skal ávalt hafa stjórn á hendi

1871 11. febr. um stundarsakir, þegar svo stendur á, að ríkisstjóri ekki tekur við henni þegar í stað, eða seinna fer frá.

4. marz **Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.**

Vér Chr. IX., o. s. frv., gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa Alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Í kaupstaðnum Reykjavík skal byggja hegningarhús; í því skulu útteknar vinnuhegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað út af á Íslandi. — **2. gr.** Til þess að framkvæma fangelsishegningar skal fyrst um sinn byggja sjö fangelsi, sem sé eitt í sameiningu við hegningarhúsið handa Reykjavík og nokkrum hluta suðuramtsins, og sitt á hverjum stað, á Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Eskifirði. Það skal falið á hendur stiftamtmanni, að setja hinar nákvæmari reglur fyrir því, úr hverjum þinghám skuli setja dæmda afbrotamenn í hvert einstakt fangelsi. Þar að auki skulu fangelsin vera varðhaldsfangelsi fyrir þá þinghá, þar sem hvert einstakt fangelsi er, og, ef stiftamtmaður segir svo fyrir, þá einnig fyrir þá eða þær þinghár, sem næstar eru. — **3. gr.** Verði það í fleiri þinghám en nú er gjört sýslumönnum að skyldu að hafa bólfestu á tilteknum stað innan sýslu, skal dómsmálastjórninni heimilt að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sérstaklega er þörf á því, og skal þá byggja fangelsið á heimili þess sýslumanns, sem í hlut á. — **4. gr.** Kostnaðurinn til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, skal goldinn fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum íslenzka; má til þess á kostnað hans taka til láns fé það, sem með þarf, eftir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar. Til byggingar og viðhalds á

húsi því, sem, eins og áður er sagt, á að vera bæði hegningarhús og fangelsi handa Reykjavíkur kaupstað og ýmsum sýslum í suðuramtinu, greiðir téður kaupstaður og jafnaðarsjóður suðuramtsins fyrir sýslurnar tillag. Þegar fengnar eru skýrslur þær, sem með þarf, frá yfirvöldunum þar á staðnum, ákveður dómsmálastjórnin upphæð tillags þessa að tiltölu við stærð þeirra húsrúma, sem þinghám Reykjavíkur og sýslnanna eru ætluð í húsinu. — 5. gr.[1]) Kostnaðurinn til byggingar og viðhalds á húsum þeim, sem einasta eiga að vera fangelsi, skal goldinn úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á; til þess skal á kostnað hans taka fé að láni, eftir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar. — 6. gr.[1]) Kostnaðurinn til notkunar hegningarhússins sem hegningarhúss skal goldinn úr sjóði þeim, sem tekjur Íslands renna í, en kostnaðurinn til notkunar fangelsanna skal greiddur úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og að því er Reykjavík snertir af kaupstaðnum. — 7. gr. Bæjarfógetinn í Reykjavík skal hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiftamtmaður yfirumsjónina. Við það skal setja fangavörð, er fái laun fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum. Hinum fangelsunum skal bæjarfógeti eða sýslumaður sá, sem í hlut á, stjórna með yfirtilsjón amtmanns, og skal hann sjá um og hafa ábyrgð á gæzlu og viðurværi fanganna. — 8. gr. Dómsmálastjórnin skal setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna. Dómsmálastjórnin sér einnig um, að út verði gefnar þær reglugjörðir, sem með þarf handa þeim. — Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

1871 4. marz

---

1) L. nr. 19, $^{2}/_{11}$ 1877 og l. nr. 28, $^{8}/_{11}$ 1895, 4. gr.

1871 4. marz **Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Islandi.**

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Komi upp skæður, næmur sjúkdómur í fénu á Íslandi, og svo sérstaklega stendur á, að aðskilnaði þeim á fénu og lækningum, sem skipað er fyrir um í tilskipun 5. janúarmán. 1866, verður ekki komið við að notum, skal hlutaðeigandi amtmanni heimilt, til þess að sporna við frekari útbreiðslu sjúkdómsins, að láta skera niður fé á því eða þeim heimilum, þar sem hans hefir vart orðið, þó skal amtmaður, þar sem prófaður dýralæknir er, hafa hann og annars hlutaðeigandi lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er hreppsbúar kjósa, í ráðum með sér, áður látið sé skera niður á þenna hátt. — **2. gr.** Þegar niðurskurður á fram að fara samkvæmt því, sem nú var sagt, þá skal hreppstjóri og aðstoðarmenn þeir, sem nefndir eru í tilskipun 5. janúarmán. 1866 2. gr., með umsjón hlutaðeiganda sýslumanns virða kindurnar, áður þeim sé slátrað. Þegar kindurnar eru virtar, skal fyrst setja á þær hverja um sig það verð. sem þær eru í eftir ásigkomulagi þeirra, þegar þær eru skornar, og eftir almennu gangverði á þeim stað og á þeim tíma árs, þó svo að ekki sé haft tillit til sjúkdóms þess, sem er orsök í niðurskurðinum, og þar næst það verð, sem ætla má að kindurnar hafi, þegar búið er að slátra þeim. Tvo þriðjunga af mismuninum af þessum tveim virðingarverðum skal bæta eigendunum. — **3. gr.** Af endurgjaldi því, sem fundið er á þenna hátt, skulu allir fjáreigendur í þeim hrepp, þar sem

látið hefir verið skera niður, greiða helminginn nemi hann eigi meiru en 100 rd., en ella skal hann greiddur af öllum fjáreigendum í þeirri sýslu, sem í hlut á; í báðum tilfellum skal jafna honum niður og heimta hann saman samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866[1]). Hinn helminginn skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og skal borga hlutaðeigendum hann undir eins og búið er að heimta gjaldið til jafnaðarsjóðsins saman. Þó getur amtmaður, ef því verður við komið eftir ástandi jafnaðarsjóðsins, borgað fyrirfram upp í þennan helming endurgjaldsins til þess að útvega nýjan fjárstofn, að svo miklu leyti sem það verður álitið tiltækilegt að útvega hann í stað fjár þess, sem skorið hefir verið niður. — 4. gr. Fyrir virðingargjörð þá, sem um er rætt í 2. grein, má amtmaður veita hreppstjórunum og aðstoðarmönnum þeirra hæfilega borgun samkvæmt 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866[1]), samt skal þóknun sú goldin á sama hátt og sá hluti endurgjaldsins til fjáreigendanna, sem fyrsta málsgrein næstu greinar á undan ræðir um. — 5. gr. Virðist sérlega hætt við, að sjúkdómurinn dreifist út til annara héraða, má amtmaður leyfa, að settir séu verðir milli hinna heilbrigðu héraða og þeirra, þar sem sóttnæmið er, og, ef kringumstæðurnar mæla með því, greiða tillag úr jafnaðarsjóði amtsins til varðanna, en ekki má samt tillagið fara fram yfir helminginn af kostnaðinum til varðanna. Komi til að setja slíkan vörð til tryggingar fénu í öðrum ömtum en því, þar sem veikinnar hefir orðið vart, skulu amtmenn þeir, sem í hlut eiga, koma sér saman um, hvað gjöra skuli í því efni. Þegar vörður er settur á kostnað fleiri amta, þá skulu gjöldin til hans greidd á þann hátt, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir gjalda helminginn eftir tölu

1871 4. marz

1) L. nr. 40, $^{8}/_{11}$ 1901.

1871 lausafjárhundraðanna í hverju amti, en hinn helm-
4. marz inginn greiða fjáreigendurnir í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum, og skal þeim helmingnum jafnað niður á þá samkvæmt 3. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866. — **6. gr.** Með yfirsjónir gegn þessari tilskipun skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 7[1]) og 8. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866, og er hún að öðru leyti í fullu gildi eftir sem áður.

31. okt. **Auglýsing um kenslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum þóknast 21. þ. m. allramildilegast að úrskurða: — 1) að þeir læknisfræðingar, sem útlærðir eru á Íslandi, megi ekki eftirleiðis fá héraðslæknis-embætti þar, nema því að eins að þeir áður hafi notið kenslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og sanni það með vitnisburði yfirkennarans í yfirsetufræðinni; -- — 3) að veita megi sérhverjum læknisfræðingi, sem útlærður er á Íslandi, er fer til Kaupmannahafnar, til þess að njóta nefndrar kenslu, 300 rd. styrk, sem skal greiða úr hinum íslenzka læknasjóði, ef kostnaðurinn verður ekki borgaður á annan hátt; og — 4) að borga megi hlutaðeiganda læknisfræðingi helminginn af styrknum, þá er hann fer frá Íslandi, og hinn helminginn í Kaupmannahöfn, jafnskjótt og hann hefir sýnt fram fyrnefndan vitnisburð.

1872 **Auglýsing, er birtir á Íslandi lög 11. jan. 1871 um rík-**
27. jan. **isstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi.**

---

1) L. nr. 40, $^{8}/_{11}$ 1901.

1872
12. febr.

Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Island o. fl.[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, 1. kap., og fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.**[2]) Ef útlendir fiskimenn hafa við nokkra fiskiveiði fyrir ströndum Íslands innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, eins og þau eru ákveðin í hinum almenna þjóðarétti, eða kunna að verða sett fyrir Ísland með sérstaklegum samningum við aðrar þjóðir, skulu þeir sæta 10—200 rd. sektum. — **2. gr.** Sama hegning liggur við, ef útlendir fiskimenn flytja afla sinn í land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar. Bíði nokkur tjón af þessu, skal þar að auki bæta skaðann samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna. — **3. gr.**[3]) — — — **4. gr.** Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, skal hlutaðeigandi amtmaður hafa heimild til þess, að láta lögreglustjórann leyfa útlendum fiskimönnum, án þess að þeir greiði lestagjald, ef þeir borga þóknun til fátækra á staðnum alt að 50 rd., að leggja upp þá hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar, og þeim þykir ekki ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, sem farnar verða hvor á fætur annari, með því skilyrði, að þeir, sem í hlut eiga, gangist undir að hlýða þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóra þykir þurfa til tryggingar því, að þeir hlutir, sem upp eru lagðir, séu ekki hafðir til verzlunar, né

---

1) Sbr. l. nr. 27, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) Sjá l. nr. 10, $^{31}/_{7}$ 1907.
3) Sbr. l. nr. 28, $^{17}/_{12}$ 1875, um breyting á tilskipun þessari.

1872 brugðið sé út af leyfinu á annan hátt. Brjóti sá, sem
12. febr. vörurnar hefir lagt upp, gegn því, sem skipað er fyrir í þessu tilliti, skal hann sæta 10—200 rd. sektum, og ef verzlað hefir verið með vörurnar, skal á eftir greiða lestagjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, af því eða þeim skipum, sem vörunum hefir verið skipað upp úr. Vörur þær, sem lagðar eru upp, skulu vera að veði fyrir sektum og gjaldi, og þegar ekki er borgað á annan hátt, hefir hlutaðeigandi yfirvald heimild til að selja svo mikið af þeim, sem með þarf til þess að fá upphæðina borgaða. — **5. gr.** Hver sá, sem hefir útgjörð til fiskiveiða á Íslandi, hvort sem það eru einstakir menn, eða félög, innlend eða útlend, er hafa þar hús, skal greiða sama lestagjald[1]), og ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, af þeim skipum, sem þeir flytja á afla sinn frá Íslandi, sem er verkaður þar. — **6. gr.** Með mál út af afbrotum þeim, sem getið er um í þessari tilskipun, skal fara sem opinber lögreglumál. Sektir þær, sem mælt er fyrir um, skulu renna í hinn íslenzka landssjóð. — **7. gr.** Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlímán. 1872.

12. febr. **Tilskipun fyrir Island, um síldar- og upsaveiði með nót[1]).**

Vér Chr. IX., o. s. fr., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitskjal Vors trúa Alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir alt þetta

---

1) Lestagjaldið er afnumið með lögum nr. 28, $^{7}/_{11}$ 1879, 1. gr.
2) Viðaukal. nr. 53, $^{20}/_{12}$ 1901.

landshlut, 4 af hundraði af veiðinni. — **2. gr.** Gjöri 1872
nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, 12. febr.
eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman. — **3. gr.** Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðru vísi sé um samið milli hans og landsdrottins. — **4. gr.** Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmenn gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli. — **5. gr.** Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eftir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefir. Sé ekki farið eftir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög. — **6. gr.** Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eftir 2. gr. — **7. gr.** Sé nót lögð á helgidegi, og síld eða upsi króaður inni, skal gjalda 2—50 rd. þóknun til fátækrasjóðs hreppsins, eftir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki. — **8. gr.** Þar sem nót er lögð, má, eftir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja nið-

1872 ur á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir.
12. febr. — Sé net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu að nótin verði dregin og fest, hefir formaður nótarinnar rétt til að taka þau upp ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðspjöll. — Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður 12 stundir liði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðispjöll eftir því, sem alment aflast dægur hvert, unz goldið er. — Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðispjöll. — **9. gr.** Sitji fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sé þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu. — Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samstundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur hvorra fyrir sig ákveðinn eftir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sér öðru vísi saman. — Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í mót öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skifta til helminga. — **10. gr.** Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess. — Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafizt, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að

skaða afla sinn. — **11. gr.** Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eftir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eftir hinum almennu hegningarlögum. — **12. gr** Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8.—11. gr. skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð. — **13. gr.** Með sektamál eftir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál. — Sök skal niður falla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, sem dómarinn hefir stungið upp á í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. gr., og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líði. — Gjörð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram. — **14. gr.** Um sakarfyrning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 67. gr. í hinum almennu hegningarlögum. 1872 12. febr.

Tilskipun handa Islandi um kenslu heyrnar- og málleysingja o. fl. 26. febr.

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt; Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um kenslu heyrnar- og málleysingja, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.** Foreldrar heyrnar- og málausra barna og aðrir, sem ber að annast um uppfóstur þeirra og kenslu, skulu vera skyldir til að sjá um, að öllum slíkum börnum, þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms, verði komið annaðhvort til kenslu þeirrar fyrir heyrnar- og málleysingja, sem stofnuð er á Íslandi og stiftsyfirvöldin hafa umsjón með, eins og með þarf, eða á hinn konunglega heyrnar- og málleysingjaskóla í Kaupmannahöfn, nema því

1872 56. febr. að eins þeir sanni, að séð verði um kenslu þessara barna á annan hátt, sem stiftsyfirvöldin álíta nægilega tryggan. Ef sérstaklegar kringumstæður mæla með því, skal styftsyfirvöldunum heimilt að gjöra undantekningu frá reglunni að framan um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kenslu. — **2. gr.** Kostnaðinn við kenslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kenslustofnunarinnar skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts[1]), er í hlut á, að því leyti, sem barnið sjálft eða þeir, sem standa eiga straum af því, geta ekki borgað. — **3. gr.** Þegar heyrnar- og málleysingjar hafa lokið náminu, og foreldrar þeirra eða aðrir vandamenn eru dánir, eða eru ekki færir um að annast þá sem skyldi, skal presti og hreppstjóra í þeirri sveit, sem þeir eiga heima í, vera skylt, að sjá um, að þeim verði komið fyrir á þá staði, þar sem þeir geti haft sem bezt not af því, er þeir hafa numið. Verði stofnaðar hreppsnefndir, skal þetta falið þeim á hendur í stað hreppstjóranna.

20. apt. **Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík[2]).**

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: — **1. gr.**[3]) — — **2. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð er á hendi oddvitans. — **3. gr.** Með samþykt má ákveða, að hinum sérstöku bæjarmálefnum sé beinlínis stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþyktinni tiltekið nákvæmar, hverir skuli vera í þeim, og um vald

---

1) Nú landssjóði, l. nr. 28, $^{8}/_{11}$ 1895, 1. gr.
2) Sjá l. nr. 49, $^{80}/_{11}$ 1914.
3) l. nr. 49, 1914, 1. gr.

þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það hagfelt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sérstök bæjarstörf eftir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþyktinni. -- Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur. — **4. gr.**[1]) — — **5. gr.**[2]) — — **6. gr.**[3]) — — **7. gr.** Kosningum stýrir kjörstjórn, og eru í henni oddviti bæjarstjórnarinnar og tveir af bæjarfulltrúum, kosnir af og úr bæjarstjórninni. Svo skal kosningu undir búa, að kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur, og skal þá farið eftir skattgjaldaskrám bæjarins frá næsta ári áður en kosning fer fram. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað um 14 daga á undan kjördegi. Kærur um, að nokkur sé of talinn eða vantalinn á kjörskránni, á, ef þær eiga að vera teknar til greina, að leggja fyrir kjörstjórnina, að minsta kosti þremur dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti rannsakað málið og lagt úrskurð sinn á það, áður kosning fer fram. — **8. gr.** Formaður kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti átta dögum á undan, og á þann hátt, sem almennur er í kaupstaðnum um opinberar auglýsingar[4]) — **9. gr.** Sérhver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sé sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna eða annars því um líks hefir sennilega ástæðu til þess, að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sér ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem í minst þrjú ár í samfellu hefir verið bæjarfulltrúi, er ekki skyldur að taka

1872 20. apr.

1) L. nr. 49, 1914, 2, gr.
2) L. nr. 49, $^{30}/_{7}$ 1909, l. nr. 49, 1914, 3. gr.
3) L. nr. 49, 1914, 4. gr.
4) Sjá l. nr. 20, $^{20}/_{10}$ 1913.

1872 á móti kosningu fyr en að jafnlangur tími er liðinn
20. apr. og hann hefir áður verið bæjarfulltrúi. — Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosningin hefir farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan 14 daga frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Úrskurði bæjarstjórnarinnar má innan 14 daga frá því, hann er upp kveðinn, áfrýja til landshöfðingjans. Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa átt sér stað, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er úrskurður bæjarstjórnarinnar á fyrnefndan hátt er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar. — Sé undanfærsla undan kosningu tekin til greina, eða kosning er ónýtt, skal ný kosning fara fram sem fyrst, og skal til þess nota hinar síðast lagfærðu kjörskrár. — **10. gr.** Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort beiðni hans skuli taka til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svifta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæra sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið. Þegar einhver fulltrúi fer úr bæjarstjórn, skal kosið að nýju, nema allir þeir, sem eftir eru, fallist á í einu hljóði, að því megi fresta til hinna næstu almennu kosninga. Fari tveir eða fleiri úr bæjarstjórn misreitis, skal, svo fljótt sem verða

má, skilmálalaust kosið að nýju í stað þeirra, er frá 1872
hafa farið, eftir endurskoðaðri kjörskrá. — **11. gr.** 20. apr.
Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, verði rétt ritað í gjörðabókina. — Til þess lögmæt ákvörðun sé gjörð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sé jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. — Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn bera til, eða minst helmingur bæjarstjórnarinnar æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Að öðru leyti ákvarðar bæjarstjórnin sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau. — **12. gr.**[1]) — — Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu þeirri, er bæjarfógeti sendir til landshöfðingja, skal ávalt jafnframt senda bæjarstjórninni. — **13. gr.** Fátækranefnd sú, sem stofnuð er samkvæmt reglugjörð 27. nóv.br. 1846, skal upphafin, og skulu störf hennar falin bæjarstjórninni á hendur. Í samþykt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur um stjórn fátækramálefnanna, og má þar í einnig ákveða, að hin sérstaklega umsjón með fátækum og fátækrastofnunum skuli falin á hendur fátækrastjórum, sem ekki eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þenna

1) L. nr. 49, 1914, 5. gr.

1872 20. apr. starfa á hendur kauplaust. — Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kenslu fátækra barna, og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, sem gerð hefir verið, til landshöfðingja. — **14. gr.** Stjórn á tekjum og gjöldum skóla skal bæjarstjórnin hafa á hendi, og yfir höfuð alla umsjón um skólasjóði og reikninga. Til þess að hafa umsjón með skólakenslunni og embættisverkum kennara skólans, skal sett skólanefnd, og eru í henni sóknarpresturinn og minst tveir menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs til þess, og skal að minsta kosti annar þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúa. Kosningin gildir fyrir þrjú ár, og eru hlutaðeigendur skyldir að takast starfa þenna á hendur launalaust. Nefnd þessi velur sjálf formann sinn. Skólakennara kaupstaðarins má eigi kjósa í skólanefndina. — **15. gr.**[1]) — — **16. gr.**[2]). — — **17. gr.** Bæjarstjórnin setur embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar. — **18. gr.**[3]) Komi síðar til útgjalda, sem eigi eru á áætlun, eða verða eigi greidd af þeirri upphæð, sem tiltekin er í áætluninni í útgjaldagrein þeirri, sem við á, og gjald þetta er ekki beinlínis lagt á með lögum, eða ef upphæðin í áætluninni auðsjáanlega einungis hefir verið sett upp á óvissu, má bæjarstjórnin því að eins gjöra ályktun því viðvíkjandi, að hún hafi haft málið til íhugunar átta dögum fyrir þann fund, er ályktun er gjörð. Sé eigi efni fyrir höndum til að standa straum af því, sem útgjöldin hafa aukist, á-

---

1) L. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901.
2) L. nr. 17, $^{13}/_{9}$ 1901 og l. nr. 64, $^{10}/_{11}$ 1905.
3) L. nr. 49, $^{30}/_{11}$ 1914, 6. gr.

kvarðar bæjarstjórnin, hvort það, er á vantar, skuli útvega með láni, eða með því að hækka að því skapi skatta þá, sem búið er að jafna niður. Samþykkis landshöfðingja til þessa skal því að eins við þurfa, ef farið verður út fyrir takmörk þau á valdi bæjarstjórnarinnar, sem sett eru í 19. gr., með því að taka nýtt lán eða heimta stærri skatta. — Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs, eins og hingað til hefir verið. — **19. gr.** Án samþykkis landshöfðingja má bæjarstjórnin eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld á til samans, en sem nemur meðaltali af öllum bæjargjöldum fyrir hin síðustu þrjú ár, að fimtungi við bættum, og þegar seinna á að reikna meðalgjaldið fyrir hin þrjú síðustu ár, má ekki telja með það skattgjald, sem á einhverju ári hefir með samþykki landshöfðingja verið lagt á fram yfir þetta. Bæjarstjórnin má heldur ekki án samþykkis landshöfðingja taka af innstæðufé kaupstaðarins, selja eða veðsetja fasteignir hans eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán, eða lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. Sömuleiðis útheimtist samþykki landshöfðingja til þess, að kaupstaðurinn geti gengið í samfélag við aðrar sveitir um þinghús, fangelsi, sjúkrahús og aðrar þess háttar stofnanir. Eftir uppástungu bæjarstjórnarinnar getur landshöfðingi samþykt breytingar á reglum þeim, sem farið er eftir, þegar jafnað er niður útgjöldum í þarfir bæjarins, ef þau verða ekki borguð með öðrum tekjum. — **20. gr.**[1]) — — **21. gr.** Að þeim undanteknum, sem eru í bæjarstjórninni, getur enginn, sem er skyldur að taka á móti kosningu í hana, skorast undan að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema hann að minsta kosti í 3 ár samfleytt hafi haft þetta

1872 20. apr.

1) L. nr. 49, $^{30}/_{11}$ 1914, 7. gr.

1872 starf á hendi. Skal hann þá undanþeginn starfa þess-
20. apr. um í jafnlangan tíma, og hann hefir verið við. — 22. gr.[1]). Niðurjöfnun eftir efnum og ástandi nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annars staðar; sé svo, þá má eigi leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafi haft aðsetur í kaupstaðnum. Eí einhver hefir haft fast aðsetur í bænum skemri tíma en fjóra mánuði, þá kemur það ekki til greina. — Landshöfðinginn skal úr því skera, hvort erlendir menn, sem ekki stunda neina borgaralega atvinnu, en hafa aðsetur í kaupstaðnum, sé gjaldskyldir. — 23. gr.[2]) — — Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu innan 14 daga frá því niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis sendar skriflega niðurjöfnunarnefndinni. Innan 14 daga þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort nokkur, og þá hver breyting orðið geti á niðurjöfnuninni. Ályktan þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gjört, má svo innan 14 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Mótmæli, sem koma fram eftir hinn ákveðna tíma, verða eigi tekin til greina. — Sérhverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á hann sjálfan, heldur einnig á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, eins og líka yfir því, ef einhverjum er slept úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sé slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt þar um, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni. — Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta

1) Sbr. l. 19/10 1877, um bæjargjöld í Reykjavík, 3. gr.
2) L. nr. 49, 30/11 1914, 8. gr.

kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má 1872
bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem 20. apr.
slept hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni. — Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt komist hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, greiða aftur úr bæjarsjóði. — **24. gr.** Ef ágreiningur verður milli Reykjavíkur og annars íslenzks sveitarfélags um, hvernig skifta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli sveitarfélags í Danmörku og á Íslandi, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga. — **25. gr.** Bæjargjöld skal heimta á hverju missiri, eða hálfu missiri, í þeim mánuði á hverju missiri eða hálfu missiri, sem bæjarstjórnin ákveður í samþykkt sinni; sé gjöld eigi greidd fyrir lok næsta mánaðar þar á eftir, skal gengið að þeim með lögtaki eftir löglegan undirbúning. — Skattskyldur maður, sem ekki hefir fast aðsetur í kaupstaðnum, á að tilnefna fyrir bæjarstjórninni mann, búsettan þar, sem greiði gjöld hans. — Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess fjórðungs árs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímán. — **26. gr.** Bæjarstjórnin og sérstaklega bæjarfógeti skulu hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sé rétt heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf

1872 20. apr. við; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins. — 27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt. — 28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — 29. gr. Ársreikning kaupstaðarins ber að semja, sem frekast unt er, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem sett er fyrir áætluninni, og skal gjöra reikning þenna innan loka febrúarmánaðar á því reikningsári, sem í hönd fer. Skal reikning þenna síðan leggja fram til sýnis í 14 daga á þingstofu bæjarins, eða öðrum hentugum opinberum stað. Þar á eftir skulu tveir endurskoðunarmenn yfirlíta vandlega reikninginn ásamt fylgiskjölum. Menn þessa skal venjulega kjósa fyrir sex ár af öllum staðarbúum, sem kosningarrjett hafa, og á þann hátt, sem fyrir skipað er um kosningar bæjarfulltrúa. Bæjarstjórnin er skyld að láta endurskoðurum í té allar þær skýrslur, er við þurfa, til þess að geta dæmt um tekju- og útgjaldagreinir reikningsins. Eftir að reikningshaldara hefir verið skýrt frá athugasemdum endurskoðunarmannanna, svo hann geti svarað og gjört grein fyrir þeim, skal bæjarstjórnin leggja úrskurð sinn á athugasemdir þær, er gjörðar hafa verið, og veita hlutaðeiganda kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þær framkvæmdir, er hann hefir tekið þátt í sem kvaddur í fasta nefnd eða fyrir þá sök, að honum hefir sérstaklega verið falið eitthvert starf á hendur í þarfir bæjarins. Vilji reikningshaldari eða aðrir, er hlut eiga að máli, ekki viður-

kenna, að úrskurður sá, sem fallinn er, sé réttur, 1872
má hann, ef úrskurðurinn leggur honum á herðar 20. apr.
peninga ábyrgð, heimta, að málið gangi til dóms og laga. — Aðalreikning kaupstaðarins skal, eftir að hann er úrskurðaður, auglýsa á prenti innan tveggja mánaða. — **30. gr.** Innan 30. septembermán. ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurðum á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt útgjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **31. gr.** Bæjarstjórnin, sem nú er, skal samþykkja frumvarp til samþyktar þeirrar fyrir kaupstaðinn, er getið er um hér að framan í 3., 4., 13., 20. og 25. gr., og skal senda hana landshöfðingja til staðfestingar. — Auk þess, sem fyrir er mælt í nefndum greinum, skal í samþyktinni sagt fyrir um tölu embættis- og sýslunarmanna bæjarins, veiting embættanna og lausn frá þeim, laun og störf embættismanna, og skal samþyktin enn fremur hafa inni að halda nákvæmari reglur um, hvernig semja eigi hina árlegu áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins, um tilhögun á fjárstjórn og reikningum kaupstaðarins, og um endurskoðun og úrskurð reikningsins. Enn fremur má í téðri samþykt setja nákvæmari reglur um niðurjöfnunina eftir efnum og ástandi, og yfir höfuð um sérhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilhaga nákvæmar samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefir inni að halda. — Samþyktina ber að auglýsa á prenti, eftir að landshöfðingi hefir staðfest hana. Henni má síðar breyta, og sömuleiðis auka hana eftir uppá-

1872 20. apr. stungu bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefir samþykt. — **32. gr.** Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstöfun til að koma þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazt fult gildi 1. dag janúarmán. 1873. — Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiftamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

1873 15. mai **Samþykt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur**[1]).

23. mai **Peningalög** (augl. á Íslandi $^{25}/_{9}$ 1873).

Vér Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki voru: — *I.* **1. gr.** Eftirleiðis skal gull vera undirstaðan undir peningareikningi Danmerkur, en jafnframt skal hafa silfur og lakari málm til smápeninga. — **2. gr.** Tveir aðalpeningar skulu slegnir, og skulu af öðrum þeirra 248 ganga á eitt kílógram eða tvö pund af skíru gulli, en af hinum 124 á eitt kílógram eða tvö pund af skíru gulli. — Tíundi partur af hinum fyr nefnda peningi eða tuttugasti partur af hinum síðarnefnda skal vera reikningseining og nefnast króna. Krónan skiftist í 100 aura. — **3. gr.** Gullpeningarnir verða slegnir úr peningagulli, sem er samsteypa af 90 pörtum af skíru gulli og 10 pörtum af eiri. — Fyrir því skal sá gullpeningur, sem gildir 10 krónur, vega 4,$_{4808}$ gram, og sá, sem gildir 20 krónur, 8,$_{9606}$ gram. — Þvermál tíukrónapeningsins skal vera 18 millimeter (eitt millimeter er sem næst jafnt 0,$_{00319}$ af dönsku feti), og þvermál tuttugukrónapeningsins 23 millimeter. — **4. gr.** Smápeningarnir verða slegnir sumpart úr silfri, sem er blandað eiri eftir því þungahlutfalli, sem leiðir af því, sem ákveðið er fyrir neðan (í 5. gr.) um vikt og efnisgæði hvers penings út af fyrir sig, sumpart úr kopar, sem er steyptur úr 95 pörtum af eiri, 4 pörtum af tini og 1 parti af sinki.

1) Sjá viðauka $^{1}/_{6}$ 1894.

— 5. gr. Af silfurpeningum *má* slá þá, sem hér eru taldir, en þeir *skulu* að stærð, vikt og gæðum vera eins og hér segir: 1873 23. maí

	Þvermál.	Vikt alls.	Það sem er í peningnum af skíru silfri.
	millimeter	Gram.	gram.
a. peningur, sem er jafngildi 2 króna	31	15	12
b. —— —— —— —— 1 krónu	25	7,5	6
c. —— —— —— —— 50 aura	22	5	3
d. —— —— —— —— 40 aura	20	4	2,4
e. —— —— —— —— 25 aura	17	2,42	1,452
f. —— —— —— —— 10 aura	15	1,45	0,58

6. gr. Af koparpeningum *má* slá þá, sem hér eru taldir, en þeir *skulu* að stærð og vikt vera eins og hér segir:

	Þvermál	Úr einu kílógrammi af kopar verða slegnir.
	Millimeter	Peningar
a. peningur, sem er jafngildi 5 aura	27	125
b. —— —— —— —— 2 aura	21	250
c. —— —— —— —— 1 eyris	16	500

— 7. gr. Þar sem því eigi verður komið við, að vikt og efnisgæði hvers penings út af fyrir sig séu fullkomlega nákvæm, má ekki skakka um rétta vikt og efnisgæði meira en hér segir:

1873
23. maí

	að því leyti er snertir vikt,		að því leyti er snertir efnisgæði,
	Þegar einn peningur er prófaður;	þegar peningar eru prófaðir í kilogramtali;	af vikt hvers einstaks penings.
fyrir tuttugukrónapening	0,0015	»	0,0015 af skíru gulli
— tiukrónapening	0,002	»	
— tveggjakrónapening	0,003	»	0,003 af skíru silfri
— krónu	0,005	»	
— fimmtiuaurapening	»	0,006	
— fjörutiuaurapening	»		
— tuttugu-og-fimmaurapening	»	0,010	
— tiuaurapening	»	0,015	

— Þegar slegnir eru peningar úr gulli, verður samt þess að gæta, að viktarskakkinn fyrir hver 10 kilogrömm eða 20 pund af peningagulli sé eigi meiri en 5 grömm. — 8. gr. A öllum peningunum skal vera framstandandi rönd. Gullpeningarnir og silfurpeningarnir, að undanteknum tuttuguogfimmaura og tiuaurapeningnum, skulu vera með rákum á röndinni, en á tuttuguogfimmaura- og tiuaurapeningnum og koparpeningunum skal röndin vera slétt. Áskriftin skal greinilega segja til um, hve margar krónur eða hve marga aura peningurinn hafi inni að halda eða gildi. Þar að auki skal hver peningur bera það með sér, að hann sé mótaður fyrir Danmörku, í hverri peningasmiðju og á hverju ári hann sé gjörður. — Að öðru leyti ákveður konungur mót og áskrift peninganna[1]). — 9. gr. Peningar þeir, sem slegnir eru eftir því, sem sagt er fyrir að framan, skulu með þeim takmörkunum, sem settar eru í 10. gr., vera gjaldgengir eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna á milli, ef eigi

1) Sbr. augl. fjárhagsstjórnarinnar 29. desbr. 1873, 6. júní 1874 og 8. apríl 1875 (Lfl. 21. b. 729, 840, St. A. 1875).

hafa þeir orðið fyrir skemdum af vondri eða ólög- 1873
legri meðferð. — 10. gr. Af smápeningum skal enginn 23. maí
vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnarkrónu- og tveggjakrónapeningum, 5 krónum í smærri silfurpeningum og 1 krónu í koparpeningum. — Samt skal, þegar greiddir eru skattar og gjöld til ríkis eða til sveitar, taka hvað mikið sem vera skal í einnar- og tveggjakrónapeningum. — Þegar gullpeningar af sliti hafa mist meira en $^1/_2$ af hundraði af vikt þeirri, sem þeir áttu að hafa samkvæmt 3. gr., eru þeir eigi framar gjaldgengir manna á milli, en halda gildi sínu fyrir það verð, sem á þeim stendur, í gjöldum til ríkissjóðsins, sænskir eða norskir (sbr. 24. gr.) gullpeningar þó því að eins, að þeir eigi af sliti hafi mist meira en 2 af hundraði af vikt sinni. — Ríkissjóðurinn tekur þá eigi smápeninga sem gilda borgun, þegar þeir eru svo máðir, að eigi verður séð með vissu, hvert ríki hafi látið móta þá, en í viðskiftum milli allra annara ganga þeir úr gildi jafnskjótt og mótið er orðið ógreinilegt af sliti. — Peninga, sem eigi framar eru gildir í gjöldum til hvers sem vera skal, má aðalféhirzla ríkisins eigi aftur setja í gang. Heldur ekki má hún aftur gefa út silfurpeninga, sem vantar á 4 af hundraði eða meira í rétta vikt. Amtsgjaldstofurnar, þjóðbankinn og aukadeildir hans skulu skyldar til að haldu aftur og senda til aðalféhirzlunnar hina máðu peninga, sem hér er verið að ræða um, bæði aðalpeninga og smápeninga, og skal það falið ríkisstjórninni á hendur að koma því til leiðar með samningum, að hið sama ennfremur verði gjört öðrum einstakra manna bönkum eða stofnunum að skyldu, þegar það kann að þykja hagfelt. — Ríkisstjórnin gjörir ráðstafanir til, að lóð, sem segja til um rétta vikt, og önnur, sem segja til um viktarskakkann á gullpeningunum, verði með tilsjón hins opinbera löggilt, stimpluð og fáist til kaups fyrir ákveðið verð. — Fjárhagsráðgjafinn hefir vald til að

1873 23. maí veita endurgjald fyrir peninga, sem hafa orðið fyrir skemdum af vondri eða ólöglegri meðferð, og fyrir falspeninga, þegar ástæða er til að halda, að sá, sem peningana hefir í höndum, hafi verið grandlaus og ekki sýnt neina óvarkárni, þá er hann tók við hinum skemdu eða fölsuðu peningum. — **11. gr.** Sérhverjum skal gefinn kostur á, ef því verður við komið, í öllum kaupstöðum, bæði að fá skifti á hverri upphæð sem vera skal af þeim peningum, sem samkvæmt 10. gr. að eins eru gildir í gjöldum til ríkissjóðsins, fyrir jafnmikið af gjaldgengum peningum sömu tegundar, og að fá aðalpeninga fyrir hvað mikið sem vera skal af smápeningum, ef þeirri upphæð verður skift með 10 krónum. — **12. gr.** Ríkisstjórnin annast beinlínis um alla peningagjörð, og má eigi hafa einstaka menn til þess, eða fela einstökum mönnum það á hendur með því að selja það á leigu eða á annan hátt. — Sérhverjum skal gefinn kostur á að fá aðalpeninga mótaða fyrir gull, sem hann leggur til, gegn því að gjalda 1/4 af hundraði af verði þeirra peninga, sem mótaðir verða, fyrir að fá slegna tuttugukrónapeninga, og 1/3 af hundraði fyrir að fá slegna tíukrónapeninga. Að öðru leyti skal eigi greitt neitt sláttugjald. — Ríkisstjórnin ákveður nákvæmar, hve mikið það gull megi vera, sem lagt er til, gæði þess og aðra eiginlegleika. — Smápeningar verða að eins slegnir fyrir hönd ríkissjóðsins. — **13. gr.** Reikningseining sú, sem hér er lögákveðin, skal við höfð í öllum reikningum og afgreiðslum ríkisins, þjóðbankans og sveitafélaganna, þar sem miðað er við innlenda peninga. Hið sama er skylda sérhverrar stofnunar eða félags, sem hefir veitingarbréf stjórnarinnar, eða samkvæmt lögum eða leyfisbréfi er aðnjótandi ívilnunar á stimpilgjaldi. Brot gegn þessu boði varða 10—200 króna sektum til ríkissjóðsins. Málssókn verður að eins höfðuð eftir beiðni hlutaðeiganda stjórnarvalds, og skal þá með málið farið

sem opinbert lögreglumál. — **14. gr.** Á meðan samn- 1873
ingur sá, sem gjörður kann að verða við konunginn 23. maí
í Svíaríki og Norvegi samkvæmt 24. gr. þessara laga, er í gildi, skal um peninga þá, sem slegnir eru í Svíaríki eða Norvegi samkvæmt samningnum, farið eftir því, sem ákveðið er í 9.—11. gr. í þessum lögum, og eftir því, sem fyrir mælt er í 11. gr. ennfremur í 2 ár eftir að samningurinn er úr gildi genginn. Á meðan fyrnefndur samningur er í gildi, skulu þar að auki hegningar þær, sem ákveðnar eru í 264. og 266. gr. í hinum almennu borgaralegu hegningarlögum, 10. febrúar 1866[1]) fyrir afbrot þau, sem fyrir er mælt um í téðum greinum með tilliti til eftirmyndunar og fals danskra peninga, einnig liggja við, þegar slík afbrot eru drýgð með tilliti til hinna sænsku eða norsku (sbr. 24. gr.) peninga, sem heimilaðir eru með téðum samningi. — *II.* **15. gr.** Ríkisstjórninni er veitt vald til að byrja þegar í stað á að slá peninga eftir því, sem sagt er að framan, og taka til af peningategundum þeim, sem taldar eru upp í 2., 5. og 6. gr., þær, sem hagfeldast kann að þykja að hafa á reiðum höndum. — **16. gr.** Konungur ákveður, frá hvaða tíma gullpeningar þeir, sem slegnir eru samkvæmt því, sem sagt er að framan, verði hafðir sem gjaldgengir peningar. Verði þetta fyr en hin nýja reikningseining er í gildi leidd (17. gr.), skal tíukrónapeningurinn á því millibili, sem verður með þessu móti, í öllum gjöldum tekinn sem 5 ríkisdalir ríkismyntar, og tuttugukrónapeningurinn sem 10 ríkisdalir ríkismyntar. — **17. gr.** Sömuleiðis ákveður konungur, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining ásamt skifting hennar skuli leidd í gildi; samt getur þetta eigi orðið fyr en gullpeningar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 16. gr., eru orðnir gjaldgengir, og eigi seinna en 1. janúar

1) Sbr. hinar samsvarandi 266. og 268 gr. í Almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869.

1873 23. maí

1875[1]). — Frá þeim tíma, sem konungur þannig ákveður, verður hin nýja reikningseining við höfð samkvæmt 13. gr. — Frá sama tíma má eigi slá ríkismynt framar. — **18. gr.** Allar skuldbindingar til gjalda í innlendum peningum, sem gengist er undir eftir þann tíma, sem getið er um í 17. gr., skal miða við hina nýju peninga, og frá sama tíma skal öllum gjöldum (opinberum eða einstakra manna), sem ákveðin eru í núgildandi ríkismynt, breytt á þann hátt, að þau greiðist í hinum nýju peningum þannig: að fyrir hvern ríkisdal borgist 2 krónur, að fyrir hverja 48 skildinga borgist 1 króna, að fyrir hverja 24 skildinga borgist 50 aurar, að fyrir hverja 12 skildinga borgist 25 aurar, og fyrir minni upphæðir en 12 sk. tvöfalt af aurum við það, sem borga átti í skildingum. — Sé borgun þannig ákveðin, að gjald það, sem greiða á í einu lagi, af því kröfunni er svo varið, fæst með því að margfalda upphæð í núgildandi ríkismynt, eða með því að leggja saman fleiri slíkar upphæðir, skal aðalupphæð gjaldsins reiknuð út eftir hinum fyrri peningareikningi, áður en því verður breytt í hina nýju peninga samkvæmt reglunni að framan. — **19. gr.** Ríkisstjórnin og sveitastjórnirnar skulu að öðru leyti sjá svo um, að allir taxtar og aðrar þess konar gjaldákvarðanir, sem þær hafa sett í núgildandi ríkismynt, séu lagaðar eftir hinum nýju peningum til þess tíma er hin nýja reikningseining hefir öðlazt gildi. — **20. gr.**[2]) — — — **24. gr.** Konungi veitist vald til að gjöra samning við konunginn í Svíaríki og Noregi um það, að peningasamningur sá, sem gjörður var 18. desbr. f. á. í Stokkhólmi, verði fyrst um sinn að eins látinn ná til Danmerkur og Svíaríkis, en konunginum í Svíaríki og Norvegi skal þó heimilt að ganga einnig að samn-

1) Sbr. augl. fjárhagsstjórnarinnar $^{6}/_{6}$ 1874.

2) Þessi grein og næstu 3 greinir innihalda ákvarðanir um stundarsakir, sem eigi hafa neina þýðingu lengur.

ingnum fyrir hönd Norvegs með þeim breytingum, sem kunna að virðast hagfeldar, á millibilsfrestum þeim, [sem ákveðnir eru í samningnum. — 25. gr. Það, sem fyrir mælt er í greininni á undan um vald það, sem veitt er konungi, öðlast þegar í stað gildi; að öðru leyti öðlast lög þessi gildi á þann hátt, sem þau nákvæmar ákveða, um leið og auglýsing gengur út um það, að samningur, sem gjörður er við Svíaríki samkvæmt 24. gr., sé staðfestur. Þegar Norvegur kann að ganga að samningnum, verður það birt með tilskipun. 1873 23. maí

1. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1914

2. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON

PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK

ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

1914

3. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1914

4. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

LÖG ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1915

Fjallkonuútgáfan

gefur út bækur, sem hver fulltíða maður í landinu á að eignast.

Meðal þeirra eru:

Lög Íslands

öll þau er nú gilda,

safnað hefur *Einar Arnórsson* prófessor juris við Háskóla Íslands. Bókin kemur út í stórum mánaðarheftum á kr. 1,25 (en aðeins 75 au. fyrir áskrifendur). Verður um 12—15 hefti alls. Afar nákvæm efnisskrá fylgir, svo að hverjum manni veitir mjög ljett að finna hvað lög eru. — Byrjaði að koma út í des. 1914.

Saga Íslands

eftir *Jón Jónsson* dócent við Háskóla Íslands. Mjög vönduð útgáfa með myndum og kortum. Áætluð stærð 80—100 arkir. Byrjar að koma út á miðju sumri (1915).

Styrjöldin mikla

Sagan af yfirstandandi ófriði, með myndum, eftir alþm. *Benedikt Sveinsson*, 25 au. hefti hvern sunnudag. Byrjar að koma út 1. febr. 1915.

Lækningabók

með myndum, eftir einn af vorum beztu læknum.

Allar bækurnar sendar út um land gegn fyrirframgreiðslu eða með eftirkröfu.

Prentsm. Gutenberg 1915.

11—13 HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PROFESSOR JURIS, F. RÁÐHERRA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1919

1.–3. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1915

1.—6. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1915

1.–3. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: FJALLKONUÚTGÁFAN
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1915